Stefán Steinþórsson, fyrrv. póstur	22 154	
Stefanía Guðmundsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	22 154	
Steingrímur Magnússon, fyrrv. fiskmatsmaður	53 816	
Steinn Ármannsson, fyrrv. póstur	22 154	
Steinunn Guðmundsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	22 154	
Sæmundur Halldórsson, fyrrv. póstur	22 154	
Sölvi Ásgeirsson, fyrrv. fiskmatsmaður	48 195	

		Kr.	Kr.
	Sölvína Konráðsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	22 154	
	Tómas Guðmundsson, fyrrv. póstur	22 154	
	Torfi Hermannsson, fyrrv. starfsm. Kleppsspítala	36 926	
	Valborg Emilsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	29 540	
	Valdimar Björnsson, fyrrv. fiskmatsmaður	29 540	
	Valves Kárason, fyrrv. fiskmatsmaður	44 312	
	Vésteinn Árnason, fyrrv. póstur	22 154	
	Vigdís Andrésdóttir, fyrrv. ljósmóðir	22 154	
	Vigfús Þorsteinsson, fyrrv. póst- og símaafgrm.	44 312	
	Vilhelm Erlendsson, fyrrv. póstafgrm.	73 852	
	Þóra Guðmundsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	22 154	
	Þorbergur Þorvaldsson, fyrrv. póstur	33 234	
	Þorbjörg Guðmundsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	22 154	
	Þórður Benediktsson	107 629	
	Þórður Guðmundsson, fyrrv. skipstjóri	64 260	
	Þorleifur Jónsson	85 680	
	Þorsteinn Baldvinsson, fyrrv. fiskmatsmaður	44 312	
	Þuríður Guðjónsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	29 540	
	Þuríður Guðnadóttir, fyrrv. ljósmóðir	44 312	
	Samtals		9 625 880
09 384	Ekkjur:		
	Aðalbjörg Sigurðardóttir	56 246	
	Agnethe Kamban	95 516	
	Ágústa Högnadóttir	21 526	
	Ágústa Sigurðardóttir	36 926	
	Anna Jakobína Árnadóttir	21 526	
	Anna Ólafsdóttir	24 034	
	Anna Þuríður Sæmundsdóttir	29 540	
	Árný Stígsdóttir	22 154	
	Arnþrúður Daníelsdóttir	24 034	
	Áslaug Nielsen	53 816	
	Ásta Jónsdóttir	125 866	
	Ásta Ólafsdóttir	44 312	
	Ástríður Eggertsdóttir	36 926	
	Ástríður Magnúsdóttir	22 154	
	Björg Þórðardóttir	37 485	
	Bryndís Þórarinsdóttir	50 165	
	Dagbjört Guðjónsdóttir	35 219	
	Dóra Þórarinsdóttir	53 816	
	Elín Einarsdóttir	66 468	
	Elínborg Bogadóttir	53 550	
	Elísabet Jónsdóttir	22 154	
	Elísabet Kemp	48 195	
	Eufemía Ólafsdóttir	92 317	
	Fjóla Kristjánsdóttir	35 219	
	Fríða Hlíðdal	160 081	
	Guðbjörg Erlendsdóttir	44 312	
	Guðbjörg Guðmundsdóttir	48 195	
	Guðfinna Blöndal	88 622	
	Guðný Halldórsdóttir	44 312	
	Guðný Sigurðardóttir	36 926	

	Kr.	Kr.
Guðný Vigfúsdóttir	44 312	
Guðrún Jóhannesdóttir	22 154	
Guðrún P. Jónsdóttir	56 246	
Guðrún Pálsdóttir	51 696	
Guðrún Ragúels	22 154	
Halldóra Eiríksdóttir	54 215	
Halldóra Þórðardóttir	28 127	
Helga Friðbjarnardóttir	44 312	
Helga Pétursdóttir	55 391	
Hildur Blöndal	140 556	
Hjaltlína Guðjónsdóttir	55 391	
Hólmfríður Rögnvaldsdóttir	44 312	
Hulda Þ. Björnæs	44 374	
Hulda Davíðsdóttir	53 550	
Indíana Sturludóttir	55 391	
Ingibjörg Björnsdóttir	29 255	
Ingibjörg Eyjólfsdóttir	66 468	
Ingibjörg Gamalíelsdóttir	55 391	
Ingibjörg Högnadóttir	22 154	
Ingibjörg Þ. Jónsdóttir	66 468	
Ingibjörg Karlsdóttir	91 791	
Ingunn Hlíðar	35 219	
Ingveldur Ólafsdóttir	22 154	
Jakobína Thorarensen	36 926	
Jóhanna Vigfúsdóttir	22 154	
Jónasína E. Hallgrímsdóttir	40 383	
Jónína Ásmundsdóttir	21 526	
Jónína Gissurardóttir	53 771	
Jónína Kristjánsdóttir	55 391	
Jórunn Guðjónsdóttir	54 215	
Karen Louise Jónsson	55 391	
Katrín Ingibergsdóttir	53 550	
Katrín Sveinsdóttir	66 468	
Kristín Guðmundsdóttir, vitavarðarekkja	22 154	
Kristín Helgadóttir	21 526	
Kristín Pálmadóttir	44 312	
Kristín Pálsdóttir	36 926	
Kristjana Þorvarðardóttir	26 775	
Kristólína Kragh	22 154	
Lára Bjarnadóttir, ekkja Jóns Gíslasonar	29 540	
Lára Svansdóttir	22 154	
Lára M. Vigfúsdóttir	73 853	
Lelia Stefánsson	110 777	
Lilja H. Arndal	73 853	
Lilja Jörundsdóttir	44 312	
Lilja Steinsen	129 241	
Lovísa Sveinbjörnsson	146 815	
Lydia Einarsson	92 317	
Mabel Sigurjónsson	73 853	
Magdalena Ásgeirsdóttir	22 154	
Málfríður Bjarnadóttir	22 154	
Margrét Árnadóttir	55 391	
Margrét Björnsdóttir	28 176	

	Kr.	Kr.
Margrét Eyjólfsdóttir	44 312	
Margrét Guðbrandsdóttir	66 468	
Margrét Jónasdóttir	92 317	
Margrét Jónsdóttir frá Hrauni	89 687	
Margrét L. Lárusdóttir	22 154	
Marta Oddsdóttir	22 154	
Melitta Urbancic	35 219	
Ólafía Finnbogadóttir	22 154	
Olga E. Jónsson	41 800	
Ólöf Bjarnadóttir	58 522	
Petrína Ottesen	55 391	
Ragnheiður Konráðsdóttir	36 926	
Rósa Guðnadóttir	54 215	
Rósa Þórarinsdóttir	36 926	
Sesselja Benediktsdóttir	42 840	
Sigríður Árnadóttir	132 934	
Sigríður Árnadóttir	54 215	
Sigríður Gísladóttir	22 154	
Sigríður Jónsdóttir frá Vífilsstöðum	71 307	
Sigríður Jónsdóttir frá Hvítadal	23 511	
Sigrún Guðmundsdóttir	85 680	
Sigrún Thorarensen	29 540	
Sigurbjörg Jónsdóttir	22 332	
Sigurlaug Jónsdóttir	55 391	
Sigurlaug Þórey Þorsteinsdóttir	41 800	
Stefanía Stefánsdóttir	45 980	
Steinunn P. Eyjólfsson	24 919	
Steinunn Tómasdóttir	36 926	
Steinþóra Einarsdóttir	53 550	
Svanborg Jónsdóttir	21 558	
Sveinbjörg Kristinsdóttir	36 926	
Sveindís Hansdóttir	22 154	
Valgerður Helgadóttir	36 979	
Valgerður Ólafsdóttir	33 444	
Vigdís Guðmundsdóttir	44 312	
Þóra Magnúsdóttir	29 540	
Þóra Sigfúsdóttir	22 154	
Þóra Sigurðardóttir	22 154	
Þóra Skaftason	22 154	
Þorbjörg Kjartansdóttir	55 391	
Þorbjörg Leifs	44 312	
Þorbjörg Sigurjónsdóttir	33 234	
Þórey Jóhannsdóttir	22 154	
Þórhildur Sveinsdóttir	22 154	
Barnastyrkur:		
Anna Bjarnadóttir	267 750	
Samtals		6 408 599

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 1973 er leitazt við að fylgja þeirri stefnu að áætla tekjur og gjöld í samræmi við beztu heimildir um líklega þróun á því ári, eins og gert var við gerð fjárlagafrumvarps fyrir árið 1972, miðað við þá stefnumörkun, sem fjárlagafrumvarp þetta fylgir og þær forsendur, sem lagðar eru til grundvallar við samningu þess. Eins og fram er tekið í málefnasamningi núverandi ríkisstjórnar er kappkostað að vinna að félagslegri uppbyggingu í þjóðfélaginu með skipulegum hætti með svo miklum hraða, sem skynsamlegt og framkvæmanlegt er talið. Þannig voru við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1972 og vegáætlunar mörkuð tímamót í félagslegri uppbyggingu á mörgum sviðum þjóðfélagsins. Með þessu fjárlagafrumvarpi er haldið áfram á sömu braut. Fjárveitingar til framkvæmda eru svipaðar og á yfirstandandi fjárlögum, nema hvað þær hækka í heild vegna verðhækkunar og raunverulega meira vegna þeirra skerðinga, sem gerðar voru í sambandi við framkvæmd bráðabirgðaráðstafana þeirra, sem gerðar voru í júlí s. l. vegna verðstöðvunar. Lagt er nú meira kapp á það en nokkru sinni fyrr að nýta framkvæmdafé þannig að ljúka verkum eða ná vissum áfanga til að tryggja sem bezt not fjárins.

Við undirbúning fjárlagafrumvarpsins í sumar lá fyrir sundurliðuð greinargerð frá nokkrum ráðuneytum um kostnað við einstakar framkvæmdir. Þessi undirbúningur mun gera starf fjárveitinganefndar og alþingismanna yfirleitt mun auðveldara en áður hefur verið, þar sem þessar tillögur liggja nú fyrir, er störf Alþingis hefjast, svo að undirnefndir fjárveitinganefndar geta strax tekið til starfa við athugun á þessum áætlunum í sambandi við fjárveitingar til hinna ýmsu framkvæmdaflokka, og hægt á að vera með þessum vinnubrögðum að hraða og vanda undirbúning við afgreiðslu fjárlaga.

Enda þótt kappkostað sé að nýta fjármagnið sem bezt og hraða framkvæmdum verka, mun þó ekki verða unnt að miða almennt við meiri hraða í byggingu barna- og gagnfræðaskóla en fjögur ár, svo sem verið hefur, meðal annars vegna þess, hve margar framkvæmdir í skólum standa nú yfir. Í kjölfar fjárlagafrumvarpsins mun verða lögð fram tillaga um framkvæmdaáætlun fyrir árið 1973 og gert er ráð fyrir, að afgreiðsla fjárlagafrumvarps og framkvæmdaáætlunar fari saman frá Alþingi, þar sem reynslan hefur sýnt, að nauðsyn ber til að svo sé. Enda kemur þá fram samhliða ein mynd af framkvæmdum hins opinbera, bæði með afgreiðslu fjárlaga og framkvæmdaáætlunar, og verður einnig sett fram heildarmynd af væntanlegum framkvæmdum í þjóðfélaginu á árinu 1973.

Framkvæmdastofnunin hefur unnið að undirbúningi framkvæmdaáætlunarinnar og hefur það að sjálfsögðu verið gert í samráði við fjárlaga- og hagsýslustofnun fjármálaráðuneytisins. Sambandi á milli framkvæmdaáætlunar og fjárlagagerðar hefur verið breytt til batnaðar með þessu fjárlagafrumvarpi að nokkru frá því sem verið hefur, m. a. með því að taka nú til útgjalda á fjárlagafrumvarpi vexti og afborganir, eins og t. d. vegna Reykjanesbrautar, sem áður var mætt með nýju lánsfé, svo sem kunnugt er. Þrátt fyrir þá endurbót, sem hér hefur verið gerð grein fyrir, hefur þó ekki tekizt að þessu sinni að ganga eins langt og nauðsynlegt er, til að gera eðlilega skörp skil á milli þeirra framkvæmdaliða, sem fjármagna á með lánsfé, svo sem framkvæmdir, er gefa síðar af sér tekjur, eins og raforkuframkvæmdir og fleira, og hinna, sem ríkissjóður fjármagnar eingöngu með óafturkræfu framlagi. Nauðsyn ber til að marka um þetta ákveðna stefnu með þeim hraða, sem fjárhagur ríkissjóðs frekast leyfir. Þá er gert ráð fyrir því í þessu fjárlagafrumvarpi, að útgjöld vegna afborgana og vaxtagreiðslna af lánum, sem vegasjóður greiddi áður, verði nú greidd af ríkissjóði, svo sem gert var ráð fyrir við afgreiðslu vegáætlunar á s. l. vori.

Þetta fjárlagafrumvarp sýnir nú í fyrsta sinn heildaráhrifin af kjarasamningunum frá desember 1970, þar sem lokaáfangi þeirra gildir nú allt árið 1973 og ýmsar leiðréttingar hafa verið gerðar á þeim, sem ekki var hjá komizt, svo sem eðlilegt var,

þar sem starfsmat, sem þá var upp tekið, var frumsmíð, sem hlaut að verða að aðlaga að einhverju leyti því kerfi, sem áður hafði verið.

Launaliður fjárlagafrumvarpsins hækkar því af þessari ástæðu verulega, og í öðru lagi vegna þess, að nú kemur til útgjalda ákvörðun Kjaradóms um 7% hækkun á launum opinberra starfsmanna frá 1. marz næstkomandi. Í þriðja lagi hækkar svo launaliður fjárlagafrumvarpsins vegna þeirrar ákvörðunar um tilfærslu á útgjöldum milli ríkis og sveitarfélaga, sem gerð var í sambandi við afgreiðslu laga um tekjustofna sveitarfélaga og laga um tekjuskatt og eignarskatt. En þá var ákveðið, að ríkissjóður annaðist greiðslu að öllu leyti á löggæzlukostnaði í landinu. Inn á launalið fjárlagafrumvarpsins nú kemur öll greiðsla launa löggæzlumanna og er sú fjárhæð 263 millj. kr. Hér er að verulegu leyti um tilfærslu að ræða á milli liða innan fjárlagafrumvarpsins frá því sem áður hefur verið. Af þeim ástæðum, er að framan greinir, og vegna þeirrar fjölgunar, sem alltaf á sér stað í ríkiskerfinu að einhverju leyti, hækkar launaliður fjárlagafrumvarpsins í heild um 990 millj. kr. Það skal tekið fram, að eins og áður hefur verið mjög haldið í fjölgun starfsmanna í ríkiskerfinu, þótt með öllu sé ómögulegt að komast hjá einhverri fjölgun.

Útgjöld vegna almannatryggingakerfisins hækka um 734 millj. kr. Þar er haldið fram þeirri stefnu, er mörkuð var á síðasta Alþingi af núverandi ríkisstjórn, um lágmarkstekjur aldraðra og öryrkja og þau heimildarákvæði, sem ákveðið hefur verið að nota á þessu ári. Endurskoðun laganna um almannatryggingakerfið er ekki lokið og því er ekki séð, hvaða áhrif hún kann að hafa á útgjöld ríkissjóðs og þess tæplega að vænta, að þau áhrif komi fram fyrr en við fjárlagagerð fyrir árið 1974.

Útgjöld vegna niðurgreiðslu á vöruverði hækka um 375 millj. kr. frá núgildandi fjárlögum. Sú ákvörðun var tekin af ríkisstjórninni í upphafi þessa árs að láta ekki koma til framkvæmda þá ákvörðun Alþingis, sem samþykkt var við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1972, að lækka niðurgreiðslu á mjólk. Útgjöld samkvæmt fjárlagafrumvarpi þessu til niðurgreiðslna eru miðuð við það, að niðurgreiðslur á verðeiningu verði óbreyttar, eins og þær voru áður en bráðabirgðalögin um verðstöðvun voru sett í júlí s. l.

Hins vegar er ekki gert ráð fyrir útgjöldum vegna bráðabirgðalaganna, hvorki til niðurgreiðslna né fjölskyldubóta í þessu fjárlagafrumvarpi, enda er þeim lögum ekki ætlað að gilda nema til næstu áramóta. Sérstök nefnd vinnur nú á vegum ríkisstjórnarinnar að tillögum um valkosti og leiðir í efnahagsmálum og munu því ákvarðanir í þessum efnum bíða þar til tillögur nefndarinnar liggja fyrir. Kostnaði við ráðstafanir þær, sem gerðar voru í júlí s. l., var mætt með niðurskurði á ýmsum útgjaldaliðum fjárlaganna árið 1972, svo sem lækkun framlaga til verklegra framkvæmda. Hins vegar eru þær fjárveitingar nú teknar upp að nýju, svo að ákvarðanir um útgjöld og tekjuöflun vegna væntanlegra ráðstafana í efnahagsmálum verða að fara saman að því leyti sem þær ráðstafanir snerta ríkisútgjöldin.

Tekjuáætlun fjárlagafrumvarpsins er unnin af hagrannsóknadeild Framkvæmdastofnunar ríkisins. Hún er miðuð við gildandi lög um tekjustofna ríkisins og spár um tekjur, verðmætaráðstöfun og innflutning á árunum 1972 og 1973. Skattvísitölu skal ákveða með fjárlögum. Ef miða hefði átt skattvísitölu við hækkun framfærslukostnaðar á árinu 1972 eina saman hefði hún átt að hækka um 10 stig. Hins vegar tók ríkisstjórnin þá ákvörðun við gerð fjárlagafrumvarpsins, að teknu tilliti til allra aðstæðna, að hækkun skattvísitölunnar að þessu sinni yrði um 28 stig.

Eins og fram kom í greinargerð fjárlagafrumvarpsins fyrir árið 1972, var þá hafin endurskoðun á lögum, er varða tekjuöflun ríkissjóðs. Samkvæmt þeirri endurskoðun var gerð breyting á lögum um tekju- og eignarskatt á síðasta Alþingi, og er tekjuöflun fjárlagafrumvarps þessa miðuð við þá breytingu. Þessari endurskoðun hefur verið haldið áfram og er enn ekki lokið. Ekki er ennþá ljóst, vegna þess hve málið er umfangsmikið, hvort eða að hve miklu leyti hægt verður að miða tekjur ársins 1973 við þær breytingar, sem kunna að verða gerðar á tekjuöflun ríkissjóðs á þessu þingi. Þeirri stefnu var fylgt við gerð þessa fjárlagafrumvarps að gæta fyllstu

aðgæzlu í útgjöldum ríkissjóðs, enda hækkun fjárlagafrumvarpsins fyrst og fremst vegna ákvarðana í kjarasamningum, í lögum og til aukinna verklegra framkvæmda. Þá er gert ráð fyrir í þessu fjárlagafrumvarpi verulegum útgjöldum vegna afborgana af lánum ríkissjóðs og vegasjóðs, svo sem áður er að vikið, þ. á m. 250 m.kr. sem fyrstu greiðslu af láni Seðlabanka Íslands, sem stofnað var til í þeim tilgangi að mynda sjóð, er staðið gæti á móti hinni árstíðabundnu sveiflu í ríkisfjármálunum.

Fjárlagafrumvarp þetta er með u. þ. b. 100 millj. kr. greiðsluafgangi, þó að engin ný tekjuöflun eigi sér stað. Ríkisstjórnin mun fylgja þeirri ákvörðun sinni fram við afgreiðslu þessa fjárlagafrumvarps, að fjárlög fyrir árið 1973 verði greiðsluhallalaus.

Skal nú gerð grein fyrir höfuðþáttum fjárlagafrumvarpsins og einstökum greinum þess.

Yfirlit og samanburður við fjárlög 1972.

Meginforsendur frumvarpsins.

Fjárlagaáætlunin er byggð á þeirri forsendu, hvað útgjöld varðar, að kaupgreiðsluvísitala haldist í 117 stigum út árið 1973, en tillit tekið til þeirrar 7% grunnlaunahækkunar, er verður 1. marz n. k. Enn fremur er við áætlun annarra kostnaðarliða höfð hliðsjón af því, að um 13% hækkun hefur orðið frá gerð síðustu fjárlagaáætlunar á vísitölu vöru og þjónustu. Meginforsendur tekjuáætlunar frumvarpsins eru þær, að almenn innlend verðmætaráðstöfun aukist um 10.6% og innflutningur um 14%. Loks er gert ráð fyrir, að skattvísitala verði ákveðin 128 stig.

Miðað við ofangreindar forsendur er rekstrarafgangur fjárlagafrumvarpsins 580 m.kr., en halli á lánahreyfingum nemur 476 m.kr., þannig að greiðslujöfnuður er hagstæður um 104 m.kr.

Gjaldahlið.

Útgjöld á rekstrarreikningi nema í heild 19 867.8 m.kr. á móti 16 549.5 m.kr. í fjárlögum 1972, og er hækkunin því 3 318.3 m.kr., eða 20.1%. Ef frá eru taldir markaðir tekjustofnar, sem fram koma sem útgjöld á rekstrarreikningi og hækka um 273.9 m.kr., eða 12.1%, verða eiginleg ríkissjóðsútgjöld 17 330.8 m.kr., en voru 14 286.4 m.kr. í fjárlögum 1972. Hækkunin nemur þannig 3 044.4 m.kr., eða 21.3%. Á eftirfarandi yfirliti er gerður samanburður á rekstrarútgjöldum fjárlaga 1972 og fjárlagafrumvarps 1973 í þús. kr.:

	Fjárlög '72 Þús. kr.	Frumvarp '73 Þús. kr.	Hækkun Þús. kr.	%
Útgjöld á rekstrarreikn.	16 549 552	19 867 847	3 318 295	20.1
Markaðir tekjustofnar	2 263 202	2 537 089	273 887	12.1
Útgjöld án markaðra tekjustofna	14 286 350	17 330 758	3 044 408	21.3

Launaáætlun á fjárlögum 1972, eins og hún kemur fram á einstökum stofnunum, var miðuð við grunnkaupshækkanir á árinu 1972 samkvæmt kjarasamningum og kaupgreiðsluvísitölu 107.19 stig, en það er sú vísitala, sem gilti fyrir mánuðina sept.—nóv. 1971. Á sérstökum fjárlagalið var svo áætluð fjárhæð vegna verðlagsuppbóta á árinu 1972. Við launaáætlun ársins 1973 er tekið tillit til þeirrar 7% grunnkaupshækkunar, sem verður í marz n. k., og miðað er við verðlagsuppbót samkvæmt kaupgreiðsluvísitölu 117 stig, þ. e. óbreytt frá því sem nú er, en frá vísitölu 107.19 stig, sem lá til grundvallar fjárlagaáætlunar 1972 fyrir einstakar stofnanir, hafa breytingar orðið þessar: 1. des. 1971 108.37 stig, 1. marz 1972 109.29 stig og 1. júní 1972 117.00 stig. Eins og fram kemur á eftirfarandi yfirliti hækka laun í heild um 989.9 m.kr. frá fjárlögum 1972. Þetta er þó ekki raunveruleg hækkun launakostnaðar, þar sem hluti hækkunarinnar stafar af því, að við yfirtöku ríkisins á lög-

gæzlukostnaðarhluta sveitarfélaga verður kostnaðinum skipt á einstaka rekstrarliði og einkum á launalið, en hlutdeild ríkisins var áður öll talin yfirfærsla til sveitarfélaga. Hækkun launaliðar af þessum sökum er 263.6 m.kr. Raunveruleg hækkun launa að öðru leyti er því 726.3 m.kr., eða 21.5%.

Eins og fram hefur komið hækka eiginleg útgjöld ríkissjóðs um 3 044.9 m.kr., eða 21.3%, og skiptist hækkunin í meginatriðum þannig:

	Millj. kr.
Laun	989.9
Almannatryggingar	734.4
Niðurgreiðslur	374.6
Vaxtagreiðslur þ. m. t. vegasjóðslán	237.9
Vegagerð framlag ríkissjóðs án launa	120.0
Uppbætur á útfluttar landbúnaðarafurðir	110.0
Lánasjóður íslenzkra námsmanna	83.0
Bygging barna- og gagnfræðaskóla	78.8
Aðstöðujöfnun nemenda	25.0
Sölustofnun lagmetisiðnaðarins	25.0
Framlag vegna rekstrarhalla togara 1972	25.0
Annað, nettó	240.8
Samtals	3 044.4

Á eftirfarandi yfirliti er sýnd breyting helztu útgjaldaflokka eftir meginskiptingu í fjárlögum í hundraðshlutum frá fjárlögum 1972 að meðtöldum mörkuðum tekjustofnum:

		Hækkun í % frá fjárlögum 1972
0 10	Laun	29.4
0 20	Önnur rekstrargjöld	26.5
0 27	Viðhald	24.3
0 70	Vextir	252.1
0 80	Gjaldfærður stofnkostnaður	19.3
0 90	Yfirfærslur:	
91	Til fyrirtækja í B-hluta	14.3
92	Til sveitarfélaga	÷21.0
93	Til fyrirtækja og atvinnuvega	29.7
94	Til einstaklinga, heimila og samtaka	20.0
	Heildarhækkun	20.1

Hlutfallsleg hækkun útgjalda frá fjárlögum 1972 eftir hagrænu eðli er sýnd á eftirfarandi yfirliti:

	Hækkun í % frá fjárlögum 1972	
Kaup á vörum og þjónustu		30.1
Samneyzla	32.9	
Fjárfesting	19.3	
Tilfærslur		14.6
Neyzlu- og rekstrartilfærslur	16.5	
Fjármagnstilfærslur	9.2	
Heildarhækkun		20.1

Ráðuneyti og málefnaflokkar.

Í þessum hluta greinargerðarinnar verður breyting útgjalda frá fjárlögum 1972 skýrð í megindráttum. Sérstaklega verður og gerð grein fyrir breytingum á mörkuð-

um tekjustofnum og áhrifum þeirra á þróun rekstrarútgjalda. Síðar í greinargerðinni verður svo vikið að breytingum einstakra fjárlagaliða í smáatriðum.

00 Æðsta stjórn ríkisins. Fjárveitingar á þessum lið hækka um 28.0 m.kr. frá fjárlögum 1972, og kemur meginhluti hækkunarinnar fram á launalið, eða 23.7 m.kr., vegna sérstakra ákvarðana um þingfararkaup alþingismanna, laun hæstaréttardómara o. fl. Annar kostnaður við æðstu stjórn hækkar um 4.3 m.kr., að öllu leyti vegna Alþingis.

01 Forsætisráðuneytið. Málefnaflokkar þessa ráðuneytis breytast sem hér segir:

	Breyt. frá fjárl. 1972	Þar af markaðir tekjustofnar
Yfirstjórn	2.2	—
Annað	15.8	10.1
Samtals	18.0	10.1

Yfirstjórn. Af hækkuninni, 2.2 m.kr., stafar 1.1 m.kr. af nýráðningu starfsfólks, og afgangurinn af eðlilegum launa- og verðlagshækkunum.

Annað. Hækkanir á þessum málaflokki eru vegna Framkvæmdastofnunar ríkisins 3.7 m.kr., Húsameistara ríkisins 1.6 m.kr., þjóðgarðs á Þingvöllum og Þingvallanefndar 0.4 m.kr. og framlag til Byggðasjóðs, þ. e. hluti álgjalds, 10.1 m.kr., eða samtals 15.8 m.kr.

02 Menntamálaráðuneytið. Þeir málefnaflokkar, sem heyra undir menntamálaráðuneytið, breytast sem hér segir:

	Breyt. frá fjárl. 1972	Þar af markaðir tekjustofnar
Yfirstjórn	÷7.1	—
Fræðslumál	766.5	3.1
Söfn, listir og önnur menningarstarfsemi	56.1	7.2
Samtals	815.5	10.3

Yfirstjórn. Þessi málefnaflokkur lækkar vegna þess, að 27.1 m.kr. fjárveiting í fjárlögum 1972 er færð á aðra liði, þ. e. til jöfnunar námsaðstöðu 25.0 m.kr. og kostnaður við landspróf og samræmt gagnfræðapróf 2.1 m.kr. Á öðrum liðum verður því 20.0 m.kr. hækkun, þar af kostnaður við aðalskrifstofu 9.0 m.kr., sem stafar af nýráðningu starfsfólks 1.5 m.kr., eðlilegum launahækkunum 4.1 m.kr. og öðrum kostnaði 3.4 m.kr. Kostnaður við endurskoðun námsefnis eykst um 4.6 m.kr., framkvæmd sundskyldu í skólum 3.7 m.kr., kennaranámskeið 1.9 m.kr., og önnur viðfangsefni hækka um 0.8 m.kr.

Fræðslumál. Hækkun fjárveitinga til fræðslumála er 766.5 m.kr., og kemur einkum fram á eftirtöldum liðum: Barna- og gagnfræðastigsskólar 379.4 m.kr., þar af laun 267.6 m.kr., annar rekstrarkostnaður 33.1 m.kr. og byggingar 78.7 m.kr., Lánasjóður íslenzkra námsmanna 83.0 m.kr., Háskóli Íslands 64.7 m.kr., jöfnun námsaðstöðu 50.0 m.kr. (flutt af yfirstjórn og hækkar um 25.0 m.kr. frá fjárlögum 1972), menntaskólar 36.1 m.kr., Kennaraháskólinn og Æfinga- og tilraunaskólinn 29.8 m.kr., þar af byggingar 15.7 m.kr., iðnskólar 18.3 m.kr., og nettóhækkun á öðrum liðum nemur 102.1 m.kr. Markaður tekjustofn, þ. e. einkaleyfisgjald af Happdrætti Háskóla Íslands, sem rennur til byggingasjóðs rannsókna í þágu atvinnuveganna, hækkar um 3.1 m.kr.

Söfn, listir og önnur menningarstarfsemi. Hækkun nemur í heild 56.1 m.kr., þar af náttúruverndarráð og þjóðgarðar 17.2 m.kr., Þjóðleikhús 13.7 m.kr., og á öðrum liðum kemur fram 18.0 m.kr. nettóhækkun. Markaðir tekjustofnar hækka um 7.2 m.kr., þar af aðflutningsgjald af sjónvarpstækjum 4.3 m.kr., skemmtanaskattur 2.4 m.kr., miðagald til Menningarsjóðs 0.2 m.kr. og hluti gjalds af seldum vindlingum 0.3 m.kr.

03 **Utanríkisráðuneytið.** Á málefnaflokkum þessa ráðuneytis verða þessar breytingar:

	Breyt. frá fjárl. '72
Yfirstjórn	8.8
Löggæzla á Keflavíkurflugvelli	10.2
Sendiráð	14.5
Alþjóðastofnanir	6.4
Samtals	39.9

Yfirstjórn. Hækkunin, 8.8 m.kr., stafar af eðlilegum hækkunum fastra launa, 2.8 m.kr., kostnaði við þátttöku í alþjóðaráðstefnum 2.0 m.kr., flutningi starfsfólks sendiráðanna milli landa og öðrum ferðakostnaði 1.4 m.kr., og ýmis annar kostnaður eykst um 2.6 m.kr.

Löggæzla á Keflavíkurflugvelli. Laun hækka um 8.2 m.kr. og annar kostnaður um 2.0 m.kr., hvort tveggja vegna eðlilegra launa- og verðlagshækkana.

Sendiráð. Af heildarhækkuninni á þessum málefnaflokki, 14.5 m.kr., koma 10.3 m.kr. fram á launalið sökum grunnlaunahækkana, verðlagsuppbóta, gengishækkana o. fl., eins og nánar er skýrt síðar. Afgangur hækkunarinnar, 4.2 m.kr., skýrist að mestu af verðlags- og gengishækkunum erlendis.

Alþjóðastofnanir. Helztu breytingar á framlögum til alþjóðastofnana eru skýrðar í næsta hluta greinargerðarinnar.

04 **Landbúnaðarráðuneytið.** Eftirfarandi breytingar verða á málefnaflokkum, er undir þetta ráðuneyti heyra:

	Breyt. frá fjárl. 1972	Þar af markaðir tekjustofnar
Yfirstjórn	2.2	—
Búnaðarmál	175.6	0.3
Önnur mál	5.6	—
Samtals	183.4	0.3

Búnaðarmál. Hækkunin á fjárveitingum til búnaðarmála, 175.6 m.kr., kemur þannig fram: Uppbætur á útfluttar landbúnaðarafurðir 110.0 m.kr., jarðræktarframlög 19.0 m.kr., Framleiðnisjóður landbúnaðarins 8.0 m.kr., Rannsóknastofnun landbúnaðarins 7.8 m.kr., Búnaðarfélag Íslands 6.8 m.kr., landgræðsla 6.8 m.kr. og framræsla 6.0 m.kr. Framlag vegna aðstoðar við bændur lækkar um 7.0 m.kr., en á öðrum liðum verður 17.9 m.kr. nettóhækkun. Markaður tekjustofn, þ. e. hluti landgræðslusjóðs af gjaldi af seldum vindlingum, hækkar um 0.3 m.kr.

Önnur mál. Á þessum málefnaflokki eru bændaskólar og Garðyrkjuskólinn að Reykjum, og skýrist hækkunin, 5.6 m.kr., af eðlilegum launa- og verðlagshækkunum.

05 **Sjávarútvegsráðuneytið.** Á málefnaflokkum, er undir þetta ráðuneyti heyra, verða eftirtaldar breytingar:

	Breyt. frá fjárl. 1972	Þar af markaðir tekjustofnar
Yfirstjórn	1.8	—
Útvegsmál	68.9	÷0.8
Önnur mál	8.0	—
Samtals	78.7	÷0.8

Útvegsmál. Hækkunin á framlögum til útvegsmála, 68.9 m.kr., kemur þannig fram í megindráttum: Vegna hallarekstrar togara 1972 25.0 m.kr., Hafrannsóknastofnun 24.9 m.kr., aflatryggingasjóður 6.9 m.kr. og Fiskmat ríkisins 6.6 m.kr. Fram-

lag til byggingarsjóðs síldarleitarskips, sem var 5.6 m.kr. í fjárlögum 1972, fellur niður, en nettóhækkun á öðrum fjárlagaliðum nemur 11.9 m.kr. Af mörkuðum tekjustofnum fellur niður síldargjald sem slíkur, en það var 1.6 m.kr. í fjárlögum 1972, og ferskfiskmatsgjald hækkar um 0.8 m.kr.

06 Dóms- og kirkjumálaráðuneytið. Eftirfarandi breytingar verða á málefnaflokkum þessa ráðuneytis:

	Breyt. frá fjárl. '72
Yfirstjórn	0.5
Dómgæzla, lögreglumál o. fl.	248.3
Þjóðkirkjan	16.1
Samtals	264.9

Dómgæzla, lögreglumál o. fl. Framlög til þessa málefnaflokks hækka um 248.3 m.kr., og kemur hækkunin þannig fram: Landhelgisgæzla 102.4 m.kr., einkum vegna aukinnar skipanotkunar og aukins flugreksturs, löggæzla 78.1 m.kr., embætti sýslumanna og bæjarfógeta að frátalinni löggæzlu 25.8 m.kr., bifreiðaeftirlit 8.0 m.kr., vinnuhælið á Litla-Hrauni 5.0 m.kr., og hækkun á öðrum fjárlagaliðum nemur samtals 29.0 m.kr.

Kostnaður við löggæzlu er nú að fullu borinn af ríkinu, og var kostnaðarhlutdeild sveitarfélaganna, sem ríkið yfirtók, áætluð 150.0 m.kr. í fjárlögum 1972 og löggæzlukostnaður í heild 279.0 m.kr. Vegna yfirtöku ríkisins á þessum kostnaði, verða nokkrar breytingar á uppsetningu fjárlaganna, þannig að meginhlutanum af fjárlagalið 282, löggæzla, ásamt kostnaði yfirteknum af sveitarfélögum er nú skipt á embætti sýslumanna og bæjarfógeta, sakadómara og lögreglustjórans í Reykjavík. Til þess að gera nokkra grein fyrir aukningu kostnaðar við löggæzlu í einstökum umdæmum og embættum, eru á eftirfarandi yfirliti bornar saman fjárveitingar samkvæmt þessu frumvarpi og raunverulegur kostnaður árið 1971, en þær tölur ber þó að taka með vissum fyrirvara varðandi nákvæmni. Höfuðáherzla er lögð á að bera saman launakostnað, sem er mikilvægasti kostnaðarliðurinn, því að upplýsingar um skiptingu annars kostnaðar eftir umdæmum árið 1971 eru ekki fyrir hendi. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir óbreyttu mannahaldi frá 1972, nema í Reykjavík, þar sem við bætast 4 lögreglukonur.

Samanburður á kostnaði við löggæzlu 1971 og 1973.
(í millj. kr.)

I. Launakostnaður:	1971	Frumvarp '73	Hækkun
Sakadómaraembætti	15.7	21.8	6.1
Lögreglustjórinn í Reykjavík	100.7	151.8	51.1
Sýslumenn og bæjarfógetar:			
Akranes	4.2	4.7	0.5
Borgarnes	1.3	1.6	0.3
Stykkishólmur	2.3	3.5	1.2
Búðardalur	0.1	0.2	0.1
Patreksfjörður	1.1	1.6	0.5
Bolungarvík	0.6	0.9	0.3
Ísafjörður	4.0	5.0	1.0
Hólmavík	—	0.1	0.1
Blönduós	0.5	1.5	1.0
Sauðárkrókur	1.1	1.7	0.6
Siglufjörður	2.9	4.0	1.1
Ólafsfjörður	0.7	1.1	0.4
Akureyri	9.7	15.5	5.8
Húsavík	3.2	4.1	0.9

	1971	Frumvarp '73	Hækkun
Seyðisfjörður	0.8	1.1	0.3
Neskaupstaður	1.1	1.5	0.4
Eskifjörður	1.4	2.4	1.0
Vík í Mýrdal	1.3	1.9	0.6
Hvolsvöllur	0.6	0.9	0.3
Vestmannaeyjar	6.1	9.3	3.2
Selfoss	4.5	7.8	3.3
Keflavík	7.4	11.9	4.5
Hafnarfjörður	19.4	26.0	6.6
Kópavogur	11.6	15.9	4.3
Alls	202.3	297.8	95.5
II. **Annar kostnaður**	50.2	59.3	9.1
Samtals	252.5	357.1	104.6

Þjóðkirkjan. Framlag hækkar um 16.1 m.kr., þar af 3.3 m.kr. vegna 6 nýrra presta, 10.3 m.kr. vegna fastra launa presta og prófasta og 2.5 m.kr. vegna verðlags.

07 **Félagsmálaráðuneytið.** Á málefnaflokkum þessa ráðuneytis verða eftirtaldar breytingar:

	Breyt. frá fjárl. 1972	Þar af markaðir tekjustofnar
Yfirstjórn	2.2	—
Húsnæðismál	79.9	79.7
Önnur félagsmál	19.7	3.7
Samtals	101.8	83.4

Húsnæðismál. Hækkunin, 79.9 m.kr., á að fullu rætur að rekja til framlags til Byggingasjóðs ríkisins, þar af markaðir tekjustofnar 79.7 m.kr. og beint ríkissjóðsframlag 0.2 m.kr. Þeir tekjustofnar, sem hér um ræðir, eru launaskattur, sem hækkar um 62.0 m.kr., og byggingasjóðsgjöld af tekju- og eignarsköttum og aðflutningsgjöldum 17.7 m.kr.

Önnur félagsmál. Á þessum málefnaflokki kemur fram 19.7 m.kr. hækkun, sem skýrist þannig: Meðlög skv. lögum hækka um 7.3 m.kr., orlof húsmæðra um 3.6 m.kr., Bjargráðasjóður um 2.5 m.kr., endurhæfingarráð 1.8 m.kr., framlög í styrktarsjóð fatlaðra og til aðstoðar við blinda um samtals 4.3 m.kr., en þetta voru áður markaðir tekjustofnar skv. lögum (sælgætisgjald), sem nú hafa fallið úr gildi, og er óbreyttri upphæð haldið í frumvarpinu. Þá fellur niður framlag vegna landakaupa kaupstaða og kauptúna, sem var 3.0 m.kr. í fjárlögum 1972, og á öðrum liðum verður 0.5 m.kr. nettólækkun. Markaðir tekjustofnar undir þessum málefnaflokki breytast sem hér segir: Hluti vörugjalds til styrktarsjóðs vangefinna hækkar um 6.4 m.kr., skipulagsgjald um 1.3 m.kr., hluti SVFÍ af gjaldi af seldum vindlingum um 0.2 m.kr. og gjald af seldum eldspýtum til Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra 0.1 m.kr., en niður fellur sælgætisgjald 4.3 m.kr., eins og að framan greinir.

08 **Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið.** Á málefnaflokkum þessa ráðuneytis verða eftirtaldar breytingar:

	Breyt. frá fjárl. 1972	Þar af markaðir tekjustofnar
Yfirstjórn	3.2	—
Tryggingamál	930.4	84.0
Heilbrigðismál	43.8	+6.7
Önnur mál	0.8	—
Samtals	978.2	77.3

Tryggingamál. Framlag til tryggingamála hækkar um 930.4 m.kr., sem skiptist þannig, að í hlut lífeyristrygginga koma 380.8 m.kr., sjúkratrygginga 454.5 m.kr., slysatrygginga 57.4 m.kr. og atvinnuleysistrygginga 37.7 m.kr. Markaðir tekjustofnar, þ. e. iðgjöld hækka um 84.0 m.kr. nettó, þar af lífeyristryggingagjald atvinnurekenda 124.0 m.kr., slysatryggingaiðgjöld 57.4 m.kr. og iðgjöld til atvinnuleysistryggingasjóðs 12.6 m.kr., en niður fellur innheimta af eftirstöðvum almannatryggingagjalds, sem var áætluð 110.0 m.kr. í fjárlögum 1972.

Heilbrigðismál. Fjárveitingar til heilbrigðismála hækka samkvæmt frumvarpinu um 43.8 m.kr., þar af landlæknisembættið, einkum laun héraðslækna, 13.0 m.kr., bygging sjúkrahúsa og læknabústaða 11.1 m.kr., framlag til heilsuverndarstöðva 5.3 m.kr., til Hjartaverndar í stað markaðs tekjustofns 5.0 m.kr., og á ýmsum öðrum liðum verður samtals 16.1 m.kr. hækkun. Á mörkuðum tekjustofnum verður hins vegar 6.7 m.kr. nettólækkun, sem kemur þannig fram: Hækkun verður á samúðarskeytum landsímans 1.2 m.kr., heillaóskaskeytum vegna Krabbameinsfélags Íslands 0.2 m.kr. og á hluta Krabbameinsfélagsins af gjaldi af seldum vindlingum 0.3 m.kr., en niður fellur flöskugjald til Hjartaverndar, sem var 8.4 m.kr. í fjárlögum 1972, en í staðinn kemur 5.0 m.kr. ríkissjóðsframlag, eins og fyrr segir.

09 **Fjármálaráðuneytið.** Málefnaflokkar fjármálaráðuneytisins breytast þannig:

	Breyt. frá fjárl. 1972	Þar af markaðir tekjustofnar
Yfirstjórn	12.3	—
Toll- og skattheimta	46.0	3.6
Lífeyrissjóðir, styrktarfé og eftirlaun	51.8	—
Önnur mál	10.4	5.0
Samtals	120.5	8.6

Yfirstjórn. Hækkun kostnaðar við yfirstjórn ráðuneytisins, 12.3 m.kr., skiptist þannig, að 8.1 m.kr. koma á aðalskrifstofu, þar af 1.5 m.kr. vegna nýráðninga, 3.2 m.kr. á ríkisbókhald og 1.0 m.kr. á ríkisfjárhirzlu.

Toll- og skattheimta. Skipting hækkunarinnar á þessum lið, 46.0 m.kr., er þannig: Ríkisskattstjóri og skattstofur 24.5 m.kr., tollstjórinn í Reykjavík 12.7 m.kr., tollgæzla utan Reykjavíkur 2.6 m.kr., Gjaldheimtan 2.5 m.kr. og framlag til tollstöðva, sem er markaður tekjustofn, 3.6 m.kr.

Lífeyrissjóðir, styrktarfé og eftirlaun. Framlög hækka um 51.8 m.kr., einkum vegna lífeyrisuppbóta, sem hækka um 48.6 m.kr., en eftirlaun og styrktarfé hækka um 3.2 m.kr.

Önnur mál. Allverulegar breytingar verða á liðum innan þessa málefnaflokks, en nettóhækkun er 10.4 m.kr. Hækkanir verða á eftirtöldum liðum sem hér segir: Vaxtagjöld 237.9 m.kr., einkum vegna skulda við Seðlabankann og yfirtöku vegasjóðslána, lífeyrissjóður bænda 10.6 m.kr., lífeyrissjóður verkalýðsfélaga 6.5 m.kr. og fasteignamat 9.2 m.kr. Helztu lækkanir eru þessar: Verðlagsuppbætur á laun, 250.0 m.kr. í fjárlögum 1972, falla niður, framlag vegna byggingar togara 11.5 m.kr. og beint ríkissjóðsframlag í ríkisábyrgðasjóð 5.0 m.kr. Á öðrum liðum verður 7.7 m.kr. nettóhækkun, og áhættugjald vegna ríkisábyrgða, sem er markaður tekjustofn, hækkar um 5.0 m.kr.

10 **Samgönguráðuneytið.** Eftirfarandi breytingar verða á málefnaflokkum þessa ráðuneytis:

	Breyt. frá fjárl. 1972	Þar af markaðir tekjustofnar
Yfirstjórn	1.8	—
Vegamál	216.4	67.0
Önnur samgöngumál	26.3	13.1
Samtals	244.5	80.1

Vegamál. Hækkun framlaga til vegamála, 216.4 m.kr., skiptist þannig, að 149.4 m.kr. eru beint framlag úr ríkissjóði og 67.0 m.kr. markaðir tekjustofnar til rekstrar og framkvæmda. Beint framlag ríkissjóðs til vegagerðar hækkar um 150.0 m.kr. skv. vegáætlun, en framlag til að bæta þjónustu við ferðamenn að vetrarlagi o. fl. lækkar um 0.6 m.kr.

Önnur samgöngumál. Hækkunin, 26.3 m.kr., skýrist þannig: Framlag til Skipaútgerðar ríkisins hækkar um 15.5 m.kr., til hafnamála 14.4 m.kr., til veðurstofunnar 10.8 m.kr., til siglingamálastofnunarinnar 5.0 m.kr., til ferðamála 4.8 m.kr. og til ýmissa annarra liða 5.1 m.kr. Á móti fellur niður framlag vegna byggingar strandferðaskipa, sem var 36.0 m.kr. í fjárlögum 1972, en kemur nú fram sem afborgun lána á lánahreyfingum, og beint ríkissjóðsframlag til vitamála lækkar um 6.4 m.kr. Hins vegar hækkar vitagjald, sem er markaður tekjustofn, um 12.6 m.kr., og sérleyfissjóðsgjald um 0.5 m.kr.

11 **Iðnaðarráðuneytið.** Breytingar á málefnaflokkum iðnaðarráðuneytisins eru þessar:

	Breyt. frá fjárl. 1972	Þar af markaðir tekjustofnar
Yfirstjórn	2.8	—
Iðnaðarmál	38.0	4.2
Orkumál	17.6	0.4
Samtals	58.4	4.6

Iðnaðarmál. Sú 38.0 m.kr. hækkun, sem verður á þessum málefnaflokki, skýrist þannig, að inn er tekið 25.0 m.kr. framlag til Sölustofnunar lagmetisiðnaðarins skv. lögum, 2.0 m.kr. framlag til gosefnarannsókna og 2.0 m.kr. framlag vegna líffræðilegra rannsókna á Mývatns- og Laxársvæðinu. Kostnaður við Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins eykst um 3.9 m.kr. og á öðrum liðum verður 0.9 m.kr. nettóhækkun. Af 4.2 m.kr. hækkun markaðra tekjustofna eru 3.9 m.kr. vegna iðnaðargjalds og 0.3 m.kr. vegna byggingariðnaðarsjóðsgjalds.

Orkumál. Hækkun framlaga til orkumála, sem nemur 17.6 m.kr., kemur þannig fram, að framlag til Orkusjóðs vegna lánagreiðslna hækkar um 17.0 m.kr. og til Orkustofnunar um 9.0 m.kr., en framlag til jarðvarmaveitna lækkar um 8.7 m.kr. Loks hækkar rafmagnseftirlitsgjald, sem er markaður tekjustofn, um 0.3 m.kr.

12 **Viðskiptaráðuneytið.** Málefnaflokkar þessa ráðuneytis breytast sem hér segir:

	Breyt. frá fjárl. '72
Yfirstjórn	1.5
Niðurgreiðslur	374.6
Annað	2.4
Samtals	378.5

Niðurgreiðslur. Niðurgreiðsluáætlunin miðast við það, að sú aukning, sem ákveðin var í júlí sl. sem hluti verðstöðvunaraðgerða, haldist ekki lengur en til næstu áramóta. Heildarniðurgreiðslur eru þannig áætlaðar 1.560.0 m.kr. á árinu 1973.

13 **Hagstofa Íslands.** Hækkun 3.5 m.kr. og

14 **Ríkisendurskoðun.** Hækkun 4.3 m.kr. stafar í báðum tilvikum að verulegu leyti af eðlilegum launa- og verðlagshækkunum.

Tekjuhlið.

Tekjuáætlun ríkissjóðs fyrir árið 1973 er unnin af hagrannsóknadeild Framkvæmdastofnunar ríkisins. Er hún byggð á þjóðhagsspá deildarinnar fyrir það ár, eins og hún stóð í lok júlímánaðar sl. Þeir þættir þjóðhagsspárinnar, sem mest áhrif hafa á tekjuáætlun ríkissjóðs, eru spáin um almenna innlenda verðmætaráðstöfun, sem gert er ráð fyrir að aukist um 10.6% í peningum, og innflutningsspáin, sem hækkar um allt að 14% samkvæmt þjóðhagsáætluninni. Meginforsendur tekjuáætlunarinnar að því er varðar kaup og verðlag eru þessar: Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir, að engar aðrar breytingar verði á kauplagi en þegar eru ákveðnar með samningum ASÍ og vinnuveitenda og samkvæmt úrskurði kjaradóms sl. vor, þ. e. 6% grunnkaupshækkun verkafólks, iðnaðarmanna og verzlunarfólks og 7% grunnkaupshækkun hjá opinberum starfsmönnum frá 1. marz 1973. Í öðru lagi er gert ráð fyrir, að kaupgreiðsluvísitalan hækki ekki frá núverandi stigi, þ. e. vísitölu 117, og framfærsluvísitalan hækki aðeins um 1% frá ágúst 1972, en þá var hún 174.8 stig. Þessar forsendur fela í sér mun minni hækkanir en verið hafa, þannig að meðalhækkun framfærsluvísitölu milli áranna 1972 og 1973 yrði 4% og hækkun vísitölu vöru og þjónustu einnig 4%. Hvort þessar forsendur standast, ræðst svo m. a. af væntanlegum almennum efnahagsráðstöfunum stjórnvalda og þá sérstaklega aðgerðum í verðlags- og kaupgjaldsmálum.

Eins og venja hefur verið á undanförnum árum, sýna allar tekjutölurnar áætlaða innheimtu á almanaksárinu en ekki álagningu, en á þessu tvennu getur verið verulegur munur. Áætlanir um innheimtu eru byggðar á tölum ríkisbókhaldsins um samhengi álagningar og innheimtu á árinu 1971 og fram á mitt ár 1972.

Samkvæmt lögum skal skattvísitala ákveðin í fjárlögum hverju sinni. Hækkun vísitölu framfærslukostnaðar milli meðaltals áranna 1971 og 1972 er um 10%, sem að öðru óbreyttu væri eðlileg viðmiðun við ákvörðun skattvísitölu. Miðað við núverandi vísitölu 100 ætti skattvísitalan við álagningu 1973 þannig að ákvarðast 110. Af orsökum, sem greindar eru í inngangi þessara athugasemda, hefur hins vegar verið ákveðið að miða tekjuáætlun fjárlagafrumvarpsins við vísitölu 128 stig.

Heildartekjur á rekstrarreikningi eru áætlaðar 20 447.5 m. kr., en 16 898.9 m. kr. í fjárlögum 1972. Er hækkunin því 3 548.6 m. kr., eða 21.0%. Af heildartekjum nema markaðir stofnar 2 568.8 m. kr. á móti 2 321.7 m. kr. í fjárlögum 1972, og nemur hækkun þeirra því 247.1 m. kr., eða 10.7%. Eiginlegar tekjur ríkissjóðs, þ. e. heildartekjur á rekstrarreikningi að frádregnum mörkuðum tekjustofnum, nema þannig 17 878.7 m. kr., en voru 14 577.2 m. kr. í fjárlögum 1972, og er hækkunin 3 301.5 m. kr., eða 22.6%. Verður nú vikið að breytingum einstakra skatta og skattflokka.

Persónuskattar. Hækkun persónuskatta nemur í heild 84.0 m. kr., eða 42.9%. Lífeyristryggingaiðgjald atvinnurekenda hækkar um 124.0 m. kr., koma þar einkum til þær hækkanir bóta, sem ákveðnar hafa verið frá samþykkt síðustu fjárlaga, en atvinnurekendur standa undir 14% bóta almannatryggingaanna, annarra en fjölskyldubóta. Slysatryggingaiðgjöld hækka um 57.4 m. kr., eða 60.4%, sökum mikillar útgjaldaaukningar slysatryggingadeildarinnar, og voru iðgjaldataxtar hækkaðir um 50% í ársbyrjun 1972. Iðgjald til Atvinnuleysistryggingasjóðs hækkar um 12.6 m. kr., en aftur á móti er ekki gert ráð fyrir innheimtu eftirstöðva fyrri ára af almannatryggingagjaldi, og var sá liður áætlaður 110.0 m. kr. í fjárlögum 1972.

Eignarskattar. Hækkun tekna af eignarsköttum er áætluð 74.0 m. kr. Eignarskattur einstaklinga hækkar um 24.1 m. kr., og er þá miðað við óbreyttan skattstiga og óbreytt fasteignamat, en um 10% aukningu álagningarstofns aðallega vegna aukinnar

íbúða- og bifreiðaeignar og verðbreytinga. Eignarskattur félaga hækkar um 49.2 m. kr., og er þá byggt á sömu forsendum og við eignarskatt einstaklinga að öðru leyti en því, að aukning álagningarstofns er áætluð 6%. Byggingasjóðsgjöld af eignarskatti hækka um 0.7 m. kr., en erfðafjárskattur er áætlaður óbreyttur frá fjárlögum 1972.

Tekjuskattar eru í heild áætlaðir 1 342.3 m. kr. hærri en í fjárlögum 1972. Tekjuskattur einstaklinga hækkar um 1 347.0 m. kr., og er þá miðað við óbreytt lög eftir þær ívilnanir til aldraðra, sem ákveðnar voru með bráðabirgðalögum í ágúst sl., og skattvísitölu 128, eins og að framan greinir. Þá er áætlað, að heildartekjur einstaklinga til skatts að meðtalinni fjölgun framteljenda hækki um nálægt 30% milli áranna 1971 og 1972. Tekjuskattur félaga lækkar hins vegar um 18.0 m. kr. frá fjárlögum 1972, en útlit er fyrir, að hagur ýmissa atvinnugreina hafi versnað í ár miðað við afkomuna 1971. Byggingasjóðsgjöld af tekjuskatti hækka um 13.3 m. kr.

Gjöld af innflutningi. Þessi flokkur skatta hækkar um samtals 1 046.3 m. kr., og munar þar mest um hlut ríkissjóðs af almennum aðflutningsgjöldum, er hækkar um 743.7 m. kr. Þessi áætlun er reist á grundvelli forsendna þjóðhagsspárinnar, þar sem spáð er 14% aukningu almenns vöruinnflutnings. Gert er ráð fyrir heldur lægra meðaltollhlutfalli á næsta ári en í ár, 22.8% í stað 23.3%, eingöngu vegna minni bílainnflutnings á næsta ári. Leyfisgjald af bifreiðum, sem ekki var í fjárlögum 1972, er áætlað 236.8 m. kr., innflutningsgjald af benzíni hækkar um 45.3 m. kr. og önnur gjöld af innflutningi um samtals 20.5 m. kr.

Skattar af framleiðslu hækka í heild um 36.6 m. kr., þar af gjald af innlendum tollvörum 26.5 m. kr. og álgjald 10.1 m. kr.

Skattar af seldum vörum og þjónustu. Heildarhækkun í þessum flokki nemur 852.2 m. kr., þar af hluti ríkissjóðs af söluskatti 363.0 m. kr. Orsök þess, að innheimtar tekjur af söluskatti aukast ekki meira en þetta, þrátt fyrir áætlaða 10.6% aukningu innlendrar verðmætaráðstöfunar, er fólgin í því, að í fjárlagaáætlun 1972 er tekið tillit til flýtingar innheimtu, sem verður til þess, að þrettán mánaða álagning kemur til innheimtu á árinu, og eykur það söluskattstekjur væntanlega um 360 m. kr. frá því, sem ella hefði orðið. Launaskattur hækkar um 155.0 m. kr., eða 19.4%, sökum hærra launastigs. Söluhagnaður Á.T.V.R. hækkar um 325.0 m. kr., og kemur þar bæði til verðhækkunin í marz 1972 og aukning kaupmáttar tekna almennings. Aðrir liðir hækka um samtals 9.2 m. kr.

Aðrir óbeinir skattar. Þessi flokkur skatta hækkar um 98.7 m. kr. Tekjur af stimpilgjaldi aukast um 36.0 m. kr., aukatekjur um 5.4 m. kr., þinglýsingatekjur um 23.0 m. kr., bifreiðaskattur um 10.0 m. kr., vitagjald um 12.6 m. kr. vegna nýrra laga, hluti af umboðsþóknun og gengismun gjaldeyrisbankanna hækkar um 18.2 m. kr., áhættugjald vegna ríkisábyrgða um 5.0 m. kr., ýmsir aðrir liðir um samtals 8.0 m. kr., en veggjald, sem var 19.5 m. kr. í fjárlögum 1972, fellur nú niður.

Arðgreiðslur frá fyrirtækjum og sjóðum í B-hluta. Tekjur á þessum lið hækka um 7.7 m. kr., sem kemur þannig fram, að tekjur af Fríhöfninni á Keflavíkurflugvelli aukast um 13.8 m. kr., en greiðslur í ríkissjóð frá flugmálastjórn lækka um 5.4 m. kr. Er það vegna aukinnar fjárfestingar í tækjabúnaði o. fl., samtals 17.6 m. kr., en brúttótekjur flugmálastjórnar eru áætlaðar 20.5 m. kr. hærri en í fjárlögum 1972. Loks fellur út arðgreiðsla frá Gutenberg, 0.7 m. kr. í fjárlögum 1972.

Ýmsar tekjur hækka um 6.8 m. kr., einkum vegna sekta og upptækra vara til ríkissjóðs, sem hækka um 5.4 m. kr., en aðrir liðir hækka um samtals 1.4 m. kr.

Lánahreyfingar.

Lánahreyfingar inn nema samtals 36.6 m.kr., sem er 32.8 m.kr. hækkun frá fjárlögum 1972. Lánahreyfingar út nema samtals 512.3 m.kr. og hafa hækkað frá fjárlögum 1972 um 246.6 m.kr., einkum vegna greiðslu yfirdráttarskuldar við Seðlabanka Íslands, sem breytt hefur verið í fast lán. Verður nánar vikið að helztu orsökum hækkunarinnar hér á eftir. Halli á lánahreyfingum er þannig 475.7 m.kr., en var 261.9 m.kr. í fjárlögum 1972. Á eftirfarandi yfirliti er gerður samanburður á lánahreyfingum inn og út í fjárlögum 1972 og frumvarpi 1973 í þús. kr.:

Inn:

Fjárl.nr.	Stofnun	Fjárl. '72	Frumv. '73	Mism.
4	Atvinnujöfnunarsjóður	—	14 300	14 300
–	Landsvirkjun v. aðflutningsgj.	—	3 375	3 375
–	Bifreiðakaupalán	—	3 586	3 586
–	Hampiðjan h/f v. Heyrnleysingjask.	—	2 000	2 000
–	Reykjavíkurborg v. fiskiðjuvers	—	1 070	1 070
–	RARIK	—	3 733	3 733
–	Ýmsar afborganir	3 800	8 512	4 712
		3 800	36 576	32 776

Út:

Fjárl.nr.	Stofnun	Fjárl. '72	Frumv. '73	Mism.
01 902	Þjóðgarðurinn á Þingvöllum og Þingvallanefnd	2	—	÷2
02 201	Háskóli Íslands	262	—	÷262
02 422	Ríkisútgáfa námsbóka	765	765	—
02 921	Þjóðgarðurinn, Skaftafelli	326	—	÷326
04 231	Skógrækt ríkisins	370	352	÷18
04 241	Landnám ríkisins	340	793	453
09 991	Ýmis lán ríkissjóðs:			
	Menntaskólinn í Reykjavík	575	575	—
	Menntaskólinn á Akureyri	507	507	—
	Menntaskólinn á Laugarvatni	750	750	—
	Menntaskólinn við Hamrahlíð	3 429	3 429	—
	Tækniskólinn	287	287	—
	Kennaraháskóli Íslands	814	814	—
	Hjúkrunarskóli Íslands	308	308	—
	Héraðsskólinn Reykholti	34	36	2
	Bændaskólinn Hvanneyri	10	8	÷2
	Heyrnleysingjaskólinn	3 820	—	÷3 820
	Landspítalinn	7 232	6 482	÷750
	Lögreglustöðin í Reykjavík	5 723	3 533	÷2 190
	Skattstofa Suðurlands	7	7	—
	Búnaðarbankinn, Sauðárkróki	600	—	÷600
	Handhafalán v. Túngötu 7	733	—	÷733
	Seðlabankinn v. Skjaldbreiðareignar	800	800	—
	Seðlabankinn v. Drangsness	14	—	÷14
	Seðlabankinn v. Vonarstrætis 12	350	350	—
	Seðlabankinn v. skólabygginga í Rvík	5 000	5 000	—
	Seðlabankinn v. Áburðarsölu	5 200	5 200	—
	Seðlabankinn v. yfirdráttarskuldar	100 000	8 582	÷91 418
	Seðlabankinn v. framlags til Atvinnumálanefndar ríkisins	14 300	14 300	—

Fjárl.nr.	Stofnun	Fjárl. '72	Frumv. '73	Mism.
	Tryggingast. v. húsnæðis fyrir geðsjúklinga ..	150	150	—
	Brunabótafélag v. Seyðisfjarðarhúsa	14	14	—
	Byggingarsj. Listasafns Ísl. v. Kjarvalshúss .	75	75	—
	Prestakallasjóður	117	67	÷50
	Spariskírteinalán v. stofnframlags til Landsvirkjunar	4 556	4 556	—
	Pl-480 v. hlutabréfakaupa í Kísiliðju	1 805	1 791	÷14
	Landsb. v. hlutabréfakaupa í Kísiliðju	200	200	—
	Landsb. Ísl. á Selfossi v. prestsseturs í Vík ..	86	86	—
	Sparisj. Rvíkur v. biskupsbústaðar	35	35	—
	Sparisj. Rvíkur v. Vonarstrætis 8	40	40	—
	Lífeyrissj. starfsm. ríkisins v. prestsbúst í Vík	5	5	—
	Lífeyrissj. verzlunarm. v. Vonarstrætis 8	16	16	—
	Framkvsj. v. hlutabréfakaupa í Kísiliðju ..	3 391	3 880	489
	Veðd. Landsb. v. prestsbúst. á Húsavík	2	2	—
	Veðd. Landsb. v. prestsbúst. á Blönduósi ...	4	4	—
	Veðd. Landsb. v. prestsbúst. í Hveragerði ..	8	8	—
	Ferðamálasjóður	58	61	3
	Handhafalán v. eignakönnunar	374	374	—
	Handhafalán v. Skjaldbreiðareignar	750	750	—
	Handhafalán v. Kirkjustrætislóða	2 050	2 050	—
	Handhafalán v. Vonarstrætis 12	352	352	—
	Lán v. hlutabréfakaupa í Áburðarverksm. ..	5 838	5 838	—
	Handhafalán v. Tjarnargötu 3	318	318	—
	Handhafalán v. Vonarstrætis 8	850	850	—
	Handhafalán v. biskupsbústaðar	358	358	—
	Handhafalán v. prestsbúst. á Húsavík	100	100	—
	Handhafalán v. prestsbúst. í Hveragerði	32	32	—
	Handhafalán v. prestsbúst. á Blönduósi	94	94	—
	Byggingarsj. Listasafns Ísl. v. Kjarvalshúss ..	315	315	—
	Seðlabankinn v. hækkunar á framlagi til Alþjóðabankans	—	5 991	5 991
	Export-Import Bank v. framlags til stækkunar Kísiliðjunnar	—	8 742	8 742
	Handhafalán v. dýralæknabústaða	—	200	200
	Framkvsj. v. framlags til Kísiliðju	—	2 000	2 000
	Lán vegna I.D.A.	—	1 320	1 320
	Spariskírteinalán v. perlusteinsvinnsluranns.	250	250	—
	Handhafalán v. embættisbúst. bæjarfógetans á Akranesi	—	550	550
	Landsb. Ísl. v. skrifstofuhúsnæðis embættis sýslumanns á Hvolsvelli	—	450	450
	Seðlabanki Ísl. v. kaupa á flugvél fyrir Landhelgisgæzlu	—	5 945	5 945
	Scandinavian Bank Limited v. endurbóta á v.s. Þór	—	9 441	9 441
	Seðlabanki Íslands v. þyrlukaupa	—	9 030	9 030
	Bygging prestssetra	—	500	500
	Lán v. kaupa á Laugarásvegi 71 fyrir Kleppsspítala	—	538	538
	Lán v. kaupa á Tunguhálsi 2 fyrir þvottahús ríkisspítalanna	—	1 487	1 487
	Lán v. kaupa á Valhöll fyrir Háskóla Íslands	—	2 186	2 186

Fjárl.nr.	Stofnun	Fjárl. '72	Frumv. '73	Mism.
	Scandinavian Bank Limited v. Landsvirkjunar, sbr. l. nr. 37/1971	—	6 994	6 994
	Sendiráðið í Kaupmannahöfn	436	477	41
	Sendiráðið í Osló	37	81	44
	Sendiráðið í Stokkhólmi	845	1 420	575
	Sendiráðið í Washington	312	255	÷57
	Sendinefnd Íslands hjá S. þ.	448	254	÷194
	Sendinefnd Íslands hjá EFTA	306	8	÷298
	Vegagerð v. Reykjanesbrautar	23 282	42 177	18 895
	Vegagerð v. Ólafsvíkurvegar	713	713	—
	Vegagerð v. Siglufjarðarvegar	2 893	2 893	—
	Vegagerð v. Ólafsfjarðarvegar	766	766	—
	Vegagerð v. Suðurlandsvegar	442	442	—
	Vegagerð v. Kísilvegar	2 458	2 458	—
	Vegagerð v. Vestfjarðaáætlunar	6 724	7 794	1 070
	Vegagerð v. Hafnarfjarðarvegar	1 333	1 333	—
	Vegagerð v. Suðurfjarðarvegar	159	159	—
	Vegagerð v. Landsvegar	1 500	—	÷1 500
	Yfirtekin lán pr. 1. jan. 1973 v. vegag.	34 745	33 153	÷1 592
	Lán v. byggingar strandferðaskipa	—	34 497	34 497
	Lán v. kaupa á jarðhitaréttindum við Mývatn	10 900	—	÷10 900
	Seðlabankinn v. yfirdráttarskuldar	—	250 000	250 000
	Lán v. sjó- og jarðefnarannsókna	1 578	1 514	÷64
10 656	Landmælingar	200	200	—
11 201	Iðnþróunarstofnun Íslands	788	788	—
		265 666	512 305	246 639

Þess skal getið í sambandi við lánahreyfingar inn, að hækkunin stafar fyrst og fremst af vanáætlun fyrri ára, en felur ekki í sér tilsvarandi aukningu á útlánum ríkissjóðs árið 1972. Fyrr hefur verið reynt að áætla lánahreyfingar inn í einni tölu, eins og yfirlitið að framan ber með sér, en nú og framvegis verður þessi liður sundurgreindur. Eins og getið er hér að framan, er meginorsök þeirrar 247 m.kr. hækkunar, sem verður á lánahreyfingum út, fólgin í skuldagreiðslu til Seðlabankans, en gerður hefur verið nýr samningur um breytingu á 1 000 m.kr. yfirdráttarskuld í fast lán til 4 ára. Af þessum sökum hækkar greiðsla til Seðlabankans um 158.6 m.kr. og verður 250 m.kr., en hliðstæð greiðsla vegna fyrri samnings, sem er lokagreiðsla, lækkar um 91.4 m.kr. Aðrir hækkunarliðir, sem ástæða er til að nefna sérstaklega, eru afborganir af lánum, sem tekin voru á þessu ári vegna Landhelgisgæzlu, samtals 24.4 m.kr., afborganir af lánum vegna smíði strandferðaskipa 34.5 m.kr., afborganir af skuldum vegna Reykjanesbrautar 18.8 m.kr., og nettóhækkun á öðrum liðum er 10.3 m.kr.

Athugasemdir við einstaka liði frumvarpsins.

Áður hefur komið fram, að nálægt einn þriðji hluti heildarhækkunar útgjalda á rekstrarreikningi á rætur að rekja til launakostnaðar, og verulegur hluti þeirrar hækkunar til kjarasamninga og verðlagsuppbóta. Síðarnefndu hækkanirnar koma að sjálfsögðu fram á flestum fjárlagaliðum, og þar sem gerð hefur verið nokkur grein fyrir launahækkunum í heild hér að framan, þykir ekki ástæða til að endurtaka þær, þegar rætt er um einstakar stofnanir. Í skýringum þeim, sem hér fara á eftir, verður sem fyrr greint frá öllum nýráðningum stofnana, en ekki rætt sérstaklega um stofnanirnar, þar sem hækkanir fjárveitinga orsakast að mestu eða

öllu leyti af áhrifum kjarasamninga eða verðlagsuppbóta, nema þess þyki sérstök þörf til skýringar. Á sama hátt verða kostnaðaraukningar á öðrum rekstrarliðum ekki ræddar sérstaklega, þegar þær eiga eingöngu rætur að rekja til verðlagshækkana, en ekki aukins umfangs í rekstri.

00 Æðsta stjórn ríkisins.

201 **Alþingi.** Fjárveiting hækkar samkvæmt frumvarpinu um 22 223 þús. kr. Mest munar þar um þingfararkaup alþingismanna, sem hækkar um 15 268 þús. kr., eða 29.4%, en það er meiri hlutfallsleg aukning en almennt hefur átt sér stað í ríkiskerfinu. Ástæðurnar eru af tvennum toga. Annars vegar ákvað þingfararkaupsnefnd árið 1971 að hækka og auka umfang greiðslna vegna ferðakostnaðar þingmanna, húsaleigu og aukaferða í kjördæmi, og hins vegar er reiknað með fjölgun varamanna á þingi, og er þá byggt á reynslu síðasta þings. Önnur laun, einkum laun á skrifstofu, hækka um 2 575 þús. kr., eða 9.5%, ýmis annar rekstrarkostnaður hækkar um 4 250 þús. kr., þar af vegna húss Jóns Sigurðssonar í Kaupmannahöfn 900 þús. kr., og loks hækkar kostnaður vegna sérfræðilegrar aðstoðar við þingflokkana um 130 þús. kr.

401 **Hæstiréttur.** Laun hæstaréttardómara hækka um 2 803 þús. kr. frá fjárlagatölu 1972, eða 60.6%. Hækkunin umfram almenna grunnkaupshækkun og verðlagsuppbætur skýrist af ákvörðun kjaradóms frá ágúst sl.

01 Forsætisráðuneytið.

101 **Aðalskrifstofa.** Á liðnum verður samtals 2 177 þús. kr. hækkun, sem skýrist þannig: Inn koma laun blaðafulltrúa ríkisstjórnarinnar 743 þús. kr. og laun ritara 403 þús. kr., en eðlilegar launahækkanir nema 787 þús. kr. Annar kostnaður eykst um 244 þús. kr.

102 **Framkvæmdastofnun ríkisins.** Framlag til stofnunarinnar, sem tekið hefur við starfsemi Efnahagsstofnunarinnar o. fl., er nú flokkað sem tilfærsla, en áður hafði hluti ríkissjóðs, sem var þriðjungur af rekstrarkostnaði Efnahagsstofnunarinnar, komið sundurliðaður á fjárlög. Framlagið nemur 9 000 þús. kr., en kostnaðarhluti ríkissjóðs í rekstri Efnahagsstofnunarinnar var áætlaður 5 274 þús. kr. í fjárlögum 1972, og er aukning frá því 3 726 þús. kr.

171 **Framlag til Byggðasjóðs** er annars vegar 100 000 þús. kr. ríkissjóðsframlag skv. lögum og hins vegar álgjald. Nemur hækkun heildarframlagsins 10 100 þús. kr., eingöngu vegna álgjaldsins, sem í heild er áætlað 53 300 þús. kr.

02 Menntamálaráðuneytið.

101 **Aðalskrifstofa.** Á þessum lið kemur fram 7 102 þús. kr. lækkun, en þar sem framlag til að jafna aðstöðu nemenda í strjálbýli til framhaldsnáms, 25 000 þús. kr. í fjárlögum 1972, og kostnaður við landspróf og samræmt gagnfræðapróf, sem var 2 126 þús. kr. í fjárlögum 1972, hafa verið færð af þessum lið, er í raun um 20 024 þús. kr. hækkun að ræða. Viðfangsefnið **„Yfirstjórn“** hækkar um 8 956 þús. kr., þar af föst laun 4 119 þús. kr., ráðning nýs bókara 323 þús. kr. og fulltrúa í fræðsludeild 569 þús. kr., laun fulltrúa, sem verið hefur í leyfi, 598 þús. kr., nefndakostnaður o. þ. h. eykst um 1 634 þús. kr., en liður þessi hefur verið vanáætlaður í fjárlögum undanfarin ár. Samtals hækkar launakostnaður á yfirstjórn þannig um 7 243 þús. kr. og annar rekstrarkostnaður þar um 1 713 þús. kr., eða tæplega 15%. **Námsstjórar.** Kostnaður eykst um 711 þús. kr. að mestu vegna eðlilegra launahækkana. **Endurskoðun námsefnis** hækkar um 4 638 þús. kr., en unnið er að þessu verkefni eftir fastri áætlun, og kostnaður við **kennaranámskeið** hækkar um 1 901 þús. kr. **Framlag til framkvæmdar sundskyldu í skólum** hækkar um 3 738 þús. kr., og er áætlunin byggð á raunverulegum kostnaði síðasta reikningsár, sem fyrir hendi er.

Framlag til **unglingafræðslu** hækkar um 100 þús. kr., en framlag til **fyrrverandi barnakennara** lækkar um 20 þús. kr.

201 **Háskóli Íslands.** Enn verður mjög veruleg hækkun á kostnaði við háskólann, og er þar um sömu orsakir að ræða og greindar voru í skýringum við fjárlagafrumvarp ársins 1972, þ. e. launahækkanir í samræmi við kjarasamninga og verðlagsuppbætur, fjölgun stúdenta og ný kennslusvið, sem hvort tveggja krefst aukins kennslumagns og kostnaðar við aðra aðstöðu. Áætlað er, að um næstu áramót verði um 2 300 stúdentar við nám í háskólanum, en voru 1 954 í janúar sl., og upp verður tekin kennsla á allmörgum nýjum sviðum, einkum í verkfræði- og raunvísindadeild, læknadeild, lagadeild og viðskiptadeild, eftir því sem kennsla skv. nýjum reglugerðum kemur til framkvæmda. Í heild hækkar framlag úr ríkissjóði um 64 668 þús. kr., eða 33.7%, og skiptist sú hækkun þannig eftir viðfangsefnum:

Yfirstjórn hækkar um 3 161 þús. kr., þar af laun 2 132 þús. kr., sem skiptist þannig, að gert er ráð fyrir ráðningu fulltrúa, 569 þús. kr., og hækkun fastra launa o. fl. nemur 1 562 þús. kr. Rekstrargjöld hækka um 1 030 þús. kr., einkum fjölritunar- og skrifstofukostnaður, kostnaður við háskólahátíð og háskólaráð. **Guðfræðideild.** Hækkun nemur 1 667 þús. kr., þar af laun nýs lektors í kirkjusögu 625 þús. kr., en að öðru leyti er um eðlilegar launahækkanir að ræða. **Læknadeild.** Kostnaður eykst í heild um 12 574 þús. kr. Gert er ráð fyrir eftirfarandi nýráðningum: Prófessor í heimilislækningum, 3 dósentar með eldra sniði, þ. e. í hluta starfs í lífefnafræði, en á móti fellur niður staða lektors í fullu starfi, dósent í stað lektors í líffærameinafræði, lektor í líffræðilisfræði, lektor í lyfjafræði, lektor í lífefnafræði (hálft starf), lektor í barnasjúkdómafræði, lektor í kvensjúkdóma- og fæðingafræðum og aðjunkt í lyfjafræði. Samtals er kostnaður við þessar stöður 3 106 þús. kr. Stundakennslukostnaður hækkar um 2 033 þús. kr., rannsóknir og verkleg kennsla um 1 517 þús. kr. og önnur laun, að mestu föst laun, um 4 861 þús. kr. Rekstrargjöld hækka um 1 057 þús. kr., einkum vegna rannsókna og verklegrar kennslu. **Tannlæknadeild.** Heildarhækkun er 3 240 þús. kr., þar af laun nýs lektors í barnatannlækningum 625 þús. kr., en að öðru leyti hækka föst laun um 2 290 þús. kr. og rekstrargjöld um 325 þús. kr. **Lyfjafræði lyfsala.** Kostnaður hækkar um 763 þús. kr., einkum vegna fastra launa og af sömu ástæðu hækkar kostnaður við **lagadeild** um 2 259 þús. kr., en þó er þar gert ráð fyrir ráðningu aðjunkts í refsirétti frá 1. ágúst 1973. **Viðskiptadeild.** Kostnaður er áætlaður 3 296 þús. kr. hærri en í fjárlögum 1972, þar af vegna ráðningar dósents í stærðfræði, lektors í þjóðhagfræði og lektors í endurskoðun, samtals 1 624 þús. kr., en að öðru leyti er um að ræða eðlilega hækkun fastra launa. **Heimspekideild.** Hækkun nemur 7 433 þús. kr., þar af nýráðningar 2 039 þús. kr., en hér er um að ræða staðgengil í prófessorsstöðu háskólarektors í sagnfræði, sem féll niður af vangá í fjárlögum 1972, lektor í almennri bókmenntasögu og lektor í sálarfræði. Hækkun fastra launa, stundakennslu o. þ. h. nemur 5 624 þús. kr., en önnur rekstrargjöld lækka um 230 þús. kr., þar sem kostnaður við sumarnámskeið fyrir stúdenta frá Norðurlöndum fellur niður á árinu. **Verkfræðideild.** Heildarhækkun nemur 16 005 þús. kr. Vegna mikillar aukningar kennslu í verkfræðiskor, en við bætist heill árgangur til B.S. prófs, hefur verið farið fram á mikla fjölgun kennaraliðs. Þar sem hins vegar nokkur vafi ríkir um möguleikana á því að fá allar umbeðnar stöður fylltar, hefur sá háttur verið á hafður að veita ákveðna fjárhæð, 4 800 þús. kr., til nýrra embætta þar, miðað við fjárlög 1972, sem yrðu þá heimiluð hvert um sig eftir því sem til kæmi. Í stærðfræðiskor er gert ráð fyrir ráðningu tveggja dósenta frá miðju ári, en niður fellur ein dósentsstaða með eldra sniði, og er nettókostnaður 500 þús. kr. Loks er í náttúrufræðiskor áætluð ráðning dósents í grasafræði, dósents í örverufræði í stað aðjunkts, dósents í jarðfræði í stað aðjunkts og lektors í landafræði, og er

nettókostnaður 2 273 þús. kr. Samtals nemur því kostnaður við nýjar stöður 7 573 þús. kr., föst laun hækka um samtals 5 602 þús. kr. í deildinni og stundakennsla o. fl. um 1 462 þús. kr., þannig að laun hækka í heild um 14 637 þús. kr. Önnur rekstrargjöld hækka um 1 368 þús. kr., einkum vegna verklegrar kennslu og rannsóknarverkefna. Kostnaður við **bókasafn** hækkar um 1 913 þús. kr., þar af föst laun 781 þús. kr., ráðning bókavarðar 598 þús. kr., önnur laun 334 þús. kr. og bókakaup 200 þús. kr. **Íþróttakennsla** hækkar um 231 þús. kr. og **rekstur fasteigna** um 5 215 þús. kr., þar af ráðning húsvarðar 308 þús. kr., ræsting 1 516 þús. kr. og annar kostnaður vegna aukins húsnæðis 3 391 þús. kr. **Sameiginleg útgjöld** hækka í heild um 4 579 þús. kr., þar af prófkostnaður vegna hækkunar á prófdómaralaunum o. fl. 2 066 þús. kr., rannsóknaleyfi háskólakennara 701 þús. kr., nefndakostnaður, áður vanáætlaður, 327 þús. kr., og ýmis önnur sameiginleg útgjöld samtals 1 485 þús. kr. **Þjóðfélagsfræðikennsla.** Kostnaður eykst um 2 309 þús. kr., þar af föst laun og launatengd gjöld 1 730 þús. kr., en tvær prófessorsstöður, sem heimilaðar voru frá miðju ári 1972, koma nú að fullu á fjárlög, stundakennsla hækkar um 329 þús. kr. og kostnaður við erlenda gistiprófessora um 250 þús. kr. Framlag til **byggingarframkvæmda og tækjakaupa** er áætlað 40 500 þús. kr., sem er 1 033 þús. kr. hækkun frá fjárlögum 1972. Gert er ráð fyrir, að framlag frá Happdrætti H. Í. til þessara verkefna muni nema 62 000 þús. kr. á næsta ári, og vegna minni framkvæmdahraða í ár við verkfræði- og raunvísindahús en ráðgert hafði verið, munu verða um 15 000 þús. kr. til ráðstöfunar af fjáröflun 1972. Samtals verða því til ráðstöfunar 117 500 þús. kr., sem ráðgert er að nýta þannig: Til 2. áfanga verkfræði- og raunvísindahúss 59 000 þús. kr., til undirbúnings og byrjunarframkvæmda við tannlæknadeildarhús 18 000 þús. kr., til frekari undirbúnings læknavísindabygginga 5 000 þús. kr., til tækjakaupa 23 000 þús. kr., til viðhalds fasteigna og innanstokksmuna 9 000 þús. kr., til húsgagnakaupa og búnaðar 2 000 þús. kr. og til að ljúka við símakerfi háskólans 1 500 þús. kr.

202 **Tilraunastöð háskólans á Keldum.** Framlag hækkar um 2 381 þús. kr., en þar sem eigin tekjur stofnunarinnar hækka um 1 499 þús. kr., eykst kostnaður um 3 880 þús. kr. Launaliður hækkar um 1 986 þús. kr., þar af laun rannsóknarmanns í hálfu starfi 212 þús. kr. og föst laun um 1 774 þús. kr. Rekstrarkostnaður, þ. m. t. viðhald, hækkar um 943 þús. kr., einkum vegna verðlagshækkana, og gjaldfærður stofnkostnaður hækkar um 951 þús. kr. vegna nauðsynlegra tækjakaupa og til að ljúka byggingu útihúsa.

203 **Raunvísindastofnun háskólans.** Hér kemur fram 6 243 þús. kr. nettóhækkun, þar af 1 498 þús. kr. vegna þess að Reiknistofnun háskólans hefur nú runnið saman við raunvísindastofnunina, en áður var sérstakt framlag til hennar á fjárlögum. Gert er ráð fyrir, að framlag til tækjakaupa hækki um 1 662 þús. kr., en að öðru leyti er um eðlilegar launa- og verðlagshækkanir að ræða, því að starfsmannafjöldi er óbreyttur.

205 **Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi.** Fjárveiting lækkar um 1 930 þús. kr. vegna gjaldfærðs stofnkostnaðar, sem lækkar um 4 000 þús. kr., svo að aðrir liðir hækka í raun um 2 070 þús. kr. Á þinginu í fyrra var gjaldfærður stofnkostnaður hækkaður um 5 000 þús. kr. vegna kaupa á bókasafni.

232 **Rannsóknaráð ríkisins.** Á þessum lið verður 579 þús. kr. lækkun, sem kemur þannig fram, að launaliður hækkar um 942 þús. kr., aðallega vegna launa verkfræðings, sem áður voru greidd af viðfangsefninu „til frumathugana á nýtingu náttúruauðæfa landsins“ undir öðrum rekstrargjöldum. Af þessum sökum m. a. lækkar liðurinn önnur rekstrargjöld um 633 þús. kr. Viðhaldsliður hækkar um 50 þús. kr., en vextir, sem voru 938 þús. kr. í fjárlögum 1972, eru færðir á liðinn „Ýmis lán ríkissjóðs“ undir fjármálaráðuneytinu.

303 **Menntaskólinn á Laugarvatni.** Í heild hækkar liðurinn um 4 702 þús. kr., þar af rekstrarfjárveiting um 2 952 þús. kr. vegna eðlilegra launa- og verðlags-

hækkana. Stofnkostnaðarfjárveiting hækkar um 1 750 þús. kr. og verður í heild 20 000 þús. kr., en það á að nægja til að ljúka byggingu kennsluhúsnæðis, sem hófst haustið 1971.

304 **Menntaskólinn við Hamrahlíð.** Fram kemur 7 234 þús. kr. lækkun á þessum lið. Gjaldfærður stofnkostnaður lækkar um 18 100 þús. kr., þar sem lokið verður að mestu byggingarframkvæmdum öðrum en við fyrirhugað íþróttahús. Rekstrarkostnaður hækkar því í heild um 10 866 þús. kr.

305 **Menntaskólinn við Tjörnina.** Allveruleg aukning verður á þessum lið, eða samtals 15 108 þús. kr., fyrst og fremst vegna þess, að heill árgangur nemenda bætist við haustið 1972, og verður skólinn þá kominn í fulla stærð. Af hækkun fjárveitingar stafa þó 2 000 þús. kr. af framlagi, sem tekið er inn til undirbúnings nýrrar menntaskólabyggingar.

306 **Menntaskólinn á Ísafirði.** Framlag hækkar um 3 549 þús. kr., en við bætist nýr árgangur nemenda. Fjárfestingarframlag er óbreytt frá fyrra ári, 21 000 þús. kr., sem ætlað er til byggingar mötuneytis.

308 **Menntaskólar almennt.** Á fjárlögum 1972 eru viðhald, prófkostnaður, læknisskoðun og tækjakaup færð á þennan lið. Framlag til viðhalds hækkar um 250 þús. kr., til prófkostnaðar um 679 þús. kr., til læknisskoðunar um 229 þús. kr. og til tækjakaupa um 900 þús. kr. Þá er tekin inn fjárveiting vegna viðbótarkennslu á menntaskólastigi í Reykjavík og Kópavogi, 4 020 þús. kr., þannig að í heild hækkar þessi liður um 6 078 þús. kr.

321 **Kennaraháskóli Íslands.** Fjárveiting hækkar um 15 418 þús. kr., þar af 7 800 þús. kr. vegna byggingar íþróttahúss, sem þar með verður lokið. Rekstrarkostnaður hækkar um 7 618 þús. kr., og er þá gert ráð fyrir ráðningu bókavarðar, 598 þús. kr., en að öðru leyti stafar hækkunin af eðlilegum launa- og verðlagshækkunum.

322 **Æfinga- og tilraunaskóli kennaraháskóla.** Framlag hækkar um 14 398 þús. kr., þar af rekstrarkostnaður 6 527 þús. kr., en tvær bekkjardeildir bætast við, og stofnkostnaður 7 871 þús. kr., og verður þar með gengið frá skólahúsi og lóð.

331 **Íþróttakennaraskóli Íslands.** Kostnaður hækkar um 775 þús. kr., þar af laun nýs kennara 548 þús. kr. og annar kostnaður við rekstur 817 þús. kr., en stofnkostnaðarframlag lækkar um 500 þús. kr. og tekjur hækka um 90 þús. kr.

421 **Fræðslumyndasafn.** Fjárveiting hækkar um 2 023 þús. kr., í fyrsta lagi vegna þess að tekjuliður, 1 080 þús. kr. í fjárlögum 1972, fellur niður, en samsvarandi útgjöld höfðu áður verið áætluð á fræðslumálaskrifstofunni vegna keyptrar þjónustu af fræðslumyndasafni, og í öðru lagi vegna 550 þús. kr. fjárveitingar til kaupa á kvikmyndaskoðunarvél. Afgangur hækkunarinnar, 393 þús. kr., stafar af eðlilegum launa- og verðlagshækkunum.

501 **Tækniskólinn.** Fjárveiting hækkar í heild um 9 337 þús. kr. Í Reykjavík er hækkunin 7 113 þús. kr., en þar verður tekin upp ný kennslugrein, raftækninám. Á Akureyri er hækkunin 1 167 þús. kr. vegna mikillar fjölgunar nemenda, og komið verður á fót undirbúningsdeild á Ísafirði og kostnaður áætlaður 1 057 þús. kr.

506 **Vélskólinn.** Laun hækka um 7 606 þús. kr., eða 44.1%, en áætluð er nemendafjölgun á næsta skólaári um 35%. Fjárveiting til tækjakaupa eykst um 600 þús. kr., en önnur rekstrargjöld lækka um 2 264 þús. kr., vegna þess að húsaleiga fellur niður, og rekstrarkostnaður skólahússins er greiddur með sérstakri fjárveitingu á lið 571 hér á eftir. Nettóhækkun á liðnum nemur því 5 942 þús. kr.

507 **Stýrimannaskólinn.** Launaliður hækkar um 4 110 þús. kr., eða 44.9%. Bekkjardeildum fjölgar um tvær. Gjaldfærður stofnkostnaður eykst um 300 þús. kr. vegna tækjakaupa, en önnur rekstrargjöld lækka um 1 669 þús. kr., þar sem húsaleiga fellur niður, sbr. aths. við næsta lið á undan. Nettóhækkun er þannig 2 741 þús. kr.

518 **Fiskvinnsluskólinn.** Nokkuð mikil hlutfallsleg hækkun verður á framlagi, eða 60.8%, vegna þess að heill árgangur bætist við, og er gert ráð fyrir, að 37 nemendur stundi nám í skólanum næsta skólaár á móti 26 á síðasta starfsári.

521 **Hjúkrunarskóli Íslands.** Hækkun á framlagi nemur 4 468 þús. kr., þar af ráðning nýs ritara 341 þús. kr., önnur laun 3 657 þús. kr. vegna kjarasamninga og verðlagsuppbóta, önnur rekstrargjöld 370 þús. kr., og tekjur eru áætlaðar 100 þús. kr. lægri en í fjárlögum 1972.

571 **Sjómannaskólahúsið.** Liður þessi var áður í B-hluta, en að ósk ríkisbókhalds verður hann framvegis í A-hluta og þar m. a. færð öll gjöld varðandi rekstur hússins. Leigugjöld stofnana, sem hafa starfsemi sína í húsinu, falla því niður, sbr. skýringar á liðum 506 og 507 hér að framan. Að auki er hér færð fjárveiting til nýbyggingar, 17 000 þús. kr., og er þá gert ráð fyrir, að ráðstöfunarfé nægi til að ljúka við 1. áfanga, þ. e. vélasal, gera næsta áfanga, sem er kennslustofubygging, fokheldan og innrétta þar 4 kennslustofur og verja auk þess um 900 þús. kr. til frágangs lóðar o. fl.

581 **Verzlunarskólar.** Framlag til verzlunarskóla hækkar um 10 400 þús. kr., og skiptist hækkunin þannig: Verzlunarskóli Íslands 9 400 þús. kr., Samvinnuskólinn 900 þús. kr. og Bréfaskóli SÍS og ASÍ 100 þús. kr.

608 **Héraðsskólar almennt.** Á þennan lið eru færð viðhalds- og framkvæmdafjárveitingar vegna héraðsskólanna allra. Í heild hækkar liðurinn um 2 425 þús. kr., sem kemur þannig fram, að viðhald lækkar um 941 þús. kr. og verður 7 384 þús. kr. skv. áætlun menntamálaráðuneytisins, en gjaldfærður stofnkostnaður hækkar um 3 366 þús. kr. og verður í heild 48 816 þús. kr. Er þá gert ráð fyrir einhverjum framkvæmdum við alla skólana, en höfuðáherzla lögð á byggingar í Reykjanesi og Reykholti.

701—716 **Barna- og gagnfræðastigsskólar.** Launagreiðslur í barna- og gagnfræðastigsskólum eru áætlaðar 227 067 þús. kr. hærri en í fjárlögum 1972, eða 27.3%. Að mestu er orsökin fólgin í launahækkunum skv. kjarasamningum og verðlagsuppbótum, en einnig kemur til fjölgun nemenda og þar af leiðandi magnaukning kennslu, einkum að því er varðar kennslu 6 ára barna, og auk þess eykst kennsla við framhaldsnám á gagnfræðastigi verulega. Önnur rekstrargjöld hækka um 5 169 þús. kr. skv. áætlun menntamálaráðuneytisins, þannig að heildarhækkun á liðnum verður 232 236 þús. kr.

761 **Barna- og gagnfræðastigsskólar almennt.** Á þessum lið verður 68 459 þús. kr. hækkun, sem skiptist þannig: Aksturskostnaður vegna skólasóknar o. þ. h. 11 400 þús. kr., viðhaldskostnaður 16 544 þús. kr., varzla í heimavist 6 227 þús. kr., ráðskonu- og aðstoðarstúlknalaun við heimavistir 4 783 þús. kr., forfallakennsla 5 378 þús. kr., laun kennara, sem orlof fá, 2 114 þús. kr. og greiðsla vegna fráviks frá hámarki reiknaðra stunda, sbr. 19. gr. l. nr. 49/1967, 5 070 þús. kr. Auk þess er tekinn inn nýr liður, yfirvinnuþóknun skólastjóra skv. samningi 4 176 þús. kr., og af öðrum liðum í fjárlögum 1972 eru tvö viðfangsefni færð á þennan lið: Stjórnskipaðir prófdómarar 4 113 þús. kr. (áður á aðalskrifstofu menntamálaráðuneytisins 2 126 þús. kr.) og laun kennara við stofnanir afbrigðilegra barna 8 654 þús. kr. (áður á lið 102 999 ýmislegt, 1 130 þús. kr.).

762 **Framlög til byggingar gagnfræðaskóla, barnaskóla og íbúða fyrir skólastjóra.** Þessi framlög hækka um 78 751 þús. kr. Framlög skv. eldri lögum lækka um 16 267 þús. kr., þannig að framlög samkvæmt nýju skólakostnaðarlögunum hækka um 95 018 þús. kr., eða 29.5%. Er þá miðað við, að framlög greiðist á fjórum árum, eins og verið hefur undanfarin ár, þrátt fyrir ákvæði í lögum nr. 49/1967.

769 **Heyrnleysingjaskólinn.** Framlag hækkar um 12 572 þús. kr., einkum vegna stofnkostnaðar, sem eykst um 10 440 þús. kr., og eru þá nýbyggingar skólans fullbúnar. Rekstrarkostnaður hækkar um 2 132 þús. kr. Launahækkun nemur

2 864 þús. kr., en annar rekstrarkostnaður lækkar um 732 þús. kr., einkum vegna þess að sérstök fjárveiting til heyrnartækjabúnaðar, 1 140 þús. kr. í fjárlögum 1972, fellur niður.

872 **Lánasjóður íslenzkra námsmanna.** Framlag ríkissjóðs er áætlað 273 000 þús. kr., en það er 83 000 þús. kr. hækkun frá fjárlögum 1972. Gert er ráð fyrir, að lántökur sjóðsins nemi 84 300 þús. kr., sem er 32 400 þús. kr. hærra en í fjárlögum 1972. Með þessu yrði ráðstöfunarfé sjóðsins til útlána og styrkja samtals 343 100 þús. kr., þar sem 14 200 þús. kr. af ofangreindri fjáröflun er varið til að standa undir fjárskuldbindingum sjóðsins og rekstri. Lán og styrkir hækka þannig frá fjárlögum 1972 um 120 600 þús. kr. Er þá tekið tillit til áætlunar sjóðsstjórnar um aukna útgjaldaþörf vegna fjölgunar lántakenda og styrkþega, útfærslu lánakerfis, en við bætast nemendur Stýrimannaskólans, Vélskólans o. fl., og auk þess er tekið tillit til þeirra gengishækkana erlendra gjaldmiðla, sem orðið hafa að undanförnu.

881 **Náms- og fræðimenn, framlög.** Liðurinn hækkar um 911 þús. kr., þar af félagsstofnun stúdenta 770 þús. kr., einkum vegna viðhalds á stúdentagörðunum, Menntastofnun Bandaríkjanna á Íslandi 100 þús. kr. og styrkir til grænlenzkunáms og námsdvalar Grænlendings samtals 41 þús. kr.

884 **Til jöfnunar á námskostnaði.** Með lögum nr. 69/1972 eru ákvæði þess efnis, að ríkissjóður skuli veita námsstyrki til jöfnunar á fjárhagslegum aðstöðumun nemenda í framhaldsskólum að því leyti, sem búseta veldur þeim misþungum fjárhagsbyrðum. Gert er ráð fyrir, að ríkissjóðsframlag verði 50 000 þús. kr., sem er tvöföldun á framlagi 1972.

902 **Þjóðminjasafnið.** Fjárveiting hækkar um 4 806 þús. kr., og er þá Örnefnastofnun meðtalin. Eðlilegar launahækkanir nema 1 961 þús. kr., og önnur rekstrargjöld hækka um 389 þús. kr. vegna verðlagshækkana. Viðhald eykst um 1 580 þús. kr. og verður samtals 5 000 þús. kr., þar af eru 4 000 þús. kr. ætlaðar til áframhaldandi endurbóta á safnhúsinu og 1 000 þús. kr. til viðhalds gamalla bygginga og safnmuna. Gjaldfærður stofnkostnaður eykst um 310 þús. kr. og yfirfærslur, þ. e. hluti af launum safnvarða við byggðasöfn, byggingastyrkir byggðasafna og viðhald gamalla húsa, hækka um 485 þús. kr. Loks lækkar tekjuliður um 81 þús. kr.

931 **Náttúruverndarráð.** Undir þennan lið er nú tekin fjárveiting til þjóðgarða, liður 102 921 í fjárlögum 1972. Fjárveiting til ráðsins sjálfs hækkar um 7 893 þús. kr., og fjárveiting til þjóðgarða, annarra en Þingvalla, hækkar um 9 286 þús. kr.

973 **Þjóðleikhús, framlag** hækkar um 13 732 þús. kr. Gert er ráð fyrir, að rekstrargjöld leikhússins hækki um 21 112 þús. kr., þar af laun 16 053 þús. kr., eða 35.9%, en launaliður mun nokkuð vanáætlaður af hendi leikhússins í fjárlögum 1972. Hins vegar eru tekjur áætlaðar 7 380 þús. kr. hærri en í fjárlögum 1972, en þar mun einnig um vanáætlun að ræða.

977 **Byggingarsjóður þjóðarbókhlöðu.** Framlag lækkar um 5 000 þús. kr. og verður 10 000 þús. kr. Miðað við undirbúningsstig verksins verður þessi fjárveiting ásamt fjárveitingum fyrri ára nægileg, til þess að verkið geti haldið áfram án tafa af fjárhagslegum orsökum.

982 **Listir, framlög.** Hækkun þessara framlaga nemur í heild 5 848 þús. kr. og kemur þannig fram: Framlag til tónlistarskóla hækkar um 7 049 þús. kr., en þessi liður hefur verið nokkuð vanáætlaður á undanförnum árum, til tónlistarskólans í Reykjavík um 382 þús. kr. vegna launa í kennaradeild, til barnamúsikskólans um 306 þús. kr., en niður falla framlög til tónlistarskóla Kópavogs vegna stofnkostnaðar 250 þús. kr., til listmálarahúss, byggingarfé 139 þús. kr. og til Listahátíðar í Reykjavík 1 500 þús. kr.

986 **Íþróttamál.** Þessi liður hækkar um 2 028 þús. kr., þar af framlag til íþróttasjóðs 2 000 þús. kr., til Í.S.Í. 259 þús. kr. (hluti gjalds af seldum vindlingum), ferða-

kennsla í íþróttum 19 þús. kr., en framlag vegna þátttöku í Olympíuleikum, 250 þús. kr., fellur niður.

999 **Ýmislegt.** Framlög á þessum lið lækka um 255 þús. kr., sem er niðurstaðan af því, að út falla liðirnir til greiðslu á þrennum kennaralaunum við stofnanir vangefinna 1 130 þús. kr., (flyzt á lið 761), til styrktarsjóðs nemenda Stýrimannaskólans í Reykjavík 300 þús. kr., Fóstrufélag Íslands vegna norræns fóstrumóts 150 þús. kr., til Öldutúnsskólakórs vegna söngmóts í Túnis 100 þús. kr. og til Rithöfundasambands Íslands vegna móts barna- og unglingabókahöfunda 75 þús. kr., en á hinn bóginn hækkar framlag til Leikfélags Reykjavíkur um 1 500 þús. kr.

03 Utanríkisráðuneytið.

101 **Aðalskrifstofa.** Á liðnum verður samtals 7 285 þús. kr. hækkun. Yfirstjórn hækkar um 4 885 þús. kr., þar af eðlilegar launahækkanir 2 235 þús. kr. og annar rekstrarkostnaður 2 650 þús. kr., einkum vegna búferlaflutninga starfsfólks erlendis og ferðakostnaðar í millilandaferðum. Kostnaður vegna samninga við erlend ríki hækkar um 100 þús. kr., vegna þátttöku í alþjóðaráðstefnum um 2 000 þús. kr. í samræmi við reynslu undanfarinna ára, og vegna upplýsinga- og kynningarstarfsemi 300 þús. kr.

301—312 **Sendiráðin.** Kostnaður við sendiráðin er í heild áætlaður 14 504 þús. kr. hærri en í fjárlögum 1972. Launakostnaður hækkar um 10 318 þús. kr., og er þá tekið tillit til þeirrar 7% grunnkaupshækkunar, sem verður í marz n. k. að því er varðar íslenzkt starfsfólk, auk þess sem laun íslenzks starfsfólks í hverju sendiráði eru hækkuð um þá verðlagshækkun, sem orðið hefur í viðkomandi landi á næstliðnum 12 mánuðum, og er þá byggt á upplýsingum Hagstofu Íslands. Þá er um að ræða launahækkun hjá erlendu starfsfólki, einkum vegna gengishækkana, en einnig að því er varðar grunnlaun í nokkrum tilvikum, og gengishækkanir valda að sjálfsögðu einnig hækkun á launum íslenzks starfsfólks í löndum, þar sem það á við. Loks hækka sendifulltrúauppbætur nokkuð, svo og launatengd gjöld sem afleiðing af hækkun launaliðar almennt. Kostnaðarauki vegna hvers framangreindra þátta er sem hér segir í þús. kr.:

Grunnlaun	2 079
Verðlag	2 858
Laun erlends starfsfólks (gengis- og grunnlaunahækkanir)	1 642
Gengishækkanir (á laun íslenzks starfsfólks)	2 913
Sendifulltrúauppbætur	171
Launatengd gjöld	655
Samtals	10 318

Liðurinn önnur rekstrargjöld hækkar um 3 948 þús. kr., eða 17.5%, sem orsakast að mestu af gengis- og verðlagshækkunum. Þó er gert ráð fyrir, að skrifstofur sendiráðsins í New York flytjist í nýtt húsnæði, en kostnaðarauki af þeim sökum er 260 þús. kr. Liðirnir viðhald og gjaldfærður stofnkostnaður hækka lítillega frá fjárlögum 1972, eða um 238 þús. kr.

401 **Alþjóðastofnanir.** Framlög til alþjóðastofnana hækka um 6 435 þús. kr., og eru helztu breytingar frá fjárlögum 1972 þessar: Framlag til IDA hækkar um 2 700 þús. kr., til NATO um 1 909 þús. kr., tillag til S. þ. um 1 840 þús. kr., Evrópuráðið 501 þús. kr. og þróunaraðstoð S. þ. 500 þús. kr. Inn eru tekin ný framlög til sérsjóða S. þ. 440 þús. kr., matvælaáætlunar S. þ. 352 þús. kr. og alþjóða jarðfræðisambandsins 15 þús. kr. Niður falla liðirnir aðstoð við þróunarlöndin 3 000 þús. kr. og Flóttamálastofnun S. þ. 800 þús. kr., en liðurinn til eftirlits

með alþjóðasamningi um afnám kynþáttamisréttis, 88 þús. kr. í fjárlögum 1972, er nú undir liðnum sérsjóðir S. þ. Nettóhækkun á ýmsum öðrum framlögum til alþjóðastofnana er 2 066 þús. kr.

04 Landbúnaðarráðuneytið.

101 **Aðalskrifstofa.** Kostnaður hækkar um 1 813 þús. kr., þar af laun aðstoðarmanns ráðherra 682 þús. kr., bifreiðastjóra 308 þús. kr., launahækkanir fasts starfsfólks 733 þús. kr., og nefndalaun 107 þús. kr., en niður fellur staða fulltrúa 407 þús. kr. Önnur rekstrargjöld hækka um 390 þús. kr.

231 **Skógrækt ríkisins.** Framlag hækkar um 4 896 þús. kr. Hækkun rekstrarkostnaðar vegna launa- og verðlagshækkana nemur 5 596 þús. kr. og gjaldfærður stofnkostnaður hækkar um 1 500 þús. kr. Tekjur hækka um 2 200 þús. kr., þar af sala viðar og jólatrjáa 1 400 þús. kr., sala trjáplantna 500 þús. kr. og framlag frá landgræðslusjóði 300 þús. kr.

235 **Landgræðsla.** Fjárveiting til landgræðslu hækkar um 6 751 þús. kr., einkum vegna þess að framlag til gjaldfærðs stofnkostnaðar (áburðarkaupa og dreifingar) er hækkað um 5 089 þús. kr., en að öðru leyti er um að ræða eðlilega kostnaðaraukningu vegna launa- og verðlagshækkana.

241 **Landnám ríkisins.** Á þessum lið kemur fram 19 778 þús. kr. lækkun, sem orsakast af eftirfarandi: Framlag til greiðsluhalla af rekstri Stórólfsvallabúsins, 1 021 þús. kr., fellur niður og framlög til ræktunar, 22 800 þús. kr., eru færð á lið 286 07. Hins vegar hækkar framlag til grænfóðurverksmiðja um 2 500 þús. kr. og til almenns rekstrar um 1 543 þús. kr., og er sú hækkun mun minni en ella hefði orðið, þar sem vinnuvéla- og verkstæðisrekstur landnámsins hefur verið lagður niður.

246 **Veiðimálaskrifstofan.** Hækkun á þessum lið nemur 1 851 þús. kr., þar af laun nýs aðstoðarmanns 317 þús. kr., laun fiskifræðings, sem heimilaður var að hluta 1972, koma nú inn að fullu, 187 þús. kr., en aðrar hækkanir, samtals 1 347 þús. kr., stafa af eðlilegum launa- og verðlagshækkunum.

247 **Embætti yfirdýralæknis.** Sú 2 668 þús. kr. hækkun, sem fram kemur á þessum lið, skýrist þannig, að við bætast tveir dýralæknar, 1 013 þús. kr., aðrar hækkanir nema 1 855 þús. kr., einkum laun dýralækna, en niður falla námsstyrkir til dýralæknanáms 200 þús. kr., þar sem mál þessi eru í umsjá Lánasjóðs íslenzkra námsmanna.

286 **Landbúnaður, framlög.** Á liðnum verður 161 896 þús. kr. hækkun, sem skýrist þannig: Uppbætur á útfluttar landbúnaðarafurðir hækka um 110 000 þús. kr., jarðræktarframlög hækka um 41 750 þús. kr., þar af laun héraðsráðunauta 2 250 þús. kr. og jarðræktarstyrkir 39 500 þús. kr., en þar af eru 22 800 þús. kr. tilflutningur frá landnámi ríkisins, eins og fyrr greinir. Framlag til framleiðnisjóðs landbúnaðarins hækkar um 8 000 þús. kr., framlög til framræslu um 6 000 þús. kr., til búfjárræktar skv. l. nr. 21/1965 um 2 446 þús. kr., til veðdeildar Búnaðarbanka Íslands um 2 000 þús. kr., vegna jarðræktar- og húsagerðarsamþykkta um 1 100 þús. kr., og framlag til nautgriparæktarsambanda hækkar um 100 þús. kr. Á móti lækkar framlag til aðstoðar bændum um 7 000 þús. kr., og niður fellur liðurinn til súgþurrkunar, 2 500 þús. kr.

299 **Ýmis starfsemi á sviði landbúnaðarmála.** Á þessum lið verður 35 þús. kr. lækkun, sem kemur þannig fram: Framlag til einangrunarstöðvar holdanauta hækkar um 1 000 þús. kr. og til hrossaræktarbúsins að Kirkjubæ um 15 þús. kr., en niður falla framlög til endurbóta íbúðarhúss á Skriðuklaustri, 1 000 þús. kr., og til norræns dýralæknamóts, 50 þús. kr.

05 Sjávarútvegsráðuneytið.

202 **Hafrannsóknastofnunin.** Fjárveiting hækkar um 24 862 þús. kr., og munar þar mest um launagreislur á rannsóknaskipunum, en þær hækka um 18 584 þús.

kr., eða 92.3%, og er þetta afleiðing samninga um kjör skipverja frá febrúar og maí sl. Gert er ráð fyrir útgerð þriggja skipa á árinu. Aðrar hækkanir eru að mestu í samræmi við eðlilegar launa- og verðlagshækkanir, samtals 6 278 þús. kr.

271 **Byggingarsjóður hafrannsóknaskips.** Framlag hækkar um 1 982 þús. kr., sem er hreint ríkisframlag, þar sem hluti útflutningsgjalds, sem rennur til sjóðsins, breytist ekki. Hluti útflutningsgjalds er í heild 7 670 þús. kr. og framlag ríkissjóðs 20 472 þús. kr., eða samtals 28 142 þús. kr., sem svarar til endurgreiðsluþarfar sjóðsins árið 1973. Í árslok 1972 verða eftirstöðvar lána um 175 000 þús. kr.

274 **Aflatryggingasjóður.** Ríkissjóðsframlagið, sem er fjórðungur hluta sjóðsins af útflutningsgjaldi, hækkar um 6 906 þús. kr. og verður 36 375 þús. kr., og stofnframlag til almennrar deildar togaraflotans nemur 2 500 þús. kr. Til viðbótar þessu nemur hluti útflutningsgjalds 145 500 þús. kr., og sá hluti útflutningsgjalds, sem rennur til áhafnadeildar, nemur 174 600 þús. kr.

299 **Ýmislegt á sviði sjávarútvegs.** Á þessum lið kemur fram 25 456 þús. kr. hækkun, sem skýrist þannig: Inn er tekið sérstakt framlag vegna hallareksturs togara árið 1972, 25 000 þús. kr., framlag vegna eftirlits með hvalvinnslustöðvum hækkar um 472 þús. kr. í samræmi við alþjóðlegt samkomulag, tækniaðstoð vegna umbóta á hollustuháttum í fiskiðnaði eykst um 150 þús. kr., kostnaður við veiðieftirlit (áður eftirlit með rækjuveiði) hækkar um 115 þús. kr. og við sjóvinnunámskeið um 19 þús. kr., en niður fellur framlag til fiskræktar í sjó 300 þús. kr.

901 **Skrifstofa rannsóknastofnana atvinnuveganna.** Kostnaður eykst um 8 014 þús. kr. Launaliður hækkar um 4 518 þús. kr., vegna ráðningar svæðisvarðar á Keldnaholti 534 þús. kr., tilfærsla á launum starfsfólks við mötuneyti þar nemur 979 þús. kr., og 3 005 þús. kr. stafa af hækkun fastra launa, einkum ræstingarlauna. Annar rekstrarkostnaður hækkar um 3 496 þús. kr., aðallega fasteignagjöld, ljós og hiti og viðgerðir á göllum, sem fram hafa komið á byggingu Rannsóknastofnunar landbúnaðarins.

06 Dóms- og kirkjumálaráðuneytið.

101 **Aðalskrifstofa.** Á liðnum kemur fram 647 þús. kr. lækkun, einkum vegna þess að kostnaður (og tekjur) við eftirlit með vínveitingahúsum, matsnefnd vínveitingahúsa og öleftirlit, 653 þús. kr. í fjárlögum 1972, er fluttur á sérstaka liði, og auk þess falla niður laun bifreiðastjóra, 356 þús. kr. og skjalavarðar 304 þús. kr. Á öðrum liðum verður því 666 þús. kr. nettóhækkun.

102 **Stjórnartíðindi.** Kostnaður eykst um 1 189 þús. kr., að mestu vegna hækkaðs prentunarkostnaðar, en sá liður hækkar um 1 000 þús. kr.

204 **Borgarfógetaembætti.** Hækkunin, 2 512 þús. kr., stafar af eðlilegum launa- og verðlagshækkunum að öðru leyti en því, að gert er ráð fyrir nýráðningu ritara, 295 þús. kr.

205 **Sakadómaraembætti.** Vegna yfirtöku ríkisins á löggæzlukostnaði verða þær breytingar, að kostnaður við rannsóknarlögreglu, sem áður var á liðnum löggæzla, er nú talinn hluti af kostnaði við sakadómaraembætti, og kostnaðarhluti ríkissjóðs við Hegningarhúsið í Reykjavík, sem áður var sérstakur fjárlagaliður, er einnig færður undir embættið. Heildarhækkun á liðnum nemur 32 886 þús. kr., þar af tilflutningur rannsóknarlögreglu 24 663 þús. kr. og hegningarhúss 4 789 þús. kr. Um löggæzlukostnað almennt er rætt hér að framan, en hækkun kostnaðar við hegningarhúsið skýrist að hluta af því, að gert er ráð fyrir ráðningu þriggja nýrra fangavarða, 1 005 þús. kr. Afgangur hækkunarinnar, 3 434 þús. kr., kemur á yfirstjórn og á rætur að rekja til eðlilegra launa- og verðlagshækkana.

206 **Lögreglustjórinn í Reykjavík.** Eftirfarandi nýir liðir eru færðir á embættið: Almenn löggæzla 182 144 þús. kr., fangaklefar 2 071 þús. kr., eftirlit á vegum 5 757 þús. kr. og eftirlit með vínveitingahúsum 92 þús. kr. Samtals er hækkun á liðnum af þessum sökum 190 064 þús. kr. Viðfangsefni, sem fyrir voru á þessum lið, þ. e. yfirstjórn, útlendingaeftirlit og lögregluskóli, hækka um samtals 4 267 þús. kr. Um löggæzlukostnað er fjallað á öðrum stað, en gert er ráð fyrir, að ráðnar verði fjórar nýjar lögreglukonur, 1 553 þús. kr. Að öðru leyti skýrist hækkunin af launa- og verðlagsbreytingum og einnig því, að starfsemin mun flytjast í stærra húsnæði.

211—237 **Embætti sýslumanna og bæjarfógeta.** Heildarframlög til embætta sýslumanna og bæjarfógeta hækka um 185 543 þús. kr., og er meginorsökin fólgin í færslu löggæzlukostnaðar á embættin, samtals 150 289 þús. kr., sbr. almenna greinargerð um löggæzlukostnaðinn hér að framan. Einnig eru laun hreppstjóra nú færð á viðkomandi embætti og nema þau í heild 9 427 þús. kr., sem er 1 510 þús. kr. hækkun frá fjárlögum 1972, eða 19.1%. Eiginlegur kostnaður við embættin hækkar þannig um 25 827 þús. kr., þar af laun 22 178 þús. kr., en gert er ráð fyrir ráðningu fulltrúa á Selfossi og skrifstofustúlku í Kópavogi samtals 744 þús. kr., þannig að laun hækka að öðru leyti um 21 434 þús. kr., eða 25.9%. Annar kostnaður við embættin eykst um 3 649 þús. kr., eða 12.5%.

242 **Vinnuhælið á Litla-Hrauni.** Framlag hækkar um 4 963 þús. kr., þar af ráðning fangavarðar 608 þús. kr., önnur laun 2 768 þús. kr. og ýmis rekstrarkostnaður 1 010 þús. kr., hvort tveggja vegna eðlilegra launa- og verðlagshækkana. Gjaldfærður stofnkostnaður hækkar um 190 þús. kr. og verður í heild 3 200 þús. kr., annars vegar til endurnýjunar á vörubifreið 700 þús. kr., og hins vegar til byggingar vinnuskála fyrir fanga 2 500 þús. kr. Loks lækka tekjur um 387 þús. kr.

251 **Landhelgisgæzla.** Kostnaður við landhelgisgæzlu er áætlaður 102 360 þús. kr. hærri en í fjárlögum 1972. Almennar orsakir þessarar hækkunar eru þær, að ráðgert er úthald allra skipanna allt árið, en í fjárlögum 1972 miðaðist fjárveiting við rekstur Þórs og Árvakurs hálft árið og einungis legukostnað vegna Alberts. Á sama hátt eykst kostnaður við flugrekstur verulega vegna tilkomu fleiri flugvéla. Loks hafa orðið launahækkanir vegna skipverja á varðskipum, sem eru hlutfallslega meiri en hjá opinberum starfsmönnum almennt.

252 **Bifreiðaeftirlit.** Fjárveiting hækkar um 8 024 þús. kr. Launaliður hækkar um 7 035 þús. kr. vegna þess annars vegar, að inn eru tekin fimm og hálf árslaun skoðunarmanna, laun símastúlku og hálf önnur laun ritara, samtals 2 773 þús. kr. Allt mun þetta fólk hafa verið lausráðið við bifreiðaeftirlitið um árabil, en fjárveiting ekki verið fyrir hendi á fjárlögum. Hins vegar nema aðrar launahækkanir 4 262 þús. kr. af eðlilegum orsökum, og annar rekstrarkostnaður hækkar um 989 þús. kr.

282 **Ýmis löggæzlukostnaður.** Eins og fram hefur komið, hefur meginhlutanum af þeim gjöldum, sem áður voru á þessum lið, verið dreift á embætti sýslumanna og bæjarfógeta, sakadómara og lögreglustjórans í Reykjavík, og lækkar hann því um 290 675 þús. kr. Eftir eru viðfangsefnin héraðslögregla, sem er óbreytt frá fjárlögum 1972, og ýmis löggæzlukostnaður, sem hækkar um 955 þús. kr., og inn er tekinn nýr liður, lögreglubifreiðir, 2 500 þús. kr., sem ætlaðar eru til endurnýjunar lögreglubifreiða.

283 **Fangamál, ýmis kostnaður.** Fram kemur 1 171 þús. kr. hækkun á þessum lið, sem skýrist þannig: Bygging fangahúsa hækkar um 1 167 þús. kr., bygging ríkisfangelsa og vinnuhæla um 1 000 þús. kr., fangahjálp o. þ. h. um 360 þús. kr. og námskeið fangavarða ásamt geðlækninga- og sálfræðiþjónustu við refsifanga um 76 þús. kr. Aftur á móti er kostnaður við fangaklefa lögreglunnar í Reykja-

vík, sem var 1 432 þús. kr. í fjárlögum 1972, nú færður á embætti lögreglustjórans í Reykjavík.

284 **Áfengismál.** Viðfangsefni undir þessum lið, matsnefnd vínveitingahúsa og öleftirlit, voru áður færð á aðalskrifstofu ráðuneytisins.

07 Félagsmálaráðuneytið.

101 **Aðalskrifstofa.** Kostnaður eykst um 2 234 þús. kr., þar af laun 1 704 þús. kr., en hálf laun aðstoðarmanns ráðherra 342 þús. kr. og hálf laun bifreiðastjóra 162 þús. kr. eru nýir gjaldaliðir á þessu ráðuneyti. Að öðru leyti hækkar launaliður um 1 200 þús. kr. og önnur rekstrargjöld um 530 þús. kr.

271 **Húsnæðismálastofnun ríkisins.** Á liðnum verður 79 877 þús. kr. hækkun, þar af launaskattur 62 000 þús. kr., byggingarsjóðsgjöld af aðflutningsgjöldum og tekju- og eignarskatti 17 663 þús. kr. og laun húsnæðismálastjórnar og framkvæmdastjóra 214 þús. kr.

399 **Sveitarfélög, framlög** hækka um 260 þús. kr., og skýrist hækkunin þannig: Framlag til vinnumiðlunar hækkar um 500 þús. kr., en á móti falla niður liðirnir „vatnsveitur, aðrar" 160 þús. kr. og „til Egilsstaðakauptúns" 80 þús. kr. Framlag til vatnsveitna skv. lögum er óbreytt frá fjárlögum 1972, 17 500 þús. kr., og eru 7 500 þús. kr. af því ætlaðar vatnsveitu í Vestmannaeyjum.

952 **Endurhæfingarráð.** Hér er um nýja stofnun að ræða skv. lögum nr. 27/1970 um endurhæfingu, og er framlag áætlað 1 827 þús. kr.

981 **Vinnumál.** Framlag lækkar um 440 þús. kr. vegna framkvæmdaáætlunar um opinberan stuðning við samtök vinnumarkaðarins vegna hagræðingarstarfsemi, sem lækkar um 549 þús. kr., en hækkun á öðrum liðum nemur samtals 109 þús. kr.

999 **Ýmis framlög** hækka um 10 898 þús. kr., og skýrist hækkunin þannig: SÍBS, styrkur hækkar um 73 þús. kr. (tveir liðir sameinaðir), Slysavarnafélag Íslands um 582 þús. kr. (þar af hluti gjalds af seldum vindlingum 259 þús. kr. og tilkynningarskylda skipa 323 þús. kr.), Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra um 70 þús. kr. (gjald af seldum eldspýtum), meðlög skv. l. nr. 87/1947 um 7 273 þús. kr., og orlofssjóður húsmæðra um 3 600 þús kr. sem afleiðing lagasetningar á síðasta þingi. Á móti falla niður liðirnir til orlofssjóðs húsmæðra í Gullbringu- og Kjósarsýslu og Keflavík 200 þús. kr. og styrktarsjóður lamaðra og fatlaðra, byggingarstyrkur 500 þús. kr.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið.

271 **Tryggingastofnun ríkisins.** Hér er um að ræða lífeyristryggingar, sjúkratryggingar og slysatryggingar og hækkar framlag í heild um 892 700 þús. kr., þar af iðgjöld atvinnurekenda, sem fram koma sem tekjur á frumvarpinu, 181 400 þús. kr. Af hækkun iðgjalda eru 124 000 þús. kr. vegna lífeyristrygginga atvinnurekenda og 57 400 þús. kr. vegna slysatrygginga. Eiginleg hækkun ríkissjóðsframlags nemur því 711 300 þús. kr., sem skiptist þannig, að 256 800 þús. kr. eru vegna lífeyristrygginga og 454 500 þús. kr. vegna sjúkratrygginga. Raunar er greiðslubyrði ríkissjóðs af þessum sökum 110 000 þús. kr. meiri, þar sem í tekjuhlið fellur niður áætluð innheimta eftirstöðva almannatryggingagjaldsins, er nam þessari fjárhæð í fjárlögum 1972. Áætlun Tryggingastofnunar ríkisins um lífeyristryggingar er hér tekin óbreytt, en meginorsök hækkunarinnar er fólgin í ákvörðun ríkisstjórnarinnar um að hækka bætur lífeyristrygginga, annarra en fjölskyldubóta, almennt um 12% frá miðju ári 1972. Á eftirfarandi yfirliti er sýnd áætlun um heildarkostnað lífeyristryggginganna árið 1973 ásamt samanburði við fjárlög 1972 í millj. kr.:

	Fjárlög 1972	Frumvarp 1973	Hækkun
Ellilífeyrir	1 574.2	1 739.2	165.0
Örorkulífeyrir	450.5	508.6	58.1
Örorkustyrkur	113.0	125.0	12.0
Barnalífeyrir	101.8	159.0	57.2
Mæðralaun	114.5	126.0	11.5
Fæðingarstyrkur	69.4	80.3	10.9
Ekkjubætur og lífeyrir	69.8	87.3	17.5
	2 493.2	2 825.4	332.2
Fjölskyldubætur	581.0	595.6	14.6
Bætur samtals	3 074.2	3 421.0	346.8
Kostnaður	50.0	53.4	3.4
Til varasjóðs	62.5	69.5	7.0
Leiðrétt misræmi í áætlun Tryggingastofnunar og fjárlagatölu	÷8.7		8.7
Gjöld samtals	3 178.0	3 543.9	365.9
Þar af hluti atvinnurekenda	288.8	412.8	124.0
Hluti ríkissjóðs	2 889.2	3 131.1	241.9
Frá dregst:			
Inneign frá fyrra ári	22.6	7.7	14.9
Til innheimtu	2 866.6	3 123.4	256.8

Eins og kunnugt er, hefur ríkið yfirtekið verulegan hluta sjúkratryggginganna, og stendur nú almennt undir 90.23% útgjaldanna, og sveitarfélögin bera 9.77%. Í fjárlagafrumvarpi því, sem lagt var fram haustið 1971, hafði ekki verið gert ráð fyrir þessari yfirtöku, og sýnir eftirfarandi yfirlit breytingu á kostnaðarhluta ríkisins frá frumvarpi til fjárlaga 1972 í millj kr.:

Upphaflegt fjárlagafrumvarp 1972	1 438.8
Viðbót vegna yfirtöku frá sveitarfélögum	253.0
Yfirtaka á kostnaðarhlutdeild einstaklinga	513.0
Viðbót vegna áætlaðrar daggjaldahækkunar	67.0
Framlag í fjárlögum 1972	2 271.8

Framlag ríkissjóðs árið 1973 er áætlað 2 726 300 þús. kr., sem er 454 500 þús. kr. hækkun frá fjárlögum 1972, eða 20%. Þessi hækkun er afleiðing kostnaðarhækkana, sem orðið hafa frá síðustu áramótum og vitað er um á árinu 1973, einkum að því er varðar launakostnað, en í raun hefur þegar verið tekið tillit til þessara hækkana að nokkru leyti með hækkun daggjalda, sem kom til framkvæmda um mitt ár.

273 **Framlag til Atvinnuleysistryggingasjóðs** hækkar um 37 700 þús. kr., þar af iðgjald 12 600 þús. kr. og ríkissjóðsframlag 25 100 þús. kr.

371—376 **Ríkisspítalar.** Framlög til ríkisspítala eru eingöngu vegna byggingaframkvæmda og tækjakaupa, þar sem gert er ráð fyrir, að undir rekstrinum sé staðið með daggjöldum. Að því er hækkanir á rekstrargjöldum varðar og þar af leiðandi þörf fyrir hækkun daggjalda, hefur á þessu stigi ekki verið gert ráð fyrir fjölgun starfsfólks, og er ætlazt til, að það mál verði tekið til meðferðar af fjárveitinganefnd Alþingis, svo sem verið hefur á tveimur síðustu árum. Tvær undantekningar eru þó gerðar nú vegna fyrri samþykkta:

Annars vegar er heimiluð starfsfólksfjölgun á Kleppi með hliðsjón af áætlun, er fyrir liggur, og hins vegar er heimiluð nokkur fjölgun á Landspítala í sambandi við hjartaskurðaðgerðir, en ætlunin er að hefja slíka þjónustu þar á árinu. Að öðru leyti er við rekstraráætlanir vegna ríkisspítalanna höfð hliðsjón af þeim launa- og verðlagshækkunum, sem orðið hafa frá þeim tíma, er áætlun fjárlaga 1972 var gerð. Rekstraráætlun ríkisspítalanna fyrir árið 1973 felur í sér 20.4% hækkun daggjalda að meðaltali, miðað við fjárlagatölu 1972, en eins og fram hefur komið hækka framlög ríkissjóðs til sjúkratrygginganna í heild um 454 500 þús. kr. Byggingar- og tækjakaupaframlög skiptast á ríkisspítalana sem hér segir í þús. kr.:

Landspítalinn	49 050
Fæðingardeild Landspítalans	60 000
Kleppsspítalinn	5 500
Kristneshæli	3 000
Samtals	117 550

Í fjárlögum 1972 var sambærileg tala 119 594 þús. kr., eða 2 044 þús. kr. hærri. Hér er yfirleitt um framhald þegar hafinna verklegra framkvæmda að ræða, nema að því er varðar Kleppsspítalann, en þar eru ætlaðar 5 500 þús. kr. til viðbótar 4 500 þús. kr. í fjárlögum 1972 til að ljúka frumathugun og áætlunargerð vegna fyrirhugaðrar geðdeildarbyggingar á lóð Landspítalans.

378 **Námslán læknastúdenta.** Fjárveiting á þessum lið er hækkuð um 1 600 þús. kr. og verður 2 000 þús. kr. í samræmi við lög frá síðasta Alþingi og reglugerð nr. 130/1972 um námsstyrki til læknanema gegn skuldbindingu um læknisþjónustu í héraði.

381 **Til sjúkrahúsa og læknabústaða.** Liðurinn hækkar um 16 355 þús. kr., og skiptist hækkunin þannig, að framlag til byggingar sjúkrahúsa, sjúkraskýla og læknabústaða, annarra en ríkissjúkrahúsa, hækkar um 11 079 þús. kr., og styrkir til heilsuverndarstöðva um 5 276 þús. kr.

399 **Ýmis heilbrigðismál.** Hækkunin, 7 543 þús. kr., skýrist þannig: Kostnaður vegna héraðshjúkrunarkvenna hækkar um 2 816 þús. kr., einkum vegna áætlaðrar fjölgunar, sbr. lög nr. 44/1972, vegna matvælarannsókna 1 353 þús. kr., vegna eftirlits með deyfilyfjum 880 þús. kr., vegna Minningarsjóðs Landspítalans (markaður tekjustofn) 1 200 þús. kr. og vegna Krabbameinsfélags Íslands 449 þús. kr. (markaðir tekjustofnar). Inn eru teknar nýjar fjárveitingar vegna kostnaðar varðandi reglugerð um iðjumengun 1 000 þús. kr., hjúkrunarkennslu ljósmæðra 1 616 þús. kr. og röntgentæknaskóla 2 128 þús. kr. Á hinn bóginn lækkar framlag til Hjartaverndar um 3 375 þús. kr., og niður falla framlög til vírusrannsókna 204 þús. kr. í fjárlögum 1972, til heilsuhælis á Norðurlandi 100 þús. kr., til heilsuhælis NLFÍ 320 þús. kr. og til norræns tannlæknamóts 100 þús. kr. Á ýmsum öðrum liðum verður 200 þús. kr. nettóhækkun.

481 **Bindindisstarfsemi.** Framlög hækka um 109 þús. kr., og kemur sú hækkun þannig fram, að framlag til áfengisvarna hækkar um 968 þús. kr., til annarra bindindismála um 41 þús. kr., en niður fellur byggingarstyrkur vegna Templarahallarinnar 900 þús. kr.

09 Fjármálaráðuneytið.

101 **Aðalskrifstofa.** Á liðnum verður 8 080 þús. kr. hækkun. Launaliður hækkar um 6 433 þús. kr., þar af föst laun og launatengd gjöld 2 492 þús. kr., nýtt starfsfólk 1 549 þús. kr., þ. e. deildarstjóri og fulltrúi í fullu starfi í stað hálfs í hinu almenna ráðuneyti og fulltrúi í fjárlaga- og hagsýslustofnun. Að öðru

leyti hækkar launaliður um 2 392 þús. kr., og er þar einkum um að ræða ýmsa aðkeypta þjónustu og nefndastörf og byggt á reynslu. Annar kostnaður hækkar um 1 647 þús. kr., eða 18.7%, en 15.3% frá reikningi 1971.

103 **Ríkisbókhald.** Kostnaður eykst um 3 246 þús. kr., þar af launaliður 2 851 þús. kr., annars vegar vegna þess, að gert er ráð fyrir ráðningu fulltrúa og ritara, samtals 815 þús. kr., og hins vegar vegna eðlilegra hækkana og verðlagsuppbóta á laun. Annar kostnaður hækkar um 395 þús. kr., eða 14.7%

104 **Ríkisfjárhirzla.** Fjárveiting hækkar um 1 021 þús. kr., þar af 308 þús. kr. vegna ráðningar ritara, en að öðru leyti er um að ræða eðlilegar launa- og verðlagshækkanir.

201—212 **Embætti ríkisskattstjóra og skattstofur.** Gert er ráð fyrir, að heildarhækkun á þessum fjárlagaliðum nemi 24 540 þús. kr., þar af laun 18 523 þús. kr. Bætt er við fulltrúa á Akureyri og Akranesi samtals 1 001 þús. kr., en annars er starfsmannahald óbreytt. Aðrar launahækkanir, 17 522 þús. kr., eða 22.2%, skýrast að fullu af grunnlaunahækkunum og verðlagsuppbótum. Annar kostnaður hækkar í heild um 6 017 þús. kr., þar af Skattstofan í Reykjavík 2 336 þús. kr., en skattstofan hefur flutzt í nýtt og stærra húsnæði, sameiginleg útgjöld (liður 212) 1 880 þús. kr., einkum vegna aukins prentunar- og skýrsluvélakostnaðar og auk þess eru teknar á þennan lið 300 þús. kr. til námskeiðs fyrir skattendurskoðendur, og aðrar skattstofur auk ríkisskattstjóraembættis 1 801 þús. kr.

402 **Fasteignamat.** Kostnaðaraukning er áætluð 8 237 þús. kr., sem raunar er mjög lausleg áætlun, en unnið er að því að skipuleggja framtíðarfyrirkomulag á skráningu og mati fasteigna. Er væntanlegt lagafrumvarp um þetta efni.

901 **Framkvæmdadeild Innkaupastofnunar ríkisins.** Útgjöld hækka um 4 004 þús. kr. og tekjur um 3 110 þús. kr., þannig að fram kemur 894 þús. kr. hækkun á fjárveitingu. Þær breytingar verða á mannahaldi, að byggingaeftirlitsmenn eru fluttir af embætti húsameistara ríkisins á þennan lið, sbr. lög nr. 63/1970, og gert er ráð fyrir ráðningu verkfræðings og eftirlitsmanns.

981 **Ríkisbifreiðir.** Framlag hækkar um 2 000 þús. kr., einkum vegna þess að endurnýjunarþörf eykst verulega sökum yfirtöku ríkisins á löggæzlukostnaði og þar með á lögreglubifreiðum.

991 **Ýmis lán ríkissjóðs.** Mjög veruleg hækkun verður á vaxtagreiðslum ríkissjóðs, eða 237 852 þús. kr., og eru heildarvaxtagreiðslur þá áætlaðar 329 111 þús. kr. Sú upphæð skiptist í megindráttum þannig, að 80 000 þús. kr. eru vegna sérstaks láns í Seðlabankanum í sambandi við breytingu yfirdráttarskuldar í fast lán, eins og greint er frá í skýringum við lánahreyfingar hér að framan. Er þar um að ræða 1 000 000 þús. kr. lán til fjögurra ára með 8% vöxtum. Yfirdráttarvextir eru að öðru leyti áætlaðir 20 000 þús. kr., vextir og verðbætur vegna yfirtöku vegasjóðslána við samþykkt síðustu vegáætlunar nema 70 471 þús. kr., vextir og verðbætur vegna lána, er hvíla á Reykjanesbraut, 51 457 þús. kr., en fjár til þessa hefur undanfarin ár verið aflað með nýjum lántökum á framkvæmdaáætlun, vextir og verðbætur af öðrum lánum vegna vegagerðar nema 19 381 þús. kr. og af öllum öðrum lánum ríkissjóðs í fjárlagafrumvarpinu 87 802 þús. kr.

999 **Ýmislegt.** Framlög á þessum lið hækka samtals um 10 368 þús. kr., eða sem hér segir: Símakostnaður og burðargjöld fyrir stjórnarráðið 1 647 þús. kr., kostnaður við kjarasamninga 1 477 þús. kr., dómkröfur og málskostnaður 500 þús. kr., kostnaður við próf löggiltra endurskoðenda 60 þús. kr., lífeyrissjóður bænda 10 600 þús. kr., lífeyrissjóður verkalýðsfélaga 6 500 þús. kr., og inn er tekin sérstök fjárveiting til ríkisskattanefndar 1 084 þús. kr. Á móti lækkar framlag til togaralána um 11 500 þús. kr.

10 Samgönguráðuneytið.

Aðalverkefni fóstruskóla á Norðurlöndum hefur verið að mennta starfslið til starfs á dagheimilum, leikskólum og forskólabekkjum fyrir börn á aldursskeiði 2ja til 7 ára. Þetta hefur einnig verið verkefni Fóstruskólans, en auk þess hefur skólinn lagt áherzlu á ungbörn og starfshætti á vöggustofum. Hefur menntun fóstra hér á landi einnig tekið til þess að gera þær hæfar til starfa á þessum stofnunum. Á Norðurlöndum hefur þessu atriði verið nokkuð annan veg farið. Þar hefur tíðkazt, að á vöggustofum ynnu aðallega svonefndar „barnpleiersker" („barnsköterskor", ungbarnafóstrur). Hafa þær nokkurra mánaða og upp í eins árs nám að baki sér. Við stofnun Fóstruskólans þótti einsætt, að fóstrumenntunin gripi einnig yfir þetta verksvið. Var því verkefni skólans víðtækara að þessu leyti en sambærilegra skóla á Norðurlöndum. Þeirri stefnu vex nú mjög fylgi á Norðurlöndum, að nauðsynlegt sé að fá fóstrur til starfa á vöggustofum, og að störf fóstruskóla nái þá einnig til menntunar starfsliðs á þessum stofnunum. Nefndin er eindregið þeirrar skoðunar, að rétt hafi verið stefnt hjá forráðamönnum Fóstruskólans í upphafi um þetta atriði, og er 2. gr. frv. miðuð við það stefnumark. Er mönnum í seinni tíð æ ljósara, að staðgóða sérmenntun þarf til þess að annast ungbörn eigi síður en þau sem eldri eru, á hvaða skólastigi sem er.

Í 2. gr. kemur fram, að það sé hlutverk Fóstrunarskóla Íslands að mennta fólk til starfa í forskólabekkjum (með forskólabekk er átt við deildir fyrir 6 ára börn, sem reknar eru á vegum barnskólanna). Er það í samræmi við hlutverk fóstruskóla á Norðurlöndum, þar sem fóstrur starfa með 6 ára börnum. Verður sérstakt mið tekið af þessari menntun í skólanum, en fyllsta samvinna höfð við Kennaraháskóla Íslands um menntunarkröfur og tilhögun þessa hluta námsins. Hefur þetta mál verið rætt sérstaklega við forráðamenn Kennaraháskóla Íslands.

Í 2. málsgr. 2. gr. er heimilað að fela skólanum að mennta starfslið fyrir skóladagheimili og leikvelli. Á Norðurlöndum og raunar einnig hér á landi hefur verið sótzt eftir fóstrum til starfa á heimilum þessum. Í Danmörku og Svíþjóð eru sérstakir skólar fyrir þetta starfsfólk (tómstundakennara), og leysir fólk með menntun frá slíkum skóla smám saman fóstrur af hólmi. Menntun tómstundakennara er í megindráttum mjög svipuð fóstrumenntun, þótt þar sé að vísu meir fjallað um börn á skólaaldri og verklega námið fari aðallega fram á skóladagheimilum. Vafalaust er, að í náinni framtíð vex þörf á starfsliði á skóladagheimilum hér á landi. Hitt orkar tvímælis, hvort unnt verði á næstunni að stofna til sérskóla til að mennta þetta starfslið. Vegna þess hve náin tengsl eru milli menntunar þess starfsliðs, sem hér hefur verið rætt um, og menntunar fóstra, þykir eðlilegt að hafa ákvæði í 2. gr. 2. málsgr. þess efnis, að heimilt sé að fela Fóstrunarskólanum að annast menntun þessa starfsliðs.

Samkv. 2. gr. verður það yfirleitt verkefni Fóstrunarskólans að mennta fólk til uppeldisstarfa á hvers konar uppeldisstofnunum fyrir börn á aldursskeiði frá fæðingu til 7 ára aldurs.

Í þessu frv. eru ekki ákvæði um starfsréttindi brautskráðra nemenda frá Fóstrunarskólanum. Í 37. gr. laga 53/1966 um vernd barna og ungmenna eru þau ákvæði, að ekki megi fela öðrum forstöðu barnaheimilis eða slíkrar uppeldisstofnunar en þeim, sem barnaverndarnefnd, sem í hlut á, eða barnaverndarráð telji þar til hæfa. Hefur ávallt verið litið svo á, að nemendur brautskráðir frá Fóstruskólanum séu hæfir til þessara starfa, og í reyndinni hafa brautskráðir nemendur notið starfsréttinda og viðurkenningar á þeim af hálfu opinberra aðilja, þótt ekki væru þau réttindi lögvarin. Í 2. gr. felst, að nemendur frá skólanum njóti starfsréttinda á þeim stofnunum, sem að er vikið í greininni. Nánari ákvæði í lögum um

starfsréttindi fóstra þykja eiga heima í frv. til laga um barnaheimili, sem nú er verið að vinna að, og í frv. um grunnskóla.

Um 3. gr.

Hér eru nánari ákvæði um stefnumörk í starfsemi Fóstrunarskólans. Þau ákvæði tengjast 2. gr. og að sínu leyti 12. gr., þar sem rætt er um námssvið. Megináherzla verður hér eftir sem hingað til lögð á að veita nemendum fræðilega þekkingu og starfsþjálfun til þess að stunda uppeldisstörf á þeim sviðum, sem skólanum er ætlað að fást við. Skipa uppeldis- og sálarfræði öndvegi í námsgreinum, og er þar lögð sérstök áherzla á að veita nemendum innsýn í þróunarsálarfræði barna. Skólanum er sett það stefnumið í greininni að stuðla að alhliða þroska nemenda, þjálfa sjálfstæða hugsun þeirra og temja nemendum sjálfstæð vinnubrögð, en áherzla skal jafnframt lögð á samvinnu nemenda í hópstarfi, hugkvæmni, alúð og skyldurækni í starfi.

Um 4. gr.

Í þessu ákvæði segir, að skólinn skuli fylgjast sem gerst með í nýjungum í uppeldis- og sálarfræði, einkum varðandi barnasálfræði og uppeldisleg markmið, starfshætti og fyrirkomulag þeirra stofnana, sem hér um ræðir. Til þess að rækja þetta hlutverk þarf að búa vel að skólanum með bókakost, og er það áréttað í 21. gr. frv., og svo að veita starfsmönnum skólans kost á námsferðum til annarra landa, sbr. 19. gr. Ef svo er búið að skólanum, má vænta frá honum frjórra hugmynda um uppeldisstofnanir þær, sem starfsemi hans tekur til, en á því sviði eru örar breytingar og mikil þróun. Skiptir miklu fyrir starfsemi og árangur uppeldisstofnana þessara, að rækilega sé fylgzt með þeirri þróun allri, og er eðlilegast að ætla skólanum forystuhlutverk á þessu sviði. Jafnframt er eðlilegt að líta svo á, að skólinn verði, undir yfirstjórn menntamálaráðuneytisins, í fyrirsvari gagnvart erlendum stofnunum á þessu sviði.

Um 5. gr.

Endurmenntun og viðbótarmenntun fóstra er mikilvægt mál. Hér er um starfssvið að ræða, þar sem breytingar eru örar og miklu skiptir að færa sér í nyt nýjungar, innlendar sem erlendar. Á það jafnt við um fræðileg viðhorf sem ýmiss konar nýmæli í starfsháttum. Fóstruskólinn hefur reynt að rækja þetta verkefni í náinni samvinnu við Fóstrufélagið, sem er virkt og áhugasamt félag, svo og með góðum atbeina Barnavinafélagsins Sumargjafar, fræðslustjóra Reykjavíkurborgar og fræðslumálaskrifstofu. Hér þarf þó að gera miklu meira. Er þess að vænta, að skólanum verði gert fjárhagslega kleift að efla þessa starfsemi til mikilla muna. Að einu atriði er rétt að víkja sérstaklega. Fóstrur eru oft með svipuðum hætti og hjúkrunarkonur frá störfum um hríð, m. a. meðan þær koma upp börnum sínum. Mikilvægt er, að þær geti aftur komið til starfa, en forsenda þess er oftast sú, að þeim veitist kostur á endurmenntun og endurhæfingu. Sá hópur er einnig hafður í huga við þá starfsemi, sem 5. gr. fjallar um.

Um 6. gr.

Tengslin milli Fóstruskólans og Kennaraháskólans hafa ávallt verið náin. Hafa skólarnir m. a. skipzt á kennurum. Sjálfsagt er að treysta þessi tengsl og kanna náið, hvort unnt sé að koma við sameiginlegri kennslu um tiltekin efni, svo og námskeiðum bæði fyrir kennara og fóstrur, svo sem stundum hefur verið gert að undanförnu. Í 6. gr. er gert ráð fyrir, að ákvæði verði í reglugerð um tengsl skólanna, þ. á m. væri rétt að setja ákvæði um aðgang þeirra, sem lokið hafa fóstrunarnámi, að kennaramenntun og gagnkvæmt.

Um II. kafla.

Í þessum kafla eru ákvæði um stjórn skólans og hlutdeild nemenda í skólastjórn.

Um 7. og 8. gr.

Samkv. 7. gr. fer menntamálaráðuneyti með yfirstjórn skólans. Að öðru leyti dreifist stjórn skólans á þessa aðilja: 1) skólastjóra, 2) skólanefnd, 3) skólaráð og 4) nemendaráð, sbr. 8. gr. Skal getið stuttlega um hvern þennan aðilja um sig.

1. Skólastjóri stýrir skólanum og tekur ákvarðanir um málefni hans annað hvort einn eða með atbeina þeirra aðilja, sem nefndir eru að framan, eftir því sem lög segja til um eða nánar verður ákveðið í reglugerð. Skólastjóri er formaður skólaráðs og situr fundi skólanefndar með málfrelsi og atkvæðisrétti.

2. Að undanförnu hefur starfað þriggja manna **skólanefnd** við skólann, skipuð af Barnavinafélaginu Sumargjöf. Er reynsla af þeirri tilhögun mjög góð, og þykir eðlilegt að halda henni. Skólanefnd á að vera skólastjóra til ráðuneytis um málefni skólans, þ. á m. um stefnumótun ýmiss konar. Inntaka nemenda er í hennar höndum, sbr. 9. gr., og við undirbúning reglugerðar á að leita afstöðu hennar, sbr. 23. gr. Nánari reglur um verksvið hennar verða settar í reglugerð og erindisbréfi. Lagt er til, að í skólanefnd eigi sæti þrír menn, er menntamálaráðherra skipar til 3 ára í senn. Formaður er skipaður án tilnefningar, en hinir tveir samkv. tilnefningu Fóstrufélags Íslands, sem er félag fóstrustéttarinnar, og Barnavinafélagsins Sumargjafar, sem hingað til hefur starfrækt skólann. Er mikilvægt, að náið samstarf sé við þessa aðilja alla, og því heppilegt, að þeir nefni menn í nefndina. Á það skal sérstaklega bent, að verklegt nám nemenda fer að langmestu leyti fram á barnaheimilum Sumargjafar.

Með því að sú skipulagsbreyting er hugsanleg í framtíðinni, að rekstur barnaheimila verði falinn borgarstofnun, þykir rétt að kveða svo á, að einn skólanefndarmaður verði tilnefndur af borgarráði Reykjavíkur í stað þess nefndarmanns, sem Barnavinafélagið Sumargjöf tilnefnir, ef af breytingunni verður.

3. **Skólaráð** er skólastjóra til aðstoðar um stjórn skólans og rekstur. Er skólastjóri formaður þess, en auk þess eiga þar sæti tveir kennarar skólans og tveir fulltrúar nemenda, kosnir til eins árs í senn. Er veigamikið að hafa slíkt ráð í skólanum og skapa með því vettvang til umræðna um ýmis málefni varðandi starfsemi skólans og starfshætti. Verkefni skólaráðs verður nánar afmarkað í reglugerð og þ. á m. tengsl þess við skólanefnd. Um skólaráð má m. a. vísa til laga 12/1970, 22. gr., um menntaskóla og 12. gr. laga 38/1971 um Kennaraháskóla Íslands.

4. **Nemendaráð** er samkv. 8. gr. skólastjóra til aðstoðar í málefnum nemenda, og það kýs fulltrúa í skólaráð, sbr. 7. gr. Ákvæði þetta er samið að fyrirmynd 23. gr. laga 12/1970 um menntaskóla og 3. gr. laga 38/1971 um Kennaraháskóla Íslands. Gert er ráð fyrir, að nemendur setji reglur um skipun nemendaráðs, starfssvið og starfshætti, og skulu þær háðar samþykki skólaráðs og menntamálaráðuneytis.

Um III. kafla.

Í þessum kafla eru ákvæði um inntöku nemenda og inntökuskilyrði.

Um 9. gr.

Eðlilegt þykir, að skólanefnd taki fullnaðarákvarðanir um inntöku nemenda í skólann, en skólastjóri gerir tillögur um það til skólanefndar.

Um 10. gr.

Í þessari grein er mælt fyrir um inntökuskilyrði í Fóstrunarskólann. Að undanförnu hefur verið áskilið, að umsækjendur hafi lokið landsprófi miðskóla eða gagnfræðaprófi og þá að jafnaði með nokkrum viðbótum. Einnig hefur verið höfð hliðsjón af starfsreynslu og námskeiðum, sem umsækjendur kunna að hafa lokið. Nokkrir stúdentar hafa stundað nám í skólanum svo og kennarar með próf frá Kennaraskóla Íslands.

Óhjákvæmilegt þykir að auka kröfur um undirbúningsmenntun til inngöngu í Fóstrunarskólann til þess að nemendur geti notið þeirrar menntunar, sem skólinn

veitir, og rækt störf sín síðar með sem fyllstum árangri. Fóstrustarfið er ábyrgðarmikið uppeldisstarf, sem unnið er með börnum á örlagaríku mótunarskeiði ævi þeirra. Til þess að rækja það sem bezt þarf staðgóða þekkingu og fjölþætta og góða undirstöðumenntun. Reynslan sýnir, að nemendur í skólanum þurfa að lesa mikinn hluta bóka, sérstaklega í uppeldisgreinum, á erlendum málum, og verður að horfast í augu við, að skortur verði á fræðiritum á íslenzku í þessum greinum enn um sinn. Nemendur þurfa einnig að geta fært sér í nyt ýmsar erlendar bækur og rit, sem ekki eru beinlínis námsbækur, og enn fremur að fylgjast með eftir að skólavist lýkur í ýmsu því, er erlendis er ritað. Hér kemur það einnig til, að menntunarkröfur með þjóðinni aukast sífellt, og fjöldi þeirra, sem stúdentsprófi lýkur, vex hröðum skrefum. Miðað við þessi breyttu viðhorf má segja, að ekki sé óeðlilegra að miða inntökuskilyrði nú við stúdentspróf heldur en var við upphaf skólans að áskilja gagnfræðapróf eða landspróf. Meðal uppeldisfræðinga og skólamanna í Evrópu og Bandaríkjunum er sú stefna ríkjandi, að ekki eigi að gera mismunandi kröfur um undirbúningsmenntun og starfsmenntun kennara eftir skólastigum eða aldri barna, sem þeir eiga að starfa með. Öll þessi uppeldisstörf eru samkvæmt þessum viðhorfum jafnmikilvæg og þurfi síður en svo minni þekkingu og færni til að fjalla um uppeldi yngstu barnanna en þeirra sem eldri eru — enda sýna rannsóknir æ ljósar, hversu gagnger áhrif uppeldi á fyrstu árum barna hefur á framtíðarþroska þeirra, menntunarkosti og stöðu í þjóðfélaginu. Markmiðið á því að vera að sömu kröfur séu gerðar til undirbúningsmenntunar þeirra, sem setjast í Fóstrunarskóla, og hinna, sem leita eftir almennu kennaranámi.

Viðhorf þau, sem nú hafa verið rakin, svo og tillit til inngönguskilyrða við norrænu fóstruskólana og hugmyndir, sem nú eru uppi í því efni, liggja til grundvallar 10. gr., 1.—3. tölulið, þar sem greind eru inngönguskilyrði að því er tekur til undirbúningsmenntunar. Í 1. tölulið er inngönguskilyrði að umsækjandi hafi lokið stúdentsprófi eða kennaraprófi frá Kennaraskóla Íslands. Umsækjendur með slíkri menntun hafa forgangsrétt til inngöngu. Ekki þykir þó rétt að svo stöddu að loka þessari menntunarleið fyrir öðrum. Er í 2. tl. heimiluð inntaka þeirra, sem lokið hafa gagnfræðaprófi að viðbættu tveggja ára námi í framhaldsdeild gagnfræðaskóla eða að viðbættu tveggja ára námi í öðrum skólum. Til viðbótar þessu er svo samkv. 3. tl. heimilað að veita öðrum inntöku eftir atvikum með hliðsjón af hæfniprófum eða öðrum tiltækilegum matsaðferðum, svo og öðrum þræði með tilliti til starfsreynslu á viðurkenndum stofnunum, sem skólinn menntar starfslið til. Eftir að tekið var að starfrækja undirbúningsdeild í Fóstruskólanum, var krafan um starfsreynslu umsækjanda felld niður. Undirbúningsstarfið er nú á vegum skólans og undir eftirliti hans. Með þessu er nemanda tryggð betri og eðlilegri starfsreynsla og öruggara mat á starfshæfni hans, þar sem nemandi vinnur undir handleiðslu fóstru á uppeldisstofnun, sem skólinn viðurkennir. Hefur þetta fyrirkomulag gefið mjög góða raun. Má einnig benda á, að þessi tilhögun í Fóstruskóla Sumargjafar hefur vakið mikla athygli meðal forráðamanna fóstruskólanna á Norðurlöndum og þótt til eftirbreytni. Samkv. 4. tl. á nemandi að vera 18 ára hið yngsta og samkv. 5. tl. má hann ekki vera haldinn andlegum né líkamlegum kvilla né annmarka, er hamli honum í starfi eða námi að dómi skólanefndar. Er þetta í samræmi við inntökuskilyrði skólans að undanförnu. Tekið skal fram, að horfið var frá því að tilgreina hámarksaldur í sambandi við inntöku í skólann.

Í 2. og 3. málsgr. eru ákvæði, sem heimila að áskilja lágmarkseinkunn í tilteknum greinum í sambandi við inngöngu í skólann, svo og um hæfnipróf og persónuleikapróf.

Um IV. kafla.

Í þessum kafla eru ákvæði um nám, námstíma og námstilhögun, svo og um æfinga- og tilraunastofnun. Svo sem fyrr greinir, er frv. miðað við, að um námstíma, námsgreinaval og námstilhögun fari með svipuðum hætti og nú er, enda stendur skólinn á gömlum merg.

Um 11. gr.

Hér er mælt fyrir um, að námstími í skólanum sé þrjú ár, svo sem nú er í reyndinni, svo og um skiptingu náms í verklegt nám og bóklegt, og er það í samræmi við stefnumið þau, sem skólanum eru sett í 3. gr. frv.

Um 12. gr.

Í þessari grein er kveðið á um þau námssvið, sem fengizt er við í skólanum. Reynslan í skólalöggjöf hefur leitt í ljós, að óhyggilegt er að binda námsgreinar náið með lagaákvæðum, og er aðgengilegra að ákvarða þær greinar í einstökum atriðum með reglugerðarákvæðum.

Samkv. greininni skiptist grunnmenntunin, sem skólinn veitir, í ýmsar uppeldisgreinar, félagsgreinar, list- og verkgreinar, móðurmálsgreinar og heilsufræðigreinar. Vísast um þetta til reifunar um núverandi starfsemi Fóstruskólans í hinni almennu greinargerð hér að framan, svo og til 3. gr. frv. Það skal áréttað, að uppeldisgreinarnar sitja í fyrirrúmi í námsskrá skólans. Í reglugerð verða sett nánari ákvæði um námstilhögun, sbr. 2. málsgr.

Tekið er fram í 1. málsgr., að verklegt nám fari fram á stofnunum, sem skólanefnd Fóstrunarskólans viðurkennir og menntamálaráðuneytið samþykkir, og er eðlilegt að skólinn hafi slíkt ákvæði að bakhjarli til þess að taka af tvímæli.

Um 13. gr.

Við getur borið, að nemendur skólans hafi aflað sér sérstakrar þekkingar á einstökum námsgreinum skólans í öðrum skólum, og hefur þá undanfarin ár verið veitt undanþága um þátttöku í námi, að því er slíka grein varðar. Þykir rétt að hafa sérstakt ákvæði um þetta í frv. Greiðir það fyrir tengslum milli einstakra skóla, t. d. Kennaraháskóla Íslands, sbr. og sérstaklega 6. gr. frv. og athugasemdir við hana.

Um 14. gr.

Hér er heimildarákvæði um starfrækslu æfinga- og tilraunastofnunar, sem tengja á Fóstruskólanum og vera undir hans yfirstjórn. Á að búa nemendum aðstöðu til athugana á atferli og leikjum barna og á uppeldislegum starfsháttum. Gert er ráð fyrir, að leitað verði samninga við Reykjavíkurborg um skiptingu stofn- og rekstrarkostnaðar við tilraunastofnun þessa.

Fóstruskólum er mikil þörf — og jafnvel kennslufarsleg nauðsyn — á að hafa tilrauna- og æfingaleikskóla á sínum vegum, og er víða erlendis lögð á þetta mikil áherzla. Tekið skal fram, að ekki er gerlegt að tengja saman æfinga- og tilraunaskóla Kennaraháskólans, sbr. 16. gr. laga 38/1971, og þá æfinga- og tilraunastofnun, sem 14. gr. fjallar um, enda er hér um annað aldursstig barna að ræða.

Mál það, sem 14. gr. varðar, þarfnast mikils undirbúnings og er ákvæðið orðað með hliðsjón af því. Væri hins vegar æskilegt að fara að undirbúa mál þetta hið fyrsta.

Um V. kafla.

Í honum er aðeins ein grein, 15. gr., er kveður á um námsáfanga og próf. Er hún orðuð með sambærilegum hætti og títt er í skólalöggjöf, sbr. einkum 10. og 12. gr. laga 12/1970, um menntaskóla.

Um VI. kafla.

Í þessum kafla eru ákvæði um starfslið Fóstrunarskólans og orlof þess og starfskjör.

Um 16. gr.

Þar er höfuðákvæðið um starfslið skólans. Er þar tekið fram, að skólinn skuli vera svo vel búinn starfsliði, að hann geti rækt þær skyldur, sem lög ætla honum, og er sérstaklega minnt auk kennslustarfa á umsjónar- og ráðgjafarstörf, störf á skrifstofu og við ýmis slík verkefni. Ákvæði þetta er í samræmi við 13. gr. laga

12/1970, en ekki þykir ástæða til að hafa ákvæði um sérhæft starfslið umfram það, sem segir í þessari grein.

Í 2. málsgr. er ákvæði um fjárveitingatillögur, sbr. og 21. gr. 4. málsgr.

Um 17. gr.

Hér segir um réttarstöðu fastra starfsmanna skólans og hvernig skólastjóri og kennarar séu skipaðir, sbr. t. d. 14. gr. laga nr. 12/1970.

Um 18. gr.

Í þessari grein segir, að skólastjóri Fóstrunarskólans skuli hafa lokið háskólaprófi í uppeldis- og sálarfræði, en um menntunarkröfur annarra kennara skuli kveðið á um í reglugerð. Skólastjóri Fóstruskóla Sumargjafar hefur verið frá upphafi frú Valborg Sigurðardóttir, uppeldisfræðingur. Er vafalaust, að krefjast beri þess, að skólastjóri sé uppeldis- eða sálarfræðingur, enda eru uppeldisgreinar höfuðnámssvið skólans. Erfitt er að binda það í lögum, hverjar menntunarkröfur verði gerðar til annarra kennara, og þykir ráðlegt, að því máli verði skipað með reglugerð.

Um 19. gr.

Ákvæði þetta fjallar um orlof kennara við Fóstrunarskólann. Er það í samræmi við ákvæði laga nr. 38/1971, 23. gr., um orlof kennara við Kennaraháskóla Íslands.

Um 20. gr.

Ákvæðið fjallar um laun og vinnutíma kennara skólans og vinnuskyldu skólastjóra. Vísa má til 11. gr. laga 12/1970 til samanburðar. Greinin gefur að öðru leyti ekki tilefni til athugasemda.

Um VII. kafla.

Í þessum kafla er ein grein, 21. gr., og fjallar hún um húsrými, bókasafn og lesstofur, félagsherbergi, skrifstofu og húsnæði fyrir kennara. Er þessi grein samin með hliðsjón af 20. og 21. gr. laga 12/1970, um menntaskóla. Fóstruskólinn hefur lengi verið á hrakhólum með húsnæði, og hefur margsinnis á ferli sínum þurft að skipta um húsnæði. Hefur það háð skólanum á margvíslegan hátt. Skólinn er nú til húsa í Búnaðarfélagshúsinu við Tjörnina, og hefur Reykjavíkurborg látið í té það húsnæði. Er það þó engan veginn til frambúðar, og þarf þegar í stað að sjá skólanum fyrir auknu húsnæði.

Í sambandi við 21. gr. skal lögð áherzla á, að skólanum er rík þörf á auknum bókakosti, bæði fyrir kennara og nemendur og vegna rannsóknarstarfa, sem æskilegt væri að komið yrði við. Þá er mikill skortur á lesstofum, sem nauðsynlega þarf að bæta úr, og enn fremur á annarri aðstöðu fyrir nemendur og kennara.

Um VIII. kafla.

Hér er mælt fyrir um heilsuvernd, sbr. 22. gr. Í skóla sem þessum, er menntar starfslið á uppeldisstofnanir, er nauðsynlegt að ganga ríkt eftir eftirliti með heilbrigði nemenda, og eftirlit með hollustuháttum í skólanum er að sjálfsögðu jafnbrýnt í þessum skóla sem öðrum. Gert er ráð fyrir, að ákvæði séu sett um þessi efni í reglugerð, svo sem um skólalækni, skólahjúkrunarkonu o. fl.

Um IX. kafla.

Hér er, í 23. gr., almennt ákvæði um reglugerðir samkv. lögunum, bæði um það, að þær skuli settar af menntamálaráðuneyti, að höfðu samráði við skólastjóra og skólanefnd, og svo um nokkur efnisatriði í reglugerð, svo sem um skólatíma, leyfi, reglu og aga, vinnudag nemenda og kennara í skólanum og um framkvæmd laganna að öðru leyti. Minnt skal á, að í einstökum ákvæðum frv. er enn fremur gert ráð fyrir að nánar tilteknum atriðum skuli skipað með reglugerð, sbr. 6. gr. um tengsl Fóstrunarskólans við Kennaraháskóla Íslands, 7. gr. um starfssvið skólanefndar og

skólaráðs, 8. gr. um nemendaráð, 10. gr. um lágmarkseinkunnir í námsgreinum og hæfni- og persónuleikapróf í sambandi við inntöku í skólann, 11. gr. um námstilhögun, 12. gr. um námsgreinar, 15. gr. um námsmat og prófdómendur, 18. gr. um menntunarkröfur kennara annarra en skólastjóra, 19. gr. um orlof, 21. gr. um húsrými o. fl. og 22. gr. um heilsuvernd.

Um X. kafla.

Hér eru ákvæði til bráðabirgða og gildistökuákvæði.

Um 24. gr.

Í 1. málsgr. eru ákvæði um, að nemendur Fóstruskóla Sumargjafar, sem stunda nám við gildistöku laganna í skólanum, eigi rétt á að halda áfram námi sínu við Fóstrunarskóla Íslands eftir að hann er stofnaður í samræmi við þá námstilhögun, er gilti í skólanum, er þeir hófu nám. Er það í samræmi við venjur í slíkum tilvikum um nám í skólum, sbr. t. d. 27. gr. laga 12/1970 og 24. gr. laga 38/1971, og að öðru leyti sjálfsagt ákvæði. Þetta ákvæði á m. a. einnig við um nemendur í undirbúningsdeild eða forskóla.

Í 2. málsgr. er það ákvæði, að skólastjóri Fóstruskóla Sumargjafar eigi forgangsrétt á starfi skólastjóra við Fóstrunarskóla Íslands, þegar hann verður stofnaður.

Um 25. gr.

Samningar hljóta að fara fram milli menntamálaráðuneytis og Barnavinafélagsins Sumargjafar út af málefnum skólans, eignum og skuldbindingum. Að þeim loknum tekur skólinn til starfa samkv. ákvæðum frv., ef að lögum verður.“

Ed. 3. Frumvarp til laga [3. mál]

um hlutdeild ríkisins í byggingu og rekstri dagvistunarheimila.

(Lagt fyrir Alþingi á 93. löggjafarþingi, 1972.)

I. KAFLI

1. gr.

Markmið með starfsemi dagvistunarheimila er að gefa börnum kost á að njóta handleiðslu sérmenntaðs fólks í uppeldismálum og búa þeim þau uppeldisskilyrði, er efli persónulegan og félagslegan þroska þeirra.

2. gr.

Menntamálaráðuneytið fer með yfirstjórn mála, er varða dagvistunarheimili.

Ríkið skal leggja fram fé til byggingar og rekstrar dagvistunarheimila fyrir börn, svo sem fyrir er mælt í lögum þessum.

3. gr.

Aðilar, er njóta ríkisframlags til byggingar og rekstrar dagvistunarheimila, eru: sveitarfélög og áhugafélög, svo og húsfélög fjölbýlishúsa, starfsmannafélög og aðrir þeir aðilar, sem reka vilja dagvistunarheimili í samræmi við markmið þessara laga.

Ríkisframlag til stofnkostnaðar nær þó eigi til þeirra dagvistunarheimila, sem þegar eru fullbyggð.

4. gr.

Eftirtalin dagvistunarheimili njóta styrks úr ríkissjóði skv. lögum þessum:

1. Dagheimili fyrir börn frá 3ja mán. til skólaskyldualdurs, þar sem börnin geta dvalizt a. m. k. 5 st. á dag.
2. Skóladagheimili fyrir börn á skólaskyldualdri.

3. Leikskólar fyrir börn frá 2ja ára til skólaskyldualdurs, þar sem börnin geta dvalizt a. m. k. 3 st. á dag.

Ákveða skal nánar um starfstíma ofangreindra dagvistunarheimila í reglugerð.

5. gr.

Ríkisframlags njóta þau dagvistunarheimili, sem reka starfsemi sína a. m. k. 4 mánuði ársins samfellt.

Heimilt er ráðuneytinu að veita dagvistunarheimili styrk, enda þótt það starfi skemur en fjóra mánuði, ef sérstakar aðstæður krefjast.

II. KAFLI

6. gr.

Sveitarfélag, sem óskar að reisa dagvistunarheimili eftir lögum þessum, skal njóta styrks úr ríkissjóði sem hér segir:

1. Til dagheimila og skóladagheimila 50% áætlaðs stofnkostnaðar fullbúins húsnæðis í samræmi við ákvæði í reglugerð um stofnkostnað skóla nr. 159/1969.
2. Til leikskóla 25% áætlaðs stofnkostnaðar.

Þeir aðilar aðrir en sveitarfélög, sem taldir eru upp í 3. gr., skulu njóta sama ríkisframlags, ef viðkomandi sveitarfélag mælir með því.

Nú hefur aðili fengið styrk úr ríkissjóði til stofnunar dagvistunarheimilis, en hætt rekstri þess, og er þá styrkurinn endurkræfur til ríkissjóðs samkvæmt reglum þar um, sem ákveðnar verða í reglugerð.

7. gr.

Heimilt er með samþykki menntamálaráðuneytisins að festa kaup á eldra húsnæði til rekstrar dagvistunarheimilis, og skal framlag ríkisins til þess vera sambærilegt við framlag til nýbyggingar.

Umsóknir aðila um ríkisframlag í þessu skyni skulu hlíta sömu skilyrðum sem um nýbyggingar væri að ræða.

III. KAFLI

8. gr.

Af rekstrarkostnaði greiðir ríkið sem hér segir:

1. Til dagheimila og skóladagheimila allt að 30%.
2. Til leikskóla allt að 20%.

Rekstrarstyrkir þessir skulu greiðast að loknu ársuppgjöri dagvistunarheimilis og skal meðalrekstrarkostnaður samsvarandi dagvistunarheimila um land allt lagður til grundvallar við greiðslu.

Setja skal í reglugerð nánari ákvæði um, hvað falla skuli undir þann rekstrarkostnað, sem ríkið tekur þátt í. Heimilt er að greiða 50% af rekstrarstyrk fyrir fram samkvæmt áætluðum rekstrarkostnaði.

9. gr.

Ríkisframlag til stofn- og rekstrarkostnaðar er bundið því skilyrði, að aðstandendum barna sé ekki gert að greiða meira en 30% af heildarrekstrarkostnaði dagheimila og skóladagheimila, og til leikskóla eigi meira en 50% af rekstrarkostnaði.

IV. KAFLI

10. gr.

Þegar aðili skv. 3. gr. óskar styrks úr ríkissjóði til að reisa og/eða reka dagvistunarheimili fyrir börn, skal hann senda beiðni þar um til menntamálaráðuneytisins.

Umsókn um leyfi til að reisa og/eða reka dagvistunarheimili skulu fylgja eftirtalin gögn:

1. Áætlanir um starfsemi stofnunarinnar, upplýsingar um rekstraraðila og starfsfólk.
2. Rekstraráætlun.

Þegar annar aðili en sveitarfélag sækir um styrk, skal auk framangreindra gagna fylgja umsögn viðkomandi sveitarstjórnar um, hvort dagvistunarheimili sé í samræmi við þarfir sveitarfélagsins og á þeim stað, er hagkvæmast má telja fyrir íbúana.

Óski aðili að reka dagvistunarheimili í leiguhúsnæði, er heimilt að veita styrk til rekstrarins samkvæmt 8. gr.

11. gr.

Menntamálaráðuneytið lætur rannsaka umsókn og þau gögn, sem henni fylgja. Að rannsókn lokinni tilkynnir ráðuneytið, hvort það hafi fallizt á umsókn.

Ef ráðuneytið getur ekki á umsókn fallizt, skal það tilkynnt aðila, og skal í synjun ráðuneytis tekið fram, hvort hafnað sé í heild hugmyndum um téð heimili eða hvort synjun stafi af því, að frumathugun sé áfátt, þannig að bæta megi úr, og skal þá bent á, hverju áfátt er að dómi ráðuneytisins.

Sé fallizt á umsókn, gerir ráðuneytið grein fyrir væntanlegum tillögum sínum um fjárframlög vegna fjárlagagerðar á fyrirhuguðu framkvæmdartímabili.

12. gr.

Ráðuneytið setur með reglugerð ákvæði um húsakost dagvistunarheimila, stærðareiningar, húsrými á barn, barnafjölda á deild, fjölda starfsliðs hverrar deildar, svo og ákvæði um útivistarsvæði og innri gerð.

Ráðuneytið skal láta gera staðlaðar teikningar af dagvistunarheimilum, sem byggjendur dagvistunarheimila eiga kost á að fá gegn sanngjörnu gjaldi.

13. gr.

Eftir að ráðuneytið hefur fallizt á umsókn samkvæmt 3. og 10. gr., skal umsóknaraðili leggja fram uppdrætti og gögn varðandi alla undirbúningsvinnu til samþykktar.

Til undirbúningsvinnu telst m. a.:

1. Uppdráttur að lóð.
2. Uppdrættir að fyrirhuguðu mannvirki.
3. Séruppdrættir af því, sem menntamálaráðuneytið kann að áskilja sérstaklega.
4. Vottorð byggingafulltrúa eða oddvita um, að byggingarnefnd (hreppsnefnd) hafi fallizt á uppdrætti, svo og vottorð annarra (byggingar-) yfirvalda um, að uppdrættir séu í samræmi við lög og reglugerðir.
5. Tíma- og greiðsluáætlun um framkvæmd verksins og yfirlýsing hlutaðeigandi umsóknaraðila um, að tryggð verði þau fjárframlög, sem um er að ræða frá öðrum en ríkissjóði.

Ef ráðuneytið telur framangreind gögn ekki fullnægjandi, skal það tilkynna, hvað á skorti.

14. gr.

Þegar ráðuneytið hefur gengið úr skugga um, að undirbúningur sé fullnægjandi samkvæmt framansögðu og fjárframlög tryggð, sér það um, að gerður verði samningur milli þess og hlutaðeigandi um greiðslur samkvæmt 6. gr. þessara laga, og heimilar, að hafinn verði tæknilegur undirbúningur.

15. gr.

Alþingi ákveður hverju sinni framlag til byggingaframkvæmda.

Eigi er heimilt að hefja framkvæmdir, fyrr en fé hefur verið veitt í fjárlögum og fyrir liggur skriflegt samþykki menntamálaráðuneytisins.

Ef hafnar eru framkvæmdir án samþykkis ráðuneytisins, verður stofnkostnaður ríkissjóði óviðkomandi.

Nú hefur Alþingi ákveðið fjárveitingu, og skal það þá einnig ákveða, hvernig framlögum til einstakra dagvistunarheimila verði hagað, en skylt er ríkinu að hafa lokið framlagi sínu innan 4 ára miðað við upphaflega kostnaðaráætlun, nema gert sé samkomulag um lengra greiðslutímabil.

Áætlaður stofnkostnaður dagvistunarheimila skiptist í áætlaðan byggingarkostnað og áætlaðan kostnað stofnbúnaðar.

Skal í áætlun þessari miða við þær kröfur (norm), sem reglugerð kveður á um varðandi gerð og búnað hvers heimilis. Í áætlun þessari skal miðað við byggingarkostnað og verðlag á þeim tíma, sem áætlunin er gerð, og miðast ríkisframlag við það.

16. gr.

Ráðuneytið skal hafa í þjónustu sinni starfsmann, sem lokið hefur námi í Fósturskóla Íslands eða í sambærilegum skóla og hlotið framhaldsmenntun. Auk þess skal hann hafa reynslu í uppeldisstarfi. Þessi starfsmaður skal athuga allar umsóknir um húsaskipan og rekstur dagvistunarheimila, áður en leyfi er veitt. Ber honum að hlutast til um, að fullnægt sé öllum ákvæðum, sem lög þessi og reglugerðir mæla fyrir um varðandi byggingu og rekstur dagvistunarheimila. Hann skal vera stjórnendum dagvistunarheimila til ráðuneytis um starfsemi heimilanna og annast eftirlit með þeim.

V. KAFLI

17. gr.

Forstöðumaður dagvistunarheimilis og starfslið, er annast fóstrunarstörf, skal hafa hlotið fóstrunarmenntun, svo og þeir, sem annast umsjón með dagvistunarheimilum á vegum rekstraraðila.

Heimilt er þó með samþykki ráðuneytisins að víkja frá þessu ákvæði, sé þess enginn kostur að fá fólk með framangreinda menntun til starfs.

18. gr.

Læknar skulu hafa eftirlit með heilsufari barna á dagvistunarheimilum. Skal kveða nánar á um það í reglugerð, svo og reglur um heilbrigðiseftirlit með starfsfólki.

Stefnt skal að því, að dagvistunarheimili eigi kost á sálfræði- og ráðgjafarþjónustu. Tengja skal þá þjónustu við ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu skóla.

19. gr.

Forstöðumaður dagvistunarheimilis skal halda reglulega fundi með starfsliði um stjórn heimilisins og velferð hvers einstaks barns.

Skylt er rekstraraðila dagvistunarheimilis að skipuleggja tengsl milli foreldra barnanna og dagvistunarheimilis í því skyni að efla samstarf milli þessara aðila um velferð barnsins.

20. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Samhljóða lagafrumvarp var lagt fram á síðasta Alþingi og fylgdu því svofelldar athugasemdir:

„Hinn 20. desember 1971 skipaði menntamálaráðherra, Magnús Torfi Ólafsson, nefnd til þess að semja frumvarp til laga um hlutdeild ríkisins í byggingu og rekstri barnaheimila. Formaður var skipaður Stefán Ól. Jónsson, fulltrúi í menntamálaráðuneytinu. Aðrir í nefndinni voru: Guðrún Jónsdóttir, félagsráðgjafi, Gyða Sigvaldadóttir, forstöðukona, Svava Jakobsdóttir, alþingismaður, og Þóra Þorleifsdóttir.

Frv. þetta er samið af nefndinni og fylgdi því svofelld greinargerð, ásamt fylgiskjölum:

I. kafli.

Nefndin hefur mótað tillögur sínar með þau grundvallarsjónarmið í huga, að uppbygging dagvistunarheimila í landinu sé brýn nauðsyn íslenzku þjóðfélagi af uppeldislegum, félagslegum og þjóðhagslegum ástæðum.

Áherzla er lögð á uppeldisgildi dagvistunarheimila, en það sjónarmið, að dagvistunarheimili séu neyðarúrræði vegna barna, sem búa við óheppilegar félagslegar aðstæður, er nú úrelt orðið. Í samræmi við það sjónarmið telur nefndin rétt, að mótuð verði sú framtíðarstefna, að öll börn innan skólaaldurs eigi kost á að njóta dvalar hluta úr degi eða daglangt á dagvistunarheimili um eitthvert skeið, sé þess óskað. Þetta skal vera óháð því, hvort báðir foreldrar vinna utan heimilis eða aðeins annað þeirra. Þetta sjónarmið er í fullu samræmi við þá stefnu, sem nágrannaþjóðir okkar hafa mótað.

Í þessari afstöðu felst engan veginn sú skoðun, að dagvistunarheimili skuli koma í stað uppeldis á heimilum; öllu fremur hið gagnstæða. Vel búin og vel rekin dagvistunarheimili, þar sem börnin njóta handleiðslu sérmenntaðs fólks í uppeldismálum, veita foreldrum ómetanlega aðstoð við uppeldi barna sinna í nútímaþjóðfélagi. Eigi öll börn kost á því að dveljast á dagvistunarheimilum, skapast meira jafnræði með þeim innbyrðis og þau standa jafnari að vígi en ella, er að því kemur, að þau standa andspænis kröfum skólaskyldunáms.

Til þess að unnt sé að hrinda þessari stefnu í framkvæmd svo að viðhlítandi sé fyrir þegnana, hlýtur ríkið að styrkja byggingu og rekstur dagvistunarheimila allverulega, og með hliðsjón af uppeldishlutverki dagheimilisstarfsemi og hinum menningarlega og félagslega undirbúningi, sem börnin hljóta þar undir skólanám, telur nefndin rétt að leggja til, að byggingarstyrkur til dagvistunarheimila sé hinn sami og til skólabygginga.

Nátengt því sjónarmiði, að uppbygging dagvistunarheimila sé nauðsynleg til þess að börn njóti jafnræðis, er og sú skoðun, að nægur fjöldi dagvistunarheimila sé eitt stærsta skrefið í átt til jafnréttis kynjanna, en núverandi ríkisstjórn hefur sett sér það markmið að „tryggja í framkvæmd fullt jafnrétti landsmanna án tillits til kynferðis, stéttar eða búsetu“. Hin fjölmennu heimili bændaþjóðfélagsins heyra fortíðinni til; heimilin eru orðin að smáeiningum, þar sem öll uppeldisstörf hvíla að jafnaði á móðurinni einni. Skortur á félagslegri aðstoð við uppeldisstörf kemur því í veg fyrir, að móðir geti rækt nám eða starf jafnframt móðurhlutverkinu. Án dagvistunarheimila eru því lög um jafnrétti kynja til náms og starfs orðin tóm.

Þrátt fyrir tilfinnanlegan skort á dagvistunarheimilum, starfa þó margar konur utan heimilis, og kröfur um fleiri dagvistunarheimili byggjast ekki sízt á því, að sú þróun verður æ örari. Þjóðfélagið hefur ekki efni á öðru en nýta hið mikla vinnuafl, sem því stendur þannig til boða, en þá hlýtur það einnig að teljast réttmæt krafa, að vel sé að börnunum búið þann tíma, sem foreldrar dveljast á vinnustað. Það fé, sem ríkisvaldið leggur til byggingar og rekstrar dagvistunarheimila, er því beinlínis undirstaða aukinna þjóðartekna.

Nefndin varð sammála um að greina bæri á milli dagvistunarheimila, þar sem börnin dvelja hluta úr degi eða daglangt, og vist- eða upptökuheimila, þar sem börnin dveljast allan sólarhringinn.

Þykir sýnt, að svo mikill sé eðlismunur á slíkum heimilum, bæði er varðar rekstur og gerð þeirra, að ein og sama löggjöfin geti eigi gilt um hvort tveggja. Dagvistunarheimili koma heimilunum til aðstoðar við uppeldið, en vistheimilin verða að koma í stað þeirra.

Skortur á dagvistunarheimilum getur orsakað að setja verður barn á vistheimili, og vitað er að á undanförnum árum hefur það átt sér stað, að börn hafa verið vistuð þar, sem ekki hefði þurft að gera, ef næg dagvistunarheimili hefðu verið til.

Skortur á dagvistunarheimilum getur þannig orðið til þess að slíta verður börn algerlega að nauðsynjalausu úr tengslum við heimili sitt. Á þetta er bent, til þess að leggja áherzlu á, að næg dagvistunarheimili eru einnig liður í mikilvægri félagslegri vernd. Munu uppeldisfræðingar sammála um, að ekki beri að rjúfa tengsl barns og heimilis nema eigi sé annars kostur.

Nefndin hefur heldur ekki gert tillögur um ríkisframlag til sumardvalarheimila, þar sem gerð þeirra og tilgangur er frábrugðinn gerð og tilgangi dagvistunarheimila og nefndin taldi því, að þau ættu ekki heima innan ramma sömu löggjafar.

Löggjöf um framlag ríkisins til byggingar og rekstrar vistheimila og sumardvalarheimila bíður því enn úrlausnar.

II. kafli.

Jafnframt því að gera tillögur um fjárframlög ríkisins til dagvistunarheimila, hefur nefndinni þótt rétt að gera sér einhverja grein fyrir innri starfsemi dagvistunarheimila og hverjar kröfur skyldi gera til rekstraraðila í því efni.

Tillögur nefndarinnar styðjast einkum við fengna reynslu af starfsemi Barnavinafélagsins Sumargjafar, sem lengst hefur annazt rekstur dagvistunarheimila hér á landi. Auk þess hefur nefndin kynnt sér hvernig þessari starfsemi er háttað á Norðurlöndum og haft hliðsjón af því.

Nefndin gerir ráð fyrir, að lögin taki til þrenns konar dagvistunarheimila, þ. e.:

Dagheimili, sem ætluð eru börnum frá 3ja mán. til skólaskyldualdurs. Þar er börnunum búin aðstaða til úti- og innileikja, hvíldar, máltíða og annarra þarfa a. m. k. 5 stundir á dag. Dagheimili veita börnunum mikilvæga vernd og æskileg uppeldisskilyrði og geta foreldrar verið öruggir um velferð barnsins meðan þeir stunda vinnu.

Leikskólar, ætlaðir börnum frá 2ja ára til skólaskyldualdurs til dvalar 3—4 stundir á dag. Jafnframt því að veita barninu tækifæri til að umgangast jafnaldra sína í skipulögðu hópstarfi og leik, veita leikskólarnir mæðrum og börnum hvoru frá öðru tækifæri til hvíldar, hluta dagsins, og húsmæðrum tóm til að sinna áhugamálum sínum.

Skóladagheimili. Starfsemin er með líku sniði og á dagheimilum. Börnunum er þar auk þess búin aðstaða til heimanáms og veitt hjálp við námið, ef ástæða er til. Þau sækja skólann frá skóladagheimilinu og dveljast þar til jafnaðar 5—6 stundir á dag.

Uppeldismarkmið þessara heimila er hið sama, þótt rekstrarform þeirra séu breytileg.

Skal hér drepið á þau helztu:

1. Dagvistunarheimili eiga að örva þroska barnanna með skipulögðu starfi og leik í umhverfi, sem sniðið er við hæfi þeirra.
2. Einstaklingsbundnum þörfum hvers barns skal reynt að mæta eftir því sem unnt er.
3. Stefna ber að því, að barnið venjist smám saman á að deila með öðrum, án þess þó að glata séreinkennum sínum. Með því er barnið búið undir þær kröfur, sem gerðar eru til þess síðar sem fullvaxta manns.
4. Dagvistunarheimili veita foreldrum mikilsverða aðstoð við uppeldi barna og vega upp á móti þeim vanköntum, sem fylgja borgarsamfélagi, svo sem þröngu eða óhentugu húsnæði og takmörkuðu leikrými.

Eigi dagvistunarheimili að ná tilgangi sínum verður margs að gæta í skipulagningu þeirra, rekstri og uppbyggingu.

Nefndin telur að eftirtalin atriði skipti þar meginmáli:

1. að við heimilin starfi sérhæft starfsfólk, er fengið hefur menntun, er geri því kleift að skilja þarfir barna á ýmsum aldursskeiðum;
2. að húsnæði það, sem heimilunum er ætlað, uppfylli fyllstu heilbrigðiskröfur og sé sniðið við þarfir barna;

3. að uppeldisfræðileg og sálfræðileg sjónarmið ráði við ákvörðun um stærð leikrýmis, skipulagningu þess, leikfangaval, heildarfjölda barna á heimili og barnafjölda í smærri hópum innan þess;
4. að útileiksvæði sé nægilega stórt og fjölbreytilegt að gerð og búið leiktækjum, er hæfi mismunandi aldursflokkum;
5. að börnum á dagvistunarheimilum sé tryggð sérhæfð heilbrigðis- og sálfræðileg þjónusta;
6. að náin samvinna takist milli foreldra og starfsfólks dagvistunarheimilis. Mikilvægt er, að foreldrar öðlist innsýn í starf heimilisins, séu hluttakendur í því, að svo miklu leyti sem unnt er, þannig að dvöl barnsins á dagvistunarheimili verði eðlilegur þáttur í daglegu lífi þess.

III. kafli.

Nefndin reyndi að afla sér upplýsinga um rekstur dagvistunarheimila í landinu og þær áætlanir, sem gerðar hefðu verið um ný heimili. Því miður reyndist torvelt að fá upplýsingar um þetta.

Engin heildarskráning er til hjá opinberum aðilum um þá, sem annast rekstur dagvistunarheimila. Það er því eigi fyllilega ljóst, hve mörg heimili eru rekin í landinu, en talið er, að þau séu eigi færri en 20 utan Reykjavíkur. Þau starfa þó ekki öll allt árið. Í Reykjavík eru rekin 10 dagheimili, 2 skóladagheimili og 11 leikskólar.

Þar sem nefndin taldi ófullkomnar þær upplýsingar, sem tiltækar voru um rekstur dagvistunarheimila, þá skrifaði hún bréf 10. janúar til allra bæjarfélaga í landinu og sveitarfélaga með yfir 1000 íbúa, alls 28 aðila.

Í bréfinu var beðið um upplýsingar um rekstur dagvistunarheimila, kostnað við þau og hvort gerðar hefðu verið áætlanir um ný heimili. Því miður hafa nefndinni aðeins borizt svör frá 11 aðilum. Þessi svör veita þó nokkrar upplýsingar um rekstrarkostnað dagvistunarheimila og nokkra vísbendingu um þörf nýrra eins og hún er nú. Á grundvelli þessara upplýsinga er þó ekki unnt að segja til um heildarkostnað við rekstur þeirra.

Bæði er það, að svör vantar frá ýmsum sveitarfélögum, sem reka heimili, og hitt, að ýmsir aðilar sjá um reksturinn, t. d. áhugafélög. Sveitarfélag veitir þá stundum rekstraraðila fjárstyrk eða greiðir halla af rekstri.

Framlag sveitarfélags er þá aðeins hluti af heildarkostnaði. Það kemur þó ótvírætt í ljós af svörunum, að áhugafélögin eiga í erfiðleikum með reksturinn og hætta er á að hann leggist niður, ef sveitarfélögin taka hann ekki að sér.

Gleggstar upplýsingar fékk nefndin frá Barnavinafélaginu Sumargjöf um rekstur dagvistunarheimila í Reykjavík, en félagið sér um reksturinn þar fyrir Reykjavíkurborg.

Á fylgiskjali nr. 1 er gerð grein fyrir rekstri Sumargjafar og þeirra sveitarfélaga, sem sendu nefndinni upplýsingar um rekstrarkostnað.

Nefndin hefur ekki haft tök á að kanna, hve mörg börn geta dvalizt á þeim dagvistunarheimilum, sem til eru í landinu, en á þeim 12 stöðum, sem nefndin fékk upplýsingar frá, reka 10 aðilar dagheimili með rými fyrir 962 börn og 8 staðir reka leikskóla, þar sem liðlega 1550 börn dvöldust s. l. ár.

Af þessu er í Reykjavík dagheimili fyrir 580 börn og leikskólar fyrir 1175 börn.

Á grundvelli þessara talna er þó ógerningur að gera nákvæma grein fyrir áætluðum heildarrekstrarkostnaði dagvistunarheimila fyrir árið 1972.

Sé áætlaður kostnaður Sumargjafar lagður til grundvallar má áætla, að rekstrarkostnaður dagheimila verði 80 808 000 kr., en rekstrarkostnaður leikskóla 42 583 200 kr.

Er þá reiknað með 962 börnum á dagheimilum og 1613 börnum í leikskólum, en það er sá fjöldi, sem nefndin hefur örugga vitneskju um úr bréfum sveitarstjórna, sem svöruðu erindi hennar. Fullvíst er þó, að rými á dagvistunarheimilum í öllu landinu sé meira en hér er talið.

Þessar talnaniðurstöður eru einnig ónákvæmar vegna þess, að nokkur dagvistunarheimili, sem þar eru talin, eru ekki rekin nema hluta af árinu.

Séu hins vegar aðeins talin dagheimili í stærstu kaupstöðum, sem vitað er, að rekin eru allt árið (Reykjavík, Kópavogur, Hafnarfjörður, Húsavík, Vestmannaeyjar, Akranes, Akureyri), er rými fyrir 852 börn alls. Og verður áætlaður heildarrekstrarkostnaður þá 71 568 000 kr. fyrir árið 1972.

Í leikskólum á sömu stöðum er rými fyrir 1533 börn og áætlaður heildarkostnaður við rekstur þeirra 40 471 200 kr.

Um þörf dagvistunarheimila í landinu er erfitt að segja vegna þess, hve óvíða hefur farið fram könnun á henni. Þó hefur slík könnun verið gerð í Kópavogi og bendir hún til þess, að mikillar aukningar sé þörf þar. Í Reykjavík hefur einnig verið gerð könnun á þessu og mun innan skamms liggja fyrir niðurstaða hennar.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

I. kafli.

Um 1. gr.

Hér er gerð tilraun til að skýra markmiðið með rekstri dagvistunarheimila og móta stefnu starfseminnar. Er hún í samræmi við eðli þeirrar menntunar, sem veitt er í Fóstruskóla Sumargjafar (Fósturskóla Íslands), og hliðstæð ríkjandi stefnu á Norðurlöndum, þar sem lögð er áherzla á, að dagvistunarheimili eigi að veita börnunum jákvæðan undirbúning undir þátttöku í skólalífi og samfélagi, þannig að þau fái sem bezt notið sín, bæði sem einstaklingar og félagsverur.

Um 2. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 3. gr.

Hér er kveðið á um, hverjir skulu njóta ríkisframlags til byggingar og/eða rekstrar dagvistunarheimila. Gert er ráð fyrir, að sveitarfélög og áhugafélög njóti styrks, enda er rekstur þeirra dagvistunarheimila, sem fyrir eru, að mestu í höndum þessara aðila. En auk þess þykir rétt að aðrir aðilar, sem reisa vilja og reka dagvistunarheimili á uppeldislegum grundvelli, njóti sama ríkisstyrks. Eru þar sérstaklega tilgreind húsfélög fjölbýlishúsa og þykir rétt að stuðla með þessu móti að því, að fólk geti notið kosta sambýlis, svo og starfsmannafélög, en þau hafa mörg hver sýnt áhuga á því að undanförnu að koma á fót dagvistunarheimilum. Hlýtur það að teljast eðlilegt að koma þannig til móts við aðila, sem vilja leggja fram fé til dagvistunarheimila til þess að búa börnum sínum góð skilyrði þann tíma, er þeir sjálfir dveljast á vinnustað.

Þá er og skýrt kveðið á um, að þau dagvistunarheimili, sem þegar eru fullbyggð, njóti ekki styrks til stofnkostnaðar.

Um 4. gr.

Hér er kveðið á um, hvaða tegundir barnaheimila njóti styrks skv. lögum. Eru þau öll hliðstæð að því leyti, að börnin dveljast þar einvörðungu á daginn.

Rétt þótti að miða efri mörk dagvistunardvalar við skólaskyldualdur, en ekki ákveðið aldursár. Fram að þessu hefur aldursmarkið verið bundið við 6 ára aldur, enda þótt vikið hafi verið frá þessu, einkum á dagheimilum, og börnunum leyft að dveljast lengur, ef aðstæður kröfðust. Þessu nýmæli er ætlað að tryggja barni samfellda handleiðslu. Þá má og benda á, að enn er forskóli ekki starfræktur á öllu landinu, enda ekki enn orðin skylda. Hugsanlegt væri að tengja forskóla og dagheimili, og ætti þetta ákvæði ekki að loka þeim möguleika, ef henta þætti.

Um 5. gr.

Hér er gert ráð fyrir, að ríkisframlag sé bundið við að dagvistunarheimili sé starfrækt a. m. k. 4 mánuði ársins, svo að nýting húsnæðis og búnaðar verði sem hagkvæmust og unnt reynist að fá hæft vinnuafl.

Heimilt er þó að víkja frá þessu ákvæði og er heimildarákvæði sett einkum til þess að tryggja það, að fámennari byggðarlög missi ekki ríkisframlag, enda þótt þau treysti sér ekki til þess að starfrækja dagvistunarheimili fulla fjóra mánuði.

II. kafli.

Um 6. gr.

Hér er lagt til, að byggingarstyrkur ríkisins til dagheimila og skóladagheimila nemi helmingi áætlaðs stofnkostnaðar, eins og nú er um skólabyggingar, en byggingarstyrkur til leikskóla verði fjórðungur áætlaðs stofnkostnaðar. Stofnkostnaður leikskóla er mun minni en stofnkostnaður annarra dagvistunarheimila, og því auðveldara fyrir sveitarfélögin að rísa undir byggingu þeirra. Sjá fskj. 1.1.

Þá er þeim aðilum öðrum en sveitarfélögum, sem reisa vilja dagvistunarheimili gert að skyldu að leita meðmæla viðkomandi sveitarstjórnar, ef þeir óska styrks frá ríkinu. Er talið æskilegt og eðlilegt að tryggja á þennan hátt, að sveitarstjórnir hafi yfirsýn yfir þróun dagvistunarmála í sínu umdæmi.

Þá er mælt fyrir um endurkröfurétt ríkisins á hendur aðila, sem hefur hlotið byggingarstyrk, en hættir rekstri og er talið eðlilegt, að kveðið sé á um í reglugerð, hvernig þessu ákvæði sé beitt.

Um 7. gr.

Skýrir sig að mestu sjálf, en áherzla er lögð á, að eldra húsnæði skuli fullnægja þeim kröfum, sem ráðuneytið gerir til húsnæðis dagvistunarheimila.

III. kafli.

Um 8. gr.

Hér er kveðið á um, hve hár rekstrarstyrkur ríkis skuli vera. Gert er ráð fyrir, að hann sé hærri til dagheimila og skóladagheimila en leikskóla, enda er rekstrarkostnaður leikskóla mun minni. Sjá fskj. 1.3.

Ekki þykir eðlilegt að setja í löggjöf sundurliðun á rekstrarkostnaði né nákvæma skilgreiningu á, hvað falla skuli undir þann lið, en gert ráð fyrir að það verði ákveðið með reglugerð.

Um 9. gr.

Hér er kveðið á um hámarksupphæð þess rekstrarkostnaðar, sem aðstandendum barnanna er gert að standa undir, eigi rekstrar- eða byggingaraðilar dagvistunarheimila að njóta ríkisstyrks. Er þessu ákvæði ætlað að koma í veg fyrir, að rekstraraðili dagvistunarheimilis geti látið vistgjöld bera uppi kostnað þann, sem ríkið greiðir ekki og á þann hátt á að tryggja að allur þorri foreldra geti notið heimilanna.

IV. kafli.

Um 10. gr.

Hér er kveðið á um, að menntamálaráðuneytið skuli fjalla um styrkbeiðni til byggingar og/eða rekstrar dagvistunarheimilis og hver gögn skuli fylgja á fyrsta stigi umsóknar. Þá er greint nánar, hvað felast skuli í umsögn sveitarstjórnarinnar, sé umsóknaraðili annar en sveitarfélag sjálft.

Um 11. gr.

Sérstök skýring óþörf.

Um 12. gr.

Í reglugerð um vernd barna og ungmenna, sem gefin var út af menntamálaráðherra 9. júní 1970 er í 35. gr. fjallað um atriði þau, er talin eru upp í greininni, og er sjálfsagt að hafa þá reglugerð til hliðsjónar. En rétt þykir að láta gera ýtarlegri reglugerð um innri gerð og búnað dagvistunarheimila með nýrri löggjöf og að hún sé gefin út sérstaklega.

Ráðuneytinu er í þessari grein einnig gert skylt að láta gera staðlaðar teikningar að dagvistunarheimilum og láta byggingaraðilum í té gegn sanngjörnu verði. Ætti þannig að vera unnt að tryggja betur en ella, að dagvistunarheimili séu byggð í samræmi við kröfur ráðuneytisins.

Um 13. gr.

Hér eru talin upp þau gögn, sem fylgja skulu umsókn byggingaraðila, eftir að ráðuneytið hefur fallizt á umsókn skv. 3. og 10. grein. Til grundvallar þessari grein liggur „Reglugerð nr. 159/1969 um stofnkostnað skóla".

Um 14. gr.

Skýring óþörf.

Um 15. gr.

Hér er skýlaust kveðið á um, að ekki megi hefja framkvæmdir án samþykkis ráðuneytisins, en verði það gert, sé stofnkostnaður ríkissjóði óviðkomandi.

Þá er og gert ráð fyrir, að ráðuneytið og byggingaraðili geti gert með sér samkomulag um lengra greiðslutímabil en tekið er fram í greininni.

Um 16. gr.

Nauðsynlegt þykir, að ráðuneytið hafi á að skipa sérhæfðum starfsmanni til þess að fjalla um málefni dagvistunarheimila. Þessi starfsmaður verður að vera nákunnugur því starfi, sem fram fer á dagvistunarheimilum, og er því gerð sú krafa, að hann hafi að loknu fóstrunarnámi hlotið framhaldsmenntun og reynslu í uppeldismálum. Honum er ætlað að fjalla um hverja umsókn með hliðsjón af markmiði og daglegri starfsemi dagvistunarheimila.

Einnig er honum falið ráðgjafar- og eftirlitsstarf með dagvistunarheimilum, en ekki þykir rétt að setja nánari ákvæði um skipulag þeirrar starfsemi, þar eð hún hlýtur að mótast allmjög af breytilegum aðstæðum á hinum ýmsu stöðum á landinu. Er talið eðlilegt, að reynslan skeri úr, hvernig þessu verði varið í reynd og ráðuneytið setji honum erindisbréf í samræmi við eðli starfsins.

V. kafli.

Um 17. gr.

Hér eru gerðar þær kröfur, að forstöðumaður dagvistunarheimilis og þeir, sem annast fóstrunarstörf, skuli hafa hlotið fóstrunarmenntun. Í reglugerð um vernd barna og ungmenna er kveðið á um svipaðar kröfur, en rétt þykir að binda þetta ákvæði í lögum vegna hins mikilvæga uppeldishlutverks dagvistunarheimila.

Ljóst er þó, að ekki verður unnt að framfylgja þessu alls staðar enn sem komið er, vegna skorts á fólki með framangreinda menntun, og er því veitt heimild til að víkja frá því, en háð skal það samþykki ráðuneytisins hverju sinni.

Um 18. gr.

Ákvæðið um heilsugæzlu er í samræmi við gildandi reglugerð um vernd barna og ungmenna og ríkjandi venjur á dagvistunarheimilum. Ákvæðið um ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu er hins vegar nýmæli. Verður að leggja áherzlu á nauðsyn þessarar þjónustu fyrir andlega heilsu og þroskaferil barnsins. Ákvæðið er þó í formi stefnuyfirlýsingar vegna þess, að torvelt mun að framfylgja því til hlítar að svo stöddu.

Um 19. gr.

Þessu ákvæði er annars vegar ætlað að stuðla að áhrifum starfsfólks á stjórn og starfsemi dagvistunarheimilisins og hins vegar ætlað að tryggja samstarf milli starfsfólks dagvistunarheimilisins og aðstandenda barnanna. Er rekstraraðila gert að skyldu að skipuleggja þau tengsl eins og bezt þykir henta á hverjum stað. Verður að ætla, að með þessu móti fái aðstandendur barnanna innsýn í starfsemi dagvistunarheimilis og geti betur fylgzt með þroska þeirra.

Um 20. gr.

Skýring óþörf.

Fylgiskjal 1.

Kostnaður við dagvistunarheimili.

1. Rekstur dagvistunarheimila í Reykjavík á vegum Barnavinafélagsins Sumargjafar.

Eins og að líkum lætur eru rekin flest dagvistunarheimili í Reykjavík og þar á rekstur þeirra lengstan feril að baki.

Þar sem ætla má, að þessi rekstur gefi glögga mynd af rekstrarkostnaði dagvistunarheimila, verður hér gerð grein fyrir kostnaði félagsins af rekstri dagheimila og leikskóla árið 1970. Tölur þær, sem hér fara á eftir eru úr reikningum félagsins og ná til 10 dagheimila, eins skóladagheimilis og 10 leikskóla.

Dagheimili með 149 377 dvalardaga	kr. 27 484 649
Leikskólar með 141 288 dvalardaga	— 15 881 891
Samtals	kr. 43 366 540

Hver dvalardagur á dagheimili kostaði að meðaltali 181.86 kr. Ef viðhaldskostnaður er ekki talinn með var kostnaðurinn kr. 173.68.

Í leikskólunum varð meðaldagkostnaður kr. 120.45 og að frádregnum viðhaldskostnaði kr. 114.95.

Við athugun einstakra kostnaðarliða sést, að launakostnaður er við rekstur dagheimila 68.7% af heildarkostnaði og vegna leikskóla 74.9%. Þessi kostnaðarhlutföll hafa hækkað síðan 1970 vegna hækkunar á launum.

2. Fjárframlag bæjarfélaga utan Reykjavíkur árið 1970 til dagvistunarheimila, sem svöruðu bréfi nefndarinnar, var sem hér segir:

	Til dagheimila	Til leikskóla
Kópavogskaupstaður	2 569 596	658 227
Akraneskaupstaður	1 780 000	
Vestmannaeyjakaupstaður	4 129 000	
Akureyrarkaupstaður	1 500 000	125 000
Styrkur veittur af sveitarfélagi til aðila, sem annast reksturinn:		
Hafnarfjarðarkaupstaður	1 400 000	350 000
Siglufjarðarkaupstaður	150 000	
Húsavíkurkaupstaður	376 000	
Seltjarnarneshreppur	800 000	
Eskifjarðarhreppur	275 000	
Samtals kr.	12 979 596	1 133 227

3. Áætlaður rekstrarkostnaður 1972.

Barnavinafélagið Sumargjöf hefur áætlað rekstrarkostnað við dagvistunarheimili 1972 og er hann sem hér segir:

Árskostnaður á dagheimilum og skóladagheimilum með 280 starfsdögum verður samkvæmt áætlun kr. 83 400 á hvert barn eða 6 950.00 kr. á starfsmánuði.

Áætlaður kostnaður fyrir barn á leikskóla á sama tíma og fyrir jafnmarga dvalardaga er krónur 53 200 eða 4 400 krónur á mánuði, en ætið deila tvö börn hverju rými, svo að fyrir hálfsdagsdvöl nemur kostnaðurinn 2 200 krónum á mánuði á hvert barn.

4. Stofnkostnaður.
Barnavinafélagið Sumargjöf hefur kannað stofnkostnað við byggingu dagheimilis fyrir 70 börn á aldrinum 3ja mánaða til 6 ára, og reynist hann verða um 300 þúsund krónur á hvert barn, miðað við verðlag ársins 1972.

Stofnkostnaður við tvísetinn leikskóla er áætlaður um 100 000 krónur á barn og þá miðað við byggingu, sem rúmar 111 börn á dag (55 + 56).

5. Tafla yfir rými á dagvistunarheimilum í sveitarfélögum, sem svöruðu bréfi nefndarinnar:

	Dagheimili	Leikskólar
Reykjavík	580 börn	1175 börn
Kópavogur	38 —	104 —
Hafnarfjörður	61 —	126 —
Siglufjörður	40 —	60 —
Húsavík	38 —	
Vestmannaeyjar	70 —	18 —
Eskifjörður	50 —	
Seltjarnarnes	15 —	20 —
Akranes	20 —	50 —
Akureyri	50 —	60 —
	962 börn	1613 börn

Tekið skal fram, að sum þessara heimila starfa aðeins hluta úr árinu. Upplýsingar um reksturinn á Akureyri eru ekki frá bæjarstjórn Akureyrar, vegna þess að svar barst ekki við bréfi nefndarinnar, en rétt þótti að leita upplýsinga þaðan eftir öðrum leiðum.

Fylgiskjal II.

Þátttaka ríkis í stofn- og rekstrarkostnaði dagvistarheimila í Danmörku, Svíþjóð, Noregi og Finnlandi.

Yfirlit það sem fer hér á eftir er tekið saman úr lögum, reglugerðum og bréfum, sem nefndin aflaði sér frá viðkomandi löndum um hlutdeild ríkis í stofnkostnaði og rekstri dagvistunarheimila. Frú Svandís Skúladóttir, fóstra, aðstoðaði nefndina við úrvinnslu úr þeim gögnum, sem nefndinni bárust.

Hlutdeild ríkjanna felst ekki einungis í beinum fjárframlögum, heldur áskilja ríkin sér rétt til að gera kröfur til þeirra, sem reka heimilin, um gerð og búnað heimilanna, svo að þau verði sem hæfust til að gegna uppeldishlutverki sínu.

Danmörk.

Lög nr. 193 frá 4. júní 1964 fjalla m. a. um dagvistunarheimili og aðrar uppeldisstofnanir, en nokkrar breytingar hafa síðar verið gerðar á þessum lögum. Eftirfarandi upplýsingar eru sóttar í „Daginstitutioner. Love og bekendtgörelser med noter og henvisninger“ (Munksgård, sept. 1971).

Samkvæmt 65. grein laganna geta eftirfarandi stofnanir notið styrks samkvæmt lögunum, hljóti þær viðurkenningu viðkomandi ráðherra:

A. Vöggustofur.
B. Dagheimili og leikskólar.
C. Skóladagheimili.
D. Æskulýðsklúbbar.
E. Leikvellir.

Ráðherra skal gefa út reglur um húsnæði, stjórnun, rekstur og störf stofnananna, svo og um lækniseftirlit barna og ráðningarskilmála starfsfólks (grein 67).

Til þess að geta notið styrks samkvæmt lögunum, þurfa ofangreindar stofnanir að uppfylla viss skilyrði og hljóta viðurkenningu ráðherra. Skilyrði eru meðal annars:

a. Að ráðherra samþykki stjórn stofnunarinnar, forstöðu, starfsreglur og húsnæði (grein 66).
b. Sé um nýja stofnun að ræða eða breytingar á eldra húsnæði, þarf ráðherra að samþykkja teikningar (grein 66).
c. Ráðherra skal samþykkja gjaldskrá stofnunarinnar (grein 69).

Stofnanir þær, sem ráðherra hefur viðurkennt, skulu njóta styrks frá ríki og sveitarfélagi, sem nægir til að greiða að fullu: húsaleigu eða vexti og afborganir af lánum vegna byggingarkostnaðar, opinber gjöld vegna húsnæðis, tryggingargjöld, viðhald. Af þessu skal ríkið greiða 57%, en viðkomandi sveitarfélag 43%.

Sömu stofnanir skulu enn fremur njóta styrks frá ríki og sveitarfélagi til rekstrar og skal ríkið greiða 40% af öllum rekstrarkostnaði (öðrum en þeim, sem að ofan greinir), en sveitarfélagið 30%, en 30% falla síðan í hlut foreldra barnanna.

Svíþjóð.

Ákvæði um ríkisstyrk til dagheimila er að finna í „Anvisningar beträffande tillämpningen av Kungl. Maj.st. kunngörelse den 13 maj 1966 om statsbidrag och lån till barnstugor. Socialstyrelsen, juni 1970". Styrkur ríkisins til stofn- og rekstrarkostnaðar er miðaður við hvert barn, sem stofnunin hefur til vistunar. Ríkið greiðir í beinan styrk 5000 s.kr. og auk þess 4000 s.kr. í lán (til þrettán ára) miðað við hvert rými á dagheimili. Af rekstrarkostnaði dagheimilanna greiðir ríkið 2800 s.kr. á ári fyrir hvert barn á dagheimili.

Upplýsinga hefur verið aflað frá Sveriges Förskollärares Riksförbund um byggingar- og rekstrarkostnað dagheimila. Byggingarkostnaður staðlaðra dagheimila (prefabrikerad typbarnstuga) er um 11 500 s.kr. á hvert rými, en 14 500 s.kr. í sérhönnuðum og sérbyggðum dagheimilum. Rekstrarkostnaður dagheimilanna er um 11 000 s.kr. á barn á ári.

Samkvæmt ofangreindum upplýsingum stendur ríkið undir 62—78% af byggingarkostnaðinum í formi styrkja og lána, og um 25% af rekstrarkostnaðinum. Frá sama aðila hafa fengizt þær upplýsingar, að foreldrar greiði 12—15% af rekstrarkostnaði í vistunargjald fyrir börn sín, svo að sveitarfélagið greiðir þá um 60%.

Vöggustofur og skóladagheimili njóta sömu réttinda til ríkisstyrks og dagheimili, en leikskólar njóta ekki styrks.

Noregur.

Samkvæmt norskum lögum, frá 17. júlí 1953 (grein 45), skulu sveitarfélög byggja eða styðja byggingu dagvistunarheimila. Þetta þótti þó ekki örva nóg byggingu þessara stofnana og tók því ríkið árið 1963 að veita styrki til rekstrar þeirra. Þátttaka ríkisins var svo enn aukin árið 1966, en þá tók ríkið einnig að veita styrki til byggingar dagvistunarheimila og árið 1969 var farið að veita lán frá Husbanken vegna byggingarkostnaðar. Byggingarkostnaður deilist að jafnaði á eftirfarandi hátt: ríkisstyrkur 33%, lán frá Husbanken 49% og sveitarfélag (eða sá aðili, sem reisir heimilið) 18%.

Ríkið veitir enn fremur rekstrarstyrk til dagvistunarheimila og fer þessi styrkur eftir fjárhagsgetu sveitarfélagsins, sem stofnunin er í. Styrkurinn nemur 11—33% af öllum rekstrarkostnaðinum.

Heimild: Forelöpig innstilling om utbygging av daginstitusjoner, fra Daginstitusjonsutvalget oppnevnt ved kongelig resolusjon av 29. august 1969. Innstilling avgitt 10. juni 1971.

Finnland.

Lög frá 11. nóv. 1927 (Om statsunderstöd åt barnträdgårdar) fjalla um stuðning ríkisins við dagvistunarheimili. Samkvæmt þessum lögum greiðir ríkið ⅓ hluta af viðurkenndum rekstrarkostnaði. Ríkið tekur ekki þátt í stofnkostnaðinum. Lög þessi eru enn í gildi.

Dagheimili þau, sem njóta ríkisstyrks, verða að hlíta allýtarlegum reglum, sem viðkomandi ráðuneyti setur, um rekstur þessara stofnana sem og um húsnæði og innréttingar.

Yfirlit yfir kostnaðardreifingu dagheimila í Danmörku, Svíþjóð, Noregi og Finnlandi.
(Jafnaðartölur).

		Ríki	Lán	Sveitarfélag	Foreldrar
Byggingarkostn. (eða leigukostn.)	Danmörk	57%		43%	
	Svíþjóð	35%	30%	35%	
	Noregur	33%	49%	18%	
	Finnland	0%		100%	
Rekstrarkostnaður	Danmörk	40%		30%	30%
	Svíþjóð	25%		60%	15%
	Noregur	11–33%		34–56%	33%
	Finnland	33%		34%	33%“

Ed. 4. Frumvarp til laga [4. mál]

um Stýrimannaskólann í Vestmannaeyjum.

(Lagt fyrir Alþingi á 93. löggjafarþingi, 1972.)

I. KAFLI
Markmið skólans og skipulag.

1. gr.

Markmið Stýrimannaskólans í Vestmannaeyjum er að veita þá fræðslu, er þarf til að standast fiskimannapróf og farmannapróf 1. og 2. stigs.

2. gr.

Skipstjórnarnám skal vera í 2 stigum og veiti hvort stig tiltekin atvinnuréttindi, eins og þau verða ákveðin í lögum um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna.

1. stig farmanna og fiskimanna, námstími 6 mán.
2. stig farmanna og fiskimanna, námstími 7½ mán.

Heimilt er að lengja námstímann með reglugerðarákvæði.

3. gr.

Til þess að ljúka 2. stigi skipstjórnarnáms þarf nemandi áður að hafa lokið 1. stigi.

II. KAFLI
Kennsla.

4. gr.

Í skólanum skal kenna: stærðfræði, siglingafræði, þar með talin kennsla í notkun siglinga- og fiskileitartækja, íslenzku, ensku, dönsku, eðlisfræði, rafmagns-

fræði, vélfræði, sjórétt, veðurfræði, heilsufræði, bókhald, sjómennsku og íþróttir, einkum sund. Þá skal leitazt við að veita nemendum fiskimannadeildar fræðslu um fiskverkun og annað, er lýtur að meðferð og geymslu fisks um borð í skipum.

Heimilt er að bæta við námsgreinum, ef þörf þykir. Kennslumagn í hverri grein skal ákveðið í reglugerð.

III. KAFLI
Inntaka nemenda.

5. gr.

Almenn inntökuskilyrði í skólann eru þessi:

1. Að fullnægja kröfum reglugerðar um siglingartíma.
2. Að hafa þá sjón, heyrn og málfæri, sem yfirmannsstaða krefst.
3. Að kunna sund.
4. Að vera ekki haldinn neinum næmum sjúkdómi eða líkamskvilla, er geti orðið öðrum nemendum skaðvænir.
5. Að hafa lokið gagnfræðaprófi eða hliðstæðu prófi.

Heimilt er að halda námskeið við skólann fyrir þá, sem ekki hafa gagnfræðapróf eða annað hliðstætt próf. Námskeið þetta skal standa minnst í 4 mánuði. Námsgreinar skulu vera: stærðfræði, eðlisfræði, íslenzka, enska og danska. Skal námsefnið miðað við það, sem kennt er til gagnfræðaprófs í þessum greinum. Próf frá þessu námskeiði með tilskilinni einkunn veitir rétt til setu í 1. bekk, sé öðrum inntökuskilyrðum fullnægt.

IV. KAFLI
Kennslutími.

6. gr.

Heimilt er að halda hálfsmánaðar námskeið í stærðfræði og íslenzku eða fleiri greinum að haustinu, áður en skóli hefst, fyrir þá, er ekki náðu tilskilinni lágmarkseinkunn í þessum greinum til að setjast í efri bekk, en náðu þó tilskilinni lágmarkseinkunn, eins og ákveðið verður í reglugerð.

V. KAFLI
Próf.

7. gr.

Próf skulu haldin í lok kennslutímabils hvors stigs og skulu gefin út prófskírteini fyrir hvort stig. Prófskírteini við próf 2. stigs skulu gefin út á íslenzku, ensku og dönsku.

8. gr.

Við próf 1. og 2. stigs skal auk kennarans, sem prófar, vera einn prófdómari í hverri grein, nema tveir í siglingafræði, og skipar ráðuneytið þá að fengnum tillögum skólastjóra.

9. gr.

Vilji maður ganga undir próf, án þess að hafa stundað nám við skólann, skal hann senda menntamálaráðuneytinu beiðni um það eigi síðar en tveimur mánuðum áður en próf hefst, og skal fylgja beiðninni vottorð um, að umsækjandi fullnægi kröfum þeim, er um getur í 1.—5. lið 5. gr. þessara laga, og vottorð um þann undirbúning, er hann hefur fengið.

Heimilt skal skólastjóra að veita manni leyfi til að ganga undir próf upp úr undirbúningsdeildinni, þótt hann hafi ekki stundað þar nám.

VI. KAFLI
Kennarar skólans.

10. gr.

Menntamálaráðuneytið skipar skólastjóra við skólann og eftir þörfum fasta kennara að fengnum tillögum skólastjóra. Skólastjóri ræður stundakennara eftir þörfum innan marka fjárveitingar.

Laun skólastjóra og fastra kennara skulu ákveðin í kjarasamningum starfsmanna ríkisins eða með dómi kjaradóms.

11. gr.

Til þess að geta orðið skólastjóri Stýrimannaskólans í Vestmannaeyjum þarf hlutaðeigandi að hafa lokið farmannaprófi frá Stýrimannaskólanum í Reykjavík eða jafngildu prófi annars staðar og síðan stundað framhaldsnám í raungreinum skólans og lokið prófi í þeim við innlendan eða erlendan skóla.

Til þess að verða fastur kennari í siglingafræði verður hlutaðeigandi að hafa lokið að minnsta kosti farmannaprófi 3. stigs frá Stýrimannaskólanum í Reykjavík eða sambærilegu prófi. Þó má veita undanþágu frá þessum ákvæðum, þegar sérstaklega stendur á.

Til þess að verða tungumálakennari skólans verður hlutaðeigandi að hafa lokið háskólaprófi í kennslugrein sinni. Þó má veita undanþágu frá þessu ákvæði, þegar sérstaklega stendur á.

Enginn getur fengið veitingu fyrir embætti við skólann, nema hann hafi gegnt því á fullnægjandi hátt sem settur í eitt ár að minnsta kosti.

VII. KAFLI
Ýmis ákvæði.

12. gr.

Kostnaður við skólahaldið greiðist úr ríkissjóði.

13. gr.

Menntamálaráðuneytið fer með yfirstjórn skólans.

Í skólanefnd eiga sæti 5 menn. Ráðuneytið skipar 4 skólanefndarmenn til 4 ára í senn: tvo samkvæmt tilnefningu Skipstjóra- og stýrimannafélagsins Verðandi, Vestmannaeyjum, og einn samkvæmt tilnefningu Útvegsbændafélags Vestmannaeyja. Formann skipar ráðuneytið án tilnefningar.

Einn skólanefndarmann skipar ráðuneytið til eins árs í senn samkvæmt tilnefningu nemenda skólans. Tilnefning fulltrúa nemenda skal fara fram eftir reglum, sem ráðuneytið setur.

Skólanefndin skal fylgjast með kennslutilhögun og námsefni og vera skólastjóra til aðstoðar í málefnum skólans almennt.

14. gr.

Menntamálaráðuneytið setur reglugerð, þar sem ákveðið sé um námsefni fyrir hvort stig, enn fremur ákvæði um próf og einkunnir, inntöku nemenda í skólann, kennslutilhögun, námskeið og annað, er varðar skólahaldið almennt.

15. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Þó skulu ákvæði laga nr. 73/1964 gilda um þá, er hafa hafið nám í skólanum, áður en lögin taka gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Samhljóða lagafrumvarp var lagt fram á síðasta Alþingi og fylgdu því svofelldar athugasemdir:

„Lög voru sett um Stýrimannaskólann í Vestmannaeyjum 1964 og breytt með lögum nr. 6 frá 25. marz 1967.

Þessi lög voru að mestu sniðin eftir þágildandi lögum um Stýrimannaskólann í Reykjavík.

Á því þingi, er nú situr (92. löggjafarþingi) voru samþykkt ný lög um Stýrimannaskólann í Reykjavík, og er þess vegna eðlilegt að samræma lög um Stýrimannaskólann í Vestmannaeyjum þeim lögum, vegna ýmissa breytinga, sem á þeim hafa orðið, bæði hvað snertir efni og form.

Þar sem Stýrimannaskólinn í Vestmannaeyjum útskrifar aðeins skipstjórnarmenn með réttindum 1. og 2. stigs, er þetta frumvarp aðeins miðað við þann hluta laga um Stýrimannaskólann í Reykjavík, sem á við 1. og 2. stig námsins.

Meginrökin fyrir því, að lög um þessa tvo stýrimannaskóla séu í sem mestu samræmi, eru þau, að nauðsynlegt er að þeir veiti fyllilega sambærilega menntun á áðurnefndum skólastigum. Þannig sé undirbúningur, kennsla og próf jafngild, svo að nemendur, sem lokið hafa 1. stigi í öðrum skólanum, geti hafið nám við 2. stig hins, og að nemendur úr Vestmannaeyjum, sem lokið hafa 2. stigi þaðan, geti haldið áfram námi í Reykjavík.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í greininni er getið um markmið Stýrimannaskólans í Vestmannaeyjum, þ. e. að veita þá fræðslu, sem þarf til að standast þau próf, sem krafizt er fyrir hin mismunandi stig skipstjórnarréttinda.

Um 2. gr.

Í greininni er tekið fram, í hve mörgum stigum skipstjórnarnám skuli vera og námstími fyrir hvort stig. Enn fremur er heimild til að lengja námstímann með reglugerðarákvæði.

Um 3. gr.

Hér er gert ráð fyrir, að hvort stig skipstjórnarnáms taki við af öðru, eins og eðlilegt má teljast.

Um 4. gr.

4. gr. er um þær námsgreinar, sem kenna skuli við skólann, ásamt heimild til að bæta við námsgreinum eftir þörfum. Gert er ráð fyrir ýtarlegri fræðslu um fiskmeðferð en verið hefur, og einnig, að bætt verði við námsgreinum eftir því sem þurfa þykir.

Um 5. gr.

Hér er bætt við eldri lagaákvæði gagnfræðaprófi eða hliðstæðu prófi sem inntökuskilyrði í 1. bekk (áður 13. gr.). Í greininni er þó gert ráð fyrir, að skólinn hafi heimild til að undirbúa þá nemendur til inntöku í 1. bekk, sem ekki hafa tilskilið próf fyrir 1. bekk.

Um 6. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 7. gr.

Gert er ráð fyrir prófi við lok hvors stigs, og að þeir sem ljúka prófi, er veitir þeim réttindi í utanlandssiglingum, fái útgefin prófskírteini á íslenzku, ensku og dönsku.

Um 8. gr.

Fyrirkomulag prófa er óbreytt, en vegna mikilvægis siglingafræði er álitið rétt að hafa tvo prófdómara í þeirri grein.

Um 9. gr.

Greinin er hliðstæð 11. gr. eldri laga um Stýrimannaskólann í Reykjavík.

Um 10. gr.

Greinin er hliðstæð 15. gr. eldri laga um Stýrimannaskólann í Reykjavík.

Um 11. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 12. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 13. gr.

Menntamálaráðuneytið fer með yfirstjórn skólans í stað samgönguráðuneytisins samkv. eldri lögum, og er það í samræmi við reglugerð nr. 96/1969 um Stjórnarráð Íslands.

Eðlilegt má teljast, að skólanefndarmenn séu úr Vestmannaeyjum, vegna staðsetningar skólans.

Um 14. gr.

Hér er gert ráð fyrir, að í reglugerð verði ákveðið um námsefni og nánar kveðið á um próf, einkunnir, námskeið o. fl., er varðar skólahaldið, í stað þess að áður var talið upp námsefni fyrir hvort stig, sbr. 5. gr. eldri laga.

Um 15. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.“

Nd. 5. Frumvarp til laga [5. mál]

um breyting á lögum nr. 54 20. apríl 1954 um orkuver Vestfjarða.

(Lagt fyrir Alþingi á 93. löggjafarþingi, 1972.)

1. gr.

1. gr. laga nr. 54 20. apríl 1954 orðist svo:

Ríkisstjórninni er heimilt að fela Rafmagnsveitum ríkisins að virkja Dynjandisá eða Mjólká í Arnarfirði til raforkuvinnslu í orkuverum með allt að 10 000 kílówatta framleiðslugetu og gera nauðsynlegar ráðstafanir á vatnasvæði ánna til að tryggja rekstur þeirra. Enn fremur að leggja aðalorkuveitur frá raforkuverunum um Vestfirði.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um frumvarp þetta, sem lagt er fyrir Alþingi samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, vísast til fylgiskjals hér á eftir.

Fylgiskjal.

BRÁÐABIRGÐALÖG

um breyting á lögum nr. 54 20. apríl 1954 um orkuver Vestfjarða.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Iðnaðarráðherra hefur tjáð mér, að fyrirsjáanlegur sé verulegur raforkuskortur á Vestfjörðum. Ber því nauðsyn til að hefjast þegar handa um mannvirkjagerð til aukningar raforkuframleiðslu í Mjólká í Arnarfirði. Er ákveðið að byrja mannvirkjagerðina þegar á þessu sumri. Lagaheimild skortir hins vegar til þessara framkvæmda.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, á þessa leið:

1. gr.

1. gr. laga nr. 54 20. apríl 1954 orðist svo:

Ríkisstjórninni er heimilt að fela Rafmagnsveitum ríkisins að virkja Dynjandisá eða Mjólká í Arnarfirði til raforkuvinnslu í orkuverum með allt að 10 000 kílówatta framleiðslugetu og gera nauðsynlegar ráðstafanir á vatnasvæði ánna til að tryggja rekstur þeirra. Enn fremur að leggja aðalorkuveitur frá raforkuverunum um Vestfirði.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 3. ágúst 1972.

Kristján Eldjárn.
(L. S.)

Magnús Kjartansson.

Sþ. 6. Fyrirspurnir. [6. mál]

I. Til dómsmálaráðherra um fangelsismál.

Frá Gylfa Þ. Gíslasyni.

1) Hvað er rúm fyrir marga fanga í íslenzkum fangelsum?
2) Til hversu margra daga fangelsisvistar hafa menn verið dæmdir á ári síðastliðin fimm ár?
3) Hversu margir menn eiga óafplánaða fangelsisdóma og í hversu marga daga?
4) Eru varðhaldsdómar taldir með í svörum við fyrrgreindum spurningum? Ef svo er ekki, hvernig er þeim þá fullnægt?
5) Hversu margir þeirra manna, sem hlotið hafa dóm, hafa brotið af sér á ný, meðan þeir bíða þess að afplána dóm sinn?
6) Eru unglingar, sem hljóta dóm, látnir búa í fangelsi innan um síbrotamenn?
7) Eru uppi áform um að skapa fjölbreyttari aðstöðu til vinnu fanga, t. d. með því að koma upp verkstæðum og vinnustöðum?
8) Hver er aðstaða til endurhæfingar fanga, er þeir hafa lokið refsivist?
9) Hafa verið athugaðir möguleikar á að beita annars konar viðurlögum við brotum en sektum eða fangelsisvist?
10) Hvaða áform hefur ríkisstjórnin um úrbætur í fangelsismálum, og hvenær koma þau til framkvæmda?
11) Hversu margar kærur hafa borizt Sakadómi Reykjavíkur síðastliðin fimm ár?
12) Hversu margar þeirra hafa hlotið endanlega afgreiðslu? Hefur það gerzt, að kæra hafi fyrnzt vegna þess, að hún hafi ekki verið tekin til meðferðar?

II. Til dómsmálaráðherra um áfengismál.

Frá Gylfa Þ. Gíslasyni.

1) Hvað er rúm fyrir marga drykkjusjúklinga á gæzluvistarhælum?
2) Hvaða meðferð hljóta þeir á hælunum?
3) Hafa ákvæði laga nr. 39/1964 um, að áfengisvarnaráðunautur eða áfengisvarnanefnd skuli halda spjaldskrá um þá, sem handteknir eru vegna ölvunar tvisvar sinnum eða oftar með skömmu millibili, verið framkvæmd?
4) Ef svo er, hversu margir hafa þá verið skráðir á ári síðastliðin fimm ár?
5) Hversu margir drykkjusjúklingar hafa verið fluttir í sjúkrahús á ári síðastliðin fimm ár, sbr. 1. gr. l. nr. 39/1964?
6) Hversu margir hafa verið handteknir vegna ölvunar á almannafæri oftar en tólf sinnum á ári síðastliðin fimm ár?
7) Hvaða áform hefur ríkisstjórnin um bætta aðstöðu fyrir áfengissjúklinga?
8) Hve margir starfa við eiturlyfjamál á vegum lögreglunnar?
9) Hefur lögreglumönnum verið veitt fræðsla til að gera þeim kleift að þekkja áhrif eiturlyfja á fólk og rétt viðbrögð við fólki undir áhrifum þeirra?
10) Er lögreglulið Reykjavíkur nægilega fjölmennt og vel búið bifreiðum og öðrum tækjum?

Sþ. 7. Fyrirspurn [7. mál]

til fjármálaráðherra um endurskoðun skattalaga.

Frá Bjarna Guðnasyni.

1. Hvað líður störfum skattanefndar og endurskoðun skattalaganna?
2. Hver er starfsaðstaða nefndarmanna?
3. Er þess ekki að vænta, að endurskoðun skattalaganna verði lögð fram á þessu þingi það tímanlega, að unnt verði að taka skattalögin til rækilegrar meðferðar og gera á þeim nauðsynlegar lagfæringar fyrir næsta skattár?

Sþ. 8. Tillaga til þingsályktunar [8. mál]

um endurskoðun laga um kosningar til Alþingis.

Flm.: Svava Jakobsdóttir, Vilhjálmur Hjálmarsson, Stefán Gunnlaugsson, Steinþór Gestsson, Björn Jónsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að leggja fyrir næsta þing tillögur til breytinga á kosningalögum með það fyrir augum að auðvelda utankjörfundaratkvæðagreiðslu.

Greinargerð.

Samkvæmt lögum um kosningar til Alþingis getur utankjörfundaratkvæðagreiðsla innanlands aðeins farið fram hjá lögreglustjórum og hreppstjórum, og er því þeim, sem dveljast á sjúkrahúsum og hliðstæðum stofnunum, gert ómögulegt að neyta kosningarréttar, þótt dvalarstaðurinn sé heima á Íslandi. Í sömu lögum er svo mælt fyrir, að utankjörfundaratkvæðagreiðsla erlendis skuli fara fram í skrifstofu sendiráðs eða útsends aðalræðismanns, útsends ræðismanns eða vararæðismanns Íslands, eða kjörræðismanns, sem er íslenzkur ríkisborgari eða af íslenzku þjóðerni og mælir á íslenzka tungu. Utankjörfundaratkvæðagreiðsla getur því, samkvæmt þessu, farið fram á 20 stöðum erlendis í 12 þjóðlöndum.

Að undanförnu hafa Íslendingar búsettir erlendis og þá einkum námsmenn borið fram mjög eindregnar óskir um, að þeim verði gert auðveldara en nú er að neyta kosningarréttar síns utan kjörfundar. Þeim námsmönnum, sem sækja menntun sína til annarra landa, hefur farið fjölgandi á síðustu árum og áratugum, og þeir eru dreifðari um löndin en áður var. Þessi þróun leiðir æ berlegar í ljós þá annmarka, sem eru á fyrirkomulagi utankjörfundaratkvæðagreiðslu. Er að vonum, að það valdi vaxandi óánægju meðal námsmanna, að þeir fá eigi neytt kosningarréttar síns, en það er kunnara en frá þurfi að segja, að námsmenn hafa hvorki fé né tíma til að sækja kjörfund um langan veg. Til marks um, hversu ófullnægjandi núverandi skipan utankjörfundaratkvæðagreiðslu er, má nefna, að í einu Norðurlandanna, Finnlandi, getur enginn utankjörfundaratkvæðagreiðsla farið fram.

Í júní 1970 var skipuð nefnd með fulltrúum frá dómsmálaráðuneytinu, Hagstofu Íslands og Sambandi íslenzkra sveitarfélaga, og var henni falið að athuga þau atriði í gildandi lögum um kosningar til Alþingis, sem til álita koma við framkvæmd kosninga. Nefndin skilaði greinargerð, dags. 14. jan. 1971, þar sem m. a. eru reifaðar hugmyndir um breytta skipan utankjörfundaratkvæðagreiðslu erlendis, og í bréfi, stíluðu til dóms- og kirkjumálaráðuneytisins, setur ráðuneytisstjóri utanríkisráðuneytisins fram hugmyndir um sama atriði. Enn hafa þó ekki verið lagðar fyrir Alþingi neinar tillögur til breytinga og úrbóta á þeim ákvæðum kosningalaganna, sem hér um ræðir.

Þessi tillaga er flutt til þess að knýja á um framhald þessa verks, og telja flutningsmenn, að ekki megi dragast lengur en fram á næsta þing að koma til móts við sanngjarnar kröfur námsmanna í þessum efnum.

Enn um leið og ráðin verður bót á aðstöðu þeirra, sem dveljast erlendis, til þess að neyta réttar síns við alþingiskosningar, sýnist flm. eðlilegt að taka til endurskoðunar ákvæði um utankjörfundaratkvæðagreiðslu heima fyrir, svo að einnig þeim verði gert kleift að neyta kosningarréttar, sem ekki geta vegna heilsubrests ferðazt til hreppstjóra eða lögreglustjóra, en hafa til þess áhuga og heilbrigði að tjá hug sinn og taka afstöðu við kosningar.

Sþ. 9. Tillaga til þingsályktunar [9. mál]

um lánsfé til hitaveituframkvæmda.

Flm.: Stefán Gunnlaugsson, Jón Árm. Héðinsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að gera ráðstafanir til að tryggja sveitarfélögum lánsfé til hitaveituframkvæmda.

Greinargerð.

Oft hefur verið bent á gagnsemi þess að hagnýta jarðvarma til húshitunar. Þjóðhagslega séð sparast við það dýrmætur gjaldeyrir vegna kaupa á húsolíu. Og út frá sjónarmiði viðkomandi sveitarfélags er hitaveita í stað olíukyndingar ekki aðeins hreinlætis- og heilbrigðismál, heldur hefur í för með sér verulega lækkaðan hitakostnað, þegar til lengdar lætur.

Víða um land er áhugi á virkjun jarðvarma til upphitunar húsa.

Í Reykjaneskjördæmi eru nokkur sveitarfélög, sem hafizt hafa handa um undirbúning og rannsóknir vegna fyrirhugaðra hitaveitna. Lögum samkvæmt skal Orkusjóður aðstoða við slíkar byrjunarframkvæmdir með styrkjum og lánum. Þótt þessi sjóður sé nú mjög vanmegna fjárhagslega, hefur fyrirgreiðsla hans gert ýmsum sveitarfélögum kleift að ráðast í umræddar jarðvarmarannsóknir, sem eru nauðsynlegur undanfari virkjunarframkvæmda. Er knýjandi að efla þennan sjóð, svo að hann geti sinnt betur en hingað til því hlutverki, sem honum er ætlað lögum samkvæmt.

Aftur á móti er nú enginn sjóður eða peningastofnun, sem ber að sinna því verkefni að fjármagna hitaveituframkvæmdir sérstaklega. Hér þarf að gera bót á tafarlaust. Þau sveitarfélög í Reykjaneskjördæmi, sem hyggja á jarðvarmavirkjanir í náinni framtíð, eiga fyrirsjáanlega miklum erfiðleikum að mæta við útvegun nægilegs lánsfjár til framkvæmdanna. Svo er vafalaust einnig um önnur sveitarfélög, sem svipað stendur á um annars staðar á landinu. Orsakir þessa eru fyrst og fremst þær, að engar peningastofnanir telja sig nú hafa þær skyldur sérstaklega á herðum að fjármagna slíkar framkvæmdir.

Þessari þingsályktunartillögu er ætlað að reyna að hafa áhrif á, að ríkisstjórnin hlutist til um úrbætur í þessum efnum.

Sþ. 10. Fyrirspurn [10. mál]

til félagsmálaráðherra um lánveitingar Húsnæðismálastofnunar ríkisins.

Frá Jóni Árm. Héðinssyni.

1. Hve mikilli fjárhæð samtals nema lánveitingar Húsnæðismálastofnunar ríkisins úr Byggingarsjóði ríkisins miðað við 15. okt. 1971 og 1972, annars vegar til nýbygginga og hins vegar til kaupa á eldri íbúðum?
2. Hvernig skiptast þessar lánveitingar eftir kjördæmum?
3. Hve margar eru þær lánsumsóknir vegna nýbygginga, er borizt hafa á þessu ári og enn hafa enga afgreiðslu hlotið?
4. Hve margar eru þær íbúðir, sem aðeins fyrri hluti heildarláns hefur enn verið veittur til, og hvenær verða veitt seinnihlutalán til smíði þeirra íbúða? Munu hin síðarnefndu koma til greiðslu á þessu ári?
5. Hvenær verða veitt frumlán til smíði þeirra íbúða, sem fokheldar hafa orðið frá og með 1. júlí s. l., og hve margar eru þær nú? Hve margar er talið, að þær verði við lok ársins? Er ætlunin að veita frumlán til smíði þeirra allra, er komi til greiðslu fyrir lok þessa árs?
6. Hve mikið fjármagn þarf að útvega nú, svo að unnt sé að veita á þessu ári jafnmörg byggingarlán og gert hefur verið að meðaltali undanfarin 4 ár?
7. Hver úrræði eru á prjónunum nú um frambúðarlausn fyrir Byggingarsjóð ríkisins?

Sþ. 11. Tillaga til þingsályktunar [11. mál]

um starfshætti skóla og aðstöðu til líkamsræktar.

Flm.: Vilhjálmur Hjálmarsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta rannsaka:

1. aðstöðu til líkamsræktar í skólum landsins,
2. vinnuálagið í skólum.

Rannsókninni skal hraða svo sem tök eru á, og gera skal Alþingi grein fyrir árangri þegar að rannsókn lokinni.

Greinargerð.

Tillaga þessi var flutt á síðasta Alþingi, en hlaut ekki afgreiðslu. Henni fylgdi þessi rökstuðningur:

Umfangsmesta starfssvið þjóðfélagsins, að heimilunum einum undanskildum, er innan veggja skólanna. Hvergi er slíkur fjöldi að verki sem þar, því að tala

„verkafólks“ skiptir tugum þúsunda. Þegar hér við bætist, að sá stóri hópur er ungt fólk, sem er í mótun, dylst engum, að miklu varðar, að vel sé fyrir öllu séð. Vissulega er margt vel um þróun íslenzkra skólamála, enda vinnur að henni mikill fjöldi mætra manna. Þó er gagnrýni þörf og aðgæzlu.

Það er alkunna, að skólanemendum er stundum ætlaður miklum mun lengri vinnutími en öðru fólki, þegar heimaverkefni eru með talin. Og aðstöðu til líkamsræktar er enn mjög áfátt á ýmsum stöðum, bæði í þéttbýli og strjálbýli.

Vitað er, að í sumum tilvikum er vinnuálag í sömu námsgrein misjafnt eftir kynjum, þótt bæði stefni að sama prófi. Stafar þetta einkum af því, að á ýmsum skólastigum eru stúlkum ætluð mjög tímafrek heimaverkefni, á meðan piltar í sama námi hafa lítil sem engin. Þannig finnast þess dæmi, að vinnutími nemenda, einkum stúlkna, fari yfir 80 klst. á viku, mánuðum saman, en það er meira en tvöfaldur sá vinnutími, sem viðurkenndur hefur verið að lögum í velflestum starfsgreinum.

Þá má enn finna þess dæmi, að starfandi séu skólar eða skóladeildir, þar sem alls engin líkamsrækt er iðkuð.

Það mun flestra mál, að slíkir starfshættir séu óheppilegir og að þeim beri að breyta sem fyrst, þar sem þeir geti hæglega leitt til varanlegs heilsutjóns fyrir það fólk, sem við þá býr.

Til þess að bót verði á ráðin, er nauðsynlegt að gera sér grein fyrir því, hvað málið er umfangsmikið, en að því er stefnt með flutningi þessarar tillögu.

Víðtæk upplýsingasöfnun varðandi húsnæði skóla hefur átt sér stað, og námsskrár og stundatöflur skólanna gefa þýðingarmiklar upplýsingar. Greiðir það mjög fyrir athugunum þeim, sem tillagan fjallar um, þótt fleira þurfi að kanna og þá m. a. heimavinnu nemenda.

Sþ. 12. Tillaga til þingsályktunar [12. mál]

um könnun á samkeppnisaðstöðu íslenzks skipasmíðaiðnaðar við erlendan.

Flm.: Lárus Jónsson, Matthías Á. Mathiesen, Jón Árnason, Ólafur G. Einarsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta gera könnun á samkeppnisaðstöðu íslenzks skipasmíðaiðnaðar við erlendan, einkum í þeim löndum, sem nú eða í náinni framtíð smíða fiskiskip fyrir Íslendinga. Könnunin skal einkum taka til samanburðar á beinni og óbeinni fyrirgreiðslu viðkomandi ríkisstjórna til skipasmíðaiðnaðarins, samanburði á skattlagningu hans, mismunandi vinnulaunum, vinnutíma, svo og þeim þáttum, sem valda mestu um misjafnan beinan og óbeinan launakostnað skipasmíðastöðvanna í hinum ýmsu löndum, og enn fremur skal samanburðurinn ná til misjafnrar aðstöðu til innkaupa á vélum, tækjum og efni til smíðanna. Niðurstaða könnunarinnar verði til leiðbeiningar stefnu Alþingis og stjórnvalda um nauðsynlega fyrirgreiðslu við íslenzkan skipasmíðaiðnað.

Greinargerð.

Till. þessi var flutt á síðasta þingi, en var ekki útrædd. Fylgdi henni svo hjóðandi greinargerð:

Mikil þáttaskil eru nú fyrirsjáanleg í fiskveiðum Íslendinga. Um margra ára skeið réðu síldveiðar langmestu um stefnuna á sviði útgerðar, m. a. því, að ný fiskiskip voru til skamms tíma nær eingöngu ætluð til síldveiða. Síldarbresturinn hafði það ásamt öðru í för með sér, að nú stefna íslenzkir útgerðaraðilar að því að stórauka þorskveiðiflota sinn. Ljóst er því, að skip af svonefndri skuttogaragerð verði ein meginuppistaðan í íslenzkum fiskiskipaflota eftir nokkur ár, ef svo fer fram sem horfir.

Þessar staðreyndir hljóta að hafa víðtæk áhrif á stefnu okkar Íslendinga í skipasmíðum. Hin mikla eftirspurn eftir skuttogurum hlýtur að öðru jöfnu að draga úr eftirspurn eftir bátum, en smíði þeirra hefur verið meginviðfangsefni íslenzkra skipasmíðastöðva að undanförnu. Einnig er á það að líta, að eigi skipasmíðaiðnaðurinn að hafa vaxtarmöguleika, fer ekki hjá því, að hann verði í auknum mæli að fá þau verkefni að smíða þá gerð skipa, sem höfuðáherzla er lögð á að afla frá hálfu íslenzkra útgerðarmanna og skiptir þá höfuðmáli, að sem víðtækust reynsla fáist sem fyrst af smíði þessara skipa innanlands.

Nú undanfarið hefur verið samið um smíði fjölmargra skuttogara erlendis fyrir útgerðaraðila víðs vegar um land, en einungis þriggja í innlendum skipasmíðastöðvum. Oft hefur, einkum í fjölmiðlum, verið látið í veðri vaka, að þetta stafi af því, að íslenzkar skipasmíðastöðvar séu ekki samkeppnishæfar við erlendar. Flutningsmenn þessarar tillögu telja þessa fullyrðingu algjörlega órökstudda og meira en hæpna. Engin heildarathugun er til á samkeppnisaðstöðu íslenzka skipasmíðaiðnaðarins við erlendar skipasmíðastöðvar í þeim löndum, sem nú eru að smíða fiskiskip fyrir íslenzka útgerðaraðila. Á hinn bóginn er vitað, að skipasmíðaiðnaðurinn er sú iðngrein í veröldinni, sem ríkisstjórnir viðkomandi landa hafa einna mest afskipti af á einn eða annan hátt. Þá er óhætt að fullyrða, að þau kjör, sem verkafólk hefur á Spáni og í Póllandi, svo að dæmi séu tekin, eru ólíkt lakari en hér á Íslandi, sem auðvitað kemur niður á samkeppnisaðstöðu skipasmíðaiðnaðarins, þar sem sú samkeppni á sér stað án tollmúra á skráðu gengi viðkomandi gjaldmiðils.

Ljóst er, að þegar ráðizt er í eins mikil skipakaup og nú er gert, er nauðugur sá kostur að smíða verulegan hluta þeirra erlendis, þar sem afkastageta íslenzka skipasmíðaiðnaðarins er minni en svo, að hann geti afkastað því verkefni einn. Á hinn bóginn verður að gera þá kröfu til stjórnvalda, að þau afli sér sem gleggstra upplýsinga um samkeppnisaðstöðu íslenzka skipasmíðaiðnaðarins við þær erlendu stöðvar, sem smíða nú þessi skip fyrir Íslendinga, og geri jafnframt ráðstafanir til þess, að sú samkeppni leiði ekki til þess í framtíðinni, að veruleg atvinnustarfsemi flytjist burt úr landinu vegna ójafns aðbúnaðar og fyrirgreiðslu íslenzkra stjórnvalda við íslenzkan skipasmíðaiðnað miðað við það, sem gerist í aðalsamkeppnislöndunum.

Sþ. 13. Fyrirspurn [13. mál]

til landbúnaðarráðherra um bændaskóla í Odda.

Frá Ingólfi Jónssyni.

Hvað líður undirbúningi að stofnun bændaskóla í Odda á Rangárvöllum?

Ed. 14. Frumvarp til laga [14. mál]

um fiskeldi í sjó.

(Lagt fyrir Alþingi á 93. löggjafarþingi, 1972.)

1. gr.

Til fiskeldis í sjó þarf leyfi sjávarútvegsráðuneytisins, sem veitir leyfið að fenginni umsögn Fiskifélags Íslands, Hafrannsóknastofnunarinnar og veiðimálastjóra.

Með fiskeldi er átt við starfsemi, er miðar að því að ala fiskistofn, þar með talin krabbadýr og skeldýr, til afurða, svo sem með klaki, fóðrun, flutningi fiska og umbótum á lífsskilyrðum.

2. gr.

Leyfi til fiskeldis í sjó má veita einstaklingum, félögum og stofnunum, sem heimilt er að stunda fiskveiðar í landhelgi við Ísland, sbr. lög nr. 33/1922, um rétt til fiskveiða í landhelgi, og að eignast réttindi yfir fasteignum hér á landi, án þess að fá til þess sérstakt leyfi, sbr. lög nr. 19/1966, um eignarrétt og afnotarétt fasteigna.

Í leyfisumsókn skal greina þær fisktegundir, sem rækta á, svæði það, þar sem fiskeldi á að stunda, fyrirhuguð mannvirki í þágu fiskeldis og veiða og önnur atriði, sem máli skipta um undirbúning og framkvæmd fiskeldis.

3. gr.

Leyfi til fiskeldis í sjó skal að jafnaði veita til eigi skemmri tíma en 10 ára og eigi lengur en til 20 ára. Hið sama gildir um endurnýjun leyfis.

Sé fiskeldi eigi hafið innan tveggja ára frá leyfisveitingu, fellur leyfið niður.

4. gr.

Leyfi til fiskeldis í sjó skal binda þeim skilyrðum, sem þurfa þykir varðandi flutning fiska, sóttvarnir, veiðar, mannvirkjagerð, skýrslugjöf, heimild sérfræðinga til að fylgjast með fiskeldinu og önnur atriði, sem máli skipta.

Áskilja má, að fyrir leyfi til fiskeldis í sjó komi gjald, er renni í ríkissjóð. Ákveða má, að gjald þetta skuli vera tiltekið árgjald, er greiða eigi, á meðan leyfi er í gildi.

5. gr.

Leyfi til fiskeldis í sjó er bundið við nafn og aðilaskipti að því eru óheimil nema með samþykki sjávarútvegsráðuneytisins. Þó má þrotabú leyfishafa halda fiskeldi áfram, meðan á skiptum stendur. Dánarbúi leyfishafa eða erfingjum er og heimilt að stunda fiskeldi áfram leyfistímann án nýs leyfis.

Sjávarútvegsráðuneytið getur afturkallað leyfi, ef leyfishafi fullnægir ekki lengur skilyrðum til að geta öðlazt leyfi til fiskeldis í sjó, ef leyfishafi heldur ekki skilmála fyrir leyfi til fiskeldis eða brýtur gegn ákvæðum laga þessara eða reglum, sem settar eru samkvæmt þeim.

6. gr.

Þegar leyfi til fiskeldis fellur niður og fæst ekki endurnýjað, getur leyfishafi krafizt þess, að ríkissjóður kaupi mannvirki í þágu fiskeldis eftir mati, ef ætla má, að af þeim megi hafa arðbær not.

7. gr.

Veita má leyfishafa einkaheimild til nýtingar tiltekinna svæða sjávar og sjávarbotns í þágu fiskeldis og veiða. Er þessi heimild bundin sömu tímamörkum og leyfið sjálft. Um önnur not en einkaheimild leyfishafa nær til getur sjávarútvegsráðuneytið sett ákvæði með reglugerð, ef takmarkanir þykja nauðsynlegar vegna fiskeldisins. Setja má slíkar reglur um einstök afmörkuð svæði.

Ef nauðsyn krefur, getur sjávarútvegsráðuneytið leyft eignarnám vegna þeirra ákvarðana, sem getur í fyrri málsgrein þessarar greinar, og fer um eignarnámið að lögum um framkvæmd eignarnáms. Einnig má heimila eignarnám, ef þörf er á afnotum fjöru eða lands í þágu fiskeldis.

8. gr.

Þrátt fyrir ákvæði friðunarlöggjafar getur sjávarútvegsráðuneytið heimilað, að á takmörkuðum svæðum verði framkvæmd eyðing fugla, fiska og eftir atvikum annarra dýra, sem talin verða skaðleg fiskeldi, eða gerðar aðrar viðhlítandi ráðstafanir til að koma í veg fyrir tjón af þeirra völdum.

Sjávarútvegsráðuneytið getur leyft, að á svæðum, þar sem fiskeldi er stundað, séu notuð önnur veiðitæki en heimil eru samkvæmt fiskveiðilöggjöfinni. Á sama hátt má víkja frá ákvæðum um lágmarksstærð fisks, sem veiða má.

9. gr.

Komi upp sjúkdómur í fiski, þar sem fiskeldi er stundað, getur sjávarútvegsráðuneytið fyrirskipað nauðsynlegar ráðstafanir til að útrýma sjúkdómnum og koma í veg fyrir smit, svo sem með sótthreinsun og eyðingu fisks.

10. gr.

Brot gegn lögum þessum og reglum eða reglugerðum, sem settar verða samkvæmt þeim, varða sektum, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

11. gr.

Sjávarútvegsráðuneytið getur sett með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

12. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi numin lög nr. 21 12. júní 1939, um ostrurækt.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

I. Inngangur.

Frumvarp þetta var lagt fyrir síðasta þing, en hlaut þá eigi afgreiðslu. Fylgdu því svofelldar athugasemdir:

Sums staðar erlendis hafa um alllangt skeið verið gerðar tilraunir með eldi sjávarfiska og vatnafiska í sjó eða sjóblöndu. Þá hefur ostrurækt víða verið um langan aldur mikilvæg atvinnugrein.

Hér á landi hefur vaknað áhugi á fiskirækt af ofangreindu tagi. Geta má þess, að á Alþingi 1938 var flutt frumvarp til laga um ostrurækt, friðun tiltekinna svæða á fjörðum inni vegna ostruræktar og einkaleyfi til ostruveiða á slíkum stöðum. Frumvarpið varð ekki útrætt á þessu þingi, en var flutt á ný á Alþingi 1939. Náði frumvarpið þá samþykki. Er hér um að ræða lög nr. 21 12. júní 1939 um ostrurækt, sem eru enn í gildi. Tildrög lagasetningar um þetta efni var málaleitun frá sænsku félagi, sem hafði áhuga á málinu. Af framkvæmdum varð hins vegar ekki, m. a. vegna síðari heimsstyrjaldarinnar.

Nefna má, að á Alþingi 1945 var samþykkt þingsályktunartillaga um athugun á fiskirækt í Hamarsfirði í Suður-Múlasýslu og á Alþingi 1946 þingsályktunartillaga varðandi sams konar athugun á Hvammsfirði.

Fyrir nokkru var hafin hér á landi ræktun silungs og lax í sjóblönduðu vatni. Í Lárósi á Snæfellsnesi hefur verið stunduð ræktun af því tagi. Á Alþingi 1959 var samþykkt þingsályktunartillaga á þá leið, að skorað væri á ríkisstjórnina að koma upp klak- og eldisstöð fyrir lax og silung á hentugum stað á landinu, svo fljótt sem við yrði komið, á grundvelli lax- og silungsveiðilaganna frá 1957. Í fylgiskjali með tillögunni, þ. e. tillögum veiðimálastjóra til landbúnaðarráðuneytis um þetta mál, er þess getið, að meðal helztu verkefna tilraunaeldisstöðvar ríkisins verði tilraunir með klak og eldi laxkynjaðra fiska í fersku vatni, sjóblöndu og sjó (Alþt. 1959 A-deild, bls. 583—587).

Í lögum nr. 64/1965 um rannsóknir í þágu atvinnuveganna er tekið fram, að eitt verkefna Hafrannsóknastofnunarinnar sé rannsóknir á fiskirækt og öllu, sem að þeim lýtur, áburð á sjó o. s. frv., sbr. 5. tl. 17. gr. Á Alþingi 1966 komu fram tvær

þingsályktunartillögur, sem lutu að því, að athugun yrði gerð á möguleikum á ræktun nytjafiska í sjó hér við land, til að mynda í fjörðum eða sjávarlónum. Var þar einnig gert ráð fyrir ræktun sjávarfiska. (Alþt. 1966 A-deild, bls. 585—586 og bls. 872—873). Hvorug þessara tillagna varð útrædd. Áður munu slík mál hafa verið til umræðu á Fiskiþingi og öðrum fundum útvegsmanna. Tillögur þessar voru endurfluttar á Alþingi 1967 og náðu þá fram að ganga. Á Alþingi 1970 var ennfremur samþykkt þingsályktunartillaga um það meðal annars, að rannsakað yrði, hvort hagkvæmt gæti verið að koma upp fiskirækt eða fiskuppeldi í Húnaflóa og annars staðar í fjörðum norðanlands.

Í fjárlögum fyrir árið 1971 og fyrir árið 1972 er gert ráð fyrir kr. 300 þús. fjárveitingu til fiskiræktar í sjó.

Í íslenzkri löggjöf eru ekki önnur fyrirmæli um fiskirækt í sjó en ákvæði laga um friðun fiskistofna. Áhugi er hins vegar fyrir því að vinna að fiskirækt með öðrum ráðstöfunum, svo sem fiskeldi í lokuðum sjávarlónum og fjörðum. Hefur verið talið æskilegt að setja löggjöf um fiskeldi í sjó, bæði eldi sjávarfiska og vatnafiska. Verður að telja eðlilegt, að slík löggjöf nái einnig til ræktunar skelfisks og krabbadýra.

II. Um meginefni frumvarpsins.

Eldi sjávarfiska er enn á tilraunastigi. Þykir ekki rétt, að í slíkar framkvæmdir sé ráðizt, nema fengin sé umsögn þeirra aðila, sem bezt eiga að þekkja til. Einnig ber að hafa í huga, að um ráðstafanir er að ræða, sem geta snert almannahagsmuni. Verða handhafar ríkisvalds að tryggja, að þeir verði ekki fyrir borð bornir. Það verður bezt gert með áskilnaði um, að leita þurfi leyfis ríkisins til fiskeldis í sjó. Er þá rétt, að slíkt leyfi sé bundið þeim skilyrðum, sem nauðsynleg teljast í þessu skyni, t. d. um gerð mannvirkja og sóttvarnarráðstafanir. Þá er hugsanlegt, að fiskeldi verði stundað á svæðum sjávarbotns, sem íslenzka ríkið telur sína eign, sbr. ákvæði laga nr. 17/1969. Þegar svo stendur á, er eðlilegt að ríkið hafi hönd í bagga með framkvæmdum.

Frumvarpið nær aðeins til fiskeldis í sjó, og eldis sjávarfiska í sjóblönduðu vatni. Hins vegar tekur það ekki til fiskeldis samkvæmt lögum nr. 76/1970, um lax- og silungsveiði sbr. orðskýringar í 1. gr. þeirra laga.

Óhjákvæmilegt er, að sá aðili, sem fiskeldi stundar, hafi á þeim svæðum, þar sem fiskeldið er stundað, bæði einkaheimild til fiskeldis og veiða. Ef um er að ræða nýtingu botnsvæða, sem eru eign íslenzka ríkisins, þarf að sjálfsögðu að fá leyfi þess, sbr. lög nr. 17/1969. Einnig getur verið rétt, að leyfishafa sé heimilað eignarnám í þessu skyni, ef hann ræður ekki yfir nægilegum svæðum lands, fjöru, sjávar eða sjávarbotns til fiskeldis. Enn fremur getur þurft að takmarka önnur not af tilliti til fiskeldis og getur það gilt bæði um svæði, þar sem fiskeldi er stundað, og svæði utan þess. Fer þá eftir atvikum, hvort eignarnám er nauðsynlegt.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir, að nauðsynlegt geti reynzt að víkja frá ákvæðum friðunarlöggjafar og laga um fiskveiðar, bæði vegna ráðstafana til verndar fiskeldi og til veiða á eldisfiski.

III. Athugasemdir um einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Ekki er álitið rétt, að hafizt verði handa um fiskeldi í sjó, nema umsögn sé fengin frá þeim aðilum, sem ætla má að bezt geti dæmt um, hvort árangurs sé af því að vænta. Af ákvæðum þessarar greinar verður ráðið, að með fiskeldi er ekki átt við fiskirækt, sem eingöngu er fólgin í friðun fiskistofns, heldur ýmsar beinar ráðstafanir, sem miða að því að ala fiskistofn til afurða, svo sem með klaki, fóðrun,

tilflutningi fiska og umbótum á lífsskilyrðum fiska, meðal annars með mannvirkjagerð. Hins vegar getur friðun að sjálfsögðu verið þáttur í þessum aðgerðum.

Tekið er af skarið, að frumvarpið taki einnig til skeldýra og krabbadýra.

Um 2. gr.

Ekki verður talið rétt, að fiskeldi sé leyft öðrum aðilum en þeim, sem mega stunda fiskveiðar hér við land og geta átt fasteignir hér á landi samkvæmt löggjöf þeirri, sem um það gildir á hverjum tíma, sbr. nú lög nr. 33/1922 um rétt til fiskiveiða í landhelgi og lög nr. 19/1966 um eignarrétt og afnotarétt fasteigna.

Gera verður kröfu til þess, að þeir, sem sækja um leyfi til að stunda fiskeldi í sjó, geri skýra grein fyrir öllum atriðum, sem máli skipta um undirbúning og framkvæmd fyrirhugaðs eldis. Að öðrum kosti verður ekki fært að meta, hvort veita eigi leyfi.

Um 3. gr.

Að vissum tíma liðnum getur verið ástæða til að taka til athugunar, hvort leyfa skuli áframhaldandi fiskeldi og þá eftir atvikum með hvaða skilyrðum. Í þessu sambandi er meðal annars rétt að hafa í huga, að leyfi getur fylgt heimild til vissra einkanota af eignum ríkisins og jafnvel annarra aðila, sbr. 5. gr. frumvarpsins. Af þessum sökum er gert ráð fyrir því í frumvarpinu, að leyfi sé veitt til ákveðins tíma.

Um 4. gr.

Áður er gerð grein fyrir þeirri nauðsyn sem er á því, að leyfi séu bundin skilyrðum. Ef fiskeldi reynist arðbært, getur verið eðlilegt að áskilja leyfisgjald til ríkissjóðs, meðal annars vegna þess að heimiluð eru not af ríkiseign.

Um 5. gr.

Rétt hefur þótt, að aðilaskipti að leyfi séu takmörkum bundin og að heimild til afturköllunar leyfis sé ótvíræð, ef leyfisskilmálar eru ekki haldnir eða á annan hátt brotið beint eða óbeint gegn ákvæðum frumvarpsins.

Um 6. gr.

Í þessari grein er gert ráð fyrir skyldu ríkisins til að kaupa mannvirki, sem hafa má arðbær not af, ef leyfi fellur niður. Er ákvæðið sett til að girða fyrir óeðlilegt fjártjón aðila, sem fiskeldi hefur stundað.

Um 7. gr.

Að öllum jafnaði yrði ekki öðrum aðilum veitt leyfi til fiskeldis en þeim, sem hefðu yfir að ráða hentugum stöðum í því skyni. Engan veginn er þó loku fyrir það skotið, að réttmætt geti reynzt að heimila leyfishafa afnot af eignum annarra í þessu skyni. Er þess vegna tekið ákvæði í frumvarpið um eignarnámsheimild. Er þar um að ræða heimild eignarnáms á afnotum um þann tíma, sem leyfi er veitt, en slíkt eignarnám hefur stundum verið nefnt leigunám. Einnig getur verið heppilegt að leyfishafi fái afnot af svæðum sjávar og sjávarbotns, sem ekki eru háð eignarréttindum einstaklinga. Lög nr. 17/1969 um yfirráðarétt íslenzka ríkisins yfir landgrunninu umhverfis Ísland verður að skýra svo, að íslenzka ríkið hafi slegið eign sinni á þessi svæði sjávarbotns, og er því rétt að taka af skarið, að ríkið geti heimilað öðrum þau afnot af svæðum þessum, sem nánar greinir í umræddu frumvarpsákvæði.

Um 8. gr.

Fiskeldi getur með tvennum hætti gefið tilefni til þess, að vikið verði frá ákvæðum friðunarlöggjafar. Í fyrsta lagi geta eldisstöðvar orðið fyrir ásókn fugla, fiska og jafnvel annarra dýra, og getur af þeim sökum verið nauðsynlegt að grípa

til varnaraðgerða, sem að gagni koma. Í öðru lagi getur reynzt óhagkvæmt að veiði eldisfisks sé háð lagafyrirmælum um veiðitæki og lágmarksstærð fisks, sem veiða má. Eru ákvæði þessarar greinar frumvarpsins á þeim sjónarmiðum reist.

Um 9. gr.

Talið er, að eldisfiski sé hættara við sjúkdómum en öðrum fiski. Er því nauðsynlegt að heimild sé til skjótra og róttækra aðgerða til að útrýma og hefta útbreiðslu sjúkdóms, sem upp kynni að koma.

Um 10. gr.

Miklir hagsmunir geta verið í húfi, ef brotið er gegn ákvæðum frumvarpsins eða leyfisskilmálum og öðrum reglum, sem settar yrðu samkvæmt því, ef að lögum verður. Þykir rétt að verja þá hagsmuni með refsifyrirmælum og leggja sektarrefsingu við brotum.

Um 11. gr.

Ástæða getur verið til að setja nánari ákvæði með reglugerð, eftir atvikum um einstök atriði, sbr. t. d. 1. mgr. 7. gr. frumvarpsins.

Um 12. gr.

Frumvarpið fjallar um þann þátt eldis, sem lög nr. 21/1939 um ostrurækt taka til. Er því talið rétt, að þau lög falli úr gildi við gildistöku frumvarpsins.

Ed. 15. Frumvarp til laga [15. mál]

um breyting á lögum nr. 62 18. maí 1967, um bann gegn veiðum með botnvörpu og flotvörpu, sbr. lög nr. 21/1969 og lög nr. 50/1971.

(Lagt fyrir Alþingi á 93. löggjafarþingi, 1972.)

1. gr.

Í stað orðanna „settri samkvæmt lögum nr. 44 5. apríl 1948“ í 1. málsgrein 1. gr. laganna komi orðin: nr. 189 14. júlí 1972.

2. gr.

Á eftir orðunum „með reglugerð“ í 1. málslið 2. gr. laganna komi orðin: til viðbótar svæðum samkvæmt heimildum í einstökum stafliðum greinarinnar.

3. gr.

Á eftir lið G1 í 2. gr. laganna komi nýr liður svo hljóðandi:

G2. Frá línu, réttvísandi vestur frá Bjargtöngum (grunnlínupunktur 26 skv. reglugerð nr. 189/1972) að línu réttvísandi norður frá Horni (grunnlínupunktur 1) er heimilt að veiða með botnvörpu og flotvörpu utan línu, sem dregin er 12 sjómílur utan við grunnlínu samkvæmt reglugerð nr. 189/1972.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um frumvarp þetta, sem lagt er fyrir Alþingi samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, vísast til fylgiskjals hér á eftir.

Fylgiskjal.

BRÁÐABIRGÐALÖG

um breyting á lögum nr. 62 18. maí 1967, um bann gegn veiðum með botnvörpu og flotvörpu, sbr. lög nr. 21/1969 og lög nr. 50/1971.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Sjávarútvegsráðherra hefur tjáð mér, að vegna breyttra viðhorfa við gildistöku reglugerðar nr. 189 14. júlí 1972 um fiskveiðilandhelgi Íslands, þar sem hún er afmörkuð 50 sjómílum utan við grunnlínu frá 1. september n. k., beri brýna nauðsyn til að skipa veiðiheimildum íslenzkra skipa með öðrum hætti en leiðir af ákvæðum núgildandi laga nr. 62/1967, sbr. lög nr. 21/1969 og lög nr. 50/1971.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar á þessa leið:

1. gr.

Í stað orðanna „settri samkvæmt lögum nr. 44 5. apríl 1948" í 1. málsgrein 1. gr. laganna komi orðin: nr. 189 14. júlí 1972.

2. gr.

Á eftir orðunum „með reglugerð" í 1. málslið 2. gr. laganna komi orðin: til viðbótar svæðum samkvæmt heimildum í einstökum stafliðum greinarinnar.

3. gr.

Á eftir lið G1 í 2. gr. laganna komi nýr liður svo hljóðandi:

G2. Frá línu, réttvísandi vestur frá Bjargtöngum (grunnlínupunktur 26 skv. reglugerð nr. 189/1972) að línu réttvísandi norður frá Horni (grunnlínupunktur 1) er heimilt að veiða með botnvörpu og flotvörpu utan línu, sem dregin er 12 sjómílur utan við grunnlínu samkvæmt reglugerð nr. 189/1972.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 30. ágúst 1972.

Kristján Eldjárn.
(L. S.)

Lúðvík Jósepsson.

Nd. 16. Frumvarp til laga [16. mál]

um breyting á lögum nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins.

(Lagt fyrir Alþingi á 93. löggjafarþingi, 1972.)

1. gr.

Á eftir síðustu grein laganna kom nýtt ákvæði svo hljóðandi:

Ákvæði til bráðabirgða.

Stjórn sjóðsins er heimilt samkvæmt reglum, er hún setur og sjávarútvegsráðherra samþykkir, að greiða úr deildum sjóðsins fyrir frystar fiskafurðir og saltfiskaf-

urðir sérstakt framlag vegna bol- og flatfiskafurða að undanskildum kolategundum, sem framleiddar eru á tímabilinu frá 1. október til 31. desember 1972. Skulu 88 milljónir króna greiðast, ef verðmæti afla, sem landað er innanlands til þessarar vinnslu á þessu tímabili, nemur sem svarar 400 millj. króna reiknað á lágmarksverði á fiski, er gilti til 30. september 1972, að viðbættri greiðslu í Stofnfjársjóð fiskiskipa og verðuppbót á línufisk. Framlagið skal hækka eða lækka í hlutfalli við breytingar á aflamagni frá þessu marki.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Við verðákvörðun á fiskverði fyrir verðlagstímabilið 1. október til 31. desember á þessu ári kom í ljós, að nauðsynlegt væri að hækka fiskverð verulega til þess að jafna launakjör sjómanna við launakjör annarra stétta og til þess að bæta kjör útgerðarinnar frá því sem orðið var. Vegna minnkandi afla á þessu ári, frá því sem áætlað hafði verið við fyrri fiskverðsákvarðanir, hafði hagur sjómanna og hagur útgerðar og fiskvinnslu farið versnandi. Á átta fyrstu mánuðum ársins hefur þorsk-, ufsa- og karfaaflinn minnkað um 13% miðað við aflann í sömu mánuðum árið áður. Þorskaflinn hafði þó minnkað mest eða um 16%.

Verðlagsráð sjávarútvegsins varð sammála um að leggja til, að fiskverð yrði hækkað að meðaltali um 15%. Það taldi ekki mögulegt, að fiskkaupendur gætu greitt þessa fiskverðshækkun, þvert á móti taldi Verðlagsráðið að nauðsynlegt væri að bæta rekstursafkomu fiskvinnslunnar frá því sem hún hefur verið. Sjávarútvegsráðuneytið hafði skipað sérstaka nefnd til að rannsaka afkomu frystihúsanna á þessu ári. Í skýrslu þeirrar nefndar, sem fram var lögð 29. sept. s. l., segir m. a. „Það er sameiginlegt álit okkar, að meginniðurstaðan af þessum athugunum sé sú, að vegna minnkandi framleiðslumagns frá fyrra ári og vegna afurðarýrara hráefnis hafi hagur frystihúsanna versnað á ársgrundvelli um 200 til 250 millj. kr., frá því, sem áætlað hafði verið við síðustu fiskverðsákvarðanir í yfirnefnd Verðlagsráðs sjávarútvegsins".

Með hliðsjón af framansögðu fellst ríkisstjórnin á, að nauðsynlegt væri að breyta lögum um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins til þess að gera kleift að framkvæma þá fiskverðshækkun, sem Verðlagsráð lagði til. Ríkisstjórnin setti það skilyrði fyrir samþykki sínu, að hér yrði um að ræða almenna 10% fiskverðshækkun, sem skipt yrði á fisktegundir samkvæmt ákvörðun Verðlagsráðs, en auk þess komi 5% verðhækkun, sem skiptist jafnt á allar helztu bolfisktegundir og væri þar um að ræða verðhækkun, sem sérstaklega væri ákveðin, miðuð við árstíma og erfiðleika útgerðarinnar nú. Nauðsynlegt er að afla sérstakrar lagaheimildar til þeirrar greiðslu úr Verðjöfnunarsjóði, sem hér er um að ræða.

Sþ. 17. Tillaga til þingsályktunar [17. mál]

um fiskveiðar og fiskvinnslu í Norðurlandskjördæmi vestra.

Flm.: Pétur Pétursson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hlutast til um, að stofnað verði sameignarfélag allra þeirra aðila í Norðurlandskjördæmi vestra, sem annast fiskveiðar á stærri fiskiskipum, reka frystihús til fiskvinnslu, fisksöltun eða herzlu.

Ríkissjóði eða Framkvæmdastofnun ríkisins er heimilt að eiga verulega hlutdeild í félaginu, þó ekki meiri hluta.

Greinargerð.

Sú hugsun er á bak við þessa tillögu, að hagkvæmt sé fyrir þá aðila að vinna saman, sem nú stunda fiskveiðar og fiskvinnslu á Siglufirði, Hofsósi, Sauðárkróki og Skagaströnd.

Á þessu svæði eru starfandi allmörg frystihús. Þau eru þó flest fremur lítil, og þó að sum sé ekki samkvæmt nýjustu kröfum, þá eru þau mjög prýðilega nothæf enn um langt árabil. En lagfæringar og breytingar þarf að gera á mörgum þeirra.

Nú eru í byggingu tveir togarar fyrir Siglufjörð og einn fyrir Sauðárkrók. Auk þessa verður byggt stórt nýtízku frystihús á Siglufirði á næstu tveimur árum. Þar hefur ríkissjóður haft forustu um þessa uppbyggingu. Á minni stöðunum, Hofsósi og Skagaströnd, eru engir aðilar til, sem geta lagt verulegt fjármagn til atvinnuuppbyggingar.

Í kaupstöðum og kauptúnum þessa kjördæmis hefur verið hvað lökust afkoma fólks á öllu landinu á undanförnum árum.

Ég tel, að samvinna þeirra aðila, sem við fiskveiðar og fiskvinnslu fást á þessu svæði, sé beinlínis grundvallarforsenda þess, að árangurs megi vænta varðandi uppbyggingu atvinnulífsins. Í héraði eru ekki til slíkir fjármunir, sem hér þurfa að koma til. Þess vegna tel ég, að ríkissjóður eða Framkvæmdastofnun ríkisins verði að vera stór aðili þessa máls, ef árangurs á að vera að vænta. Þó tel ég ekki rétt, að meirihlutavaldið sé tekið úr höndum heimamanna.

Það kynni að vera, að slík samvinna gæti einnig átt við á öðrum landssvæðum.

Nd. 18. Frumvarp til laga [18. mál]

um breyting á lögum nr. 25 22. apríl 1967, um Landhelgisgæzlu Íslands.

Flm.: Jóhann Hafstein, Ingólfur Jónsson, Matthías Á. Mathiesen, Sverrir Hermannsson, Friðjón Þórðarson, Matthías Bjarnason, Gunnar Gíslason, Lárus Jónsson, Pétur Sigurðsson.

1. gr.

17. gr. laganna orðist svo:

Í Landhelgissjóð Íslands skal renna sektarfé og andvirði upptækra verðmæta vegna brota gegn fiskveiðilöggjöfinni, og enn fremur björgunarlaun, svo sem segir í 12. gr.

Ríkissjóður leggur Landhelgissjóði til árlegt framlag, 75 millj. kr.

2. gr.

18. gr. laganna orðist svo:

Sjóðnum skal varið til hvers konar tækjabúnaðar Landhelgisgæzlunnar til gæzlu fiskveiðilandhelginnar og björgunarstarfa, svo sem til kaupa á varðskipum, flugvélum og öðrum tækjum hliðstæðum eða í tengslum við fyrrgreint hlutverk.

Heimilt er að verja árlega allt að 25 millj. kr. af fé Landhelgissjóðs til byggingar fyrir Landhelgisgæzluna á lóð hennar við Selsvör í Reykjavík og til þess að búa henni að öðru leyti framtíðaraðstöðu í landi.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Flutningsmenn þessa frv. fluttu á síðasta þingi frv. til laga um Landhelgisgæzlu Íslands. Aðaltilgangur þess frv. var að efla Landhelgissjóð Íslands með árlegu 50

millj. kr. framlagi. Frv. var útbýtt í þinginu 14. marz 1972, og fór það til nefndar, en hlaut ekki afgreiðslu.

Öllum ætti nú að vera ljóst, hversu brýna nauðsyn ber til þess að efla Landhelgissjóð, svo og að hefjast handa um að gera langtíma áætlun um aukna og fullnægjandi landhelgisgæzlu, miðað við þau umfangsmiklu og vaxandi verkefni, sem Landhelgisgæzlunni er ætlað að sinna.

Þetta frv. er að því leyti breytt frá frv. á síðasta þingi, að nú er lagt til, að ríkissjóður leggi Landhelgissjóði árlega 75 millj. kr. í stað 50 millj. kr. í frv. á síðasta þingi. Samhliða er sá viðauki við verkefni sjóðsins frá því, sem gilt hefur, að heimilt sé að verja árlega allt að 25 millj. kr. af fé Landhelgissjóðs til byggingar fyrir Landhelgisgæzluna á lóð hennar við Selsvör í Reykjavík og til þess að búa henni að öðru leyti framtíðaraðstöðu í landi.

Um margra ára skeið hafði Landhelgisgæzlunni verið ætlað húsnæði í hinni nýju lögreglustöð í Reykjavík, en því miður þótti hæfa að svipta Landhelgisgæzluna þeirri aðstöðu. Ekki tjáir að fást um það lengur. En þá hvílir sú skylda á Alþingi að gera Landhelgisgæzlunni kleift án nokkurra umsvifa að búa sér framtíðaraðstöðu í landi.

Þetta frv. er nú flutt í upphafi þings, og er því hægt að ljúka afgreiðslu þess, áður en fjárlög koma til afgreiðslu. Nái frv. fram að ganga, verður að ákveða framlag til Landhelgissjóðs í fjárlögum í samræmi við það.

Landssöfnun sú, sem nú er að unnið til þess að efla Landhelgissjóð, getur engin áhrif á það haft að draga úr gildi þessa frumvarps. Verkefni sjóðsins eru svo umfangsmikil og þarfir Landhelgisgæzlunnar svo miklar, að hér má ekki til spara. Er og ókleift að gera áætlanir til langs tíma um eflingu Landhelgisgæzlunnar, nema reikna megi með árvissum tekjum. Sjálfstæðismenn fluttu á síðasta þingi þingsályktunartillögu um það, að ríkisstjórnin léti gera áætlun um alhliða eflingu Landhelgisgæzlunnar á næstu árum. Er þar um að ræða aðkallandi viðfangsefni, sem ekki má láta undir höfuð leggjast að leysa úr.

Frv. því um breyt. á lögum um Landhelgisgæzlu Íslands, sem flutt var á síðasta þingi, fylgdi greinargerð, sem rétt þykir að vitna til hér:

„Lög um stofnun Landhelgissjóðs Íslands voru upphaflega sett árið 1913, nr. 55 10. nóvember. Í þessum lögum segir svo: „1. gr. Af sektarfé fyrir ólöglegar veiðar í landhelgi skal stofna sjóð, er nefnist Landhelgissjóður Íslands. 2. gr. Í sjóð þennan renna ⅔ sektarfjár fyrir ólöglegar veiðar í landhelgi að meðtöldum ⅔ nettóandvirðis fyrir upptækan afla og veiðarfæri, eftir að lög þessi öðlast gildi. 3. gr. Landssjóður leggur líka til sjóðsins 20000 krónur á ári, er teljast með árstekjum hans.“ Hið beina framlag úr Landssjóði var fljótlega afnumið, en með lögum nr. 5 18. maí frá 1920, um bann gegn botnvörpuveiðum í landhelgi, og síðari breytingum á þeim lögum, og síðast með breytingu á þeim lögum frá 18. apríl 1967, er svo ákveðið, að allt sektarfé eftir þeim lögum, svo og andvirði upptækra verðmæta, skuli renna í Landhelgissjóð Íslands. Slíkt ákvæði er einnig að finna í lögum nr. 25 22. apríl frá 1967, um Landhelgisgæzlu Íslands, og þá einnig, að björgunarlaun samkvæmt lögunum renni í Landhelgissjóðinn, en það er óbreytt eldra ákvæði.

Með þessu frv. er stefnt að því að efla Landhelgissjóð Íslands og gera hann sjálfstæðari en áður.

Tekið er upp að nýju ákvæði um árlegt framlag ríkissjóðs til Landhelgissjóðs, svo sem upphaflega var í lögunum um stofnun Landhelgissjóðs frá 1913.

Sýnist það vera tímabært nú, þegar hin mikla útfærsla fiskveiðilandhelginnar er ákveðin hinn 1. september í ár, en hún hlýtur að krefjast miklu meiri tækjabúnaðar Landhelgisgæzlunnar og leggja henni auknar skyldur á herðar.

Sá háttur hefur verið á hafður að undanförnu að leggja Landhelgissjóði til árlegt framlag úr ríkissjóði, þegar tekjur sjóðsins af sektarfé og andvirði upptækra verðmæta auk björgunarlaunanna hafa ekki hrokkið til þess að greiða afborganir og vexti af kaupum varðskipa, flugvéla eða öðrum tilsvarandi búnaði.

Yfirlit á fskj. frá Landhelgisgæzlunni sýnir, hvernig þessu hefur verið háttað hin síðari ár. En með slíkum hætti telja flm. þessa frumvarps Landhelgissjóð of háðan fjárveitingavaldinu hverju sinni. Enda mun það mála sannast, að Landhelgisgæzlan er nú mjög vanbúin til þess að taka við sínu nýja hlutverki við útfærslu fiskveiðilandhelginnar."

Um 1. gr.

Hér er tekið upp það viðbótarákvæði, að ríkissjóður leggi Landhelgissjóði árlegt framlag, 75 millj. kr. Álitamál getur verið, við hvaða upphæð skuli miða. En ekki verður með nokkrum rétti sagt, að hér sé of hátt stefnt, þegar höfð er í huga hin mikla verðmætisaukning þjóðarbúsins úr 50 mílna landhelgi, sem Landhelgisgæzlunni er ætlað að verja.

Um 2. gr.

Hér er umorðuð 18. gr. l. nr. 25 22. apríl 1967 og með þeim hætti, að fellt er niður ákvæði um það, að fjárveitingavaldið geti ákveðið, að hluta af árlegum tekjum og vöxtum sjóðsins megi verja til rekstrarútgjalda Landhelgisgæzlunnar. Að öðru leyti eru svo óbreytt eldri ákvæði, að dómsmálaráðherra hafi á hendi stjórn sjóðsins. Það er nýmæli, að heimilt sé að verja allt að 25 millj. kr. árlega af fé Landhelgissjóðs til byggingar fyrir Landhelgisgæzluna og að búa henni að öðru leyti aðstöðu í landi.

Fylgiskjal.

Landhelgisgæzlan.

TEKJUR LANDHELGISSJÓÐS 1962—1970.

Ár	Sektir og upptaka fyrir landhelgisbrot	Björgunarlaun	Vextir	Framlag ríkissjóðs	Samtals
1962	3 728 262.15	1 069 069.74	98 196.04	5 501 960.30	10 397 488.23
1963	2 127 255.00	1 001 484.26	32 487.36	6 004 397.55	9 165 624.17
1964	5 360 329.33	111 550.55	144 057.65	6 847 800.77	12 463 738.30
1965	5 470 787.00	2 914 075.03	365 818.68	6 461 798.50	15 212 479.21
1966	3 025 615.50	4 708 439.88	747 264.08	6 218 940.05	14 700 259.51
1967	2 661 227.00	2 398 833.45	755 421.57	2 898 060.95	8 713 542.97
1968	3 936 529.80	2 408 854.55	570 240.92	3 521 305.10	10 426 930.37
1969	5 726 328.67	1 022 801.30	313 988.84	14 125 000.00	21 188 118.81
1970	3 867 399.90	519 165.00	224 394.70	16 832 000.00	21 442 959.60
	35 903 734.35	16 154 273.76	3 251 869.84	68 411 263.22	123 721 141.17

Sþ. 19. Tillaga til þingsályktunar [19. mál]

um endurskipulagningu á olíuverzlun í landinu.

Flm.: Stefán Gunnlaugsson, Benedikt Gröndal, Eggert G. Þorsteinsson, Gylfi Þ. Gíslason, Jón Árm. Héðinsson, Pétur Pétursson.

Alþingi ályktar að kjósa sjö manna nefnd til að gera tillögur um endurskipulagningu á innflutningi á olíuvörum og dreifingu þeirra í landinu í því augnamiði að tryggja fyllstu hagkvæmni í innkaupum, sölu og dreifingu olíuvara innanlands,

svo að þær geti jafnan verið á boðstólum á lægsta verði til notenda. Nefndin ljúki störfum fyrir 1. júlí n. k. og skili tillögum sínum til ríkisstjórnar og Alþingis. Nefndin leiti nauðsynlegrar sérfræðiaðstoðar, eftir því sem þurfa þykir, en kostnaður greiðist úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Þrjú stórfyirtæki annast nú olíuverzlun í landinu, svo sem kunnugt er. Innkaup þeirra á olíum hafa farið fram með þeim hætti, að þeim hefur verið gert skylt að verzla svo til eingöngu við Sovétríkin á grundvelli samninga, sem ríkið hefur gert, og verið óheimilt að gera olíukaup annars staðar frá, nema sérstaklega stæði á. Í raun og veru hafa þessi fyrirtæki notið einokunaraðstöðu á þessu sviði og í skjóli hennar haft nána samstöðu um vissa þætti þessara viðskipta, svo sem um verðlagningu og sölufyrirkomulag.

Olíufélögin hafa á liðnum árum byggt upp þrefalt olíudreifingarkerfi um allt land. Við augum manna blasir víðs vegar um landið hið margfalda dreifingarkerfi, jafnt í þéttbýli og dreifbýli, á stöðum þar sem augljóslega væri fullnægjandi einn birgðageymir og ein dreifingarstöð. Það óhóf og skipulagsleysi, sem ríkt hefur í staðsetningu benzínstöðva t. d. í Reykjavík og nágrenni, liggur í augum uppi hverjum manni og sýnir glögglega bruðl og óhagkvæmni, sem á sér stað í benzíndreifingu. Þar eru ekki lagðar til grundvallar raunverulegar þarfir viðskiptamanna, heldur viðskiptalegt kapphlaup, sem leiðir til hækkunar benzín- og olíuverðs.

Svipað er um dreifingu á olíu til húshitunar að segja. Hið þrefalda sölukerfi í smáum sem stórum byggðarlögum er engum til gagns, nema kannske þeim fyrirtækjum, sem dreifinguna annast, en aftur á móti hækkar söluverð til notenda.

Ekki verður heldur komið auga á hagræði hins þrefalda dreifingarkerfis fyrir sjávarútveg, iðnað, landbúnað og annan rekstur, nema síður sé. Þvert á móti bendir margt til, að það hafi einnig í för með sér aukin útgjöld í hækkuðu söluverði.

Þá má minna á staðsetningu hinna stóru birgðageyma um landið á vegum olíufélaganna og olíuflutningana til Íslands og um landið. Ýmislegt bendir til, að einnig í því efni mætti koma á meiri hagkvæmni, sem leiddi til lækkaðs olíuverðs, ef vilji er fyrir hendi hjá þeim, sem þar geta ráðið.

Fleira mætti telja, sem horfir til lækkunar á olíuverði fyrir notendur, ef að líkum lætur, en hér verður látið staðar numið.

Með hvaða hætti yrði umbótum í þessum efnum bezt komið á? Hvers konar fyrirkomulag er hér vænlegast til árangurs? Þar koma vissulega til álita og athugunar ýmsar leiðir. Má þar til dæmis nefna, að tekin verði upp einkasala á vegum ríkisins á olíuvörum eða aðhald í rekstri núverandi olíufélaga aukið stórlega frá því, sem verið hefur, eða ráðstafanir gerðar til meira frjálsræðis í olíuinnflutningi og með því reynt að koma á samkeppni í olíukaupum og olíudreifingu, sem ekki er nú til staðar nema að mjög takmörkuðu leyti. Hlutverk þeirrar nefndar, sem þingsályktunartillagan gerir ráð fyrir að sett verði á stofn, er að kanna m. a. þessar leiðir og aðrar slíkar og gera síðan tillögur til úrbóta.

Alþýðuflokksmenn hafa á liðnum árum gagnrýnt fyrirkomulag olíudreifingar í landinu og komið fram með tillögur og ábendingar um, hvernig þessum málum yrði betur fyrir komið.

Í ríkisstjórn Alþýðuflokksins og Sjálfstæðisflokksins var gerð rannsókn á vissum þáttum þessa máls. Sú rannsókn yrði vafalaust til að auðvelda störf fyrirhugaðrar nefndar.

Endurskipulagning olíudreifingar í landinu er aðkallandi mál, sem taka þarf föstum tökum og getur leitt til bættra lífskjara fyrir almenning og létt undir með hvers konar atvinnurekstri, ef vel tækist til og rétt er á málum haldið.

Sþ. 20. Tillaga til þingsályktunar [20. mál]

um vistheimili fyrir vangefna.

Flm.: Helgi F. Seljan, Karvel Pálmason, Vilhjálmur Hjálmarsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að beita sér fyrir því í samráði við Styrktarfélag vangefinna, að komið verði upp vistheimilum fyrir vangefna í þeim landshlutum, þar sem slík heimili eru ekki til nú.

Greinargerð.

Tillaga þessi var flutt á síðasta þingi, en náði þá ekki fram að ganga. Henni fylgdi þá svo hljóðandi greinargerð:

„Allt fram undir síðustu áratugi hafa málefni vangefinna í þjóðfélaginu verið vanrækt. Skilningur hefur þó farið sívaxandi á málefninu: Starf lækna, sálfræðinga og félagsráðgjafa hefur auðveldað úrbætur, almenningsálitið hefur orðið ólíkt jákvæðara, ríkið sjálft hefur komið allmyndarlega til liðs við þetta fólk, og síðast, en ekki síst hefur starfsemi Styrktarfélags vangefinna og barátta þess fyrir hina vangefnu verið dýrmæt og borið ríkulegan árangur.

Aðalstofnunin, ríkishælið í Kópavogi, er ekki aðeins vistheimili, það er einnig sú stofnun, sem á að þjálfa hæft starfsfólk til að sinna umönnun hinna vangefnu.

4 vistheimili munu svo vera til á landinu fyrir vangefna: að Skálatúni, Sólheimum, Tjaldanesi og á Akureyri. Þrjú þessara heimila eru sunnan- og suðvestanlands, en eitt nyrðra. Auk þessa eru svo tvö dagheimili hér í Reykjavík á vegum Styrktarfélags vangefinna.

Þetta er umtalsverður og lofsverður árangur, en þó vekur það athygli, að í tveimur landshlutum eru engar slíkar stofnanir til, á Vestfjörðum og Austurlandi. Enginn efar þó, að þar er einnig fólk, sem eins og annars staðar þarf að eiga þess kost að njóta heimilisvistar af þessu tagi.

Það er að vísu rétt að benda á það, að talið er, að til þess að kleift sé að stofnsetja slíkt heimili þurfi ákveðinn fjölda vistfólks, og eins hitt, að rétt er einnig að hafa í huga, að það dugir lítt að koma á fót stofnun sem þessari, ef ekki fást til hennar starfskraftar, sem hlotið hafa nægilega kunnáttu í þessum efnum. Um fyrrnefnda atriðið er það að segja, að því miður mun sú mótbára ekki vera fyrir hendi, að vistfólk muni skorta. Að hinu ber jafnframt að vinna, að sem bezt verði að stofnuninni búið á hvorum stað, ekki síst með því að fá þangað gott starfslið, sem reyndar er frumskilyrði.

Flutningsmenn þessarar tillögu telja það rétt að dreifa slíkum stofnunum um landið, svo sem þörf kallar á, ekki síst vegna þess, að með því fá aðstandendur vistfólksins stórbætta aðstöðu sína til þess að fylgjast með högum þess og framvindu mála, einkum fyrstu mánuðina og reyndar ætíð.

Vistheimili í þessum landshlutum mundu hafa hvort tveggja í för með sér: aukin nauðsynleg tengsl milli aðstandenda og vistfólks og þá ekki síður, að fleiri mundu njóta nauðsynlegrar umönnunar en nú er, ef heimilin væru nær fólkinu. Um það skal ekki efazt, að þessu máli yrði lagt rækilega lið heima fyrir, sem auðveldaði alla framkvæmd.

Því er þessari áskorun nú beint til ríkisstjórnar, að hún hlutist til um, að rækileg könnun fari fram á málinu og framkvæmdir verði svo í samræmi við niðurstöður. Það væri verðug aðstoð og kærkomin því fólki, sem mjög þarf á hjálp samfélagsins að halda, og ekki síður nánustu aðstandendum þessa fólks.“

Nd. **21. Frumvarp til laga** [21. mál]

um Jafnlaunaráð.

Flm.: Svava Jakobsdóttir, Stefán Valgeirsson, Stefán Gunnlaugsson, Bjarni Guðnason, Ólafur G. Einarsson.

1. gr.

Konum og körlum skulu greidd jöfn laun fyrir jafnverðmæt og að öðru leyti sambærileg störf.

2. gr.

Atvinnurekendum er óheimilt að mismuna starfsfólki eftir kynferði. Gildir þetta ekki aðeins um launagreiðslur, heldur um hvers konar greinarmun, útilokun eða forréttindi vegna kynferðis. Bannað er með öllu að skerða jafnrétti kynjanna til atvinnuráðningar og skipunar í starf, hlunninda, vinnuskilyrða og hækkunar í starfi.

3. gr.

Setja skal á stofn Jafnlaunaráð. Hefur það aðsetur í Reykjavík, og er starfssvið þess landið allt.

Jafnlaunaráð skal skipað 5 einstaklingum til þriggja ára í senn og skulu þeir ásamt varamönnum skipaðir þannig: einn skipaður af Hæstarétti og er hann formaður ráðsins, einn skipaður af félagsmálaráðherra, einn skipaður af Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, og skulu þessir þrír ásamt varamönnum hafa lokið embættisprófi í lögum, einn skipaður af Alþýðusambandi Íslands og einn skipaður af Vinnuveitendasambandi Íslands.

Málsmeðferð fyrir Jafnlaunaráði skal lúta reglum laga um meðferð einkamála í héraði, nr. 85/1936, að því leyti sem við verður komið.

Kostnaður við Jafnlaunaráð greiðist úr ríkissjóði.

4. gr.

Verkefni Jafnlaunaráðs er að:

1. Vera ráðgefandi gagnvart stjórnvöldum, stofnunum og félögum í málefnum, er varða launajafnrétti og jafngildi með konum og körlum í kjaramálum.
2. Fylgjast með þjóðfélagsþróuninni, sem varðar þetta lagaefni, og gera tillögur til breytinga til samræmis við tilgang þessara laga.
3. Stuðla að góðri samvinnu við samtök atvinnurekenda og launafólks svo og aðra þá aðila, sem kjaramál snerta, svo að stefnu og markmiði laga þessara verði náð með sem eðlilegustum hætti.
4. Taka til rannsóknar af sjálfsdáðum, hver brögð kunna að vera að misrétti í kjaramálum að því leyti, er lög þessi varða. Opinberum stofnunum svo og félagssamtökum á vinnumarkaði er skylt að veita Jafnlaunaráði hvers konar upplýsingar hér að lútandi.
5. Taka við ábendingum um brot á ákvæðum laga þessara og rannsaka málið af því tilefni og senda að rannsókn lokinni málsskjöl til þeirra aðila, sem málið snertir.
6. Kveða upp úrskurði í deilumálum, er rísa út af kærum, sem Jafnlaunaráði berast, um brot á lögum þessum, ef eigi takast sættir með aðilum, en ætíð skal Jafnlaunaráð leita þeirra. Ber Jafnlaunaráði m. a. að vega og meta ráðningar- og/eða kjarasamninga til samræmis við ákvæði 1. og 2. greinar laga þessara svo og annarra laga og alþjóðasamninga, sem um slík málefni fjalla og Ísland á aðild að og hefur fullgilt. Ber Jafnlaunaráði að hafa að engu mismunandi nafngiftir í sama starfi, sem uppi eru í því skyni að mismuna kynjum í launakjörum. Birta skal Jafnlaunaráð almenningi úrskurði sína.

5. gr.

Kærendur og sóknaraðilar máls fyrir Jafnlaunaráði geta verið:
1) einstaklingur, sem telur brot á lögum þessum beinast gegn sér, og
2) launþegasamtök, sem einstaklingur sá er aðili að.

6. gr.

Úrskurður Jafnlaunaráðs í kærumáli einstaklings er bindandi sem ráðningarsamningur milli aðila og fullnaðarúrlausn kjaradeilu. Þó má innan þriggja mánaða bera úrskurðinn undir hina almennu dómstóla. Nú breyta dómstólar úrskurði Jafnlaunaráðs til lækkunar, og á þá atvinnurekandinn ekki endurkröfurétt á launþegann fyrir tímabilið frá uppkvaðningu úrskurðar Jafnlaunaráðs til niðurstöðu dómstóla.

Jafnlaunaráði er rétt að úrskurða um greiðslu málskostnaðar og ákveða dagsektir, sé úrskurði þess samkvæmt 1. mgr. eigi fullnægt. Mega dagsektir samkvæmt þessari grein nema allt að 3000 kr. á dag, unz úr hefur verið bætt. Úrskurði samkvæmt þessari málsgrein getur atvinnurekandi skotið til dómstóla eftir almennum reglum.

7. gr.

Félagsmálaráðherra setur nánari reglur um framkvæmd þessara laga í reglugerð, að fengnum tillögum Jafnlaunaráðs.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var lagt fram á síðasta þingi, en hlaut þá ekki afgreiðslu. Það er nú lagt fram á ný í nær sömu mynd og það kom frá allsherjarnefnd neðri deildar á síðasta þingi.. Breytingin, sem nú er gerð, er á þá lund, að gert er ráð fyrir, að niðurstöðu Jafnlaunaráðs í kærumáli megi áfrýja til almennra dómstóla. Er þessi breyting gerð til þess að koma til móts við óskir þeirra, sem telja, að aðeins með því móti sé fyllsta réttaröryggis gætt.

Þessu frumvarpi um Jafnlaunaráð, ef að lögum verður, er ætlað það hlutverk að tryggja framkvæmd laga um jafnrétti kynjanna í atvinnulífinu. Reynsla undanfarinna ára og áratuga sýnir, að lagasetning ein nægir ekki, til þess að fullkomið jafnrétti sé tryggt í þessum efnum. Með fullgildingu samþykktar Alþjóðavinnumálastofnunarinnar nr. 100 frá 29. júní 1951, nr. 12/1958, hefur Ísland skuldbundið sig til að tryggja jöfn laun til karla og kvenna fyrir jafnverðmæt störf. Skal það gert m. a. með „ráðstöfunum, sem komið er á eða viðurkenndar eru með lögum, til ákvörðunar á launum".

Sú staðreynd blasir við, að þau störf, sem konur vinna í þjóðfélaginu, eru metin til lágra launa. Það er því full ástæða til að ætla, að hvorki vinnuveitendur né það starfsmat, sem fram fer í landinu, taki nægilegt tillit til jafnréttissjónarmiða við launaákvörðun. Það yrði eitt af hlutverkum Jafnlaunaráðs að skera úr um, hvort svo hefði verið gert.

Þá þekkjast og mörg dæmi um misrétti á vinnustað. „Sömu" störf eru iðulega nefnd mismunandi starfsheitum eftir því, hvort karl eða kona gegnir þeim. Þá sýna ýmsar athuganir, að raunborgun er hærri til karla en kvenna, enda þótt þau gegni sömu störfum, og ríkrar tilhneigingar gætir til að ganga fram hjá konum við hækkun í starfi. Þeir einstaklingar, sem eru þannig misrétti beittir, eiga oft örðugt um vik að fá leiðréttingu mála sinna. Með stofnun og starfrækslu Jafnlaunaráðs ættu bæði einstaklingar og launþegasamtök, sem teldu, að brotin hefðu verið jafnréttislög, leynt eða ljóst, kost á því að fá skorið úr þeim málum.

Enda þótt Jafnlaunaráði sé ætlað að þjóna báðum kynjum jafnt, verður að leggja sérstaka áherzlu á gildi þess fyrir konur. Þær eru yfirleitt í þeirri aðstöðu, að þær mega sín minnst á vinnustöðum, eiga sjaldnast aðild að launaákvörðun eða fulltrúa í stjórn stéttarfélaga og hafa að öðru leyti aðeins óbein áhrif á kjör sín.

Þar sem ríkrar tilhneigingar gætir á vinnumarkaði til þess að beina konum í láglaunaðar stöður, algerlega án tillits til menntunar þeirra eða hæfni, t. d. með auglýsingum vinnuveitenda eftir konum sérstaklega, er hér kominn vítahringur, sem samfélaginu ber skylda til að rjúfa. Það er skoðun flm., að stofnun Jafnlaunaráðs sé raunhæf lausn að þessu marki.

Um 1. gr.

Orðalag 1. gr. er í samhljóðan við samþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar nr. 100, sem fjallar um „jöfn laun til karla og kvenna fyrir jafnverðmæt störf“ og fullgilt var af Íslands hálfu 17. febr. 1958. Þykir rétt að festa þetta orðalag í íslenzkum lögum samhliða þeim lögum, sem fyrir eru um jafnrétti karla og kvenna til launa. Í núgildandi lögum (lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 38/1954, II. 3. gr., og lögum nr. 60/1961, um launajöfnuð karla og kvenna) er kveðið á um launajöfnuð karla og kvenna fyrir sömu störf. Í fjölmörgum starfsgreinum vinna eingöngu konur og eru því ekki við „sömu“ störf og karlmenn. Það er skoðun flm., að til þess að tryggja konum óvilhallt mat í launaákvörðun, án tillits til kynferðis, þurfi að koma til enn traustari stoð í lögum en fyrir hendi er nú. Þessu ákvæði er ætlað að ná yfir allar konur í atvinnulífinu, án tillits til þess, hvert starf er unnið eða hver atvinnurekandinn er.

Um 2. gr.

2. gr. styðst við samþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar frá 25. júní 1958, nr. 111, er varðar misrétti með tilliti til atvinnu eða starfs. Með fullgildingu þeirrar samþykktar árið 1964 hefur íslenzka ríkið skuldbundið sig til að fylgja stefnu, sem miði að því að koma á jafnrétti um vinnumöguleika eða meðferð í atvinnu og starfi og útrýma hvers konar misrétti í þessum efnum, einnig misrétti vegna kynferðis. Slík lagasetning, sem hér um ræðir, er í anda alþjóðasáttmála Sameinuðu þjóðanna um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi, sem Ísland undirritaði 30. des. 1968. Hún hlýtur einnig að teljast í samræmi við þá hugsjón manngildis og jafnræðis milli manna, sem íslenzk þjóð hefur ætíð talið sér mikilvægt að halda í heiðri. Benda má á, að í 3. gr. samþykktar Alþjóðavinnumálastofnunarinnar nr. 111 hefur hvert aðildarríki skuldbundið sig til þess m. a. að setja þau lög, sem telja megi að tryggi, að stefnan um jafnrétti í þessum efnum verði viðurkennd og virt.

Um 3. gr.

Gert er ráð fyrir, að skipað verði sérhæft ráð, sem nefnist Jafnlaunaráð. Ráðið er fjölskipað, og er meiri hluti ráðsmanna löglærður. Hæstiréttur ásamt helztu aðilum vinnumarkaðarins, bæði í opinberum rekstri og einkarekstri, tilnefni fulltrúa í ráðið. Gert er ráð fyrir sömu málsmeðferð fyrir ráðinu og gildir um einkamál almennt í landinu, að því leyti sem við verður komið.

Um 4. gr.

4. gr. afmarkar svið Jafnlaunaráðs og skýrgreinir stöðu þess í réttarkerfi okkar. Hlutverk Jafnlaunaráðs er tvíþætt. Annars vegar er því ætlað að beita áhrifum sínum til þess, að jafnrétti kynjanna til atvinnumöguleika og í starfi sé virt, og hins vegar skal það dæma í ágreiningsmálum, sem rísa kunna vegna misréttis kynjanna í atvinnulífinu. Jafnlaunaráð dæmir aðeins í málum, sem rísa út af kærum um brot á 1. og 2. gr. Jafnhliða þeim lagaákvæðum á ráðið að hafa til hliðsjónar þá lagastefnu, sem fram kemur í þeim lagaákvæðum, sem talin eru upp. Enn fremur er ráðinu ætlað að sjá fyrir þau horn, sem einstakir vinnuveitendur hlaupa gjarnan fyrir í því skyni að mismuna kynjunum.

Um 5. gr.

Greinin fjallar um, hverjir það eru, sem geta borið upp mál fyrir Jafnlaunaráði.

Um 6. gr.

Samkvæmt 6. gr. er Jafnlaunaráð bært að breyta ráðningarsamningi, hvort sem hann er munnlegur eða skriflegur, til samræmis við ákvæði laga þessara. Gert er ráð fyrir, að úrskurði hans megi áfrýja til hinna almennu dómstóla. Sú leið er valin vegna þess, að valdsvið Félagsdóms er þrengra en rammi þessara laga segir til um og séð er fyrir fullu réttaröryggi beggja aðilanna með því að fá málið í hendur almennum dómendum, ef áfrýjunar þykir þörf. Augljóst er, að upp gætu komið atriði, sem í eðli sínu eru hrein mannréttindamál fremur en deilur út af kjarasamningum stéttarfélaga eða um kaup og kjör.

Ef ástæða þykir til að sekta atvinnurekanda vegna brota á lögum þessum, sætir slíkur sektardómur áfrýjun til æðri dóms.

Um 7.—8. gr.

Ákvæði 7. og 8. gr. þarfnast ekki útskýringa.

Nd. 22. Frumvarp til laga [22. mál]

um málflytjendur.

(Lagt fyrir Alþingi á 93. löggjafarþingi, 1972.)

I. KAFLI

Lögmenn.

Almenn ákvæði.

1. gr.

Aðilja er jafnan rétt að fara sjálfur með mál sitt fyrir dómi, ef hann er löghæfur til að ráðstafa sakarefninu. Lögráðamaður fer með mál þeirra, sem geta ekki sjálfir farið með það samkvæmt framansögðu. Nú hefur slíkur maður engan lögráðanda og getur dómari þá skipað honum fyrirsvarsmann í því máli. Stjórnendur félags eða stofnunar fara með mál þeirra.

Ef aðili máls er einstakur maður, getur hann jafnan látið frændur sína að feðgatali eða niðja, maka sinn, systkini sín, tengdaforeldri eða tengdabarn, stjúpforeldri eða stjúpbarn, kjörforeldri eða kjörbarn fara með mál fyrir sig.

Ef mál er rekið fyrir héraðsdómi í Reykjavík, Hafnarfirði, Kópavogi, Keflavík, Gullbringu- og Kjósarsýslu eða á Akureyri og aðili fer ekki sjálfur með mál sitt eða lögmæltur fyrirsvarsmaður eða venzlamaður samkvæmt áður sögðu, skal hann fela meðferð þess lögmanni, og tekur þetta til fógeta-, skipta- og uppboðsdóms, eftir ákvörðun dómara, ef sækja þarf þar mál eða verja. Í greindum lögsagnarumdæmum má maður ekki ella flytja mál annars manns í hans eða sjálfs sín nafni, nema hann standi í áður nefndu sambandi við aðilja eða sé lögmaður. Með sömu takmörkunum hafa hæstaréttarlögmenn einkarétt til málflutnings fyrir Hæstarétti.

Dómsmálaráðherra getur, að fengnum tillögum stjórnar samtaka dómara og stjórnar Lögmannafélags Íslands, ákveðið, að fyrirmæli 3. mgr. um einkarétt lögmanna skuli og taka til annarra lögsagnarumdæma, þar sem ekki er hörgull á lögmönnum.

2. gr.

Lögmenn eru opinberir sýslunarmenn og hafa skyldur og réttindi samkvæmt því, meðal annars þagnarskyldu um það, er aðili trúir þeim fyrir í starfa þeirra.

Starfsfólk lögmanna er einnig bundið þagnarskyldu um slík trúnaðarmál, sem það kann að komast að í starfi sínu.

3. gr.

Nú sækir lögmaður eða tilkynntur fulltrúi hans, sbr. 6. gr., dómþing fyrir aðilja, og skal hann þá talinn hafa gilt málflutningsumboð, nema annað sé sannað.

Í málflutningsumboði felst, nema öðruvísi sé mælt, heimild til að framkvæma sérhvað það, sem venjulegt er til flutnings slíks máls fyrir dómi. Umbjóðandi er bundinn við málflutningsathafnir og yfirlýsingar umboðsmanns síns, bæði um forms- og efnisatriði máls, enda þótt hann hafi takmarkað umboð gagnaðilja sínum í óhag. Ef umbjóðandi hefur takmarkað umboð gagnaðilja sínum í hag, er takmörkunin bindandi fyrir umbjóðanda sem málflutningsyfirlýsing fyrir dómi.

Skipun stjórnvalds eða dómara til að flytja mál felur í sér rétt og skyldu til að gera allt það, sem venjulegt er, heppilegt eða nauðsynlegt til þess að koma máli fram og til að ná sem heppilegustum málalokum fyrir aðilja með öllum löglegum hætti.

4. gr.

Lögmenn skulu hafa opna skrifstofu innan lögsagnarumdæmis þess, þar sem þeir eiga lögheimili, eða þar í grennd. Skulu þeir tilkynna dómsmálaráðherra og Lögmannafélagi Íslands um skrifstofustað sinn.

Dómsmálaráðherra getur, að fengnum tillögum Lögmannafélags Íslands, ákveðið, hvenær lögmannsskrifstofur skuli vera opnar almenningi.

5. gr.

Skylt er lögmönnum að inna sjálfir af hendi þau störf fyrir dómi, er aðiljar hafa falið þeim. Þó er þeim rétt að fela þau öðrum lögmönnum, ef nauðsyn krefur. Þegar mál er flutt skriflega, eða lögmaður getur eigi sjálfur sótt þing vegna skyndilegra nauðsynja, er honum heimilt að senda í sinn stað fulltrúa sinn, sbr. 6. gr., til að taka frest eða leggja fram skjöl.

6. gr.

Rétt er lögmanni að taka sér fulltrúa, hvern þann, sem lokið hefur embættisprófi í lögfræði við Háskóla Íslands eða jafngildu prófi við aðra háskóla samkvæmt íslenzkum lögum, er lögráður og hefur forræði fjár síns.

Sá lögmaður, sem tekur sér fulltrúa samkvæmt 1. mgr., skal þegar í stað tilkynna það héraðsdómurum í því lögsagnarumdæmi, þar sem hann hefur opna skrifstofu, svo og Lögmannafélagi Íslands. Tilkynna skal hann sömu aðiljum, þegar fulltrúinn hættir störfum hjá honum.

Lögmaður, er ræður í þjónustu sína annan lögmann, skal þegar tilkynna það Lögmannafélagi Íslands, svo og þegar þjónustunni lýkur.

Lögmaður ber ábyrgð á störfum fulltrúa síns og annarra starfsmanna.

7. gr.

Lögmanni er rétt að áskilja sér hæfilegt endurgjald fyrir störf sín, þar á meðal hluta af fjárhæð máls, og hærra endurgjald, ef mál vinnst, en ef það tapast.

Loforð um bersýnilega ósanngjarnt endurgjald fyrir málflutningsstarf lögmanns er ekki bindandi fyrir viðskiptaaðilja hans.

Fyrir flutning gjafsóknar- og gjafvarnarmála skal ákveða skipuðum lögmanni málflutningslaun hans með dómi í aðalmálinu.

8. gr.

Lögmenn skulu hafa með sér félag, er nefnist Lögmannafélag Íslands, og kemur stjórn þess fram fyrir þeirra hönd gagnvart dómurum og stjórnvöldum. Samþykktir félagsins og breytingar á þeim skulu lagðar fyrir dómsmálaráðherra, sem staðfestir þær eða synjar staðfestingar. Samþykktir og breytingar á þeim taka eigi gildi fyrr en að fenginni staðfestingu ráðherra.

9. gr.

Stjórn Lögmannafélags Íslands ber að hafa eftirlit með því, að félagsmenn fari að lögum og góðum lögmannsháttum í starfa sínum og ræki skyldur sínar af trúmennsku og samvizkusemi.

Telji stjórnin, að félagsmaður hafi brotið starfsskyldur sínar eða hegðað sér á annan hátt þannig, að eigi sæmi lögmanni, skal hún þegar í stað tilkynna það lögmannsdómi, sbr. 11. gr., og senda honum skýrslu og gögn sín um málið.

10. gr.

Lögmannafélag Íslands skal velja tvo menn í lögmannsdóm. Skulu menn þessir kjörnir á aðalfundi félagsins til tveggja ára í senn. Á sama hátt skal kjósa tvo varamenn. Einn aðalmaður og einn varamaður skulu ganga úr dómnum ár hvert.

Hæstiréttur skipar formann lögmannsdóms til þriggja ára í senn svo og varaformann til sama tíma. Formaður og varaformaður skulu fullnægja skilyrðum til þess að vera skipaðir í fast dómaraembætti.

Varamenn taka sæti, þegar aðalmenn eru forfallaðir eða vanhæfir til að skera úr einstöku máli.

Lögmannafélag Íslands skal bera allan kostnað af lögmannsdómi. Dómsmálaráðherra úrskurðar um þóknun til dómenda að fengnum tillögum stjórnar Lögmannafélags Íslands.

Dómsmálaráðherra skal setja með reglugerð nánari ákvæði um kjör dómenda og starfshætti lögmannsdóms.

11. gr.

Rísi ágreiningur um endurgjald fyrir málflutningsstarf lögmanns, má bera þann ágreining undir lögmannsdóm, sem úrskurðar um málið.

Komi fram fyrir lögmannsdómi, að lögmaður hafi í starfi sínu hagað sér andstætt góðum lögmannsháttum eða á þann hátt, að telja má lögmannsstéttinni ósamboðið, getur lögmannsdómur veitt hinum seka áminningu og gert honum að greiða allt að 50 000.00 króna sekt í styrktarsjóð félagsins.

Aldrei má lögmannsdómur úrskurða mál samkvæmt 1. og 2. málsgr., nema aðiljum hafi verið gefinn kostur á að skýra mál sitt.

Innan viku frá uppkvaðningu úrskurðar samkvæmt 1. og 2. mgr. skal lögmannsdómur senda dómsmálaráðuneytinu endurrit hans.

Úrskurðir lögmannsdóms samkvæmt 1. og 2. mgr. eru aðfararhæfir og sæta kæru til Hæstaréttar samkvæmt ákvæðum laga nr. 57/1962, um Hæstarétt Íslands. Kæruheimild hafa dómsmálaráðherra og aðiljar máls.

Komi fram fyrir lögmannsdómi, að brot lögmanns sé svo alvarlegt, að varða kunni refsingu samkvæmt almennum hegningarlögum eða ástæða sé til að svipta lögmann lögmannsleyfi sínu, skal dómurinn þegar senda dómsmálaráðherra skýrslu um málið, gögn þess og tillögur um, hvað gera skuli í málinu.

Heimilt er Lögmannafélagi Íslands að ákveða í samþykktum sínum, að lögmannsdómur skeri úr hvers konar deilum milli lögmanna, sem starf þeirra varðar. Slíkir úrskurðir lögmannsdóms eru ekki aðfararhæfir og þeir sæta ekki kæru.

12. gr.

Missi héraðsdóms- eða hæstaréttarlögmaður einhvers hinna almennu skilyrða til að fá leyfi til málflutnings, sbr. 13. gr. og 17. gr., eða fullnægi hann ekki skilyrðum um skrifstofu eða verði að afhenda leyfi sitt, sbr. 23. gr., glatar hann rétti þeim, er leyfið veitir, meðan svo er ástatt. Skal hann þegar í stað afhenda dómsmálaráðherra leyfisbréf sitt. Dómsmálaráðherra skal tilkynna dómstólum í lögsagnarumdæmi því, er lögmaðurinn síðast hafði skrifstofu, svo og Lögmannafélagi Íslands um leyfismissinn. Falli niður ástæða til leyfismissis, skal lögmaðurinn fá aftur málflutningsleyfi sitt að fenginni umsögn lögmannsdóms. Tilkynningu um þetta skal dómsmálaráðherra senda sömu aðiljum og tilkynnt var um leyfismissinn.

Telji dómsmálaráðherra, að lögmaður hafi hagað sér andstætt góðum lögmannsháttum eða á þann hátt, að eigi samrýmist lögmannsstarfi, skal hann leita álits lögmannsdóms um, hvort svipta skuli lögmanninn leyfi til málflutnings, annaðhvort um stundarsakir eða fyrir fullt og allt. Leggi lögmannsdómur til, að lögmaðurinn skuli sviptur leyfinu, getur dómsmálaráðherra svipt lögmanninn leyfinu um stundarsakir eða fyrir fullt og allt. Dómsmálaráðherra skal tilkynna dómstólum í því lögsagnarumdæmi, sem lögmaðurinn hefur skrifstofu, svo og Lögmannafélagi Íslands, um leyfissviptinguna. Ef leyfissviptingin varðar hæstaréttarlögmann, skal Hæstarétti ætíð tilkynnt um hana.

Hafi lögmaður verið sviptur leyfi samkvæmt framansögðu, getur hann ávallt borið málið undir dómstóla með venjulegum hætti, að stefndum dómsmálaráðherra af hálfu ríkisvaldsins.

Um héraðsdómslögmenn.

13. gr.

Dómsmálaráðuneytið getur veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi hverjum þeim, sem:

1. Er 25 ára gamall.
2. Er lögráður og hefur forræði fjár síns.
3. Hefur íslenzkan ríkisborgararétt.
4. Hefur lokið prófi í lögfræði við Háskóla Íslands eða jafngildu prófi við annan háskóla samkvæmt íslenzkum lögum.
5. Hefur starfað sem tilkynntur fulltrúi héraðsdóms- eða hæstaréttarlögmanns í tvö ár eða verið skipaður í fasta dómarastöðu eða skipa má hann í fasta dómarastöðu samkvæmt 32. gr. laga nr. 85/1936.

Leita skal álits stjórnar Lögmannafélags Íslands, áður en leyfi er veitt.

Heimilt er að synja manni um leyfi, ef 2. mgr. 68. gr. alm. hgl. á við um hagi hans.

14. gr.

Áður en manni er veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi, skal hann heita því skriflega og að viðlögðum drengskap, að hann skuli rækja með trúmennsku og samvizkusemi þau málflutningsstörf, sem honum kunni að verða falin.

15. gr.

Héraðsdómslögmönnum er heimilt að fara með mál fyrir héraðsdómi hvar sem er í landinu.

16. gr.

Héraðsdómslögmönnum er skylt að flytja þau opinber mál og gjafsóknar- og gjafvarnarmál, sem þeim verða falin í því lögsagnarumdæmi, sem þeir hafa skrifstofu, eða þar í grennd. Annars ráða þeir því sjálfir, hvaða málflutningsstörf þeir taka að sér.

Nú óskar aðili, er skipa skal talsmann, að fá sér skipaðan ákveðinn héraðsdómslögmann, og skal þá veita honum það, nema einhverjar sérstakar ástæður mæli gegn því.

Ef mál er flutt munnlega, ber héraðsdómslögmanni að gera það sjálfur; þó er honum rétt að fela það öðrum héraðsdóms- eða hæstaréttarlögmanni, ef nauðsyn krefur. Annars er héraðsdómslögmanni heimilt að láta fulltrúa sinn flytja mál fyrir dómi.

Um hæstaréttarlögmenn.

17. gr.

Dómsmálaráðherra getur veitt leyfi til málflutnings fyrir Hæstarétti hverjum þeim lögmanni, sem:

1. Er 30 ára gamall.
2. Er lögráður og hefur forræði fjár síns.

3. Hefur íslenzkan ríkisborgararétt.
4. Hefur lokið prófi í lögfræði við Háskóla Íslands eða jafngildu prófi við annan háskóla samkvæmt íslenzkum lögum.
5. Hefur starfað sem héraðsdómslögmaður í 3 ár samtals eða um jafnlangan tíma gegnt embætti, sem lagapróf þarf til.
6. Hefur sýnt það með flutningi 3 mála fyrir Hæstarétti, að hann sé að dómi Hæstaréttar hæfur til að vera hæstaréttarlögmaður.

Enginn má þreyta prófraun þessa oftar en tvisvar. Sá, sem sækir um leyfi til að þreyta prófraun þessa, skal með umsókn sinni leggja fyrir réttinn vottorð dómsmálaráðherra um, að hann fullnægi skilyrðum 1.—5. tl. hér að framan, og umsögn stjórnar Lögmannafélags Íslands um prófraunarumsóknina.

Hæstiréttur getur veitt manni undanþágu frá prófraun þessari að nokkru eða öllu leyti, ef réttinum er það kunnugt af lögfræðilegum störfum hans, að hann sé hæfur til að flytja mál fyrir Hæstarétti.

Heimilt er að synja manni leyfis, ef 2. mgr. 68. gr. almennra hegningarlaga á við um hagi hans.

Þeir, sem öðlazt hafa rétt til málflutnings fyrir Hæstarétti samkvæmt heimild 1. gr. laga nr. 25/1953, halda þeim rétti með þeim skyldum, er þar greinir.

18. gr.

Áður en manni er veitt leyfi til málflutnings fyrir Hæstarétti, skal hann heita því skriflega og að viðlögðum drengskap, að hann skuli rækja með trúmennsku og samvizkusemi þau málflutningsstörf, sem honum verða falin.

19. gr.

Skylt er hæstaréttarlögmönnum að flytja þau opinber mál, sem þeim verða falin. Önnur mál er þeim eigi skylt að taka að sér fyrir Hæstarétti.

Nú óskar sakaður maður í opinberu máli eða gjafsóknar- eða gjafvarnarhafi sér skipaðan ákveðinn hæstaréttarlögmann, og skal honum þá skipaður sá maður, nema einhverjar sérstakar ástæður mæli gegn því.

II. KAFLI
Um málflutningsmenn.

20. gr.

Ef mál er rekið utan þeirra lögsagnarumdæma, er einkaréttur héraðsdóms- og hæstaréttarlögmanna nær til, getur aðili falið hverjum lögráða manni, sem hefur almennan andlegan þroska, meðferð máls síns.

21. gr.

Málflutningsmenn verða að sanna umboð sitt, ef það er vefengt. Hafi þeir lokið embættisprófi í lögfræði, mega þeir ganga í Lögmannafélag Íslands, en hvorki hafa þeir atkvæðisrétt um samþykktir eða gjaldskrá félagsins né kosningarrétt eða kjörgengi í stjórn þess eða lögmannsdóm.

22. gr.

Félög eða stofnanir, sem hafa embættisgenga lögfræðinga í fastri þjónustu sinni, geta látið þá fara með mál sín fyrir héraðsdómi hvar sem er á landinu. Aðili, er hyggst notfæra sér heimild þessa, skal tilkynna dómsmálaráðherra og Lögmannafélagi Íslands um ráðningu mannsins. Á sama hátt skal tilkynna um brottför hans úr starfi.

23. gr.

Ef málflutningsmaður sætir sektum samkvæmt 188. gr. laga nr. 85 23. júní 1936 eða reynist óhæfur til málflutnings vegna vankunnáttu, getur héraðsdómari, þar sem málflutningsmaður er búsettur, tekið af honum heimild til að fara með mál í

umboði annarra fyrir fullt og allt eða um stundarsakir, en bera má hann málið undir dómstóla með venjulegum hætti og að stefndum dómara þeim, er í hlut á.

III. KAFLI
Ýmis ákvæði.

24. gr.

Dómsmálaráðherra ákveður, að fengnum tillögum stjórnar Lögmannafélags Íslands, hvort málflytjandastarf er samrýmanlegt öðru opinberu starfi. Ef það er metið ósamrýmanlegt, skal málflytjandi afhenda dómsmálaráðuneytinu leyfi sitt, ef því er að skipta, meðan svo er ástatt.

25. gr.

Mál vegna brota á lögum þessum og reglugerðum settum samkvæmt þeim skulu rekin að hætti opinberra mála. Brot skulu varða sektum, varðhaldi eða fangelsi eftir almennum reglum.

26. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Jafnframt falla úr gildi lög nr. 61 4. júlí 1942, um málflytjendur, lög nr. 25 16. febrúar 1953 og lög nr. 32 18. apríl 1962, um breyting á þeim lögum.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þeir lögfræðingar, sem fyrir gildistöku þessara laga hafa lokið einni eða fleirum af prófraunum þeim, sem um ræðir í 6. tl. 14. gr. laga nr. 61/1942, mega á næstu 12 mánuðum ljúka þeim prófraunum, er þeir eiga ólokið, og fá leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi, enda uppfylli þeir önnur skilyrði til þess.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um nokkurt skeið hefur stjórn Lögmannafélags Íslands óskað þess, að lög um málflytjendur yrðu endurskoðuð. Í maímánuði 1971 fól Auður Auðuns, þáverandi dómsmálaráðherra, Benedikt Sigurjónssyni, hæstaréttardómara, að endurskoða lögin. Hefur hann samið frumvarp þetta en því fylgdi svo hljóðandi:

Greinargerð.

Gildandi lög um málflytjendur eru að meginstofni frá því á árinu 1942. Síðan hefur lögmönnum fjölgað mjög, bæði þeim lögmönnum, sem hafa venjuleg lögmannsstörf að aðalstarfi, og einnig þeim, sem stunda slík störf í hjáverkum með öðrum störfum. Hefur þetta skapað ýmis vandamál.

Lögmenn eru opinberir sýslunarmenn, sem hafa á hendi þýðingarmikinn þátt réttarvörzlunnar. Almenningur verður að geta treyst þeim og átt að þeim aðgang. Af þeim ástæðum verður að gera til þeirra verulegar kröfur um þekkingu og þjálfun og góða hegðun í starfi. Þá ber og að hafa það í huga, að lögmannsstéttin er oft mjög gagnrýnd og tortryggð, ekki alltaf af réttum ástæðum.

Af þessum ástæðum þykir rétt að leggja til að gera nokkrar breytingar á gildandi lögum, sem miða eiga að því að styrkja lögmannsstéttina og gera henni kleift að sinna betur verkefnum sínum.

Nokkuð hefur verið litið til erlendra fyrirmynda, en eigi hefur verið talin ástæða til að taka upp reglur nágrannaþjóðanna að verulegu leyti, enda þjóðfélagshættir aðrir.

Segja má, að meginbreytingar þær, sem lagt er til að gerðar verði, séu tvær.

Prófraun héraðsdómslögmanna er felld niður. Reynslan hefur sýnt, að flestir nýútskrifaðir lögfræðingar reyna strax að loknu prófi að fá sér héraðsdómslögmannsréttindi. Þeir fá lánuð prófmál hjá vinum sínum og velunnurum í lögmannastétt og flytja þau fyrir dómi. Mál þessi hafa þeir sjaldnast haft með að gera áður, ekki aflað frumgagna, ákveðið dómkröfur né haft á hendi gagnasöfnun fyrir dómi. Munu þess dæmi, að efnilegir lögfræðingar hafi lokið lögmannsprófi nokkrum mánuðum eftir lögfræðipróf án þess að hafa unnið annað að málunum en flutt þau munnlega. Nú er það alkunna, að einn þýðingarmesti þáttur í málflutningi er frumvinnan, undirbúningur undir málssóknina, dómkröfugerðin og gagnaöflunin. Í dómsmálum kemur því miður oft fram, að þessir þættir hafa verið vanræktir. Af þessum sökum er lagt til, að prófraun héraðsdómslögmanna verði felld niður, en þess í stað geti menn fengið rétt til málflutnings fyrir héraðsdómi, eftir að hafa starfað að slíkum málum nokkurn tíma, sem lagt er til að verði tvö ár.

Hitt atriðið, sem lagt er til að breytt verði, er framkvæmd agavalds stéttarfélags lögmanna. Til þessa hefur stjórn stéttarfélagsins haft vald þetta á hendi. Er nú lagt til, að innan stéttarfélagsins verði sérstök stofnun, lögmannsdómur, sem hafi þetta vald á hendi. Þá eru reglurnar um agavaldið skýrðar nokkuð og við þær aukið. Er þetta á því byggt, að hollt sé, að samtök lögmannanna sjálfra fylgist með félögum sínum og agi þá, ef þá ber út af réttri braut. Hins vegar er með þessu á engan hátt skertur réttur ríkisvaldsins til að refsa þessum mönnum, ef þeir verða brotlegir við lagareglur.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Grein þessi er í meginatriðum samhljóða 5. gr. laga nr. 61/1942. Þó er einkaréttur lögmanna til málflutnings aukinn nokkuð, þannig að hann er nú einnig látinn taka til næsta nágrennis Reykjavíkur.

Um 2. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 1. gr. laga nr. 61/1942.

Um 3. gr.

Grein þessi er að mestu samhljóða 4. gr. laga nr. 61/1942.

Um 4. gr.

Samkvæmt grein þessari er öllum lögmönnum gert að skyldu að hafa opna skrifstofu og þeir skulu tilkynna stjórn stéttarfélags síns og dómsmálaráðherra um skrifstofustað sinn. Samkvæmt 1. mgr. 12. gr. laga nr. 61/1942, sbr. 4. gr. laga nr. 32/1962 er nú einungis hæstaréttarlögmönnum skylt að hafa opna skrifstofu.

Þá er í 2. mgr. gert ráð fyrir, að dómsmálaráðherra geti með reglugerð ákveðið hvenær lögmannsskrifstofur skuli vera opnar almenningi.

Um 5. gr.

Grein þessi er samhljóða 2. mgr. 12. gr. laga nr. 61/1942.

Um 6. gr.

Grein þessi svarar til 3. gr. laga nr. 61/1942, sbr. 1. gr. laga nr. 32/1962. Þó er nú lagt til, að Lögmannafélaginu skuli tilkynnt um ráðningu fulltrúa og einnig skuli tilkynnt, þegar fulltrúi hættir störfum hjá lögmanni. Þá er lagt til, að sama tilkynningarskylda sé, þegar lögmaður ræður annan lögmann í þjónustu sína.

Um 7. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 8. gr.

Svarar til 7. gr. laga nr. 61/1942.

Um 9. gr.

Grein þessi svarar um flest til 1. mgr. 8. gr. laga nr. 61/1942 með þeim breytingum, sem leiðir af því, að lagt er til að agavald verði tekið af stjórninni og falið sérstakri stofnun.

Um 10. gr.

Grein þessi er nýmæli. Í frv. er gert ráð fyrir, að agavald lögmanna verði aukið og falið sérstakri stofnun, lögmannsdómi.

Um 11. gr.

Grein þessi fjallar um agavald lögmannsdóms og svarar að mestu til 2. mgr. 8. gr. laga nr. 41/1942. Ákvæði þó gerð nokkru rýmri og skýrari.

Um 12. gr.

Í grein þessari eru teknar hinar almennu reglur um það, hvenær menn missi lögmannsleyfi. Það er fyrst og fremst, er menn missa hin almennu skilyrði til að fá lögmannsleyfi, hirða eigi um að hafa opna skrifstofu og taka að sér störf, sem ekki samrýmast lögmannsstarfi. Í slíkum tilvikum skal lögmaðurinn afhenda dómsmálaráðherra leyfi sitt. Brjóti lögmaður hins vegar af sér getur dómsmálaráðherra svipt hann leyfinu að fengnum meðmælum lögmannsdóms, sem þá skal ætíð fjalla um málið.

Um 13. gr.

Grein þessi svarar til 14. gr. laga nr. 61/1942, sbr. lög nr. 32/1962 og lög nr. 119/1943. Sú meginbreyting er hér á gerð, að prófraun héraðsdómslögmanna er felld niður.

Á síðari árum hefur það verið venja, að ungir lögfræðingar hafa strax að loknu prófi fengið sér prófmál og fengið síðan leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi. Má segja að oft skorti þessa menn algjörlega reynslu, en segja má að hún skipti hér verulegu máli. Er því lagt til, að sá, sem starfað hefur á lögmannsskrifstofu í tvö ár eða skipaður hefur verið fastur dómari eða má skipa í fasta dómarastöðu, geti fengið leyfið, en þá verður að ætla, að fengin sé hæfileg starfsreynsla.

Um 14. gr.

Er samhljóða 15. gr. laga nr. 62/1941.

Um 15. gr.

Greinin er samhljóða 17. gr. laga nr. 62/1941.

Um 16. gr.

Greinin samsvarar 18. gr. laga nr. 61/1942.

Um 17. gr.

Greinin svarar til 1. gr. laga nr. 25/1953 eins og henni var breytt með lögum nr. 32/1962. Felld hefur þó verið niður heimild héraðsdómslögmanna til málflutnings fyrir Hæstarétti, en þeir, sem þann rétt hafa öðlazt, halda honum. Þá er lagt til, að umsókn fylgi umsögn stjórnar Lögmannafélags Íslands um prófraunarumsóknina.

Um 18. gr.

Greinin samsvarar 10. gr. laga nr. 61/1942.

Um 19. gr.

Greinin svarar til 13. gr. laga nr. 61/1942, sbr. 5. gr. laga nr. 32/1962.

Um 20. gr.
Greinin svarar til 19. gr. laga nr. 61/1942, sbr. 7. gr. laga nr. 32/1962.

Um 21. gr.
Greinin svarar til 20. gr. laga nr. 61/1942.

Um 22. gr.
Greinin svarar til 21. gr. laga nr. 61/1942. Við er bætt skyldu þeirra aðilja, er notfæra sér heimild þessa, til að tilkynna um þessa starfsmenn sína.

Um 23. gr.
Greinin er samhljóða 22. gr. laga nr. 61/1942.

Um 24. gr.
Greinin svarar til 23. gr. laga nr. 61/1942.

Um 25. og 26. gr.
Greinarnar þarfnast ekki skýringa.

Ed. 23. Frumvarp til laga [23. mál]

um framkvæmd eignarnáms.

(Lagt fyrir Alþingi á 93. löggjafarþingi, 1972.)

1. gr.

Við ákvörðun bóta vegna eignarnáms, sem heimilað er í lögum, skal gætt ákvæða laga þessara. Sama á við bætur og annað endurgjald, sem lögum samkvæmt skal ákvarða í samræmi við lög um framkvæmd eignarnáms. Í engu skal þó haggað ákvæðum laga nr. 76/1970, um lax- og silungsveiði, né vatnalaga, nr. 15/1923. Um eignarnám til öflunar vatnsréttinda og aðstöðu til nýtingar þeirra samkvæmt öðrum lögum skal og fara eftir ákvæðum vatnalaga. Þá skulu einnig haldast ákvæði loftferðalaga, skipulagslaga, náttúruverndarlaga og vegalaga um fresti til að lýsa kröfum vegna tiltekinna eignarskerðinga samkvæmt þeim lögum.

Í lögunum er merking eftirtalinna orða þessi:
Eignarnemi: Aðili, sem neytir eða hyggst neyta eignarnámsheimildar.
Eignarnámsþoli: Eigandi verðmætis, sem eignarnám beinist að, eða annar rétthafi, sem getur átt rétt til eignarnámsbóta.
Heimildarlög: Lög, sem heimila eða fyrirskipa eignarnám.

2. gr.

Matsnefnd eignarnámsbóta sker úr ágreiningi um eignarnámsbætur og annað endurgjald, sem ákveða á samkvæmt lögum um framkvæmd eignarnáms.

Ráðherra skipar formann matsnefndar til fimm ára í senn og annan til vara. Þeir skulu hafa lokið embættisprófi í lögfræði. Til meðferðar hvers máls kveður formaður tvo eða fjóra hæfa og óvilhalla menn. Um hæfi matsmanns til meðferðar einstaks máls skal fara eftir ákvæðum 36. gr. laga nr. 85/1936, um meðferð einkamála í héraði, eftir því sem við getur átt. Afl atkvæða ræður matsniðurstöðu.

3. gr.

Ef eigi leiðir annað af heimildarlögum, má með eignarnámi afla eignarréttar að landi og mannvirkjum ásamt því, sem þeim fylgir, skerða um ákveðinn tíma eða fyrir fullt og allt eignarrétt eða takmörkuð eignarréttindi yfir fasteign og stofna

eða fella niður afnotaréttindi, ítaksréttindi og önnur takmörkuð eignarréttindi yfir fasteignum.

Þegar eignarréttar er aflað með eignarnámi, skulu öll takmörkuð eignarréttindi jafnframt afnumin, nema annað sé sérstaklega ákveðið.

4. gr.

Eignarnemi skal, þegar hann neytir eignarnámsheimildar sinnar, senda matsnefnd eignarnámsbóta beiðni um, að mat fari fram. Beiðninni skal fylgja greinargerð fyrir eignarnámsheimild þeirri, sem beiðnin styðst við, og þeim framkvæmdum, sem eru tilefni eignarnámsins. Einnig skal tilgreina þær eignir, sem eignarnám lýtur að, og þeim eignarskerðingum lýst, sem eignarnámið hefur í för með sér. Þá skal eignarnemi, að svo miklu leyti sem auðið er, láta fylgja beiðninni skrá yfir eigendur og aðra rétthafa, sem eignarnámið snertir.

5. gr.

Fallist matsnefnd á, að lagaheimild sé til eignarnámsins, ákveður hún dag til fyrirtöku málsins með a. m. k. viku fyrirvara. Skal það gert með skriflegri tilkynningu til eignarnema og eignarnámsþola, í ábyrgðarbréfi, símskeyti eða með öðrum tryggum hætti.

Ef ekki þykir nægilega ljóst, hverjir eigi rétt til eignarnámsbóta, skal birta opinbera tilkynningu í Lögbirtingablaði eða með öðrum tryggilegum hætti. Matsnefnd skal taka mál fyrir, áður en liðnir eru tveir mánuðir frá því að hún fékk það til meðferðar.

6. gr.

Nú hefur aðili, sem heimild hefur til eignarnáms, tekið umráð eignar, og getur þá eigandi og aðrir rétthafar krafizt fyrirtöku máls, sbr. 5. gr.

7. gr.

Við fyrirtöku máls skal matsnefnd leita sátta með aðilum um eignarnámsbætur. Takist sættir, er matsmáli þar með lokið. Færa skal sátt til bókar og skal greina bótafjárhæð, greiðsluskilmála og önnur skilyrði, sem eignarnemi skal uppfylla, áður en hann fær umráð verðmætis þess, sem eignarnámi er tekið.

8. gr.

Eigendur og aðrir rétthafar eignar, sem eignarnámi er tekin, skulu eiga þess kost að kynna sér öll gögn, er eignarnámið varða og máli skipta við ákvörðun bótafjárhæðar. Krefja má og eignarnema nánari skýringa á einstökum atriðum fyrirhugaðra framkvæmda, sem eignarskerðingu hafa í för með sér, svo og upplýsinga um ráðstafanir til að firra eignarnámsþola tjóni.

Veita skal aðilum hæfilegan frest til gagnaöflunar og málatilbúnaðar að öðru leyti.

9. gr.

Eignarnemi og eignarnámsþoli skulu lýsa sjónarmiðum sínum og rökstyðja þau í skriflegum greinargerðum. Einnig má ákveða, að mál skuli auk þess munnlega flutt.

Þegar nauðsyn krefur, framkvæmir matsnefnd vettvangsgöngu að tilkvöddum málsaðilum.

10. gr.

Matsnefnd skal kveða upp úrskurð um fjárhæð eignarnámsbóta til eignarnámsþola. Í úrskurðinum skal gerð grein fyrir þeim atvikum og réttarreglum, sem liggja til grundvallar niðurstöðum mats. Bótafjárhæð skal vera sundurliðuð og lýst grundvelli útreikninga. Jafnan skal taka afstöðu til ágreiningsatriða. Tiltaka skal sérstaklega, hvern matskostnað eignarnemi eigi að greiða, sbr. 11. gr.

Eigi aðrir rétthafar en eigandi eignarnumins verðmætis rétt til eignarnámsbóta, skal meta og tilgreina sérstaklega þær bætur, sem hverjum þeirra ber.

11. gr.

Kostnað af starfi matsnefndar skal greiða úr ríkissjóði, en matsnefnd ákveður hverju sinni í úrskurði sínum, þegar ríkið er ekki eignarnemi, hverja greiðslu eignarnemi skuli inna af hendi til ríkissjóðs vegna slíks kostnaðar. Dómsmálaráðherra getur sett nánari reglur um greiðslu þessa kostnaðar, og svo um þóknun til nefndarmanna. Eignarnemi skal greiða eignarnámsþola endurgjald vegna þess kostnaðar, sem eignarnámsþoli hefur haft af rekstri matsmáls og hæfilegur verður talinn.

12. gr.

Skerðist fasteign með þeim hætti við eignarnám, að sá hluti hennar, sem eftir er, verður ekki nýttur á eðlilegan hátt sem sjálfstæð eign, getur matsnefnd ákveðið að kröfu eiganda, að eignarnámið skuli ná til eignarinnar allrar.

Ef bersýnilegt ósamræmi reynist milli bóta vegna skerðingar eignar og verðmætis þess hluta hennar, sem eftir er, getur eignarnemi krafizt þess, að eignarnámið taki til eignarinnar allrar.

Þegar fasteign eða hluti fasteignar er tekinn eignarnámi, getur matsnefnd ákveðið, að eignarnámsþola verði bætt tjón hans að einhverju eða öllu leyti með fasteign eða hluta fasteignar, sem eignarnemi getur ráðstafað.

13. gr.

Þegar mat liggur fyrir, getur eignarnemi tekið umráð eignarnumins verðmætis gegn greiðslu matsfjárhæða og kostnaðar af mati. Er eignarnema rétt að leita aðstoðar fógeta í þessu skyni. Sama gildir, þegar sátt hefur orðið um eignarnámsbætur, sbr. 7. gr., eða umráðataka verið heimiluð gegn tryggingu, ef tryggingar hefur verið krafizt, sbr. 14. gr.

14. gr.

Þótt mati sé ekki lokið, getur matsnefnd heimilað eignarnema að taka umráð verðmætis, sem taka á eignarnámi, og ráðast í þær framkvæmdir, sem eru tilefni eignarnámsins. Ef krafa kemur fram um það af hálfu eignarnámsþola, skal eignarnemi setja tryggingu fyrir væntanlegum bótum. Ákveður matsnefnd trygginguna.

Matsnefnd er og heimilt að hafa þann hátt á, sem segir í 1. mgr. þessarar greinar, ef vandkvæði eru á að ákveða bætur fyrirfram eða mat er að öðru leyti vandasamt.

15. gr.

Eignarnemi getur horfið frá fyrirhuguðu eignarnámi, ef hann segir til þess innan mánaðar frá því að mat á eignarnámsbótum lá fyrir, en bæta skal hann allt tjón, sem rakið verður til aðgerða hans. Að kröfu eignarnámsþola er eignarnema þó skylt að greiða eignarnámsbætur, ef eignarnemi hefur tekið umráð eða hafið hagnýtingu verðmætis, eftir atvikum gegn tryggingu, sbr. 14. gr.

16. gr.

Heimilt er matsnefnd, þótt eignarnámsmati sé lokið, að taka til úrlausnar kröfur um eignarnámsbætur, sem ekki hefur verið fjallað um í matinu, ef krafa kemur fram um það, áður en ár er liðið frá því að þeim framkvæmdum lauk, sem voru tilefni eignarnámsins. Sama gildir um bótakröfur eignarnámsþola, er stafa af því, að veruleg breyting hefur orðið á bótagrundvelli þeim, sem matsniðurstaða byggist á.

17. gr.

Leita má úrlausnar dómstóla um ágreining út af lögmæti eignarnáms, þar á meðal ágreining um fjárhæð eignarnámsbóta, en um síðastgreint atriði þó ekki fyrr en úrlausn matsnefndar liggur fyrir.

18. gr.

Formaður matsnefndar varðveitir matsúrskurði og sér um útgáfu þeirra eða úrdrátta úr þeim. Jafnan skal senda fasteignamati ríkisins afrit matsúrskurða.

19. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi numin lög nr. 61 14. nóvember 1917, um framkvæmd eignarnáms, og svo önnur lög, að því leyti sem þau fara í bága við ákvæði laga þessara, sbr. þó 1. gr. Nú hefur dómkvaðning matsmanna farið fram fyrir gildistöku laga þessara, og skal þá það mat fara eftir eldri reglum.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í samræmi við þingsályktun frá 22. apríl 1970, um endurskoðun laga um framkvæmd eignarnáms, var hinn 20. október 1970 skipuð nefnd til að endurskoða gildandi lög um þetta efni. Í nefndinni voru próf. Gaukur Jörundsson, Páll Líndal, borgarlögmaður og Hallgrímur Dalberg, skrifstofustjóri. Hinn 19. maí 1972 skilaði nefndin álitsgerð, ásamt frumvarpi því, sem hér er flutt, og fer hér á eftir greinargerð nefndarinnar um nefndarskipunina og aðdraganda hennar, greinargerð um meginsjónarmið nefndarinnar, svo og athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

I. Um nefndarskipunina og aðdraganda hennar.

Hinn 22. apríl 1970 samþykkti Alþingi svofellda þingsályktun: „Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta endurskoða gildandi lagaákvæði um framkvæmd eignarnáms, m. a. að því er varðar eignarnám á löndum og lóðum í þágu ríkis og sveitarfélaga, og verði frumvarp til nýrra laga um framkvæmd eignarnáms lagt fyrir næsta Alþingi.

Í frumvarpinu verði m. a. kveðið á um skyldu matsmanna til að taka beina afstöðu til tiltekinna atriða, sem áhrif hafa á verð eignarnámslands, og sundurliða og gera allnákvæma grein fyrir, á hvaða forsendum matsfjárhæð er byggð.

Þá verði í frumvarpinu reglur um ákvörðun þóknunar matsmanna og um skil matsgerða til ákveðinnar stofnunar."

Flutningsmenn tillögu til ofangreindrar þingsályktunar voru alþingismennirnir Auður Auðuns, Halldór E. Sigurðsson, Geir Gunnarsson og Bragi Sigurjónsson, og var tillagan flutt að frumkvæði Sambands íslenzkra sveitarfélaga. Í greinargerð fyrir tillögunni er vakin athygli á því, að núgildandi löggjöf um framkvæmd eignarnáms sé ófullkomin. Er bent á nokkur einstök atriði, til að mynda ófullkomin ákvæði um gerð og frágang matsgerða. Sé ástæða til að áskilja rökstuðning fyrir niðurstöðum, en á því hafi orðið misbrestur. Einnig skorti leiðbeiningarreglur um ákvörðun matsþóknunar, sem hafi þótt lítt við nögl skorin. Þá er talið æskilegt, að einn aðili eða stofnun hafi undir höndum eintök af öllum eignarnámsmatsgerðum, þannig að matsmenn ættu jafnan greiðan aðgang að þeim til öflunar upplýsinga. Myndi slíkt stuðla að samræmi í matsgerðum, bæði hvað snerti form þeirra og niðurstöður. Enn fremur er skírskotað til þess álits margra sveitarstjórna, að eignarnámsbætur hafi oft verið óeðlilega háar, einkum miðað við þann veigamikla þátt, sem sveitarfélög eiga í að gera lönd arðbær.

Auður Auðuns hafði framsögu fyrir þingsályktunartillögunni og gerði frekari grein fyrir þeim sjónarmiðum, sem fram komu í greinargerð fyrir þingsályktunartillögunni. Var vikið að ýmsum atriðum, sem fjalla þyrfti um við setningu nýrrar löggjafar um framkvæmd eignarnáms, svo sem skipun matsmanna, réttarfar í matsmálum, skyldu til að skila matsgerðum til ákveðinnar stofnunar, þóknun til matsmanna o. fl. Sérstök áherzla var lögð á nauðsyn ákvæða um rökstuðning fyrir niðurstöðu matsmanna, t. d. skyldu þeirra til að taka ákveðna afstöðu til atriða, sem á reyndi, eins og gangverðs, afnotaverðs, kostnaðar, ytri aðstæðna, skipulags o. s. frv.

Hinn 20. október 1970 var próf. Gaukur Jörundsson skipaður formaður nefndar til að endurskoða gildandi lög um framkvæmd eignarnáms í samræmi við fyrrgreinda ályktun Alþingis, og hinn 24. nóvember s. á. voru enn fremur skipaðir í nefndina þeir Páll Líndal, borgarlögmaður, að tillögu Sambands íslenzkra sveitarfélaga og Hallgrímur Dalberg, skrifstofustjóri, samkvæmt tilnefningu félagsmálaráðuneytisins.

II. Meginsjónarmið nefndarinnar.

Hér á eftir verður gerð grein fyrir helztu sjónarmiðum, sem liggja til grundvallar tillögum nefndarinnar, en nánari skýringar á einstökum atriðum er að finna í athugasemdum við einstakar greinar frumvarps þess, sem nefndin hefur samið.

1. Eignarnámsheimildir laga.

Samkvæmt 67. gr. stjórnarskrárinnar má því aðeins framkvæma eignarnám, að til þess sé heimild í settum lögum. Nefndin telur ekki falla undir verksvið það, sem nefndinni hefur verið markað, að gera tillögur um, hvenær heimila skuli eignarnám, eða um heimildarlöggjöf um það efni. Mælir og ýmislegt með því, að við setningu löggjafar á einstökum sviðum sé jafnframt tekin afstaða til þess, af hvaða tilefni sé rétt að heimila eignarnám. Rétt er þó að vekja athygli á því, að talsvert hefur tíðkazt í íslenzkri löggjöf, að eignarnám sé heimilað í lögum af alveg tilteknu tilefni, og að verið getur, að marka beri skýrari stefnu um veitingu eignarnámsheimilda í lögum. Væri rétt að taka þessi atriði til athugunar við setningu löggjafar á ýmsum sviðum.

2. Ákvörðun um að eignarnámsheimildar skuli neytt.

Í íslenzkri eignarnámslöggjöf er það í mörgum tilvikum hvergi nærri skýrt, hvaða aðili fari með vald (eða endanlegt vald) til að ákveða, hvort eignarnámsheimildar skuli neytt. Er og greinilegt, að mismunandi reglur gilda um það, hver háttur skuli hafður á við slíka ákvörðun. Þyrfti þarna að kveða skýrar á og meira samræmis að gæta. Er naumast heldur eðlilegt í öllum tilvikum, að sá, sem er í fyrirsvari fyrir þá hagsmuni eða þarfir, sem eignarnámsheimild er veitt til, skuli hafa úrslitavald um það, hvort heimildarinnar skuli neytt. Er ástæða að hafa það í huga við endurskoðun einstakra heimildarlaga, en nefndin telur ekki rétt á þessu stigi að hún geri ákveðnar tillögur að þessu leyti.

3. Ákvörðun um tilhögun og framkvæmd eignarnámsskerðingar.

Ákvörðun um að eignarnámsheimildar skuli neytt er aðeins fyrsta skrefið í eignarnámsframkvæmdinni. Til viðbótar þarf meðal annars að taka afstöðu til þess, til hvaða eigna eignarnámið á að taka, hver réttindi skuli skert og með hvaða hætti. Skiptir þar meðal annars máli, hvernig þeim framkvæmdum skuli hagað, sem eru tilefni eignarnámsins, svo sem um gerð mannvirkja og ráðstafanir til að draga úr tjóni eignarnámsþola. Er þarna oft um matsatriði að ræða, gjarnan tæknilegs eðlis, sem dómstólar eru lítt fallnir til að endurskoða. Engu að síður getur verið mikið í húfi fyrir bæði eignarnema og eignarnámsþola að vandað sé til ákvörðunar um framkvæmd eignarnámsins að þessu leyti. Margt mælir með því, að hlutlausum aðila sé falið að skera úr um þessi efni, og að það komi ekki í hlut eignarnema sjálfs. Eru ákvæði dönsku eignarnámslaganna um eignarnámsnefndir á því sjónarmiði byggð og sama leið er farin í íslenzku vatnalögunum. Hlýtur því óhjákvæmilega að koma til athugunar, hvort eigi sé tímabært að lögleiða slíka háttu í almennri löggjöf um framkvæmd eignarnáms. Á það verður samt að benda, að óhjákvæmilega verður að tryggja, að sá aðili, sem fari með slíkt úrskurðarvald, hafi yfir að ráða nægilegri þekkingu á þeim framkvæmdum, sem eignarnám er heimilað til. Er því ekki að neita, að það er oft einmitt eignarnemi sjálfur, sem hefur yfir að ráða

beztri þekkingu að þessu leyti. Telur nefndin því varhugavert að hverfa í einu vetfangi frá þeirri tilhögun, sem yfirleitt hefur tíðkazt hér á landi, og er á þá leið, að eignarnemi sjálfur taki ákvörðun um nefnd atriði eignarnámsframkvæmdarinnar. En að sjálfsögðu verður lögmæti slíkrar ákvörðunar borið undir dómstólana. Nefndin gerir því ekki tillögur um, að almenn breyting verði gerð í nýjum eignarnámslögum, en telur ástæðu til, að þetta vandamál verði tekið til athugunar við endurskoðun einstakra heimildarlaga. Nefndin telur þó rétt, að í almennum lögum um framkvæmd eignarnáms séu ákvæði um það, hvers konar réttindaskerðingu megi framkvæma með eignarnámi, ef ekki leiðir annað af heimildarlögunum sjálfum. Einnig telur nefndin rétt, að í slíkum lögum sé ákveðið, hverjum skilyrðum eignarnemi þurfi að fullnægja um greiðslu eða tryggingu eignarnámsbóta, áður en hann fær umráð eignarnumins verðmætis.

4. **Reglur um fjárhæð eignarnámsbóta.**

Ýmis vandkvæði eru á því að taka í lög ákvæði um fjárhæð eignarnámsbóta. Stafar það m. a. af því, að ákvæði 67. gr. stjórnarskrárinnar um fullar bætur setja slíkri löggjöf vissar óhagganlegar skorður. Í öðru lagi er ákvörðun eignarnámsbóta margþætt og flókið viðfangsefni, sem naumast verða settar tæmandi reglur um eða a. m. k. ekki reglur, sem leiða sjálfkrafa til afdráttarlausrar niðurstöðu. Virðist því varla koma annað og meira til greina en að lögfesta vissar meginreglur um fjárhæð eignarnámsbóta. Er nefndin þeirrar skoðunar, að slíkar leiðbeiningarreglur geti komið að gagni, eins og til hagar hér á landi. Hefur nefndin afráðið að semja sérstakt frumvarp til laga um fjárhæð bóta vegna eignarnáms fasteigna, en að sjálfsögðu er ekkert því til fyrirstöðu, að það verði sameinað þessu frumvarpi nefndarinnar.

5. **Reglur um framkvæmd mats á eignarnámsbótum.**

Samkvæmt framangreindu og fyrrgreindri þingsályktunartillögu eru réttarreglur um framkvæmd mats á eignarnámsbótum meginviðfangsefni nefndarinnar. Er rétt að leggja áherzlu á, að í hlut á viðkvæmur og þýðingarmikill þáttur mannlegra samskipta. Hlýtur það að setja mót sitt á nefndar reglur.

Setning löggjafar af þessu tagi verður að tryggja réttaröryggi. Verður það gert með því meðal annars, að kynna eignarnámsþola rækilega fyrirhugaða eignarnámsákvörðun, m. a. áætluð mannvirki og óhagræði frá þeim og starfsemi eignarnema. Þá verður eignarnámsþoli að eiga þess kost að færa fram gögn og rök fyrir bótakröfum sínum. Einnig verður að tryggja, að eignarnámsþoli sé ekki sviptur eignum sínum án þess að nægilega sé tryggt, að hann fái þær bætur, sem honum ber. Verður að taka tillit til þess við mótun reglna um starfshætti matsmanna, greiðslubætti og töku eignarráða eignarnumins verðmætis af hálfu eignarnema.

Við setningu laga um framkvæmd eignarnáms má að sjálfsögðu ekki einblína á hagsmuni eignarnámsþola, heldur verður að taka hæfilegt tillit til hagsmuna eignarnema. Honum má ekki íþyngja með óhóflegri greiðslubyrði vegna eignarnáms og ekki má eignarnám tefja um of framkvæmdir eignarnema.

Með hliðsjón af framangreindum markmiðum verður að stuðla að vandaðri meðferð ágreiningsmála út af fjárhæð eignarnámsbóta. Er rétt að leggja áherzlu á, að hæði tillitið til eignarnema og eignarnámsþola krefst samræmis í matsúrlausnum. Telur nefndin vænlegast til árangurs, að eignarnámsmat sé í höndum tiltölulega fámenns hóps hjálfaðra matsmanna. Einnig verði að gera kröfu til þess, að matsmenn leysi úr ágreiningi aðila varðandi staðreyndir og lagaatriði, sem þýðingu hafa fyrir matsniðurstöðu, og geri að öðru leyti grein fyrir reikningsgrundvelli eignarnámsbóta.

Í tilefni af því, sem að framan greinir, er ástæða til að taka til athugunar, hvort gera eigi ráð fyrir tveimur matsstigum, undir- og yfirmati, eins og í flestum tilvikum samkvæmt núgildandi lögum. Er rétt að hafa í huga, að með slíkri tilhögun hefur verið miðað að auknu réttaröryggi. Nefndin leggur engu að síður til,

að matsstig sé aðeins eitt. Verður að telja, að nægilegt réttaröryggi geti verið tryggt með slíkri skipan. Skal bent á reglur frumvarpsins, er stefna að vönduðum undirbúningi að ákvörðun eignarnámsbóta. Einnig er gert ráð fyrir því, að matsnefnd sé skipuð 3 eða 5 mönnum, og ætti því að vera unnt að tryggja bæði nægilega sérfræðiþekkingu og staðarþekkingu. Þá er viss heimild til endurupptöku mats og loks heimilt að skjóta ákvörðun eignarnámsbóta til úrlausnar dómstóla.

Telja verður, að eitt matsstig hafi marga verulega kosti. Auðveldara verður með þeim hætti að mynda hóp þjálfaðra matsmanna og stuðla þannig að samræmi og öryggi í matsniðurstöðum. Framkvæmd mats ætti tvímælalaust að taka skemmri tíma og kostnaður af því að verða minni. Er rétt að benda á, að stundum hefur þessi háttur verið hafður á í íslenzkri löggjöf. Einnig má geta þess, að í Noregi hefur nefnd, sem um þetta efni fjallar, lagt til að yfirmat verði afnumið þar í landi.

6. Hlutverk dómstóla.

Til álita kemur, að eignarnámsmál séu að meira eða minna leyti rekin fyrir dómstólum, einkum að því er ákvörðun bóta varðar. Nefndin hefur þó ekki talið rétt að hverfa frá þeirri grundvallarreglu íslenzkrar réttarskipunar, að stjórnvöld fjalli um eignarnámsframkvæmdina og ákvörðun eignarnámsbóta. Er hætt við því, að meðferð fyrir dómstólum þætti nokkuð þung í framkvæmd. Hlutverk dómstóla verður því skv. tillögum nefndarinnar áfram fólgið í því fyrst og fremst, að taka eftir á til athugunar, hvort stjórnvöld hafi farið að lögum við eignarnámið og ákvörðun bóta. Í frumvarpinu er þó tekið af skarið, að dómstólar eigi endanlegt úrlausnarvald um fjárhæð eignarnámsbóta, en á því hefur þótt leika nokkur vafi.

7. Gildissvið laganna.

Frumvarpið miðar að því að ná sem mestu samræmi í vinnubrögðum við ákvörðun eignarnámsbóta. Af þeim sökum er lagt til, að þorri eignarnáma fari fram eftir ákvæðum þess, ef að lögum verður. Óhjákvæmilegt hefur þó þótt að undanskilja eignarnám skv. löggjöf, þar sem verulegra sérsjónarmiða gætir, eins og nánar kemur fram af 1. gr. frumvarpsins og athugasemdum við þá grein.

Eignarnám annarra verðmæta en fasteigna hefur ekki mikla raunhæfa þýðingu. Er frumvarpið af þeim sökum einkum miðað við eignarnám, sem beinist með einhverjum hætti að fasteignum. Engu að síður er ætlazt til að sömu reglum verði beitt við eignarnám annarra verðmæta, eftir því sem við getur átt.

Athugasemdir við einstakar greinar.

Um 1. gr.

Mjög mismunandi háttur er á hafður við ákvörðun eignarnámsbóta, þar sem í einstökum heimildarlögum er oft að finna ákvæði, sem víkja frá almennum reglum um framkvæmd eignarnáms um fleiri eða færri atriði bótaákvörðunar, án þess að séð verði, að til þess hafi nærri alltaf legið sérstakar ástæður. Í samræmi við þau meginsjónarmið, sem frumvarp þetta byggist á, þykir rétt að samræma þessar reglur að svo miklu leyti sem við verður komið. Ber því að leggja reglur frumvarpsins, ef að lögum verður, til grundvallar ákvörðun eignarnámsbóta, og verða ákvæði einstakra heimildarlaga að þoka að sama skapi.

Stundum er svo mælt fyrir í lögum, að tiltekið endurgjald eða bætur skuli ákveða í samræmi við eignarnámsreglur, án þess að með því sé tekin afstaða til þess, hvort um eignarnámsbætur sé að ræða, og er stundum reyndar ljóst, að svo er ekki. Er í 1. gr. gert ráð fyrir því, að ákvörðun nefndra bóta fari eftir ákvæðum frumvarpsins.

Veigamikilla sérsjónarmiða gætir varðandi eignarskerðingar samkvæmt vatnalögum nr. 15/1923 og lax- og silungsveiðilögum nr. 76/1970 og þykir því ekki rétt að hrófla við ákvæðum þeirra laga með frumvarpi þessu. Á hinn bóginn kemur til

athugunar við endurskoðun þessara laga, að hve miklu leyti sé rétt að samræma þau ákvæðum frumvarpsins, ef að lögum verður.

Nokkur dæmi eru um heimildarlög, sem vísa um framkvæmd eignarnáms samkvæmt þeim til vatnalaga. Þykir rétt að láta slíka tilvísun haldast, að því er tekur til eignarnáms vatnsréttinda og svo eignarnáms lands eða annarrar aðstöðu, sem fer fram í tengslum við eignarnám vatnsréttinda.

Um bótakröfur í tilefni af tilteknum eignarskerðingum samkvæmt skipulagslögum nr. 19/1964, sbr. 29. gr., lögum um loftferðir nr. 34/1964, sbr. 64. og 70. gr., vegalögum nr. 23/1970, sbr. 63. gr., og lögum nr. 47/1971 um náttúruvernd, sbr. 26. og 30. gr., gilda sérreglur á þá leið, að kröfur þessar verður að hafa uppi innan tiltekins frests, ella fellur bótaréttur niður. Eru þessar reglur reistar á sérstökum sjónarmiðum varðandi þær eignarskerðingar, sem þarna er um að ræða. Þykir ekki rétt að hrófla við reglum þessum í frumvarpinu.

Um 2. gr.

Frumvarpið gerir ráð fyrir því, að sérstök nefnd, matsnefnd, eignarnámsbóta, skeri úr ágreiningi um fjárhæð eignarnámsbóta. Ekki eru aðrir fastskipaðir nefndarmenn en formaður (og varaformaður), sem á síðan að kveðja til meðferðar einstaks máls tvo eða fjóra menn, eftir því hvernig málið er vaxið. Ekki þykir rétt að takmarka það við ákveðinn hóp manna, hverjir valdir verði til matsstarfa, þar sem það gæti leitt til þess, að stundum skorti nauðsynlega staðarþekkingu eða sérfræðikunnáttu. Hins vegar er gengið út frá því, að formaður kveðji að jafnaði til menn úr tiltölulega þröngum hópi, til þess að tryggja sem bezt samræmi og öryggi í matsstörfum nefndarinnar.

Um 3. gr.

Í þessari grein frumvarpsins er meðal annars skýrt, hvers konar eignarskerðingar geti verið fólgnar í eignarnámi, nema annað sé tekið fram í heimildarlögunum sjálfum.

Um 4. gr.

Í þessari grein er leitazt við að tryggja að undirbúningur matsmáls sé sem rækilegastur þegar í upphafi með því meðal annars að mæla fyrir um skyldu eignarnema til að gera grein fyrir eignarnámsheimild sinni, svo að eigandi þeirrar eignar, sem í hlut á, geti gert sér ljóst, hvort eignarnámskrafa eigi sér viðhlítandi lagastoð. Verður að telja matsnefnd óskylt að taka beiðni um eignarnámsmat fyrir, ef nefndin telur hana skorta lagaheimild, sbr. 5. gr. frumvarpsins. Ágreiningi matsnefndar og eignarnema um slík atriði mætti að sjálfsögðu skjóta til úrlausnar dómstóla. Einnig er eignarnemi skyldaður til að gera sem ljósasta grein fyrir því, hvers konar eignarskerðingar sé krafizt, hvert tjón af henni leiði og hverjum hún bitni á.

Um 5. gr.

Samkvæmt ákvæðum þessarar greinar sér matsnefnd um kvaðningu aðila matsmáls til að koma fyrir nefndina, er málið er tekið fyrir. Vafi getur þótt leika á því, hverjir eigi rétt til eignarnámsbóta, svo sem þegar eignarnám er mjög umfangsmikið eða erfitt er að fá upplýsingar um eignarheimildir að tiltekinni eign. Er þá heppilegt að heimild sé til þess að boða eignarnámsþola með opinberri auglýsingu, svo sem í Lögbirtingablaði og dagblöðum.

Um 6. gr.

Nauðsynlegt er að eignarnámsþoli geti í vissum tilvikum krafizt þess, að mat á eignarnámsbótum fari fram. Á það við, þegar eignarnemi hefur í rauninni framkvæmt þá eignarskerðingu, sem heimiluð er í eignarnámsheimild, án þess þó að bætur eða trygging fyrir bótum hafi verið metin.

Um 7. gr.

Þótt ágreiningur hafi verið með aðilum í upphafi um fjárhæð eignarnámsbóta, getur reynzt grundvöllur fyrir sáttum, eftir að mál kemur fyrir matsnefnd. Getur það að sjálfsögðu greitt fyrir eignarnámi, ef sættir takast, og er því talið rétt að nefndin kanni jafnan sáttagrundvöll í ágreiningsmálum, sem til hennar hefur verið skotið. Rétt er að gengið sé tryggilega frá sáttargerð, þar sem hún getur samkvæmt 13. gr. frumvarpsins orðið grundvöllur fyrir því, að leitað verði atbeina fógeta til að knýja fram eignarskerðingu þá, sem sáttin lýtur að.

Um 8. gr.

Með ákvæðum greinarinnar er miðað að því að tryggja eignarnámsþola sem beztar upplýsingar um fyrirhugaða eignarskerðingu, svo að hann eigi auðveldara með að gera sér grein fyrir tjóni sínu og færa fram nauðsynleg gögn og rök fyrir því. Skulu báðir aðilar fá færi á að koma að sjónarmiðum sínum og rökstuðningi.

Um 9. gr.

Hér er svo mælt fyrir, að meginatriði í málflutningi aðila liggi fyrir matsnefnd í skriflegum greinargerðum, en gera verður ráð fyrir, að fyllri athugasemdir komi að jafnaði fram í munnlegum flutningi eða umræðum fyrir matsnefnd. Matsmál getur þó þótt svo einfalt, að munnlegs málflutnings gerist ekki þörf. Er því lagt á vald matsnefndar að ákveða, hvenær látið sé sitja við skriflegar greinargerðir einar.

Yfirleitt er nauðsynlegt að matsmenn fari á vettvang til athugana á öllum aðstæðum, sem máli skipta fyrir matið. Ekki hefur þó verið talið rétt að leiða í lög fortakslausa skyldu matsnefndar til vettvangsgöngu, hvernig sem á stendur.

Um 10. gr.

Það felst í þessu ákvæði frumvarpsins, að matsnefnd verður í úrskurði að gera grein fyrir helztu staðreyndum máls og lagareglum, sem máli skipta fyrir matsniðurstöðu. Sérstök áherzla er á það lögð, að tekin sé afstaða til ágreiningsatriða aðila, sem máli skipta. Verður að liggja fyrir, hver er grundvöllur útreiknings bóta, þótt hins vegar verði þess ekki krafizt, að nákvæmir útreikningar séu sýndir, enda hlýtur oft að reyna á mat af hálfu nefndarinnar, sem ekki verður lýst í nákvæmum útreikningum.

Um 11. gr.

Hér er ráð fyrir því gert, að kostnaður af starfi nefndarinnar sé í fyrstu greiddur úr ríkissjóði, en fáist síðan að verulegu leyti greiddur úr hendi eignarnema. Ríkissjóður hlýtur þó að standa endanlega straum af vissum hluta kostnaðarins, svo sem útgáfukostnaði. Hið sama kemur og til greina um ferðakostnað nefndarmanna, en viss jöfnun slíks kostnaðar á eignarnema virðist þó réttlætanleg. Hins vegar er eðlilegt að eignarnemi standi að meira eða minna leyti straum af þóknun fyrir starf matsmanna og öðrum kostnaði við ákvörðun eignarnámsbóta, og er því svo mælt fyrir, að matsnefnd ákveði, hverja fjárhæð eignarnemi eigi af þessum sökum að greiða, en hún rennur þá í ríkissjóð. Eignarnámsþola verður hins vegar ekki gert að greiða neinn kostnað af meðferð málsins, heldur á hann rétt til hæfilegs endurgjalds á eigin kostnaði úr hendi eignarnema. Samt verður eignarnemi því aðeins skyldaður til að inna slíkt endurgjald af hendi, að um hóflegan og eðlilegan kostnað hafi verið að ræða.

Um 12. gr.

Verið getur að eignarnám þurfi ekki vegna þeirra framkvæmda, sem eru tilefni þess, að ná til eignar í heild sinni, en sá hluti eignarinnar, sem eftir stendur, verði svo lítill eða að öðru leyti ólánlegur, að eigandi hans hafi litla sem enga hagsmuni af að halda honum eða hann jafnvel orðið eigandanum til fjárhagslegrar byrði. Þegar svo stendur á, er ekki óeðlilegt að eignarnemi verði skyldaður til að taka við

eigninni allri, ef krafa kemur fram um það af hálfu eiganda, enda yrði oftast um óverulega hækkun eignarnámsbóta af þeim sökum að ræða.

Þegar hluti eignar er tekinn eignarnámi, getur einnig verið að tjón, sem er fólgið í verðmætisrýrnun á þeim hlutanum, sem eftir er, og öðrum skaða, sem þeim hluta er tengdur, svo sem rekstrartjón, sé í algjöru ósamræmi við verðmæti síðastnefnds hluta, ef eignin væri tekin öll. Þykir því rétt að heimila að kröfu eignarnema, að eignarnámið taki til eignarinnar í heild, þegar svona stendur á.

Stundum getur verið eðlilegt að eignarnámsþoli verði að sætta sig við að taka við bótum í öðru en peningum, svo sem þegar land er skert og eignarnemi hefur yfir að ráða landi, sem hann vill láta í staðinn og getur komið eignarnámsþola að gagni.

Um 13. og 14. gr.

Rétt þykir að lögfesta þá meginreglu, að eignarnemi geti ekki krafizt þess að fá umráð þess verðmætis, sem eignarnám beinist að, fyrr en hann hefur innt af hendi eignarnámsbætur. Oft er eignarnema þó nauðsynlegt að fá umráð eignarnumins verðmætis, áður en mat og greiðsla bóta getur farið fram. Einnig getur verið erfitt eða jafnvel útilokað að ákveða eignarnámsbætur fyrirfram eða tiltekna liði eignarnámsbóta. Er mælt fyrir um það í 14. gr. frumvarpsins, hvernig með skuli fara í slíkum tilvikum.

Þegar eignarnámsmat liggur fyrir og eignarnemi hefur greitt eða boðið fram bætur, er honum rétt að framkvæma þá eignarskerðingu, sem felst í eignarnámi. Það girðir hins vegar ekki fyrir, að eignarnámsþoli leiti úrlausnar dómstóla um fjárhæð bóta, en það frestar ekki framkvæmd eignarnámsins. Ef eignarnemi á hinn bóginn tekur umráð eignarnumins verðmætis, getur hann ekki skotið slíkum ágreiningi til dómstóla.

Um 15. gr.

Veigamikil rök þykja hníga í þá átt, að eignarnemi eigi ekki að vera skuldbundinn til að standa við eignarnámsáform sín og greiðslu eignarnámsbóta, þótt mat hafi farið fram. Oft er einmitt undir úrslitum matsmáls komið, hvort hagkvæmt eða forsvaranlegt er að ráðast í þær framkvæmdir, sem eignarnám hefur verið heimilað til. Hins vegar þykir rétt að setja eignarnema skamman frest til ákvörðunar um afturhvarf frá eignarnámi, eftir að mat liggur fyrir, þar sem mjög bagalegt væri fyrir eignarnámsþola að bíða lengi í óvissu. Að sjálfsögðu verður eignarnemi jafnan að bæta eignarnámsþola allt það tjón, sem eignarnámsaðgerðir hafa valdið honum. Í vissum tilvikum verður og að skylda eignarnema til greiðslu eignarnámsbóta að kröfu eignarnámsþola, og eru þau tilvik greind í síðara málslið þessarar greinar.

Um 16. gr.

Verið getur, að kröfur um bætur eða hærri bætur komi fram, eftir að úrskurður matsnefndar hefur gengið, og þarf þar ekki alltaf að vera við tjónþola að sakast. Er því rétt að veita heimild fyrir eignarnámsnefnd til að taka slíkar kröfur til meðferðar, en ekki er þar um neina lagaskyldu að ræða í öllum tilvikum. Þarna gæti t. d. verið um kröfur að ræða vegna þess, að framkvæmdum eignarnema hefur verið hagað öðru vísi en ráð var fyrir gert, þegar mál var til meðferðar hjá matsnefnd, eða tjón orðið meira með öðrum hætti. Einnig getur komið til greina, að einhverjir bíði tjón, sem ekki voru aðilar að upphaflegu matsmáli, en eðlilegt getur verið að fái það bætt í samræmi við eignarnámsreglur. Þótt matsnefnd eignarnámsbóta hafni tilmælum um að taka kröfur af umræddu tagi til úrlausnar, er engan veginn þar með sagt, að tjónþoli geti ekki fylgt bótarétti sínum fram fyrir almennum dómstólum.

Um 17. gr.

Í þessu ákvæði er tekið af skarið, að dómstólar eigi endanlega úrlausn um fjárhæð eignarnámsbóta. Hlýtur úrskurður matsnefndar að vera þar veigamikið gagn, en það ræðst að sjálfsögðu nánar af öllum nánari atvikum. Getur úrskurði mats-

nefndar verið svo áfátt, að rétt sé að vísa máli frá dómstólum. Ekki er unnt að höfða mál til heimtu eignarnámsbóta fyrir dómstólum, fyrr en úrlausn matsnefndar liggur fyrir.

Um 18. gr.

Þýðingarmikið verður að telja, að greiður aðgangur sé að úrlausnum matsnefndar. Eru ákvæði þessarar greinar á því sjónarmiði byggð. Einnig er æskilegt að samstarf um upplýsingar verði með fasteignamati ríkisins og matsnefnd eignarnámsbóta, án þess að ástæða þyki til að binda það frekar í lögum.

Um 19. gr.

Hér má vísa til athugasemda við 1. gr. frumvarpsins.

Ed. 24. Frumvarp til laga [24. mál]

um tímabundnar efnahagsráðstafanir.

(Lagt fyrir Alþingi á 93. löggjafarþingi, 1972.)

1. gr.

Leyfi til verðhækkunar á vöru og þjónustu samkvæmt 1.—3. málsgr. ákvæða til bráðabirgða í 2. gr. laga nr. 94/1971, um breyting á lögum um verðlagsmál, nr. 54/1960, skulu því aðeins veitt, að allir viðstaddir nefndarmenn (þar með varamenn) greiði þeim atkvæði.

Ákvæði fyrri málsgr. þessarar gr. gildir til 31. desember 1972.

2. gr.

Fjölskyldubætur skulu á tímabilinu 1. júlí til 31. desember 1972 vera 5.500 kr. með hverju barni í stað 4.000 kr., samkvæmt 26. gr. laga nr. 67/1971, um almannatryggingar.

3. gr.

Ríkisstjórnin eykur niðurgreiðslu vöruverðs sem svarar 1½ stigi í kaupgreiðsluvísitölu frá og með gildistöku þessara laga.

4. gr.

Samningum þeim, sem fram eiga að fara fyrir 1. september 1972 samkvæmt lögum nr. 101/1966, um framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu o. fl., um nýjan verðlagsgrundvöll og breyttan vinnslu- og dreifingarkostnað búvöru, skal frestað um 4 mánuði. Skulu nýir verðlagssamningar þá gilda til ágústloka 1973. Framreikningur gildandi verðlagsgrundvallar og verðbreytingar vegna breytts vinnslu- og dreifingarkostnaðar skulu fara eftir þeim reglum og venjum, sem gilda þar um.

5. gr.

Þrátt fyrir ákvæði fjárlaga ársins 1972 (lög nr. 101/1971), er ríkisstjórninni heimilt að lækka fjárveitingar samkvæmt þeim allt að 400 millj. kr. Tekur þetta einnig til fjárlagaliða, sem jafnframt eru ákveðnir í öðrum lögum en fjárlögum.

6. gr.

Á tímabilinu 1. september til ársloka 1972 skal greiða verðlagsuppbót samkvæmt kaupgreiðsluvísitölu 117 stig, sjá þó 2. málsgr. þessarar gr.

Ef framfærsluvísitala 1. ágúst 1972 verður meira en 2½ stigi í kaupgreiðsluvísitölu hærri en framfærsluvísitala 1. maí 1972 — auk þeirrar hækkunar, er eigi skal verðbætt samkvæmt ákvæðum kjarasamninga, sbr. og fyrri málsgr. 8. gr. — þá skal verðlagsuppbót tímabilsins 1. september til 30. nóvember 1972 vera 17%, að viðbættri nefndri hækkun umfram 2½ stig. Sama gildir um útreikning verðlagsupp-

bótar frá 1. desember 1972, ef framfærsluvísitala 1. nóvember 1972 verður meira en 2½ stigi í kaupgreiðsluvísitölu hærri en framfærsluvísitala 1. maí 1972, að viðbættri þeirri hækkun, er varð 1. ágúst 1972 og eigi var verðbætt samkvæmt ákvæðum kjarasamninga.

7. gr.

Nú ákveður ríkisstjórnin að auka niðurgreiðslu vöruverðs frá 1. september eða 1. desember 1972, og skal þá við útreikning þann, er um ræðir í 2. málsgr. 6. gr., ef til kemur, miða við smásöluverð á viðkomandi vöru eða vörum, að frádreginni þeirri verðlækkun, er slík aukin niðurgreiðsla veldur. Ríkisstjórnin tilkynnir Kauplagsnefnd með minnst tveggja vikna fyrirvara um þá niðurgreiðsluaukningu, sem hún kann að ákveða frá 1. september eða 1. desember 1972.

8. gr.

Við útreikning verðlagsuppbótar, ef til kemur, sbr. 2. málsgr. 6. gr., skal eigi taka tillit til þeirrar hækkunar á búvöruverði til framleiðenda, sem leiðir af hækkun á vinnulið verðlagsgrundvallar, annað hvort vegna grunnlaunahækkunar eða vegna greiðslu verðlagsuppbótar á laun. Gildir þetta eins þótt slík hækkun komi ekki fram í útsöluverði, sökum þess, að hún hefur verið jöfnuð með niðurgreiðslu úr ríkissjóði að einhverju eða öllu leyti.

Hækkun sú, er verður á búvöruverði til framleiðenda við haustverðlagningu 1972 og eigi skal verðbætt samkvæmt ákvæðum kjarasamninga (sbr. 2. málsgr. 6. gr.), skal fyrst tekin til greina, þá er kaupgreiðsluvísitala verður reiknuð fyrir tímabilið 1. marz til 31. maí 1973.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um frumvarp þetta, sem lagt er fyrir Alþingi samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, vísast til fylgiskjals hér á eftir:

Fylgiskjal:

BRÁÐABIRGÐALÖG

um tímabundnar efnahagsráðstafanir.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Forsætisráðherra hefur tjáð mér, að ef svo fer fram, sem nú horfir í verðlags- og kaupgjaldsmálum, séu í vændum verulegar víxlhækkanir verðlags og kaupgjalds, sem stefnt geti afkomu atvinnuvega, atvinnuöryggi og þar með hag allra landsmanna í hættu. Beri því brýna nauðsyn til að koma í veg fyrir slíka þróun, fá aukið svigrúm til að kanna rækilega allar aðstæður og horfur í efnahagsmálum þjóðarinnar, og undirbúa varanlegri úrræði.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög, samkvæmt 28. grein stjórnarskrárinnar á þessa leið:

1. gr.

Leyfi til verðhækkunar á vöru og þjónustu samkvæmt 1.—3. málsgr. ákvæða til bráðabirgða í 2. gr. laga nr. 94/1971, um breyting á lögum um verðlagsmál, nr. 54/1960, skulu því aðeins veitt, að allir viðstaddir nefndarmenn (þar með varamenn) greiði þeim atkvæði.

Ákvæði fyrri málsgr. þessarar gr. gildir til 31. desember 1972.

2. gr.

Fjölskyldubætur skulu á tímabilinu 1. júlí til 31. desember 1972 vera 5.500 kr. með hverju barni í stað 4.000 kr., samkvæmt 26. gr. laga nr. 67/1971, um almannatryggingar.

3. gr.

Ríkisstjórnin eykur niðurgreiðslu vöruverðs sem svarar 1½ stigi í kaupgreiðsluvísitölu frá og með gildistöku þessara laga.

4. gr.

Samningum þeim, sem fram eiga að fara fyrir 1. september 1972 samkvæmt lögum nr. 101/1966, um framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu o. fl., um nýjan verðlagsgrundvöll og breyttan vinnslu- og dreifingarkostnað búvöru, skal frestað um 4 mánuði. Skulu nýir verðlagssamningar þá gilda til ágústloka 1973. Framreikningur gildandi verðlagsgrundvallar og verðbreytingar vegna breytts vinnslu- og dreifingarkostnaðar skulu fara eftir þeim reglum og venjum, sem gilda þar um.

5. gr.

Þrátt fyrir ákvæði fjárlaga ársins 1972 (lög nr. 101/1971), er ríkisstjórninni heimilt að lækka fjárveitingar samkvæmt þeim allt að 400 millj. kr. Tekur þetta einnig til fjárlagaliða, sem jafnframt eru ákveðnir í öðrum lögum en fjárlögum.

6. gr.

Á tímabilinu 1. september til ársloka 1972 skal greiða verðlagsuppbót samkvæmt kaupgreiðsluvísitölu 117 stig, sjá þó 2. málsgr. þessarar gr.

Ef framfærsluvísitala 1. ágúst 1972 verður meira en 2½ stigi í kaupgreiðsluvísitölu hærri en framfærsluvísitala 1. maí 1972 — auk þeirrar hækkunar, er eigi skal verðbætt samkvæmt ákvæðum kjarasamninga, sbr. og fyrri málsgr. 8. gr. — þá skal verðlagsuppbót tímabilsins 1. september til 30. nóvember 1972 vera 17%, að viðbættri nefndri hækkun umfram 2½ stig. Sama gildir um útreikning verðlagsuppbótar frá 1. desember 1972, ef framfærsluvísitala 1. nóvember 1972 verður meira en 2½ stigi í kaupgreiðsluvísitölu hærri en framfærsluvísitala 1. maí 1972, að viðbættri þeirri hækkun, er varð 1. ágúst 1972 og eigi var verðbætt samkvæmt ákvæðum kjarasamninga.

7. gr.

Nú ákveður ríkisstjórnin að auka niðurgreiðslu vöruverðs frá 1. september eða 1. desember 1972, og skal þá við útreikning þann, er um ræðir í 2. málsgr. 6. gr., ef til kemur, miða við smásöluverð á viðkomandi vöru eða vörum, að frádreginni þeirri verðlækkun, er slík aukin niðurgreiðsla veldur. Ríkisstjórnin tilkynnir Kauplagsnefnd með minnst tveggja vikna fyrirvara um þá niðurgreiðsluaukningu, sem hún kann að ákveða frá 1. september eða 1. desember 1972.

8. gr.

Við útreikning verðlagsuppbótar, ef til kemur, sbr. 2. málsgr. 6. gr., skal eigi taka tillit til þeirrar hækkunar á búvöruverði til framleiðenda, sem leiðir af hækkun á vinnulið verðlagsgrundvallar, annað hvort vegna grunnlaunahækkunar eða vegna greiðslu verðlagsuppbótar á laun. Gildir þetta eins þótt slík hækkun komi ekki fram í útsöluverði, sökum þess, að hún hefur verið jöfnuð með niðurgreiðslu úr ríkissjóði að einhverju eða öllu leyti.

Hækkun sú, er verður á búvöruverði til framleiðenda við haustverðlagningu 1972 og eigi skal verðbætt samkvæmt ákvæðum kjarasamninga (sbr. 2. málsgr. 6. gr.), skal fyrst tekin til greina, þá er kaupgreiðsluvísitala verður reiknuð fyrir tímabilið 1. marz til 31. maí 1973.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 11. júlí 1972.

Kristján Eldjárn.
(L. S.)

Ólafur Jóhannesson.

Nd. **25. Frumvarp til laga** [25. mál]

um dvalarheimili aldraðra.

(Lagt fyrir Alþingi á 93. löggjafarþingi, 1972.)

1. gr.

Dvalarheimili aldraðra eru ætluð öldruðu fólki, sem ekki þarfnast vistunar á sjúkrahúsi. Dvalarheimili aldraðra getur jöfnum höndum verið ætlað til dagvistunar sem fullrar vistunar. Íbúðir fyrir aldraða geta verið hluti dvalarheimilis.

2. gr.

Enginn má setja á stofn eða reka dvalarheimili fyrir aldraða nema með leyfi ráðherra. Sama máli gegnir um allar meiri háttar breytingar á húsakynnum og starfsemi slíkra stofnana.

3. gr.

Beiðni til ráðherra til rekstrarleyfis samkvæmt 2. gr. skulu fylgja upplýsingar um verksvið stofnunar, staðsetningu, uppdrætti af byggingum og lóðum og umhverfi og afstöðu til nágrennis ásamt lýsingu af húsakynnum. Enn fremur fylgi greinargerð um eigendur stofnunar og fjárhagsástæður og loks skýrsla um starfsáætlun, um stjórn, starfsfólk og rekstrarfyrirkomulag og hve mörgum vistmönnum stofnuninni er ætlað að sinna og með hvaða kjörum.

Ráðherra veitir því aðeins leyfið, að stofnunin fullnægi heilbrigðiskröfum og ætla megi, að hún geti leyst verkefni sitt á viðunandi hátt. Ætíð skal leita álits viðkomandi héraðslæknis og sveitarfélags á nauðsyn og gagnsemi stofnunar.

4. gr.

Heilbrigðisyfirvöld annast eftirlit með rekstri og fyrirkomulagi dvalarheimilis og skulu í því sambandi ætíð eiga greiðan aðgang að stofnunum, sem um getur í þessum lögum.

5. gr.

Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara, m. a. um búnað húsa, aðbúnað og þjónustu við vistmenn, svo og um starfslið dvalarheimilis.

6. gr.

Rekstur dvalarheimilis skal lúta stjórn 3 eða 5 manna, skulu þeir tilnefndir af hlutaðeigandi sveitarstjórn eða eigendum til 4 ára í senn. Vistmönnum skal heimilt að tilnefna einn mann af sinni hálfu til setu á fundum stjórnarinnar, og hefur hann þar málfrelsi og tillögurétt. Stjórnin ræður forstöðumann heimilisins og heimilislækni og skal þeim heimil seta á stjórnarfundum með tillögurétti og málfrelsi.

7. gr.

Nú byggir sveitarfélag dvalarheimili eða hefur rekstur þess samkvæmt lögum þessum, og skal þá ríkissjóður greiða ⅓ hluta kostnaðar við bygginguna og kaup nauðsynlegra tækja og búnaðar. Ef aðrir aðilar en sveitarfélög byggja eða hefja rekstur dvalarheimilis, er ríkissjóði heimilt að greiða allt að ⅓ hluta kostnaðar við byggingu og kaup nauðsynlegra tækja og búnaðar.

8. gr.

Daggjaldanefnd, sbr. l. nr. 67/1971, um almannatryggingar, ákveður upphæð vistgjalda á dvalarheimilum aldraðra.

Ársreikningar dvalarheimila skulu ætíð sendir ráðuneytinu.

9. gr.

Stjórn dvalarheimilis ákvarðar vistun fólks á heimilinu að fengnum tillögum forstöðumanns.

10. gr.

Þau dvalarheimili, sem starfandi eru við gildistöku þessara laga, skulu í hvívetna háð ákvæðum þeirra.

11. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1973.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Sumarið 1971 fól Magnús Kjartansson, heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, Velferðarnefnd aldraðra að semja frumvarp til laga um aðstoð ríkisins við byggingu elliheimila.

Frumvarp það, sem hér er lagt fram, og eftirfarandi greinargerð er árangur af starfi nefndarinnar að þessu verkefni.

Fjöldi aldraðra hefur verið sívaxandi á Íslandi undanfarin ár, bæði tölulega og hlutfallslega miðað við íbúafjölda. Vaxandi fjöldi aldraðra hefur haft í för með sér aukna þörf fyrir ýmsar stofnanir og þjónustu í þágu þeirra. Nokkur sveitarfélög og félagssamtök hafa innt af hendi myndarlegt átak í þessu efni og nú er á döfinni hjá ýmsum sveitarfélögum athugun á vistunaraðstöðu aldraðra og byggingu dvalarheimila.

Þrátt fyrir það skortir mjög ýmiss konar úrræði í sambandi við vistun aldraðra.

Með frumvarpi þessu er leitazt við að setja ákvæði um veigamikið atriði í sambandi við starf í þágu aldraðra, dvalarheimili. Áður voru nokkur ákvæði um elliheimili í sjúkrahúsalögum nr. 54/1964. Í kaflanum um sjúkrahús í frumvarpi til laga um heilbrigðisþjónustu, sem nú liggur fyrir Alþingi, eru ekki samsvarandi ákvæði um elli- og dvalarheimili og áður voru í sjúkrahúsalögum, þar sem rétt þótti að flytja sérstakt frumvarp um dvalarheimili fyrir aldraða.

Þótt hér sé flutt sérstaklega frumvarp um dvalarheimili fyrir aldraða, leggur nefndin áherzlu á, að litið verði á alla dvalar- og vistunaraðstöðu fyrir aldraða, þ. e. hjúkrunarheimili, dvalarheimili og sérstakar íbúðir fyrir aldraða, sem heild, enda oft mjótt á munum milli einstakra vistunarúrræða.

Í meginatriðum er tilgangur með lagasetningu þessari tvíþættur:

1. Settar verði reglur um byggingu og rekstur dvalarheimila fyrir aldraða og skapaðir möguleikar á eftirliti með rekstri þeirra.
2. Settar verði reglur um framlög úr ríkissjóði til bygginga dvalarheimila og kaupa á nauðsynlegum tækjum og búnaði.

Frumvarp þetta var lagt fram, er langt var liðið á þingstörf síðasta þings, 92. löggjafarþings 1971—1972, og varð ekki útrætt.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér er lagður sá skilningur í hugtakið dvalarheimili, að það sé ætlað þeim öldruðum, sem eru að verulegu leyti sjálfbjarga, en þarfnast samt eða óska að búa á heimili, þar sem þeir geta verið lausir við húshald, fengið umönnun og vissa hjúkrun.

Áherzla er á það lögð, að dvalarheimili geti verið jöfnum höndum ætluð til dagvistar sem fullrar vistunar.

Íbúðir fyrir aldraða geta verið hluti dvalarheimilis og er þá reiknað með ákveðinni sameiginlegri þjónustu frá dvalarheimilinu.

Um 2. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa, enda er hér um svipað ákvæði að ræða og nú er í sjúkrahúsalögum nr. 54/1964.

Um 3. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 4. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 5. gr.

Hér er reiknað með, að ráðherra setji með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd þessara laga.

Um 6. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 7. gr.

Hér er um nýmæli að ræða, framlag lögbundið til sveitarfélaga en heimildarákvæði í sambandi við byggingu dvalarheimilis á annarra vegum.

Um 8. gr.

Hér er um nýmæli að ræða. Samkvæmt því ákveður daggjaldanefnd upphæð vistgjalda á dvalarheimilum skv. l. nr. 67/1971.

Um 9. gr.

Með ákvæði þessu er ákvörðun um fyrirkomulag vistunar í höndum stjórnar dvalarheimilis.

Um 10. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 11. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Sþ. 26. Fyrirspurn [26. mál]

til sjávarútvegsráðherra um áætlun um hafrannsóknir o. fl.

Frá Eysteini Jónssyni.

Hvað líður gerð þriggja ára áætlunar um haf- og fiskirannsóknir, fiskileit, veiðitilraunir og aðra þjónustu við fiskiflotann skv. þingsályktun frá 5. apríl 1971?

Hvenær má vænta, að áætlun þessi verði lögð fyrir Alþingi samkv. ákvæðum þingsályktunartillögunnar?

Nd. 27. Frumvarp til laga [27. mál]

um Tæknistofnun sjávarútvegsins.

(Lagt fyrir Alþingi á 93. löggjafarþingi, 1972.)

1. gr.

Tæknistofnun sjávarútvegsins er sjálfstæð ríkisstofnun, sem heyrir undir sjávarútvegsráðuneytið.

2. gr.

Í stjórn Tæknistofnunar sjávarútvegsins skulu vera fimm menn, skipaðir af sjávarútvegsráðherra til fjögurra ára í senn, þar af einn án tilnefningar, tveir tilnefndir af Landssambandi íslenzkra útvegsmanna, einn tilnefndur af Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands og einn tilnefndur af Sjómannasambandi Íslands. Sömu aðilar tilnefna varamenn. Ráðherra skipar formann stjórnarinnar og ákveður þóknun hennar.

3. gr.

Stjórnin hefur á hendi yfirstjórn tæknistofnunarinnar og samþykkir starfsáætlun og fjárhagsáætlun hennar fyrir eitt ár í senn. Fjárhagsáætlun skal senda ráðherra til staðfestingar.

4. gr.

Sjávarútvegsráðherra skipar forstjóra við tæknistofnunina að fengnum tillögum stjórnarinnar. Stjórnin ræður í samráði við forstjóra, sérfræðinga og aðra tæknimenntaða starfsmenn við stofnunina. Forstjóri stofnunarinnar ræður annað starfslið hennar.

5. gr.

Forstjóri hefur á hendi daglega stjórn tæknistofnunarinnar og umsjón með rekstri hennar. Hann ákveður starfssvið sérfræðinga og annars starfsliðs.

Forstjóri tæknistofnunarinnar og annað starfsfólk tekur laun samkvæmt gildandi kjarasamningum ríkisstarfsmanna á hverjum tíma.

6. gr.

Verkefni Tæknistofnunar sjávarútvegsins skulu m. a. vera:

a) Rannsóknir og tilraunir á veiðarfærum, tækjum og vélum, sem notaðar eru í þágu sjávarútvegsins, svo og aðrar sjálfstæðar tæknilegar rannsóknir.
b) Tæknileg þjónusta við sjávarútveginn með söfnun og dreifingu upplýsinga um tæknimál.
c) Sérstök tæknileg verkefni eða rannsóknir fyrir einstaklinga, félög eða stofnanir.
d) Námskeið fyrir starfandi sjómenn til að bæta þekkingu þeirra og kynna tækninýjungar.

7. gr.

Tekjur Tæknistofnunar sjávarútvegsins skulu m. a. vera þessar:

a) ⅕ hluti útflutningsgjalds af sjávarafurðum, sem rennur til Fiskimálasjóðs samkvæmt lögum nr. 4 28. febrúar 1966, um útflutningsgjald af sjávarafurðum ásamt síðari breytingum, sbr. 11., 12. og 13. gr. laga nr. 79/1968 og 1. og 2. gr. laga nr. 4/1971.
b) Árlegt framlag úr ríkissjóði, er aldrei skal vera minna en fjárhæð sú, sem árlega rennur til stofnunarinnar af útflutningsgjaldi samkvæmt a-lið þessarar greinar.
c) Fé, sem veitt er sérstaklega til tiltekinna verkefna, sem stofnuninni eru falin af hinu opinbera.
d) Greiðslur fyrir verk, sem unnin eru fyrir einstaklinga, félög eða stofnanir.
e) Aðrar tekjur, svo sem vextir, framlög o. fl.

Verkefni, sem tæknistofnunin vinnur að beiðni einkaaðila eða samtaka þeirra eða þeim til hagsbóta, er heimilt að verðleggja í gjaldskrá, sem ráðherra setur að fengnum tillögum stjórnar og forstjóra stofnunarinnar, eða samkvæmt sérstökum samningi.

8. gr.

Tæknistofnun sjávarútvegsins skal eiga aðgang að upplýsingum, sem opinberar stofnanir og fyrirtæki geta í té látið og varða starfsemi hennar.

Ekki er heimilt að veita upplýsingar um rannsóknir, sem kostaðar eru af einstaklingi, félagi eða stofnun, nema með samþykki viðkomandi aðila.

9. gr.

Ráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um starfsemi tæknistofnunarinnar.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta var lagt fyrir síðasta þing, en hlaut þá eigi afgreiðslu. Fylgdu því svofelldar athugasemdir:

Til þess að sjávarútvegur geti hagnýtt sér farsællega þá vélvæðingu og tækniþróun, sem fiskveiðar og vinnsla byggjast á í stöðugt ríkara mæli, skortir enn þá mikilvægu rannsóknar- og upplýsingastofnun, sem gert er ráð fyrir í frumvarpi þessu. Sú starfsemi, sem Tæknistofnun sjávarútvegsins er ætlað að sinna samkvæmt frumvarpinu, hefur verið í molum til þessa og hefur Alþingi nokkrum sinnum fjallað um þetta vandamál. Nokkuð hefur þó verið unnið í þessum efnum á vegum Fiskimálasjóðs, Fiskifélags Íslands, rannsóknastofnana sjávarútvegsins, Siglingamálastofnunarinnar og fleiri aðila. Ef frumvarpið verður að lögum, yrðu verkefni, sem nokkuð hefur verið unnið að í ýmsum stofnunum, sameinuð í einni öflugri stofnun. Slík stofnun gæti sparað mikla fjármuni og aukið framleiðslugetu verulega. Tæknistofnuninni er ætlað að hafa á hendi rannsóknir og tilraunir í þágu útgerðar og fiskvinnslu. Þá er henni ætlað að sinna tæknilegri þjónustu við sjávarútveginn með söfnun og dreifingu upplýsinga um tæknimál. Starfsmönnum hennar, sem væru tæknimenntaðir eða hefðu hagnýta reynslu, er ætlað að vinna jöfnum höndum að verkefnum fyrir aðila sjávarútvegsins og hafa sjálfir frumkvæði að því að leysa tæknileg vandamál atvinnuvegarins. Þeim er ætlað að vera til ráðuneytis og leiðbeiningar um tæknileg efni. Þá hefur stofnunin það verkefni að halda námskeið fyrir starfandi sjómenn til að bæta þekkingu þeirra og kynna tækninýjungar. Verkefni, sem m. a. myndu falla til þessarar stofnunar, yrðu:

1. Hvers konar tæknileg vandamál, sem varða störf um borð í veiðiskipum, svo sem rannsóknir og tilraunir á veiðarfærum, tækjum og vélum, svo og að fylgjast með innlendum og erlendum nýjungum á þessu sviði og veita upplýsingar um niðurstöður athugana og rannsókna.
2. Tæknilegar rannsóknir á starfsháttum og aðstöðu við löndun og útskipun á afurðum, svo og söfnun og dreifing upplýsinga um það efni.
3. Rannsóknir, er taka til starfsaðstöðu í fiskvinnslu- og verkunarstöðvum, t. d. á vélum og tækjum, og upplýsingamiðlun í því sambandi.

Tæknistofnun sjávarútvegsins skal hafa samstarf við aðrar stofnanir, er vinna að skyldum málum í þágu sjávarútvegsins, einkum rannsóknastofnanir sjávarútvegsins.

Sþ. 28. Tillaga til þingsályktunar [28. mál]

um kennslu í fjölmiðlun við Háskóla Íslands.

Flm.: Benedikt Gröndal.

Alþingi ályktar að leggja fyrir ríkisstjórnina að beita sér fyrir því, að Háskóli Íslands taki upp kennslu í fjölmiðlun.

Greinargerð.

Kennsla í blaðamennsku hófst í bandarískum háskólum um 1870 og er útbreidd. Yfirleitt leiðir hún til BA-prófs, og er hin eiginlega fagkennsla um 25% námsins,

en annað námsefni 75%. Margir skólar bæta við einu ári til MA-prófs. Mestrar virðingar á þessu sviði nýtur Columbia-háskólinn í New York, sem kennir blaðamennsku eitt ár til MA-prófs, en krefst BA-prófs í öðrum greinum til inngöngu.

Í Evrópu breiddist kennsla í blaðamennsku út eftir fyrri heimsstyrjöldina og var ýmist í háskólum eða sérstökum skólum. Eftir seinni styrjöldina færðist þessi kennsla í vaxandi mæli inn í háskólana og var tekin upp í flestum löndum álfunnar.

Á síðari árum hefur kennslan í blaðamennsku víðast breytzt í fjölmiðlun, tíðum kölluð „Communications" í Bandaríkjunum, eða „Publizistik" í Þýzkalandi. Er greinileg þróun í þá átt að líta á fjölmiðlun sem heild, rannsaka áhrif hinnar öru þróunar á því sviði á manninn og líf hans, bæði frá félagslegum og sálfræðilegum sjónarhól.

Víða er reynsla fyrir því, að fólk með háskólamenntun af þessu tagi er eftirsótt til hinna margvíslegustu starfa annarra en við fjölmiðlunartækin sjálf.

Hér á landi má áætla, að séu 150—200 stöður, sem sérmenntun á sviði fjölmiðlunar mundi henta. Við blöðin eru um 100 manns, við hljóðvarp og sjónvarp 25—50, en þar við bætast auglýsingastofur, blaðafulltrúar (en þeim fer sífjölgandi), starfsmenn hugsjónastofnana (Rauða krossins, Landverndar og slíkra), svo og starfsmenn stjórnmálaflokka o. fl. Er líklegt, að eftir fá ár verði stöður þessar 200—300 og fari stöðugt fjölgandi.

Verði tekin upp kennsla í fjölmiðlun við Háskóla Íslands, gæti hún leitt til BA-prófs á þrem árum. Gætu um 25% námsins verið í hinum ýmsu greinum fjölmiðlunar, 25% í íslenzku og öðru nútímamáli og loks 50% í öðrum greinum, t. d. félagsfræðum.

Kennsla í fjölmiðlunarfræðum gæti fjallað um eftirtalin atriði:

1) **Fjölmiðlun almennt**, forsögu upplýsingamiðlunar, tæknibyltingu og ný viðhorf, áhrif fjölmiðlunar á nútíma þjóðfélög, hlutverk fjölmiðlunar í mismunandi stjórnkerfum, áhrif á einstaklinga o. s. frv.
2) **Blaðamennsku**, sögu hennar erlendis og hérlendis, ólíkar gerðir blaða og tímarita, mismunandi störf við blaðamennsku, prentlist, siðareglur blaðamanna.
3) **Útvarp**, sögu hljóðvarps og sjónvarps, meginatriði í dreifingartækni og stúdíótækni, skólasjónvarp, mismunandi starfsþættir, áhrif útvarps á einstaklinga, félagslíf og aðrar menningarstofnanir.
4) **Bókaútgáfu**, sögu hennar, tækni, efnahagshlið útgáfu, prófarkalestur o. fl.
5) **Kvikmyndir**, meginatriði tækninnar, notkun hennar til upplýsingar eða skemmtunar, kvikmyndin sem listgrein, fréttamiðill, áróðurstæki.
6) **Auglýsingar**, stöðu og þýðingu þeirra í mismunandi hagkerfum, áhrif þeirra á neyzlu og neyzluvenjur, skipulag og fjárhagsgrundvöll auglýsingastarfsemi, mismunandi auglýsingamiðla, mat árangurs, löggjöf.
7) **„Public Relation"** (gott íslenzkt orð vantar yfir þessa starfsgrein, sem spannar allt samband stofnunar eða fyrirtækis við almenning), þjóðfélagsleg þýðing, tilgangur, aðferðir, mat árangurs.
8) **Áróður**, saga hans, sálfræði, áróðurstækni og notkun hennar til góðs eða ills.
9) **Almenningsálit**, félagslegar hugmyndir um það og skilgreining þess, skoðanakönnun, aðferðir og gildi.
10) **Skoðanamyndun** í nútíma þjóðfélagi, skoðanafrelsi og tjáningarfrelsi í orði og reynd, lagaleg viðhorf, siðferðileg viðhorf.

Þessi kennsla mundi fljótlega leiða til þess, að skömmu yrði aðstaða til æfinga, en hún gæti jafnframt haft víðtæk áhrif á félagslíf stúdenta og Háskólans í heild. Hér er átt við tvennt:

A) Að gefið yrði út með reglulegu millibili (hálfsmánaðarlega eða vikulega) blað fyrir Háskólann. Það yrði frétta- og umræðublað skólans.

B) Að Háskólinn fengi sína eigin útvarpsstöð (t. d. á örbylgju). Stöðin yrði vegna landslaga að vera eign Ríkisútvarpsins og starfa á þess ábyrgð. Stúdentar

mundu annast dagskrá nokkrar stundir í viku undir leiðsögn kennara, en jafnframt yrði þetta ákjósanlegasti skóli fyrir Ríkisútvarpið, sem gæti fundið þar liðtæka starfsmenn.

Ed. 29. Frumvarp til laga [29. mál]

um breyting á lögum um rannsóknir í þágu atvinnuveganna, nr. 64/1965.

Flm.: Steingrímur Hermannsson, Páll Þorsteinsson.

1. gr.

Á eftir 27. gr. laganna, á undan V. kafla, komi ný grein þannig:

Stefnt skal að því, að Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins starfræki rannsóknastofur, a. m. k. eina í hverjum landsfjórðungi og víðar samkvæmt ákvörðun ráðherra og að fengnum tillögum aðila fiskiðnaðarins. Leita skal samstarfs við fiskiðnað, aðra matvælaframleiðendur og sveitarfélög á viðkomandi svæði um stofnsetningu og starfrækslu slíkrar rannsóknastofu. Sömuleiðis skal athugað að nýta aðstöðu og samstarf við menntastofnanir á staðnum.

Rannsóknastofur þessar skulu veita fiskiðnaði og öðrum matvælaiðnaði í viðkomandi landshluta þjónustu með rannsóknum, gæðaeftirliti og leiðbeiningum gegn greiðslu samkvæmt gjaldskrá Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins, eins og við á.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Á síðasta þingi lögðu flutningsmenn þessa frumvarps fram frumvarp til laga um sama efni. Frumvarp það fór til sjávarútvegsnefndar, og leitaði nefndin umsagnar nokkurra aðila, m. a. Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins. Umsagnir þær, sem bárust, voru allar jákvæðar. Var mælt með samþykkt frumvarpsins með lítilfjörlegum breytingum, sem flutningsmenn féllust á. Varð sjávarútvegsnefnd sammála um að mæla með samþykkt frumvarpsins þannig breytts. Það var á síðustu dögum þingsins, og náði frumvarpið af þeim sökum ekki fram að ganga.

Frumvarp það, sem nú er flutt, er samhljóða áliti sjávarútvegsnefndar. Aðeins hefur verið bætt við orðunum „aðra matvælaframleiðendur“ í upptalningu þeirra aðila, sem leita skal samstarfs við. Frá upphaflegu frumvarpi eru þær breytingar helztar, að felld er niður upptalning á þeim stöðum í landshlutunum, þar sem slíkar rannsóknastofur skyldu starfræktar. Kom fram í umsögnum, að eðlilegra væri að fela ráðherra að ákveða slíkt í samráði við aðila fiskiðnaðarins.

Eins og mönnum er kunnugt, eru í undirbúningi stórauknar kröfur á erlendum mörkuðum, einkum í Bandaríkjunum, um hreinlæti og hollustuhætti í fiskiðnaði. Verður í því sambandi að gera stórauknar kröfur til gæðaeftirlits og meðferðar á öllum fiski í fiskvinnslustöðvum hér á landi, sem framleiða fyrir erlendan markað. Undanfarið hefur því verið unnið ötullega að áætlana- og tillögugerð um ýmiss konar endurbætur á íslenzkum fiskiðnaði, sem nauðsynlegar verða af þessum sökum. Framkvæmdir eru sums staðar hafnar, en ráðgert er að auka þær verulega á næsta ári og ljúka eins og frekast er kostur á næstu þremur til fimm árum.

Samfara slíkum endurbótum er gert ráð fyrir reglulegu gæðaeftirliti. Verða gerðar kröfur um það, að öll meðferð á fiski, hreinlæti og hollustuhættir fullnægi ávallt hinum ströngustu reglum. Í þessu sambandi verður þörf á stóraukinni þjón-

ustu við fiskvinnslustöðvarnar. Talið hefur verið sjálfsagt, að Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins annaðist það starf.

Sú þjónusta, sem hér um ræðir, við fiskiðnaðinn verður aldrei framkvæmd, svo að vel sé, nema sérfræðingar séu staðsettir í landshlutunum. Með þessu frumvarpi er gert ráð fyrir því að koma upp a. m. k. einni rannsóknastofu í hverjum landsfjórðungi. Þó er líklegt, að nauðsynlegt reynist að fjölga rannsóknastofum, og er ráðherra veitt heimild til þess.

Rannsóknastofum þeim, sem um er rætt í frumvarpinu, er ætlað að veita þjónustu með rannsóknum á hinum ýmsu þáttum fiskvinnslunnar, t. d. gerlarannsóknir, sem stöðugt verða mikilvægari, athuganir á allri meðferð á fiski, söfnun alls konar upplýsinga, með almennu gæðaeftirliti og leiðbeiningarstarfsemi. Einnig virðist sjálfsagt, að slíkar rannsóknastofur veiti öðrum matvælaframleiðendum, eins og t. d. mjólkurbúum, sams konar þjónustu. Að sjálfsögðu er gert ráð fyrir því, að greitt verði fyrir þjónustuna samkvæmt gjaldskrá rannsóknastofnunarinnar. Þó er nauðsynlegt, að slíkar rannsóknastofur hafi nokkur fjárráð til sjálfstæðra athugana.

Ekki er þó hægt að gera ráð fyrir því, að viðamiklar sjálfstæðar rannsóknir fari fram á slíkum rannsóknastofum. Eðlilegra er, að þær rannsóknir séu framkvæmdar í höfuðstöðvum stofnunarinnar í Reykjavík, enda yrði að sjálfsögðu náið samband á milli þeirra, sem þar starfa, og sérfræðings í rannsóknastofu, sem um ræðir í þessu frumvarpi.

Í frumvarpinu er lögð áherzla á, að leita verður samstarfs við fiskiðnað, aðra matvælaframleiðendur og sveitarstjórnir á viðkomandi stöðum. Er hér að nokkru farið að því fordæmi, sem skapazt hefur í Vestmannaeyjum. Þar er hafin starfræksla rannsóknastofu með samvinnu Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins og fiskvinnslustöðva í Vestmannaeyjum. Eðlilegt virðist, að einnig sé leitað til sveitarstjórna um slíkt samstarf. Loks er sjálfsagt að nýta aðstöðu, sem fáanleg kann að vera við menntastofnanir á viðkomandi stað, báðum aðilum til hagsbóta. Sérfræðingar geta t. d. tekið að sér kennslu og nemendur kynnzt rannsóknastarfseminni.

Í þessu sambandi er rétt að vekja athygli á því, að rannsóknastofur eins og þær, sem um ræðir í þessu frumvarpi, geta, þótt litlar séu, haft ótrúleg áhrif til hagsbóta fyrir viðkomandi byggðarlag. Þær geta ásamt menntastofnunum myndað kjarna sérfróðra manna, sem er oft ótrúlega fljótur að laða að ýmiss konar aðra starfsemi, sem ekki fengi þróazt án slíks samfélags. Þetta atriði eitt út af fyrir sig réttlætir myndarlegt átak hins opinbera og forustu til þess að koma umræddum rannsóknastofum á fót hið fyrsta.

Flutningsmenn þessa frumvarps telja, að ekki þurfi að reynast mjög kostnaðarsamt að koma upp rannsóknastofum þeim, sem hér um ræðir, ef leitað er þess samstarfs við aðila heima fyrir, sem lagt er til að gert verði. Hins vegar ber þó að leggja ríka áherzlu á þá staðreynd, að umrædd þjónusta verður svo mikilvæg fyrir íslenzkan fiskiðnað og einnig, ef rétt er á haldið, fyrir viðkomandi byggðarlag, að sjálfsagt virðist vera að verja nokkru fjármagni til þess að koma henni á fót.

Nd. 30. Breytingartillaga [18. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 25 22. apríl 1967, um Landhelgisgæzlu Íslands.

Frá Stefáni Gunnlaugssyni.

Við 2. gr. Í stað orðanna „á lóð hennar við Selsvör í Reykjavík“ komi: í Hafnarfirði.

Nd. 31. Frumvarp til laga [30. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka leigunámi tvö hvalveiðiskip hf. Hvals.

(Lagt fyrir Alþingi á 93. löggjafarþingi, 1972.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka á leigu um ótiltekinn tíma 1 eða 2 hvalveiðiskip hf. Hvals á Miðsandi til notkunar fyrir Landhelgisgæzluna, enda komi fullt endurgjald fyrir afnotin eftir mati dómkvaddra manna, samkvæmt ákvæðum laga nr. 67 1917, um framkvæmd eignarnáms.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um frumvarp þetta, sem lagt er fyrir Alþingi samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, vísast til fylgiskjalsins hér á eftir.

Fylgiskjal.

BRÁÐABIRGÐALÖG

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka leigunámi tvö hvalveiðiskip hf. Hvals.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Dómsmálaráðherra hefur tjáð mér, að ríkisstjórnin telji nauðsynlegt að efla Landhelgisgæzluna að skipakosti við núverandi aðstæður um óákveðinn tíma og telur, að hentugustu skip, sem völ er á í landinu til þessara starfa séu hvalveiðiskip hf. Hvals á Miðsandi og beri því brýna nauðsyn til, að heimild fáist til að taka tvö hvalveiðiskip leigunámi í framangreindu skyni.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög, samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, á þessa leið:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka á leigu um ótiltekinn tíma 1 eða 2 hvalveiðiskip hf. Hvals á Miðsandi til notkunar fyrir Landhelgisgæzluna, enda komi fullt endurgjald fyrir afnotin eftir mati dómkvaddra manna, samkvæmt ákvæðum laga nr. 67 1917, um framkvæmd eignarnáms.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 14. september 1972.

Kristján Eldjárn.
(L. S.)

Ólafur Jóhannesson.

Sþ. **32. Fyrirspurnir** [31. mál]

I. Til sjávarútvegsráðherra um rekstur hraðfrystihúsanna.

Frá Þórarni Þórarinssyni.

Hefur verið gerð athugun og samanburður á rekstri hraðfrystihúsanna með það fyrir augum, að hagnýtt verði reynsla þeirra frystihúsa, sem bezt og hagkvæmast eru rekin?

II. Til heilbrigðismálaráðherra um málefni geðsjúkra.

Frá Ragnhildi Helgadóttur.

Hvenær má vænta þess, að bætt verði úr brýnni þörf á auknu sjúkrahúsrými fyrir geðsjúka?

III. Til sjávarútvegsráðherra um afkomu skuttogara.

Frá Lárusi Jónssyni.

Hafa verið gerðar af hálfu opinberra aðila áætlanir um afkomu þeirra gerða af skuttogurum, sem nú eru í smíðum fyrir ýmsa útgerðaraðila?

Ef svo er:

a) Við hvaða aflamagn er miðað og meðalverð á afla, þegar tekjur eru fundnar?
b) Nægja tekjur til þess að mæta útgerðarkostnaði miðað við núgildandi kaupgjald og verðlag?
c) Hversu miklu nema tekjur umfram gjöld eða gjöld umfram tekjur?
d) Hve hár er árlegur áætlaður fjármagnskostnaður vegna skipanna?
e) Hver er talin hæfileg upphæð árlegra afskrifta þeirra?
f) Hafa verið gerðar ráðstafanir til þess að afla fjár til Fiskveiðasjóðs til þess að standa straum af fjármögnun umræddra skipa?

IV. Til sjávarútvegsráðherra um afkomu hraðfrystihúsa.

Frá Lárusi Jónssyni.

Hafa verið gerðar áætlanir um fjárfestingarþörf hraðfrystiiðnaðarins vegna endurnýjunar, stækkunar og aukinna hreinlætiskrafna?

Ef svo er:

a) Hve mikla heildarupphæð er um að ræða næstu þrjú ár?
b) Hafa verið gerðar ráðstafanir til fjárútvegunar í þessu skyni?
c) Hafa verið gerðar arðsemisáætlanir fyrir hraðfrystiiðnaðinn að þessum framkvæmdum loknum?
d) Ef svo er, hver er áætluð rekstrarniðurstaða hraðfrystihúsanna næstu 3 ár, miðað við nýákveðið fiskverð, kaupgjald eftir grunnkaupshækkun á næsta ári og áætlað verðlag næsta árs?

V. Til menntamálaráðherra um útbreiðslu sjónvarps.

Frá Stefáni Valgeirssyni.

1. Hvenær má vænta þess, að sjónvarp nái til allra landsmanna?
2. Liggur fyrir kostnaðaráætlun til að ná því marki?
3. Á hvaða stöðum er talin þörf á að byggja sjónvarpsstöðvar í Eyjafjarðar- og Þingeyjarsýslum, og hvenær er ráðgert, að það verði gert?

Nd. 33. Breytingartillaga [27. mál]

við frv. til l. um Tæknistofnun sjávarútvegsins.

Frá Benedikt Gröndal.

Við 1. gr. Greinin orðist svo:

Tæknistofnun sjávarútvegsins er sjálfstæð ríkisstofnun, sem starfar á Akranesi, og heyrir hún undir sjávarútvegsráðuneytið.

Nd. 34. Frumvarp til laga [32. mál]

um skipulag á löndun á loðnu til bræðslu.

(Lagt fyrir Alþingi á 93. löggjafarþingi, 1972.)

1. gr.

Síldar- og fiskimjölsverksmiðjum, er taka við loðnu af fiskiskipum til bræðslu, skal skylt að taka við aflanum í þeirri röð, sem fiskiskip koma í löndunarhöfn, sbr. þó 3. mgr. 2. gr.

2. gr.

Skipulagning og tilhögun á löndun á loðnu til bræðslu skal vera í höndum þriggja manna og jafnmargra til vara, eins samkvæmt tilnefningu samtaka fiskseljenda, eins samkvæmt tilnefningu Félags íslenzkra fiskimjölsframleiðenda og eins án tilnefningar, sem jafnframt er formaður nefndarinnar. Skulu þeir skipaðir af ráðherra til eins árs í senn. Verði ekki samkomulag meðal samtaka fiskseljenda um tilnefningu í nefndina, skipar ráðherra þann mann án tilnefningar. Nefnd þessi skal afla upplýsinga um móttökugetu síldar- og fiskimjölsverksmiðja og ákveða samkvæmt því, hvenær löndun skuli hefjast eða hætta á ákveðnum svæðum eða í einstakar verksmiðjur.

Fiskiskipum skulu veittar upplýsingar um móttökugetu einstakra verksmiðja um fjarskiptastöð samkvæmt ákvörðun nefndarinnar og skulu þau hlíta ákvörðun nefndarinnar samkvæmt 1. málsgrein þessarar greinar. Fiskiskipum er jafnframt skylt að hlíta fyrirmælum nefndarinnar um ákveðna löndunarhöfn.

Ef fleiri fiskiskip æskja löndunar í verksmiðju en móttökugeta hennar leyfir, skal nefndin ákveða, hvaða fiskiskip hafi heimild til löndunar í verksmiðjunni og um löndunarröð þeirra, þrátt fyrir ákvæði 1. gr.

3. gr.

Sjávarútvegsráðuneytið getur sett nánari reglur um framkvæmd laga þessara að fengnu áliti samtaka sjómanna, útvegsmanna og Félags íslenzkra fiskimjölsframleiðenda.

Kostnaður af framkvæmd laganna, þ. á m. þóknun nefndarinnar, greiðist af fiskkaupendum og fiskseljendum eftir reglum, er ráðuneytið setur. Skal heimilt að ákveða, að greidd skuli ákveðin fjárhæð af hverri hráefnissmálest frá seljendum og jafnhá fjárhæð frá kaupendum til að standa undir kostnaði við framkvæmd laganna. Skulu kaupendur standa skil á greiðslum þessum og hefur nefndin á hendi innheimtu og reikningshald með gjaldi þessu. Verði í árslok afgangur af gjaldi, sem innheimtist með þessum hætti, skal heimilt að ákveða, að hann renni til Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins, deildar fyrir loðnuafurðir.

4. gr.

Hver sá, er sekur gerist um brot á lögum þessum eða á reglum settum samkvæmt þeim, skal sæta sektum og renna sektir í ríkissjóð.

Um mál út af brotum á lögum þessum eða reglum settum samkvæmt þeim skal fara að hætti opinberra mála.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og gilda þau til ársloka 1973.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp það, sem hér er lagt fram, var samið af nefnd, er sjávarútvegsráðuneytið skipaði 1. júní s. l. til að gera tillögur um fyrirkomulag á löndun loðnu á komandi vertíð. Í nefndinni áttu sæti Jónas Jónsson, framkvæmdarstjóri, Ólafur Gunnarsson, framkvæmdastjóri, Ólafur Tr. Einarsson, útgerðarmaður, Páll Guðmundsson, skipstjóri og Jón L. Arnalds, ráðuneytisstjóri, sem jafnframt var formaður nefndarinnar. Álit nefndarinnar, sem er dagsett 30. september s. l., er svo hljóðandi:

„Hinn 1. júní s. l. skipaði sjávarútvegsráðuneytið undirritaða í nefnd til að gera tillögur um fyrirkomulag á löndun loðnu á komandi vertíð. Nefndin tók þegar til starfa og kynnti sér og ræddi reynslu og sjónarmið íslenzkra hagsmunaaðila um þetta efni og aflaði upplýsinga frá Noregi um tilhögun þessara mála þar. Í framhaldi af því samdi nefndin drög að frumvarpi til laga um skipulag og löndun loðnu til bræðslu. Nefndin leitaði umsagnar Félags íslenzkra fiskimjölsframleiðenda, Landssambands íslenzkra útvegsmanna, svo og sameiginlegrar umsagnar Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, Sjómannasambands Íslands og Alþýðusambands Íslands og breytti nefndin þessum drögum til samræmis við framkomnar tillögur. Fylgja þau nefndaráliti þessu þannig breytt og það er tillaga nefndarinnar til ráðuneytisins, að það beiti sér fyrir því, að frumvarpið í þessari mynd verði lagt fyrir Alþingi, þegar er það kemur saman á þessu hausti, þannig að það geti orðið að lögum fyrir n. k. áramót. Leggur nefndin áherzlu á, að málinu verði hraðað svo sem kostur er.

Á undanförnum árum hafa skapazt vandræði í sambandi við löndun á loðnu til bræðslu, sérstaklega þó á síðustu loðnuvertíð. Er það hagsmunamál bæði fiskseljenda og kaupenda að til slíkra árekstra komi ekki. Þá ber að líta til þess, að þjóðhagslega getur verið hagkvæmt að stöðva löndun og beina fiskiskipum til annarra löndunarhafna. Með því að fiskifræðingar spá miklu loðnumagni á miðin á næstu vertíð og erlent verðlag á loðnuafurðum hefur hækkað verulega, má búast við mikilli sókn í loðnu á komandi vertíð. Nefndarmenn eru því sammála um nauðsyn betra skipulags á löndun loðnu á næstu vertíð. Telur nefndin æskilegt, að komið verði á svipaðri tilhögun og tíðkazt hefur í Noregi og taki sú tilhögun til allra fiskiskipa hvort sem þau eru samningsbundin við ákveðna verksmiðju eða ekki. Nefndin telur ekki að styrkja- eða verðjöfnunarkerfi geti leyst þennan vanda. Þá telur nefndin að svo stöddu ekki ástæðu til að settar verði löndunarreglur um annan afla en loðnu. Til að tryggja, að einstakir aðilar hlíti þeim reglum, er settar verða, svo að skipulag og tilhögun á löndun fari ekki út um þúfur, er óhjákvæmilegt, að

um þetta efni verði sett löggjöf. Drög þau að frumvarpi til laga, sem álitinu fylgja, eru samin með framangreind sjónarmið í huga. Gera drögin ráð fyrir, að lögin gildi til eins árs með það fyrir augum, að þau verði endurskoðuð að lokinni næstu loðnuvertíð.

Meginregla frumvarpsins um löndunarröð kemur fram í 1. gr. þess. Skipulag það og tilhögun, er lýst er í 2. gr. frumvarpsins, kemur því aðeins til, að um svo mikinn afla sé að ræða, að hætta sé á vandræðum vegna óhóflegrar samkeppni og/eða hagkvæmt sé að jafna loðnumagni milli verksmiðja til að tryggja þeim verkefni. Hefur þá 3ja manna nefnd, sem skipuð er fulltrúum fiskseljenda, fiskkaupenda og einum oddamanni, stjórn þessara mála með höndum, svo sem nánar er lýst, í greininni. Verði ágreiningur í nefndinni um einstök atriði ræður afl atkvæða. Nefndin ræður sér starfslið, ef með þarf. Nefndin ber ekki ábyrgð á greiðslugetu einstakra fiskkaupenda, þótt fiskseljandi verði að hlíta tilhögun laganna og stjórn nefndarinnar.

Nefndin skal afla upplýsinga um móttökugetu síldar- og fiskimjölsverksmiðja og ákveða samkvæmt því, hvenær löndun skuli hefjast eða hætta á ákveðnum svæðum eða í einstakar verksmiðjur. Skal tekið skýrt fram, að ekki er ætlazt til, að nefndin ákveði um sjálfa móttökugetuna, heldur taki ákvarðanir eftir þeim upplýsingum, er einstakar verksmiðjur veita um hana. Þær upplýsingar, sem hér er um að ræða eru t. d. um geymslurými, loðnumagn í hverri verksmiðju á hverjum tíma, geymsluþol loðnunnar o. fl. Verður nefndin, ef svo ber undir, að taka ákvörðun um stöðvun móttöku einstakra verksmiðja, og hve mikið megi hafa gengið á hráefni til að löndun geti hafizt á ný.

Fiskiskipum skulu veittar upplýsingar um móttökugetu einstakra verksmiðja um fjarskiptastöð samkvæmt ákvörðun nefndarinnar. Undirritaðir hafa rætt við starfsmenn Landssímans um þetta atriði og virðist engin vandræði vera á framkvæmd þessari. Gæti þá komið til, að fiskiskipum yrði, gegnum fjarskiptastöð, beint á ákveðnar löndunarhafnir eða verksmiðjur í ákveðinni löndunarröð.

Gert er ráð fyrir að fiskseljendur og kaupendur greiði kostnaðinn af framkvæmd laganna að jöfnu. Veltur kostnaðurinn að miklu leyti á því, hve mikið starf nefndarinnar verður, en það getur orðið mismikið.

Að öðru leyti skýra frumvarpsdrögin sig sjálf.

Kristján Ragnarsson, formaður Landssambands íslenzkra útvegsmanna, sótti síðustu fundi nefndarinnar í forföllum Ólafs Tr. Einarssonar, útgerðarmanns.“

Sþ. 35. Tillaga til þingsályktunar [33. mál]

um eflingu Landhelgisgæzlunnar.

(Lögð fyrir Alþingi á 93. löggjafarþingi, 1972.)

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að stofna til byggingar eða kaupa á nýju varðskipi fyrir Landhelgisgæzluna.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

Útfærsla fiskveiðilögsögnunnar hefur í för með sér þörf á eflingu á skipakosti Landhelgisgæzlunnar. Hafsvæði það, sem nú hefur verið aukið við lögsöguna, gerir auknar kröfur til varðskipanna. Á þessu ári hefur orðið veruleg aukning á gæzlustyrk Landhelgisgæzlunnar með tilkomu nýrrar og afkastameiri flugvélar, stærri þyrlu og við endurnýjun varðskipsins Þórs, sem að henni lokinni er fullgilt til gæzlustarfa við hlið nýjustu varðskipanna, Óðins (1959) og Ægis (1968). Svo sem fram kemur í bréfi forstjóra Landhelgisgæzlunnar, dags. 14. október 1972, til dómsmálaráðuneytisins, sem prentað er hér á eftir sem fylgiskjal, er æskilegt, að Landhelgisgæzlan eigi 4

varðskip vel fallin til úthafsgæzlu til að sinna þeim verkefnum, sem hinum nýju aðstæðum fylgja. Um sinn verður þessum þörfum þjónað með leigu á hvalveiðiskipinu „Hvalur 9", en nauðsynlegt er að stefna að frambúðarúrlausn. Að því marki beinist einnig fjársöfnun sú til Landhelgisgæzlunnar, sem hafin hefur verið og er jafnframt tákn um samstöðu þjóðarinnar um störf Landhelgisgæzlunnar og þau markmið er hún þjónar. Hér er því lagt til að ríkisstjórninni sé þegar í stað heimilað að hefjast handa um undirbúning að smíði eða kaupum á fullkomnu gæzluskipi.

Fylgiskjal.

Dómsmálaráðuneytið,
Arnarhváli,
Reykjavík.

Reykjavík, 14. okt. 1972.

Með vísun til viðræðna um nauðsyn þess að bæta skipakost Landhelgisgæzlunnar vegna útfærslu fiskveiðilandhelginnar í 50 sjómílur, vil ég leyfa mér að leggja til, að háttvirt ráðuneytið heimili að hafinn verði undirbúningur að smíði, eða ef betur þætti henta kaupum, á heppilegu skipi til þeirra nota.

Orsök þessa er sú, að eins og fram kemur í skýrslu Landhelgisgæzlunnar til háttvirts ráðuneytisins frá 28.8. 1971 um gæzlu 50 sjómílna landhelgi, þá eru aðeins 3 af 5 núverandi varðskipum hæf til raunverulegrar úthafsgæzlu hér við land hvað snertir nauðsynlegan hraða, en gera verður ráð fyrir a. m. k. fjórum ganggóðum varðskipum við gæzlu svo stóraukins svæðis.

Lítill vafi er á því, að nýtt skip, svipað nýjasta varðskipinu, myndi tæknilega verða bezta skipið til allra nota, en þó er ekki rétt að útiloka möguleika á kaupum á t. d. mjög hraðskreiðu skipi þótt aðrir eiginleikar, eins og hæfni til björgunarstarfa, væru minni. Fjárhagslega gæti sú lausn orðið mun hagstæðari.

En þar sem allar slíkar athuganir og undirbúningsvinna munu taka tíma og kosta nokkurt fé áður en endanlegar ákvarðanir verða teknar, væri æskilegt að geta hafizt handa í þeim efnum sem fyrst.

Pétur Sigurðsson.

Nd. 36. Frumvarp til laga [34. mál]

um breyting á lögum um almannatryggingar, nr. 67 frá 20. apríl 1971.

Flm.: Pétur Pétursson.

1. gr.

a. Aftan við lið h í 43. gr. laganna komi nýr liður, svo hljóðandi:
   i. Tannlækningar samlagsmanna, barna og fósturbarna, sbr. 40. gr., allt að 20 ára aldri.
b. Í stað orðanna „svo og greiðslu fyrir tannlækningar" í síðustu mgr. komi: svo og greiðslu fyrir allar tannlækningar.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1973.

Greinargerð.

Samhljóða frumvarp flutti ég á síðasta þingi þá fylgdi því svo hljóðandi greinargerð:

„Frá upphafi almannatrygginga á Íslandi hefur það verið hugmynd forustumanna um tryggingamál, að nauðsynlegar tannlækningar skyldu greiddar af sjúkra-

samlögum. Um skeið var í lögum heimilt að greiða kostnað við tannlækningar þeirra, sem eru innan 18 ára, en sú heimild var ekki notuð. Var ákvæði þetta numið úr lögum og í stað þess sett almenn heimild til handa sjúkrasamlögum til að greiða tannlækningar, en sú heimild hefur ekki heldur verið notuð, að talizt geti.

Ekki er þörf á að færa rök að nauðsyn þess, að sjúkrasamlög greiði kostnað við tannlækningar eins og aðrar lækningar. Er raunar sérstök ástæða til þess, þar eð mörgum hættir til að draga um of að leita tannlæknis sökum kostnaðar.

Mikill áhugi hefur verið á því að fella tannlækningar undir tryggingakerfið, en fjárhagsástæður hafa verið aðalástæða þess, að það hefur ekki verið gert. Oft hafa verið flutt um þetta mál frumvörp á Alþingi, m. a. af Alfreð Gíslasyni lækni og síðast af Einari Ágústssyni, núverandi hæstv. utanríkisráðherra.

Málið er nú tekið upp enn einu sinni. Enda þótt Alþýðuflokkurinn hafi mikinn áhuga á að koma öllum tannlækningum, sem telja má heilsufarslega nauðsyn, undir tryggingakerfið, er nú aðeins gerð tillaga um, að slíkar tryggingar nái til allra undir 20 ára aldri. Þessi leið er valin í þeirri von, að unnt reynist að koma málinu fram í áföngum. Alþingi samþykkti fyrir 25 árum, að tryggingar skyldu greiða tannlækningar til 18 ára aldurs, en tryggingakerfið hafði ekki fjárhagslegt bolmagn til að framkvæma þá ákvörðun. Nú er þjóðin stórum auðugri en þá og hefur vafalaust góð ráð á að stuðla að bættri tannheilsu ungmenna, sem þau geta búið að alla ævi, ef vel tekst. Spyrja mætti, hvort þjóðin hafi ráð á að gera þetta ekki.

Ekki er lagt til, að breytt verði ákvæðum um samninga sjúkrasamlaga við lækna o. fl., þar eð telja má, að orðið „læknar“ geti einnig átt við tannlækna.

Sþ. 37. Tillaga til þingsályktunar [35. mál]

um áætlun um nýtingu íslenzkra orkulinda til raforkuframleiðslu.

Flm.: Steingrímur Hermannsson, Stefán Jónsson, Bjarni Guðnason.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta gera og leggja fram áætlun um nýtingu íslenzkra orkulinda til raforkuframleiðslu með tilliti til vistfræðilegra og búsetusjónarmiða og um ráðstöfun slíkrar raforku. Við það verk ber m. a. að upplýsa og leggja áherzlu á eftirgreind atriði:

1. Endurskoða ber þær hugmyndir, sem fram hafa verið settar um mesta nýtanlegt vatnsafl á landinu.
2. Draga ber fram sérhver þau áhrif, sem slík nýting vatnsaflsins getur haft á umhverfið (vistfræðileg athugun).
3. Leggja ber fram upplýsingar um aðra valkosti og um vistfræðileg áhrif hvers og eins.
4. Skoða ber hina ýmsu valkosti með tilliti til áhrifa á búsetu í landinu (vistpólitísk áhrif).
5. Endanlega áætlun ber að byggja á þeim valkosti, sem hefur sem minnst vistfræðilega skaðleg áhrif og er æskilegur með tilliti til búsetu í landinu.
6. Taka ber tillit til líklegrar nýtingar jarðvarmans til raforkuframleiðslu.
7. Leggja ber fram áætlun um eðlilega aukningu á raforkuþörf landsmanna til hinna ýmsu þarfa, og áætla ber eðlilega skiptingu fáanlegrar raforku til hinna ýmsu þarfa þjóðfélagsins.

Greinargerð.

Ýmsar tölur hafa verið settar fram um nýtanlegt vatnsafl okkar Íslendinga. Til dæmis hefur verið nefnt, að fá mætti allt að 30 000 Gwst. af raforku. Hins vegar hefur stöðugt komið í ljós, þegar undirbúningur að einstökum framkvæmdum á sviði virkjana er hafinn, að meiri og minni árekstrar verða vegna áhrifa slíkra

virkjana á umhverfið. Sérstaklega hefur þetta verið áberandi síðustu árin, eftir að menn fóru að gera sér betur grein fyrir hinum mikilvægu samverkandi áhrifum lands og lífs. Nægir í því sambandi að nefna sem dæmi Laxárvirkjun og Mývatn og Þjórsárver. Hefur þessi skilningur leitt til nýrrar vísindagreinar, sem nefnd er vistfræði og fjallar um samspil alls þess, sem lifir, og áhrif hvers konar framkvæmda á það jafnvægi.

Við Íslendingar erum svo heppnir að eiga tiltölulega óspillt land. Hér er lítið um stóran iðnað, sem veldur truflun á umhverfi, og virkjanir eru enn þá af skornum skammti. Lífið í okkar landi er hins vegar mjög viðkvæmt. Stafar það m. a. af legu landsins. Sem betur fer hefur jafnframt aukizt mjög skilningur hér á landi fyrir því, að forðast beri í lengstu lög að spilla náttúru landsins, ekki aðeins umhverfisins sjálfs vegna, heldur einnig og fyrst og fremst vegna íbúa landsins, sem vilja njóta óspillts umhverfis í stöðugt ríkara mæli. Vistfræði sem vísindi á því mikið erindi til okkar Íslendinga.

Sagt er, að um 7—8 af hundraði af vatnsafli landsins sé nú nýtt. Það er sannfæring flutningsmanna, að sá hundraðshluti sé raunar langtum hærri, þegar tekið er tillit til vistfræðilegra sjónarmiða, sem munu takmarka mjög nýtanlega vatnsorku, eins og reynslan hefur sýnt.

Hinir miklu árekstrar, sem orðið hafa á milli þeirra, sem virkjanir undirbúa, og hinna, sem hafa í huga vistfræðileg sjónarmið, eða íbúanna sjálfra, eru mjög skaðlegir, bæði félagslega og efnahagslega. Árekstrarnir hafa valdið deilum, sem skilja eftir djúp félagsleg sár, og það er erfitt að gera áætlanir um iðnvæðingu og annan efnahagslegan vöxt, þegar slík óvissa ríkir um það vatnsafl, sem í raun og veru er nýtanlegt.

Að framan hafa verið nefnd dæmi frá virkjun Þjórsár og Laxár. Til nánari skýringar má nefna hinar athyglisverðu hugmyndir um virkjanir jökulvatna á Norðausturlandi með því að veita þeim niður í Fljótsdalshérað. Öllum má vera ljóst, að slíkur tilflutningur vatns hlýtur að hafa veruleg áhrif. Þó má vel vera, að áhrifin séu minni en þeir telja, sem óttast slíkar framkvæmdir mest. Um þetta liggja ekki fyrir neinar viðhlítandi upplýsingar. Hvað hækkar t. d. vatnsborð á Fljótsdalshéraði? Slíkar upplýsingar hafa ekki verið settar fram. Í þessar athuganir er varið miklu fé. Allt það verk getur orðið til einskis, ef skaðlegir árekstrar verða síðar, fyrst og fremst vegna þess, að ekki er unnið að viðfangsefninu í réttri verkefnaröð.

Það er því skoðun flutningsmanna, að leitast beri við að fá heildaryfirsýn yfir nýtanlegt vatnsafl með tilliti til vistfræðilegra sjónarmiða.

Víðast hvar er vatnsaflið til raforkuframleiðslu orðið af mjög skornum skammti. Ísland er undantekning á því sviði. Raforkunotkun eykst hins vegar hröðum skrefum, og sú spurning hlýtur að vakna, hvort við eigum að hraða virkjun okkar vatnsafls, t. d. með því að reisa raforkufrek stóriðjuver, eða hvort við eigum að ráðstafa raforkunni fyrst og fremst til heimilisþarfa og smærri atvinnurekstrar. Líklega ber að vera eitthvert jafnvægi þarna á milli.

Norðmenn eru að gera áætlun um nýtingu þess vatnsafls, sem þar er enn talið virkjanlegt, með fullu tilliti til vistfræðilegra sjónarmiða. Þeir munu reyna að skipta þeirri raforku niður á heimilisnotkun og smærri iðnað, útþenslu iðnaðar, sem fyrir er í landinu, og loks, ef eitthvað telst til ráðstöfunar, til nýrra iðngreina.

Þótt slík ráðstöfun sé ekki orðin eins brýn hjá okkur Íslendingum, telja flutningsmenn þessarar tillögu þó mjög tímabært, að reynt sé að gera sér nokkra grein fyrir eðlilegri nýtingu orkulindanna.

Þótt þingsályktunartillaga þessi beinist einkum að virkjun vatnsfalla, er nauðsynlegt að taka tillit til eðlilegrar virkjunar jarðvarmans til raforkuframleiðslu. Þær orkulindir eru miklar, en hins vegar minna kannaðar, og líklega verða þær ekki nýttar í ríkum mæli til raforkuframleiðslu, fyrr en hagkvæmt vatnsafl er að mestu virkjað. Þó að nýting jarðvarmans geti haft skaðleg áhrif á umhverfið, er samt rétt að hafa í huga, að yfirleitt eru þau áhrif viðráðanleg.

Í tillögunni eru talin ýmis atriði, sem flutningsmenn telja, að áherzlu beri að leggja á. Einnig er nauðsynlegt, að upplýsingar séu lagðar fram um sem flesta valkosti og áhrif þeirra, þannig að meta megi þær forsendur, sem endanleg áætlun byggist á.

Nd. 38. Frumvarp til laga [36. mál]

um breyting á lögum nr. 101/1966, um framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl.

Flm.: Ellert B. Schram, Ragnhildur Helgadóttir, Matthías Bjarnason, Lárus Jónsson, Sverrir Hermannsson.

1. gr.

Á eftir 26. gr. laganna komi ný grein, er verði 27. gr., svo hljóðandi:

Nú er starfandi viðurkennd samsala eða mjólkurbú, og er þá öðrum óheimilt án sérstaks leyfis að selja mjólk eða rjóma í þeim kaupstöðum eða kauptúnum, sem eru innan sama mjólkursölusvæðis.

Nú sækir matvöruverzlun um leyfi til sölu og dreifingar á neyzlumjólk, rjóma og skyri, og skal þá sérstök nefnd fjalla um umsókn þessa. Nefnd þessi skal skipuð 7 mönnum, þannig að viðkomandi sveitarstjórn tilnefnir 2 menn, félag matvörukaupmanna á staðnum eða, ef það er ekki til staðar, Kaupmannasamtök Íslands tilnefna einn mann, samsölustjórn eða viðkomandi mjólkursamlag tilnefnir einn mann, einn maður skal tilnefndur af framleiðsluráði landbúnaðarins, einn maður af Neytendasamtökum Íslands og einn maður af heilbrigðisnefnd, og skal hann vera formaður nefndarinnar.

Nú sækir aðili um söluleyfi, sem hefur ekki haft það áður, og skal þá nefndin kynna sér fjárfestingar- og dreifingarkostnað mjólkursamsölu eða mjólkursamlags á viðkomandi verzlunarsvæði með það í huga, að mjólkurframleiðendur verði ekki fyrir fjárhagslegu tjóni við veitingu nýs mjólkurleyfis.

Skylt er samsölustjórn að veita umbeðið leyfi, ef nefndin mælir með því, enda sé þeim almennu skilyrðum fullnægt, sem mjólkurframleiðendur ákveða um aðbúnað, greiðslufyrirkomulag og meðferð mjólkurvöru í viðkomandi verzlun. Þau skilyrði skulu ákveðin með reglugerð, sem staðfest skal af landbúnaðarráðuneytinu. Samþykkt hlutaðeigandi heilbrigðisyfirvalda skal liggja fyrir.

2. gr.

Niður falli 1. mgr. 27. gr. laganna, er verði 28. gr.

3. gr.

Lög þessi öðlast nú þegar gildi.

Greinargerð.

Á síðasta þingi var lagt fram frumvarp, sem miðaði að því að auka frjálsræði í dreifingu og sölu á mjólkurvörum, enda var gert ráð fyrir, að umræddir leyfisbeiðendur uppfylltu þau skilyrði, sem mjólkurframleiðendur settu um aðbúnað, greiðslufyrirkomulag og meðferð mjólkurvöru.

Frumvarp þetta hlaut ekki afgreiðslu, en í umræðum kom fram sjónarmið þess efnis, að mjólkurframleiðendur kynnu að verða fyrir fjárhagslegu tjóni, ef af breytingunni yrði, bæði vegna aukins dreifingar- og fjárfestingarkostnaðar.

Nú, þegar mál þetta er endurflutt, hafa verið gerðar breytingar á frumvarpinu, sem eiga að tryggja, að sjónarmið framleiðenda séu ekki fyrir borð borin, og undirstrika, að fyrir flutningsmönnum vakir alls ekki, að framleiðendur verði fyrir tjóni,

ef frumvarp þetta verður að lögum. Í stað einnar reglugerðar, eins og gert var ráð fyrir í fyrra frumvarpi, skal nú skipuð sjö manna nefnd þeirra aðila, sem hagsmuna eiga að gæta, og skal hún taka leyfisbeiðnir til athugunar. Ber nefndinni að kynna sér, að mjólkurframleiðendur verði ekki fyrir fjárhagslegu tjóni við veitingu nýs mjólkursöluleyfis. Þar að auki er gert ráð fyrir, að mjólkurframleiðendur ákveði skilyrði um aðbúnað, greiðslufyrirkomulag og meðferð mjólkurvöru, og á þá svo að vera búið um hnúta, að fyllsta tillits sé gætt gagnvart bændum, áður en mjólkursöluleyfi eru veitt.

Þegar rætt er um fjárfestingar- og dreifingarkostnað í frumvarpinu, er átt við kostnað, sem af smásölunni leiðir, og þá einvörðungu þann kostnað, sem skiptir máli, ef og þegar nýr aðili fengi mjólkursöluleyfi. Kostnaðarútreikningar skulu eingöngu miðaðir við mjólkurvöruna.

Gert er ráð fyrir, að kostnaður af skipun nefndar og störfum hennar verði greiddur af þeim aðilum, sem tilnefna menn í nefndina.

Gera verður ráð fyrir, að nefndin geti sett þeim aðilum ákveðna fresti, sem skila þurfa kostnaðarútreikningum eða athugasemdum.

Óþarft er að endurtaka þær röksemdir, sem frumvarpi þessu fylgdu og tíundaðar voru í greinargerð, sem fylgdi frumvarpi sama efnis (185. mál) á síðasta þingi. Veigamestu rökin voru eftirfarandi:

1. Bændur geta losnað við óþarfa fjárfestingu, sem nemur tugum milljóna, ef horfið yrði frá þeirri almennu stefnu að reisa sérstakar mjólkurverzlanir, jafnvel við hlið annarra verzlana, á þéttbýlissvæði.
2. Neytendur ættu auðveldara með að nálgast mjólkurvörur, þegar þær væru seldar ásamt öðrum matvörum, og auknir möguleikar mundu skapast til heimsendingar mjólkurvara, en hvort tveggja gæti vafalaust leitt til aukinnar sölu og neyzlu mjólkurvara.
3. Heildardreifingarkostnaður á mjólk mundi að öllum líkindum lækka, og er þá höfð hliðsjón af þróun slíkra mála, m. a. í Danmörku.
4. Eytt yrði því viðskiptalega misrétti, sem þróast í skjóli núgildandi fyrirkomulags og stjórnunar, og mundi það forða óþarfa tortryggni og árekstrum.

Með þessu frumvarpi er ekki gert ráð fyrir, að mjólkursala verði gefin fullkomlega frjáls. Eins og að framan er greint, er fallizt á það sjónarmið, að mjólkurframleiðendur vilji hafa hönd í bagga um sölu og dreifingu mjólkur, og þetta frumvarp gerir ekki ráð fyrir, að yfirstjórn hverfi úr höndum samsölustjórna. Er þá vitnað til fyrirhugaðrar nefndar, sem taka skal tillit til fjárhagslegra hagsmuna framleiðenda, og enn fremur er vakin athygli á þeim rétti framleiðenda að setja skilyrði um aðbúnað, greiðslufyrirkomulag og meðferð mjólkurvörunnar.

Hér er á ferðinni mál, sem að vísu lýtur að sölu mjólkurvöru, en er réttlætismál í víðtækari skilningi, að því leyti, að það miðar að því að eyða mismunun, jafnvel einokun, sem ekki á að viðgangast á okkar tímum og við núverandi aðstæður. Það felur í sér kröfu um, að allir sitji við sama borð án tillits til rekstrarfyrirkomulags eða eignaraðildar ákveðinna matvöruverzlana. Það felur í sér þá sjálfsögðu reglu, að hér á landi ríki frjálsir viðskiptahættir og heilbrigð samkeppnis- og þjónustuaðstaða.

Sþ. 39. Tillaga til þingsályktunar [37. mál]

um fjárlagaáætlanir.

Flm.: Magnús Jónsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að fela Fjárlaga- og hagsýslustofnuninni að gera fjögurra ára áætlun um þróun útgjalda og tekna ríkissjóðs, miðað við gildandi lagaskuldbindingar og tekjuheimildir og aukningu ólögbundinna út-

gjaldaliða með hliðsjón af fenginni reynslu. Verði að því stefnt, að fjárlagaáætlanir þessar geti fylgt næsta fjárlagafrumvarpi.

Greinargerð.

Í þeim löndum, þar sem gerð þjóðhagsáætlana er lengst komin, hafa menn gert sér grein fyrir nauðsyn þess að gera nokkurra ára áætlanir fram í tímann um sennilega þróun ríkisbúskaparins. Hefur þetta einnig komið til athugunar hérlendis, en varð ekki við komið fyrr en eftir þá miklu breytingu á gerð fjárlaga og ríkisreiknings, sem framkvæmd var í samræmi við lög um þetta efni frá árinu 1966.

Á hverju þingi eru settir margvíslegir lagabálkar, bæði að tilhlutan ríkisstjórnar og þingmanna, sem oft hafa í för með sér stórfelld útgjöld fyrir ríkissjóð. Stundum er löggjöf þessi harla meinleysisleg, þótt hún í framtíðinni leiði til mikilla útgjalda, og því miður gera menn sér sjaldnast grein fyrir því, þegar verið er að samþykkja lögin, hvaða fjárskuldbindingar felast í þeim. Flest eru mál þessi þörf og horfa til umbóta, en það er naumast ofmælt, að þegar upp er staðið að loknu hverju þingi, þá hafi hvorki ríkisstjórn né þingmenn neitt raunhæft yfirlit um þær framtíðarskuldbindingar, sem þingið hefur samtals bundið ríkissjóði, umfram þær upplýsingar, sem er að finna í fjárlögum fyrir næsta ár.

Útgjöld ríkissjóðs vaxa nú svo stórkostlega ár frá ári, að uggvænlegt má telja. Gera verður þó hér greinarmun á útgjaldaauka vegna verðbólgu að vissu marki, sem jafnan leiðir einnig til tekjuauka að krónutali, og þeim löggjafarákvörðunum um aukin útgjöld til framkvæmda eða þjónustu við þjóðfélagsborgarana, sem átt er við hér að framan. Gera þarf einnig greinarmun á útgjöldum, sem síðar leiða til aukinna þjóðartekna, og útgjöldum, er valda aðeins auknum kvöðum fyrir ríkissjóð.

Við mat þess, hvort opinberar álögur á borgarana, — og er þá bæði átt við gjöld til ríkis, sveitarfélaga og aðrar opinberar álögur, — þróast með varhugaverðum hætti og fela í sér raunverulega auknar kvaðir, verður að hafa hliðsjón af hlutfalli opinberra gjalda af þjóðartekjum og þjóðarframleiðslu. Ísland er enn ekki meðal þeirra ríkja, sem stærstan skerf taka af þjóðarframleiðslu til opinberra þarfa, en því miður er þó um varhugaverða aukningu að ræða.

Um það ætti naumast að vera ágreiningur, hversu gagnlegt það væri að hafa nokkurra ára yfirlit um sennilega þróun ríkisbúskaparins um nokkurra ára skeið fram í tímann, þegar menn standa andspænis því að meta, hvort fært sé að leggja nýjar kvaðir á ríkissjóð, en í því efni sýnast kröfurnar sízt fara minnkandi. Margt væri vissulega æskilegt að gera í umbótaátt, sem getur kostað verulegt fé. Vera kann að sum þau mál þyki svo mikilvæg, að rétt þyki að lögfesta þau, jafnvel þótt þau krefjist vaxandi hluta af þjóðartekjum til opinberra þarfa. En reynslan hefur sýnt, að næstum er ógerlegt að stíga skrefið til baka, eftir að útgjöld hafa verið lögfest, og því er það hin brýnasta nauðsyn að hafa sem bezta yfirsýn yfir hinar fjárhagslegu afleiðingar, þótt menn að vísu geti þá ekki lengur haft þá afsökun að hafa ekki vitað, hvert stefndi.

Ýmsir kunna að segja, að engar raunhæfar fjárlagaáætlanir nokkur ár fram í tímann sé hægt að gera í landi með jafnóstöðuga efnahags- og verðlagsþróun og er hér á landi. Auðvitað er þetta vandasamt og byggja verður á mörgum óvissum forsendum, sem árlega þarf að endurskoða, svo sem háttur er í þeim löndum, þar sem slíkar fjárlagaáætlanir eru gerðar. En engu að síður á að vera auðið að draga upp sæmilega glögga mynd af þróuninni, og þessi áætlanagerð gæti jafnvel stuðlað að heilbrigðari fjármálaþróun.

Sþ. 40. Fyrirspurnir. [38. mál]

I. Til samgönguráðherra um framkvæmd samgönguþáttar Norðurlandsáætlunar.

Frá Lárusi Jónssyni.

a) Hve miklu fjármagni hefur verið varið til að framkvæma samgönguþátt Norðurlandsáætlunar á yfirstandandi ári?
b) Hvað dvelur framkvæmdir ýmissa áætlaðra verkefna, t. d. á Ólafsfjarðarvegi norðan Hörgár?
c) Hvað er áformað að framkvæma á Akureyrarflugvelli næsta ár? Verður viðbótarbygging við flugskýli tekin þá í notkun?

II. Til forsætisráðherra um framhald á gerð Norðurlandsáætlunar.

Frá Lárusi Jónssyni.

Er áformað, að flug- og hafnamál verði tekin inn í samgönguþátt Norðurlandsáætlunar á næsta ári, svo sem Fjórðungssamband Norðlendinga hefur lagt áherzlu á?

Ed. 41. Frumvarp til laga [39. mál]

um breyting á lögum nr. 87 24. des. 1971, um orlof.

(Lagt fyrir Alþingi á 93. löggjafarþingi, 1972.)

1. gr.

3. mgr. 7. gr. orðist svo:
Eigi skal reikna orlofsfé af orlofslaunum og orlofsfé.
Við 7. gr. bætist ný mgr., svo hljóðandi:
Vangreitt orlofsfé má taka lögtaki, sbr. lög nr. 29 16. des. 1885.

2. gr.

Við 11. gr. bætist ný mgr., svo hljóðandi:
Kostnaður við framkvæmd greinar þessarar greiðist úr ríkissjóði, að svo miklu leyti sem vaxtatekjur af orlofsfé hrökkva ekki til að bera kostnaðinn.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. maí 1973, nema fyrri liður 1. gr., sem öðlast gildi 1. jan. 1973. Jafnframt eru úr gildi numin lög nr. 16 16. febrúar 1943, um orlof, og lög nr. 8/1957 og lög nr. 68/1964, um breyting á þeim lögum.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Við setningu laga nr. 87/1972 um orlof var gert ráð fyrir því, að taka upp nýtt kerfi og afnema orlofsmerkin og orlofsbækurnar frá og með 1. maí 1973. Hið nýja kerfi er í því fólgið, að launagreiðandi skal skila orlofsfé, sem honum ber að greiða, til næstu póststöðvar innan þriggja daga frá útborgun vinnulauna, samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð. Reikningshald vegna orlofsfjárins fer fram í skýrsluvélum og hver launþegi fær reikningsyfirlit ársfjórðungslega yfir orlofsfé sitt.

Við samningu reglugerðarinnar kom í ljós, að nauðsyn ber til að gera breytingar á gildandi lögum um orlof, sem felast í frumvarpi þessu.

Um 1. gr.

Breyting á 3. mgr. 7. gr. laganna er samkvæmt kröfu Sjómannasambands Íslands.

Í reglugerð þeirri, sem sett hefur verið um orlof með hinu nýja kerfi, er gert ráð fyrir, að Póstur og sími hlutist til um innheimtu á vangreiddu orlofi. Til þess að auðvelda slíka innheimtu þykir nauðsynlegt að ákveða, að vangreitt orlofsfé megi innheimta með lögtaki.

Um 2. gr.

Samkvæmt núgildandi lögum skal greiða allan kostnað við orlofsmerki og orlofsbækur úr ríkissjóði. Samkvæmt hinni nýju skipan fellur þessi kostnaður niður. Þótt gera megi ráð fyrir, að vextir af orlofsfé í vörzlu Pósts og síma hrökkvi fyrir kostnaði við skýrsluvélavinnu og aðra framkvæmd hins nýja kerfis, þykir þó rétt að regla greinar þessarar verði lögfest.

Um 3. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Sþ. 42. Fyrirspurnir. [40. mál]

I. Til dómsmálaráðherra um fangelsismál.

Frá Gylfa Þ. Gíslasyni.

1) Hvað er rúm fyrir marga fanga í íslenzkum fangelsum?
2) Til hversu margra daga fangelsisvistar hafa menn verið dæmdir á ári síðastliðin þrjú ár?
3) Hversu margir menn eiga óafplánaða fangelsisdóma og í hversu marga daga?
4) Hversu margir þeirra manna, sem hlotið hafa dóm, hafa brotið af sér á ný, meðan þeir bíða þess að afplána dóm sinn?

II. Til dómsmálaráðherra um dómsmál.

Frá Gylfa Þ. Gíslasyni.

1) Hversu margar kærur hafa borizt Sakadómi Reykjavíkur síðastliðin þrjú ár?
2) Hversu margar þeirra hafa hlotið endanlega afgreiðslu? Hefur það gerzt, að kæra hafa fyrnzt vegna þess, að hún hafi ekki verið tekin til meðferðar?

III. Til dómsmálaráðherra um ölvun á almannafæri.

Frá Gylfa Þ. Gíslasyni.

Hversu margir hafa verið handteknir vegna ölvunar á almannafæri í Reykjavík oftar en tólf sinnum á ári síðastliðin þrjú ár?

IV. Til dómsmálaráðherra um eiturlyfjamál.

Frá Gylfa Þ. Gíslasyni.

1) Hve margir starfa við eiturlyfjamál á vegum lögreglunnar?
2) Hefur lögreglumönnum verið veitt fræðsla til að gera þeim kleift að þekkja áhrif eiturlyfja á fólk og rétt viðbrögð við fólki undir áhrifum þeirra?

V. Til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um áfengismál.

Frá Gylfa Þ. Gíslasyni.

1) Hvað er rúm fyrir marga drykkjusjúklinga á gæzluvistarhælum?
2) Hversu margir drykkjusjúklingar hafa verið fluttir í sjúkrahús á ári síðastliðin þrjú ár, sbr. 1. gr. laga nr. 39/1964?

VI. Til fjármálaráðherra um stjórnir, nefndir og ráð ríkisins.

Frá Bjarna Guðnasyni.

1) Er æskilegt, að fastir starfsmenn í ráðuneytum sitji í allt að 16 nefndum, stjórnum og ráðum?
2) Með hliðsjón af því, að vitað er, að meginhluti starfsins í langflestum nefndum hvílir á einum eða tveimur nefndarmönnum eða jafnvel ritara nefndar einum, er spurt, hvort nauðsyn nefndarskipunar sé könnuð hverju sinni eða unnt sé að fela verkefnið ákveðnum ríkisstarfsmanni án nefndarskipunar?
3) Er þess gætt, að eðlilegt hlutfall sé á milli tölu nefndarmanna og umfangs þess verkefnis, sem þeim er ætlað að vinna?
4) Með hliðsjón af því, að sumir starfsmenn ráðuneyta þiggja fjórðung milljónar króna eða meira í þóknun fyrir nefndarstörf, er spurt, hvaða reglum sé fylgt við ákvörðun þóknunar fyrir slík störf, sem vitað er að hljóta að vera unnin að miklu eða öllu leyti í vinnutíma, sem hlutaðeigandi starfsmaður tekur föst laun fyrir. Hvað er gert til að tryggja, að slíkum reglum sé fylgt, séu þær fyrir hendi?
5) Er ástæða til að launa ríkisstarfsmenn fyrir nefndarstörf, þegar þau falla undir þau verksvið, sem þeim er ætlað að vinna? Hvaða reglur gilda um þetta efni?
6) Ákveður hlutaðeigandi ráðuneyti eitt, hvaða þóknun skuli greidd fyrir störf í nefndum, stjórnum og ráðum, eða koma til aðrir aðilar og þá hverjir? Hvað er gert til að tryggja það, að eðlilegt samræmi sé á milli vinnu nefndarmanna og þóknunar til þeirra?

VII. Til viðskiptaráðherra um framkvæmd laga um veðtryggingu iðnrekstrarlána.

Frá Pétri Péturssyni.

Hvenær má gera ráð fyrir, að til framkvæmda komi lög nr. 47/1972, um veðtryggingu iðnrekstrarlána, þ. e. að lánað verði út á hráefni til iðnaðar, iðnaðarvörur í vinnslu og fullunnar iðnaðarvörur?

Sþ. 43. Tillaga til þingsályktunar [41. mál]

um endurskoðun laga varðandi úrskurðarvald félagsmálaráðuneytisins o. fl. um ályktanir sveitarstjórna.

Flm.: Matthías Á. Mathiesen, Geir Hallgrímsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta endurskoða ákvæði sveitarstjórnarlaga, nr. 58/1961, og annarra laga um úrskurðarvald félagsmálaráðuneytisins og annarra stjórnvalda um ályktanir sveitarstjórna. Verði sérstaklega kannað, hvort ekki sé rétt og eðli málsins samkvæmt að fela sérstökum dómstóli að fjalla um tiltekin ágreiningsefni innan sveitarstjórna og ágreiningsefni einstakra aðila eða yfirvalda við sveitarstjórnir, sem nú er skotið til annarra stjórnvalda. Skýrsla um athugun þessa verði lögð fyrir næsta Alþingi, svo og frumvörp til laga, sem athugunin þykir gefa tilefni til, að samin verði.

Greinargerð.

Tillaga þessi var flutt á næstsíðasta þingi, og fylgdi henni þá eftirfarandi greinargerð:

„ Í 76. gr. stjórnarskrárinnar segir: „Rétti sveitarfélaganna til að ráða sjálf málefnum sínum með umsjón stjórnarinnar skal skipað með lögum.“ Í 1. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 58/1961, segir: „Ríkið skiptist í sveitarfélög, sem ráða sjálf málefnum sínum, undir yfirstjórn ríkisstjórnarinnar (félagsmálaráðuneytisins), samkvæmt því, sem lög ákveða . . . “ Í sveitarstjórnarlögunum eru ýmis ákvæði um afskipti félagsmálaráðuneytisins af málum sveitarfélaga. Þannig eru ákvæði í 2. og 4.—8. gr. um hreppamörk, skiptingu og sameiningu hreppa. Í 11. gr. er mælt fyrir um takmarkanir á ráðstöfunum sveitarfélaga, þ. á m. um afskipti ráðuneytisins af heildarálagningu útsvara og af áhættusömum atvinnurekstri. Í 35. gr. segir, að ráðuneytið leggi úrskurð á tiltekin ágreiningsefni bæjarstjóra og bæjarstjórna. Skv. 42. gr. getur ráðuneytið haft afskipti af því, hvort sveitarstjóri er ráðinn í fámennum hreppum. Í III. kafla laganna, sem fjallar um fjármál sveitarfélaga, eru margvísleg ákvæði um íhlutunarrétt félagsmálaráðuneytisins. Einnig má minna á, að skv. 33. gr. laganna getur félagsmálaráðherra ákveðið, að bæjarstjórnarkosningar skuli fara fram á ný, ef ekki næst meiri hluti bæjarstjórnar fyrir ráðningu bæjarstjóra.

Í öðrum lögum eru ýmis ákvæði um heimild félagsmálaráðherra (félagsmálaráðuneytis) til að leggja úrskurði á málefni, sem sveitarstjórnir hafa ályktað um. Er þess ekki kostur að telja öll þau ákvæði upp. Minna má á 14. gr. laga um sveitarstjórnarkosningar, nr. 5/1962, um málskot til félagsmálaráðuneytis á úrskurðum sveitarstjórna á kærum vegna sveitarstjórnakosninga. Þá má minna á 4. gr. laga nr. 61/1944, um byggingarmálefni Reykjavíkur. Þetta lagaákvæði heimilar einstökum tilgreindum aðilum að skjóta samþykkt eða synjun borgarstjórnar á ályktunum byggingarnefndar til fullnaðarúrskurðar ráðuneytisins. Þar segir einnig, að ráðuneytið skeri úr ágreiningi byggingarnefndar og borgarstjórnar. — Þess er að geta, að dæmi eru um, að önnur stjórnvöld en ráðuneytið hafi skv. lögum vald til að fjalla um ályktanir sveitarstjórna, sbr. ákvæði um skipulagsstjórn ríkisins í skipulagslögum, nr. 19/1964, og ákvæði um heilbrigðiseftirlit ríkisins í lögum nr. 12/1969, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit. Er þess að minnast, að verkefnaskipting ríkis og sveitarfélaga er næsta flókin hér á landi, og takmarkar það athafnafrelsi beggja aðila.

Í 76. gr. stjórnarskrárinnar segir sem fyrr greinir, að vald sitt skuli sveitarstjórnir framkvæma „með umsjón stjórnarinnar“, þ. e. félagsmálaráðuneytisins. Vafalítið veitir þetta stjórnarskrárákvæði einnig heimild til að setja í lög ákvæði um eftirlit eða umsjón annarra stjórnvalda, t. d. skipulagsstjórnar eða heilbrigðiseftirlits.

Það er hins vegar hlutverk löggjafans að kveða nánar á um þessa „umsjón“, og heimilt er að setja lög um, að tiltekin atriði, sem varða sveitarfélögin, skuli úrskurðuð af öðrum en „stjórninni“, t. d. dómstólum. Flutningsmenn þessarar tillögu eru þeirrar skoðunar, að ástæða sé til að taka til sem rækilegastrar athugunar, hvort ekki sé rétt og eðli málsins samkvæmt að færa visst úrskurðarvald í hendur sérstökum dómstóli, sem stofnaður yrði í því skyni.

Jafnan verður að hafa í huga, að sveitarstjórnir eru kjörnar í almennum kosningum. Þær sækja því vald sitt til fólksins, ekki síður en Alþingi eða ríkisstjórn. Að sjálfsögðu getur staðið svo á, að ráðherra hafi önnur stjórnmálaleg viðhorf en meiri hluti sveitarstjórnar. Engu að síður er heimilt eftir núgildandi íslenzkum lögum að skjóta til ráðherra ýmsum samþykktum, sem sveitarstjórnir hafa gert og hljóta að byggjast á stjórnmálalegu mati. Réttara sýnist þó vera, að stjórnmálaágreiningi um málefni sveitarfélags ráði kjörin sveitarstjórn endanlega til lykta. En ágreiningur sá, sem skjóta má til ráðherra, getur einnig verið um lögmæti gerða sveitarstjórnar. Um ágreining af því tagi sýnist réttast að gangi úrskurður hlutlauss ópólitísks aðila, en ekki ráðuneytis, sem lýtur ákvörðunarvaldi pólitísks ráðherra. Flutningsmenn þessarar þáltill. eru þeirrar skoðunar, að matsatriðum eigi að höfuðstefnu til að ráða til lykta í sveitarstjórnum, en ágreiningi um lagaatriði eigi að vera unnt að skjóta til óháðs úrskurðaraðila, helzt dómstóls, sem starfi eftir reglum, er greiða fyrir sem skjótustum úrslitum. — Játa ber, að um þetta mál er erfitt að setja fram fullmótaðar tillögur. Rannsaka þarf rækilega, hvers konar ágreining á að vera heimilt að kæra, hverjir hafa skuli kæruheimild og innan hvaða frests. Þá þarf að athuga, hvernig samræma má starfsemi nýs dómstóls í sveitarstjórnarmálum dómstóla- og stjórnkerfinu í landinu. — Þó að líklegt sé, að sitthvað muni koma fram, er þykir torvelda breytingar, verður jafnan að hafa það í huga, að sveitarfélögin, íbúar þeirra og sveitarstjórnir, eiga rétt til að ráða sjálf málum sínum innan ramma laganna. Réttarbóta er þörf, svo að það megi vera.“

Sþ. 44. Fyrirspurnir. [42. mál]

I. Til sjávarútvegsráðherra um Síldarverksmiðjur ríkisins.

Frá Helga F. Seljan.

Hvaða horfur eru á, að Síldarverksmiðjur ríkisins verði starfræktar: a) á komandi loðnuvertíð, b) næsta sumar með tilliti til veiða á kolmunna?

II. Til heilbrigðismálaráðherra um aukinn húsakost sjúkrahúss á Akureyri.

Frá Braga Sigurjónssyni.

Hvar er undirbúningur að auknum húsakosti sjúkrahússins á Akureyri á vegi staddur, og hvenær má vænta þess, að byggingarframkvæmdir hefjist?

Sþ. 45. Tillaga til þingsályktunar [43. mál]

um ríkisrekstur á vátryggingastarfsemi.

Flm.: Bragi Sigurjónsson, Pétur Pétursson.

Alþingi ályktar, að öll vátryggingastarfsemi í landinu skuli ríkisrekin, og leggur fyrir ríkisstjórnina, að hún láti þegar semja varðandi þetta frumvarp að lögum, sem komið geti til meðferðar yfirstandandi þings.

Greinargerð.

Það er kunnara en frá þurfi að segja, að vátryggingastarfsemi öll er sífellt að komast á fleiri og fleiri hendur, jafnframt því sem sú þjónusta, sem hin ýmsu vátryggingafélög veita, gerist umdeilanlegri. Kemur þar til, að kröfur til þessarar þjónustu hafa stóraukizt, tjónahætta margfaldazt á ýmsum sviðum, en bótageta hins vegar rýrnað við dreifingu vátryggingasjóða milli margra aðila. Afleiðingin hefur orðið sú, að vátryggingafélögin hafa orðið treg og þung í taumi varðandi mörg bótamál, jafnvel svo, að vátryggjendur telja sig síhlunnfarna af vátryggingafélögunum, en þau telja sig hins vegar alltaf vera að tapa á viðskiptunum. Þó spretta ný og ný tryggingafélög upp. Er svo komið, að fáar þjónustugreinar eru meir tortryggðar af alþýðu manna en vátryggingafélögin, þótt við þau starfi margt valinkunnra manna.

Þegar á það er litið, að ríkið er ugglaust langstærsti tryggingatakinn beint eða óbeint (skipatryggingarnar), virðist það nánast sjálfsagt að taka þessi mál á eina hönd, ríkisins, svo að þau fái kjölfestu og stjórn, sem viðhlítandi sé fyrir almenning.

Varla þarf hér að rekja þann þátinn, hve miklu ódýrara er í mannahaldi að reka eitt vátryggingafélag en mörg, og alveg er út í hött að staðhæfa, að samkeppni vátryggingafélaga auki og bæti tryggingaþjónustuna, því að þau munu taka mið hvert af öðru, svo að almenningi komi samkeppni þeirra lítt eða alls ekki til iðgjaldalækkana eða bótahækkana.

Virðist þannig einsætt, að vátryggingastarfsemin sé ein sú þjónustan við almenning, sem sjálfsagðast er, að ríkið veiti og annist, og því fyrr því betra.

Sþ. 46. Tillaga til þingsályktunar [44. mál]

um leigu og sölu íbúðarhúsnæðis.

Flm.: Ragnar Arnalds.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta undirbúa frumvarp til laga um leigu og sölu íbúðarhúsnæðis og leggja það fyrir Alþingi. Í frumvarpinu skal kveðið á um hámark leigu, sem heimta má fyrir útleigt íbúðarhúsnæði. Jafnframt skal skipulag fasteignasölu í landinu tekið til athugunar og að því stefnt í ákvæðum frumvarpsins að stemma stigu við hömlulausum hækkunum verðlags á íbúðarhúsnæði.

Greinargerð.

Hér á landi eru nú engin lagaákvæði um hámark húsaleigu. Á fáum sviðum viðskiptalífsins er ríkjandi svo gífurlegur munur á verðlagi sem í húsaleigumálum. Oft er munurinn jafnvel þrefaldur, þótt um sé að ræða húsnæði af svipaðri stærð og gerð, og á þetta einkum við um höfuðborgarsvæðið. Það er óviðunandi með öllu, að þúsundir fjölskyldna séu fórnarlömb ósanngjarnra leigusamninga, og virðist eðlilegt, að hámark leyfilegrar húsaleigu verði tengt sannvirði hins leigða húsnæðis, t. d. með því að miða við opinbert fasteignamat eða brunabótamat. Jafnframt kemur til álita, að sérstök húsaleigunefnd fjalli um viðskipti leigjenda og leigusala húsnæðis og skeri úr hugsanlegum ágreiningi þeirra í milli.

Talið er, að verð á íbúðarhúsnæði í Reykjavík hafi hækkað um 50—60% á aðeins einu ári. Á sama tíma og reynt er að koma í veg fyrir hækkun verðlags, svo sem framast er unnt, eru engar hömlur lagðar á verðhækkanir íbúðarhúsnæðis, þótt ljóst megi verða, að verðlag á húsnæði snertir lífsafkomu almennings meir en flest annað.

Finna þarf leiðir til að stemma stigu við hömlulausum hækkunum verðlags á íbúðarhúsnæði, og jafnframt er eðlilegt, að núverandi skipulag fasteignasölu sé

gaumgæfilega rannsakað með það fyrir augum, að ráðstafanir verði gerðar til að tryggja kaupendum og seljendum íbúða fullkomna og áreiðanlega þjónustu á sanngjörnu verði.

Sþ. 47. Tillaga til þingsályktunar [45. mál]

um útgáfu lagasafns í lausblaðabroti.

Flm.: Ragnar Arnalds.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta nú þegar undirbúa útgáfu lagasafns, sem verði í lausblaðabroti og bundið með þeim hætti, að áskrifendur lagasafnsins geti framvegis fengið ný lög og lagabreytingar, sem felldar hafa verið inn í viðkomandi lög, sérprentaðar á lausum blöðum, svo að stöðugt verði fyrir hendi fullkomið handhægt lagasafn fyrir lærða sem leika.

Greinargerð.

Lagasafn hefur verið gefið út með tíu ára millibili síðustu áratugi. Þegar nokkuð líður frá síðustu útgáfu lagasafns, verður ógerningur fyrir almenning að átta sig á því, hvað er í lögum og hvað ekki. Jafnvel færustu lögmenn landsins geta þurft að leggja í það mikla vinnu að finna út, hvaða breytingar hafa verið gerðar á tilteknum lögum frá útkomu síðasta lagasafns, og þess munu jafnvel dæmi, að alvarleg mistök hafi átt sér stað við uppkvaðningu dóma, vegna þess að hvorki lögmenn né dómarar höfðu áttað sig á breyttum lagaákvæðum.

Útgáfa lagasafnsins þarf að komast í það horf, að notendur þess geti jafnóðum fengið í hendur uppprentanir á lagagreinum, sem tekið hafa breytingum, og komið þeim fyrir í lagasafninu á réttum stað og jafnframt bætt í safnið nýjum lögum, sem afgreidd eru frá Alþingi.

Nú eru samþykkt lög sérprentuð fyrst á vegum Alþingis og síðan endurprentuð og birt í Stjórnartíðindum. Flest bendir til þess, að endurskipulagning á þessu sviði gæti leitt til einföldunar og sparnaðar auk hins mikla hagræðis, sem af því hlytist.

Ed. 48. Frumvarp til námulaga. [46. mál]

(Lagt fyrir Alþingi á 93. löggjafarþingi, 1972.)

1. gr.

Landareign hverri, sem háð er einkaeignarrétti, fylgir réttur til hagnýtingar hvers konar jarðefna, sem þar finnast í jörðu eða á, þó með þeim takmörkunum, sem lög þessi tilgreina.

Nú er jörð í ábúð, og fer þá um rétt ábúanda til jarðefna eftir ábúðarlögum.

2. gr.

Á öðrum landssvæðum en í 1. gr. segir, sem ekki eru í einkaeign, eign félaga, sveitarfélaga eða landshluta, hefur ríkið eitt rétt til jarðefna.

Um námuréttindi á landgrunninu umhverfis Ísland fer eftir sérlögum og að öðru eftir þessum lögum.

3. gr.

Landeiganda samkvæmt 1. gr. er innan þeirra marka, sem síðar segir, rétt að vinna án leyfis á eða í landareign sinni jarðefni, svo sem grjót, möl, mó, surtarbrand, leir og önnur slík jarðefni.

Við nám jarðefna skal gæta þess vandlega, að framkvæmdin valdi eigi hættu mönnum, munum né búpeningi. Sama gildir um frágang námu að verki loknu.

Sveitarstjórn sú, sem í hlut á, skal hafa eftirlit með því, að fyrirmælum þessum sé hlítt, og er henni rétt að kippa því, sem ábótavant er í þessu efni af hendi námueiganda, í lag á hans kostnað.

4. gr.

Nú vill landeigandi vinna málma eða málmblendinga úr jörðu, framkvæma jarðboranir eftir jarðefnum, grafa námubrunn, 10 m eða dýpri, eða gera námugöng, og skal hann senda ráðherra frumdrætti að fyrirhuguðum framkvæmdum, námuteigum og mannvirkjagerð og gera grein fyrir fjárhagslegri og tæknilegri aðstöðu sinni til framkvæmdanna. Landeigandi skal, ef ráðuneytið óskar þess, leggja fram sérfræðilegt álit um mengunarhættu, sem kynni að vera samfara leit og vinnslu jarðefna, svo og jarðfræðilega álitsgerð um áhrif borana eftir jarðefnum á verðmæti hagnýtingar, sem hafin er á jarðhita í nágrenninu. Ráðherra er rétt að setja landeiganda þau skilyrði, sem hann telur nauðsynleg frá öryggislegu og tæknilegu sjónarmiði.

Námueiganda ber að kaupa tryggingu hjá vátryggingarfélagi, sem ráðherra metur gilt, til greiðslu á hvers konar fébótum vegna skaðabótaverka, sem unnin eru á vegum námueiganda í sambandi við námureksturinn og málmleitina.

5. gr.

Námueiganda er skylt að hlíta á sinn kostnað því eftirliti með leit og vinnslu jarðefna, sem mælt er fyrir um í lögum, reglugerðum eða sérstökum ákvörðunum ráðherra.

Ráðherra fer með eftirlit með málmleit og námurekstri og fylgist með því, að sveitarfélög vanræki ekki skyldur sínar samkvæmt 3. málsgr. 3. gr.

6. gr.

Nú vill landeigandi selja eða leigja námuréttindi í landi sínu, þau er í 1. mgr. 4. gr. segir, í hendur félagsskap, þar sem hann er þátttakandi, og þarf til þess leyfi ráðherra.

Nú vill landeigandi í öðrum tilvikum en þeim, er í 1. mgr. segir, selja eða leigja námuréttindi ásamt afmörkuðum námuteigi, hvort sem er frá jörð eða sér í lagi með öðrum hætti, og skal sveitarfélag það, þar sem námuréttindi eru, hafa forkaupsrétt eða forleigurétt, en að því frágengnu ríkið.

Að öðru leyti skal beita ákvæðum laga um kauprétt á jörðum.

Eigi er heimilt að selja eða leigja námuréttindi í landareignum kaupstaða, sveitarfélaga, sjóða né almannastofnana, nema að fengnu samþykki ráðherra.

7. gr.

Rétt er ráðherra að láta leita jarðefna hvar sem er á landi hér. Er landeiganda eða umráðaaðilja lands skylt að veita þeim mönnum, sem ráðherra gerir út í því skyni, óhindraðan aðgang að landareign þeirri, sem í hlut á, og ber honum að hlíta hvers konar afnotum af landi, takmörkunum á umráðarétti og óþægindum, sem nauðsynleg eru vegna framkvæmdar verksins, gegn fullu endurgjaldi, sem ákveða skal með lögnámsmati, ef samkomulag næst ekki.

8. gr.

Ráðherra er rétt, þá er almannahagur krefst þess, að taka lögnámi námuréttindi til eignar eða afnota ásamt nauðsynlegum landsvæðum og mannvirkjum til athafna vegna námurekstrarins.

Ef lögnám á hluta af eign hefur í för með sér verulega rýrnun á notagildi hins hluta eignarinnar, er skylt, ef eigandi krefst þess, að láta lögnámið taka til allrar eignarinnar.

Við ákvörðun lögnámsbóta skal taka sérstakt tillit til óvissu um jarðefni og kostnaðar af leit og vinnslu.

Rétt er, ef námueigandi krefst þess og ráðherra samþykkir, að meta endurgjald fyrir vinnsluréttinn:

a) tiltekinn hluta óskírs (brúttó) hluta verðmætis þess, sem unnið er,
b) tiltekinn hluta skírs (nettó) verðmætis þess, sem unnið er.

Er ráðherra hefur tekið landareign lögnámi, skal þó fyrri eigandi eiga forgangsrétt að sérleyfi næst á eftir ríkinu.

9. gr.

Nú stundar aðili, hvort heldur er almannaaðili eða einkaaðili, löglega leit og vinnslu jarðefna, og eru þá landeigendur og leiguliðar á þeim svæðum, sem nauðsynleg eru til vinnslu og hagnýtingar jarðefnanna, skyldir eftir úrskurði ráðherra að þola mannvirki, lagningu vega, vatnstöku og vatnsleiðslur og svo önnur afnot af löndum sínum, sem nauðsynleg eru vegna framkvæmdanna.

Nú næst ekki samkomulag um fullt endurgjald, og skal ákveða það með lögnámsmati.

10. gr.

Rétt er ráðherra að veita íslenzkum aðiljum sérleyfi til leitar og vinnslu jarðefna hér á landi, enda sé fullnægt ákvæðum 7., 8. og 9. gr. laga þessara, ef um einkaeign er að tefla.

Íslenzkir aðiljar teljast:

a) Stofnanir, sem hlíta stjórn íslenzka ríkisins.
b) Íslenzk sveitarfélög.
c) Íslenzkir ríkisborgarar.
d) Samtök, sem hlíta fyrirsvari íslenzkra ríkisborgara einna, er þeir hafa aðsetur á Íslandi, enda séu a. m. k. þrír fimmtu samtakamanna íslenzkir ríkisborgarar.
e) Hlutafélög, sem hlíta stjórn íslenzkra ríkisborgara einna, er aðsetur hafa á Íslandi, enda eigi íslenzkir ríkisborgarar eða aðrir, sem verða samkvæmt grein þessari settir á bekk með þeim, hlutabréf, er samsvara þremur fimmtu hlutafjár, og fari á aðalfundum hlutafélaga með a. m. k. þrjá fimmtu allra atkvæða.
f) Önnur félög með takmarkaða ábyrgð, enda séu þrír fimmtu hlutar félaga íslenzkir ríkisborgarar eða aðilar, sem samkvæmt grein þessari eru settir á bekk með þeim, leggi fram þrjá fimmtu hluta stofnfjár, félagið eigi heimilisfang á Íslandi og hlíti stjórn íslenzkra ríkisborgara, búsettra þar.
g) Félög með ótakmarkaðri ábyrgð, enda séu félagar allir íslenzkir ríkisborgarar eða aðilar, sem samkvæmt grein þessari eru settir á bekk með þeim.

Rétt er ráðherra, að fengnu samþykki Alþingis, að veita erlendum aðilja sérleyfi til leitar og vinnslu jarðefna hér á landi undir því skilorði, er í 1. mgr. segir.

11. gr.

Sérleyfi má eigi veita, fyrr en ráðherra hefur fengið í hendur fullkomna frumdrætti að fyrirhuguðum framkvæmdum og sannað hefur verið fyrir honum, að tryggð hafi verið öflun fjár, sem að mati hans nægir til framkvæmdanna, og að væntanlegur sérleyfishafi njóti aðstoðar manna með nægilega sérþekkingu til framkvæmdanna.

Rétt er ráðherra að setja það skilyrði, að sérleyfishafi undirgangist að hlíta varnarþingi á Íslandi og setji tryggingu, sem ráðherra metur gilda, fyrir fjárskuldbindingum sínum við íslenzka aðilja.

Ákvæði 2. mgr. 4. gr. eiga hér við.

12. gr.

Í sérleyfi skal tilgreina:

a) Að samþykktir sérleyfishafa, ef um félag er að tefla, séu viðurkenndar af ráðherra.
b) Tímalengd sérleyfis, sem má vera allt að 40 árum.
c) Staðarmörk leitar- og vinnslusvæðis.
d) Hvort sérleyfi tekur til allra jarðefna eða tiltekinna tegunda og þá hverra.
e) Að ráðherra samþykki frumdrætti að fyrirhuguðum mannvirkjum.
f) Að sérleyfishafi noti íslenzkt vinnuafl, nema ráðherra veiti leyfi til annars.
g) Hvenær leitarstarfsemi skuli hefjast í síðasta lagi og hvenær henni skal vera lokið.
h) Að vinnslustarfsemi skuli hefjast fyrir lok leitartímabils og að sérleyfi skuli vera fyrirgert, ef hún stöðvast samfleytt í þrjú ár, nema ráðherra veiti undanþágu.
i) Að sérleyfishafi sendi ráðherra tilkynningu um jarðboranir, sem hann lætur framkvæma, um þykkt og gerð berglaga og svo um fundin jarðefni, enda fylgi sýnishorn af jarðefnum og berglögum.
j) Að sérleyfishafa beri að hlíta því eftirliti, sem ráðherra ákveður, og greiða kostnað af því.
k) Að sérleyfi verði eigi framselt, nema að fengnu samþykki ráðherra.
l) Um greiðslur til ríkisins fyrir námurekstur á ríkislendum, sbr. 8. gr.
m) Um opinber gjöld.
n) Hvernig skuli ráðstafa vinnslumannvirkjum og vinnslutækjum að sérleyfistíma loknum.
o) Um frágang á starfstöðvum að vinnslutíma loknum.

13. gr.

Leyfishafi hefur fyrirgert leyfi sínu, ef einhverju skilyrði, sem greinir í lögum þessum, er eigi fullnægt. Sama er og, ef sérstakir skilmálar í sérleyfi eða samningum í sambandi við leyfið eru eigi haldnir eða bú sérleyfishafa er tekið til skuldaskila eða gjaldþrotameðferðar.

Rétt er ráðherra að veita undanþágu frá ákvæðum greinar þessarar, ef sérstakar ástæður mæla með því.

14. gr.

Ráðherra er rétt að banna útflutning óunninna jarðefna, ef hann telur, að útflutningur þeirra efna skaði íslenzka framleiðsluhagsmuni eða vinnsla efnanna sé æskileg í landinu.

Ráðherra er rétt að setja reglugerð um þau efni, sem greinir í lögum þessum.

15. gr.

Brot gegn lögum þessum varða fésektum eða varðhaldi, nema þyngri refsing liggi við eftir öðrum lögum.

16. gr.

Námulög nr. 50 30. júlí 1909, lög nr. 8 31. maí 1927 og lög nr. 20 12. júní 1939, um breyting á þeim lögum, svo og önnur lög, er fara í bága við þessi lög, eru úr gildi felld.

17. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp til námulaga var lagt fram á síðasta löggjafarþingi en varð eigi útrætt.

Frumvarpið er nú lagt fyrir 93. löggjafarþing með þeim breytingum, sem Nd. Alþingis hafði gert á því, en þær voru þessar:

2. gr. hljóði svo:

Á öðrum landsvæðum en í 1. gr. segir, sem ekki eru í einkaeign, eign félaga, sveitarfélaga eða landshluta, hefur ríkið eitt rétt til jarðefna.

Um námuréttindi á landgrunninu umhverfis Ísland fer eftir sérlögum og að öðru eftir þessum lögum.

5. gr. hljóði svo:

Námueiganda er skylt að hlíta á sinn kostnað því eftirliti með leit og vinnslu jarðefna, sem mælt er fyrir um í lögum, reglugerðum eða sérstökum ákvörðunum ráðherra.

Ráðherra fer með eftirlit með málmleit og námurekstri og fylgist með því, að sveitarfélög vanræki ekki skyldur sínar samkvæmt 3. málsgr. 3. gr.

8. gr. hljóði svo:

Ráðherra er rétt, þá er almannahagur krefst þess, að taka lögnámi námuréttindi til eignar eða afnota ásamt nauðsynlegum landsvæðum og mannvirkjum til athafna vegna námurekstrarins.

Ef lögnám á hluta af eign hefur í för með sér verulega rýrnun á notagildi hins hluta eignarinnar, er skylt, ef eigandi krefst þess, að láta lögnámið taka til allrar eignarinnar.

Við ákvörðun lögnámsbóta skal taka sérstakt tillit til óvissu um jarðefni og kostnaðar af leit og vinnslu.

Rétt er, ef námueigandi krefst þess og ráðherra samþykkir, að meta endurgjald fyrir vinnsluréttinn:

a) tiltekinn hluta óskírs (brúttó) hluta verðmætis þess, sem unnið er.
b) tiltekinn hluta skírs (nettó) verðmætis þess, sem unnið er.

Er ráðherra hefur tekið landareign lögnámi, skal þó fyrri eigandi eiga forgangsrétt að sérleyfi næst á eftir ríkinu.

Auk þess er eftirfarandi málsgrein bætt í 14. gr. frumvarpsins.

Ráðherra er rétt að banna útflutning óunninna jarðefna, ef hann telur að útflutningur þeirra efna skaði íslenzka framleiðsluhagsmuni eða vinnsla efnanna sé æskileg í landinu.

Upphaflega er frumvarp til námulaga samið að tilhlutan iðnaðarráðherra af Árna Snævarr, ráðuneytisstjóra, Gizuri Bergsteinssyni, fyrrv. hæstaréttardómara og Þórði Eyjólfssyni, fyrrv. hæstaréttardómara.

Létu þeir frumvarpinu fylgja eftirfarandi greinargerð:

Höfundar frumvarpsins hafa kannað eldri löggjöf landsins um þetta efni og svo viðað að sér erlendum gögnum, þar á meðal löggjöf ýmissa þjóða.

Námulög nr. 50 30. júlí 1909 með breytingum samkvæmt lögum nr. 8 31. maí 1927 og lögum nr. 20 12. júní 1939 eru orðin úrelt. Þau eru takmörkuð við málma og málmblendinga, en taka eigi yfir önnur jarðefni. Þá gilda þau einungis um námuréttindi „í jörðu eða landi, sem er óskipt eign landssjóðs eða lénskirkjujarða, svo og í almenningum, öræfum og afréttum, sem eigi liggja undir jarðeignir einstakra manna eða sveitarfélaga, sem metnar eru til dýrleika“. Þá skulu og lögin taka til námuréttinda í landssjóðs- og lénskirkjujörðum, sem seldar kynnu að verða, eftir að lögin tóku gildi.

Lögin taka eigi til leitar og vinnslu jarðefna í löndum í einkaeign. Eru lögin við það miðuð, að námuréttindi fylgi landareign.

Í námulöggjöf ýmissa landa koma fram þrjár mismunandi stefnur:

1) Landeigandastefnan (akcessionsprincip), en samkvæmt henni eru jarðefni eign þess, sem land á. Lagastefna þessi gildir í Stóra-Bretlandi, þó með undantekningu um g··ll- og silfurnámur í Englandi. Þá er lagastefnan ráðandi í Bandaríkjum Norður-Ameríku og víðar.

2) Finnandastefnan (mutingsprincip). Samkvæmt lagastefnu þessari er við það miðað, að tiltekin verðmæt jarðefni séu eign ríkisins (regale), en mönnum sé heimilt að leita þeirra bæði í einkalöndum og almannalöndum og njóti finnandi forgangsréttar til vinnslu. Þessi stefna ruddi sér til rúms í Þýzkalandi á miðöldum og hefur í meginatriðum verið tekin upp í rétt Finna, Norðmanna og Svía.

Norðmenn beita og sérleyfastefnunni í ríkum mæli, að því er tekur til útlendinga.

3) Sérleyfastefnan (koncessionsprincip). Er hún reist á þeirri grunnreglu, að ríkið taki umráð námuréttinda og veiti þeim aðiljum, er teljast til þess hæfir, sérleyfi til leitar og vinnslu jarðefna. Þessi stefna gildir um námuréttindi í Grænlandi samkvæmt dönskum lögum og um jarðefni í Danmörku, sem eru svo djúpt í jörðu, að þau höfðu eigi verið nýtt að einkarétti fyrir árið 1932. Sérleyfastefnan gildir og að nokkru í Belgíu og Frakklandi.

Verður þá að því vikið, hvernig námurétti hafi frá öndverðu verið háttað samkvæmt íslenzkri löggjöf.

Réttur til landa í einkaeign varð upphaflega til hér á landi með námi tiltekinna landsvæða, sem hvorki voru háð eignarrétti einstakra manna né yfirráðarétti ríkis (landnámi). Landnámsmaðurinn og þeir, er síðar öðluðust rétt hans fyrir kaup, erfðir o. s. frv., hafa vafalaust orðið eigendur að öllum gæðum landsins, bæði á og undir yfirborði þess. Er þá athugunarefni, hvort á þessu hafi seinna orðið breyting vegna löggjafarákvæða. Hin helztu lagafyrirmæli, sem að þessu lúta, verða rakin hér á eftir.

1. **Grágás.** Þar eru engin ákvæði um nytjun jarðefna undir yfirborði jarðar, að undanteknu fyrirmæli í I,b bls. 137, en þar segir, að leiglendingur hafi rétt til mótaks í leigulandi.
2. **Jónsbók.** Ákvæði hennar um jarðefni undir yfirborði jarðar eru næsta fábreytt. Auðsætt er þó, að landeiganda ber réttur til þeirra, eins og eftirgreind ákvæði sýna:

   Landsbrigðabálkur, 6. kap.: „Nú vill maður selja land sitt verði ... hann skal heimila honum fé það allt, sem þar kann að finnast í jörðu og á jörðu, nema eigandi verði að ...“. Sams konar ákvæði er í 7. kap. landsbrigðabálks.

   Landsleigubálkur, 6. kap.: „Leiguliði á torf að skera í landinu sem hann þarfnast til eldiviðar ...“.

   Landsleigubálkur, 60. kap.: „Þar er tré eru í jörðu, hálf ofar en nú gengur flóð til, og á sá maður þar tré og bein, er jörð á fyrir ofan ...“.

   Þjófabálkur, 14. kap.: „Nú brýtur maður haug eða grefur jörð manns, að óleyfi þess, er jörð á, til fjár, færi aftur þeim, er jörð á, slíkt sem hann fann ...“.
3. Eftir lögtöku Jónsbókar voru engin almenn ákvæði um námurétt tekin í lög fyrr en **með tilskipun 13. júní 1787** um verzlunar- og siglingamálefni á Íslandi. Þar eru í 8.—10. gr., III. kap., eftirgreind ákvæði:

   8. gr. „... Hvað brennisteininum annars viðvíkur yfir höfuð, þá má hver og einn, hvar sem helzt hann finnur hann, færa sér hann í nyt, hvernig sem hann helzt vill og getur, geri hann það aðeins með leyfi landeigandans, ef brennisteinninn finnst annars staðar en á hans eigin lóð“.

   9. gr. „Þá námagrepti, sem finnast í landinu, hvort heldur það eru jarðar-, sand- eður stein-tegundir, má hver og einn að frjálsu hagnýta sér, til hvers sem hann bezt veit og getur, svo framarlega sem þeir finnast á fjöllum, þjóðvegum og öðrum stöðum, sem í einskis eign eru. Og með því ýmsar steintegundir eru reyndar að vera mjög svo hentugar til bygginga og annarrar brúkunar, þá skal þeim, er vilja brjóta þvílíkan stein, og beiðast þess á löglegan hátt, gefast eignarréttur til þvílíks staðar, sé hann aðeins ekki nokkurs annars eign að undanförnu. Og svo sem þeir mega eftir samkomulagi forlíkast við eigandann, þegar öðruvísi er ástatt, svo skal og yfirvaldið hafa tilsjón með,

að enginn neiti öðrum án gildrar orsakar þvílíks leyfis til að hagnýta sér þess háttar ágóða fyrir sannsýnilegt endurgjald, þegar hann er mikilvægur og eigandinn sjálfur getur eigi né vill nota sér hann. Sama skal gilda um einar og aðrar sjaldfengnari steintegundir, svo sem kalk- og gipsspat, kristal, ópal, glerhalla, hrafntinnu, jaspis, zeolit, sem og ýmsar tegundir af jarðeldsgleri. Og þar á ofan mega þeir, sem vilja húða og tilbúa þvílíka steina til ýmislegrar prýði, hvartil þeir eru að raun yfrið hentugir, vænta að verða njótandi hæfilegra verðlauna eftir ásigkomulaginu, svo framarlega sem þess konar tilraunir kynnu sýnast að verða til nokkurrar verulegrar nytsemdar".

10. gr. „Í sama máta mega einnig þeir njóta hæfilegrar náðar og styrks, eftir ásigkomulaginu, sem vilja uppgötva og brjóta steinkol, sem og koma því til vegar, að menn kynnu með hægra móti að brjóta úr bergi og hagnýta surtarbrandinn; og skal yfirvaldið á áðursagðan hátt hafa gætur á, að það nauðsynlega samkomulag megi verða gert við eigandann um þetta".

Eins og hin tilfærðu ákvæði bera með sér, er landeigendum hér áskilinn réttur til náma í landi sínu.

4. Á Alþingi 1905 lögðu tveir alþingismenn fram frumvarp til námulaga, sem samið hafði verið á vegum landsstjórnarinnar. Frumvarpið var að mestu sniðið eftir norskum námulögum frá 1842 og tók aðeins til málma og málmblendinga, en ekki annarra jarðefna. Í frumvarpinu var sú stefna lögð til grundvallar, að réttur til málmnáms í landinu sé alþjóðareign, hvort sem málmur finnst í löndum í einkaeign eða utan þeirra. Þessi stefna mætti þegar mótspyrnu á Alþingi, og lýstu margir þingmenn yfir þeirri skoðun sinni, að landeigendum bæri námuréttur í landi sínu. Frumvarpið hafði verið borið fram undir þinglok, og varð það ekki útrætt á þinginu.

Landsstjórnin lagði frumvarpið frá 1905 fram á Alþingi árið 1907, að mestu leyti óbreytt. Fljótt kom fram, að landeigandastefnan hafði yfirgnæfandi fylgi á Alþingi. Breytingartillaga við frumvarpið, sem að meginstefnu gekk í þá átt, að lögin skyldu einungis taka til landsvæða, sem landið hefði eignarrétt á eða eignarumráð yfir, var samþykkt í efri deild með öllum atkvæðum. Var frumvarpið þannig breytt síðan samþykkt í neðri deild með 13 atkvæðum gegn 4. Varð frumvarpið þannig að námulögum nr. 61 22. nóv. 1907.

Árið 1909 lögðu tveir alþingismenn fram á Alþingi frumvarp til námulaga. Voru lögin frá 1907 aðalstofn þess, en nokkrar breytingar gerðar, sem ekki skipta máli í því sambandi, sem hér ræðir um. Var frumvarp þetta samþykkt í einu hljóði í báðum deildum Alþingis. Eru núgildandi lög nr. 50 30. júlí 1909 þannig til orðin.

Um 1. gr.

Höfundar frumvarps þessa telja rétt að halda uppi hinni fornu og nýju réttarhefð um rétt landeiganda til hvers konar jarðefna í landi sínu. Hin svonefnda landeigandastefna (akcessionsprincip) er þannig lögð til grundvallar með vissum takmörkunum, sbr. 4. gr. og 6. gr. frv. Hins vegar er ráðherra í 7., 8. og 9. gr. frv. veittur réttur til að láta leita jarðefna í löndum í einkaeign og taka þau eignarnámi gegn greiðslu fullra bóta til landeiganda. Þá er og ráðherra rétt undir sama skilorði að veita íslenzkum aðiljum sérleyfisrétt til leitar og vinnslu jarðefna í lendum í einkaeign (koncessionsprincip). Ætlazt er til, að til slíks réttar útlendingum til handa þurfi samþykki Alþingis, sbr. 10. gr.

Um 2. gr.

Hér er kveðið á um rétt ríkisins til alls lands, sem ekki er í einkaeign. Ákvæði 1. gr. námulaga nr. 50/1909 eru á þeim sjónarmiðum reist, að almenningar, afréttir og öræfi séu ekki í einkaeign, nema sannað sé, að tiltekið land, sem nú er afréttur, hafi áður verið í einkaeign. Þessi sjónarmið liggja og til grundvallar tveimur hæsta-

réttardómum (Hrd. 1955, bls. 108, og Hrd. 1969, bls. 510). Samkvæmt lögum nr. 50/1909 gátu menn öðlazt finnandarétt til jarðefna á þessum landsvæðum, en í frv. þessu er við það miðað, að ríkið eigi réttinn og geti nýtt hann sjálft eða veitt öðrum sérleyfi til að nýta hann, sbr. 10. gr.

Um 3. gr.

Hér ræðir um þau jarðefni, sem landeiganda er rétt að vinna án sérstakra skilyrða. Þau jarðefni, sem greinin tekur yfir, hafa frá fornu fari verið hagnýtt af jarðeigendum. Greinin brýnir fyrir þeim, sem í hlut eiga, að gæta varúðar við vinnsluna og frágang á vinnslustað. Misbrestur í þessu efni myndi varða refsingu eftir 15. gr.

Um 4. gr.

Frv. veitir landeiganda rétt til að vinna hvers konar námu í landi sínu, sbr. 1. gr., en nauðsyn ber til, sé um meiri háttar vinnslu að tefla, að almannavaldið hafi íhlutun um framkvæmd verksins bæði frá öryggislegu og tæknilegu sjónarmiði. Þá er námueiganda gert að skyldu að kaupa vátryggingu til að fullnægja skaðabótaskyldu, sem á hann kann að falla.

Um 5. gr.

Ganga ber ríkt eftir því, að aðiljar þeir, sem stunda leit og vinnslu jarðefna, fari í öllu að settum reglum, beiti þeim aðferðum, sem frá öryggislegu og tæknilegu sjónarmiði teljast viðhlítandi, og gangi eigi á rétt landeigenda né annarra. Ber því brýna nauðsyn til, að ráðherra hafi fullkomin lögtæki til að halda uppi og framfylgja löglegum ákvörðunum sínum í þessu efni. Er honum með ákvæði 5. gr. veitt heimild til að skipa eftirlitsmann með þeim, sem leggja fyrir sig leit og vinnslu jarðefna.

Um 6. gr.

Svo sem áður er rakið, er grunnstefna frumvarpsins sú, að réttur til jarðefna fylgi eignarrétti til lands þess, þar sem jarðefni finnast. Er þetta í samræmi við ákvæði íslenzkra laga um vatnsréttindi. En þó réttindi til jarðefna séu í eigu landeiganda, er eðlilegt og í góðu samræmi við grunnreglur laga um almenn takmörk eignarréttar, að landeiganda séu settar þær skorður um hagnýtingu, sem frá sjónarmiði alþjóðar mega teljast eðlilegar og skynsamlegar. Í 4. gr. frv. eru rakin ýmis fororð þess, að landeigandi megi hefjast handa um leit og vinnslu jarðefna. Einnig telst rétt, að ráðherra hafi hönd í bagga, þá er landeigandi vill stofna félagsskap til nefndra athafna. Fær ráðherra þá og tilefni til að kanna, hvort aðrir aðiljar hafi áhuga á því að öðlast sérleyfi til leitar og vinnslu á því landsvæði, sem um er að tefla, sbr. 10. gr. frv.

Eðlilegt virðist, að sveitarfélag það, þar sem vinnsla jarðefna er vænleg og álitleg, hafi forkaupsrétt til námusvæðis, en ríkið að frágengnu sveitarfélaginu. Það athugast, að forkaupsréttarákvæði þessi skipta ekki miklu máli, þar sem ráðherra er með 8. gr. frv. veitt heimild til að taka lögnámi námusvæði ásamt nauðsynlegum mannvirkjum til námurekstrar.

Ákvæði síðustu mgr. 6. gr. eru í samræmi við gildandi lög.

Um 7. gr.

Þess hefur áður verið getið, að í ýmsum löndum ríkir hin svonefnda finnandastefna (mutingsprincip). Er þá hverjum sem er rétt að framkvæma leit að jarðefnum. Geta finnendur í slíkum tilvikum öðlazt forgangsrétt til vinnslu. Finnandastefnan gildir eftir lögum nr. 50/1909 um jarðefni í lendum ríkisins, þar á meðal afréttum og öræfum. Í frv. því, sem hér liggur fyrir, er landeigandastefnan (akcessionsprincip) lögð til grundvallar í samræmi við sögulega hefð, að því er einkalendur varðar. Einnig heimilar frv., ef að lögum verður, ráðherra að hafa megináhrif á jarðefnaleit og vinnslu, sem einkaaðiljar framkvæma. Þá er ráðherra

og rétt að hafa frumkvæði að leit og vinnslu jarðefna og svo að veita einkaaðiljum leitarrétt og sérleyfi til vinnslu, enda sé landeigendum bættur skaði þeirra samkvæmt ákvæðum lögnámslaga.

Ákvæði 7. gr. frv. fjalla um leitarrétt þann, sem ráðherra fær, hvort sem er til handa stjórnvaldsaðiljum eða borgaralegum aðiljum.

Um 8. gr.

Ákvæði 8. gr. veita ráðherra heimild til að taka lögnámi námusvæði ásamt nauðsynlegum mannvirkjum, hvort sem er í þágu alþjóðar, einstakra stjórnsýsluaðilja eða borgaralegra aðilja. Mjög erfitt mun reynast að framkvæma fyrir fram mat á slíkum réttindum. Í framkvæmd verður að leitast við að samræma sjónarmið lögnámsþolenda og lögnemenda, áður en matsnefnd kveður upp fullnaðarúrskurð. Einstrengingsleg sjónarmið myndu oft leiða til þess, að ekkert yrði úr framkvæmdum.

Um 9. gr.

Afnot af löndum og mannvirkjum utan hins eiginlega námusvæðis eru oft nauðsynleg vegna námuvinnslu. Ákvæði 9. gr. miða að því að gera slíka notkun framkvæmanlega.

Um 10. gr.

Í 10. gr. frv. eru taldir upp þeir aðiljar, sem ráðherra má veita sérleyfi til leitar og vinnslu jarðefna hér á landi. Eru reglur þessar settar með hliðsjón af ákvæði 7. gr. laga nr. 34 1964, um loftferðir, að því er varðar rétt til að skrásetja loftfar hér á landi, og 1. gr. laga nr. 53/1970, um skráningu skipa.

Samkvæmt niðurlagsákvæði 10. gr. er sérleyfi til handa erlendum aðilja til leitar og vinnslu jarðefna hér á landi háð samþykki Alþingis.

Um 11. gr.

Samkvæmt 4. gr. frv. þarf landeigandi að fullnægja ýmsum fjárhagslegum og tæknilegum skilyrðum til að mega hefjast handa um vinnslu jarðefna í landi sínu. Því fremur er ástæða til að setja skilyrði í þessu efni, þá er erlendir aðiljar eiga í hlut.

Um 12. gr.

Það er mjög mikilvægt, að ákvæði sérleyfis séu rækileg og skýr. Í 12. gr. frv. hefur verið leitazt við að telja upp þau atriði, sem hvert sérleyfi skal geyma, en eigi er ætlazt til, að upptalning þessi þurfi að vera alveg tæmandi.

Um 13. gr.

Hér er drepið á þau atriði, sem leiða til þess, að sérleyfishafi fyrirgeri sérleyfisrétti sínum. En ráðherra er veitt heimild til að líta á málavexti hverju sinni. Hér ber og að minnast refsiákvæða 15. gr.

Um 14.—17. gr.

Ákvæði þessara greina þarfnast eigi skýringa.

Nd. 49. Frumvarp til laga [47. mál]

um breyting á lögum um Iðnlánasjóð, nr. 68 10. okt. 1967.

Flm.: Jóhann Hafstein, Lárus Jónsson.

1. gr.

2. tölul. 5. gr. laganna orðist svo:
Framlag ríkissjóðs, 30 millj. kr. á ári.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1973.

Greinargerð.

Íslenzkur iðnaður hefur á síðari árum haslað sér völl meðal höfuðatvinnuvega þjóðarinnar. Aldrei hefur iðnaður hér á landi tekið örari framförum en eftir gengisbreytinguna 1968, sem var iðnaðinum sérlega hagkvæm, og fram á árið 1971. Framleiðslumagnið jókst stöðugt frá 10—15%, og sömuleiðis fór framleiðni vaxandi.

Fjárskortur var iðnaðinum hins vegar örðugur, svo sem reyndar annarri atvinnustarfsemi hérlendis. Gerðar voru sérstakar ráðstafanir í samráði við Seðlabankann til þess að bæta úr rekstrarfjárskorti iðnaðarins. Sett var löggjöf um útflutningslán iðnaðinum til handa með stofnun Útflutningslánasjóðs með 150 millj. kr. stofnfé. Úr þessum sjóði má jafnframt veita iðnfyrirtækjum „samkeppnislán" svokölluð, til þess að aðstoða íslenzk iðnfyrirtæki í samkeppni við erlend fyrirtæki á innlendum markaði.

Við aðild Íslands að Fríverzlunarsamtökum Evrópu var Norræni iðnþróunarsjóðurinn stofnaður til mikils hagræðis fyrir íslenzkan iðnað. Stofnun og starfræksla þess sjóðs má hins vegar með engu móti verða til þess að draga úr eflingu Iðnlánasjóðs, og væri slíkt beinlínis vansæmandi.

Á síðasta þingi fluttum við, flutningsmenn þessa frumvarps, frv. til l. um breyt. á lögum um Iðnlánasjóð, og fólst í því, að ríkissjóðsframlagið væri aukið úr 15 millj. kr. í 25 millj. árlega. Voru færð að því rök, að ella færi ríkissjóðsframlagið rýrnandi með rýrnandi peningagildi. Nú leggjum við til, að ríkissjóðsframlagið verði aukið í 30 millj. kr. bæði til þess að vinna upp þá vanrækslu, sem af því leiddi, að frumvarp okkar á síðasta þingi náði ekki fram að ganga, og eins til þess, að framlagið hækki vegna verðbreytinga og aukins tilkostnaðar við fjárfestingu iðnaðarins í húsum og vélum, sem Iðnlánasjóður lánar til. Mun þá hlutfall milli tekna Iðnlánasjóðs annars vegar af iðnlánasjóðsgjaldi, sem iðnfyrirtækin sjálf greiða, og ríkissjóðsframlag haldast í svipuðum hlutföllum og 1970.

Til frekari glöggvunar og upplýsinga fylgja hér tvö yfirlit um Iðnlánasjóð og Iðnþróunarsjóð.

Fylgiskjal I.

IÐNLÁNASJÓÐUR

Greiðsluyfirlit 1970—1973

(í millj. kr.)

Innborganir	Reikn. 1970	Reikn. 1971	Áætlun 1972	Áætlun 1973
1. Afborganir	40.5	76.7	80.5	93.5
2. Vextir	28.3	48.3	49.8	53.6
3. Iðnlánasjóðsgjald	31.0	40.5	45.0	55.0
4. Framlag ríkissjóðs	10.0	15.0	15.0	15.0
5. Verðjöfn.gj. v/veiðarfæra	1.6	2.2	2.0	2.0
6. Framleiðslugj. af áli	—	2.3	3.0	5.0
7. Lán frá Iðnþróunarsjóði	50.0	24.0	—	—
8. Sjóðslækkun	15.0	—	10.0	—
	176.4	209.0	205.3	224.1

Útborganir				
9. Afborganir	6.1	31.5	35.3	30.8
10. Vextir	8.1	21.5	22.6	20.8
11. Kostnaður	3.6	4.0	4.5	5.0
12. Til hagrannsókna skv. lögum	1.8	4.4	3.0	3.0
13. Hagræðingarlán, nettó	3.4	—	—	—
14. Útflutningslánasjóður, stofnfé	—	9.0	24.0	17.0
15. Fjárfestingarfél. Ísl., stofnfé	—	1.7	1.8	1.7
16. Sjóðhækkun	—	17.7	—	—
	23.0	89.8	91.2	78.3
17. Til ráðstöfunar	153.4	119.2	114.1	145.8
18. Lán frá Framkv.sjóði Íslands	16.0	11.7	40.0	40.0
19. Veitt lán	169.4	130.9	154.1	185.8

Framangreind breyting á greiðsluyfirlitum Iðnlánasjóðs 1972 og 1973 er gerð vegna hækkunar á áætluðum innheimtum iðnlánasjóðsgjöldum þessi ár. Ólafur Davíðsson, hagrannsóknardeild F. Í., hefur kannað þetta atriði og áætlar innborganir 1972: 53.4 m. kr. og 1973: 68.0 m. kr. (sjá meðf. fylgiskjal). Með tilliti til þessarar könnunar og við nánari athugun álítur framkvæmdastjórn Iðnlánasjóðs rétt að hækka þessa innborgunarliði 1972: um 3.0 m. kr. og 1973: um 10.0 m. kr.

Fylgiskjal II.

IÐNÞRÓUNARSJÓÐUR

Yfirlit yfir samþykkt lán 1970—20. október 1972.

	1971		1972		Samt. 1970—20/10 '72	
Iðngrein	Fjöldi lána	Upphæð (millj.)	Fjöldi lána	Upphæð (millj.)	Fjöldi lána	Upphæð (millj.)
1. Matvælaiðnaður	5	24.0	–	—	6	30.0
2. Vefjar- og fataiðnaður	7	47.9	8	66.5	17	144.4
3. Húsg.- og innr.iðnaður	1	3.5	6	17.0	7	20.5
4. Umbúðaiðnaður	3	9.6	2	15.0	6	39.6
5. Skinna- og leðuriðnaður	2	17.4	–	—	2	17.4
6. Efnaiðnaður	2	6.8	1	10.0	3	16.8
7. Steinefnaiðnaður	4	19.0	1	2.0	6	29.0
8. Skipasmíðar	4	18.5	2	7.0	6	25.5
9. Málmiðnaður	9	32.7	6	37.0	15	69.7
10. Annað	3	21.9	1	9.0	5	36.9
	40	201.3	27	163.5	73	429.8
Lán til annarra sjóða	1	4.0	1	50.0	4	174.0
	41	205.3	28	213.5	77	603.8

Sþ. 50. Tillaga til þingsályktunar [48. mál]

um fiskiðnskóla í Siglufirði.

Flm.: Gunnar Gíslason, Björn Pálsson, Ragnar Arnalds, Eyjólfur K. Jónsson, Pétur Pétursson, Gísli Guðmundsson, Magnús Jónsson, Stefán Valgeirsson, Lárus Jónsson, Ingvar Gíslason.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að hefja undirbúning að því, að settur verði á stofn fiskiðnskóli í Siglufirði.

Greinargerð.

Vaxandi skilningur er nú á því, að upp rísi fiskiðnskólar og meiri þekking og tækni verði hagnýtt við fiskvinnslu, sem menntað og þjálfað starfsfólk stjórni. Þarf ekki að eyða að því orðum, hver nauðsyn það er, að menntað starfsfólk sinni í vaxandi mæli hinum þýðingarmiklu störfum við fiskvinnslu.

Auðvitað kann að orka tvímælis, hvar heppilegast sé að staðsetja fiskiðnskóla, en flutningsmenn þessarar tillögu telja margt mæla með því, að fiskiðnskóli verði í Siglufirði. Þar er þegar fjölþætt starfsemi í sambandi við sjávarútveg. Má þar nefna lagmetisiðjuna og tunnuverksmiðjuna og niðurlagningarverksmiðju, sem jafnframt reykir sjávarafurðir. Tvö frystihús eru á staðnum auk minni fiskverkunarstöðva, og aðstaða er til skelfisk- og rækjuvinnslu.

Þá er þess að geta, að ákveðið er að hefja byggingu nýs og mjög fullkomins fiskiðjuvers, og enn er unnt að haga fyrirkomulagi í þeirri fiskvinnslustöð svo, að henti vel til kennslu. En brýna nauðsyn ber til að taka skjótt ákvörðun um staðsetningu fiskiðnskóla í Siglufirði, ef hagnýta á þetta tækifæri.

Í Siglufirði er nægilegt skólahúsnæði, en auk þess húsnæði, sem nota má til heimavistar. Þá eru þar og nokkrir kennslukraftar. Fer vart á milli mála, að mun ódýrara yrði að staðsetja fiskiðnskóla í Siglufirði af þessum sökum en annars staðar, þar sem allt yrði að byggja upp.

Fjórðungsþing Norðurlands hefur samþykkt áskorun um staðsetningu fiskiðnskóla í Siglufirði og þá haft hliðsjón af þeim rökum, sem hér hafa verið fram færð.

Sþ. 51. Tillaga til þingsályktunar [49. mál]

um stofnun fiskvinnsluskóla í Vestmannaeyjum.

Flm.: Guðlaugur Gíslason, Garðar Sigurðsson, Ágúst Þorvaldsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að hlutast til um, að stofnaður verði fiskvinnsluskóli í Vestmannaeyjum á hausti komanda samkv. 6. gr. laga nr. 55 15. apríl 1971, um fiskvinnsluskóla.

Greinargerð

Samhljóða þáltill. var flutt á síðasta þingi, og fylgdi henni þá svo hljóðandi greinargerð:

„Lög um fiskvinnsluskóla voru samþykkt á Alþingi hinn 2. apríl 1971. Í fyrstu málsgrein 6. greinar þessara laga segir svo:

„Skólinn skal staðsettur á Suðvesturlandi. Auk þess skal stofnaður fiskvinnsluskóli í Vestmannaeyjum, sem útskrifi fiskiðnaðarmenn og fiskvinnslumeistara samkv. 1. og 2. tölulið 2. gr.“

Hér er því um að ræða beina ákvörðun Alþingis, að fiskvinnsluskóli skuli stofnaður í Vestmannaeyjum, að telja verður jafnhliða skólanum á Suðvesturlandi.

Hinn 16. nóv. s. l. svaraði menntamálaráðherra fyrirspurn á Alþingi um skipun skólanefndar og stofnun fiskvinnsluskóla í Vestmannaeyjum. Kom fram í

svari ráðherra, að hann liti á stofnun fiskvinnsluskólans, sem stofnaður var í Reykjavík á s. l. hausti, sem undirbúningsdeild, sem veita mundi þýðingarmikla reynslu, sem að gagni mætti koma, þegar starfræksla skólanna á Suðvesturlandi og í Vestmannaeyjum hæfist, og þá að sjálfsögðu einnig þeirra skóla, sem stofnað verður til annars staðar á landinu, eins og lögin gera ráð fyrir að síðar verði.

Undirbúningsdeild sú, sem ráðherra vitnaði til í svari sínu, verður búin að starfa í eitt ár á næsta hausti og þá fengin sú reynsla, sem hann taldi nauðsynlegan grundvöll til að byggja á í þessum efnum. Verður því að telja, að það sé þegar orðið tímabært að skipa skólanefnd og hefja undirbúning undir stofnun fiskvinnsluskóla í Vestmannaeyjum með það fyrir augum, að skólinn geti hafið starfsemi sína á næsta hausti, og er þingsályktunartillaga þessi borin fram í því trausti, að svo megi verða.

Um þörf fyrir fiskvinnsluskóla bæði á Suðvesturlandi og í Vestmannaeyjum og reyndar víðar á landinu þarf ekki að fjölyrða.

Íslendingar hafa því miður allt of lengi litið fram hjá því, að fiskvinnsla og fiskiðnaður, sem er framleiðsla viðkvæmra, en eftirsóttra matvæla, ef þau uppfylla þau skilyrði, sem kaupendur gera til þeirra, bæði hvað snertir gæði hráefnis og aðbúnað allan við framleiðslu þeirra, þarfnast í vaxandi mæli sérmenntaðs og sérhæfðs fólks, ekki síður en aðrar iðngreinar, þar sem sérmenntunar er krafizt. Það má því að dómi flutningsmanna enginn dráttur verða á stofnun þeirra fiskvinnsluskóla, sem lögin frá 15. apríl s. l. gera ráð fyrir að þegar verði stofnað til, og að einnig verði undirbúin stofnun fiskvinnsluskóla annars staðar á landinu, eftir því sem nauðsynlegt er talið."

Ed. 52. Nefndarálit [15. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 62 18. maí 1967, um bann gegn veiðum með botnvörpu og flotvörpu, sbr. lög nr. 21/1969 og lög nr. 50/1971.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Sjávarútvegsnefnd Ed. hefur á fundi sínum miðvikudaginn 25. okt. 1972 athugað frumvarp það, sem hér greinir.

Nefndin var sammála um að mæla með samþykkt frumvarpsins óbreytts.

Einn nefndarmanna, Steingrímur Hermannsson, var fjarstaddur afgreiðslu málsins.

Alþingi, 28. okt. 1972.

Bjarni Guðbjörnsson, form., frsm.	Geir Gunnarsson, fundaskr.	Jón Árm. Héðinsson.
Jón Árnason.	Oddur Ólafsson.	Björn Jónsson.

Sþ. 53. Tillaga til þingsályktunar [50. mál]

um samstarf Íslendinga, Norðmanna og Færeyinga að fiskveiðum og fisksölu.

Flm.: Stefán Jónsson, Jónas Árnason.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að beita sér fyrir viðræðum milli Íslendinga, Færeyinga og Norðmanna um samstarf þessara þjóða að skynsamlegri hagnýtingu fiskimiðanna á Norðaustur-Atlantshafi, verndun fiskistofna og að fisksölumálum. Jafnframt verði athugað, með hvaða hætti Grænlendingar geti orðið aðilar að slíku samstarfi.

Greinargerð.

Talið er, að rúmlega 70% af fiskafla Norðaustur-Atlantshafs komi af fiskimiðum Íslands, Færeyja og Noregs. Með útfærslu fiskveiðilögsögu okkar í 50 sjómílur höfum við Íslendingar fengið vald á því að takmarka sókn í einstaka fiskistofna á landgrunni okkar við þol þeirra. Ljóst má telja, að Færeyingar og Norðmenn muni senn feta í fótspor okkar og færa út fiskveiðilögsögu sína á svipaðan hátt og við höfum gert og fá sams konar tök á fiskistofnum heimamiða sinna.

Fyrir skemmstu svöruðu Lúðvík Jósepsson sjávarútvegsráðherra, Klaus Sunnanaa fiskimálastjóri Noregs og Erlendur Patursson lögþingsmaður í Færeyjum spurningum, sem fyrir þá voru lagðar í Ríkisútvarpinu, um það, hvort þeir teldu samstarf þessara þjóða um nýtingu og vernd fiskimiðanna og um markaðsmál æskilegt. Þeir luku upp einum munni um, að náið samstarf um nýtingu fiskistofnanna væri ekki aðeins æskilegt, heldur sjálfsagt. Einnig hlyti að teljast eðlilegt, að Íslendingar, Færeyingar og Norðmenn, sem hafa mundu á hendi svo stóran hluta af fiskafla Vestur-Evrópu sem að framan greinir, ynnu saman að markaðsmálum, — og þá fyrst og fremst í Vestur-Evrópu, en einnig á öðrum mörkuðum.

Ýmsir nytjafiska okkar flakka milli norskra, færeyskra og íslenzkra fiskimiða með þeim hætti, að friðunaraðgerðir á miðum eins þessara landa koma ekki að fullkomnum notum, nema samsvarandi ráðstafanir séu gerðar á fiskimiðum hinna. Nægir að nefna örlög norsk-íslenzka síldarstofnsins sem dæmi um afhroð, sem sjávarútvegur þessara landa getur beðið samtímis vegna rányrkju á einum fiskistofni.

Er þessar þrjár þjóðir hafa náð valdi, hver um sig, á sókninni á fiskimiðin undan ströndunum, gæti samstarf þeirra um vernd fiskistofnanna einnig leitt til mikilsverðrar samvinnu um nýtingu þeirra.

Vafalaust er, að samkeppni Norðmanna og Íslendinga á fiskmörkuðunum, sem var ef til vill afsakanleg, meðan þeir héldu, að Norðaustur-Atlantshafið væri þrotlaus nægtabrunnur sjófangs, og tíðum leiddi til undirboða, er fásinna nú, þegar ljóst er, að flestir arðbærustu fiskistofnarnir eru þegar í hættu vegna ofveiði og draga verður úr sókninni í ýmsa þeirra, ef komast skal hjá gjöreyðingu. Á hinn bóginn er ljóst, að Íslendingar, Færeyingar og Norðmenn munu í sameiningu hafa mjög sterka aðstöðu á mörkuðunum við Norður-Atlantshaf og geta með samræmdum markaðsaðgerðum sparað sér stórfé í sölukostnaði og jafnvel afstýrt fjárhagslegum áföllum, sem leiðir af því, þegar draga þarf vegna verndunar á einum fiskistofni úr framboði einnar vöru á fiskmörkuðunum, en bjóða aðra í staðinn.

Sem fyrr segir eru allar horfur á því, að Norðmenn og Færeyingar muni fyrr en varir færa út fiskveiðilögsögu sína í líkingu við okkar, og er ljóst, að málstað okkar væri styrkur að slíkum aðgerðum af þeirra hálfu, eins og nú er ástatt. Má ætla, að gerðar verði tilraunir til þess að beita granna okkar þvingunum af hálfu andstæðinga okkar í landhelgismálinu, til þess að koma í veg fyrir útfærslu af þeirra hálfu, — og gæti þá verið styrkur í því fyrir þessar þrjár þjóðir, ef ljóst yrði nú þegar, að þær hygðu á mjög náið samstarf varðandi nýtingu og verndun fiskistofna og jafnframt um fisksölumál.

Í þessu máli ber að taka tillit til hagsmuna Grænlendinga, sem eru hinir sömu og hinna þjóðanna þriggja, og hafa samvinnu við þá, að svo miklu leyti sem pólitísk aðstaða þeirra leyfir.

Sþ. 54. Fyrirspurn [51. mál]

til samgönguráðherra um samgöngur milli Akraness og Reykjavíkur.

Frá Benedikt Gröndal.

1) Er ráðherrann sammála því, að með ákvörðun um lagningu hraðbrautar fyrir Hvalfjarðarbotn (sbr. vegáætlun 1972—75) hafi Alþingi fallizt á þá skoðun

Hvalfjarðarnefndar, að hafna beri hugmyndum um brú, jarðgöng eða ferju, en leggja veg með varanlegu slitlagi fyrir fjörðinn?
2) Ef svo er, ætlar ráðherrann að framkvæma tillögu nefndarinnar um, að rekstraröryggi og rekstrarafkoma farkosts til farþegaflutninga milli Akraness og Reykjavíkur verði könnuð til hlítar, þar á meðal skíðaskips og þyrlu? Sé svo, hvenær og hvernig á slík athugun að fara fram?
3) Telur ráðherrann rétt, að slík könnun verði einnig látin ná til frekari athugunar á nauðsyn og hagkvæmni nýrrar bifreiðaferju milli Akraness og Reykjavíkur, ekki síst með tilliti til þess, að með núverandi framkvæmdahraða muni taka um 12 ár að fullgera hraðbraut fyrir Hvalfjörð til Akraness?

Sþ. 55. Tillaga til þingsályktunar [52. mál]

um kavíarverksmiðju á Norðausturlandi.

Flm.: Bragi Sigurjónsson, Björn Jónsson.

Alþingi ályktar að leggja fyrir ríkisstjórnina, að hún láti kanna hið fyrsta möguleika á því að koma upp og reka fullkomna kavíarverksmiðju á Norðausturlandi til að vinna grásleppuhrogn.

Staðarval fari eftir hagkvæmni og atvinnuþörf.

Greinargerð.

Íslendingar flytja út mikið magn af grásleppuhrognum óunnum. Vitað er, að þjóðir þær, er þessa vöru okkar kaupa, hafa af því drjúgar tekjur að breyta þessu hráefni í neyzluvöru, kavíar, og framleiðsla okkar á hráefninu ráði mestu um markaðsverð. Það virðist því ekki vansalaust, að ekkert skipulagt stórátak hefur verið gert til að taka þessa neyzluvöruframleiðslu í innlendar hendur, þjóðinni til aukinna útflutningstekna og til atvinnueflingar þar, sem stundum er lítil vetrarvinna, eins og í sumum sjávarplássum norðanlands.

Fyrir öllu Norðausturlandi, allt frá Ólafsfirði og til Langaness, er nær árviss mikil grásleppuveiði á hverju vori og verulegt magn grásleppuhrogna flutt út. Virðist einsætt, að kannað sé til fullnustu, hvort ekki megi hafa af þessari framleiðslu hagkvæman lagmetisiðnað. Vel má vera, að könnun leiddi í ljós, að hagkvæmara væri að hafa verksmiðjur fleiri og víðar heldur en eina stóra, og ber að sjálfsögðu að taka mið af því. En mestu máli skiptir, að við séum ekki að moka frá okkur hráefni, sem þjóðin gæti haft miklu meira upp úr að fullvinna heima í eigin landi, og tryggjum með því einnig öryggi atvinnulífsins í þeim byggðarlögum, þar sem þessa hráefnis er mest aflað.

Sþ. 56. Fyrirspurnir. [53. mál]

I. Til iðnaðarráðherra um vararafstöðvar.

Frá Ragnari Arnalds.

1) Er ekki unnt að koma því til leiðar, að vararafstöð, sem sett var upp til bráðabirgða á Hvammstanga eftir ísingarveðrið mikla 27. okt. s. l., verði þar til frambúðar?
2) Hve víða stendur svo á í þéttbýlisstöðum með yfir 300 íbúa, að ekki séu til staðar varaaflstöðvar? Er ekki nauðsynlegt af öryggisástæðum að koma upp

varaafli á þessum stöðum eða a. m. k. að tryggja, að í hverju kjördæmi sé færanleg dísilvél, sem setja megi upp með litlum fyrirvara?

II. Til menntamálaráðherra um reglugerð skv. útvarpslögum.

Frá Gylfa Þ. Gíslasyni.

Hvers vegna hefur ekki enn verið sett reglugerð um framkvæmd útvarpslaga, nr. 19 frá 5. apríl 1971, eins og fyrir er mælt í 25. gr. nefndra laga?

Ed. 57. Frumvarp til laga [54. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að staðfesta fyrir Íslands hönd alþjóðasamning, er gerður var 15. febrúar 1972, um varnir gegn mengun sjávar vegna losunar úrgangsefna frá skipum og flugvélum.

(Lagt fyrir Alþingi á 93. löggjafarþingi, 1972.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að staðfesta fyrir Íslands hönd samning frá 15. febrúar 1972 um varnir gegn mengun sjávar vegna losunar úrgangsefna frá skipum og flugvélum.

Samningur þessi er prentaður á íslenzku og ensku sem fylgiskjal með lögum þessum.

2. gr.

Þegar samningur sá, sem um ræðir í 1. gr., hefur verið staðfestur, skulu ákvæði hans hafa lagagildi hér á landi.

3. gr.

Ríkisstjórninni er framvegis heimilt að staðfesta fyrir Íslands hönd breytingar á samningi þeim, er um ræðir í 1. gr., og skulu auglýsingar um staðfestingu og gildistöku viðkomandi samþykkta birtast í C-deild Stjórnartíðinda.

4. gr.

Ráðherra þeim, er fer með sjávarútvegsmál, er heimilt að setja í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd samningsins og svo ákvæði í samræmi við síðari breytingar á honum, sem staðfestar verða af Íslands hálfu.

5. gr.

Þar sem í samningnum eru ákvæði um yfirvöld viðkomandi aðildarríkja er af Íslands hálfu átt við sjávarútvegsráðuneytið.

6. gr.

Brot gegn alþjóðasamningi þeim, er um ræðir í 1. gr., svo og á reglum, sem settar kunna að verða samkvæmt ákvæðum 3. og 4. gr., skulu varða sektum frá 1000.00 til 500 000.00 krónum, varðhaldi eða fangelsi eftir því, hve miklar sakir eru.

Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Fylgiskjal.

SAMNINGUR UM VARNIR GEGN MENGUN SJÁVAR VEGNA LOSUNAR ÚRGANGSEFNA FRÁ SKIPUM OG FLUGVÉLUM

Samningsaðilar

SEM VIÐURKENNA, að hafið og lifandi auðlindir þess, hafi ómetanlega þýðingu fyrir allar þjóðir;

SEM GERA SÉR LJÓST, að jafnvægi náttúrunnar og lögmætum notum hafsins er ógnað í vaxandi mæli vegna mengunar;

SEM VIÐURKENNA, að samvinna ríkisstjórna, sem nær til þjóða, vissra svæða og hnattarins alls, er þvingandi nauðsyn til að hindra og berjast gegn mengun hafsins;

SEM GERA SÉR LJÓST, að þessi mengun á sér ýmsar orsakir, m. a. losun úrgangsefna úr skipum og flugvélum og afrennsli fljóta, árósa, rennsli úr sorpleiðslum innan lögsögu einstakra ríkja, og að mikilvægt sé, að ríkin geri viðeigandi ráðstafanir til að hindra slíka mengun, og þróa beri framleiðsluhætti og vörur á þann hátt, að skaðleg úrgangsefni, sem þarf að losna við, minnki;

SEM ERU SANNFÆRÐIR UM, að alþjóðlegar ráðstafanir til að hafa stjórn á mengun hafsins vegna losunar skaðlegra efna frá skipum og flugvélum, eru gerlegar og verður að framkvæma án tafar, en að slíkar ráðstafanir komi á engan hátt í veg fyrir viðræður hið bráðasta um ráðstafanir, sem miða að því að takmarka aðrar orsakir mengunar hafsins;

SEM ÁLÍTA, að ríkjum, sem liggja að norðaustanverðu Atlantshafi, beri sérstök skylda til að vernda hafið á þessu svæði;

CONVENTION FOR THE PREVENTION OF MARINE POLLUTION BY DUMPING FROM SHIPS AND AIRCRAFT

The Contracting Parties

RECOGNIZING that the marine environment and the living resources which it supports are of vital importance to all nations;

MINDFUL that the ecological equilibrium and the legitimate uses of the sea are increasingly threatened by pollution;

RECOGNIZING that concerted action by Governments at national, regional and global levels is essential to prevent and combat marine pollution;

NOTING that this pollution has many sources, including dumping from ships and aircraft and discharges through rivers, estuaries, outfalls and pipelines within national jurisdiction, that it is important that states use the best practicable means to prevent such pollution, and that products and processes which will minimize the amount of harmful waste requiring disposal should be developed;

BEING CONVINCED that international action to control the pollution of the sea by the dumping of harmful substances from ships and aircraft can and should be taken without delay, but that this action should not preclude discussion of measures to control other sources of marine pollution as soon as possible;

CONSIDERING that the states bordering the North-East Atlantic have a particular responsibility to protect the waters of this region;

ERU SAMMÁLA UM eftirfarandi:

1. gr.

Samningsaðilar skuldbinda sig til að gera allt, sem í þeirra valdi stendur til að hindra, að hafið verði mengað af efnum, sem geta stofnað heilsu manna í hættu, skaðað lifandi auðlindir og lífið í sjónum, dregið úr geðfelldum umhverfiseiginleikum sjávar eða truflað önnur lögmæt not sjávar.

2. gr.

Samningur þessi gildir um öll hafsvæði jafnt innan sem utan landhelgi, sem eru:

a) í þeim hlutum Atlantshafs og Norður-Íshafsins og aðliggjandi hafsvæða, sem eru norðan 36° n.br. og milli 42° v.l. og 51° a.l. að undanteknum:

   (i) Eystrasalti og Sundunum sunnan og austan lína, sem liggja frá Hasenörehoved til Gniben Pynt, frá Korshage til Spodsberg og frá Gilbjerghoved til Kullen, og

   (ii) Miðjarðarhafi og aðliggjandi höfum að skurðpunkti 36° n.br. og 5°36′ v.l.

b) í þeim hluta Atlantshafs, sem er norðan 59° n.br. og milli 44° v.l. og 42° v.l.

3. gr.

Samningsaðilar eru sammála um að framkvæma þær ráðstafanir, sem gerðar verða, á þann hátt, að losun skaðlegra efna færist ekki til hafsvæða, er liggja utan þess svæðis, sem þessi samningur gildir fyrir.

4. gr.

Samningsaðilar skulu samræma stefnu sína og skulu einir sér eða í félagi gera ráðstafanir til að hindra mengun sjávarins vegna losunar úrgangsefna frá skipum og flugvélum.

5. gr.

Efni þau, sem talin eru upp í Viðauka I með þessum samningi, er bannað að losa í hafið.

HAVE AGREED as follows:

Article 1.

The Contracting Parties pledge themselves to take all possible steps to prevent the pollution of the sea by substances that are liable to create hazards to human health, to harm living resources and marine life, to damage amenities or to interfere with other legitimate uses of the sea.

Article 2.

The area to which this Convention applies shall be the high seas and the territorial sea which are situated

a) within those parts of the Atlantic and Arctic Oceans and their dependent seas which lie north of 36° north latitude and between 42° west longitude and 51° east longitude, but excluding
   i) the Baltic Sea and Belts lying to the south and east of lines drawn from Hasenore Head to Gniben Point, from Korshage to Spodsbierg and from Gilbierg Head to the Kullen, and
   ii) the Mediterranean Sea and its dependent seas as far as the point of intersection of the parallel of 36° north latitute and the meridian of 5°36' west longitude.

b) within that part of the Atlantic Ocean north of 59° north latitude and between 44° west longitude and 42° west longitude.

Article 3.

The Contracting Parties agree to apply the measures which they adopt in such a way as to prevent the diversion of dumping of harmful substances into seas outside the area to which this Convention applies.

Article 4.

The Contracting Parties shall harmonize their policies and introduce, individually and in common, measures to prevent the pollution of the sea by dumping by or from ships and aircraft.

Article 5.

The dumping of the substances listed in Annex I to this Convention is prohibited.

6. gr.

Bannað er að losa í sjóinn úrgangsefni, sem í eru efni og hlutir, sem taldir eru upp í Viðauka II þessa samnings, í því magni, sem ákvarðast verulegt af þeirri nefnd, sem verður stofnuð samkvæmt ákvæðum í 16. gr. og hér eftir nefnist „nefndin“, án sérstaks leyfis í hvert skipti frá viðeigandi yfirvöldum viðkomandi aðildarríkis. Þegar slíkt leyfi er gefið út, skal farið eftir ákvæðum í Viðauka II og III þessa samnings.

Article 6.

No waste containing such quantities of the substances and materials listed in Annex II to this Convention as the Commission established under the provisions of Article 16, hereinafter referred to as "the Commission", shall define as significant, shall be dumped without a specific permit in each case from the appropriate national authority or authorities. When such permits are issued, the provisions of Annexes II and III to this Convention shall be applied.

7. gr.

Bannað er að losa efni eða hluti án samþykkis frá yfirvöldum viðkomandi aðildarríkis. Við veitingu slíkra leyfa skal beitt ákvæðum í Viðauka III þessa samnings.

Article 7.

No substance or material shall be dumped without the approval of the appropriate national authority or authorities. When such approval is granted, the provisions of Annex III to this Convention shall be applied.

8. gr.

1) Ákvæðin í 5., 6. og 7. gr. skulu ekki gilda, ef um er að ræða force majeure vegna óveðurs eða einhverrar annarrar ástæðu, þegar mannslíf er í hættu eða öryggi skips eða flugvélar er ógnað. Í þeim tilfellum skal tilkynna nefndinni þegar í stað í öllum einstökum atriðum alla málavexti og hvers konar og hve mikið af efnum og hlutum hefur verið losað í sjóinn.

2) Ákvæðin í 5. gr. eiga ekki við, ef hverfandi lítið af þessum efnum er í úrgangi, og þeim hefur ekki verið í hann bætt í þeim tilgangi að losa þau í sjóinn. Ákvæði 6. og 7. gr. skulu samt sem áður gilda fyrir slíka losun.

Article 8.

1) The provisions of Articles 5, 6 and 7 shall not apply in case of force majeure due to stress of weather or any other cause when the safety of human life or of a ship or aircraft is threatened. Such dumping shall immediately be reported to the Commission, together with full details of the circumstances and of the nature and quantities of the substances and materials dumped.

2) The provisions of Article 5 shall not apply where these substances occur as trace contaminants in waste to which they have not been added for the purpose of being dumped. However, such dumping shall remain subject to Articles 6 and 7.

9. gr.

Ef einn samningsaðila álítur í neyðartilfelli, að ekki sé unnt að losna við á landi eitthvert þeirra efna, sem talin eru í Viðauka I þessa samnings, án ótilhlýðilegrar hættu eða skaða, skal viðkomandi samningsaðili þegar í stað ráðfæra sig við nefndina. Nefndin skal mæla með geymsluaðferðum eða hvernig bezt sé gerlegt að eyðileggja eða fjarlægja efnið, eftir því sem aðstæður leyfa. Samningsaðili skal tilkynna nefndinni um þær ráðstafanir, sem gerðar eru sam-

Article 9.

If a Contracting Party in an emergency considers that a substance listed in Annex I to this Convention cannot be disposed of on land without unacceptable danger or damage, the Contracting Party concerned shall forthwith consult the Commission. The Commission shall recommend methods of storage or the most satisfactory means of destruction or disposal under the prevailing circumstances. The Contracting Party shall inform the Commission of the steps

kvæmt ráðleggingum hennar. Samningsaðilar skuldbinda sig til gagnkvæmrar aðstoðar í slíkum tilfellum.

10. gr.

Áður en leyfi eða samþykki til losunar úrgangsefna í hafið er gefið, skulu viðkomandi yfirvöld aðildarríkis ganga úr skugga um, hvers konar úrgangsefni er um að ræða samkvæmt ákvæðum í Viðauka III þessa samnings.

11. gr.

Hver samningsaðili skal samkvæmt samræmdum reglum halda og senda nefndinni skýrslur um tegund og magn þeirra efna og hluta, sem losuð eru í samræmi við leyfi eða samþykki, sem viðkomandi samningsaðili gefur, ásamt stað og stund og aðferð við losun í hafið.

12. gr.

Samningsaðilar eru sammála um að koma á samræmdum eða sameiginlegum vísindalegum og tæknilegum rannsóknum, þar með taldar rannsóknir á mismunandi aðferðum við að fjarlægja skaðleg efni og skiptast á þeirri vitneskju, sem fæst á þennan hátt. Þeir munu hér taka tillit til þess starfs, sem viðkomandi alþjóðasamtök og stofnanir framkvæma.

13. gr.

Samningsaðilar eru sammála um að koma af stað, í samvinnu við viðkomandi alþjóðasamtök og stofnanir, samræmdri eða sameiginlegri skipulegri starfsemi fyrir stöðugt eftirlit með útbreiðslu og áhrifum af mengunarefnum á því svæði, sem samningur þessi nær til.

14. gr.

Samningsaðilar skuldbinda sig til að styðja innan viðkomandi sérsamtaka og annarra alþjóðastofnana ráðstafanir til verndar hafinu gegn mengun af olíu eða úrgangsefnum, sem innihalda olíu, aðra skaðlega eða hættulega skipsfarma og geislavirk efni.

adopted in pursuance of its recommendation. The Contracting Parties pledge themselves to assist one another in such situations.

Article 10.

The composition of the waste shall be ascertained by the appropriate national authority or authorities in accordance with the provisions of Annex III to this Convention before any permit or approval for the dumping of waste at sea is issued.

Article 11.

Each Contracting Party shall keep, and transmit to the Commission, according to a standard procedure, records of the nature and the quantities of the substances and materials dumped under permits or approvals issued by that Contracting Party, and of the dates, places and methods of dumping.

Article 12.

The Contracting Parties agree to establish complementary or joint programmes of scientific and technical research, including research on alternative methods of disposal of harmful substances, and to transmit to each other the information so obtained. In doing so they will have regard to the work carried out by the appropriate international organizations and agencies.

Article 13.

The Contracting Parties agree to institute, in co-operation with appropriate international organizations and agencies, complementary or joint programmes for monitoring the distribution and effects of pollutants in the area to which this Convention applies.

Article 14.

The Contracting Parties pledge themselves to promote, within the competent specialized agencies and other international bodies, measures concerning the protection of the marine environment against pollution caused by oil and oily wastes, other noxious or hazardous cargoes, and radioactive materials.

15. gr.

1) Hver samningsaðili skuldbindur sig til að tryggja, að ákvæðin í samningi þessum séu haldin
a) af skipum og flugvélum, sem eru skrásett á hans yfirráðasvæði;
b) af skipum og flugvélum á hans yfirráðasvæði, sem lesta efni og hluti, sem losa á í hafið;
c) af skipum og flugvélum, sem grunuð eru um að stunda losun úrgangsefna í sjóinn innan landhelgi þess samningsaðila.

2) Hver samningsaðili skuldbindur sig til að gefa út fyrirmæli til skipa og flugvéla í landhelgisgæzlu og til annarra viðkomandi þjónustugreina um að tilkynna til stjórnvalda hvert atvik eða aðstæður á úthafinu, sem valda grun um, að losun úrgangsefna, sem eru andstæð ákvæðum þessa samnings, hafi átt sér stað eða muni eiga sér stað. Viðkomandi samningsaðili skal, ef ástæða er til, láta í té upplýsingar til sérhvers annars samningsaðila, sem hlut á að máli.

3) Hver samningsaðili skal á sínu umráðasvæði gera viðeigandi ráðstafanir til að hindra og refsa fyrir hegðun, sem brýtur í bága við ákvæði þessa samnings.

4) Samningsaðilar skuldbinda sig til að aðstoða hver annan á viðeigandi hátt, þegar um er að ræða mengun vegna losunar úrgangsefna í sjó, og að skiptast á upplýsingum um meðferð slíkra tilfella.

5) Samningsaðilar eru enn fremur sammála um að vinna saman að þróun sameiginlegra reglna að því er varðar framkvæmd samningsins, einkum á úthafinu.

6) Ekkert í þessum samningi skal minnka þann úrlendisrétt, sem viss skip eiga samkvæmt þjóðarétti.

16. gr.

Nefnd, sem í eiga sæti fulltrúar sérhvers samningsaðila, er hér með stofnuð. Nefndin skal halda fundi reglulega og hvenær sem svo er ákveðið samkvæmt starfsreglum vegna sérstakra atvika.

Article 15.

1) Each Contracting Party undertakes to ensure compliance with the provisions of this Convention:
a) by ships and aircraft registered in its territory;
b) by ships and aircraft loading in its territory the substances and materials which are to be dumped;
c) by ships and aircraft believed to be engaged in dumping within its territorial sea.

2) Each Contracting Party undertakes to issue instructions to its maritime inspection vessels and aircraft and to other appropriate services to report to its authorities any incidents or conditions on the high seas which give rise to suspicions that dumping in contravention of the provisions of the present Convention has occurred or is about to occur. That Contracting Party shall, if it considers it appropriate, report accordingly to any other Contracting Party concerned.

3) Each Contracting Party shall take in its territory appropriate measures to prevent and punish conduct in contravention of the provisions of this Convention.

4) The Contracting Parties undertake to assist one another as appropriate in dealing with pollution incidents involving dumping at sea, and to exchange information on methods of dealing with such incidents.

5) The Contracting Parties further agree to work together in the development of co-operative procedures for the application of the Convention, particulary on the high seas.

6) Nothing in this Convention shall abridge sovereign immunity to which certain vessels are entitled under international law.

Article 16.

A Commission, made up of representatives of each of the Contracting Parties, is hereby established. The Commission shall meet at regular intervals and at any time when, due to special circumstances, it is so decided in accordance with the Rules of Procedure.

17. gr.

Verkefni nefndarinnar skulu vera:

a) að hafa yfirumsjón með framkvæmd þessa samnings;

b) að taka á móti og yfirfara skýrslur um útgefin leyfi og samþykki ásamt skýrslum yfir þá losun úrgangsefnis, sem átt hefur sér stað samkvæmt 8., 9. og 11. gr. í þessum samningi, og að útbúa samhæfðar reglur, sem nota ber í þessu skyni;

c) að hafa á hendi athugun á ástandi sjávarins á samningssvæðinu, fylgjast með áhrifum þeirra varúðarráðstafanna, sem gerðar eru, og þörfinni á viðbótar- eða breyttum ráðstöfunum;

d) að endurskoða efni Viðauka þessa samnings og mæla með þeim breytingum, viðbótum eða úrfellingum, sem samþykktar kunna að verða;

e) að framkvæma önnur verkefni, eftir því sem viðeigandi er samkvæmt ákvörðun þessa samnings.

Article 17.

It shall be the duty of the Commission:

a) To exercise overall supervision over the implementation of this Convention;

b) To receive and consider the records of permits and approvals issued and of dumping which has taken place, as provided for in Articles 8, 9 and 11 of this Convention, and to define the standard procedure to be adopted for this purpose;

c) To review generally the condition of the seas within the area to which this Convention applies, the efficacy of the control measures being adopted, and the need for any additional or different measures;

d) To keep under review the contents of the Annexes to this Convention, and to recommend such amendments, additions or deletions as may be agreed;

e) To discharge such other functions as may be appropriate under the terms of this Convention.

18. gr.

1) Nefndin skal setja sér starfsreglur og skulu þær samþykktar með samhljóða atkvæðum. Norska ríkisstjórnin skal boða til 1. fundar nefndarinnar svo fljótt sem unnt er, eftir að samningur þessi tekur gildi.

2) Tillögur um breytingar á viðaukum þessa samnings samkvæmt 17. gr. d) skulu gerðar með samhljóða atkvæðum í nefndinni, og þær breytingar, sem um er að ræða, skulu taka gildi með einróma samþykki ríkisstjórna allra samningsaðila.

Article 18.

1) The Commission shall draw up its own Rules of Procedure which shall be adopted by unanimous vote. The Government of Norway shall call the first meeting of the Commission as soon as practicable after the coming into force of this Convention.

2) Recommendations for modification of the Annexes to this Convention in accordance with Article 17 (d) shall be adopted by a unanimous vote in the Commission, and the modification contained therein shall enter into force after unanimous approval by the Governments of the Contracting Parties.

19. gr.

Í þessum samningi:

1) Þýðir „losun úrgangsefna“ sérhverja losun efna og hluta í sjóinn af ásettu ráði með eða frá skipum og flugvélum, nema

a) sérhverja losun, sem tilheyrir eða leiðir af venjulegum rekstri skipa og flugvéla og útbúnaði þeirra;

Article 19.

For the purpose of this Convention:

1) "Dumping" means any deliberate disposal of substances and materials into the sea by or from ships or aircraft other than:

a) any discharge incidental to or derived from the normal operation of ships and aircraft and their equipment;

b) geymslu efna og hluta í öðru skyni en aðeins að fjarlægja þá, að því tilskildu, að slík geymsla sé ekki ósamrýmanleg tilgangi þessa samnings.

2) Þýðir „skip og flugvélar“ hvers konar sjófærar fleytur og loftför. Þetta hugtak nær einnig til svifnökkva, fljótandi farkosta, hvort sem þeir ganga fyrir eigin vélarafli eða ekki, og til fastra eða fljótandi palla.

b) the placing of substances and materials for a purpose other than the mere disposal thereof, if not contrary to the aim of this Convention.

2) "Ships and aircraft" means seagoing vessels and air-borne craft of any type whatsoever. This expression includes air-cushion craft, floating craft whether self-propelled or not, and fixed or floating platforms.

20. gr.

Þennan samning er unnt að undirrita í Osló fram til 15. ágúst 1972 fyrir hönd þeirra ríkja, sem var boðin þátttaka í hafmengunarráðstefnu, er þar fór fram 19.—22. okt. 1971.

Article 20.

This Convention shall be open for signature at Oslo until 15th August 1972 by the States invited to participate in the Conference on Marine Pollution, held there from 19th to 22nd October, 1971.

21. gr.

Samningur þessi er háður staðfestingu. Staðfestingarskjölin skulu varðveitt hjá norsku ríkisstjórninni.

Article 21.

This Convention shall be subject to ratification. The instruments of ratification shall be deposited with the Government of Norway.

22. gr.

Rétt til aðildar að samningi þessum hefur sérhvert það ríki, sem vitnað var til í 20. gr. Samningsaðilar geta samhljóða boðið öðrum ríkjum aðild að þessum samningi. Aðildarskjöl skulu varðveitt hjá norsku ríkisstjórninni.

Article 22.

This Convention shall be open for accession by any State referred to in Article 20. The Contracting Parties may unanimously invite other States to accede to the Convention. The instruments of accession shall be deposited with the Government of Norway.

23. gr.

1) Samningur þessi tekur gildi á 30. degi eftir þann dag, sem 7. staðfestingar- eða aðildarskjöl berast til varðveizlu.

2) Að því er varðar ríki, sem staðfesta eða gerast aðilar að samningnum, eftir að 7. staðfestingar- eða aðildarskjöl berast til varðveizlu, tekur samningurinn gildi á 30. degi eftir að staðfestingar- eða aðildarskjöl hafa borizt til varðveizlu.

Article 23.

1) This Convention shall enter into force on the thirtieth day following the date of deposit of the seventh instrument of ratification or accession.

2) For each State ratifying or acceding to the Convention after the deposit of the seventh instrument of ratification or accession, the Convention shall enter into force on the thirtieth day after deposit by such State of its instrument of ratification or accession.

24. gr.

Að tveimur árum liðnum frá því er samningur þessi tekur gildi að því er varðar samningsaðila, getur sá aðili, hvenær sem er, sagt samningnum upp með skriflegri tilkynningu, sem send er þeirri ríkisstjórn, sem varðveitir staðfestingar-

Article 24.

At any time after two years from the date on which this Convention has come into force with respect to a Contracting Party, that Party may withdraw from the Convention by means of a notice in writing addressed to the depositary

skjölin. Uppsögnin tekur gildi tólf mánuðum eftir móttöku hennar.

25. gr.

Ríkisstjórn sú, er varðveitir staðfestingarskjölin, getur boðað til fundar í því skyni að endurskoða eða breyta samningi þessum samkvæmt ósk nefndarinnar, að því tilskildu, að það hafi verið samþykkt með tveimur þriðju atkvæða í nefndinni.

26. gr.

Ríkisstjórn sú, er varðveitir staðfestingarskjölin, skal tilkynna samningsaðilum og þeim ríkjum, sem vísað er til í 20. gr.:

a) um undirritanir þessa samnings, um móttöku á staðfestingar- og aðildarskjölum, og um móttöku á tilkynningum um uppsögn samkvæmt 20., 21., 22. og 24. gr.;

b) hvenær þessi samningur tekur gildi samkvæmt 23. gr.;

c) um móttöku tilkynninga um samþykki, þegar um er að ræða breytingar á viðaukum þessa samnings og gildistöku slíkra breytinga samkvæmt 18. gr.

27. gr.

Frumrit þessa samnings, en hinn enski og franski texti hans eru jafngildir, skal varðveitt hjá norsku ríkisstjórninni, sem á að senda staðfest afrit til samningsaðila og til þeirra ríkja, sem vísað er til í 20. gr., og sem á einnig að senda staðfest afrit til framkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna til skrásetningar og birtingar samkvæmt 102. gr. sáttmála S.þ.

Government. Any such withdrawal shall take effect twelve months after the date of its receipt.

Article 25.

A conference for the purpose of revising or amending this Convention may be convened by the depositary Government at the request of the Commission adopted by a two-thirds majority.

Article 26.

The depositary Government shall inform the Contracting Parties and the States referred to in Article 20:

a) of signatures to this Convention, of the deposit of instruments of ratification or accession, and of the receipt of a notice of withdrawal, in accordance with Articles 20, 21, 22 and 24;
b) of the date on which this Convention will come into force in accordance with Article 23;
c) of the receipt of notification of approval relating to modifications of the Annexes to this Convention and of the entry into force of such modifications in accordance with Article 18.

Article 27.

The original of this Convention, of which the English and French texts are equally authentic, shall be deposited with the Government of Norway, which shall send certified copies thereof to the Contracting Parties and to the States referred to in Article 20, and which shall transmit a certified copy to the Secretary-General of the United Nations for registration and publication in accordance with Article 102 of the Charter of the United Nations.

VIÐAUKI I.

Eftirfarandi efni eru tilgreind í þeim tilgangi, sem nefnt er í 5. grein samningsins:

1. Lífræn halogen efni og efni, sem geta myndað þau í sjónum, að þeim efnum undanskildum, sem ekki eru eitruð,

ANNEX I.

The following substances are listed for the purposes of Article 5 of the Convention:

1. Organohalogen compounds and compounds which may form such substances in the marine environment,

eða þeim efnum, sem í sjónum breytast fljótt í efni, sem eru líffræðilega óskaðleg.

2. Lífræn kísilsambönd og efni, sem geta myndað þau í sjónum, að þeim efnum undanskildum, sem ekki eru eitruð, eða þeim efnum, sem í sjónum breytast fljótt í efni, sem eru líffræðilega óskaðleg.

3. Efni, sem samningsaðilar eru sammála um að álíta sennilega krabbameinsvekjandi við þær aðstæður, sem eru við losun efnanna.
4. Kvikasilfur og efni, sem innihalda kvikasilfur.
5. Cadmium og efni, sem innihalda það.
6. Varanleg plastefni og önnur varanleg gerviefni, sem fljóta eða sökkva ekki til botns, og geta valdið erfiðleikum við fiskveiðar eða siglingar, dregið úr geðfelldum umhverfiseiginleikum sjávar eða truflað önnur lögmæt not sjávarins.

excluding those which are non-toxic, or which are rapidly converted in the sea into substances which are biologically harmless;

2. Organosilicon compounds and compounds which may form such substances in the marine environment, excluding those which are non-toxic, or which are rapidly converted in the sea into substances which are biologically harmless;

3. Substances which have been agreed between the Contracting Parties as likely to be carcinogenic under conditions of disposal;

4. Mercury and mercury compounds;

5. Cadmium and cadmium compounds;

6. Persistent plastics and other persistent synthetic materials which may float or remain in suspension in the sea, and which may seriously interfere with fishing or navigation, reduce amenities, or interfere with other legitimate uses of the sea.

VIÐAUKI II.

1. Sérstakrar varkárni er krafizt við eftirtalin efni og hluti, sem tilgreind eru í þeim tilgangi, sem nefnt er í 6. grein:

a) Arsenik, blý, eir, zink og efni, sem þau koma fyrir í, blásýra og flúorefni og hvers konar efni, sem notuð eru við útrýmingu sníkla, svo sem sveppa, sýkla, skordýra og þess háttar, og aukaefni, sem af þeim leiðir og ákvæði í Viðauka I ná ekki yfir;

b) geymar, brotamálmar, tjöruefni, sem kunna að sökkva til botns, og önnur umfangsmikil úrgangsefni, sem geta valdið alvarlegum erfiðleikum við fiskveiðar eða siglingar;

c) efni, sem jafnvel þótt þau séu ekki í eðli sínu eitruð, geta valdið skaða vegna þess að þau eru losuð í svo miklu magni eða gætu hugsanlega dregið alvarlega úr geðfelldum umhverfiseiginleikum sjávar.

ANNEX II.

1. The following substances and materials requiring special care are listed for the purposes of Article 6:

a) Arsenic, lead, copper, zinc and their compounds, cyanides and fluorides, and pesticides and their by-products not covered by the provisions of Annex I;

b) Containers, scrap metal, tar-like substances liable to sink to the sea bottom and other bulky wastes which may present a serious obstacle to fishing or navigation;

c) Substances which, though of a non-toxic nature, may become harmful due to the quantities in which they are dumped, or which are liable to seriously reduce amenities.

2. Efni og hluti, sem nefndir eru í 1. málsgr. b) hér að ofan, skal alltaf losa á miklu dýpi.
3. Þegar leyfi eða samþykki fyrir losun á miklu magni af sýrum og lút er veitt, verður að taka tillit til, að í slíkum úrgangsefnum gætu hugsanlega verið efni, sem nefnd eru í 1. málsgrein hér að ofan.
4. Þegar álitið er nauðsynlegt að losa úrgangsefni á miklu dýpi samkvæmt ákvæðum í Viðauka II og III, skal slíkt þó aðeins gert sé báðum eftirfarandi skilyrðum fullnægt:

   a) Dýpi sé ekki minna en 2000 m;

   b) fjarlægð frá næsta landi sé ekki minni en 150 sjómílur.

2. The substances and materials listed under paragraph 1. (b) above should always be deposited in deep water.
3. In the issuance of permits or approvals for the dumping of large quantities of acids and alkalis, consideration should be given to the possible presence in such wastes of the substances listed in paragraph 1. above.
4. When, in the application of the provisions of Annexes II and III, it is considered necessary to deposit waste in deep water, this should be done only when the following two conditions are both fulfilled:
   a) that the depth is not less than 2000 meters,
   b) that the distance from the nearest land is not less than 150 nautical miles.

VIÐAUKI III.

Leiðbeiningarákvæði um veitingu leyfa og samþykki til losunar úrgangsefna í sjó.

1. **Lýsing á úrgangsefnum.**
   a) Magn og samsetning;
   b) magn efna og hluta, sem á að losa á dag (á viku, á mánuði);
   c) ástand úrgangsefnis við losun, hvort þau eru í föstu, leðju- eða vökvaástandi;
   d) eðliseiginleikar (sérstaklega uppleysanleiki og þéttleiki), efna- og lífefnaeiginleikar (súrefnisnotkun, framleiðsla næringarsalta) og líffræðilegir eiginleikar (hvort vírus, sýklar, sveppir, sníklar o. s. frv. eru til staðar);
   e) hve eitrað efni er;
   f) hversu varanlegt efnið er;
   g) hvernig það safnast í lífefni eða setlög;
   h) efnafræðilegar og eðlisfræðilegar breytingar úrgangsefnisins eftir losun þ. á m. möguleikar á myndun nýrra efna;
   i) líkur fyrir því, að fram komi skemmdir, sem minnka seljanleika auðlindanna (fisks, skeldýra o. s. frv.);

ANNEX III.

Provisions governing the issue of permits and approvals for the dumping of wastes at sea.

1. **Characteristics of the waste**
   a) Amount and composition;
   b) Amount of substances and materials to be deposited per day (per week, per month);
   c) Form in which it is presented for dumping, i.e.
   whether as a solid, sludge or liquid;
   d) Physical (especially solubility and specific gravity), chemical, biochemical (oxygen demand, nutrient production) and biological properties (presence of viruses, bacteria, yeasts, parasites, etc.);
   e) Toxicity;
   f) Persistence;
   g) Accumulation in biological materials or sediments;
   h) Chemical and physical changes of the waste after release, including possible formation of new compounds;
   i) Probability of production of taints reducing marketability of resources (fish, shellfish, etc.).

2. **Lýsing á losunarsvæðum og losunaraðferðum.**
   a) Hnattstaða, dýpi og fjarlægð frá landi;
   b) staðsetning með tilliti til uppeldissvæða og viðkomu sjávarlífvera;
   c) staðsetning með tilliti til geðfelldra umhverfiseiginleika sjávar;
   d) umbúðir, ef einhverjar eru;
   e) byrjunarþynning sú, sem hægt er að ná með þeirri losunaraðferð, sem gert er ráð fyrir;
   f) dreifingareiginleikar bæði lárétt og og lóðrétt í sjónum;
   g) magn og áhrif núverandi og fyrrverandi losunar úrgangsefna á svæðinu (þar með talin áhrif af samsöfnun).

3. **Almenn athugun og skilyrði.**
   a) Röskun siglinga, fiskveiða, tómstundaiðju, vinnslu málma, saltvinnslu, uppeldis fisks og skeldýra, svæða, sem eru vísindalega mikilvæg og annarra lögmætra nota sjávarins;
   b) við framkvæmd þessara meginreglna skal hafa í huga möguleika á öðrum losunar- eða hreinsunaraðferðum.

2. **Characteristics of dumping site and method of deposit**
   a) Geographical position, depth and distance from coast;
   b) Location in relation to living resources in adult or juvenile phases;
   c) Location in relation to amenity areas;
   d) Methods of packing, if any;
   e) Initial dilution achieved by proposed method of release;
   f) Dispersal, horizontal transport and vertical mixing characteristics;
   g) Existence and effects of current and previous discharges and dumping in the area (including accumulative effects).

3. **General considerations and conditions**
   a) Interference with shipping, fishing, recreation, mineral extraction, desalination, fish and shellfish culture, areas of special scientific importance and other legitimate use of the sea;
   b) In applying these principles the practical availability of alternative means of disposal or elimination will be taken into consideration.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Hinn 12. apríl 1972 samþykkti Alþingi frumvarp til laga um bann við losun hættulegra efna í sjó. Eins og segir í athugasemdum með því frumvarpi felur það í sér almennt bann við losun allra efna eða efnasambanda, sem hættuleg geta verið sjávarlífi eða heilsu manna, og eru þessi ákvæði í samræmi við samkomulag, sem utanríkisráðherrar Norðurlanda gerðu með sér 26.—27. apríl 1971. Á þeim fundi var einnig samþykkt, að Norðurlöndin skyldu reyna að vinna þátttökuríki í Norðaustur Atlantshafsfiskveiðinefndinni til fylgis við sams konar eða svipað bann og var í því skyni haldin ráðstefna í Osló 19.—22. október 1971, þar sem fulltrúar frá öllum NEAFC-ríkjunum nema Sovétríkjunum, Póllandi og Írlandi voru mættir. Alþjóðasamningur sá, sem lagafrumvarpi þessu er ætlað að staðfesta, er árangur þessarar ráðstefnu og annarrar, sem haldin var í París 6.—8. desember 1971. Samningurinn var undirritaður í Osló 15. febrúar s. l. af fulltrúum hinna 12 ríkja, sem að honum stóðu, Belgíu, Bretlands, Danmerkur, Finnlands, Frakklands, Vestur-Þýzkalands, Íslands, Hollands, Noregs, Portúgals, Spánar og Sviþjóðar. Samkvæmt 23. gr. samningsins tekur hann gildi á 30. degi eftir þann dag, sem 7. staðfestingareða aðildarskjöl berast til varðveizlu, en varðveizla er samkvæmt 22. gr. hjá norsku ríkisstjórninni. Á fundi undirbúningsnefndar væntanlegra aðildarríkja, sem haldinn var í Haag dagana 28. og 29. marz s. l., var upplýst, að Danmörk, Noregur, Svíþjóð

og Portúgal myndu væntanlega geta staðfest samning þennan í júní 1972. Frakkland, Vestur-Þýzkaland og Holland munu vísast staðfesta samninginn á þessu ári, en Bretland í apríl 1973. Ekki er vitað, hvenær önnur lönd munu geta staðfest samninginn, en samkomulag var með fulltrúum í undirbúningsnefndinni um að staðfestingum skyldi hraðað eins og mögulegt væri.

Samningurinn felur fyrst og fremst í sér bann eða takmarkanir við losun úrgangsefna í hafið frá skipum og flugvélum. Í viðauka nr. I með samningnum eru upptalin þau efni, sem algerlega er bannað að losa í hafið. Í viðauka nr. II eru talin efni, sem kasta má í hafið með sérstöku leyfi stjórnvalda þess lands, sem um er að ræða, en fastanefnd, sem stofnuð er með samningnum, er einnig falið að fylgjast með þessum heimildum. Bannað er að losa nema lítið magn þessara efna, og er magnið einnig háð ákvörðun nefndarinnar. Engin þessara efna má losa á minna dýpi en 2000 metrum og heldur ekki nær landi en 150 sjómílur. Samningurinn nær til Norðaustur-Atlantshafsins og hluta Íshafsins, nánar tiltekið til þeirra hafsvæða, sem eru norðan við 36° nl.br. og á milli 42° vl.l. og 51°al.l., — að viðbættu hafsvæði Atlantshafsins norðan við 59° nl.br. og á milli 44° vl.l. og 42° vl.l. Í stórum drátt-um er þetta allt hafsvæðið austan við línu í suður frá suðurodda Grænlands, suður að norðlægri breiddargráðu Gíbraltarsunds. Svæði þetta er hið sama og Norðaustur-Atlantshafsfiskveiðisamþykktin nær til. Aðildarríkin skuldbinda sig þó einnig til að forðast losun skaðlegra efna í hafið utan þess svæðis, sem samþykktin nær til. Einnig eru ákvæði um, að aðildarríkin samræmi aðgerðir sínar og vinni sameiginlega og hvert í sínu lagi að því að koma í veg fyrir mengun sjávar. Einnig skuldbinda samningsríkin sig til gagnkvæmrar aðstoðar í neyðartilfellum og til þess að koma á samræmdum eða sameiginlegum vísindalegum og tæknilegum rannsóknum, þar með töldum rannsóknum á mismunandi aðferðum við að fjarlægja skaðleg efni og skiptast á þeirri vitneskju, sem fæst á þennan hátt.

Sþ. 58. Tillaga til þingsályktunar [55. mál]

um bætta aðstöðu fyrir Hafrannsóknastofnunina.

Flm.: Jón Árnason, Guðlaugur Gíslason, Friðjón Þórðarson.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að láta smíða í íslenzkum skipasmíðastöðvum tvo vélbáta af stærðinni 50—80 rúmlestir til afnota fyrir Hafrannsóknastofnunina.

Greinargerð.

Svo sem kunnugt er, hefur Hafrannsóknastofnunin nú til afnota tvö rannsóknarskip, en það eru m/s Bjarni Sæmundsson, sem er að stærð 777 rúml., og m/s Árni Friðriksson, sem er að stærð 449 rúml. — Auk þessa hefur stofnunin haft til ráðstöfunar vélskipið Hafþór, sem byggt var í Austur-Þýzkalandi árið 1959 og er um 250 rúmlestir.

Öll eru þessi skip það stór, að þeim verður ekki komið við til fiskleitar eða fiskirannsókna á grunnmiðum við strendur landsins. Hafrannsóknastofnunin hefur hins vegar á undanförnum árum hlotið nokkra fjárveitingu árlega í fjárlögum, sem sérstaklega hefur verið til þess ætluð að taka á leigu minni fiskibáta og stunda á þeim fiskileit og fiskirannsóknir á grunnmiðum.

Nú er það hins vegar svo, samkvæmt upplýsingum fiskifræðinga, að á því eru nokkrir annmarkar að fá fiskibáta af hentugri stærð á leigu og þá sérstaklega á vissum árstíma. Þeir fiskibátar, sem hér um ræðir, eru í flestum tilfellum bundnir ákveðnum skipstjórnarmönnum og skipshöfn á öllum aðalvertíðum. Það er því Haf-

rannsóknastofnuninni hin mesta nauðsyn að eignast sem fyrst vélbáta af þeirri stærð, sem hér um ræðir, enda verði þeir útbúnir sérstaklega með það fyrir augum að henta til fiskleitar og fiskirannsókna á grunnmiðum.

Vér teljum ekki ástæðu til að rökstyðja sérstaklega þörfina fyrir þeirri starfsemi, sem hér um ræðir, þar er um augljóst nauðsynjamál að ræða, og verður vikið að því nánar í framsögu fyrir tillögunni.

Sþ. 59. Tillaga til þingsályktunar [56. mál]

um rækju- og skelfiskleit fyrir Norðurlandi.

Flm.: Gunnar Gíslason, Eyjólfur K. Jónsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina, að láta fara fram skipulega leit að rækju- og skelfiskmiðum fyrir Norðurlandi.

Greinargerð.

Á undanförnum árum hefur öðru hverju verið leitað að rækju og skelfiski fyrir Norðurlandi. Sú leit hefur þó verið skipulagslítil og ekki farið fram með reglubundnum hætti. Stundum hefur verið leitað tvær, þrjár vikur á einstöku svæði, en aldrei hefur verið leitað yfir langt tímabil né heldur hefur leitin verið skipulögð þannig, að hún næði yfir nokkur ár. Þó hafa þessar tilraunir til leitar borið þann árangur, að verulegar líkur benda til, að mikið magn af rækju og skelfiski sé fyrir Norðurlandi.

Þegar í kringum 1930 benti Árni Friðriksson á, að mikið magn af rækju og skelfiski mundi vera fyrir Norðurlandi. Engu að síður hefur lítt verið unnið að könnun þessara miða allan þann tíma, en augljóst er, að nú er tímabært að hefja skipulega leit að þessum náttúruauðæfum og vinna að hagnýtingu þeirra.

Enda þótt Hafrannsóknastofnunin hafi á undanförnum árum unnið mikið og gott starf, er hitt ljóst, að betur þarf að skipuleggja starfsemi hennar og leit að nýjum fiskimiðum, og hagnýtingu þeirra miða, sem þegar eru þekkt, þarf að efla.

Þær skipulögðu rannsóknir, sem hér er lagt til að fram fari, miða að því að Hafrannsóknastofnunin geri áætlun til langs tíma. Einnig er nauðsynlegt, að stofnunin framkvæmi rannsóknir, sem byggja má á niðurstöður um stofnstærð og veiðiþol. Á niðurstöðum þessara athugana má taka raunhæfar ákvarðanir um fjölda báta og þá sókn, sem beita má við veiðarnar. Jafnframt þessu verður að leggja fram kostnaðaráætlun, sem miðast við mismunandi aðstæður, t. d. skipakost og mannafla, til nægilega langs tíma, þ. e. til þess tíma, sem þarf til að athuga aldursdreifingu, vaxtarhraða, vaxtarmöguleika og almennt veiðiþol stofnsins.

Sþ. 60. Breytingartillaga [52. mál]

við till. til þál. um kavíarverksmiðju á Norðausturlandi.

Frá Gísla Guðmundssyni.

Í stað „fullkomna kavíarverksmiðju“ komi: kavíarvinnslustöðvar.

Sþ. 61. Fyrirspurnir. [57. mál]

I. Til menntamálaráðherra um úthlutun haustlána úr Lánasjóði íslenzkra námsmanna.

Frá Gylfa Þ. Gíslasyni.

Hver er orsök þess, að enn hefur engin úthlutun haustlána úr Lánasjóði íslenzkra námsmanna farið fram?

II. Til iðnaðarráðherra um orkumál Norðurlands.

Frá Magnúsi Jónssyni.

Er ekki ætlun ríkisstjórnarinnar að verða við ósk fjórðungsráðs Norðlendinga um að skipa nefnd með fulltrúum ríkisstjórnarinnar og Fjórðungssambands Norðlendinga til að gera hlutlausa könnun á orkuþörf, orkuöflun og skipulagi á dreifingu orkunnar á Norðurlandi?

III. Til menntamálaráðherra um friðun Bernhöftstorfu.

Frá Ellert B. Schram.

Húsafriðunarnefnd hefur lagt til við menntamálaráðherra, að húsaröðin við austanverða Lækjargötu milli Bankastrætis og Amtmannsstígs, svonefnd Bernhöftstorfa, verði friðlýst samkvæmt þjóðminjalögum. Hver er afstaða ráðherra til þessarar tillögu nefndarinnar?

Sþ. 62. Tillaga til þingsályktunar [58. mál]

um kostnaðaráætlun við vegagerð í Mánárskriðum.

Flm.: Eyjólfur K. Jónsson, Gunnar Gíslason.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta gera áætlun um kostnað við vegagerð niðri við sjó í Mánárskriðum á Siglufjarðarvegi.

Greinargerð.

Þegar Siglufjarðarvegurinn nýi var lagður, var það eitt mesta átak, sem gert hafði verið í vegagerð á Íslandi. Þó var sá hængur á þeirri framkvæmd, að vegna kostnaðar var vegurinn á einum stað, þ. e. a. s. í Mánárskriðum, lagður hátt uppi í fjalli, þótt hann annars staðar liggi niðri á láglendi. Í fréttum heyra menn oft um það rætt, að Siglufjarðarvegur sé lokaður í Mánárskriðum. Þessi vegarkafli er örstuttur, en þó nægilega langur til að teppa alla umferð við Siglufjörð margsinnis á hverjum vetri.

Þegar lokið verður nýbyggingu Siglufjarðarvegar í Fljótum, sem er á næsta leiti, verður Siglufjarðarvegur jafngreiðfær og aðrir vegir í byggð á Norðurlandi, að öðru leyti en því, að haft er í Mánárskriðum. Sú dýra framkvæmd, sem Siglufjarðarvegur er, nýtist ekki til fulls, fyrr en úrbætur hafa verið gerðar á þessu.

Samkvæmt upplýsingum verkfræðinga Vegagerðar ríkisins benti lausleg kostnaðaráætlun til þess, að vegagerð niðri við sjó í Mánárskriðum væri svo dýr, að ekki

væri unnt að ráðast í hana, þegar vegurinn var lagður, heldur yrði það að bíða seinni tíma. Þess er líka að gæta, að núverandi vegur er ekki gagnslaus, þótt nýr vegur verði lagður neðar í Mánárskriðum, því að hann er mikil vörn gegn grjótflugi og skriðum.

Eðlilegt er, að nú verði gerð kostnaðaráætlun um þessa vegagerð og afstaða tekin til málsins, þegar hún liggur fyrir.

Ed. 63. Frumvarp til laga [59. mál]

um veitingu ríkisborgararéttar.

(Lagt fyrir Alþingi á 93. löggjafarþingi, 1972.)

1. gr.

Ríkisborgararétt skulu öðlast:

1. Boucher, Antony Leifur Estcourt, Reykjavík, nemandi, f. í Englandi 8. maí 1954.
2. Brown, Margrét Ragnheiður, Reykjavík, húsmóðir, f. á Íslandi 17. febrúar 1949.
3. Bury, Susan, Reykjavík, kennari, f. í Englandi 5. maí 1944.
4. Heidenrich, Freddy Andreas, Neskaupstað, sjómaður, f. í Danmörku 8. júní 1954.
5. Jensen, Gissur, Selfossi, mjólkurfræðingur, f. á Íslandi 12. janúar 1944.
6. Jensen, Jóhanna, Hellu, húsmóðir, f. á Íslandi 17. ágúst 1946.
7. Jespersen, Eva Melberg, Reykjavík, barn, f. í Danmörku 16. maí 1965.
8. Johansson, Birgit Maria, Reykjavík, húsmóðir, f. í Svíþjóð 6. apríl 1924.
9. Poulsen, Jakup Juul Johan Hendrikson, Reykjavík, sjómaður, f. í Færeyjum 10. október 1947.
10. Wenger, Eric Martin, Kópavogi, barn, f. í Bandaríkjunum 2. september 1959.

2. gr.

Nú fær maður, sem heitir erlendu nafni, íslenzkt ríkisfang með lögum, og skal hann þá taka sér íslenzkt fornafn. Börn hans skulu taka sér íslenzk nöfn samkvæmt lögum um mannanöfn.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Umsækjendur þeir, sem teknir hafa verið á lagafrumvarp þetta fullnægja allir þeim skilyrðum, sem sett hafa verið af allsherjarnefnd beggja þingdeilda, sbr. nefndarálit á þskj. nr. 759 á 92. löggjafarþingi 10. maí 1972.

Nd. 64. Frumvarp til laga [60. mál]

um breyting á lögum nr. 12 1970, um menntaskóla.

Flm.: Ingólfur Jónsson, Ágúst Þorvaldsson.

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:

Menntaskólar skulu vera svo margir sem þörf er á, þar á meðal a. m. k. þrír í Reykjavík, einn á Akureyri, einn á Laugarvatni, einn á Selfossi, einn á Ísafirði,

og einn á Austurlandi. Kostnaður við stofnun og rekstur menntaskóla greiðist úr ríkissjóði, eftir því sem fé er veitt til í fjárlögum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Á Selfossi er starfandi gagnfræðaskóli með 340 nemendum. Skólinn hefur í vetur 42 nemendur í tveimur þriðja bekkjar landsprófsdeildum. Unglingar úr tíu hreppum stunda nám í gagnfræðaskólanum á Selfossi, og er þeim ekið í skólann á morgnana og heim seinni hluta dagsins.

Þau sveitarfélög, sem hér eiga hlut að máli, auk Selfoss eru Hraungerðishreppur, Villingaholtshreppur, Gaulverjabæjarhreppur, Sandvíkurhreppur, Stokkseyri, Eyrarbakki, Hveragerði, Grafningur og hluti af Grímsneshreppi.

Með batnandi vegakerfi er auðveldara að aka nemendum til og frá Selfossi en áður var. Koma því fleiri sveitarfélög til með að nota menntaskólann á Selfossi en þau, sem hér hafa verið talin. Má m. a. nefna Þorlákshöfn, Ölfus og ýmis sveitarfélög í Rangárvallasýslu, eftir að hraðbraut er komin austur um sveitir.

Á því svæði, sem menntaskóli á Selfossi með heimanakstri mundi þjóna, búa nú 9—10 þúsund manns. Fólki hefur fjölgað á þessu svæði í seinni tíð. Bendir margt til þess, að svo verði áfram, ekki síst eftir að hraðbraut hefur verið fullgerð austur og samgöngur bættar.

Ætlazt er til, að Selfossskóli verði valgreinaskóli, sem býr ungt fólk, konur og karla, undir þátttöku í atvinnulífinu og hagnýt störf. Skólinn mun skipast í kjörsvið, þannig að nemendur geti sérstaklega lagt stund á þær valgreinar, sem hugurinn stendur til. Með þeim hætti væru meiri líkur en ella til þess, að konur og karlar hefðu að loknu stúdentsprófi áhuga á ýmsum hagnýtum þáttum í atvinnulífinu, en ekki aðeins á því, sem snýr að embættismennsku.

Verði menntaskólanum komið inn á þær brautir, sem tengja nemendurna við atvinnulífið, standa vonir til, að skólavistin verði til þess að beina áhuga nemenda að hagnýtum störfum í atvinnulífi nútíma þjóðfélags. Þá er ekki ástæða til að tala um of marga menntaskóla, enda er stúdentspróf tæplega meira virði nú en gagnfræðapróf var fyrir 20—30 árum.

Nauðsyn ber til, að áhugi þeirra, sem á skólabekk fara, beinist að verklegu starfi og hagnýtum fræðum á tæknisviðinu. Tækniþróað þjóðfélag þarf á fjölmenntuðum tæknimönnum að halda, til þess að þjóðin geti tileinkað sér tæknilegar nýjungar og sjálfvirkni. Hafi þjóðin ekki yfir að ráða fyllstu fagþekkingu á flestum sviðum, mun hún dragast aftur úr í framleiðni, vinnuafköstum og þjóðartekjum. Menntun er því nauðsynleg fyrir þjóð, sem ætlar sér að sitja á bekk með þeim þjóðum, sem hafa bezt lífskjör og lengst eru komnar í verklegri menningu.

Margir telja, að skólarnir séu ekki þær uppeldisstofnanir, sem þeir ættu að vera og ætlazt er til, að þeir séu. Um það skal ekkert fullyrt að þessu sinni, en margt bendir til, að kennslan sé ekki ávallt raunhæf og í eins góðu lagi og æskilegt væri.

Menn virðast vera illa að sér í ýmsum greinum, þótt skólaveran hafi verið ærið löng. Skólakerfið er dýrt, og þjóðfélagið hefur rétt til þess að gera háar kröfur til kennara og námsárangurs í skólum landsins.

Vera má, að einhverjir telji, að það sé nægilegt fyrir Suðurland að hafa menntaskóla á Laugarvatni. Sá skóli er undir góðri og öruggri stjórn og hefur mikla aðsókn. Í vetur eru þar 172 nemendur, og varð að vísa 50 umsækjendum frá á þessu hausti. Menntaskólinn á Laugarvatni er landsskóli og verður það áfram. Meiri hluti nemenda þar er víðsvegar að af landinu, en minni hlutinn af Suðurlandi. Menntaskóli í sveit með heimavist hefur leyst mikinn vanda, sérstaklega fyrir dreifbýlið. Aðsókn að Menntaskólanum á Laugarvatni mun verða áfram mjög mikil eða meiri en unnt er að taka á móti, þótt menntaskóli taki til starfa á Selfossi.

Sþ. 65. Tillaga til þingsályktunar [61. mál]

um verðaukaskatt af lóðum og lendum.

Flm.: Bjarni Guðnason, Bragi Sigurjónsson, Eðvarð Sigurðsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta undirbúa löggjöf um verðaukaskatt, sem lagður skal á sölu fasteigna, annarra en íbúðar- og atvinnurekstrarhúsnæðis.

Skal markmið löggjafarinnar vera að skattleggja sölu lóða og lendna, sem hækkað hafa í verði sökum hinna öru verðhækkana undanfarinna áratuga án tilverknaðar eigenda.

Greinargerð.

Það er kunnara en frá þurfi að segja, að ýmsir raka saman stórfé á því, að lóðir og lendur í eigu þeirra hafa stórum stigið í verði og skilað risavöxnum söluhagnaði, sem á rætur að rekja til hinna öru verðlagshækkana í þjóðfélaginu, en ekki til tilverknaðar eigenda.

Sérstaklega hefur þetta átt sér stað í þéttbýli, en ýmis dæmi eru og um þetta í strjálbýli. Nær ævinlega gerist þessi verðaukning þannig, að eigandinn þarf hvorki að hreyfa hönd né fót til að ná þessum verðhækkunargróða. Það er andstætt réttarkennd almennings, að menn geti þannig hagnast á breyttum þjóðfélagsaðstæðum, sem þeir eiga enga aðild að öðrum fremur.

Hér er ekki farið inn á þá braut að fella íbúðar- og atvinnurekstrarhúsnæði undir umræddan verðaukaskatt, þar eð telja má, að núgildandi skattalagaákvæði nái til verðauka þeirra á nokkurn veginn viðunandi hátt.

Verðaukaskatt mætti innheimta annaðhvort sem ákveðið hlutfall af verðhækkun þeirri, sem ætti sér stað á lóðum og lendum, eða sem fasta hundraðstölu af heildarsöluverði þeirra. Ekki skal á þessu stigi málsins kveðið upp úr um það, hvort skattur þessi skuli renna til ríkis eða sveitarfélaga — nema hvort tveggja sé. Eðlilegast er, að fram fari könnun á þessum skattstofni, áður en ofangreind atriði eru fastákveðin.

Hér er ekki verið að seilast í vasa hins almenna skattborgara, heldur gerð tilraun til þess að skattleggja auðfenginn stórgróða, sem myndazt hefur oftsinnis vegna skipulagsákvarðana stjórnvalda. Algengt er, að eigendur slíkra nýrra skipulagssvæða séu fjármálamenn, sem hafa fjárfest í lóðum einungis í hagnaðarskyni.

Ákvæði núgildandi laga leiða til þess, að jafnvel 3 ára eignarhald nægir til þess, að söluhagnaður er ekki skattskyldur af umræddum fasteignum. Hér er vissulega umbóta þörf.

Það gegnir furðu, að skattur af því tagi, sem hér er nefndur, skuli ekki fyrir löngu hafa verið lögfestur á Íslandi, ekki sízt vegna hinna öru þjóðfélagsbreytinga. Hliðstæð skattlagning er ekkert einsdæmi í vestrænum löndum. Fjölmargar nágrannaþjóðir hafa beitt slíkri skattlagningu, þegar verðbólga hefur gerzt ógnvekjandi og haft óeðlilega mikil áhrif á verðhækkun fasteigna.

Af framangreindum ástæðum er þingsályktunartillaga þessi lögð fyrir hið háa Alþingi.

Sþ. 66. Fyrirspurn [62. mál]

til viðskiptaráðherra um bankamál.

Frá Bjarna Guðnasyni.

1. Hvaða sjónarmið voru höfð í huga við val manna í nefnd þá, sem skipuð var s. l. sumar til að endurskoða bankakerfið?

2. Hversu marga fundi hefur nefndin haldið? Hvernig miðar starfi hennar? Hvenær má gera ráð fyrir, að hún ljúki störfum?
3. Hyggst ráðherra beita sér fyrir því, að starfsfólk ríkisbankanna fái aðild að bankaráðum, þegar kosið verður í þau á yfirstandandi Alþingi?
4. Hyggst ráðherra beita sér fyrir því, að bankastjórastöður verði auglýstar lausar til umsóknar?

Sþ. 67. Tillaga til þingsályktunar [63. mál]

um skattfrelsi elli- og örorkulífeyris.

Flm.: Bragi Sigurjónsson, Eggert G. Þorsteinsson, Jón Árm. Héðinsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að lögleiða þegar á þessum vetri, að eigi skuli leggja tekjuskatt á elli- og örorkulífeyri almannatrygginga né heldur eigin hluta lífeyrisþega í greiðslum þeim, sem þeir fá úr sérlífeyrissjóðum sínum.

Greinargerð.

Flestum landsmönnum mun hafa brugðið mjög í brún, er þeir sáu af tekjuskatti á s. l. sumri samkv. skattalögunum nýju, hve aldraðir og öryrkjar urðu margir hverjir illa úti. Er ekki tekið of djúpt í árinni, þótt sagt sé, að allvíða var um hreina skattáþján að ræða. Engum dettur þó í hug, að hér hafi kaldrifjaður ásetningur valdhafans verið að verki, heldur fljótræði og skortur á yfirsýn, enda var nokkuð reynt úr að bæta, þegar mótmæli risu sem hæst. Þó voru úrbæturnar hvergi nærri viðhlítandi.

Hér er í stuttu máli lagt til, að lögtekið verði, að tekjuskattur sé alls ekki lagður á elli- og örorkulífeyri þann, sem almannatryggingar greiða, né heldur á þann lífeyri frá öðrum lífeyrissjóðum, sem er framlagshluti lífeyrisþegans sjálfs í sjóðinn, skyldusparnaður undanfarinna ára til ellidaganna. M. ö. o.: tekjuskattur verði aðeins lagður á vinnutekjur lífeyrisþega, hluta atvinnuveitandans í lífeyri hans sem og aðrar tekjur, er lífeyrisþeginn kann að hafa og ekki eru skattfrjálsar samkv. lögum nú.

Ekki ætti að þurfa að orðlengja um það, að fráleitt er að skattleggja skyldusparnað manns í lífeyrissjóð fremur en sparifé hans eða annarra í banka, sem nú er tekjuskattsfrjálst, né heldur að óeðlilegt er og raunar ósæmandi að taka með annarri hendinni aftur hluta af því, sem rétt er með hinni, þar sem elli- og örorkulífeyrir almannatrygginga er, og allir viðurkenna, að enn vantar drjúgan á, hann sé svo hár, að lifa megi af honum einum.

Sþ. 68. Fyrirspurn [64. mál]

til samgönguráðherra um framkvæmd þingsályktunar um skipulag vöruflutninga og jöfnun flutningskostnaðar.

Frá Matthíasi Bjarnasyni.

1. Hvað hefur verið gert til þess að framkvæma þingsályktun frá 5. apríl 1971, um skipulag vöruflutninga og jöfnun flutningskostnaðar?
2. Hverjir eru það, sem vinna að framkvæmd þessa máls og með hvaða hætti?
3. Hefur verið leitað samstarfs við helztu aðila flutningakerfisins og, ef svo er, hverjar eru undirtektir þeirra?
4. Hefur ríkisstjórnin tekið ákvörðun um að leggja ákveðnar tillögur fyrir Alþingi, sem nú situr, til jöfnunar á flutningskostnaði, svo að allir landsmenn sitji við sama borð í þessum efnum?

Sþ. 69. Tillaga til þingsályktunar [65. mál]

um vegagerð yfir Sprengisand.

Flm.: Benóný Arnórsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta fara fram athugun á hagkvæmni vegagerðar yfir Sprengisand.

Greinargerð.

Tillaga þessi var flutt á síðasta þingi, og fylgdi henni þá svo hljóðandi greinargerð:

„Hugmyndir um gerð vegar yfir Sprengisand, sem fær væri venjulegum bifreiðum yfir sumartímann, hafa lengi verið á lofti. Engin athugun hefur þó farið fram á kostnaði við slíka vegagerð eða nein tilraun verið gerð til þess að kanna hagkvæmni hennar. Telja má líklegt, að vegagerð yfir Sprengisand sé tiltölulega ódýr og því megi með slíkum vegi bæta mjög vegasamband milli Norður- og Austurlands og Suðurlands, án þess að leggja þurfi í verulegan kostnað. Virðist einsýnt, að sjálfsagt sé að framkvæma þá athugun, sem hér er lagt til að verði gerð, til þess að fá úr þessu skorið.

Benda má á, að vegur yfir Sprengisand mundi verða til hagsbóta fyrir Norðlendinga og Austfirðinga almennt, einkum vegna þess, hve vegalengd til Suðurlands styttist. Sem dæmi má nefna, að vegalengd milli Reykjavíkur og Húsavíkur styttist úr 544 km í 465 við veg um Galtafell, Tungnafellsskála og Mýri. Á sama hátt styttist vegalengd milli Reykjavíkur og Egilsstaða úr 729 í 561 km við vegagerð um Galtafell, Tungnafellsskála og að Brú.

Enn fremur má benda á, að vegalagning yfir Sprengisand mun skapa mikla möguleika fyrir aukna ferðamannaþjónustu í byggðum Norðurlands og Austurlands. Má í því sambandi sérstaklega nefna hugsanlega gerð millilandaflugvallar í Aðaldal. Vegur yfir Sprengisand mundi þá gera mögulegt, að erlendir ferðamenn kæmu til landsins í Aðaldal, en ækju síðan suður Sprengisand og færu utan frá Keflavíkurflugvelli.

Rétt er að vekja sérstaklega athygli á nýgerðum samþykktum búnaðarþings og bæjarstjórnar Húsavíkur um lagningu vegar yfir Sprengisand."

Sþ. 70. Tillaga til þingsályktunar [66. mál]

um fjárhagslegan stuðning við upplýsinga- og rannsóknarstofnun verzlunarinnar.

Flm.: Sverrir Hermannsson, Ragnhildur Helgadóttir, Ellert B. Schram.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hlutast til um, að ríkissjóður veiti sérstakri upplýsinga- og rannsóknarstofnun verzlunarinnar hliðstæða fjármagnsfyrirgreiðslu og aðrar höfuðatvinnugreinar í landinu eru þegar aðnjótandi.

Greinargerð.

Tillaga þessi var flutt á síðasta þingi, og fylgdi henni þá svo hljóðandi grg.:

„Í nútíma þjóðfélagi er öllum augljós sú brýna nauðsyn, sem á því er, að á hverjum tíma liggi fyrir sem gleggstar upplýsingar um stöðu allra aðalatvinnugreina þjóðfélagsins. Samtök í sjávarútvegi, landbúnaði og iðnaði hafa sjálf, og með stuðningi ríkissjóðs, ráðizt í umfangsmikla upplýsingasöfnun og gagnavinnslu fyrir hlutaðeigandi atvinnugreinar. Auk þess eru reknar sérstakar rannsóknarstofnanir í þágu þessara atvinnugreina.

Eins og nú er háttað málum, er verzlunin mjög afskipt í þessum efnum. Verzlunin er ein af höfuðatvinnugreinunum og mjög margþætt, bæði að því er varðar mismunandi verzlunarstig, verzlunarform og tegund vöru og þjónustu. Höfuðáherzlu ber að leggja á ýtarlega könnun á afkomu og öðrum helztu rekstrarstærðum verzlunarinnar, hinum ýmsu starfsþáttum hennar og skipulagsuppbyggingu, svo og framlagi verzlunarinnar til þjóðarbúskaparins og öðru, sem yrði til að auka almenna þekkingu á verzluninni í landinu og mikilvægu hlutverki hennar.

Mikilvægar og afdrifaríkar ákvarðanir hafa verið teknar í málefnum verzlunarinnar, án þess að nægjanlegar og haldgóðar upplýsingar hafi verið fyrir hendi. Þetta er að sjálfsögðu mjög bagalegt, bæði fyrir verzlunina sjálfa og ekki síður fyrir þá opinberu aðila, sem ákvörðunarvald hafa í verzlunarmálum. Nú liggja t. d. fyrir eindregnar óskir frá opinberum aðilum á hendur verzluninni um ýtarlegar upplýsingar um afkomu hennar. Eins og nú standa sakir, er borin von, að verzlunin geti orðið við þeim sjálfsögðu óskum, af því að veigamiklar upplýsingar um fjölmarga þætti verzlunarinnar skortir.

Um nokkurt skeið hafa umræður farið fram í og á milli helztu hagsmunasamtaka verzlunarinnar um stofnun sjálfstæðrar upplýsinga- og rannsóknarstofnunar verzlunarinnar í tengslum við samtökin. Þröskuldurinn í vegi framgangs málsins hefur verið fjármagnsskortur. Með samþykkt þeirrar tillögu, sem hér er flutt, væri gefið vilyrði fyrir fjárhagslegum stuðningi hins opinbera, sem flutningsmenn eru sannfærðir um að nægja mundi til, að úr framkvæmd yrði, enda verður að telja, að verzlunin eigi siðferðilegan rétt á slíkum stuðningi til jafns við aðrar aðalatvinnugreinar þjóðarinnar."

Sþ. 71. Fyrirspurn [67. mál]

til viðskiptaráðherra um bundnar innstæður hjá Seðlabankanum og endurkaup bankans á afurðavíxlum.

Frá Þórarni Þórarinssyni.

1. Hve hárri upphæð nemur bundið innstæðufé í Seðlabankanum?
2. Hve hárri upphæð námu endurkaup Seðlabankans á afurðavíxlum atvinnuveganna 1. sept. 1971 og 1. sept. 1972, og hvernig skiptust þau milli atvinnuveganna?

Sþ. 72. Tillaga til þingsályktunar [68. mál]

um eignarráð á landinu, gögnum þess og gæðum.

Flm.: Bragi Sigurjónsson, Benedikt Gröndal, Eggert G. Þorsteinsson, Gylfi Þ. Gíslason, Jón Árm. Héðinsson, Pétur Pétursson.

Alþingi ályktar að leggja fyrir ríkisstjórnina, að hún láti sérfróða menn semja frumvarp eða frumvörp að lögum um eignarráð og eignarréttindi yfir byggðu landi sem óbyggðu, stöðuvötnum í byggð og óbyggðum, fallvötnum, jarðhita og hvers konar námum og vinnslu verðmæta úr jörðu.

Við samningu frumvarps eða frumvarpa að lagagerð þessari sé m. a. þessa gætt:

1. Allt hálendi landsins og óbyggðir, að svo miklu leyti sem skýlausar eignarheimildir annarra aðila en ríkisins liggja ekki fyrir, sé lýst alþjóðareign, og skýrt sé kveðið á um mörk þessarar ríkiseignar.
2. Sú grundvallarregla verði mörkuð, að stefnt skuli að því, að allt land verði með tímanum alþjóðareign (eign ríkis eða sveitarfélaga), en bújarðir megi

ganga kaupum og sölum til búrekstrar, meðan bændur kjósa þann hátt á, fremur en hafa lönd sín á erfðafestu. Ríki og sveitarfélögum sé þó tryggður forkaupsréttur á öllu landi.

3. Stöðuvötn í afréttum og öll fallvötn verði lýst alþjóðareign, þar í falinn virkjunarréttur. Ríkið eitt geti leyft og leigt fiskræktar- og veiðrétt, svo sem viðkomandi sveitarfélögum og öðrum félagslegum samtökum, en greiddur sé arður til landeigenda samkvæmt arðskrá.
4. Allur jarðvarmi undir 100 m dýpi og aðstoðar hins opinbera þarf til að bora eftir og virkja verði lýstur alþjóðareign.
5. Öll verðmæti í jörðu, á landi og landgrunni, sem finnast fyrir atbeina ríkisins eða leyfis ríkisins þarf til að leita eftir, skuli teljast ríkiseign og háð valdi þess.
6. Glöggt sé kveðið á, hvernig landareign og landnytjar færist úr einkaeign í eign ríkis eða sveitarfélaga og hvernig bætur skuli reiknast fyrir.
7. Kveðið skal á um umgengnisskyldur við landið og viðurlög við spjöllum.

Greinargerð.

Tillaga til þingsályktunar um að lýsa hálendi landsins og óbyggðir alþjóðareign hefur verið flutt af þingmönnum Alþýðuflokksins tvö undanfarin þing á Alþingi, en ekki náð afgreiðslu. Tillagan hefur hins vegar vakið mikla athygli og umtal meðal almennings um allt land.

Nú er tillagan enn flutt, en í nokkuð breyttu formi, þar sem kveðið er á um sumt á afdráttarlausari hátt en fyrr, m. a. lagt til, að íslenzka ríkið geri það að grundvallarstefnumiði, að með tíð og tíma verði landið, gögn þess og gæði sameign þjóðarinnar allrar. Þó skuli einkaeign haldast á bújörðum, meðan bændur æskja þess fremur, enda sitji eigandi jörðina og noti til búskapar.

Þessi tillöguflutningur er gerður að vandlega hugsuðu máli og að áeggjan fjölmargra landsmanna. Við búum í þjóðfélagi, sem á undanförnum áratugum hefur tekið stórfelldum breytingum og er á miklu breytingaskeiði enn, þar sem sífellt eru að koma upp ný og ný vandamál, sem gömul skipan á ekkert rúm fyrir, en hefur kallað á brask og valdníðslu. Svo er t. d. um einkaeign á lóðum og lendum, virkjunaraðstöðu í fallvötnum, ýmis önnur vatnsréttindi o. fl., o. fl.

Flutningsmenn líta svo á, að það stríði gegn hagsmunum alþjóðar og réttarkennd alls þorra landsmanna, að land- og lóðaeigendur geti án minnstu hlutdeildar þeirra sjálfra stórhagnazt á aðgerðum hins opinbera, svo sem skipulagningu þéttbýlis á landareign þeirra, gatnagerð, vatnstöku, flugvallargerð, vegalagningu o. fl. í þágu almennings. Sama gildir um virkjun fallvatna, að fráleitt er, að landeiganda eða landeigendum, sem engin tök hafa á að nýta vatnsorku af eigin rammleik, skuli geta haldizt uppi að varna íbúum heilla byggðarlaga, jafnvel landshluta, notkun fallvatna til orkuframleiðslu.

Enn er að geta þess háska fyrir landbúnaðinn, sem leynist í kapphlaupinu um veiðiárnar og jarðir, sem veiðiréttindi lúta undir. Er svo komið í sumum byggðarlögum, t. d. á sunnanverðu Snæfellsnesi, að fjáraflamenn í höfuðborginni eiga lönd með heilum veiðiám, hirða lítt eða ekki um búsetu jarðanna né nýtingu og valda þannig uppflosnun í áður blómlegri byggð. Ekkert virðist heldur því til hindrunar, að erlendir auðkýfingar geti með íslenzkan staðgengil að yfirvarpi keypt upp jarðir meðfram veiðiám, og munu þeir þá lítt hirða um, hvort búið verður vel eða illa á eftir í þeim sveitum.

Enn annars staðar stunda veiðibændur okurútleigu á veiðidögum í ám, svo að þorra landsmanna gerist það fristundagaman ofviða að skreppa í lax eða silung, en erlendir auðmenn sitja að þeim gæðum.

Þá ber að hafa í huga, að ætla má, að fiskeldi í ám og vötnum geti innan tíðar orðið blómleg atvinnugrein í landinu, og þá mikilsvert að hafa í tíma komið í veg

fyrir ýmiss konar hagsmunaárekstra, sem einkaeign á ám og vötnum kallar á, en ríkiseign eða ríkisyfirráð útiloka.

Nágrannar okkar á Norðurlöndum, Norðmenn og Svíar, sömuleiðis Skotar, Englendingar og Írar, sem og Bandaríkja- og Kanadamenn, hafa ekki talið sér henta að hafa eignarráð fallvatna svo lausbeizluð sem hér er, en tekið þau ýmist í ríkiseign eða ríkisumsjá til að hindra brask einkaaðila með eftirsótt not þeirra, en greiða arð til landeigenda, ef eru, eftir arðskrá. Á síðustu árum hafa augu fjölmargra opnazt fyrir því, að mannkynið hefur þegar spillt umhverfi sínu stórlega á margan hátt og mengað loft og vatn, svo að jörðin kunni að verða óbyggileg eftir nokkrar kynslóðir, verði ekki að gert hið bráðasta. Óspillt land, ómengað loft og vatn eru nú talin til hinna verðmætustu eigna hverrar þjóðar. Í þessum efnum erum við Íslendingar enn auðug þjóð, en ber þó að gæta fyllstu varúðar að spilla þeim gæðum ekki, jafnframt því sem við nýtum auðlindir okkar sem bezt. Samfara auknum skilningi á þessum staðreyndum hefur þeirri skoðun vaxið óðfluga fylgi, að sem mest af landinu, ekki aðeins hálendi og óbyggðir, vötn og ár, heldur og af byggilegu landi, eigi að vera alþjóðareign. Brask með þessi auðæfi í einkaeign er alþekkt fyrirbrigði víða um heim, þar sem hagsmunir fárra fleyta rjómann af hagsmunum margra. Þetta hefur gerzt hér þegar í of miklum mæli, en mun hraðvaxa um næstu framtíð, verði ekki fljótt að gert. Það er eitt stærsta verkefnið í íslenzkri löggjöf nú að færa þessi mál til réttrar stefnu, þeirrar, að hagsmunir fjöldans gangi fyrir hagsmunum fárra.

Ed. 73. Frumvarp til laga [69. mál]

um breyting á lögum nr. 57 18. apríl 1962 um Hæstarétt Íslands.

(Lagt fyrir Alþingi á 93. löggjafarþingi, 1972.)

1. gr.

2. gr. laganna orðist svo:

Hæstarétt skipa sex dómarar, og er einn þeirra forseti dómsins.

Forseti Íslands skipar dómara, en þeir kjósa sér forseta til eigi skemmri tíma en eins árs og varaforseta til sama tíma. Ef hvorki forseti né varaforseti Hæstaréttar sitja í dómi, skal sá hæstaréttardómari, sem elztur er að embættisaldri, skipa forsæti.

2. gr.

Á eftir 2. gr. komi ný grein, 2. gr. a, er orðist svo:

Fimm hæstaréttardómarar skulu skipa dóm. Þó er heimilt, að þrír hæstaréttardómarar skipi dóm í einkamálum, ef úrslit máls eru hvorki mikilvæg frá almennu sjónarmiði né varða sérstaklega mikilvæga hagsmuni aðilja, og í opinberum málum, ef refsing, sem getur legið við broti, er ekki þyngri en varðhald eða tveggja ára fangelsi.

Dómurinn ákveður, hve margir dómarar og þá hverjir skulu skipa dóm í máli.

Ef mál er umfangsmikið, er dómi heimilt að ákveða, að hæstaréttardómari, sem eigi dæmir í því máli, hlýði á málflutning og taki sæti í dóminum, ef dómari forfallast.

3. gr.

4. gr. laganna orðist svo:

Nú verður dómur eigi fullskipaður vegna þess, að hæstaréttardómari víkur sæti í máli, forfallast frá störfum, fær leyfi frá störfum um stundarsakir eða sæti hans verður autt af öðrum ástæðum, og setur dómsmálaráðherra að fengnum tillögum dómsins dómara í hans stað prófessor í lögum við Háskóla Íslands, héraðsdómara eða hæstaréttarlögmann, sem fullnægir skilyrðum til þess að vera skipaður dómari

í Hæstarétti, og er rétt, að setning gildi, hvort heldur er um einstakt mál eða tiltekið tímabil. Skylt er nefndum aðiljum að taka við setningu.

Hæstiréttur ákveður þóknun handa dómurum, er taka sæti í dóminum í einstöku máli eða til bráðabirgða eftir þessari grein, fyrir hvert mál, er þeir taka þátt í dómi eða úrskurði.

4. gr.

Síðari málsliður 2. mgr. 8. gr. laganna falli niður.

5. gr.

Í lokaákvæði 2. mgr. 13. gr. laganna komi í stað orðanna „kr. 5 000.00“, orðin „kr. 25 000.00“.

6. gr.

Aftan við 1. málslið 16. gr. laganna bætist við orðin: „og Hæstiréttur mæli með því“.

7. gr.

Í 1. mgr. 20. gr. laganna komi í stað orðanna „laga um stofnun og slit hjúskapar nr. 39 27. júní 1921, 99. gr.“, orðin „laga um stofnun og slit hjúskapar nr. 60 29. maí 1972, 78. gr.“

Í 3. mgr. 20. gr. laganna komi í stað orðanna „á næstu þremur vikum“ orðin „á næstu fjórum vikum“.

4. mgr. 20. gr. laganna orðist svo:

„Rétt er dómsmálaráðherra, þótt frestur samkvæmt 2. mgr. sé liðinn, að veita leyfi til áfrýjunar máls allt að tvö ár frá lokum dómsathafnar, ef ríkar ástæður eru til og Hæstiréttur mælir með því.“

8. gr.

Í 1. málslið 36. gr. laganna komi í stað orðanna „innan mánaðar frá uppsögu dóms“, orðin „innan fjögurra vikna frá uppsögu dóms“.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Ákvæði 5. gr., 6. gr., 2. og 3. mgr. 7. gr. og 8. gr. skulu þó eigi koma til framkvæmda fyrr en 1. apríl 1973 og taka til mála, sem stefnt er til Hæstaréttar eftir þann tíma.

Þegar lög þessi hafa hlotið staðfestingu skal fella meginmál þeirra inn í lög nr. 57 18. apríl 1962 og gefa lögin út að nýju svo breytt.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Dómendur Hæstaréttar hafa samið lagafrumvarp þetta um breyting á lögum nr. 57/1962, um Hæstarétt Íslands, og fylgdi frumvarpinu svo hljóðandi greinargerð:

Það er efni frv. þessa að mæla fyrir um fjölgun dómenda í Hæstarétti og kveða á um breytta starfstilhögun, sem dómendafjölgun gerir kleift að ráðast í. Þá er lagt til, að breytt verði ákvæðum hæstaréttarlaga um áfrýjunarupphæð og um atriði, er varða áfrýjunarfrest. Enn fremur er lagt til í frv., að samræmd verði ákvæði um frest í tilteknum tilvikum. Ýmis fleiri atriði í hæstaréttarlögum þurfa breytingu við á næstunni, en ráðlegt þykir að bíða með tillögur um það, unz heildarendurskoðun á dómaskipun og réttarfarslöggjöf er lengra komin en nú er.

I.

Um fjölgun dómara í Hæstarétti og deildarskiptingu.

Samkvæmt fyrstu lögunum um Hæstarétt Íslands nr. 22 frá 6. október 1919 skyldu eiga þar sæti fimm dómendur. Dómendum var fækkað í þrjá með lögum nr. 37 frá 4. júní 1924, er breyttu hæstaréttarlögunum frá 1920, og komu þau lög til framkvæmdar til hlítar 1926 við andlát eins hæstaréttardómara. Með öðrum heildar-

lögum um Hæstarétt Íslands nr. 112 frá 18. maí 1935 var svo fyrir mælt í 4. gr., að Hæstarétt skipi 5 dómendur. Í 5. gr. sagði, að eigi megi dóm setja með færri dómendum en 3, og með konunglegri tilskipun skuli kveðið á um, hvenær dóm skuli setja með 5 dómendum. Í 57. gr. laganna var það ákvæði, að dómendur Hæstaréttar skuli vera 3, „þangað til fé er veitt í fjárlögum til fjölgunar dómara". Í fjárlögum fyrir árið 1936 og síðan var heimiluð fjárveiting til launa tveggja nýrra dómara, en þeir voru þó ekki skipaðir, fyrr en 23. apríl 1945 frá 1. maí s. á. Á tölu dómenda var ekki gerð breyting með þriðju heildarlögunum, sem sett hafa verið um Hæstarétt Íslands, lögum nr. 57 frá 18. apríl 1962.

Þegar Hæstiréttur Íslands tók til starfa 1920, voru dómendur fimm, svo sem rakið var. Íbúatala landsins var þá tæp 95 000 og atvinnuvegir landsmanna stórum einhæfari en nú er og fjármálaleg umsvif minni. Fjöldi dómsmála hefir vaxið til mikilla muna, og þ. á. m. tala þeirra mála, sem til Hæstaréttar koma. Við öll dómaraembættin í þéttbýlustu stöðum landsins hefir dómurum fjölgað, í mörgum tilvikum til mikilla muna og raunar öllu starfsliði. Við Hæstarétt er þessu annan veg farið. Þar eru dómendur enn 5 og starfslið hefir tekið litlum breytingum. Raunar má einnig geta þess, að vinnuskilyrði dómenda eru fjarri því að vera góð, og húsnæði að ýmsu leyti eigi við hæfi. Er að sumu leyti verr búið að dóminum en flestum eða öllum dómaraembættum í Reykjavík. Dómendur hafa enga aðra aðstoð en þá, sem hæstaréttarritari getur látið í té, ef frá er skilin vélritunaraðstoð. Er mikil þörf á sérfróðum aðstoðarmanni við könnun ýmissa heimilda og er brýnt að fá heimild til ráðningar slíks manns hið fyrsta.

Mjög er orðið tímabært að fjölga dómendum í Hæstarétti. Vinnuálagið á dómendur er miklu meira en svo, að við megi una. Stafar það af málamergð og ónógri vinnuaðstöðu. Í frv. er mælt svo fyrir, að dómendur verði 6 í stað 5 nú. Gerir það kleift að koma við nokkurri vinnuskiptingu innan dómsins við úrlausn einstakra mála. Er lagt til, að heimilt verði, að hin smærri mál dæmi þriggja manna dómur, en öll meiriháttar mál dæmi fimm manna dómur, en ekki er gert ráð fyrir, að sex dómendur skipi dóm. Meginreglan verður sú, að fimm dómendur skipi dóm. Deildaskipting er nú tíðkuð í öllum æðstu dómstólum á Norðurlöndum og víða í millidómsstigum. Víðast hvar er það látið velta á úrlausn forseta dóms, hvernig starfaskipting þessi er framkvæmd. Á Norðurlöndum er forseti Hæstaréttar sérstaklega skipaður til starfans, en hér er forseti valin af dómendum réttarins, hin síðari ár til tveggja ára í senn. Þykir eðlilegt, að dómarafundur ákveði starfstilhögun, starfaskiptingu og deildaskiptingu.

Í lögum um Hæstarétt Íslands allt frá árinu 1919 hafa verið ákvæði um varadómendur og setudómara. Hafa þau tekið nokkrum stakkaskiptum eftir því sem tímar hafa liðið. Einkum eru prófessorar lagadeildar, sem gegnt hafa störfum varadómara og setudómara, en einnig héraðsdómarar og hæstaréttarlögmenn. Eru greinargerðir um þetta efni í registrum við dómasöfn Hæstaréttar árin 1938 og 1970.

Í hinum æðstu dómstólum á Norðurlöndum er það fátítt, að lögfræðingar utan dómstólanna séu kvaddir til dómsstarfa. Með þeirri fjölgun dómara í Hæstarétti, sem frv. mælir fyrir um, drægi úr því, að varadómendur yrðu kvaddir til setu í Hæstarétti, og myndi að því leyti sparast verulegur aukakostnaður.

II.

Athugasemdir við einstakar greinar.

Um 1. gr.

Með henni er kveðið á um fjölgun hæstaréttardómara úr 5 í 6. Þá er mælt fyrir um það, hvaða dómari gegni starfi forseta í dóminum eða einstakri deild hans, ef hvorki situr þar forseti eða varaforseti. Skal þá sá hæstaréttardómari, sem elztur er að embættisaldri gegna störfum forseta, og er þá átt við aldur manns sem hæstaréttardómara, en ekki sem embættismanns.

Um 2. gr.

Í þessari grein er kveðið á um deildaskiptingu innan Hæstaréttar, og geta dómendur verið ýmist 3 eða 5. Dómarafundur kveður á um framkvæmd þeirrar tilhögunar, svo sem fyrr greinir, eftir rúmu greinimarki. Um deildaskiptingu við meðferð einkamála er notuð viðmiðun 16. gr. laga nr. 57/1962 um Hæstarétt Íslands. Varðandi opinber mál þykir heppilegast að miða við það, hver almenn refsimörk liggi við broti eða brotum, sem ákæra lýtur að, eftir atvikum að aðgættri 77. eða 78. gr. almennra hegningarlaga, ef um fleiri brot en eitt er að ræða. Ef einkamál er ekki mikilvægt frá almennu sjónarmiði eða varðar ekki sérstaklega mikilvæga hagsmuni aðilja, er heimilt að kveða svo á, að mál skuli dæmt í þriggja manna dómi. Má ætla, að horfið verði að því ráði í fremur fáum málum a. m. k. í fyrstu, á meðan reynsla er ekki fengin af slíkri tilhögun. Opinbert mál má dæma í þriggja manna dómi, ef aðeins liggja við broti sektir eða varðhald eða fangelsi skemur en 2 ár. Ekki er vikið að því í frumvarpstextanum, að önnur viðurlög en refsing liggi við broti, en rétt er að taka það einnig til greina, þegar metið er, hvort mál verður dæmt af þriggja manna dómi.

Í 3. málsgrein er nýmæli, og er fyrirmyndin sótt í norsku hæstaréttarlögin. Ef mál er umfangsmikið, er hagkvæmt að dómari, sem ekki dæmir í máli, hlýði á málflutning og sé til taks, ef dómari forfallast, t. d. vegna veikinda eftir að málflutningur hefur staðið um hríð. Reynsla er fyrir því, að þörf er á slíkri tilhögun, en lagagrundvöll fyrir henni hefir þótt skorta.

Um 3. gr.

Hér er aðeins um orðalagsbreytingu að ræða, sem stafar af fjölgun dómenda og ákvæðum um deildaskiptingu innan dómsins.

Um 4. gr.

Ákvæðin um laun hæstaréttarritara í 8. gr. laga nr. 57/1962 eru orðin úrelt, sbr. nú lög um kjarasamninga opinberra starfsmanna nr. 55/1962 ásamt breytingarlögum. Þykir rétt að færa lög nr. 57/1962 til samræmis við hina breyttu skipan á launamálum opinberra starfsmanna.

Um 5. gr.

Hér er lagt til, að lágmarks áfrýjunarupphæð hækki úr 5 000 kr. í 25 000 kr. Samkvæmt lögum um Hæstarétt Íslands nr. 22/1919 var lágmark áfrýjunarupphæðar 25 kr., sbr. 24. gr. Með hæstaréttarlögum nr. 112/1935, 24. gr. var fjárhæð þessi hækkuð í 50 kr. og enn í 5 000 kr. með hæstaréttarlögum 57/1962. Að því eru veruleg brögð, að smámálum sé skotið til Hæstaréttar, og þykir eðlilegt að leggja til, að lágmarksáfrýjunarupphæð verði 25 000 kr. Í 16. gr. hæstaréttarlaga er heimilað, að áfrýjað verði málum, þótt fjárkröfur séu lægri en lágmarksáfrýjunarupphæð nemur. Er þar eðlilegur og nægilegur varnagli.

Um 6. gr.

Hér er lagt til, að ákvæðum um að heimila áfrýjun, þótt fjárkrafa sé lægri en lágmarksfjárhæð samkv. 13. gr., verði breytt svo, að áskilið sé, að Hæstiréttur mæli með áfrýjun. Skýring 16. gr. hefir þótt nokkrum vafa undirorpin, og dregur hin nýja orðun, ef lögfest verður, úr örðugleikum um framkvæmd ákvæðisins. Þykir og eðlilegt, að Hæstiréttur hafi nokkurn afskiptarétt af því, hvort heimiluð verði áfrýjun, þegar svo stendur á, sem 16. gr. gerir ráð fyrir.

Um 7. gr.

Í 1. málsgr. er lagt til, að breytt verði ákvæði til samræmis við hin nýju lög um stofnun og slit hjúskapar.

Í 2. málsgr. er lagt til, að þar greindur frestur verði lengdur úr 3 vikum í 4 vikur. Í hæstaréttarlögum eru frestir ákveðnir með nokkuð mismunandi hætti, sbr.

20. gr. 1. málsgr., þar sem hinn almenni áfrýjunarfrestur er ákveðinn 3 mánuðir, í 20. gr. 2. málsgr. er frestur 4 vikur, í 3. mgr. 20. gr. er hann tiltekinn 3 vikur, samkv. 22. gr. er hinn almenni kærufrestur 4 vikur, vikufrestur er lögmæltur í 29. gr., en 4 vikna frestur í 34. gr., og 36. gr. áskilur, að áfrýjunarstefna sé gefin út innan mánaðar frá uppsögu dóms. Þótt hér sé ekki gerð heildarendurskoðun á frestum þessum, þykir það horfa til hagræðis og einföldunar, að breytt verði ákvæði 2. málsgr. 20. gr. svo, að þar sé lögfestur 4 vikna frestur, og eins þykir rétt að miða frest samkv. 36. gr. við 4 vikur, en ekki mánuð, sbr. 8. gr. frv.

Um 8. gr.

Vísað er til athugasemda við 7. gr.

Sþ. 74. Tillaga til þingsályktunar [70. mál]

um öryggismál Íslands.

Flm.: Benedikt Gröndal, Bragi Sigurjónsson, Eggert G. Þorsteinsson, Gylfi Þ. Gíslason, Jón Árm. Héðinsson, Pétur Pétursson.

Þar eð tæknibreytingar síðustu ára hafa valdið því, að hernaðarleg þýðing Íslands felst nú að langmestu leyti í eftirliti með siglingum í og á hafinu milli Grænlands, Íslands og Færeyja, ályktar Alþingi að fela ríkisstjórninni:

1) að láta rannsaka, hvort Ísland geti verið óvopnuð eftirlitsstöð í sambandi við það öryggisbandalag, sem landið er aðili að, en síðar meir á vegum Sameinuðu þjóðanna, og
2) að rannsaka, hvort Íslendingar geti með fjárhagslegri þátttöku bandalagsins komið upp sveit fullkominna, en óvopnaðra eftirlitsflugvéla, svo og nauðsynlegum björgunarflugvélum, og tekið við þessum þýðingarmesta hluta af verkefni varnarliðsins og stjórn varnarsvæðanna.

Greinargerð.

Þingsályktunartillaga þessi er flutt í framhaldi af ályktun um öryggismál Íslands, sem 34. þing Alþýðuflokksins gerði 22. október síðastliðinn. Er hún frábrugðin ályktunum fyrri flokksþinga, enda þótt meginstefna Alþýðuflokksins á þessu sviði sé óbreytt. Ályktun flokksþingsins var á þessa lund:

„Tæknibreytingar síðustu ára hafa valdið því, að hernaðarleg þýðing Íslands felst nú að langmestu leyti í eftirliti með siglingum í og á hafinu milli Grænlands, Íslands og Færeyja, en um þessi sund fara kjarnorkukafbátar risaveldanna. Öryggi Íslands hefur verið og mun verða bezt tryggt með aðild að varnarsamtökum, en vopnað varnarlið hefur verið hér aðallega til eftirlits og aðvörunar.

Þessar breytingar valda því, að rannsaka þarf, hvort Ísland geti verið óvopnuð eftirlitsstöð í sambandi við öryggisbandalag það, sem landið hverju sinni er aðili að, en síðar meir á vegum Sameinuðu þjóðanna.

Rannsaka verður, hvort Íslendingar geti með fjárhagslegri þátttöku bandalagsins komið upp sveit fullkominna, en óvopnaðra eftirlitsflugvéla, svo og nauðsynlegum björgunarflugvélum, og tekið við þessum þýðingarmesta hluta af verkefni varnarliðsins og stjórn varnarsvæðanna.

Slík lausn væri skynsamleg miðlun milli þeirra sjónarmiða, að varnarliðið geti horfið úr landinu, án þess að eitthvað komi í þess stað, og hins, að varnarliðið hljóti að dveljast í landinu um ófyrirsjáanlega framtíð."

Þróun varnarmálanna.

Þegar Atlantshafsbandalagið var stofnað 1949, byggðist það á þeirri hugmynd, að yrði eitt þátttökuríkja fyrir árás, væru hin skuldbundin til að koma því til

hjálpar. Þetta var hefðbundið form varnarbandalaga, og mörg slík komu til framkvæmda 1914 og 1939.

Í þessum anda ræddu forgöngumenn bandalagsins við fulltrúa Íslendinga og veittu þeim fyrirheit um, að varnarliðs yrði ekki þörf á Íslandi á friðartímum. Þeir töldu, að brytist ófriður út, mundi nægja sams konar aðstaða og Bandamenn höfðu haft hér á landi í síðustu styrjöld.

Fljótlega heyrðust raddir um, að þessi gamla bandalagshugmynd væri úrelt, þar sem nútíma hertækni mundi ekki veita ríkjum svigrúm til að fara hvert öðru til hjálpar, ef til árásar kæmi. Þetta sannaðist áþreifanlega í Kóreustyrjöldinni, og var þá tekið til að gerbreyta eðli Atlantshafsbandalagsins. Komið var á fót sameiginlegu varnarkerfi og herstjórn, sem átti að vera við öllu búin, og sendur her til Grænlands, Íslands og Azoreyja.

Þegar skoðuð er þessi þróun mála, verður ljóst, að vegna breyttra aðstæðna er ekki raunhæft að krefjast þess, að Atlantshafsbandalagið standi við þau fyrirheit, sem gefin voru 1949. Íslendingar verða að meta öryggismál sín sjálfir eftir aðstæðum hverju sinni og móta sér stefnu eftir þeim, eins og raunar hefur verið gert.

Varnarliðið, sem kom til Íslands vorið 1951, var skipað um 5 000 mönnum úr landher og flugher Bandaríkjanna. Reistar voru fjórar ratsjárstöðvar á landshornum og komið fyrir sveit orrustuflugvéla á Keflavíkurflugvelli. Deildir landshersins voru vopnaðar til að verja landið gegn hugsanlegri innrás og höguðu sér samkvæmt því í tíðum skotæfingum.

Augljóst er, að þessi varnarskipan var ekki fyrir Ísland eitt, heldur hluti af keðju stöðva, hinni svonefnd Dew-línu, frá Alaska, yfir norðanvert Kanada, Grænland, Ísland, Færeyjar og til Bretlands. Þetta varnarkerfi byggðist á þeirri skoðun, að nýr ófriður kynni að brjótast út á þann hátt, að flugvélar og flugskeyti með kjarnorkuvopn kæmu svífandi yfir norðurhvel í átt til Bandaríkjanna.

Þessar hugmyndir voru ríkjandi á árum kalda stríðsins og viðbúnaði hagað eftir því með þeirri tækni, sem þá var til fullkomnust. Um 1960 tóku viðhorf að breytast. Kafbátar búnir kjarnorkuflugskeytum komu til sögunnar, og það var ljóst, að þrátefli kjarnorkuvopna gæti haldizt lengi, en búast mætti við, að annað valdatafl héldi áfram.

Sumarið 1961 var gerð mikil breyting á varnarliðinu. Landherinn var kallaður heim, en í hans stað voru eftirlitsflugsveitir bandarískra flotans fluttar frá Nýfundnalandi til Íslands. Flotaforingjar tóku við stjórn varnarliðsins af flugforingjum. Fækkað var í liðinu úr 5 000 í rúm 3 000, og ratsjárstöðvar urðu aðeins tvær. Vopnaburður í Keflavík minnkaði til muna, en meginstarf varnarliðsins varð eftirlitsflug um sundin milli Grænlands, Íslands og Færeyja.

Þýðing Íslands nú á tímum.

Í margar aldir hafa Engilsaxar, fyrst Bretar, en síðan Bandaríkjamenn, haft alger yfirráð á Atlantshafi og raunar öllum höfum. Þetta hefur haft víðtæk áhrif á mannkynssöguna, þar á meðal örlög Íslendinga.

Á síðustu árum hafa Sovétríkin ráðizt í stórfellda uppbyggingu Rauða flotans. Sovézku herskipin eru af nær öllum gerðum og hin fullkomnustu. Þau sigla í vaxandi fjölda um heimsins höf og sýna fána sinn í höfnum allra meginlanda.

Rauði flotinn skiptist í fjóra hluta, og hefur hinn stærsti og öflugasti þeirra, Norðurflotinn, heimkynni í höfnum á Kolaskaga. Þessi floti hefur stækkað og umsvif hans aukizt með hverju ári.

Brezka stofnunin „The International Institute for Strategic Studies" segir í yfirliti um hermál árið 1971, að hlutverk sovézka flotans á Noregshafi (milli Grænlands, Íslands, Noregs og Svalbarða) sé eftirfarandi: (1) Að vinna gegn Polaris- og Poseidonkjarnorkukafbátum Bandaríkjanna; (2) Að stöðva bandarísk flugvélamóðurskip á þessu svæði, áður en þau gætu gert árás; (3) Að tryggja sovézk yfirráð á þessu hafi; (4) Að tryggja sovézkum kjarnorkukafbátum leið suður í Atlantshaf að ströndum

Bandaríkjanna; (5) Að rjúfa samgönguleiðir og siglingar Atlantshafsbandalagsins; (6) Að veita flotastyrk við sovézkar hernaðaraðgerðir á landi á þessu svæði; (7) Að sýna sovézkt vald og draga úr trú á ábyrgð Atlantshafsbandalagsins á öryggi aðildarríkja þess í Norður-Evrópu (Noregs, Danmerkur og Íslands).

Norskir sérfræðingar við utanríkismálastofnunina í Osló hafa komizt að þeirri niðurstöðu, að Sovétríkin telji nú tvímælalaust, að framvarnarlína þeirra á Norður-Atlantshafi sé milli Íslands og Færeyja. Þeir segja: „Varnarlína svo framarlega, með Noreg að baki gefur til kynna, að Rússar í flotaaðgerðum sínum líti í vaxandi mæli svo á, að Noregshaf sé **Mare Sovjeticum.**“

Áðurnefnd stofnun í London kemst að svipaðri niðurstöðu, en dregur þessa viðbótarályktun: „Á sama hátt eru sundin milli Grænlands, Íslands og Bretlands fremsta lína í vörnum meginlands Norður-Ameríku.“

Margir fleiri aðilar hafa látið í ljós sömu skoðanir á hernaðarstöðu Íslands í dag, en rökstudd andmæli hafa verið lítil sem engin. Ísland hefur nú á dögum aðra og að ýmsu leyti meiri hernaðarlega þýðingu en áður.

Enda þótt sambúð stórvelda haldi áfram að batna og líkur á heimsófriði að minnka, bendir ekkert til þess, að vígbúnaðarkapphlaupið á hafinu verði stöðvað í náinni framtíð. Er því með öllu óraunhæft, að varnarliðið hverfi frá Íslandi, án þess að eitthvað komi í staðinn. Ef óvopnað eftirlitsflug og annað, sem því fylgir, skiptir nú mestu máli, hljóta Íslendingar að athuga vandlega, hvort þeir geta tekið það hlutverk að sér og þar með rekstur varnarstöðvanna.

Reynist þetta við nánari athugun fært, er ástæða til að ætla, að ríkisstjórnir Íslands muni í fyrirsjáanlegri framtíð jafnan eiga frekari kosta völ til að tryggja öryggi þjóðarinnar, ef ástand alþjóðamála breytist til hins verra og hætta á ófriði eykst á ný.

Hugsanleg þátttaka Íslendinga.

Meðan hlutverk varnarliðsins var að mestu vopnaburður, kom ekki til mála, að Íslendingar tækju við því. Nú krefst meginhlutverk varnarliðsins, eftirlitsflugið, ekki vopnaburðar. Þess vegna er varpað fram þeirri spurningu, hvort ekki nægi að hafa hér vopnlausa eftirlitsstöð, en Íslendingar taki að sér eftirlitið. Landhelgisgæzlan eða annar aðili mundi koma á fót eftirlits- og björgunarsveit, sem gæti fylgzt vandlega með öllum siglingum, fiskveiðum og annarri hagnýtingu á auðæfum hafsins, hættum á mengun og öðru, er máli skiptir. Á nokkrum árum mundu Íslendingar taka alveg við rekstri og stjórn varnarliðsstöðvanna. Meðan Atlantshafsbandalagið starfar og Íslendingar eru í því, hlyti þessi starfsemi að verða í nánum tengslum við það. Í framtíðinni kemst vonandi á afvopnun eða víðtæk takmörkun vopnabúnaðar undir eftirliti Sameinuðu þjóðanna. Ísland gæti gegnt mikilvægu hlutverki í því eftirliti.

Að sjálfsögðu er á þessu stigi fjölmörgum spurningum ósvarað varðandi þetta mál. Hugmyndum þeim, sem fram komu á flokksþingi Alþýðuflokksins, er varpað fram til athugunar og íhugunar. Einmitt nú, þegar boðaðar hafa verið viðræður við Bandaríkjastjórn um varnir landsins í byrjun næsta árs, virðist slík athugun vera tímabær.

Sþ. 75. Fyrirspurn [71. mál]

til félagsmálaráðherra um löggjöf um kaupábyrgðarsjóð.

Frá Eggert G. Þorsteinssyni.

Hvað líður undirbúningi frumvarps til laga um kaupábyrgðarsjóð eða hliðstæðrar löggjafar?

Sþ. 76. Tillaga til þingsályktunar [72. mál]

um afnám vínveitinga á vegum ríkisins.

Flm.: Vilhjálmur Hjálmarsson, Jón Árm. Héðinsson, Karvel Pálmason, Helgi F. Seljan, Oddur Ólafsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að hætta vínveitingum í veizlum sínum.

Greinargerð.

Stöðugt sígur á ógæfuhlið í áfengismálum Íslendinga. Andspyrna félaga og einstaklinga fær ekki rönd við reist. Opinberar skýrslur sanna almannaróm í þessu efni.

Að dómi flutningsmanna þessarar tillögu er fyllsta ástæða til þess, að ríkisvaldið gefi hér gott fordæmi, í stað þess að kynna drykkjusiði við margvísleg tækifæri.

Ed. 77. Frumvarp til búfjárræktarlaga. [73. mál]

(Lagt fyrir Alþingi á 93. löggjafarþingi, 1972.)

I. KAFLI

Um stjórn búfjárræktarmála, félagskerfi og ráðunautaþjónusta.

1. gr.

Landbúnaðarráðuneytið (landbúnaðarráðherra) hefur á hendi æðstu stjórn búfjárræktarmála.

Búnaðarfélag Íslands hefur umsjón með búfjárrækt í landinu og fer með framkvæmd laga þessara fyrir hönd landbúnaðarráðuneytisins.

Búnaðarfélag Íslands annast ráðunautaþjónustu í búfjárrækt og mótar heildarstefnu í ræktun hverrar búfjártegundar. Það hefur umsjón með annari leiðbeiningarþjónustu í búfjárrækt. Það skal taka við og vinna úr skýrslum búfjárræktarfélaga; skipuleggja afkvæmarannsóknir á búfé; reka kynbótastöðvar, sem nái til alls landsins og byggja á notkun djúpfrysts sæðis; hafa yfirumsjón með forðagæzlu og sjá um greiðslur á öllum framlögum úr ríkissjóði skv. lögum þessum, og hafa eftirlit með notkun fjármunanna.

2. gr.

Búnaðarsambönd skulu setja sér samþykkt um tilhögun búfjárræktarmála á sambandssvæðinu. Þar skal, eftir því sem líklegast þykir til árangurs, taka fram:

a) að búfjárrækt heyri beint undir stjórn búnaðarsambands eða
b) að með málefni einstakra búfjárræktargreina, einnar eða fleiri, fari sérstök stjórn kosin af aðalfundi búnaðarsambands og er ábyrg gagnvart honum eða
c) að verkefni búnaðarsambands á sviði einstakra búfjárræktargreina, einnar eða fleiri, séu falin sérstökum búfjárræktarsamböndum — nautgripa — fjár — eða hrossaræktarsamböndum, sem starfandi eru eða stofnuð kunna að verða og mynduð eru af búfjárræktar- og búnaðarfélögum og hafa eigin stjórn og sérstök fjármál. Slík sambönd skulu þó jafnan gera hlutaðeigandi búnaðarsamböndum grein fyrir starfsemi sinni og fjárreiðum.

3. gr.

Rétt er hreppabúnaðarfélögum að setja sér samþykktir um að vinna að búfjárrækt í hreppnum. Þar skal taka fram:

a) að búfjárræktarstarfsemi heyri beint undir stjórn búnaðarfélags eða
b) að kosnar skuli sérstakar nefndir á aðalfundi búnaðarfélags til að vinna að málefnum einstakra búfjárræktargreina, einnar eða fleiri, eða

c) að verkefni félagsins á sviði einstakra búfjárræktargreina, einnar eða fleiri, sé falið búfjárræktarfélögum, sem starfandi eru eða stofnuð verða. Eigi verður búfjárræktarfélag — hrossa-, sauðfjár- og nautgriparæktarfélag — löglega stofnað með færri en sex bændum.

Allar búfjárræktarsamþykktir búnaðarsambanda og búnaðarfélaga, svo og samþykktir búfjárræktarsambanda, skulu gerðar eftir fyrirmyndum frá Búnaðarfélagi Íslands og öðlast gildi, er staðfestar hafa verið af stjórn þess. Búfjárræktarsamband getur náð yfir fleiri en eitt búnaðarsambandssvæði. Á sama hátt getur búfjárræktarfélag tekið yfir fleiri hreppa en einn. Nú hefur verið staðfest samþykkt búfjárræktarsambands eða búfjárræktarfélags, og renna þá til þeirra framlög þau, er lög þessi mæla fyrir um.

4. gr.

Ráðunautaþjónusta í búfjárrækt skal vera sem hér segir:

1. Búnaðarfélag Íslands ræður til sín búfjárræktarráðunauta, einn eða fleiri, á sviði hverrar búfjártegundar, eftir því sem þörf krefur og fé er veitt til. Þeir skulu hafa lokið háskólaprófi í búfjárrækt og hafa sérþekkingu á þeirri búfjárræktargrein, er þeir starfa við. Stjórn Búnaðarfélags Íslands setur þeim erindisbréf. Helztu verkefni þeirra eru:
   a) Að vera stjórn Búnaðarfélags Íslands til ráðuneytis, hver á sínu starfssviði, og vinna fyrir hennar hönd að framkvæmd laga.
   b) Að móta ræktunarstefnu, hver í sinni grein, í samráði við stjórn Búnaðarfélags Íslands, og semja þær reglur, er að því lúta.
   c) Að veita forustu leiðbeiningaþjónustu, m. a. með því að fylgjast með hagnýtum nýjungum og niðurstöðum rannsókna og skýrsluhalds og kynna þær héraðsráðunautum og bændum.
   d) Að sækja fundi búfjárræktarsamtaka.
   e) Að gegna störfum aðaldómara á búfjársýningum.
2. Búnaðarsambönd ráða til sín ráðunauta — héraðsráðunauta —, er vinna að eftirliti og leiðbeiningum í búfjárrækt. Þeir skulu hafa lokið kandidatsprófi í búfræði. Búnaðarfélag Íslands samþykkir ráðningu þeirra svo og fjölda þeirra, að áskyldu samþykki landbúnaðarráðuneytisins. Heimilt er stjórn búnaðarsambands að haga verkaskiptingu þannig, að sami ráðunautur sinni samhliða verkefnum í búfjárrækt og öðrum búgreinum, s. e. jarðrækt, fiskrækt o. s. frv., enda samþykki Búnaðarfélag Íslands það. Þar sem sérsambönd í búfjárrækt starfa með sjálfstæðum fjárhag, sbr. 2. gr. staflið c, geta þau ráðið héraðsráðunaut að tilskildum ákvæðum 2. mgr. þessarar greinar. Tvö eða fleiri búnaðarsambönd geta ráðið til sín ráðunaut sameiginlega, ef henta þykir. Helztu verkefni héraðsráðunauta í búfjárrækt eru þessi:
   a) Að vinna að því, að ákvæðum búfjárræktarlaga sé framfylgt; að búnaðarfélög framfylgi búfjárræktarsamþykktum sínum eða stofnuð séu sérstök búfjárræktarlög, ef vænlegra þykir til árangurs; aðstoða félögin við starfsemi þeirra, gagnasöfnun og skýrsluhald; sjá um úrvinnslu skýrslna, þar sem þess er þörf, og túlka niðurstöður þeirra.
   b) Að fara um meðal bænda, svo sem við verður komið, skoða búfé þeirra og leiðbeina um kynbætur, fóðrun og hirðingu, val ásetningsgripa, kaup og sölu kynbótagripa o. s. frv.
   c) Að hafa yfirumsjón með forðagæzlu (sbr. 51. gr.).
   d) Að hafa umsjón með rekstri sæðingarstöðva, uppeldi og afkvæmaprófun kynbótagripa í samráði við ráðunauta Búnaðarfélags Íslands.
   e) Að sækja fundi búnaðar- og búfjárræktarfélaga til erindaflutnings og viðræðna við bændur.
   f) Að undirbúa búfjársýningar í samráði við ráðunauta Búnaðarfélags Íslands og gegna aðaldómarastörfum á sýningum, sem haldnar eru á vegum búnaðarsambandsins eða félaga innan þess.

Ríkissjóður greiðir 65% af launum héraðsráðunauta, og allt að 65% af ferðakostnaði þeirra, eftir ákvörðun landbúnaðarráðuneytisins, að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands. Framlag ríkisins miðist við, að hver héraðsráðunautur starfi fyrir minnst 100 bændur. Laun þeirra, sem hundraðshluti ríkisins miðast við, skulu samþykkt af landbúnaðarráðherra, að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands.

II. KAFLI
Um nautgriparækt.

5. gr.

Á vegum Búnaðarfélags Íslands skal starfa kynbótanefnd á sviði nautgriparæktar. Búnaðarþing kýs 4 nefndarmenn úr hópi starfandi héraðsráðunauta í búfjárrækt til fjögurra ára í senn og jafnmarga til vara, en stjórn Búnaðarfélags Íslands tilnefnir oddamann, og skal hann vera nautgriparæktarráðunautur hjá félaginu.

Verkefni nefndarinnar er að velja þau naut, sem notuð eru á nautastöðvum sbr. 8. gr., skipuleggja uppeldi þeirra og notkun og afkvæmarannsóknir á þeim, í því skyni að nýta sem bezt framfaragetu nautgripastofnsins í landinu í heild.

6. gr.

Búnaðarfélag Íslands skal reka stöð til að framleiða djúpfryst nautasæði til geymslu og sölu. Stöðin aflar nauta til sæðistöku, annast töku sæðis, djúpfrystingu þess, dreifingu á því og nauðsynlegu geymsluefni til þeirra búnaðarsambanda, sem gerast viðskiptaaðilar við stöðina.

Búnaðarþing setur stöðinni samþykktir.

7. gr.

a) Búnaðarsamböndum er skylt að sjá um, að bændur á félagssvæði þeirra eigi ávallt kost á sæði úr kyngóðum nautum, þar sem því verður við komið, og reka þau í því skyni dreifingarstöðvar.

b) Búnaðarsambönd fá stofnframlag úr ríkissjóði, er nemur ⅓ hluta stofnkostnaðar við hverja dreifingarstöð, enda samþykki stjórn Búnaðarfélags Íslands stofnun stöðvarinnar. Framlag þetta má því aðeins veita á fleiri en eina stöð í hverri sýslu, að samþykki landbúnaðarráðherra komi til.

Stjórn Búnaðarfélags Íslands samþykkir starfssvæði og starfstilhögun hverrar stöðvar. Þar sem fjarlægðir eru miklar eða samgöngur sérlega erfiðar frá dreifingarstöð í einstök einangruð byggðarlög, er stjórn Búnaðarfélags Íslands heimilt að viðurkenna stofnun útibús frá dreifingarstöð, telji hún brýna nauðsyn bera til. Stofnframlag til útibús telst með stofnframlagi dreifingarstöðvar, eins og um eina stöð væri að ræða.

c) Verði sæðingum ekki komið við, sökum torleiðis eða mikils kostnaðar, skal búnarsamband sjá um nautahald í samráði við bændur þá, er hlut eiga að máli, á þann hátt, er hagkvæmast þykir, enda samþykki stjórn Búnaðarfélags Íslands þær ráðstafanir hverju sinni.

d) Kostnaður við sæðingar kúa og nautahald, þar sem sæðingum verður eigi komið við, greiðist þannig:

1. Ríkissjóður leggur árlega fram:
   a) 65% af launum eins sæðingamanns á dreifistöð og afleysingamanna í orlofum og veikindaforföllum. Skulu laun þeirra, er sá hundraðshluti miðast við, samþykkt af landbúnaðarráðherra, að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands. Reiknist sæðingargjöld af færri en 300 kúm á dreifistöð á ári, miðast framlagið til launagreiðslu úr ríkissjóði við kr. 500.00 á kú. Sama gildir um útibú.
   b) Kr. 65.00 á hverja sædda kú, svo og þær kýr, sem leiddar eru undir naut, sem notuð eru á vegum búnaðarsambanda, þar sem sæðingum verður eigi við komið.

2. Búnaðarsambönd innheimta hjá kúaeigendum:
   a) Gjald af allri innveginni mjólk í mjólkurbúum, er nemi allt að 0.7% af grundvallarverði hennar, eftir ákvörðun stjórnar hlutaðeigandi búnaðarsambands. Mjólkurbúum er skylt að halda gjaldi þessu eftir af mjólkurverði og standa búnaðarsambandi mánaðarlega skil á því, enda hafi stjórn búnaðarsambands tilkynnt fyrir 1. des. næsta ár á undan, að hve miklu leyti hún óski að nota þessa heimild.
   b) Gjald á hverja sædda kú, eftir ákvörðun búnaðarsambandsstjórnar. Heimilt er að hafa sæðingargjöld allt að þriðjungi lægri hjá þeim bændum, er halda fullnægjandi skýrslur um kúabú sín, að dómi Búnaðarfélags Íslands.

8. gr.

Ríkissjóður greiðir framlag til reksturs nautastöðva, sem hér segir:

1. 65 hundraðshluta af launum forstöðumanns stöðvar, miðað við sömu laun og ráðherra samþykkir til héraðsráðunauta og 65 hundraðshluta af launum aðstoðarmanns, miðað við sömu laun og ráðherra samþykkir vegna sæðingarmanna, samanber 7. gr.
2. Allan aukakostnað, er leiðir af einangrun nauta utan djúpfrystistöðvar, er sauðfjárveikivarnir kunna að ákveða hverju sinni.

9. gr.

Búnaðarsambönd og búnaðarfélög, sem fengið hafa búfjárræktarsamþykktir sínar staðfestar af Búnaðarfélagi Íslands, fá árlegt framlag frá ríkissjóði til starfsemi sinnar, er nemur kr. 80.00 á hverja árskú, sem skýrslum er skilað um til Búnaðarfélags Íslands. Framlag þetta skiptist að jöfnu milli þessara aðila.

Séu fitumælingar framkvæmdar sjaldnar en 6 sinnum á ári, lækkar framlagið um 25%.

10. gr.

Ríkissjóður greiðir eftirtalin framlög til afkvæmarannsókna á nautum, sem Búnaðarfélag Íslands hlutast til um, sbr. 5. gr.

1. Fari afkvæmarannsóknir fram á afkvæmarannsóknarstöð, greiðast árlega kr. 4 300.00 á hvern grip, sem skráður er í rannsóknina.
2. Fari afkvæmarannsóknir fram á búum einstakra bænda, greiðast allt að kr. 2 000.00 á hvern grip, sem skráður er í rannsóknina.
3. Fari afkvæmarannsóknir fram eftir öðrum leiðum, þ. e. á grundvelli skýrsluhalds nautgriparæktarfélaga, greiðast kr. 20 000.00 á hvert naut, sem afkvæmaprófað er, enda séu rannsakaðar nægilega margar dætur undan hverju nauti, að dómi kynbótanefndar. Framlag þetta greiðist þó ekki á fleiri en 20 naut árlega.

11. gr.

Að tilhlutan Búnaðarfélags Íslands, skal halda nautgripasýningar fjórða hvert ár á hverju félagssvæði, enda fullnægi sýnendur skilyrðum um skýrsluhald, sem kveðið er á um í 9. gr. Skal landinu skipt í 4 sýningarsvæði eftir ákvörðun Búnaðarfélags Íslands. Það setur reglur um tilhögun og framkvæmd sýninganna, er haldnar skulu að loknu úrvali á gripum, er héraðsráðunautur innir af hendi. Í reglum þessum skal m. a. kveðið á um skilyrði fyrir mismunandi viðurkenningu gripa, dómstiga og form sýninga. Geti ráðunautur Búnaðarfélags Íslands í nautgriparækt eigi komið því við að gegna dómarastörfum á sýningu, skipar stjórn þess mann í hans stað. Stjórn þess félags, er að sýningunni stendur, tilnefnir tvo meðdómendur. Vegna kostnaðar við sveitasýningar, leggur ríkissjóður fram allt að kr. 3.00 á hvern framtalinn nautgrip á sýningarsvæði þess árs gegn jöfnu framlagi úr sveitarsjóðum. Búnaðarsamböndum og nautgriparæktarsamböndum er heimilt, að loknum sveitarsýningum, að halda héraðssýningu á þeim kúm, sem hæstu viðurkenningu hlutu, svo og á dætrahópum einstakra nauta og kúa. Mæli sérstakar ástæður gegn flutningi sýningar-

gripa á einn stað á sama sambandssvæði, má skipta sýningunni á fleiri staði, að fengnu samþykki Búnaðarfélags Íslands. Ráðunautur Búnaðarfélags Íslands í nautgriparækt er formaður dómnefndar á héraðssýningu, ef við verður komið, ella tilnefnir stjórn félagsins mann í hans stað. Heimahérað leggur til tvo meðdómendur. Hvert búnaðarfélag hefur rétt til að sýna 1 kú fyrir hverjar 100 kýr, sem skýrslum er skilað um, en þó hefur hvert félag rétt til að sýna 2 kýr hið fæsta. Verðlauna má kýr á héraðssýningu, sem hér segir:

Fyrir afkvæmi:

I. verðlaun (heiðursverðlaun)	kr.	15 000.00
II. verðlaun	—	7 500.00

Einstaklingar:

I. verðlaun A	—	6 000.00
I. verðlaun B	—	5 000.00
I. verðlaun C	—	4 000.00

Auk þess sérstök verðlaun fyrir beztu kúna á hverri sýningu kr. 12 000.00. Verðlaun þessi greiðast úr ríkissjóði. Ríkissjóður greiðir helming annars kostnaðar við héraðssýningar, enda samþykki Búnaðarfélags Íslands þá reikninga.

12. gr.

Telji nautgriparæktarráðunautur Búnaðarfélags Íslands ástæðu til að hafa sérstakt eftirlit með einstökum kúabúum, m. a. í þeim tilgangi að sannprófa, hvort þar finnist álitlegar nautsmæður, er heimilt að taka upp slíkt eftirlit. Kemur þá eftirlitsmaður að minnsta kosti 6 sinnum á ári á viðkomandi bú, er viðstaddur mjaltir kvölds og morguns, vegur mjólk úr hverri kú, mælir mjöltun, júgur og spena og tekur sýnishorn til fiturannsókna, allt eftir reglum, er Búnaðarfélag Íslands setur.

Ríkissjóður greiðir framlag til slíks eftirlit á allt að 50 búum á ári, með kr. 2 000.00 á hvert bú.

13. gr.

Öll naut, 6 mánaða eða eldri, ber að gelda, gefa inni eða hafa í öruggri vörzlu. Nú sleppur naut og tjón hlýzt af, og ber þá sá ábyrgð á, er vörzluna skyldi annast, og er hann skaðabótaskyldur. Taka má slík naut utan öruggrar vörzlu og fara með sem óskilafénað.

III. KAFLI

Um sauðfjárrækt.

14. gr.

Í búfjárræktarsamþykkt búnaðarfélags eða samþykkt fjárræktarfélags, skal m. a. taka fram:

1. Að hver félagsmaður skuli eiga og halda skýrslur um minnst 12 ær, til að teljast virkur félagsmaður.
2. Hvaða upplýsingum skuli safnað um félagsfé, þannig að sem öruggust vitneskja fáist um erfðaeðli hvers einstaklings.
3. Önnur atriði varðandi félagsstarfið.

15. gr.

Búnaðar- eða fjárræktarfélag, sem fengið hefur samþykkt sína staðfesta af Búnaðarfélagi Íslands, fær árlegt framlag úr ríkissjóði, sem hér segir:

1. Kr. 10.00 á hverja skýrslufærða á, og kr. 700.00 á hvern hrút, sem hlotið hefur I. verðlaun, og kr. 3 000.00 á hvern hrút, sem hlotið hefur góðan dóm við afkvæmaprófun eða I. verðlaun á afkvæmasýningu.
2. Séu 80% af ám félagsmanna eða þar yfir á skýrslu, skulu framlögin hækka um 50%. Annist hlutaðeigandi búnaðarsamband uppgjör á skýrslum sauðfjárræktarfélaga, skulu 30% af framlögunum samkv. 1. og 2. tölulið þessarar greinar renna til búnaðarsambandsins, en ella 20%.

16. gr.

a) Heimilt er búnaðarsamböndum, einu eða fleiri, í samvinnu að koma upp sæðingarstöðvum fyrir sauðfé. Stofnun slíkra stöðva er háð samþykki landbúnaðarráðuneytisins, að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands, bæði hvað snertir staðarval og starfssvæði.
b) Sé stofnun slíkra stöðva samþykkt, greiðir ríkissjóður stofnframlag til þeirra, er nemur ⅓ hluta byggingarkostnaðar, þar með talin verkfæri og allur búnaður.
c) Ríkissjóður greiðir rekstrarframlög til slíkra stöðva, er nemi kr. 25.00 á hverja á, sem sædd er frá stöðinni. Framlög ríkisins til sauðfjársæðingastöðva er háð því, að Búnaðarfélag Íslands samþykki hrútaval stöðvanna.

17. gr.

Heimilt er Búnaðarfélagi Íslands, að taka upp djúpfrystingu á hrútasæði til geymslu og sölu. Búnaðarþing setur reglur um starfsemi þessa og kýs þá jafnframt kynbótanefnd í sauðfjárrækt á sama hátt og í nautgriparækt, samanber 5. gr., og með hliðstæðu verksviði og þar er kveðið á um. Framlög úr ríkissjóði vegna dreifingar á því sæði fara eftir ákvæðum 16. gr. þessara laga.

18. gr.

Veita má framlag til stofnræktar sauðfjár hjá einstökum bændum eða á ríkisbúum, er nemur kr. 115.00 fyrir hverja á, skýrslufærða í stofnræktun. Aldrei má þó greiða framlag til stofnræktar á fleiri en einu búi í sýslu eða fjárskiptahólfi, nema fleiri sýslur en ein séu í sama hólfi.

Framlag skal því aðeins greitt, að sauðfjárræktarráðunautur hjá Búnaðarfélagi Íslands leggi það til og stjórn búnaðarsambands í viðkomandi héraði, svo og héraðsráðunautur mæli með, enda greiðist 20% af framlaginu af búnaðarsambandi en 80% úr ríkissjóði.

Skylt er þeim, er framlags njóta, að fara að ráðum og hlíta umsjá sauðfjárræktarráðunautar hjá Búnaðarfélagi Íslands um ræktunarstarfið, svo og að skila skýrslum til Búnaðarfélags Íslands samkvæmt fyrirmælum þess.

19. gr.

Eigi má láta hrúta ganga lausa frá 5. nóv. til 20. apríl ár hvert. Finnist gæzlulaus hrútur á þessu tímabili, er skylt að taka hann í vörzlu. Tilkynna skal eiganda um hrútinn, svo fljótt sem við verður komið. Skal þá eigandi vitja hrútsins eða ráðstafa honum og greiða áfallinn kostnað innan viku frá því, að hann fékk tilkynninguna. Geri hann það ekki, skal fara með hrútinn sem óskilafé.

20. gr.

Búnaðarfélagi Íslands ber að halda hrútasýningar í hverjum hreppi fjórða hvert ár. Landinu skal skipta í fjögur sýningarsvæði og halda sýningar í þeim til skiptis.

Geti sauðfjárræktarráðunautur hjá Búnaðarfélagi Íslands ekki mætt á öllum sýningum, tilnefnir stjórn Búnaðarfélags Íslands mann í hans stað.

Stjórn búnaðarfélags tilnefnir tvo meðdómendur og annast undirbúning sýningar.

Þegar liðin eru tvö ár frá reglubundinni sýningu, skal hlutaðeigandi búnaðarsamband boða til sýningar í hverjum hreppi á fjögurra vetra hrútum og yngri. Héraðsráðunautur er oddamaður dómnefndar á þeim sýningum. Tveir meðdómendur skulu tilnefndir af viðkomandi búnaðarfélagi.

Búnaðarfélag eða sauðfjárræktarfélag getur óskað eftir að árlega sé haldin sýning á veturgömlum hrútum. Ber þá hlutaðeigandi héraðsráðunaut að annast dómarstörf á þeim sýningum, en það félag, sem óskar eftir sýningunni, útvegar sýningarstað.

21. gr.

Heimilt er Búnaðarfélagi Íslands að láta halda afkvæmasýningar fyrir sauðfé annað hvert ár. Á sýningum þessum má aðeins sýna ær og hrúta frá þeim bændum, sem að dómi sauðfjárræktarráðunautar halda fullkomnar ættartölubækur og af-

urðaskýrslur. Veita skal 1., 2. og 3. verðlaun á hrúta og ær, svo og heiðursverðlaun á hrúta fyrir afkvæmi.

22. gr.

Að loknum aðalsýningum fjórða hvert ár samkv. 20. gr. er heimilt að halda héraðssýningar á einstökum hrútum og beztu afkvæmahópum í hverri sýslu eða fjárskiptahólfi.

23. gr.

Ríkissjóður leggur fram tvo þriðju hluta verðlauna á sýningum þeim, er um getur í 21. og 22. gr., en búnaðarsamband einn þriðja. Skal framlag ríkissjóðs vera sem hér segir:

Afkvæmaverðlaun á afkvæmasýningum:

a. hrútar:	I. verðlaun	kr.	2 000
	II. verðlaun	—	1 000
	III. verðlaun	—	400
b. ær:	I. verðlaun	—	600
	II. verðlaun	—	200
Enn fremur má veita heiðursverðl. á hrúta allt að		—	4 000

Verðlaun á héraðssýningum á sauðfé:

I. heiðursverðlaun á hrúta	kr.	1 600
I. verðlaun A	—	1 000
I. verðlaun B	—	600
Bezti afkvæmahópur	—	2 000
Bezti hrútur á sýningunni	—	1 600
Sveitaverðlaun fyrir þrjá beztu hrútahópa á sýningunni	—	2 000, kr. 1 500 og kr. 1 000.

24. gr.

Búnaðarsambönd, sauðfjárræktarsambönd og/eða fjárræktarfélög skulu, í samráði við sauðfjárræktarráðunaut Búnaðarfélags Íslands, vinna að afkvæmarannsóknum á hrútum.

Framlag til afkvæmarannsókna greiðist úr ríkissjóði, kr. 150 fyrir hverja á, sem skýrslufærð er í rannsóknum þessum. Eigi mega vera færri en 10 gimbrar í hverjum dætrahóp, er rannsaka skal. Eigi er þó skylt að greiða framlag vegna fleiri hrúta en svo, að hafin sé rannsókn ár hvert á einum hrút fyrir hverjar 3000 framtaldar kindur. Annar kostnaður við rannsóknir þessar greiðist af viðkomandi búnaðarsambandi, sauðfjárræktarfélagi eða eigendum hrútanna, eftir ákvörðun stjórnar Búnaðarfélags Íslands.

Búnaðarfélag Íslands setur, að fengnum tillögum kynbótanefndar, ef stofnuð verður, reglur um fyrirkomulag og framkvæmd þessara afkvæmarannsókna.

Framlag ríkissjóðs greiðist, er skýrslur um starfsemina hafa borizt Búnaðarfélagi Íslands og sauðfjárræktarráðunautur viðurkennt þær.

25. gr.

Skylt er sláturleyfishöfum, sem taka á móti dilkum úr afkvæmarannsókn til slátrunar, að láta í té aðstöðu til þess að framkvæma nauðsynlegar athuganir á föllum dilkanna, enda sé þeim gert aðvart um það við gerð áætlana um slátrun í viðkomandi húsi það haust.

26. gr.

Búnaðarfélag Íslands hlutast til um, að geitfjárstofni þeim, er til er í landinu, verði haldið við. Ríkissjóður greiðir þeim bændum, sem eiga geitfé, árlegt framlag, allt að kr. 800.00 á hverja geit, sem þeir hafa á fóðrum, þó ekki fleiri en 200 geitur yfir landið sem heild. Fjölgi geitum umfram það lækkar framlagið hlutfallslega eftir fjölguninni. Skylt er þeim, er geitfé eiga og framlags njóta, að senda Búnaðarfélagi Íslands árlega skýrslur um geitfjárstofninn, eftir þeim reglum, sem sauðfjárræktarráðunautur hjá félaginu setur.

IV. KAFLI
Um hrossarækt.

27. gr.

Stofna má í hverjum hreppi hrossaræktarfélag með sex bændum eða fleiri, sbr. 3. gr. Samþykkt félagsins er bindandi fyrir alla hrossaeigendur í þeim hreppi, ef í því er meiri hluti þeirra bænda, er hross eiga.

Stjórn félagsins sér um, að árlega séu til afnota fyrir hrossaeigendur nægilega margir stóðhestar, viðurkenndir af hrossaræktarráðunaut Búnaðarfélags Íslands. Hún útvegar girðingar fyrir þá, kemur þeim í fóður, ef með þarf, og sér um annan kostnað, er af starfseminni leiðir og innheimtir folatolla fyrir því, er á vantar, að opinber framlög nægi fyrir kostnaði.

Starfi ekki hrossaræktarfélag í hreppi vegna lítillar þátttöku eða af öðrum ástæðum, fer búnaðarfélag hreppsins með þessi mál skv. búfjárræktarsamþykkt sinni, annað hvort stjórn þess eða hrossakynbótanefnd, er aðalfundur félagsins kýs, sbr. 3. gr. Heimilt er þó, að tveir eða fleiri hreppar sameinist um stofnun hrossaræktarfélags, enda geri það árlega stjórnum búnaðarfélaga þeirra hreppa grein fyrir starfi sínu og fjármálum.

28. gr.

Ríkissjóður leggur árlega fram kr. 15.00 á hvert framtalið hross, gegn jöfnu framlagi frá viðkomandi sveitarsjóði. 20% af þessu fé rennur til hlutaðeigandi hrossaræktarsambands, — búnaðarsambands —, en 80% til hrossaræktarfélags — búnaðarfélags — til að standa straum af kostnaði við framkvæmd 27. gr.

29. gr.

Hrossaræktarfélög fá auk þeirra framlag, sem um getur í 33. gr., framlag frá ríkissjóði, kr. 200.00 á hverja tamda hryssu, sem hlotið hefur I. eða II. verðlaun sem einstaklingur á sæða-, fjórðungs- eða landssýningum, og leidd er til stóðhests, sem hlotið hefur I. eða II. verðlaun á sömu sýningum.

Framlag þetta hækkar um 50%, ef notaðir eru stóðhestar, sem hlotið hafa I. eða II. verðlaun fyrir afkvæmi og 100%, ef stóðhesturinn hefur hlotið heiðursverðlaun fyrir afkvæmi.

30. gr.

Hrossaræktarfélög og búnaðarfélög, sem að hrossarækt vinna, geta myndað með sér samband, er vinnur að kynbótum hrossa á sæði eins eða fleiri búnaðarsambanda og fyrir þeirra hönd, sbr. 2. gr., enda nái sambandið yfir minnst 5 hreppa með 300 hryssum, 4 vetra og eldri.

Búnaðarsamband — hrossaræktarsamband — fær framlög úr ríkissjóði, sem hér segir:

1. Kr. 5 000.00 á hvern stóðhest, sem notaður er á vegum sambandsins. Framlag þetta greiðist því aðeins, að hrossaræktarráðunautur Búnaðarfélags Íslands hafi samþykkt notkun hestsins og sett hafi verið á 6 folöld undan honum það ár, sem framlagið er greitt. Framlagið hækkar um:

   20%, þegar notaðir eru stóðhestar, sem hlotið hafa II. verðlaun á sýningum,
   40%, ef þeir hafa hlotið I. verðlaun,
   60%, ef þeir hafa hlotið II. verðlaun fyrir afkvæmi,
   80%, ef þeir hafa hlotið I. verðlaun fyrir afkvæmi og
   100%, ef þeir hafa hlotið heiðursverðlaun fyrir afkvæmi.

   Framlag þetta renni í sérstakan sjóð, er sambandið notar til kaupa, uppeldis og tamningar á stóðhestum.

2. Framlag, er nemur efniskostnaði til girðinga fyrir úrvalsstóðhesta og valdar hryssur, og til geymslu á fullorðnum stóðhestum og hestum í uppeldi. Eðlileg

þörf hvers sambands fyrir slíkar girðingar skal metin af hrossaræktarráðunaut hjá Búnaðarfélagi Íslands og viðkomandi héraðsráðunaut.

3. 20% af framlagi því, sem greiðist til hrossaræktar sbr. 29. gr.

31. gr.

Óheimilt er að láta stóðhesta, þar með talda hesta, sem ekki hefur verið hægt að vana sökum skapnaðargalla, ganga lausa í heimahögum og afrétti. Verði vart við slíkan hest, ber að handsama hann, ef unnt er, og flytja til hreppstjóra. Takist það ekki, skal það tafarlaust tilkynna hreppstjóra, sem þegar hlutast til um, að hestinum verði náð. Nú er kært yfir því, að stóðhestur gangi laus, en leit, er hreppsstjóri fyrirskipar, ber eigi árangur, og greiðist þá kostnaður við hana af löggæzlufé viðkomandi lögsagnarumdæmis.

Hreppsstjóri tekur í sína vörzlu þá stóðhesta, sem til hans eru færðir eða hann lætur handsama, og stendur skil á sanngjarnri greiðslu vegna fyrirhafnar og kostnaðar við töku þeirra. Verði ágreiningur um greiðslu, geta aðilar skotið honum til dómkvaddra manna. Hreppsstjóra ber að selja þá stóðhesta, sem þannig eru teknir, á opinberu uppboði, með þeim innlausnarfresti, sem ákveðinn er í viðkomandi fjallskilareglugerð.

32. gr.

Búnaðarfélagi Íslands er heimilt, í samráði við stjórnir hlutaðeigandi búnaðar- og hrossaræktarsambanda, að veita á tilteknum svæðum undanþágu frá ákvæðum um vörzlu stóðhesta, þó aðeins í heimahögum, á tímabilinu frá 1. júní til 30. júní ár hvert, ef hross eru þar svo mörg, að stóðhestahald verður naumast leyst á félagslegum grundvelli, að dómi þessara aðila. Þó verður slík undanþága ekki veitt, nema fyrir liggi umsókn frá hlutaðeigandi hreppsnefnd eða hreppsnefndum og samþykki ⅔ hluta bænda, er hross eiga á svæðinu. Undanþága þessi skal endurskoðuð á þriggja ára fresti. Verði uppvíst um misnotkun hennar, getur Búnaðarfélag Íslands fellt hana niður fyrirvaralaust. Stóðhestar þessir eru réttlausir utan marka þess svæðis, er undanþágan nær til.

Eigi skulu veitt framlög vegna stóðhesta, sem notaðir eru á þennan hátt, né hryssna, sem hjá þeim eiga að vera.

33. gr.

Valdi stóðhestur, sem gengur laus eða sleppur úr vörzlu, tjóni á búfé eða öðrum eigum annarra (en eiganda), er eigandi skaðabótaskyldur, eftir mati dómkvaddra manna, ef ekki næst samkomulag um bætur. Er viðkomandi sveitarsjóður skyldur að inna af hendi bótagreiðslur, ef krafizt er.

34. gr.

Halda skal sýningar á kynbótahrossum, einstaklingum og afkvæmahópum, sem hér segir:

a) Árlegar sýningar hjá búnaðar- eða hrossaræktarfélögum á ungum kynbótahrossum og eldri hrossum, sem ekki hafa fengið I. verðlaun. Ósk um sýningar skal hafa borizt búnaðarsambandi fyrir 1. maí. Búnaðarfélag Íslands tilnefnir oddamann dómnefndar, en búnaðarsamband meðdómendur. Félagið útvegar sýningarstað og ber allan kostnað nema af dómstörfum.
b) Fjórðungssýningar í hverjum landsfjórðungi þriðja eða fjórða hvert ár.
c) Landssýningar þriðja eða fjórða hvert ár.

Heimilt er að sameina fjórðungs- og landssýningar fjórðungs- og landsmótum Landssambands hestamannafélaga. Eigi slík samvinna sér stað, bera aðilar kostnað af störfum dómnefndar í hlutfalli við tilnefningu í hana, sem kveðið verður á um í sýningarreglum. Kostnaður við verðlaun á kynbótahross á landssýningum greiðist úr ríkissjóði. Á fjórðungsmótum greiða viðkomandi búnaðarsambönd helming einstaklingsverðlauna á allar hryssur. Að öðru leyti greiðast verðlaun úr ríkissjóði.

Búnaðarfélag Íslands ræður og kostar framkvæmdastjóra landsmóts, þegar áðurnefnd samvinna á sér stað.

Á vegum Búnaðarfélags Íslands starfar 5 manna sýningarnefnd. Búnaðarþing kýs 2 nefndarmenn úr hópi starfandi héraðsráðunauta. Landssamband hestamannafélaga tilnefnir tvo menn í nefndina, en oddamann skipar Búnaðarfélag Íslands, og skal hann vera hrossaræktarráðunautur hjá félaginu.

Stjórn Búnaðarfélags Íslands setur, að fengnum tillögum sýningarnefndar, reglur um fyrirkomulag og framkvæmd sýninga, svo sem skipan dómnefnda og forsendur dóma.

35. gr.

Verðlaun á sýningum, sem haldnar eru skv. b- og c-lið 34. gr. skulu vera sem hér segir:

I. Stóðhestar:		
Afkvæmaverðlaun:		
Heiðursverðlaun	kr. 50	þús.
I. verðlaun	— 30	—
II. verðlaun	— 20	—
III. verðlaun	— 10	—
Einstaklingsverðlaun:		
1. aldursflokkur 6 vetra og eldri:		
I. verðlaun	— 10	—
II. verðlaun	— 6	—
2. aldursflokkur 4—5 vetra:		
I. verðlaun	— 8	—
II. verðlaun	— 5	—
3. aldursflokkur 2—3 vetra:		
I. verðlaun	— 5	—
II. verðlaun	— 3	—
II. Hryssur:		
Heiðursverðlaun	— 15	—
I. verðlaun	— 10	—
II. verðlaun	— 7.5	—
III. verðlaun	— 5	—
Einstaklingsverðlaun:		
1. aldursflokkur 6 vetra og eldri:		
I. verðlaun	— 5	—
II. verðlaun	— 3	—
2. aldursflokkur 4—5 vetra:		
I. verðlaun	— 4	—
II. verðlaun	— 2	—

Eigi má greiða peningaverðlaun á sama verðlaunastigi oftar en tvisvar út á neitt hross, einu sinni á fjórðungssýningu og einu sinni á landssýningu. Lækki hross í verðlaunastiga við endursýningu, greiðast ekki peningaverðlaun.

36. gr.

Heimilt er að reka á kostnað ríkissjóðs tvö hrossaræktarbú, sitt í hverjum landsfjórðungi, þar sem fara fram stofnræktun, afkvæmaprófanir, tamning, fóðurtilraunir, vaxtarhraðarannsóknir og þ. u. l. Búnaðarfélag Íslands hefur umsjón með búunum og skulu þau starfa samkvæmt reglum, er ráðherra setur, að fengnum tillögum þess.

Veita má hrossaræktarfélögum, stofnræktarfélögum og einstaklingum framlög til stofnræktar hrossa, ef stjórn Búnaðarfélags Íslands og stjórnir viðkomandi búnaðar- og hrossaræktarsambanda mæla með. Árlegt framlag ríkissjóðs í þessu skyni

skal vera kr. 1 000.00 á hverja tamda viðurkennda hryssu, enda hlíti sá, er framlags nýtur, ráðum og umsjá hrossaræktarráðunautar Búnaðarfélags Íslands. Aldrei má greiða framlag til ræktunar fleiri en átta stofna samtímis.

Heimilt er Búnaðarfélagi Íslands að ákveða hámarks- og lágmarkstölu þeirra hryssna, er framlag er greitt á, til einstakra stofnræktaraðila.

Ríkissjóður greiðir árlegt framlag til tamningar á afkvæmahópum undan einstökum stóðhestum, er nemur kr. 3 300.00 á hross á mánuði, ef hesturinn er í eigu hrossaræktarsambands, en kr. 1 650.00, ef hesturinn er í einstaklingseign. Búnarfélag Íslands setur að öðru leyti reglur um fyrirkomulag og framkvæmd tamningar og ákveður hámarksfjölda hesta, sem framlag greiðist á árlega.

37. gr.

Mynda skal hjá Búnaðarfélagi Íslands sérstakan sjóð, „Stofnverndarsjóð", í þeim tilgangi að styrkja og lána hrossaræktarsamböndum fé til kaupa á kynbótahrossum, sem annars kynnu að verða seld úr landi.

Til sjóðsins skulu útflytjendur hrossa greiða gjald, er nemi 20% af útflutningsverði ógeltra hesta og 10% af útflutningsverði hryssna.

Búnaðarfélag Íslands setur reglur um starfsemi sjóðsins og fer með stjórn hans.

38. gr.

Heimilt er sýslunefndum eða sveitarstjórnum að ákveða, að öllum hrossaeigendum í þeirra umdæma sé skylt að hafa hross sín í vörzlu allt árið eða tiltekinn hluta þess, nema að því leyti, sem leyfilegt er að hafa stóðhross í sameiginlegum afrétti.

V. KAFLI

Um svína- og alifuglarækt.

39. gr.

Heimilt er landbúnaðarráðuneytinu að efna til kynbótabús í þessum greinum á bændaskólabúi eða öðru ríkisbúi, eftir því sem bezt þykir henta, að dómi Búnaðarfélags Íslands.

Á kynbótabúinu skal hreinrækta þau hænsna- og svínakyn, sem ráðunautur Búnaðarfélags Íslands í svína- og alifuglarækt telur rétt að rækta hér á landi. Á búinu skal vera aðstaða til framleiðslu á kynbótahænsnum til sölu.

Færa skal ættar- og afurðaskýrslur yfir svín og alifugla á kynbótarbúinu undir eftirliti ráðunautar. Þá skal og gera samanburðartilraunir um fóðurþörf og afurðagetu hinnar ýmsu kynja.

40. gr.

Kynbótabúið hefur rétt til að flytja inn útungunaregg til kynbóta eða tilrauna, enda sjái ráðunauturinn um, að búið fullnægi óskum alifuglaeigenda um að hafa til sölu fugla af þeim kynjum, sem óskað er eftir og reynsla hefur sýnt, að hentug séu til ræktunar hér á landi.

41. gr.

Halda má einstaklings- og afkvæmasýningar fyrir svín og alifugla. Verðlaun á sýningum greiðast úr ríkissjóði eftir nánari fyrirmælum, sem ráðherra setur í reglugerð eftir tillögum frá Búnaðarfélagi Íslands.

VI. KAFLI

Um hundarækt.

42. gr.

Búnaðarfélag Íslands sér um, að í landinu sé ræktað fjárhundakyn, eitt eða fleiri. Sauðfjárræktarráðunautur félagsins annast þetta verkefni fyrir hönd þess.

43. gr.

Heimilt er Búnaðarfélagi Íslands að semja við einstaklinga um að rækta, ala upp og venja hreinkynja fjárhunda, eftir fyrirmælum félagsins og undir eftirliti þess, nema hentara þyki að stofna hundabú í eigu félagsins í þessu skyni. Enn fremur skal í tengslum við starfsemi þessa leiðbeina um tamningu og notkun fjárhunda, eftir því sem við verður komið.

VII. KAFLI
Um loðdýrarækt.

44. gr.

Búnaðarfélag Íslands annast leiðbeiningar í loðdýrarækt varðandi fóðrun, kynbætur og önnur atriði, er loðdýrarækt varða og ekki er kveðið á um í lögum um loðdýrarækt nr. 68 1969.

45. gr.

Til að annast þau störf, er um getur í 44. gr., ræður Búnaðarfélag Íslands til sín ráðunaut í loðdýrarækt, þegar fé er veitt til. Hann skal jafnframt vera félagslegur ráðunautur samtaka loðdýraræktenda, sbr. 24. gr. reglugerðar um loðdýrarækt frá 16. nóv. 1969.

VIII. KAFLI
Um æðarrækt.

46. gr.

Búnaðarfélag Íslands annast leiðbeiningastörf um ræktun og hirðingu æðarvarps. Skal eftir föngum leiðbeina um umhirðu varps, myndun nýrra varpstöðva, meðferð dúns, eyðingu varps og önnur þau atriði, er að gagni mega koma við nýtingu þessara hlunninda.

47. gr.

Búnaðarfélagi Íslands er heimilt að koma upp í tilraunaskyni útungunar- og uppeldisstöð fyrir æðarunga.

IX. KAFLI
Um ræktun erlendra búfjárkynja og blöndun þeirra við innlent búfé.

48. gr.

Búfé af erlendum kynjum, sem flutt hefur verið til landsins samkvæmt lögum um innflutning búfjár nr. 74 23. apríl 1962, sbr. lög nr. 19 19. apríl 1972 og einangrað hefur verið á sóttvarnarstöð ríkisins nægilega lengi samkvæmt ákvæðum sömu laga, skal hagnýtt sem hér segir:

1. Landbúnaðarráðuneytið sér um, að aðstaða verði á einu eða fleiri ríkisbúum eða tilraunabúum, til að mynda búfjárkyn eða kynbæta þau, sem fyrir eru í landinu, með endurtekinni notkun búfjársæðis frá sóttvarnarstöðinni, eða semur við eitt eða fleiri búnaðarsambönd eða búfjárræktarsambönd um að taka að sér viðfangsefni þetta. Leita skal umsagnar og tillagna Búnaðarfélags Íslands um staðarval og alla tilhögun.
2. Heimilt er bændum að vinna að myndun búfjárkynja með endurtekinni notkun búfjársæðis frá sóttvarnarstöðinni, enda hlíti þeir fyrirmælum Búnaðarfélags Íslands um allt, er varðar framkvæmd ræktunarinnar.
3. Heimilt er, að fengnum meðmælum Búnaðarfélags Íslands, að láta bændum í té búfjársæði frá sóttvarnarstöðinni til einblendingsræktunar og framleiðslu sláturgripa, svo og til ásetnings.

49. gr.

Skylt er sóttvarnarstöðinni að hafa samráð við búfjárræktarráðunauta Búnaðarfélags Íslands um dreifingu búfjársæðis frá stöðinni, svo og að safna skýrslum um sædda gripi samkvæmt fyrirmælum þeirra. Þeir skera úr um það, hver í sinni

grein, úr hvaða karldýrum á sóttvarnarstöðinni nota skuli sæði til frjóvgunar tiltekinna kvendýra á búum þeim, sem vinna að kynbótum og myndun kynja samkv. 1. og 2. tölulið 48. gr.

Á búum þessum ber að hlíta fyrirmælum búfjárræktarráðunauta Búnaðarfélags Íslands um, hvernig vinna skuli að myndun hins nýja kyns eða kynja, merkingu gripanna og ættbókarfærslu. Búin senda árlega Búnaðarfélagi Íslands skýrslu um starfsemina á eyðublöðum, sem félagið lætur þeim í té.

Ráðunautum eða fulltrúum þeirra ber að hafa nákvæmt eftirlit með ræktunarstarfinu, skoða árlega kynblendingsgripi á kynbótabúunum, fylgjast með merkingu þeirra, ættbókarfærslu og skýrsluhaldi. Þeir skulu dæma gripina, lýsa ræktun þeirra og skrá athugasemdir sínar í gerðabók.

50. gr.

Þegar ráðunautur telur ræktun gripa af nýju kyni svo langt á veg komna, að ávinningur sé að nota þá til einblendingsræktunar, viðurkennir hann gripina hæfa til slíkrar notkunar utan kynbótabúsins. Aðra gripi af erlendum kynjum á kynbótabúinu má eigi selja til lífs eða nota utan þess, nema samþykki ráðunautar komi til, og þá aðeins til búa, er starfa samkvæmt ákvæðum 1. og 2. töluliðs 48. gr.

Noti sæðingarstöðvar eða búfjárræktarfélög kynblendingsgripi, sem ekki hafa hlotið viðurkenningu ráðunautar, til einblendingsræktunar, skulu framlög ríkissjóðs, samkvæmt lögum þessum, eigi greidd vegna notkunar slíkra gripa.

Heimilt er búnaðarsamböndum, búfjárræktar- og nautgriparæktarsamböndum að setja sér samþykktir, er kveði nánar á um blöndun erlendra búfjárkynja við hina innlendu stofna. Samþykktir þessar ber að senda Búnaðarfélagi Íslands og öðlast þær gildi, er stjórn þess hefur samþykkt þær.

51. gr.

Telji ráðunautur, að innlent búfjárkyn sé blandað erlendu á þann hátt, að hætta sé á, að spillt sé kostum hins innlenda kyns, leggur hann málið fyrir stjórn Búnaðarfélags Íslands. Fallist stjórnin á rökstuðning ráðunautarins, felur hún honum að loka ættbók hins innlenda búfjárkyns til að halda því hreinu.

52. gr.

Meðan lög nr. 74 frá 28. apríl 1962 sbr. lög nr. 19 19. apríl 1972 koma ekki til framkvæmda, er heimilt að nota til einblendingsræktar gripi af holdanautastofni þeim, sem til er í landinu, að fengnu leyfi Búnaðarfélags Íslands hverju sinni.

Þá skal landbúnaðarráðherra hlutast til um, að komið verði á fót sérstöku búi, þar sem ræktað sé úrval af þessum stofni. Búið standi undir umsjá og eftirliti Búnaðarfélags Íslands.

X. KAFLI

Um forðagæzlu.

53. gr.

Í hverjum hreppi skal vera forðagæzlumaður, einn eða fleiri, er hafi eftirlit með ásetningi búfjár, fóðrun og hirðingu. Hreppsnefnd kýs eða ræður þá að loknum hreppsnefndarkosningum hverju sinni til næstu fjögurra ára og jafnmarga til vara. Skal þess jafnan gætt að velja til þess menn, sem þekktir eru að gætilegum ásetningi og góðri meðferð búfjár.

Starfi fóðurbirgðafélag í hreppnum, er hreppsnefnd heimilt að fela stjórn þess framkvæmd forðagæzlumála.

54. gr.

Búnaðarsambönd hafa á hendi eftirlit með forðagæzlu og fóðrun, hvert á sínu sambandssvæði, og annast ráðunautar sambandsins það, svo sem við verður komið.

Nú annar ekki ráðunautur starfseminni að fullu vegna annarra verkefna, og ræður þá stjórn sambandsins hæfan mann honum til aðstoðar. Stjórnin semur við aðstoðarmenn um þóknun, og greiðist hún af 65 hundraðshlutum úr ríkissjóði og 35 hundraðshlutum af búnaðarsamböndum.

55. gr.

Skylt er forðagæzlumanni að fara minnst tvær ferðir um umdæmi sitt til eftirlits vetur hvern. Skal fyrri ferðinni lokið fyrir 1. nóvember og hinni síðari fyrir lok aprílmánaðar. Skal hann athuga vandlega um tölu búfjár á hverjum stað, húsakost þess, fóðurbirgðir, hirðingu, fóðrun og ganga úr skugga um, að fóðurbirgðir þær séu fyrir hendi, sem búfjáreigandi telur sig hafa.

Þegar að lokinni skoðun ber forðagæzlumaður niðurstöður sínar undir trúnaðarmann búnaðarsambandsins. Komi í ljós, að búfjáreiganda skorti hús eða fóður fyrir fénað sinn, vanfóðri hann eða vanhirði, skal forðagæzlumaður tilkynna það hreppsnefnd þegar í stað. Er þá hreppsnefnd skylt að aðvara þegar þann, er hlut á að máli, og gefa honum einnar viku frest til úrbóta. Hafi hann að þeim tíma liðnum ekki gert þær ráðstafanir, sem hreppsnefnd eða trúnaðarmaður búnaðarsambandsins telja fullnægjandi, ber hreppsnefnd að útvega honum fóður, ráðstafa fénaði hans til fóðrunar eða lóga, ef ekki er annars úrkosta.

Búfjáreigandi sá, er hlut á að máli, ber allan kostnað af þessum ráðstöfunum. Skylt er sýslumanni að veita hreppsnefnd stuðning við þessar framkvæmdir, ef með þarf.

56. gr.

Þegar eftir að forðagæzlumaður hefur lokið skoðun að hausti, gerir hann skýrslu um tölu búpenings, ásetning, fóðrun og fyrningar, á eyðublöðum, er Búnaðarfélag Íslands lætur í té. Skal skýrsla þessi gerð í þríriti og undirritar forðagæzlumaður öll eintökin, ásamt trúnaðarmanni viðkomandi búnaðarsambands. Forðagæzlumaður heldur einu eintaki skýrslunnar til eigin nota og varðveizlu, eitt fer til viðkomandi búnaðarsambands og varðveitist þar, en hið þriðja sendir hann Búnaðarfélagi Íslands, þegar að lokinni skoðun.

Þegar forðagæzlumaður fer um umdæmi sitt til skoðunar síðari hluta vetrar, sbr. 1. málsgr. 55. gr., skal hann rita athugasemdir um fóðurbirgðir og ástand búpenings á skýrslu sína frá sl. hausti, og tilkynna Búnaðarfélagi Íslands niðurstöður skoðunarinnar, hvort tveggja samkvæmt nánari fyrirmælum félagsins.

Hreppsnefnd semur um þóknun fyrir forðagæzlu, og greiðist hún úr sveitarsjóði.

57. gr.

Búnaðarfélag Íslands og/eða landbúnaðarráðherra geta krafið hreppsnefndir, hvenær sem er, um skýrslur varðandi fóðuröflun og fóðurbirgðir.

58. gr.

Vilji búfjáreigandi eigi hlíta ráðstöfunum forðagæzlumanns eða hreppsnefndar eða hefur þær að engu, en fénaður hans líður eða fellur sakir fóðurskorts, hirðuleysis eða harðýðgi, að áliti forðagæzlumanns eða trúnaðarmanns búnaðarsambandsins, er þessum aðilum skylt að tilkynna það sýslumanni tafarlaust, ásamt öllum málavöxtum.

59. gr.

Sá, er sekur verður um illa meðferð á skepnum, samkvæmt 58. gr., skal sæta sektum frá kr. 10 000.00 til kr. 100 000.00 eða fangelsi allt að 6 mánuðum. Vanræki forðagæzlumaður eða hreppsnefnd að gera sýslumanni aðvart um ómannúðlega meðferð á skepnum, sem þessir aðilar verða áskynja um, varðar það sektum.

XI. KAFLI
Almenn ákvæði.

60. gr.

Verði teknar upp sæðingar fleiri búfjártegunda en sauðfjár og nautgripa, greiðir ríkissjóður til þess framlag, sem landbúnaðarráðherra ákveður, að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands.

61. gr.

Búnaðarfélag Íslands lætur gefa út prentaðar allar reglur, er það setur, og mótar stefnu þess í ræktun einstakra búfjártegunda, sbr. 1. gr., svo og reglur um tilhögun sýninga og búfjárdóma.

Ráðunautar félagsins færa ættbækur um íslenzk búfjárkyn, eftir þeim reglum, er um það verða settar.

62. gr.

Á framlög þau, er ákveðin eru í lögum þessum, skal greiða verðlagsuppbót samkvæmt vísitölu, er sýni breytingar á tilkostnaði framkvæmda frá meðalkostnaði þeirra á árinu 1970. Hagstofa Íslands ákveður grundvöll vísitölu þessarar í samráði við Búnaðarfélag Íslands, og reiknar hún hana síðan árlega miðað við meðalkostnað hvers árs.

63. gr.

Landbúnaðarráðherra setur, í samráði við Búnaðarfélag Íslands, reglugerð, er kveður nánara á um framkvæmd þessara laga.

64. gr.

Verði ágreiningur um skilning á ákvæðum þessara laga, sker landbúnaðarráðherra úr, og er það fullnaðarúrskurður. Ákvæði laga þessara, varðandi hreppa og hreppsnefndir, taka og til bæjarfélaga og bæjarstjórna að breyttu breytanda.

65. gr.

Brot gegn lögum þessum eða reglugerðum, sem settar kunna að verða samkvæmt þeim, varða sektum, kr. 10 000.00 til kr. 100 000.00 nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum. Sektarfé rennur í sjóð þess búnaðarfélags, þar sem brot var framið.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum skal farið að hætti opinberra mála.

66. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi felld lög nr. 21 frá 24. apríl 1965.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta til nýrra búfjárræktarlaga er að efni til flutt óbreytt frá því, sem síðasta búnaðarþing samþykkti það. Nokkrar orðalagsbreytingar hafa verið gerðar.

Eins og fram kemur í meðfylgjandi greinargerð, vann milliþinganefnd, kjörin af búnaðarþingi 1971, að endurskoðun búfjárræktarlaganna, síðan fjallaði búnaðarþing 1972 um frumvarpið og gekk endanlega frá því.

Þær meginbreytingar, sem hér er lagt til að gerðar verði á búfjárræktarlögum, stefna að því, að kynbótastarfsemin og búfjárræktin öll í landinu aðlagist og færi sér fullkomlega í nyt nýja tækni, aukna þekkingu og bætta aðstöðu, sem skapazt hefur að undanförnu. Þessar breytingar hljóta að hafa veruleg áhrif á félagslega skipulagningu kynbótastarfsins. Ljóst dæmi um þetta eru þær róttæku breytingar, sem verða við tilkomu tveggja djúpfrystistöðva fyrir nautasæði, sem nú þegar þjóna öllu

landinu. Við þetta breytist allt kynbótastarf í nautgriparækt, möguleikarnir stóraukast fyrir heildina, en vandinn og ábyrgðin, sem fylgir nautavali til þessarra stöðva, kemur á færri hendur.

Í samræmi við þetta er nú hætt að styrkja nautahald utan þessara stöðva, nema í örfáum tilfellum.

Á hinn bóginn verður að efla verulega afkvæmarannsóknir, og eru opnaðar fleiri leiðir til að styrkja þær en áður voru fyrir hendi í lögum.

Í greinargerð þeirri, er frumvarpinu fylgdi frá búnaðarþingi, er nokkuð rakinn kostnaður, sem það leggur á ríkissjóð. Þar kemur fram, að ekki er um verulega útgjaldaaukningu að ræða, en lögin fela það í sér, að þeim mun betur sem einstaklingar og félagseiningar bænda vinna að kynbótastörfunum, og því meiri árangri sem þeir ná, þeim mun meira leggur ríkið til starfseminnar.

Kostnaðarauki vegna þessa frumvarps, ef að lögum verður, miðað við svipaða starfssemi og verið hefur, og framkvæmdavísitölu 1970, er talinn vera um 3—4 milljónir króna.

Hér fer á eftir greinargerð milliþinganefndar þeirrar, sem samdi frumvarpið fyrir búnaðarþing.

Greinargerð.

Búnaðarþing 1971 kaus þriggja manna milliþinganefnd til að endurskoða lög um búfjárrækt nr. 21 1965.

Í nefndina voru kjörnir: Egill Bjarnason, ráðunautur, Sauðárkróki, Jón Helgason, bóndi, Seglbúðum og Magnús Sigurðsson, bóndi, Gilsbakka. Nefndarálitið, sem var frumvarp til laga um búfjárrækt, var lagt fyrir Búnaðarþing 1972, sem samþykkti frumvarpið ásamt greinargerð, eins og það liggur nú fyrir.

I. KAFLI

Um yfirstjórn, félagskerfi og leiðbeiningaþjónustu.

Nýmæli í þessum kafla frumvarpsins eru þessi helzt:

1. gr. kveður á um, að Búnaðarfélag Íslands fari með yfirumsjón allrar búfjárræktar í landinu og helztu verkefni þess skilgreind. Slík ákvæði hafa ekki áður verið í þessum lögum og starfssvið Búnaðarfélags Íslands verið markað af langri hefð, en eðlilegt er, að lög um búfjárrækt hefjist á skilgreiningu þess félagskerfis, sem sér um framkvæmd laganna fyrir hönd ríkisins og vinnur að framförum í búfjárrækt landsmanna.

2. gr. fjallar um næsta stig félagskerfisins, þ. e. búnaðarsamböndin og þau sérsambönd, sem á vegum þeirra vinna. Er þar gert ráð fyrir, að öll búnaðarsambönd skuli hafa búfjárræktarsamþykkt, en geti falið sérstökum búfjárræktarsamböndum verkefnin með ákvæðum í henni. Í lögum er nú ekki gert ráð fyrir, að búnaðarsamböndum sé skylt að hafa búfjárræktarsamþykkt. Skýrt er tekið fram, að sérsamböndin heyra undir búnaðarsamböndin, sem þáttur í einu heildarkerfi.

3. gr. fjallar á hliðstæðan hátt um félagskerfið í einstökum hreppum. Þar er einnig gert ráð fyrir, að búnaðarfélögin hafi samþykkt um búfjárrækt og geti annað hvort séð beint um starfsemina í einstökum greinum, þar á meðal skýrsluhald, eða falið það sérstökum félögum.

Enn fremur er hér tekið fram, að Búnaðarfélag Íslands mótar samþykktir í öllu félagskerfinu með gerð vissra fyrirmynda að þeim, og verður að staðfesta þær. Er þar með tryggt, að þau frávik, sem mismunandi aðstæður kunna að skapa í samþykktum einstakra sambanda eða félaga, fari aldrei út fyrir þau mörk, sem meginstefnunni eru sett.

Í 4. gr. er leitazt við að afmarka þá leiðbeiningaþjónustu, sem haldið skal uppi með stuðningi af ríkisfé. Annars vegar ráðunautaþjónustu Búnaðarfélags Íslands í búfjárrækt, sem ekki hefur áður stuðzt við lög, og eru talin upp nokkur helztu verk-

efnin, ásamt þeim skilyrðum um menntun, sem ráðunautar þurfa að uppfylla. Hins vegar eru ákvæði um héraðsráðunauta, sem raunar eru í lögum, að því er varðar búfjárræktina. Hér eru þau þó þannig orðuð, að telja má, að þau nái yfir þessa starfsemi almennt, auk upptalningar á aðalverkefnum þeirra á sviði búfjárræktar. Enn fremur er hér lagt til, að ríkissjóður leggi fram sama hlutfall, 65% af ferðakostnaði héraðsráðunauta, eins og nú er greitt af launum þeirra. Er það nýmæli, en rökstutt með því, að tekjur búnaðarsambandanna aukast hvergi nærri í hlutfalli við hækkanir launa og kostnaðar.

Í köflum þeim, sem hér fara á eftir, er gert ráð fyrir þeim almennu ákvæðum, sem í þessum kafla felast, og því fellt niður margt um félagsskipun og verksvið, sem talið var óþarft að endurtaka.

II. KAFLI

Nautgriparækt.

Á þessum kafla gerir frumvarpið ráð fyrir mestum breytingum, enda hafa orðið grundvallarbreytingar á aðstöðu til kynbóta á nautgripastofninum við tilkomu djúpfrystingartækni, sem gerir kleift að ná til alls landsins frá einni nautastöð. Þessar breytingar er helzt að nefna:

Tekin er upp sérstök grein, er lögfestir, að Búnaðarfélag Íslands reki nautastöð til framleiðslu á djúpfrystu sæði, eins og þegar er gert. Engin ákvæði eru til, sem tryggi Búnaðarfélagi Íslands einkarétt til slíks, enda starfar áfram ein nautastöð önnur, sem selur ferskt sæði og skiptir verulegur hluti bænda við hana.*) Taki hún að framleiða djúpfryst sæði fyrir viðskiptasvæði sitt, virðist hugsanlegt, að landið gæti skipzt til frambúðar í tvö ræktunarsvæði, en slíkt hlyti að hafa í för með sér aukinn kostnað og væri mjög óæskilegt, þar eð kúastofn landsins er talinn sízt of stór, til að vera ein ræktunarheild. Því er hér lagt til, að athuguðu máli, að á vegum Búnaðarfélags Íslands starfi kynbótanefnd, þannig skipuð, að hún hafi sem bezt tengsl við alla landshluta, og hafi vald til að skipuleggja sameiginlega nautaval og undirstöðu þess fyrir þær nautastöðvar, sem í landinu verða, til að tryggja sem bezta nýtingu fjármuna og framfaragetunnar í kúastofninum. Hér er engan veginn gert ráð fyrir viðskiptalegri einokun, en reynt að stuðla að einhuga framkvæmd kynbótastefnunnar á sem hagkvæmastan hátt. Um þessi atriði er fjallað í 5. og 6. gr.

Frumvarpið gerir ráð fyrir, að niður falli núgildandi ákvæði um kynbótanefndir í hverjum hreppi. Verkefni þeirra, að sjá um nautahald, er í 7. grein fengið búnaðarsamböndum (nautgriparæktarsamböndum, þar sem þau starfa). Ætlazt er til, að þau ræki það með því að nota sæði frá nautastöðvum, fryst eða ferskt, og reki til þess dreifingarstöðvar. Kerfi þeirra hefur þegar verið komið upp um mestan hluta landsins. Þarf litlu við það að bæta, en þó eru ákvæði um stofnframlög látin haldast. Gert er ráð fyrir nautahaldi á þeim fáu svæðum, þar sem ekki verður komið við sæðingum, vegna torleiðis eða mikils kostnaðar.

Til að standa undir kostnaði af þessu starfi, er búnaðarsamböndum ætluð framlög frá ríkissjóði, eins og verið hefur, með þeim breytingum, að lagt er til, að framlög vegna launa sæðingamanna hækki úr 50% í 65% af viðurkenndum launum og framlag á sædda kú úr kr. 53.25 í kr. 65.00. Árið 1970 voru sæddar 15 073 kýr. Gert er ráð fyrir, að þar sem færri kýr en 300 eru sæddar frá dreifistöð, megi miða framlag ríkissjóðs við fast gjald á hverja kú, enda eru ráðningarkjör sæðingarmanna með ýmsum hætti, þar sem þannig stendur á.

Þá er lagt til, að búnaðarsambönd geti innheimt hjá mjólkurbúum gjald af innveginni mjólk, allt að 0.7% af grundvallarverði. Það, sem á vantar, innheimtist sem gjald á sædda kú, og má mismuna mönnum eftir því, hvort þeir halda afurðaskýrslur eða ekki. Mjög mismunandi virðist, að hve miklu leyti þetta mjólkurgjald muni nægja samböndunum, allt frá því að duga fyrir kostnaði, sem er umfram ríkisframlag, og niður í minna en helming af honum. Hugmyndin er sú, að samböndin

*) Nautastöð Búnaðarsambands Suðurlands hefur nú tekið upp djúpfrystingu sæðis.

beiti álagningu þessara gjalda, eftir því sem heppilegast telst til að örva menn til þátttöku í sæðingum og skýrsluhaldi. Gjald þetta á alla mjólk má réttlæta með því, að allir mjólkurframleiðendur hagnast á kynbótastarfsemi.

8. gr. fjallar um ríkisframlög til nautastöðva, en eins og fram kemur hér á undan, er það heiti í frumvarpinu notað um stofnun, sem heldur naut til að taka úr þeim sæði til að selja ferskt eða fryst. Þeim er ætlaður sami hluti af launum forstöðumanns og eins aðstoðarmanns við hvora stöð og greitt er vegna launa héraðsráðunauta og sæðingamanna, þ. e. 65%.

Gert er ráð fyrir, að niður falli öll ákvæði gildandi laga um fóðurstyrk á naut.

Í 9. gr. kveður á um framlög til búnaðarsambanda og nautgriparæktarfélaga vegna skýrsluhalds. Er gert ráð fyrir svipaðri upphæð og er í lögum, nema skipt jafnt milli þessara aðila.

Þegar svo er komið, að fá naut eru notuð handa öllum kúm í landinu, verður nauðsynlegt að vanda val þeirra sem bezt. Er því nauðsynlegt að kanna erfðaeðli þeirra með afkvæmarannsóknum. Ætla má, að afkvæmarannsaka þurfi 20—30 naut árlega, er fram líða stundir. Svo mörg geta þau ekki orðið á næstunni, og væri gott, ef hægt væri að hafa 12—14 í takinu. Einkum er rætt um þrjár leiðir. Afkvæmarannsóknir á sérstökum stöðvum, en tvær slíkar eru til í landinu og mætti hugsanlega rannsaka þar allt að 8 naut árlega, líklega þó ekki nema 6. Þá er hugsanlegt að rannsaka afkvæmahópa á búum bænda með sérstökum samningum við þá um nautanotkun og kvígnauppeldi. Í þriðja lagi má vinna upplýsingar upp úr skýrslum bænda um kúabúin. Rétt þótti að miða ákvæði laga við það, að hægt væri að fara allar þessar leiðir.

Í 10. gr. er gert ráð fyrir, að ríkið beri nokkurn kostnað af rannsóknum þessum, enda er hér um þess háttar starfsemi að ræða, að slíkt má teljast eðlilegt og sjálfsagt.

Tillögur frumvarpsins um framlög og hámarksframlög eru sniðnar að mestu eftir tillögum þriggja manna nefndar, er kannaði þetta mál ítarlega árið 1970.

Í 11. gr. eru ákvæði um kúasýningar efnislega lítið breytt. Gert er ráð fyrir, að ríkið greiði allt að kr. 3.00 fyrir hvern framtalinn nautgrip á hverju sýningarsvæði, enda leggi sveitarsjóðir jafnt á móti.

Tekin eru upp ný ákvæði um héraðssýningar á kúm og gert ráð fyrir nokkrum verðlaunum á þeim. Mun þó ekki þurfa miklar fjárhæðir til slíkra verðlauna, því sjaldan munu kýr ná háum verðlaunum fyrir afkvæmi.

Í 12. gr. eru tekin upp ákvæði 17. gr. gildandi laga um eftirlit með álitlegum nautsmæðrum. Talið er, að það muni hafa vaxandi þýðingu, og eru tiltekin nokkru hærri framlög vegna þess, en nú er í lögum. Undanfarið hefur þessi heimild lítið verið notuð, en þessu fylgir veruleg fyrirhöfn og erill og þar af leiðandi kostnaður.

13. gr. um vörzlu nauta er óbreytt 8. gr. laganna. Felld eru niður ákvæði 16. gr. gildandi laga um framlög vegna nautagirðinga.

III. KAFLI

Um sauðfjárrækt.

Í þessum kafla eru gerðar breytingar til samræmis því, er fram kemur í I. kafla frumvarpsins, og tekur til hinnar félagslegu uppbyggingar. Til skýringa einstökum greinum skal eftirfarandi tekið fram:

14. gr. þarf ekki skýringa við.

15. gr. kveður á um framlög til fjárræktarfélaga. Þau námu árið 1971 kr. 1 370 þús. Gert er ráð fyrir þeirri breytingu á þessum framlögum, að þau hækki, ef 80% af fé félagsmanna og þar yfir er skýrslufært, einnig ef notaðir eru hrútar, sem hafa verið afkvæmaprófaðir og hlotið góðan afkvæmadóm. Þessi breyting ætti að stuðla að örari framförum í ræktuninni. Þetta veldur hækkun á framlögunum um kr. 150 þús., miðað við starfsemi félaganna árið 1970.

16. gr. fjallar um sauðfjársæðingarstöðvar, en ákvæði um þær eru ekki í kaflanum um sauðfjárrækt í gildandi lögum. Lagt er til, að ríkissjóður greiði ⅓ af stofn-

kostnaði stöðvanna og kr. 25.00 á hverja á, sem sædd er með sæði frá stöðinni. Nú eru starfandi 3 sauðfjársæðingarstöðvar og ekki er gert ráð fyrir stofnun fleiri stöðva á næstu árum. Framlag til sauðfjársæðingastöðvanna nam á árinu 1971 kr. 79 þús. Sá liður hækkar samkv. frumvarpinu í kr. 260 þús. miðað við starfsemi stöðvanna 1970.

17. gr. gefur heimild til handa Búnaðarfélagi Íslands að stofnsetja og reka stöð til djúpfrystingar, geymslu og sölu á hrútasæði, hliðstætt við nautastöð félagsins. Þar er einnig ákvæði um kynbótanefnd á sviði sauðfjárræktar og starfssvið hennar.

18.—23. gr. fjalla um stofnræktun, vörzlu hrúta og sýningar. Efnislega eru þær næstum óbreyttar frá því, sem er í gildandi lögum, að öðru leyti en því, að tekið er inn ákvæði um héraðssýningar á sauðfé.

24. gr. tekur til afkvæmarannsókna. Þar er lögð til hækkun á framlagi úr kr. 115.00 í kr. 150.00 fyrir hverja á, sem skýrslufærð er í rannsóknum þessum. Veldur það hækkun á heildarframlaginu úr kr. 146 þús. í kr. 200 þús., miðað við þessa starfsemi árið 1970.

25. gr. kveður á um, að sláturleyfishöfum sé skylt að láta í té aðstöðu til þess að gera nauðsynlegar athuganir á föllum dilka, sem eru í afkvæmarannsókn. Óhjákvæmilegt er, að slík aðstaða sé til, ætti að vera auðvelt að koma því við, ef móttaka þessara lamba er skipulögð, þegar áætlun um slátrun í viðkomandi húsi er gerð, t. d. að þeim sé jafnan slátrað síðasta sláturdag hverrar viku.

26. gr. er næstum óbreytt.

IV. KAFLI
Um hrossarækt.

27. gr. fjallar um verkefni búnaðar- eða hrossaræktarfélaga. Frumvarpið gerir ráð fyrir, að hætt verði kosningu kynbótanefnda í einstökum hreppum, en þau verkefni, sem þeim eru ætluð í gildandi lögum, komi í hlut búnaðar- eða hrossaræktarfélaga.

28. gr. er um tekjustofn til handa félögunum, sem ætlað er að standa undir hluta af þeim kostnaði, sem leiðir af framkvæmd ákvæða 27. greinar. Tekjustofn þessi er kr. 15.00 árlegt framlag frá ríkissjóði á hvert framtalið hross, gegn jöfnu framlagi frá sveitarfélögum. Þessi tekjustofn gefur 502 þús. kr. frá hvorum aðila, miðað við tölu framtalinna hrossa árið 1970. Ekki er gert ráð fyrir þessu ríkisframlagi í gildandi lögum.

29. gr. segir til um framlög til búnaðar- eða hrossaræktarfélaga, sem greitt skal úr ríkissjóði. Framlag þetta miðast við tölu tamdra hryssna og fer stighækkandi eftir gæðum hrossanna, sem leidd eru saman. Áætla má, að þetta framlag nemi kr. 200 þús. árlega á næstu árum.

30. gr. kveður á um hrossaræktarsambönd og framlag úr ríkissjóði til þeirra. Frumvarpið gerir ráð fyrir þeim breytingum frá gildandi lögum, að framlögin, sem greidd eru á stóðhesta, sem notaðir eru á vegum sambanda, fari hækkandi eftir því, sem hesturinn hefur fengið hærri viðurkenningu. Ætla má, að árleg framlög í þessu skyni nemi kr. 900 þús.

Samkvæmt 28., 29. og 30. gr. er gert ráð fyrir kr. 1 602 þús. frá ríkissjóði og kr. 502 þús. frá sveitarfélögum. Hliðstæð ríkisframlög í gildandi lögum nema kr. 926 þús. vegna ársins 1970.

31. gr. fjallar um vörzlu stóðhesta. Ákvæði þar um eru hert frá gildandi lögum, gerð skýrari og einfaldari í framkvæmd.

32. gr. er um undanþágu frá ákvæðum 31. gr. um vörzlu stóðhesta. Þar er á fullnægjandi hátt komið til móts við þá, sem enn stunda stóðhestabúskap til kjötframleiðslu, en jafnframt leitazt við að valda ræktunarmönnum sem minnstum skaða, enda hlýtur tilgangur laganna fyrst og fremst að vera sá, að árangur náist í ræktuninni.

33. gr. Þarfnast ekki skýringa.

34. gr. kveður á um sýningar. Lagt er til, að auk fjórðungs- og landssýninga komi árlegar sveita eða svæðasýningar, ef viðkomandi félög óska eftir. Á þeim sýningum má sýna hross, einstaklinga og afkvæmahópa, sem ekki hafa áður hlotið fyrstu verðlaun.

Með þessu er gefinn kostur á að fá hrossin dæmd um leið og þau eru tæk til dóma eða hækka í verðlaunum, eftir því sem þau eldast og mótast, enda er þess þörf vegna áðurgreindra ákvæða um stighækkandi framlög.

Þá eru skýr ákvæði um, að fjórðungs- og landsmót beri ekki kostnað af störfum dómnefndar kynbótahrossa og greiðslu verðlauna á þau.

Nýmæli er ákvæði um 5 manna sýningarnefnd, er starfi á vegum Búnaðarfélags Íslands. Lagt er til, að Landssamband hestamannafélaga tilnefni tvo menn í þessa nefnd. Verður það að teljast eðlilegt, þar sem samvinna er um fjórðungs- og landsmót, auk þess sem allmörg hestamannafélög hafa hrossarækt á stefnuskrá sinni. Hér er gerð undantekning frá þeirri grundvallarreglu frumvarpsins, að Búnaðarfélag Íslands fari eitt sér með framkvæmd þessara mála, enda ekki um að ræða hliðstæða samvinnu við frjálsan félagsskap á sviði annarra búgreina.

35. gr. fjallar um upphæð peningaverðlauna á kynbótahross, sem dæmd eru í verðlaunaflokka á fjórðungs- og landsmótum. Lagt er til, að verðlaunin hækki verulega. Gerður er allmikill munur á verðlaunum fyrir afkvæmi og einstaklingsverðlaunum.

Þá eru einstaklingsverðlaun mishá eftir aldursflokkum. Ætla má, að meðal framlag ríkissjóðs til greiðslu á þessum verðlaunum nemi um kr. 600 þús. árlega. Hærra þau ár, sem landsmót eru haldin, en lægra, ef aðeins fer fram eitt fjórðungsmót.

36. gr. kveður á um hrossaræktarbú o. fl. Ákvæðin um þau bú eru að mestu óbreytt frá gildandi lögum, að öðru leyti en því, að staðsetning þeirra verður ekki eins bundin. Tekin eru upp ákvæði um stofnræktun hrossa og fjárframlög til þeirra félaga eða einstaklinga, sem vinna að slíkri ræktun. Gert er ráð fyrir, að framlag ríkissjóðs miðist eingöngu við tamdar hryssur, sem samþykktar eru og skráðar í stofnræktina, og gæti það árlega numið um kr. 100 þús.

Loks eru ákvæði um afkvæmaprófanir á stóðhestum. Þau eru sniðin eftir því formi, sem þegar hefur verið tekið upp á þessu sviði. Má ætla, að til þessa þurfi um kr. 900 þús. árlega frá ríkissjóði, ef gert er ráð fyrir mest 18 tamningamánuðum á hvern hest og allt að 10 afkvæmum undan hverjum hesti.

37. gr. fjallar um merkt nýmæli, sem er myndun Stofnverndarsjóðs í þeim tilgangi að hafa meira vald á útflutningi kynbótahrossa, en þess er full þörf, því áframhaldandi markaður erlendis gerir stöðugt kröfur um betri hross. Stóraukin hrossarækt er því eina úrræðið, sem við höfum til þess að sinna þessum markaði og ná háu verði fyrir útflutt hross. Því verður að tryggja notkun verðmætustu kynbótahrossanna innanlands og þessari sjóðstofnun ætlað að þjóna því markmiði.

38. gr. er einnig nýmæli og fjallar um heimild til handa sýslunefndum eða sveitarstjórnum að skylda menn til þess að hafa öll sín hross í vörzlu, nema þann tíma, sem leyft kann að verða að hafa þau á afrétti. Gera má ráð fyrir, að víða komi fram áhugi á þessu, þar eð skipulagslaus hrossabeit fer illa með land og getur staðið í vegi fyrir uppgræðslu lands og hagkvæmri áburðarnotkun á það. Enn fremur má ætla, að með aukinni og almennari hrossarækt en nú er, hverfi sá stóðbúskapur, sem enn tíðkast í sumum hrossaflestu héruðum landsins. Þá má benda á, að þvælingur á hrossum meðfram þjóðvegum veldur síaukinni slysahættu með vaxandi umferð.

V. KAFLI

er efnislega óbreyttur.

VI. KAFLI
Um hundarækt.

Þessi kafli er ekki í gildandi lögum, en í honum er gert ráð fyrir, að Búnaðarfélag Íslands hafi forgöngu um, að tekin sé upp ræktun hreinkynja fjárhunda, annað hvort á sérstöku búi eða hjá einstaklingum, sem sinna vildu slíku starfi.

VII. KAFLI
Um loðdýrarækt.

Þetta er nýr kafli. Þar eð loðdýr (minkar) hafa verið fluttir til landsins og vonast verður eftir að minkaeldi verði arðgæf búgrein, þykir rétt að hafa ákvæði um leiðbeiningaþjónustu við þessa búgrein í búfjárræktarlögum, enda hefur stjórn samtaka loðdýraræktenda farið þess á leit við Búnaðarfélag Íslands, að það ráði sérfræðing í minkarækt sem ráðunaut a. m. k. hluta úr árinu.

VIII. KAFLI
Um æðarrækt.

Nú um nokkurra ára skeið hefur Búnaðarfélag Íslands veitt æðarræktarbændum nokkrar leiðbeiningar um ræktun og hirðingu æðarvarps og myndun nýrra varpstöðva. Áður fyrr hafði félagið æðarræktarráðunaut í þjóðnustu sinni um árabil. Nú hafa flestir æðarræktarbændur landsins bundizt félagssamtökum til eflingar þessarar búgreinar og óska eftir leiðbeiningaþjónustu frá Búnaðarfélagi Íslands.

Þykir eðlilegt að hafa heimild til þess í búfjárræktarlögum.

IX. KAFLI
Óbreyttur eins og VII. kafli í gildandi lögum.

X. KAFLI
Um forðagæzlu.

Þessi kafli er efnislega óbreyttur frá VIII. kafla gildandi laga, að öðru leyti en því, að felld eru niður öll ákvæði varðandi stofnun og starfrækslu fóðurbirgðafélaga.

XI. KAFLI
Almenn ákvæði.

60. gr. er um sæðingar annarra búfjártegunda en nautgripa og sauðfjár. Þessi ákvæði eru færð undir þennan kafla, þar sem lagt er til, að VI. kafli gildandi laga falli niður og ákvæði um sæðingar nautgripa og sauðfjár tekin inn í II. og III. kafla frumvarpsins.

61. gr. er um útgáfu á reglum, er móta stefnu Búnaðarfélags Íslands í ræktun einstakra búfjártegunda svo og reglur um tilhögun sýninga og búfjárdóma. Tilgangurinn með þessu er, að stefna Búnaðarfélags Íslands á sviði búfjárræktar komi skýrt fram og sé kynnt sem flestum.

Aðrar greinar þessa kafla eru að mestu óbreyttar frá gildandi lögum.

Ed. **78. Frumvarp til laga** [74. mál]

um breyting á lögum nr. 67 10. maí 1966, um vélstjóranám.

Flm.: Páll Þorsteinsson, Bjarni Guðbjörnsson.

1. gr.

4. gr. laganna orðist svo:

Námskeið, er veiti þá fræðslu, sem þarf til að ljúka 1. stigi vélstjóranáms, skal skólastjóri Vélskóla Íslands láta halda árlega á þessum stöðum: Reykjavík, Ísafirði, Akureyri, Höfn í Hornafirði og Vestmannaeyjum.

Námskeiðin skulu haldin á sama tíma og kennsla fer fram í Vélskóla Íslands í Reykjavík.

Kennslutími skal vera minnst fimm mánuðir.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Flutningsmenn þessa frumvarps báru fram á síðasta þingi frumvarp samhljóða þessu. Málið hlaut þá ekki fullnaðarafgreiðslu og er því flutt á ný. Frv. fylgdi svo hljóðandi greinargerð:

„Samkvæmt lögum greinist vélstjóranám í fjögur stig, og veitir nám á hverju stigi þá menntun, sem krafizt er til að geta öðlazt tiltekin atvinnuréttindi.

Nám á 1. stigi fer fram á námskeiðum á vegum Vélskóla Íslands. Sá, sem lokið hefur vélstjóranámi 1. stigs, fær þegar í stað réttindi til að vera yfirvélstjóri á fiskiskipi með 51—250 ha. vél og undirvélstjóri á fiskiskipi með 251—500 ha. vél. Og að loknum 12 mánaða starfstíma öðlast hann rétt til að vera yfirvélstjóri á fiskiskipi með 251—500 ha. vél.

Kennsla á 1. stigi vélstjóranáms er nú veitt í Reykjavík, Akureyri og Vestmanneyjum. Hins vegar hefur ekki að jafnaði verið gefinn kostur á slíku námi á Austfjörðum og Vestfjörðum.

Allmargir vélstjórar á íslenzkum fiskiskipum hafa fengið leyfi til að starfa með undanþágu frá fullum vélstjóraréttindum, og er það ekki sízt í þeim landshlutum, þar sem kennsla á þessu sviði er ekki veitt.

Þótt brýna nauðsyn hafi borið til þess að ráða á fiskiskip vélstjóra með undanþágu frá fullum réttindum í samræmi við menntunarkröfur, þá er það óeðlilegt og varhugavert að þurfa að láta þá skipan þessara mála haldast til frambúðar. Vélar skipanna verða æ fullkomnari, og á hinum traustu skipum er sótt mjög djarft á fiskimiðin. Að því ber að stefna, að þeir, sem búa sig undir vélstjórastarf, eigi sem greiðasta leið til þess í öllum landsfjórðungum að afla sér menntunar í samræmi við þær kröfur, sem gerðar eru, og öðlast þannig full atvinnuréttindi.

Í frv. þessu er kveðið svo á, að námskeið, er veiti þá fræðslu, sem þarf til að ljúka 1. stigi vélstjóranáms, skuli halda árlega í Reykjavík, Ísafirði, Akureyri, Höfn í Hornafirði og Vestmannaeyjum. Námskeiðin skulu haldin á sama tíma og kennsla fer fram í Vélskóla Íslands í Reykjavík.“

Nd. 79. Frumvarp til laga [75. mál]

um innheimtu ýmissa gjalda með viðauka.

(Lagt fyrir Alþingi á 93. löggjafarþingi, 1972.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að innheimta á árinu 1973 með viðauka eftirtalin gjöld til ríkissjóðs:

a. Með allt að 140% viðauka stimpilgjald af öðru en afsölum fyrir fasteignum og skipum, leigusamningum um jarðir og lóðir og af kaupmálum.
b. Með allt að 140% viðauka leyfisbréfagjöld, önnur en þau, er um ræðir í aukatekjulögum nr. 104/1965.

2. gr.

Álagið skal reikna þannig, að hver gjaldeining hækki um þann hundraðshluta, sem um ræðir í 1. gr., en broti úr eyri, sem myndast við viðbót þessa, skal sleppt.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Lagt er til, að heimilað verði, að þau gjöld, sem tilgreind eru í frumvarpi þessu, verði innheimt með sömu viðaukum á árinu 1973 og gert hefur verið á þessu ári.

Nd. 80. Frumvarp til laga [76. mál]

um breyting á lögum nr. 7 23. marz 1972, um breyting á lögum nr. 68 15. júní 1971, um tekjuskatt og eignaskatt.

(Lagt fyrir Alþingi á 93. löggjafarþingi, 1972.)

1. gr.

IV. liður 11. greinar laganna orðist svo:

Tekjuskatt þeirra manna, sem náð hafa 67 ára aldri á skattárinu, eða áttu rétt til örorkulífeyris samkvæmt lögum nr. 67/1971 um almannatryggingar, skal lækka sem hér segir:

a. Tekjuskatt 14 000 krónur eða lægri hjá einstaklingum og 22 000 krónur eða lægri hjá hjónum, skal fella niður.
b. Tekjuskatt einstaklinga á bilinu frá 14 000 til 56 000 krónur skal lækka um fjárhæð, sem nemur 14 000 krónum, að frádregnum þriðjungi þeirrar fjárhæðar sem óskertur tekjuskattur er hærri en 14 000 krónur.
c. Tekjuskatt hjóna á bilinu frá 22 000 til 88 000 krónur skal lækka um fjárhæð, sem nemur 22 000 krónum, að frádregnum þriðjungi þeirrar fjárhæðar, sem óskertur tekjuskattur er hærri en 22 000 krónur.

2. gr.

VI. liður 11. greinar laganna fellur niður.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við álagningu skatta til ríkissjóðs fyrir skattárið 1971.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um ástæður fyrir frumvarpi þessu, sem borið er fram í samræmi við 28. gr. stjórnarskrárinnar, vísast til fylgiskjalsins hér á eftir.

Fylgiskjal.

BRÁÐABIRGÐALÖG

um breyting á lögum nr. 7 23. marz 1972, um breyting á lögum nr. 68 15. júní 1971, um tekjuskatt og eignaskatt.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Fjármálaráðherra hefur tjáð mér, að við álagningu tekjuskatts á tekjur skattársins 1971, hafi tekjuskattur á hluta af hinum tekjulægri í hópi elli- og örorkulífeyrisþega reynzt mun meiri en gert var ráð fyrir þegar skattalögin voru sett. Brýna nauðsyn beri því til að lækka þessar álögur í samræmi við þá meginstefnu að létta byrðar þeirra, sem minna mega sín.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög samkvæmt 28. grein stjórnarskrárinnar á þessa leið:

1. gr.

IV. liður 11. greinar laganna orðist svo:

Tekjuskatt þeirra manna, sem náð hafa 67 ára aldri á skattárinu, eða áttu rétt til örorkulífeyris samkvæmt lögum nr. 67/1971 um almannatryggingar, skal lækka sem hér segir:

a. Tekjuskatt 14 000 krónur eða lægri hjá einstaklingum og 22 000 krónur eða lægri hjá hjónum, skal fella niður.
b. Tekjuskatt einstaklinga á bilinu frá 14 000 til 56 000 krónur skal lækka um fjárhæð, sem nemur 14 000 krónum, að frádregnum þriðjungi þeirrar fjárhæðar sem óskertur tekjuskattur er hærri en 14 000 krónur.
c. Tekjuskatt hjóna á bilinu frá 22 000 til 88 000 krónur skal lækka um fjárhæð, sem nemur 22 000 krónum, að frádregnum þriðjungi þeirrar fjárhæðar, sem óskertur tekjuskattur er hærri en 22 000 krónur.

2. gr.

VI. liður 11. greinar laganna fellur niður.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við álagningu skatta til ríkissjóðs fyrir skattárið 1971.

Gjört að Bessastöðum, 11. ágúst 1972.

Kristján Eldjárn.
(L. S.)

Halldór E. Sigurðsson.

Nd. **81. Frumvarp til laga** [77. mál]

um ábyrgðarheimild fyrir ríkisstjórnina vegna lántöku Fiskveiðasjóðs Íslands og fleira.

(Lagt fyrir Alþingi á 93. löggjafarþingi, 1972.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að veita sjálfskuldarábyrgð á erlendu láni allt að $ 10 000 000, er Fiskveiðasjóður Íslands tekur til endurlána vegna kaupa á togurum, sem smíðaðir eru utanlands.

2. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 11. gr. laga nr. 75 frá 13. maí 1966, er Fiskveiðasjóði heimilt að veita eigendum skipanna lán, er nemi 4/5 af kaupverði þeirra. Heimilast ríkisstjórninni að veita sjálfskuldarábyrgð á þeim hluta lánanna, sem er yfir 2/3 kaupverðs skipanna.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Lagt er til, að ríkisstjórninni verði heimilað að veita sjálfsskuldarábyrgð á erlendu láni, sem Fiskveiðasjóður Íslands tekur til endurlána til kaupenda nokkurra togara, sem smíðaðir eru erlendis. Kemur lán sjóðsins í stað þeirra erlendu lána til 8 ára, sem seljendur togara hafa yfirleitt látið í té. Er hér ekki um ný kaup á skipum að ræða umfram þau, sem áður voru samþykkt og kemur þessi ríkisábyrgðarheimild að þessu leyti í stað ríkisábyrgðar, sem ákveðin var á grundvelli laga nr. 28 frá 12. maí 1972. Er ráðgert, að hinu erlenda láni Fiskveiðasjóðs verði varið til greiðslu á 4/5 kaupverðs skipanna.

Endurlán Fiskveiðasjóðs til kaupenda skiptast þannig, að 2/3 kaupverðs er veitt í láni skv. reglum sjóðsins, en hinn hluti endurlánsins, upp að 4/5 af kaupverði skipanna, er veittur að láni skv. reglum, sem þar um verða settar og yrði sá hluti með sérstakri ábyrgð ríkissjóðs. Samkvæmt lögum Fiskveiðasjóðs er ekki heimilt að veita lán, vegna skipakaupa erlendis frá, er séu hærri en 2/3 kaupverðs eða matsverðs hvort sem lægra reynist, en með því að sjóðurinn tekur lán þetta, sem samsvarar um 4/5 af kaupverði skipanna, er það nánast hagkvæmnisatriði að hafa þetta fyrirkomulag á, enda komi sjálfsskuldarábyrgð ríkissjóðs á þann hluta láns, sem vantar upp á 4/5 kaupverðs.

Endurlán til kaupenda skipanna eru ákveðin til 8 ára, en hið erlenda lán sjóðsins verður til 15 ára. Verður andvirði þess, seinni hluta lánstímans, varið almennt til að standa undir skipalánum Fiskveiðasjóðs.

Loks skal tekið fram, að ekki er þörf lagaheimildar fyrir stjórn Fiskveiðasjóðs að taka lán innanlands eða utan. Hins vegar má geta þess, að aðeins innlendar skuldbindingar sjóðsins eru með ábyrgð ríkissjóðs, sjá 6. gr. laga nr. 75 frá 13. maí 1966.

Ed. **82. Frumvarp til laga** [78. mál]

um breyting á lögum nr. 1 11. febrúar 1970, um tollskrá o. fl.

(Lagt fyrir Alþingi á 93. löggjafarþingi, 1972.)

1. gr.

Á tollskránni 1. gr. eru gerðar þessar breytingar:

1. Á almennum reglum um túlkun tollskrárákvæða:
   a. Regla 2 orðist svo:
      2. a. Þegar talað er um tilteknar vörur í tollskrárnúmeri, tekur það einnig yfir ófullgerðar vörur eða vörur, sem eitthvað vantar á, ef þær við innflutning, að öllu verulegu leyti líta út eins og hinar fullgerðu vörur. Enn fremur tekur það yfir þessar vörur fullgerðar eða heilar (eða vörur, sem flokkast þannig skv. þessum lið), þegar þær eru fluttar inn ósamsettar eða sundurteknar.
      b. Þegar talað er um tiltekið efni í tollskrárnúmeri, tekur það ekki einungis til efnisins óblandaðs, heldur einnig til þess í blöndum eða í samblöndum við önnur efni. Sérhver tilvísun til vara úr tilteknu efni tekur til vara, sem að öllu eða nokkru leyti eru úr því efni. Um tollflokkun blandaðra og samsettra vara fer eftir reglum 3. liðs hér á eftir.
   b. Regla 3 b (2. lína):
      „a" verði „3 a".
   c. Regla 3 c (1. lína):
      „a eða b" verði „3 a eða 3 b".
   d. Regla 4 falli niður.
   e. Regla 5 verði regla 4.

2. Á 1. kafla:
   Athugasemd við kaflann orðist svo:
   Athugasemd:
   Til kaflans teljast öll lifandi dýr, nema:
   a. Fiskur, krabbadýr og lindýr, sem teljast til nr. 03.01 og 03.03.
   b. Hreinræktaður sýklagróður og aðrar vörur, sem teljast til nr. 30.02.
   c. Dýr, sem teljast til nr. 97.08.

3. Á 2. kafla:
   Nr. 02.05 orðist svo:
   02.05 Svínafita án kjöts og alifuglafita (óbrædd og ópressuð), ný, kæld, fryst, söltuð, í saltlegi, þurrkuð eða reykt.

4. Á 3. kafla:
   Nr. 03.02 orðist svo:
   03.02 Fiskur, þurrkaður, saltaður eða í saltlegi; reyktur fiskur, einnig soðinn á undan eða jafnhliða reykingu.

5. Á 4. kafla:
   a. Fyrirsögn kaflans orðist svo:
      Mjólkurafurðir; fuglaegg; býflugnahunang; ætar afurðir úr dýraríkinu, ót. a.
   b. Nýtt tollskrárnúmer, nr. 04.07, sem bætist við kaflann, orðist svo:
      04.07 Ætar afurðir úr dýraríkinu, ót. a.

6. Á 6. kafla:
   Í stað síðustu setningar í 1. athugasemd kaflans „til kaflans . . . (7. kafli)" komi: Til kaflans teljast þó ekki kartöflur, matlaukur, skalotlaukur, hvítlaukur og aðrar vörur, sem teljast til 7. kafla.

7. Á 7. kafla:
Athugasemd við kaflann orðist svo:
Athugasemd:
Með orðinu „grænmeti“ í nr. 07.01, 07.02 og 07.03 er einnig átt við ætisveppa, jarðsveppa, ólívur, kapers, tómata, kartöflur, rauðrófur, gúrkur, grænar ertur, grasker, eggplöntur (aubergínur), pipar (sweet peppers), finkul, steinselju, kjörvel, esdragon, karsa, sætt majoran (majorana hortensis eða origano majorana), piparrót og hvítlauk.
Til nr. 07.04 telst allt það grænmeti þurrkað eða eimað, sem annars telst til nr. 07.01—07.03, nema:
a. Belgávextir, þurrkaðir og afhýddir (nr. 07.05).
b. Malaður pipar (sweet peppers) (nr. 09.04).
c. Mjöl úr belgávöxtum, sem teljast til nr. 07.05 (nr. 11.03).
d. Mjöl, grjón og flögur úr kartöflum (nr. 11.05).

8. Á 9. kafla:
a. Í stað síðustu málsgreinar í 1. athugasemd kaflans, „Hafi verið bætt . . . til nr. 21.04“, komi:
Hafi verið bætt öðrum efnum í vörur þær, sem teljast til nr. 09.04—09.10, (eða í blöndur þær, sem um getur í a- og b-lið að ofan) hefur það ekki áhrif á flokkunina, nema það breyti eðli þeirra. Sé svo, teljast blöndurnar ekki til þessa kafla. Þannig teljast samsett bragðefni til nr. 21.04.
b. Athugasemd 2 við kaflann orðist svo:
2. Til þessa kafla telst ekki:
a. Pipar (sweet peppers), ómalaður (7. kafli).
b. Pipar af afbrigðinu piper cubeba og aðrar vörur, sem teljast til nr. 12.07.

9. Á 11. kafla:
a. Í stað orðsins „Athugasemd“ í byrjun kaflans komi:
Athugasemdir.
b. Núverandi athugasemd við kaflann verði athugasemd 1.
c. Athugasemd 1 b við kaflann orðist svo:
b. Mjöl og grjón, tilreidd sem fæða fyrir börn, fyrir sjúka eða til matargerðar, sem telst til nr. 19.02.
d. Ný athugasemd, sem bætist við kaflann, orðist svo:
2. A. Malaðar afurðir úr þeim korntegundum, sem taldar eru upp í eftirfarandi töflu, teljast til þessa kafla, ef þær innihalda þurrar, miðað við þunga:
a. Sterkju (sem ákvörðuð er skv. Ewers-aðferðinni) í meira magni en tilgreint er í dálki 2.
b. Ösku (að frádregnum viðbættum steinefnum) í því magni, sem tilgreint er í dálki 3, eða minna.
Annars teljast þær til nr. 23.02.

B. Afurðir, sem teljast til þessa kafla skv. áðurnefndri skýrgreiningu, flokkast í nr. 11.01 (mjöl úr korni), ef það magn þeirra, sem fer í gegnum silkigrisju eða sigti úr tilbúnu trefjaefni, með þeim þéttleika, sem tilgreindur er í 4. og 5. dálki, er ekki minna, miðað við þunga, en sá hundraðshluti, sem tilgreindur er fyrir hverja korntegund.
Annars teljast þær til nr. 11.02.

Korntegund	Sterkju-innihald	Ösku-innihald	Magn, sem fer í gegnum sigti af þéttleikanum	
			315 micron	500 micron
1	2	3	4	5
Hveiti og rúgur	45%	2,5%	80%	–
Bygg	45%	3,0%	80%	–
Hafrar	45%	5,0%	80%	–
Maís og dúrra	45%	2,0%	–	90%
Rís	45%	1,6%	80%	–
Bókhveiti	45%	4,0%	80%	–

e. Nr. 11.09 orðist svo:
11.09 Hveitiglúten, einnig þurrkað.

10. Á 12. kafla:
a. Athugasemd 1 við kaflann orðist svo:
1. Til nr. 12.01 teljast m. a. jarðhnetur, sojabaunir, mustarðsfræ, olíuvalmúafræ, valmúafræ og kopra. Til þessa númers teljast ekki kókoshnetur eða aðrar vörur í nr. 08.01, og ekki heldur olívur (7. eða 20. kafli).
b. Athugasemd 2 við kaflann orðist svo:
2. Sem fræ til sáningar í nr. 12.03 telst rófnafræ, grasfræ og annað grænfóðurfræ, blómafræ, matjurtafræ, trjáfræ, ávaxtafræ, fræ af umfeðmingsgrasi og úlfabaunum.
Til nr. 12.03 teljast hins vegar ekki, þótt til sáningar séu:
a. Þurrkaðir belgávextir (7. kafli).
b. Krydd og aðrar vörur, er teljast til 9. kafla.
c. Korn (10. kafli).
d. Vörur, er teljast til nr. 12.01 eða 12.07.

11. Á 13. kafla:
a. Athugasemd a við kaflann orðist svo:
a. Lakkrísextrakt, sem inniheldur meira en 10% sakkarósa, miðað við þunga, eða tilreiddur er sem sykurvara.
b. Athugasemd e við kaflann orðist svo:
e. Kamfóra, glycyrrhizin og aðrar vörur, sem teljast til nr. 29.13 og 19.41.
c. Athugasemd f við kaflann orðist svo:
f. Lyf, sem teljast til nr. 30.03, og prófefni til blóðflokkunar (nr. 30.05).
d. Athugasemd h við kaflann orðist svo:
h. Rokgjarnar olíur, fljótandi eða fastar, og resinóíd (nr. 33.01), einnig vatn frá gufueimingu rokgjarnra olía og vatnsupplausnir af slíkum olíum (nr. 33.05).

12. Á 14. kafla:
Athugasemd 1 við kaflann orðist svo:
1. Til þessa kafla teljast ekki eftirtaldar vörur, sem skulu flokkast í XI. flokki: jurtaefni og trefjar á hvaða vinnslustigi sem er, sem fyrst og fremst eru notuð til framleiðslu á spunaefnum, og önnur jurtaefni, sem hafa sætt þeirri meðferð, að þau verða aðeins notuð sem spunaefni.

13. Á 15. kafla:
    a. Athugasemd 1 a við kaflann orðist svo:
    a. Svínafita og alifuglafita, er telst til nr. 02.05.
    b. Athugasemd 1 b við kaflann orðist svo:
    b. Kakaósmjör (feiti eða olía) (nr. 18.04).
    c. Athugasemd 1 c við kaflann orðist svo:
    c. Hamsar (nr. 23.01) og leifar, er teljast til nr. 23.04.
    d. Nr. 15.01 orðist svo:
    15.01 Hreinsuð svínafeiti, önnur svínafeiti og alifuglafeiti, brædd eða pressuð.
    e. Nr. 15.02 orðist svo:
    15.02 Feiti af nautgripum, sauðfé og geitum, óbrædd; einnig slík feiti brædd eða pressuð (þar með talin „premier jus").

14. Á 16. kafla:
    a. Athugasemd við kaflann orðist svo:
    Athugasemd:
    Til þessa kafla telst ekki kjöt, hlutar af dýrum, fiskur, krabbadýr og lindýr, sem hafa sætt þeirri meðferð, er um getur í 2. og 3. kafla.
    b. Nr. 16.03 orðist svo:
    16.03 Kjötextrakt og kjötseyði; fiskextrakt.

15. Á 17. kafla:
    a. Athugasemd 1 b við kaflann orðist svo:
    b. Kemískt hreinn sykur (nema sakkarósi, glúkósi og laktósi) og aðrar vörur, sem teljast til nr. 29.43.
    b. Athugasemd 1 c við kaflann orðist svo:
    c. Lyf og aðrar vörur, sem teljast til 30. kafla.

16. Á 18. kafla:
    Athugasemd 1 við kaflann orðist svo:
    1. Til þessa kafla teljast ekki vörur þær, sem taldar eru í nr. 19.02, 19.08, 22.02, 22.09 og 30.03, þótt þær innihaldi kakaó eða súkkulaði.

17. Á 19. kafla:
    a. Athugasemd 1 c við kaflann orðist svo:
    c. Lyf og aðrar vörur, sem teljast til 30. kafla.
    b. Nr. 19.07 orðist svo:
    19.07 Brauð, skonrok og aðrar algengar brauðvörur án viðbætts sykurs, hungangs, eggja, feiti, osts eða ávaxta.

18. Á 20. kafla:
    a. Athugasemd 1 a við kaflann orðist svo:
    a. Grænmeti og ávextir, sem hafa sætt þeirri meðferð, er um getur í 7. og 8. kafla.
    b. Athugasemd 2 við kaflann orðist svo:
    2. Sem grænmeti í nr. 20.01 og 20.02 telst það grænmeti, sem flokkast í nr. 07.01—07.05, þegar það er innflutt í því ástandi, sem þar er tilgreint.

19. Á 21. kafla:
    a. Athugasemd 1 d við kaflann orðist svo:
    d. Ger, sem framleitt er sem lyf, og aðrar vörur, er teljast til nr. 30.03.
    b. Ný athugasemd, sem bætist við kaflann, orðist svo:
    3. Sem „jafnblönduð samsett matvæli" í nr. 21.05 teljast matvæli, tilreidd sem fæða fyrir börn og fyrir sjúka, með samblöndun tveggja eða fleiri undirstöðuefnisþátta, t. d. kjöts (þar með taldir hlutar af dýrum), fisks, grænmetis og ávaxta. Við framkvæmd þessarar skýrgreiningar skal ekkert tillit tekið til aukaefnisþátta, sem settir eru í litlu magni í blönduna til

bragðbætis, aukins geymsluþols, o. þ. h. Slík matvæli mega einnig innihalda lítið magn af sýnilegum ögnum annarra efnisþátta en kjöts og fisks.

c. Nr. 21.05 orðist svo:
21.05 Súpur og súputeningar, fljótandi, í föstu formi eða sem duft; jafnblönduð samsett matvæli.

20. Á 22. kafla:
Athugasemd 1 b við kaflann orðist svo:
b. Eimað vatn, vatn til mælingar á rafmagnsmótstöðu og vatn af áþekkum hreinleika (nr. 28.58).

21. Á 23. kafla:
Nr. 23.06 orðist svo:
23.06 Afurðir úr jurtaríkinu hæfar til skepnufóðurs, ót. a.

22. Á 25. kafla:
a. Athugasemd 2 c við kaflann orðist svo:
c. Lyf og aðrar vörur, sem teljast til 30. kafla.
b. Í athugasemd 2 d við kaflann falli niður „(nr. 33.06)“, en í stað þess komi: , sem teljast til nr. 33.06.
c. Athugasemd 2 e við kaflann orðist svo:
e. Steinar og hellur til gatna- og gangstéttargerðar (nr. 68.01), teningar til mósaíkgerðar (nr. 68.02) og þakhellur og aðrar þess konar hellur til bygginga (nr. 68.03).

23. Á 26. kafla:
a. Ný athugasemd 1 a, sem bætist við kaflann, orðist svo:
a. Gjall og áþekkur iðnaðarúrgangur, útbúinn sem mulningur (nr. 25.17).
b. Núverandi athugasemdir a—e við kaflann verði b—f.
c. Athugasemd 1 e (áður d) við kaflann orðist svo:
e. Afklippur, aska og annar úrgangur góðmálma, sem fellur til við gull-, silfur- og skartgripasmíði (nr. 17.11).

24. Á 27. kafla:
a. Athugasemd 1 a við kaflann orðist svo:
a. Aðgreind kemískt skýrgreind efnasambönd, önnur en hreint metan og própan, sem telst til nr. 27.11.
b. Athugasemd 1 b við kaflann orðist svo:
b. Lyfjavörur, sem teljast til nr. 30.03.
c. Ný athugasemd 1 c, sem bætist við kaflann, orðist svo:
c. Blönduð, ómettuð karbonhydríd, sem teljast til nr. 33.01, 33.02, 33.04 og 38.07.
d. Á eftir orðunum „aðrar áþekkar olíur“ í 2. línu athugasemdar 3 við kaflann komi:
og olíur, sem innihalda blönduð, ómettuð karbonhydríd,.
e. Nr. 27.07 orðist svo:
27.07 Olíur og önnur efni framleidd með eimingu úr háhitaðri koltjöru; áþekk framleiðslu skv. skýrgreiningu í athugasemd 2 við þennan kafla.

25. Á 28. kafla:
a. Á eftir orðunum „þessa kafla“ í 1. mgr. athugasemdar 1 við kaflann komi:
eða athugasemdum hans.
b. Ný athugasemd 1 e, sem bætist við kaflann, orðist svo:
e. Efni þau, sem nefnd eru í a-, b-, c- og d-lið hér að ofan og blönduð hafa verið rykvarnar- eða litunarefni til auðkennis eða af öryggisástæðum, enda verði efnin sjálf ekki við þá blöndun hæfari til notkunar í sérstöku skyni en hinna algengu nota.

c. Ný athugasemd 8, sem bætist við kaflann, orðist svo:
8. Kemísk frumefni (t. d. sílíkon og selenium) til rafeindafræðilegra nota flokkast í þessum kafla, ef þau eru í óunnu formi sem dregin, eða formuð sem hólkar eða stengur. Formuð sem skífur, þynnur o. þ. h. teljast þau til nr. 38.19.

d. Nr. 28.03 orðist svo:
28.03 Kolefni (einnig kolefnissverta).

e. Nr. 28.05 orðist svo:
28.05 Alkalí- og jarðalkalímálmar; sjaldgæfir jarðalkalímálmar, yttríum og scandíum og blöndur þessara efna innbyrðis; kvikasilfur.

f. Nr. 28.06 orðist svo:
28.06 Saltsýra og klórsúlforsýra.

26. Á 29. kafla:

a. Ný athugasemd 1 g, sem bætist við kaflann, orðist svo:
g. Efni þau, sem nefnd eru í a-, b-, c-, d-, e- og f-lið hér að ofan og blönduð hafa verið rykvarnar-, litunar- eða ilmefni til auðkennis eða af öryggisástæðum, enda verði efnin sjálf ekki við þá blöndun hæfari til notkunar í sérstöku skyni en hinna algengu nota.

b. Núverandi athugasemd 1 g við kaflann verði athugasemd 1 h.

c. Athugasemd 2 c við kaflann orðist svo:
c. Metan og própan (nr. 27.11).

d. Athugasemd 2 e við kaflann orðist svo:
e. Þvagefni (urea) (nr. 31.02 eða 31.05 eftir atvikum).

e. Í stað orðanna „litir mótaðir til smásölu eða í smásöluumbúðum (nr. 32.09)“ í athugasemd 2 f við kaflann komi:
litir og önnur litarefni mótuð til smásölu eða í smásöluumbúðum (nr. 32.09).

f. Á eftir orðunum „hringliða ureíða“ í 5. línu athugasemdar 7 við kaflann komi:
og hringliða tíóureíða,.

g. Nr. 29.11 orðist svo:
29.11 Aldehyd, aldehydalkóhól, aldehydeter, aldehydfenól og önnur aldehyd (einföld eða samsett) með atómhópum mynduðum að einhverju leyti úr súrefni; hringliða fjölhlutasambönd (pólymers) af aldehydum; paraformaldehyd.

h. Fyrirsögn undirnúmers VII við kaflann orðist svo:
VII. Karboxsýrur og anhydríd, halógeníd, peroxysýrur og peroxyd þeirra, ásamt halógen-, súlfó-, nítró- og nítrósóderivötum þeirra.

i. Í stað orðanna „Einbasískar sýrur“ í 1. línu í nr. 29.14 komi:
Einbasískar karboxsýrur.

j. Í stað orðanna „Tví- eða margbasískar sýrur“ í 1. línu í nr. 29.15 komi:
Tví- eða margbasískar karboxsýrur.

k. Í stað orðanna „Alkóhólsýrur . . . aðrar sýrur“ í 1. línu í nr. 29.16 komi:
Alkóhól-, aldehyd-, keton- og fenól-karboxsýrur og aðrar karboxsýrur.

l. Nr. 29.25 orðist svo:
29.25 Karboxyamíd; kolsýruamíd.

m. Nr. 29.26 orðist svo:
29.26 Karboxyimíd (einnig ortó-benzóiksulfimíd og sölt þess) og imín (einnig hexametylentetramín og trimetylentrinitramín).

n. Nr. 29.39 orðist svo:
29.39 Hormón, náttúrleg eða tilbúin; derivatar þeirra; önnur steroíd notuð aðallega sem hormón.

27. Á 30. kafla:

a. Athugasemd 2 c við kaflann orðist svo:
c. Sápa og aðrar vörur í nr. 34.01, sem innihalda lyf.

b. Ný athugasemd 3 e, sem bætist við kaflann, orðist svo:
e. Prófefni til blóðflokkunar.
c. Núverandi athugasemdir 3 e og f við kaflann verði f og g.

28. Á 31. kafla:
a. Athugasemd 1 A 8 við kaflann orðist svo:
8. Þvagefni (urea), einnig kemískt hreint.
b. Athugasemd 4 við kaflann orðist svo:
4. Mónóammóníum- og díammóníumfosföt, einnig kemískt hrein, og blöndur þeirra teljast til nr. 31.05.
c. Athugasemd 5 við kaflann orðist svo:
5. Magnhlutföll þau, sem um er getið í málsgreinunum 1 A, 2 A og 3 A, skulu miðast við þurrefni efnisins.

29. Á 32. kafla:
a. Í stað orðanna „ásamt . . . nr. 32.09)“ í athugasemd 1 a við kaflann komi:
ásamt litum og öðrum litarefnum mótuðum til smásölu eða í smásöluumbúðum í nr. 32.09).
b. Nr. 32.03 orðist svo:
32.03 Tilbúin lífræn og ólífræn sútunarefni; framleiðsla til sútunar, einnig þótt hún innihaldi náttúrleg sútunarefni; enzymframleiðsla til forsútunar (t. d. af enzympankreas- eða gerlauppruna).
c. Í stað orðanna „uppleysanleg . . . smásöluumbúðum“ í nr. 32.09 komi:
litir og önnur litarefni mótuð til smásölu eða í smásöluumbúðum.
d. Nr. 32.12 orðist svo:
32.12 Kítti, spartl og önnur fylli- eða þéttiefni; óeldföst yfirborðsefni; ágræðslukvoða.

30. Á 33. kafla:
a. Í stað svigans „(nr. 22.09)“ í athugasemd 1 a við kaflann komi:
, sem telst til nr. 22.09.
b. Athugasemd 1 b við kaflann orðist svo:
b. Sápa og aðrar vörur, sem teljast til nr. 34.01.
c. Athugasemd 2 við kaflann orðist svo:
2. Til nr. 33.06 teljast m. a.:
a. Tilbúinn lyktareyðir fyrir herbergi, einnig með ilmefni.
b. Vörur, einnig óblandaðar (þó ekki vörur, sem teljast til nr. 33.05), er nota má sem ilmvatn eða til hreinlætis eða snyrtingar eða sem lyktareyðir fyrir herbergi, og eru í smásöluumbúðum, er gefa slíka notkun til kynna.

31. Á 34. kafla:
a. Athugasemd 2 við kaflann orðist svo:
Til nr. 34.01 telst einungis sápa, sem leysist upp í vatni. Sápa og aðrar vörur, sem teljast til nr. 34.01, mega vera blandaðar öðrum efnum (t. d. sótthreinsandi efnum, slípiefnum, fylliefnum eða lyfjum). Vörur, sem innihalda slípiefni, flokkast aðeins til nr. 34.01, ef þær eru í stykkjum eða mótuðu formi. Að öðrum kosti teljast þær til nr. 34.05 sem ræstiduft og aðrar þess konar vörur.
b. Nr. 34.01 orðist svo:
34.01 Sápa; lífrænar yfirborðsvirkar vörur og efnablöndur til notkunar sem sápa í stykkjum eða mótuðu formi, einnig þótt þær innihaldi ekki sápu.

32. Á 35. kafla:
a. Í stað orðsins „Athugasemd“ í byrjun kaflans komi:
Athugasemdir.
b. Núverandi athugasemd við kaflann verði athugasemd 1.
c. Ný athugasemd 2, sem bætist við kaflann, orðist svo:

2. Sem dextrín í nr. 35.05 teljast vörur úr sterkjuúrgangi með lækkuðu sykurinnihaldi 10% eða minna, er nefnast í þurru formi dextrósi.
Slíkar vörur með lækkuðu sykurinnihaldi yfir 10% teljast til nr. 17.02.

33. Á 38. kafla:
a. Ný athugasemd 1 b, sem bætist við kaflann, orðist svo:
b. Blöndur kemískra efna og fæðuefna, sem notuð eru við tilreiðslu matmæla (yfirleitt í nr. 21.07).
b. Núverandi athugasemd 1 b við kaflann verði 1 c.
c. Athugasemd 2 g við kaflann orðist svo:
g. Kemísk frumefni í 28. kafla (t. d. sílikon og selenium) til rafeindafræðilegra nota, formuð sem skífur, þynnur o.þ.h., slípuð eða óslípuð, einnig húðuð með jöfnu epitaxísku lagi.

34. Á 39. kafla:
a. Athugasemd 1 f við kaflann orðist svo:
f. Vörur, sem teljast til XI. flokks (spunaefni og vörur úr þeim).
b. Athugasemd 1 m við kaflann orðist svo:
m. Vörur, sem teljast til 91. kafla (t. d. klukkur og kassar fyrir úr).
c. Athugasemd 1 o við kaflann orðist svo:
o. Húsgögn og aðrar vörur í 94. kafla.
d. Athugasemd 1 q við kaflann orðist svo:
q. Vörur, sem teljast til 97. kafla (t. d. leikföng, leiktæki og íþróttavörur).
e. Athugasemd 3 d við kaflann orðist svo:
d. Plötur, arkir, þynnur og bönd (þó ekki það, sem flokkast í nr. 51.02 skv. athugasemd 4 við 51. kafla), óáprentuð eða prentuð eða með öðrum hætti unnin á yfirborðinu, ósniðin eða sniðin í ferhyrnt lag og ekki frekar unnin (einnig þótt þau verði þannig sniðin að vörum, sem tilbúnar eru til notkunar).

35. Á 40. kafla:
a. Athugasemd 2 e við kaflann orðist svo:
e. Trefjadúkur og sams konar trefjaefni, gegndrepið eða bakið með gúmmíi eða með gúmmíi sem bindiefni, hver sem þyngdin er á hvern fermetra, og vörur úr honum.
b. Athugasemd 3 e við kaflann orðist svo:
e. Vörur, sem teljast til 97. kafla (þó ekki íþróttahanzkar og vörur, sem teljast til nr. 40.11).
c. Athugasemd 4 við kaflann orðist svo:
4. Orðið „gervigúmmí“ í athugasemd 1 hér að ofan og í nr. 40.02, 40.05 og 40.06 tekur til:
a. Ómettaðra tilbúinna efna, sem með herzlu með brennisteini má óafmáanlega breyta í efni, sem ekki sveigjast, og eftir beztu vúlkaniseringu (og án blöndunar annarra efna, svo sem mýkingarefna og styrkjandi fylliefna, sem ekki eru nauðsynleg til að mynda þverbindingu) mynda efni, sem við 18° til 29° C hita má teygja brisvar sinnum upprunalega lengd sína án þess að þau slitni og, eftir að þau hafa verið teygð tvisvar sinnum upprunalega lengd sína, draga sig saman innan fimm mínútna þannig, að þau verði ekki yfir 1½ sinnum upphafleg lengd sín.
Til slíkra efna teljast cis-pólvísoprene (IR), pólvbútadíen (BR), pólvklórbútadíen (CR), pólvbútadíen-stýren (SBR), pólvklórbútadíen-acrylonítril (NCR), pólyklórbútadíen-acrýlonítril (NBR) og bútylgúmmí (IIR).
b. „Thíoplasts“ (TM).
c. Náttúrlegs gúmmís breyttu við samruna eða blöndun við gerviplast, depólymeriseraðs náttúrlegs gúmmís og blandna af ómettuðum gervi-

efnum með mettuðum gervihápólymerum, enda uppfylli það þau skilyrði varðandi vúlkaniseringu, teygjanleika og samdráttarhæfni, sem um getur í a að ofan.

36. Á 42. kafla:
    a. Athugasemd ij við kaflann orðist svo:
       ij. Vörur, sem teljast til 97. kafla (t. d. leikföng, leiktæki og íþróttavörur).
    b. Athugasemd 2 við kaflann falli niður.
    c. Núverandi athugasemd 3 við kaflann verði athugasemd 2.

37. Á 43. kafla:
    Athugasemd 2 f við kaflann orðist svo:
    f. Vörur, sem teljast til 97. kafla (t. d. leikföng, leiktæki og íþróttavörur).

38. Á 44. kafla:
    a. Athugasemd 1 o við kaflann orðist svo:
       o. Vörur, sem teljast til 97. kafla (t. d. leikföng, leiktæki og íþróttavörur).
    b. Athugasemd 2 við kaflann falli niður.
    c. Núverandi athugasemdir 3, 4 og 5 við kaflann verði athugasemdir 2, 3 og 4.
    d. Nr. 44.09 orðist svo:
       44.99 Trjáviður í tunnubönd; klofnar stoðir, staurar og stafir, yddaðir en ekki sagaðir niður eftir endilöngu; pulpviður í smástykkjum eða mylsnu; tréspænir notaðir við ediksgerð eða við hreinsun á vökvum.
    e. Nr. 44.21 orðist svo:
       44.21 Umbúðakassar, rimlakassar, öskjur og aðrar umbúðir úr trjáviði.

39. Á 45. kafla:
    Athugasemd 1 c við kaflann orðist svo:
    c. Vörur, sem teljast til 97. kafla (t. d. leikföng, leiktæki og íþróttavörur).

40. Á XI. flokki:
    a. Athugasemd 1 d við flokkinn orðist svo:
       d. Asbest, er telst til nr. 25.24, og vörur úr asbesti og aðrar vörur, sem teljast til nr. 68.13 og 68.14.
    b. Athugasemd 1 h við flokkinn orðist svo:
       h. Ofin spunaefni, trefjadúkur og sams konar trefjaefni, gegndreypt, þakin eða límd saman með gúmmíi, og vörur úr slíkum efnum, er teljast til 40. kafla.
    c. Athugasemd 1 k við flokkinn orðist svo:
       k. Vörur úr spunaefnum, er teljast til nr. 42.01 og 42.02.
    d. Athugasemd 1 l við flokkinn orðist svo:
       l. Vörur í 48. kafla (t. d. sellulósavatt).
    e. Athugasemd 1 o við flokkinn orðist svo:
       o. Hárnet (nr. 65.05 eða eftir atvikum 67.04).
    f. Athugasemd 1 t við flokkinn orðist svo:
       t. Vörur, er teljast til 97. kafla (t. d. leikföng, leiktæki og íþróttavörur).
    g. Athugasemd 3 A a við flokkinn orðist svo:
       a. Garn úr silki, bourette-silki og chappe-silki, sem vegur meira en 2 g/m (18000 denier).
    h. Athugasemd 3 A b við flokkinn orðist svo:
       b. Garn úr tilbúnum trefjum (þar með talið garn úr tveim eða fleiri einþáttungum, er teljast til 51. kafla), sem vegur meira en 1 g/m (9000 denier).
    i. Athugasemd 3 B b við flokkinn orðist svo:
       b. Vöndlar (tow) til framleiðslu á stuttum tilbúnum trefjum og margþátta garn, ósnúið eða með minna en 5 snúningum á metra.
    j. Athugasemd 4 B d 2 við flokkinn orðist svo:
       2. Uppsett eða útbúið á annan hátt, sem gefur til kynna, að nota eigi garnið í spunatrefjaiðnaði (t. d. á spólum, hólkum, spunakeilum, snældum o. þ. h.).

41. Á 56. kafla:
Athugasemd e við kaflann orðist svo:
e. eru að þyngd yfir 2 g/m (18000 denier).

42. Á 57. kafla:
a. Nr. 57.03 orðist svo:
57.03 Júta og aðrar basttrefjar, óunnið eða tilreitt, þó ekki spunnið; ruddi og úrgangur úr jútu og basttrefjum (þar með talið garnúrgangur, tættar tuskur og tættar línur og kaðlar).
b. Nr. 57.06 orðist svo:
57.06 Garn úr jútu og öðrum basttrefjum, sem teljast til nr. 57.03.
c. Nr. 57.10 orðist svo:
57.10 Vefnaður úr jútu og öðrum basttrefjum, sem teljast til nr. 57.03.

53. Á 58. kafla:
Á eftir orðinu „Chenillegarn" í nr. 58.07 komi:
(þar með talið hnökrað chenillegarn),.

44. Á 59. kafla:
a. Athugasemd 2 við kaflann orðist svo:
2. A. Til nr. 59.08 teljast spunaefni, sem eru gegndreypt, yfirdregin, yfirlögð eða límd saman með efnum úr sellulósaderivötum eða öðrum plastefnum, hver sem þungi þeirra er á fermetra og hvert sem eðli plastefnisins er (þétt, froða, svampur eða þanið).
Til þessa númers teljast þó ekki:
a. Efni úr spunatrefjum, sem ekki sýna það berum augum, að þau hafi verið gegndreypt, yfirdregin eða yfirlögð (yfirleitt í 50.—58. og 60. kafla). Í þessu sambandi skal ekki tekið tillit til litarbreytinga, sem kunna að hafa átt sér stað.
b. Vörur, sem ekki er hægt að beygja með höndunum utan um hólk með 7 mm. þvermáli við 15°—30° C hitastig án þess, að þær brotni við beyginguna (yfirleitt 39. kafli).
c. Vörur, sem í er spunaefni, sem er algerlega hulið plastefni eða húðað eða þakið slíku efni á báðum hliðum (39. kafli).
B. Til nr. 59.12 teljast ekki:
a. Efni úr spunatrefjum, sem ekki sýna það berum augum, að þau hafi verið gegndreypt, yfirdregin eða yfirlögð (yfirleitt í 50.—58. og 60. kafla). Í þessu sambandi skal ekki tekið tillit til litarbreytinga, sem kunna að hafa átt sér stað.
b. Efni úr spunatrefjum með máluðum mynstrum (nema leiktjöld, bakgrunnur í myndastofur og annað þess háttar).
c. Efni úr spunatrefjum, sem hafa verið þaktar hnökrum, kornmylsnu eða öðru þess háttar, þannig að fram komi mynstur á efninu.
d. Efni úr spunatrefjum með steiningu, sem gerð hefur verið að meginstofni úr sterkju.
b. Nr. 59.08 orðist svo:
59.08 Spunavörur, gegndreyptar, yfirdregnar, yfirlagðar eða límdar saman með efnum úr sellulósaderivötum eða öðrum plastefnum.

45. Á 60. kafla:
a. Athugasemd 2 við kaflann orðist svo:
2. Til nr. 60.02—60.06 teljast prjóna- og heklvörur og hlutar af þeim, sem eru
a. prjónaðar eða heklaðar í heilu lagi og innfluttar annaðhvort sem sérstök stykki eða fjöldi stykkja sem metravara.
b. saumaðar saman eða unnar á annan hátt.

b. Athugasemd 5 b við kaflann orðist svo:
b. gúmmíborin, sem er gegndreypt, yfirdregin, yfirlögð eða límd saman með gúmmíi eða gerð úr spunaþráðum, húðuðum eða gegndreyptum með gúmmíi.

46. Á 61. kafla:
Athugasemd 5 við kaflann orðist svo:
5. Númer í þessum kafla taka til spunaefna (þó ekki prjóna- og heklvoðar), sem sniðin eru til framleiðslu á vörum í þessum kafla. Númer 61.09 tekur þó einnig til prjóna- og heklvoðar, sem sniðin er til framleiðslu á vörum, sem taldar eru í þessu númeri, innflutt sem sérstök stykki eða fjöldi stykkja sem metravara.

47. Á 62. kafla:
Athugasemd 1 við kaflann orðist svo:
1. Til þessa kafla teljast einungis tilbúnar vörur gerðar úr spunaefni (öðru en flóka, trefjadúk eða sams konar trefjaefni) eða úr fléttum og leggingum í nr. 58.07, þó ekki prjóna- og heklvörur.

48. Á 64. kafla:
Setning innan sviga í athugasemd 1 a við kaflann orðist svo: (nema úr flóka, trefjadúk eða sams konar trefjaefni).

49. Á 68. kafla:
a. Athugasemd 1 l við kaflann orðist svo:
l. Vörur, er teljast til 97. kafla (t. d. leikföng, leiktæki og íþróttavörur).
b. Í stað orðanna „ekki sett á grind“ í nr. 68.04 komi: án grindar.

50. Á 69. kafla:
a. Athugasemd 2 f við kaflann orðist svo:
f. Vörur, er teljast til 97. kafla (t. d. leikföng, leiktæki og íþróttavörur).
b. Nr. 69.01 orðist svo:
69.01 Hitaeinangrandi múrsteinn, hellur, flísar og aðrar hitaeinangrandi vörur úr kísilsalla eða öðrum kísilsýruríkum jarðefnum (t. d. kísilgúr, infúsóríujörð og díatómjörð).

51. Á 70. kafla:
a. Ný athugasemd 3, sem bætist við kaflann, orðist svo:
3. Sem „glerull“ í nr. 70.20 telst:
a. Steinull, sem miðað við þunga inniheldur 60% eða meira af kísil (SiO_2).
b. Steinull, sem miðað við þunga inniheldur minna en 60% af kísil (SiO_2), en meira en 5% af alkalíoxyd (K_2O og/eða Na_2O) eða meira en 2% af saltpéturssýru (B_2O_3).
Önnur steinull telst til nr. 68.07.
b. Núverandi athugasemd 3 við kaflann verði athugasemd 4.
c. Nr. 70.12 orðist svo:
70.12 Glergeymar í hitaflöskur og þess háttar ílát.

52. Á XV. flokki:
a. Athugasemd 1 d við flokkinn orðist svo:
d. Regnhlífagrindur og aðrar vörur, er teljast til nr. 66.03.
b. Athugasemd 1 m við flokkinn orðist svo:
m. Vörur, er teljast til 97. kafla (t. d. leikföng, leiktæki og íþróttavörur).
c. Athugasemd 3 við flokkinn orðist svo:
3. Flokkun legeringa (annarra en járnlegeringa og koparforlegeringa, sem skýrgreindar eru í 73. og 74. kafla):
a. Legeringar af óðýrum málmum, sem í er meira en 10% af nikkli miðað við þunga, flokkast sem nikkillegering, nema í blöndunni sé meira af járni, miðað við þunga, en nokkrum öðrum málmi.

b. Aðrar legeringar úr ódýrum málum flokkast eftir þeim málminum, sem mest er af í legeringunni, miðað við þunga.
c. Málmlegeringar gerðar bæði úr ódýrum málmum, er teljast til þessa flokks, en einnig að hluta úr efnum, sem teljast ekki til flokksins, flokkast eins og legeringar úr ódýrum málmum, er teljast til þessa flokks, ef þyngd hinna ódýru málma er jafnmikil eða meiri en annarra efna.
d. Í þessum flokki tekur orðið „legering“ til glæddra blandna úr dufti ódýrra málma og ósamfelldra innri blandna þeirra fenginna með bræðslu (þó ekki „cermets“).

d. Ný athugasemd 5 c, sem bætist við flokkinn, orðist svo:
c. „Cermets“, sem telst til nr. 81.04 sem ódýr málmur.

53. Á 73. kafla:
a. Athugasemd 1 c við kaflann orðist svo:
c. Járnlegeringar (nr. 73.02):
Legeringar úr járni (aðrar en koparforlegeringar, eins og þær eru skýrgreindar í athugasemd 1 við 74. kafla), sem óhentugt er að nota til smíða eða völsunar, en venjulega notaðar sem hráefni við framleiðslu á járni og stáli og í eru einn eða fleiri eftirgreindir málmar í því magni, sem fram er tekið (miðað við þunga):
meira en 8% kísill,
meira en 30% mangan,
meira en 30% króm,
meira en 40% wolfram,
meira en 10% af öðrum legeringarmálmum (áli, títan, vanadíum, kopar, molybden, niobíum eða öðrum legeringarmálmum, þó aldrei meira en 10% af kopar).
Magn járns má þó ekki vera minna en 4%, miðað við þunga í járnlegeringum, sem í er kísill, ekki minna en 8% í járnlegeringum, sem í er mangan en ekki kísill, og ekki minna en 10% í öðrum járnlegeringum.
b. Orðin „hálf- eða fullgerð, samsett eða ósamsett“ í 3. og 4. línu í nr. 73.21 falli niður.
c. Á eftir orðinu „efni“ í nr. 73.22 komi:
(þó ekki undir samanþjappaðar eða fljótandi gastegundir).
d. Nr. 73.24 orðist svo:
73.24 Ílát úr járni eða stáli undir samanþjappaðar eða fljótandi gastegundir,.
e. Orðin „einnig efni í þessar vörur“ í nr. 73.33 falli niður.
f. Í stað orðsins „gufukatlar“ innan sviga í nr. 73.37 komi:
katlar.

54. Á 74. kafla:
a. Í stað orðanna „þær legeringar af kopar og öðrum efnum í hvers konar hlutföllum“ í 1. og 2. línu athugasemdar 1 við kaflann komi:
legeringar, sem auk annarra legeringarmálma innihalda, miðað við þunga, meira en 10% af kopar.
b. Í stað orðanna „sem síðar hefur verið unnin . . . eða glóðarleifar)“ í athugasemd 2 b við kaflann, komi:
sem að lokinni framleiðslu hefur verið frekar unnin (meira en svo, að aðeins hafi verið fjarlægðar ójöfnur eða glóðarleifar), án þess þó að hafa við það öðlazt einkenni vöru, er telst til annars tollskrárnúmers.
Vírstrengur og drumbar (billets) með mjókkuðum endum eða unnin á annan hátt eingöngu til að auðvelda innstungu þeirra í vélar, sem vinna úr þeim t. d. valsaðan vír eða pípur, skoðast þó sem óunninn kopar í nr. 74.01.
c. Á eftir orðinu „efni“ í nr. 74.09 komi:
(þó ekki undir samanþjappaðar eða fljótandi gastegundir).

55. Á 76. kafla:
    a. Orðin „hálf- eða fullgerð, samsett eða ósamsett“ í 3. og 4. línu í nr. 76.08 falli niður.
    b. Á eftir orðinu „efni“ í nr. 76.09 komi:
    (þó ekki undir samanþjappaðar eða fljótandi gastegundir).
    c. Nr. 76.11 orðist svo:
    76.11 Ílát úr áli undir samanþjappaðar eða fljótandi gastegundir.

56. Á 82. kafla:
    a. Í stað orðanna „fest á“ í 1. línu athugasemdar 1 við kaflann komi:
    með.
    b. Önnur mgr. athugasemdar 2 við kaflann „Hálfgerðar vörur . . . fullgerðar vörur“ falli niður.
    c. Orðið „samsett“ í 1. línu í nr. 82.04 falli niður.

57. Á 83. kafla:
    Orðin „fullgerðir eða ófullgerðir“ í 4. og 5. línu í nr. 83.01 falli niður.

58. Á XVI. flokki:
    a. Athugasemd 1 c við flokkinn orðist svo:
    c. Bobbingar, spólur, standar, keilur, leggir, kefli og sams konar uppistöður úr hvers konar efni (t. d. í 39., 40., 44. eða 48. kafla eða XV. flokki).
    b. Athugasemd 1 f við flokkinn orðist svo:
    f. Eðal- eða hálfeðalsteinar (náttúrlegir, syntetískir eða tilbúnir), er teljast til nr. 71.02 eða 71.03, eða vörur, sem að öllu leyti eru gerðar úr slíkum steinum og teljast til nr. 71.15.
    c. Í stað orðanna „1. og 3. athugasemd“ í 1. línu athugasemdar 2 við flokkinn komi:
    athugasemd 1.
    d. Athugasemdir 3 og 4 við flokkinn falli niður.
    e. Núverandi athugasemdir 5, 6 og 7 við flokkinn verði athugasemdir 3, 4 og 5.

59. Á 84. kafla:
    a. Athugasemd 1 e við kaflann orðist svo:
    e. Handverkfæri, sem teljast til nr. 84.05, og rafmagnsknúin búsáhöld, sem teljast til nr. 85.06.
    b. Í stað orðanna „5. og 6. athugasemdar“ í 1. línu athugasemdar 2 við kaflann komi:
    3. og 4. athugasemdar.
    c. Setningin „Nr. 84.17 . . . mekanísku meðferð“ í athugasemd 2 við kaflann falli niður, en í stað hennar komi ný athugasemd 2 e við kaflann, sem orðist svo:
    e. Vélar, tæki og verksmiðjur ætlaðar til mekanískra nota, ef hitabreytingar, þótt nauðsynlegar séu, skipta litlu máli í samanburði við hina mekanísku meðferð.
    d. Á eftir orðunum „Til nr. 84.19 telst ekki:“ í athugasemd við kaflann komi nýr a-liður, sem orðist svo:
    a. Saumavélar til lokunar á pokum og áþekkum umbúðum (nr. 84.41).
    e. Ný athugasemd 3, sem bætist við kaflann, orðist svo:
    3. A. Sem „sjálfvirkar gagnavinnsluvélar“ í nr. 84.53 skoðast:
    a. Tölvur (digital machines), sem hafa minni, er geymt getur ekki aðeins vinnsluforrit og þau gögn, sem vinna skal úr, heldur einnig forrit til að þýða hið formlega forritunarmál, sem forrit er samið á, yfir á vélamál. Þessar vélar verða að hafa aðalminni, sem er aðgengilegt á beinan hátt til að framkvæma forrit og hefur geymslurými, að minnsta kosti nægilegt til að geyma þá hluta vinnslu- og

þýðingarforrita og þau gögn, sem hafa þarf á hraðbergi fyrir þá úrvinnslu, sem er til meðferðar hverju sinni. Á grundvelli skipana í hinu upprunalega forriti verða þær einnig sjálfar að geta breytt framkvæmd þess með rökrænni ákvörðun á meðan á vinnslu stendur.

b. Hliðstæðureiknar (analogue machines), sem geta gert eftirlíkingar af stærðfræðilegum líkönum og eru settir saman af að minnsta kosti eftirfarandi búnaði: Hliðstæðubúnaði, stýribúnaði og forritunarbúnaði.

c. Vélar blandaðar að gerð (hybrid machines), annaðhvort tölvur með hliðstæðubúnaði eða hliðstæðureiknar með búnaði til talnameðferðar.

B. Sjálfvirkar gagnavinnsluvélar geta verið í formi kerfa, sem samsett eru úr breytilegum fjölda sérstæðra eininga. Eining skal talin hluti af heildarkerfinu, ef hún uppfyllir öll neðantalin skilyrði:

a. Hún er tengjanleg við stýrieininguna, annaðhvort beint eða í gegnum aðra einingu eða einingar.

b. Hún er sérstaklega hönnuð til að vera hluti af slíku kerfi (nánar tiltekið verður hún, nema hún hafi þann tilgang að sjá kerfinu fyrir orku, að geta tekið á móti gögnum eða sent þau frá sér í því formi (tákn- eða merkjamáli), sem kerfið getur notað).

Þær einingar, sem fluttar eru inn stakar, skulu einnig flokkast í nr. 84.53.

f. Núverandi athugasemdir 3 og 4 við kaflann verði athugasemdir 4 og 5.

g. Í stað orðanna „5. athugasemd við XVI. flokk“ í 5. athugasemd (áður 4. athugasemd) við þennan kafla komi:
í 3. athugasemd við XVI. flokk.

h. Nr. 84.01 orðist svo:
84.01 Katlar til framleiðslu á vatnsgufu eða annarri gufu (gufukatlar), þó ekki vatnsmiðstöðvarkatlar, sem einnig geta framleitt gufu með lágum þrýstingi; háhitaðir (superheated) vatnskatlar.

i. Nr. 84.02 orðist svo:
84.02 Hjálpartæki við katla, sem teljast til nr. 84.01.

j. Nr. 84.53 orðist svo:
84.53 Sjálfvirkar gagnavinnsluvélar og einingar þeim tilheyrandi; lesarar fyrir segulletur og ritletur, vélar til að umskrá gögn á gagnamiðla á táknmáli og vélar til að vinna úr slíkum gögnum, ót. a.

k. Nr. 84.59 orðist svo:
84.59 Vélar, tæki og mekanísk áhöld til sérstakra nota, sem ekki teljast til annars númers í þessum kafla.

60. Á 85. kafla:

a. Setning innan sviga „(t. d. glerhylki fyrir rafmagnsglólampa)“ í athugasemd 1 b við kaflann falli niður.

b. Ný athugasemd 4, sem bætist við kaflann, orðist svo:

4. Með orðinu „prentrásir“ í nr. 85.19 er átt við rafeindarásir, sem gerðar eru með því að mynda á einangrandi undirlagi með hvers konar prentunaraðferð (t. d. upphleypingu, málmhúðun eða ætingu) eða með himnurásatækni (film circuit technique) leiðara, snertur eða aðrar prentaðar einingar (t. d. spólur, viðnám, þétta), einar sér eða samtengdar eftir fyrirfram ákveðnu mynstri, þó ekki rásaeiningar, sem geta framleitt, afriðað, mótað eða magnað rafmagnsmerki (t. d. hálfleiðarar).

Orðið „prentrásir“ nær ekki til rása, sem innihalda aðrar einingar en þær, sem prentaðar eru. Prentrásir mega þó hafa tengiliði, sem ekki eru prentaðir.

Þunn- og þykkhimnurásir (film circuits), sem samanstanda af virkum og óvirkum rásaeiningum, sem myndaðar eru á sama framleiðslustigi, skulu teljast til nr. 85.21.

c. Ný athugasemd 5, sem bætist við kaflann, orðist svo:
5. A. Með orðunum „díóður, transistorar og áþekkir hálfleiðarar“ í nr. 85.21 er átt við rásaeiningar, sem byggja starfsemi sína á breytingum á eðlisviðnámi vegna áhrifa rafsviðs.
B. Með orðinu „rafeindadvergrásir“ í nr. 85.21 er átt við:
a. Dvergrásir í knippiseiningum (fagot module), innsteyptar rásir, smækkaðar og svipaðar rásir, sem samanstanda af aðgreindum, virkum eða bæði virkum og óvirkum smárásahlutum, sem eru sameinaðir og samtengdir.
b. Einsteina samrásir (monolithic integrated circuits), þar sem rásaeiningarnar (díóður, transistorar, viðnám, þéttar, millitengingar, o. s. frv.) eru myndaðar (fyrst og fremst) innan í eða á yfirborði hálfleiðara (t. d. íblönduðu sílíkoni) og eru óaðskiljanlega tengdar.
c. Blandaðar samrásir (hybrid integrated circuits), þar sem hinar virku og óvirku rásaeiningar, sumar myndaðar með þunn- eða þykkhimnutækni (viðnám, þéttar, millitengingar, o. s. frv.) eða með hálfleiðaratækni (díóður, transistorar, einsteina samrásir, o. s. frv.) eru sameinaðar á bókstaflega órjúfanlegan hátt á einu einangrandi undirlagi (gleri, leir, o. s. frv.). Þessar rásir mega einnig innihalda staka smárásahluta (miniaturised components).
Við flokkun á þeim hlutum, sem skýrgreindir eru í þessari athugasemd, skal nr. 85.21 ganga fyrir öllum öðrum tollskrárnúmerum, sem kunna að eiga við þá, einkum með tilvísun til tilgangs þeirra.

d. Í stað orðanna „rafalar og straumrofar til notkunar í sambandi við brunahreyfla“ í nr. 85.08 komi:
rafalar (rakstraumsrafalar og riðstraumsrafalar) og straumrofar til notkunar í sambandi við brunahreyfla.

e. Í stað setningar innan sviga „(einnig með innbyggðum grammófón)“ í nr. 85.15 komi:
(einnig móttökutæki með innbyggðum hljóðupptöku- eða hljóðflutningstækjum).

f. Nr. 85.19 orðist svo:
85.19 Rafmagnstæki til að tengja eða rjúfa straumrásir, til öryggis í rafmagnsstraumrásum og til tengingar við eða í straumrásum (t. d. rofar, liðar, vör, yfirspennuafrásir, yfirspennuliðar gerðir úr spólum og þéttum, eldingavarar, vartappar, falir, klær og greinidósir); óbreytanleg viðnám og breytiviðnám (þar með spennudeilar), þó ekki hitamótstöður; prentrásir (printed circuits); greinitöflur (þó ekki símaborð) og stýri- og eftirlitstöflur.

g. Í stað orðanna „innbyggðir kristallokar . . . þrýstirafmagnskristallar“ í nr. 85.21 komi:
innbyggðir þrýstirafmagnskristallar (mounted piezo-elctric crystals); díóður, transistorar og áþekkir hálfleiðarar; rafeindadvergrásir (electronic microcircuits).

h. Nr. 85.22 orðist svo:
85.22 Rafmagnsáhöld og -tæki til sérstakra nota, sem ekki teljast til annars númers í þessum kafla.

61. Á XVII. flokki:
a. Athugasemdir 5 og 6 við flokkinn falli niður.
b. Ný athugasemd 5, sem bætist við flokkinn, orðist svo:
5. Loftpúðafarartæki skulu flokkast í þessum flokki með þeim farartækjum, sem þeim eru skyldust:
a. Í kafla 86, ef þau eru ætluð til ferða eftir spori (loftpúðalestir).

b. Í kafla 87, ef þau eru ætluð til ferða yfir land eða yfir bæði land og vatn.
c. Í kafla 89, ef þau eru ætluð til ferða yfir vatn, einnig þótt þau geti lent á fjörum eða lendingarstöðum og geti líka ferðazt yfir ís.

Hlutar og fylgitæki fyrir loftpúðafarartæki skulu flokkast á sama hátt og hlutar og fylgitæki fyrir farartæki, sem teljast til þess tollskrárnúmers, sem loftpúðafarartækin flokkast í skv. ákvæðunum hér á undan.

Staðbundinn útbúnaður fyrir loftpúðalestir skal flokkast á sama hátt og áþekkur útbúnaður fyrir járnbrautir, og tæki til umferðarstjórnunar fyrir loftpúðalestarkerfi skulu flokkast á sama hátt og áþekk tæki fyrir járnbrautir.

62. Á 86. kafla:
a. Athugasemd 1 a við kaflann orðist svo:
a. Brautarbitar úr trjáviði eða steinsteypu og steinsteyptar brautareiningar fyrir loftpúðalestir (nr. 44.07 og 68.11).
b. Nr. 68.08 orðist svo:
86.08 Vörugeymar (containers), sérstaklega hannaðir og útbúnir til flutnings með einni eða fleiri gerðum farartækja.

63. Á 87. kafla:
Nr. 87.07 orðist svo:
87.07 Alls konar vagnar með hreyfli þeirrar gerðar, sem notaðir eru í verksmiðjum, vörugeymslum, á hafnarsvæðum og flugvöllum til meðferðar á vörum og flutnings þeirra stuttar vegalengdir (t. d. vagnar fyrir stöðvarpalla, gaffallyftarar, o. þ. h.); dráttarvagnar þeirrar gerðar, sem notaðir eru á stöðvarpöllum járnbrauta; hlutar til þessara ökutækja.

64. Á 89. kafla:
a. Athugasemd við kaflann orðist svo:
Skipsskrokkar og hálfgerð eða ófullgerð för, samsett, ósamsett eða sundurtekin, einnig fullgerð för, ósamsett eða sundurtekin, flokkast í nr. 89.01, ef þau hafa ekki aðaleinkenni fars af sérstakri gerð.
b. Nr. 89.02 orðist svo:
89.02 För sérstaklega gerð til dráttar (dráttarbátar) eða til að ýta öðrum förum.

65. Á 90. kafla:
a. Ný athugasemd 1 l, sem bætist við kaflann, orðist svo:
l. Spólur, kefli og sams konar uppistöður (sem teljast til númera eftir efninu, sem þær eru gerðar úr, t. d. nr. 39.07 eða XV. flokks).
b. Athugasemd 2 við kaflann falli niður.
c. Athugasemd 3 við kaflann verði athugasemd 2, og í stað orðanna „1. og 2. athugasemd“ í 1. línu hennar komi:
1. athugasemd.
d. Athugasemdir 4, 5, 6 og 7 við kaflann verði athugasemdir 3, 4, 5 og 6.
e. Nr. 90.10 orðist svo:
90.10 Tæki og áhöld þeirrar tegundar, sem notuð eru í ljósmynda- og kvikmyndavinnustofum og ekki falla undir neitt annað númer í þessum kafla; vélar til að taka ljósmyndað afrit af skjölum og þess háttar (með innbyggðum optískum útbúnaði eða með snertiaðferð (contact type)) og varmaafritunarvélar (thermo-copying); sýningartjöld.
f. Nr. 90.19 orðist svo:
90.19 Ortópedísk tæki, skurðlækningabelti, kviðslitsbelti og annað þess háttar; spengur og annað til lækninga á beinbroti; gervilimir, gerviaugu, gervitennur og aðrir gervihlutar líkamans; heyrnartæki og önnur tæki, sem viðkomandi hefur á sér eða ber eða grædd eru í líkamann til þess að vega upp á móti líkamslýtum eða bæklun.

66. Á 91. kafla:
    a. Athugasemd 1 við kaflann orðist svo:
        1. með „vasaúrverkum“ í nr. 91.02 og 91.07 er átt við úrverk, sem eru með óróa og gangfjöður, sem gangstilla eða ákvarða tímabil eftir einhverju öðru kerfi og eru í mesta lagi 12 mm á þykkt, þegar með er talinn verkbotn, brýr og hvers kyns aðrar ytri plötur.
    b. Orðin „ófullgerðir hlutar í slíka kassa“ í nr. 91.09 falli niður.
67. Á 92. kafla:
    a. Á eftir orðunum „sambyggð útvarpstækjum“ í athugasemd 1 c við kaflann komi:
    og sjónvarpstækjum.
    b. Ný athugasemd 1 g, sem bætist við kaflann, orðist svo:
        g. Spólur, kefli og sams konar uppistöður (sem teljast til númera eftir efninu, sem þær eru gerðar úr, t. d. nr. 39.07 eða XV. flokks).
    c. Athugasemd 2 við kaflann falli niður.
    d. Athugasemdir 3 og 4 við kaflann verði athugasemdir 2 og 3.
68. Á 93. kafla:
    a. Athugasemd 2 við kaflann falli niður.
    b. Athugasemdir 3 og 4 við kaflann verði athugasemdir 2 og 3.
    c. Nr. 93.06 orðist svo:
    93.06 Hlutar til vopna, þar með talin hlaup, en ekki hlutar, er teljast til nr. 93.01.
69. Á 94. kafla:
    a. Athugasemd 1 c við kaflann orðist svo:
        c. Vörur úr steini, leir eða nokkrum öðrum efnum, sem tiltekin eru í 68. eða 69. kafla og notaðar eru sem sæti, borð eða súlur í lystigörðum, blómagörðum eða anddyrum (68. og 69. kafli).
    b. Athugasemd 2 við kaflann orðist svo:
        2. Vörur (aðrar en hlutar), sem tilteknar eru í nr. 94.01, 94.02 og 94.03, skulu því aðeins flokkast í þessi númer, að þær séu gerðar til að standa á gólfi eða á jörðu.
        Þetta tekur þó ekki til eftirtalinna húsgagna, þótt þau séu gerð til að hengjast eða festast á vegg eða standa hvert ofan á öðru:
        a. Eldhússkápar og þess háttar skápar.
        b. Sæti og rúm.
        c. Raðbókaskápar og áþekk raðhúsgögn.
    c. Athugasemd 3 við kaflann falli niður.
    d. Athugasemd 4 við kaflann verði athugasemd 3.
70. Á 95. kafla:
    Orðin „þótt þær séu“ í 1. línu athugasemdar d við kaflann falli niður.
71. Á 97. kafla:
    a. Athugasemd 4 við kaflann falli niður.
    b. Athugasemd 5 við kaflann verði athugasemd 4.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

I. Almennar athugasemdir.

Frumvarp þetta er borið fram til þess að samræma íslenzku tollskrána þeim breytingum, sem gerðar hafa verið á Brusseltollskránni frá því árið 1968, en eins og kunnugt er, er íslenzka tollskráin gerð eftir tollskrárfyrirmynd Tollsamvinnuráðsins í Brussel, hinni svo nefndu Brusseltollskrá, eins og hún var árið 1959, en upphaf-

lega Brusseltollskráin er frá 1950 og samþykktin um hana frá sama tíma. Á árunum 1959—1968 voru samþykktar á Brusseltollskránni 13 breytingarskrár, nr. 4—16, og hefur íslenzku tollskránni verið breytt í samræmi við þær. Enn hafa verið samþykktar breytingar á Brusseltollskránni, og segir í bréfi Tollsamvinnuráðsins, dags. 25. nóvember 1971, að breytingar þessar séu gerðar til þess, að Brusseltollskráin megi fylgja þeirri tækniþróun, sem orðið hefur á síðustu árum, og þeim breytingum í alþjóðaviðskiptum, sem þessari þróun hafa verið samfara. Voru breytingar þessar samþykktar í Tollsamvinnuráðinu 9. júní 1970.

Í 1. gr. frumvarpsins eru teknar upp í íslenzku tollskrána þær breytingar, sem gerðar hafa verið á Brusseltollskránni samkvæmt fyrrnefndri samþykkt. Er hér fyrst og fremst um að ræða fyllri skýrgreiningar í athugasemdum við flokka og kafla tollskrárinnar ásamt breytingum á textum einstakra tollskrárnúmera, sem miða að því í flestum tilvikum að bæta inn í viðkomandi númer heitum nýrra vörutegunda. Má hér sem dæmi nefna sjálfvirkar gagnavinnsluvélar (automatic data processing machines) í 84. kafla, rafeindarásir í 85. kafla og loftpúðafarartæki í XVII. flokki, en að öðru leyti vísast til umsagna um einstakar breytingar hér að neðan. Með breytingum þeim, sem hér um ræðir, er í flestum tilfellum verið að staðfesta þá tollflokkun, sem verið hefur á viðkomandi vörum, og hefur frumvarpið því fáar tollbreytingar í för með sér. Þó kann rýmkun á texta í nr. 84.53 að leiða til nokkurra breytinga í flokkun skýrsluvéla, og enn fremur munu eftirtaldar vörur færast milli flokka:

a. Tilbúinn lyktareyðir fyrir herbergi: Flokkast nú í nr. 38.19 með 50% tolli, en verður skv. frumvarpinu í nr. 33.06 með 100% tolli.
b. Eimsvalar (condensers) við gufuvélar: Flokkast nú í nr. 84.02 með 18% tolli, en er fellt niður í nr. 84.02 skv. frumvarpinu og mun því verða flokkað í nr. 84.17 með 7% tolli.

II. Um einstakar greinar.

Um 1. gr.

Gerð er grein fyrir hverri einstakri breytingu og tekur hver töluliður til þeirra flokka og kafla, þar sem ætlazt er til að breyting verði, en stafliðir tölulíðanna taka til athugasemdarákvæða flokka og kafla og til tollskrárnúmera, sem ætlazt er til að breytist.

Um 1. a. Ný regla 2. a. um túlkun tollskrárákvæða á ófullgerðum vörum, sem hafa öll veruleg einkenni hinna fullgerðu vara. Regla þessi hefur komið fram í athugasemdum við einstaka flokka og kafla (t. d. 5. og 6. athugasemd við XVII. flokk, 2. athugasemd við 90. kafla, 2. athugasemd við 92. kafla, 2. athugasemd við 93. kafla, 3. athugasemd við 94. kafla og 4. athugasemd við 97. kafla) en fellur þar niður.

Núverandi regla 2 er óbreytt en verður nr. 2. b.

b. og c. Breytingar á tilvísunum í númer.

d. og e. Regla 4 fellur niður, en regla 5 færist upp í númeraröð.

Um 2. Skýrari framsetning á vörum, sem ekki teljast til kaflans, og bætt við dýrum, sem teljast til nr. 97.08.

Um 3. Breytt orðalag og „ópressuð" fita bætist við texta.

Um 4. Orðin „einnig soðinn á undan eða jafnhliða reykingu" eru nýmæli.

Um 5. a. Við kaflafyrirsögn bætist: „ætar afurðir úr dýraríkinu, ót. a."

b. Nýtt tollskrárnúmer til samræmis við breytingu á kaflafyrirsögn.

Um 6. Breytt orðalag.

Um 7. Skýrari framsetning á athugasemd við 7. kafla og bætt við tilvísun um pipar (sweet peppers).

Um 8. a. Við síðustu mgr. 1. athugasemdar 9. kafla bætist tilvísun í vörur, sem teljast til nr. 09.04—09.10.

b. Pipar (sweet peppers) kemur í staðinn fyrir sætt capsicum.

Um 9. a, b og c. Núverandi athugasemd við 11. kafla verður athugasemd nr.

1, þar sem ný athugasemd bætist við kaflann. Enn fremur styttist orðalag í b-lið athugasemdarinnar.

d. Nákvæm skýrgreining á þeim korntegundum, sem teljast til 11. kafla.

e. Orðalagsbreyting í nr. 11.09.

Um 10. a. Breytt orðalag á 1. athugasemd 12. kafla.

b. Skýrari framsetning á 2. athugasemd 12. kafla.

Um 11. a. Í b.-lið athugasemdar við 13. kafla kemur sakkarósi í stað sykurs.

b. Orðalagsbreyting í e.-lið athugasemdar við 13. kafla.

c. Prófefni til blóðflokkunar bætist við f.-lið athugasemdar við 13. kafla.

d. Orðalagsbreyting í h-lið athugasemdar við 13. kafla.

Um 12. Orðlagsbreyting í athugasemd 1 við 14. kafla.

Um 13. a. Stytt orðalag á athugasemd 1 a við 15. kafla.

b. Orðin „feiti eða olía“ bætast við athugasemd 1 b við 15. kafla.

c. Stytt orðalag á athugasemd 1 c við 15. kafla, og tilvísun í „olíukökur“ fellur niður.

d. Orðalagsbreyting í nr. 15.01.

e. Orðalagsbreyting í nr. 15.02.

Um 14. a. Orðin „hlutar af dýrum” bætast við athugasemd við 16. kafla.

b. Við nr. 16.03 bætist „fiskextrakt“.

Um 15. a og b. Orðalagsbreytingar á athugasemdum 1 b. og c. við 17. kafla.

Um 16. Orðin „þótt þær innihaldi kakaó eða súkkulaði“ bætast við 1. athugasemd 18. kafla.

Um 17. a. Orðalagsbreyting á athugasemd 1 c við 19. kafla.

b. Orðalagsbreyting í nr. 19.07, sem tiltekur, að brauðvörur í þessu tollskrárnúmeri skuli vera án „viðbætts“ sykurs.

Um 18. a. og b. Orðlagsbreytingar á athugasemdum 1. a. og 2. við 20. kafla.

Um 19. a. Orðin „aðrar vörur, sem teljast til nr. 30.03“ bætast við athugasemd 1. d. við 21. kafla.

b. Ný athugasemd, sem skýrgreinir „jafnblönduð samsett matvæli“ í nr. 21.05.

c. Við nr. 21.05 bætist: jafnblönduð samsett matvæli.

Um 20. Orðin „vatn til mælingar á rafmagnsmótstöðu“ bætast við athugasemd 1. b. við 22. kafla.

Um 21. Orðalagsbreyting í nr. 23.06.

Um 22. a, b og c. Óverulegar orðalagsbreytingar á athugasemdum 2 c, 2 d og 2 e við 25. kafla.

Um 23. a, b og c. Ný athugasemd 1 a við 26. kafla tiltekur, að gjall og áþekkur iðnaðarúrgangur telst ekki til kaflans. Aðrir undirliðir athugasemdar 1 færast til í stafrófsröð, en orðalagsbreyting verður í e-lið.

Um 24. a. Við athugasemd 1 a við 27. kafla bætist „própan“.

b. Óveruleg orðalagsbreyting á athugasemd 1 b við kaflann.

c. Ný athugasemd, sem tiltekur, að blönduð, ómettuð karbonhydríd teljist ekki til 27. kafla.

d. Innskot í 3. athugasemd 27. kafla.

e. Orðunum „áþekk framleiðsla“ bætt inn í nr. 27.07.

Um 25. a. Viðbót við 1. mgr. athugasemdar 1 við 28. kafla.

b. Ný athugasemd með frekari skýrgreiningu á efnum þeim, sem teljast til 28. kafla.

c. Ný athugasemd með skýrgreiningu á kemískum frumefnum til rafeindafræðilegra nota.

d. Orðalagsbreyting í nr. 28.03.

e. Orðalagsbreyting í nr. 28.05 með viðauka um innbyrðis blöndur yttríum og scandíum.

f. Leiðrétting á stafsetningarskekkju í orðinu klórsúlforsýra.

Um 26. a. Ný athugasemd með frekari skýrgreiningu á efnum þeim, sem teljast til 29. kafla.

b. Athugasemd 1 g við 29. kafla færist til í stafrófsröð.

c. Við athugasemd 2 c við 29. kafla bætist própan.

d. Orðalagsbreyting á athugasemd 2 e við kaflann.

e. Orðlagsbreyting á athugasemd 2 f við kaflann.

f. Viðauki við 7. athugasemd 29. kafla.

g. Upptalning efna í nr. 29.11 aukin með tilvísun í hringliða fjölhlutasambönd af aldehydum og paraformaldehyd.

h, i, j, k, l og m. Breytt orðalag í fyrirsögn undirnúmers VII í 29. kafla og nr. 29.14, 29.15, 29.16, 29.25 og 29.26 vegna tilvísunar í karboxsýrur.

n. Orðunum „önnur steroíd“ bætt við texta í nr. 29.39.

Um 27. a. Tilvísun í „aðrar vörur“ í nr. 34.01 er bætt inn í athugasemd 2 c við 30. kafla.

b. og c. Nýr stafliður e (prófefni til blóðflokkunar) bætist við 3. athugasemd 30. kafla, en núverandi stafliðir e og f færast aftur í stafrófsröð.

Um 28. a. Ný skýrgreining á þvagefni í athugasemd 1. A. 8. við 31. kafla.

b. Ný skýrgreining á ammóníumfosfötum í athugasemd 4 við 31. kafla.

c. Tilvísun í athugasemd 4 felld niður í athugasemd 5 við 31. kafla, þar eð hún á ekki við lengur.

Um 29. a. Orðalagsbreyting í athugasemd 1 a við 32. kafla.

b. Ný uppsetning á nr. 32.03 og bætt við efnum til forsútunar.

c. Breyting á nr. 32.09 til samræmis við orðalagsbreytingu í athugasemd 1 a við kaflann (sjá a. hér að ofan).

d. Viðbót við texta í nr. 32.12: óeldföst yfirborðsefni.

Um 30. a. Óveruleg orðalagsbreyting í athugasemd 1 a við 33. kafla.

b. Tilvísun í „aðrar vörur“ í nr. 34.01 er bætt inn í athugasemd 1 b við 33. kafla.

c. Ný uppsetning á athugasemd 2 við 33. kafla. Nýmæli að „tilbúinn lyktareyðir fyrir herbergi“ flokkast í nr. 33.06.

Um 31. a. Ýtarleg skýrgreining á sápu í athugasemd 2 við 34. kafla.

b. Orðalagsbreyting í nr. 34.01 til samræmis við athugasemd 2 við 34. kafla.

Um 32. a. og b. Breyting á uppsetningu athugasemdar við 35. kafla, þar eð ný athugasemd bætist við kaflann.

c. Ný athugasemd bætist við kaflann með skýrgreiningu á „dextríni“.

Um 33. a. og b. Ný athugasemd 1 b bætist við 38. kafla og tiltekur fæðuefnablöndur, sem ekki teljast til kaflans. Núverandi athugasemd 1 b færist til í stafrófsröð.

c. Skýrgreining á kemískum frumefnum til rafeindafræðilegra nota (sjá einnig umsögn um 25. c.).

Um 34. a., b., c. og d. Óverulegar orðalagsbreytingar í athugasemdum 1 f, 1 m, 1 o og 1 q við 39. kafla.

e. Breytt orðalag í athugasemd 3 d við 39. kafla og bætt inn tilvísun í athugasemd 4 við 51. kafla.

Um 35. a. Orðunum „sams konar trefjaefni“ bætt inn í athugasemd 2 e við 40. kafla.

b. Stytt orðalag á athugasemd 3 e við kaflann.

c. Ný, ýtarleg skýrgreining á „gervigúmmí“ í athugasemd 4 við kaflann.

Um 36. a. Óveruleg orðalagsbreyting í athugasemd ij við 42. kafla.

b. Sjá umsögn um 1 a.

c. Athugasemd 3 við 42. kafla færist fram í númeraröð.

Um 37. Óveruleg orðlagsbreyting á athugasemd 2 f við 43. kafla.

Um 38. a. Óveruleg orðalagsbreyting á athugasemd 1 o við 44. kafla.

b. Sjá umsögn um 1 a.

c. Athugasemdir 3, 4 og 5 við 44. kafla færast fram í númeraröð.

d. Pulpvið í smástykkjum eða mylsnu bætt við upptalningu vara í nr. 44.09.

e. Niðurlag texta í nr. 44.21 fellt niður.

Um 39. Óveruleg orðalagsbreyting á athugasemd 1 c við 45. kafla.

Um 40. a., b., c., d., e. og f. Orðalagsbreytingar á athugasemdum 1 d, 1 h, 1 k, 1 l, 1 o og 1 t við XI. flokk, þar sem tilteknar eru vörur, sem ekki teljast til flokksins.

g. og h. Stytt orðalag á athugasemdum 3. A a. og 3. A. b. við flokkinn.

i. Ýtarlegri skýrgreining í athugasemd 3. B b. við flokkinn.

j. Ýtarlegri skýrgreining í athugasemd 4. B. d. 2. við flokkinn.

Um 41. Stytt orðalag í e-lið athugasemdar við 56. kafla og þyngd vöndla miðuð við „yfir 2 g/m (18000 denier)".

Um 42. a., b. og c. „Öðrum basttrefjum" bætt inn í texta í nr. 57.03, 57.06 og 57.10.

Um 43. Viðbót við texta í nr. 58.07.

Um 44. a. Ýtarleg skýrgreining í athugasemd 2 við 59. kafla á spunaefnum, sem teljast til nr. 59.08 og 59.12, og upptalning á efnum, sem ekki teljast til þessara númera.

b. Orðalagsbreyting í nr. 59.08.

Um 45. a. Tilvísun í fullgerðar eða ófullgerðar vörur í athugasemd 2 við 60. kafla felld niður (sjá umsögn um 1 a).

b. Orðalagsbreyting í b-lið athugasemdar 5 við kaflann.

Um 46. Orðalagsbreyting á athugasemd 5 við 61. kafla í samræmi við túlkunarreglu 2 a (sjá umsögn um 1 a).

Um 47. Breytt orðalag í athugasemd 1 við 62. kafla og bætt inn „sams konar trefjaefni".

Um 48. Breyting á athugasemd 1 a við 64. kafla (sjá umsögn um 47).

Um 49. a. Orðalagsbreyting í athugasemd 1 l við 68. kafla.

b. Skýrar sett fram í nr. 68.04, að tilteknar vörur í númerinu skuli vera án grindar.

Um 50. a. Orðalagsbreyting í athugasemd 2 f við 69. kafla.

b. Breytt orðalag í nr. 69.01.

Um 51. a. Ný athugasemd 3 við 70. kafla með ýtarlegri skýrgreiningu á glerull.

b. Núverandi athugasemd 3 færist til í tölurðð.

c. Orðin „einnig ófullgerð" felld niður í nr. 70.12.

Um 52. a. og b. Óverulegar orðalagsbreytingar í athugasemdum 1 d og 1 m við XV. flokk.

c. Breytt uppsetning á athugasemd 3 við flokkinn. Núverandi b-liður fellur niður, þar eð tilvísun í legeringar, sem skýrgreindar eru í 73. og 74. kafla, er færð í 1. mgr. athugasemdarinnar.

d. Ný athugasemd 5 c við XV. flokk skýrgreinir „cermets" sem ódýran málm.

Um 53. a. Með nýrri skýrgreiningu á járnlegeringum í athugasemd 1 c við 73. kafla er sett skýrar fram, hvert magn járns skuli vera í tilteknum legeringum.

b. Orðalagsbreyting í nr. 73.21 í samræmi við túlkunarreglu 2 a.

c. Viðbót við texta í nr. 73.22.

d., e. og f. Orðlagsbreytingar í nr. 73.24, 73.33 og 73.37.

Um 54. a. Breyting á athugasemd 1 við 74. kafla setur skýrt fram magn kopars í koparforlegeringum.

b. Ýtarlegri skýrgreining á stöngum, teinum o. s. frv. sett í athugasemd 2 b við kaflann.

c. Viðbót við texta í nr. 74.09.

Um 55. a. Hluti af texta í nr. 76.08 felldur niður í samræmi við túlkunarreglu 2 a.

b. Viðbót við texta í nr. 76.09.

c. Breytt orðalag í nr. 76.11 og fellt niður: „og önnur áþekk flát".

Um 56. a. Rýmkað orðalag í athugasemd 1 við 82. kafla („slípitæki fest á grind" breytist í „slípitæki með grind").

b. Hluti af texta athugasemdar 2 við kaflann fellur niður í samræmi við túlkunarreglu 2 a.

c. Orðið „samsett“ í nr. 82.04 („þar með talin samsett glerskurðartæki“) fellt niður.

Um 57. Hluti af texta í nr. 83.01 fellur niður til samræmis við túlkunarreglu 2 a.

Um 58. a. Stytt orðalag á athugasemd 1 c við XVI. flokk.

b. Orðalagsbreyting á athugasemd 1 f við flokkinn.

c., d. og e. Þar eð athugasemdir 3 og 4 við flokkinn falla niður í samræmi við túlkunarreglu 2 a, fellur tilvísun á 3. athugasemd niður úr athugasemd 2 við flokkinn, og síðari athugasemdir færast til í töluröð.

Um 59. a. Orðalagsbreyting í athugasemd 1 e við 84. kafla.

b. Tilvísun í athugasemdir við XVI. flokk breytist (sjá umsögn um 58 c., d. og e.).

c. Breyting á uppsetningu athugasemdar 2 við 84. kafla.

d. Viðbótarskýring í athugasemd 2, sem tiltekur, að saumavélar þær, sem þar eru tilgreindar, séu umbúðasaumavélar.

e. Ný athugasemd 3, sem bætist við 84. kafla, skýrgreinir ýtarlega við hvers konar vélar sé átt, þegar talað er um „sjálfvirkar gagnavinnsluvélar“ í nr. 84.53. Texti þessa númers hefur verið túlkaður mjög þröngt en rýmkar nú mjög vegna örrar þróunar í gerð nefndra véla á undanförnum árum.

f. Vegna hinnar nýju athugasemdar, sem bætist við kaflann, færast síðari athugasemdir til í töluröð.

g. Tilvísun í athugasemd við XVI. flokk breytist (sjá umsögn um 58. c., d. og e.).

h. Viðbót við texta í nr. 84.01: háhitaðir (superheated) vatnskatlar.

i. Stytt orðalag í nr. 84.02. Eimsvalar (condensers) við gufuvélar falla burt úr þessu númeri (tollur 18%) og munu flokkast hér eftir í nr. 84.17 (tollur 7%).

j. Nýr texti í nr. 94.53 (sjá umsögn um e).

k. Stytt orðalag í nr. 84.59.

Um 60. a. Niðurlag athugasemdar 1 b við 85. kafla fellt niður.

b. Ný athugasemd 4, sem bætist við kaflann, skýrgreinir ýtarlega, hvað átt er við með prentrásum í nr. 85.19.

c. Ný athugasemd 5, sem bætist við 85. kafla, skýrgreinir ýtarlega díóður, transistora og rafeindadvergrásir, sem teljast til nr. 85.21.

d. Orðalagsbreyting í nr. 85.08.

e. Orðalagsbreyting í nr. 85.15.

f. Prentrásir (printed circuits) bætast við upptalningu á vörum í nr. 85.19 (sjá umsögn um b).

g. Rafeindadvergrásir (electronic microcircuits) bætast við upptalningu á vörum í nr. 85.21 (sjá umsögn um c).

h. Stytt orðalag í nr. 85.22.

Um 61. a. Athugasemdir 5 og 6 við XVII. flokk falla niður í samræmi við túlkunarreglu 2 a.

b. Ný athugasemd 5, sem bætist við flokkinn, skýrgreinir ýtarlega, hvernig ýmis loftpúðafarartæki skuli flokkast.

Um 62. a. Breyting á athugasemd 1 a við 86. kafla, að því er varðar brautareiningar fyrir loftpúðalestir.

b. Orðalagsbreyting í nr. 86.08.

Um 63. Viðbót við texta í nr. 87.07 um vagna til notkunar á flugvöllum.

Um 64. a. Orðalagsbreyting í athugasemd við 89. kafla.

b. Orðalagsbreyting í nr. 89.02 og viðbót um för, sem notuð eru til þess að ýta öðrum förum.

Um 65. a. Ný athugasemd 1 1 við 90. kafla bætist við upptalningu á þeim vörum, sem ekki teljast til kaflans.

b. Athugasemd 2 við kaflann fellur niður í samræmi við túlkunarreglu 2 a.

c. og d. Breytingar á töluliðum athugasemda, vegna þess að athugasemd 2 fellur niður.

e. Orðalagsbreyting í nr. 90.10 og viðbót um varmaafritunarvélar (thermocopying).

f. Ýtarlegri upptalning á vörum þeim, sem teljast til nr. 90.12.

Um 66. a. Ný skýrgreining í athugasemd 1 við 91. kafla inniheldur nýmæli um úrverk, sem ákvarða tímabil án þess að vera með óróa og gangfjöður sem gangstilla.

b. Hluti af texta í nr. 91.09 fellur niður í samræmi við túlkunarreglu 2 a.

Um 67. a. Bætt við tilvísun í sjónvarpstæki í athugasemd 1 c við 92. kafla.

b. Ný athugasemd 1 g við 92. kafla bætist við upptalningu á þeim vörum, sem ekki teljast til kaflans.

c. Athugasemd 2 við kaflann fellur niður í samræmi við túlkunarreglu 2 a.

d. Athugasemdir 3 og 4 við kaflann færast til í númeraröð, vegna þess að athugasemd 2 fellur niður.

Um 68. a. og b. Breytingar á töluröð athugasemda við 93. kafla (sjá umsögn um 67. c. og d.).

c. Orðalagsbreyting í nr. 93.06.

Um 69. a. Breytt orðalag í athugasemd 1 c við 94. kafla.

b. Orðlagsbreyting í athugasemd 2 við kaflann.

c. og d. Athugasemd 3 við kaflann fellur niður í samræmi við túlkunarreglu 2 a, en athugasemd 4 færist til í númeraröð.

Um 70. Orðalagsbreyting í athugasemd d við 95. kafla.

Um 71. a. og b. Athugasemd 4 við 97. kafla fellur niður í samræmi við túlkunarreglu 2 a, en athugasemd 5 færist til í númeraröð.

Nd. 83. Frumvarp til hafnalaga. [79. mál]

(Lagt fyrir Alþingi á 93. löggjafarþingi, 1972.)

I. KAFLI
Yfirstjórn hafnamála.

1. gr.

Samgönguráðuneytið hefur með höndum yfirstjórn allra hafnamála.

2. gr.

Forseti Íslands skipar hafnamálastjóra, sem jafnframt gegnir starfi vitamálastjóra.

Hafnamálastjóri veitir forstöðu Hafnamálastofnun ríkisins, sem fer með framkvæmd hafnamála á þann hátt, sem ákveðið er í lögum þessum.

Ráðherra skipar verkfræðinga Hafnamálastofnunar, skrifstofustjóra og annað starfslið, að fengnum tillögum hafnamálastjóra.

3. gr.

Hafnamálastofnun ríkisins hefur yfirumsjón með hafnarframkvæmdum, sem styrktar eru samkvæmt lögum þessum.

Hafnamálastofnunin skal hafa umráð yfir vélum þeim og tækjum, sem nauðsynleg eru til að annast þau verkefni, sem henni eru falin, svo og hafa í þjónustu sinni sérþjálfað starfslið.

Heimilt er ráðherra, að fenginni umsögn hafnamálastjóra, að veita bæjar- eða sveitarfélagi leyfi til að hafa á hendi eigin hafnarframkvæmdir undir tækni- og fjárhagslegu eftirliti Hafnamálastofnunarinnar.

Heimilt er, eftir því sem hagkvæmt þykir, að einstakar hafnarframkvæmdir eða hlutar þeirra verði unnar af verktökum samkvæmt tilboði á grundvelli útboðs.

II. KAFLI
Um greiðslu kostnaðar við hafnargerðir o. fl.

4. gr.

Til hafnargerða teljast samkvæmt lögum þessum:

Hafnargarðar, bryggjur og viðlegukantar, dýpkanir og uppfyllingar til hafnarbóta, siglingamerki, dráttarbrautir, flot- og þurrkvíar, löndunarkranar, hafnsögubátar og hafnarvogir.

5. gr.

Ríkissjóður greiðir hluta af stofnkostnaði við hafnargerðir, eftir því sem ákveðið er í lögum þessum.

Ríkisstjórninni er heimilt að ganga, fyrir hönd ríkissjóðs, í ábyrgð fyrir lánum vegna hafnargerða allt að jafnhárri þeirri upphæð, sem hafnarsjóður leggur fram.

6. gr.

Skilyrði fyrir greiðslu kostnaðarhluta ríkissjóðs og ábyrgð ríkissjóðs á láni samkvæmt 5. gr. eru:

1. Að bæjarfélag, hreppsfélag eða sýslufélag, eitt eða fleiri í sameiningu, hafi stofnað hafnarsjóð til þess að eiga og reka höfn og standa undir hafnarframkvæmdum og fengið til þess samþykki ráðuneytisins. Sé um fleiri en einn aðila að ræða, skulu þeir hafa gert með sér samning um kosningu hafnarstjórnar samkv. 11. gr., endurskoðun og úrskurðun reikninga, enda hafi samningurinn verið staðfestur af ráðuneytinu og hafnarstjórn fullskipuð.
2. Að hafnarsjóður hafi tryggt sér eignarrétt þess landsvæðis á strandlengju hafnarinnar, sem ráðuneytið og hlutaðeigandi hafnarstjórn telur þurfa undir hafnarmannvirki og starfsemi, sem nauðsynlegt er talið, að fari fram við höfnina. Ekki verður það þó gert að skilyrði samkvæmt þessum lið, að hafnarsjóður kaupi í þessu skyni íbúðar- eða verzlunarhús eða varanlegar byggingar af öðru tagi.
3. Að unnið sé að framkvæmdum samkvæmt tæknilegri og fjárhagslegri áætlun, sem sveitarstjórn hefur samþykkt, svo og ráðuneytið, að fenginni umsögn hafnamálastjóra.
4. Að fyrir liggi athugun á því, hvort hafnarsjóður geti staðið undir greiðslu eigin kostnaðarhluta, hvort sem er í formi framlags eða greiðslna af lánum.
5. Að tekjur og eignir hafnarsjóðs séu ekki fullnægjandi til þess að standa að einhverju eða öllu leyti undir þeim hluta af stofnkostnaði hafnarinnar, sem samkvæmt lögum þessum á annars að greiða af ríkissjóði.
6. Að hafnarsjóður hafi skuldbundið sig til þess að annast á sinn kostnað venjulegt viðhald hafnarmannvirkja samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð.
7. Að skýrslur og reikningar hafnarsjóðs hafi borizt hafnamálastjóra á lögboðnum tíma, sbr. 14. og 15. gr.
8. Að byrjað hafi verið að veita fé til hafnargerðarinnar á fjárlögum, áður en hún var hafin.

Heimilt er þó að veita ríkisábyrgð vegna hafnarframkvæmda, þótt eigi sé veittur til þeirra styrkur úr ríkissjóði.

7. gr.

1. Ríkissjóður greiði 75% stofnkostnaðar af eftirtöldum hafnargerðum:

Hafnargarðar (öldubrjótar).
Bryggjur og viðlegukantar.
Dýpkanir á aðalsiglingaleið að og frá höfn og á hafnarsvæði innan marka, sem ákveðin eru af ráðuneytinu, þó ekki að bryggjum annarra en hafnarsjóðs.

Nauðsynlegar uppfyllingar vegna framkvæmda við hafnargarða, bryggjur og öldubrjóta.
Siglingamerki.

Innifalinn í ofangreindum stofnkostnaði hafnargarða, bryggja og viðlegukanta er kostnaður við vatnslagnir um mannvirkin og raflýsingu þeirra samkv. nánari ákvæðum í reglugerð.

2. Ríkissjóður greiði 40% stofnkostnaðar af eftirtöldum hafnargerðum:

Dráttarbrautir.
Flot- og þurrkvíar.
Löndunarkranar.
Hafnsögubátar.
Hafnarvogir.

Hluti ríkissjóðs af kostnaði við hafnargerðir samkvæmt þessari grein greiðist eftir því sem fé er veitt til í fjárlögum.

8. gr.

Til styrkhæfs byggingarkostnaðar samþykkts hafnarmannvirkis telst kostnaður við undirbúningsrannsóknir, svo og hönnunar- og útboðskostnaður, enda séu þessir kostnaðarliðir eðlilegir að dómi hafnamálastjóra.

Til styrkhæfs byggingarkostnaðar telst ekki kostnaður vegna lóða- eða landakaupa fyrir höfn, vaxtakostnaður á byggingartíma, svo og lántökukostnaður eða annar fjármögnunarkostnaður. Til styrkhæfs byggingarkostnaðar telst ekki heldur gengistap á erlendum lánum eða kostnaður vegna hækkunar verðtryggðra lána, nema slík lán hafi verið tekin út á kostnaðarhluta ríkissjóðs í framkvæmdinni.

Rísi ágreiningur milli hafnarstjórnar og hafnamálastjóra um, hvort einstakir kostnaðarliðir skuli teljast styrkhæfir eða ekki, skal málinu skotið til úrskurðar ráðuneytisins.

9. gr.

Hver landeigandi er skyldur til að láta af hendi mannvirki og land, er þarf til þess að gera höfn samkvæmt lögum þessum, svo og til þess að gera brautir og vegi í því sambandi og til að leyfa, að tekin verði í landi hans grjót, möl og önnur jarðefni, og þola þær eignakvaðir, óhagræði og takmörkun á afnotarétti, sem hafnargerðin hefur í för með sér, allt þó gegn því, að fullar bætur komi fyrir. Náist ekki samkomulag um bæturnar, skulu þær ákveðnar með mati tveggja dómkvaddra manna, að tilkvöddum báðum málsaðilum. Kostnaður við matið greiðist af hafnarsjóði þeim, sem hlut á að máli.

Nú vill annar hvor málsaðili ekki una mati, og getur hann þá krafizt yfirmats, en það skal gert innan 14 daga frá því, að matsgerð er lokið. Yfirmat skal framkvæma á sama hátt af 3 dómkvöddum mönnum.

III. KAFLI

Um framkvæmdaáætlanir.

10. gr.

Hafnamálastjóri gerir í samráði við hafnarstjórnir tillögu að áætlun um hafnargerðir til fjögurra ára í senn.

Áður en gengið er endanlega frá áætluninni skal hafnamálastjóri senda stjórn hverrar hafnar tillögur sínar um framkvæmdir á áætlunartímabilinu við þá höfn, og gefa hafnarstjórninni nánar tiltekinn frest til að koma með athugasemdir og breytingartillögur.

Hafnargerðaáætlunin skal miðuð við það fjármagn, sem ætlað er til hafnargerða í almennri framkvæmdaáætlun ríkisins, ef slík áætlun er gerð, en að öðrum

kosti skal miða við það heildarfjármagn, sem líklegt er talið að til ráðstöfunar verði til hafnarframkvæmda.

Hafnargerðaáætlunin skal gerð á tveggja ára fresti og lögð fyrir sameinað Alþingi sem þingsályktunartillaga.

Áætlunin öðlast gildi, þegar Alþingi hefur samþykkt hana.

Hafnamálastjóri skal síðan vinna að framkvæmd áætlunarinnar í samráði við viðkomandi hafnarstjórnir og eftir því sem fjármagn er fyrir hendi.

Ráðherra skal leggja árlega fyrir Alþingi skýrslu um framkvæmd áætlunarinnar, áður en fjárveitingar eru ákveðnar.

IV. KAFLI

Um stjórn hafna og rekstur.

11. gr.

Hafnarstjórn, skipuð 3—5 mönnum, hefur á hendi stjórn hafnar og hafnarsjóðs á þann hátt, sem sveitarstjórn, sýslunefnd eða sameigendur hafnar ákveða og í samræmi við reglugerð.

Hafnarstjórn er kosin af sveitarstjórn þeirri eða sýslunefnd, sem stofnað hefur hafnarsjóðinn. Séu stofnendur fleiri en einn, fer um kosningu samkvæmt samningi. Sveitarstjórn ræður hafnarstjóra og ákveður verksvið hans, að fengnum tillögum hafnarstjórnar. Fela má oddvita, bæjarstjóra, sveitarstjóra eða formanni hafnarstjórnar störf hafnarstjóra.

12. gr.

Til þess að standast kostnað við hafnargerð og árlegan rekstrarkostnað hafnar eða í þágu hafnarinnar, eftir að hafnargerð er hafin, er heimilt að leggja á eftirtalin gjöld:

1. Skipagjöld á skip þau og báta, er nota höfnina:
   a) Lestagjald, miðað við brúttóstærð skipa og viðstöðutíma, fyrir að koma á hafnarsvæðið og hafa þar dvöl.
   b) Bryggjugjald, miðað við brúttóstærð skipa og legutíma, fyrir að hafa not af bryggjum og hafnarbakka.
   c) Fastagjald fiskiskipa fyrir hafnarafnot.
   d) Hafnsögugjöld.
   e) Önnur þjónustugjöld.
2. Vörugjöld af vörum, sem umskipað er, útskipað eða uppskipað í höfn, þar á meðal af sjávarafla, sem lagður er á land á hafnarsvæðinu.
3. Leigur fyrir afnot annarra mannvirkja eða tækja hafnarinnar.
4. Leyfisgjald eftir bryggjur og önnur mannvirki, sem gerð hafa verið samkvæmt 17. gr.
5. Lóðargjöld.

Herskip, íslenzk vitaskip og varðskip skulu undanþegin gjöldum samkvæmt a) og b)-liðum 1. tl. þessarar greinar. Strandferðaskip, sem sigla eftir fastri áætlun, og skemmtiferðaskip greiði hálft lestagjald, en fullt bryggjugjald, er þau koma að bryggju. Nú á annar aðili en hafnarsjóður bryggju innan hafnarsvæðisins, og má þá ekki taka í hafnarsjóð vörugjald af þeim vörum, er um þá bryggju fara, fyrr en hafnarsjóður hefur komið upp hafnarmannvirki. Eiganda slíkrar bryggju er óheimilt að innheimta vörugjald af vörum, er fara um bryggjuna, nema hafnarstjórn samþykki.

Öll gjöld samkvæmt þessari grein má taka lögtaki, og hafa þau sama forgangsrétt og opinber gjöld.

Heimilt er að ákveða, að skipagjöld skuli tryggð með lögveði í skipi, og gangi það veð í tvö ár fyrir samningsveðskuldum. Halda má eftir skráningar- og þjóðernisskírteinum skips til tryggingar greiðslu gjaldanna.

Enn fremur skal heimilt, að vörugjald skuli tryggt með veði í varningi þess aðila, sem skuldar vörugjald, og hefur hafnarsjóður haldsrétt á varningnum, unz gjaldið er greitt.

Gjöld til hafnarsjóða samkv. 1. tl., a)—d), og 2. tl. þessarar gr. skulu ákveðin af ráðuneytinu, og skulu í meginatriðum samræmdar gjaldskrár gilda fyrir allar hafnir á landinu. Við ákvörðun gjalda og breytingar á þeim skal ráðuneytið leita umsagnar hafnamálastjóra og Hafnasambands sveitarfélaga.

Gjaldskrár hafna skulu endurskoðaðar eigi sjaldnar en á fjögurra ára fresti.

13. gr.

Tekjum og eignum hafnarsjóðs má einungis verja til hafnargerðarinnar og rekstrar hafnarinnar eða í þágu hennar.

Hafnarsjóðir skulu undanþegnir hvers konar sköttum til sveitarsjóða.

Sveitar- eða sýslusjóður ber ábyrgð á skuldbindingum sjóðsins, og aðilar samkvæmt samningi, sbr. 1. tl. 6. gr., ef um fleiri er að ræða en einn.

14. gr.

Fyrir lok desembermánaðar ár hvert skal hafnarstjórn semja áætlun um tekjur og gjöld hafnarsjóðs á komandi ári og senda hana hafnamálastjóra ásamt nauðsynlegum skýringum á tekju- og gjaldaliðum, enda hafi áður verið leitað samþykkis hlutaðeigandi sveitarfélags, eða fullnægt ákvæðum samnings um þetta efni, sbr. 1. tl. 6. gr.

15. gr.

Halda skal reikning yfir tekjur og gjöld hafnarsjóðs. Reikningsár hafnarsjóðs er almanaksárið.

Við lok hvers reikningsárs og eigi síðar en fyrir lok aprílmánaðar á næsta ári skal skrá rekstrar- og efnahagsreikning hafnarsjóðs á sérstök eyðublöð, er Hafnamálastofnunin lætur gera fyrir hafnarsjóði, og senda Hafnamálastofnuninni í tvíriti.

Reikninginn skal endurskoða og úrskurða á sama hátt og reikninga bæjar- eða sveitarsjóðs, nema hafnarsjóður sé stofnaður með samningi, sbr. 1. tl. 6. gr., þá fer um endurskoðun og úrskurð reikningsins samkvæmt samningnum.

Hafnarstjórn er skylt að senda Hafnamálastofnuninni allar aðrar þær upplýsingar, sem hún kann að óska eftir og snerta rekstur hafnarinnar.

Hafnamálastofnuninni ber að senda hafnarsjóði viðskiptareikning síðastliðins árs fyrir 1. marz ár hvert, ef um viðskipti hefur verið að ræða á árinu.

16. gr.

Óheimilt er án samþykkis ráðuneytisins að selja, veðsetja eða leigja til langs tíma fasteignir hafnarsjóðs, nema þær húseignir, sem ekki hafa notið ríkisstyrks. Enn fremur er óheimilt, án samþykkis ráðuneytisins, að kaupa fasteignir eða taka lán til lengri tíma en svo, að þau verði endurgreidd af greiðsluafgangi ársins, sem í hönd fer. Enn fremur er hafnarstjórn óheimilt að hefja, án samþykkis ráðuneytisins, svo kostnaðarsamar framkvæmdir, að greiðsluafgangur hafnarsjóðs nægi ekki til að greiða kostnaðinn.

Rísi ágreiningur út af ákvæðum þessarar greinar, sker ráðherra úr. Skal þá óheimilt að hefja eða halda áfram framkvæmdum, sem deilt er um, fyrr en úrskurður ráðherra hefur verið kveðinn upp.

Til þess að hafnamálastjóra sé unnt að fylgjast sem bezt með, að ákvæði þessarar greinar séu haldin, er skylt að senda honum eftirrit af fundargerðum hafnarstjórnar, sé þess óskað.

17. gr.

8	Búðareyri	836	38	798	5 727	427	(6+7) 509		936	+ 138
9	Dalvík	759	728	31	13 891	1 307	803	35	2 145	+ 2 114
10	Eskifjörður	2 228	862	1 366	9 224	707	812	?	1 519	+ 153
11	Eyrarbakki	191	185	6	16 166	867	818	323	2 008	+ 2 002
12	Flateyri	351	130	221	10 618	23	611	73	707	+ 486
13	Grímsey	31	38	+ 7	74	16	8	3	27	+ 34
14	Grindavík	4 527	1 048	3 479	21 013	1 639	1 540	134	3 313	166
15	Grundarfjörður	967	802	165	6 823	507	580	257	1 344	+ 1 179
16	Hafnarfjörður ..	10 648	6 053	4 595	26 537	3 059	1 810	585	5 454	+ 859
17	Hnífsdalur	78	161	+ 83						+ 83
18	Hofsós	156	64	92	4 472	206	310	28	544	+ 452
19	Hrísey	327	179	148	6 243	367	402	113	882	+ 734
20	Húsavík	2 987	753	2 234	12 106	1 137	801	86	2 024	210
21	Hvammstangi ..	191	20	171	166	28	(6+7) 75		103	68
22	Höfn í Hornafirði	2 674	1 062	1 612	7 626	800	768	67	1 635	+ 23
23	Ísafjörður	3 926	3 506	420	20 794	459	940	469	1 868	+ 14 48
24	Neskaupstaður .	2 892	2 850	42	37 849	4 359	2 933	281	7 573	+ 7 531
25	Ólafsfjörður ...	586	367	219	15 405	898	592	790	2 280	+ 2 061
26	Ólafsvík	1 641	493	1 148	20 674	1 530	1 122	403	3 055	+ 1 907
27	Patreksfjörður .	1 105	826	279	19 518	650	1 168[1])	113	1 931	+ 1 652
28	Raufarhöfn	207	326	+ 119	4 423	345	(6+7) 482		827	+ 946
29	Sandgerði	1 495	1 640	+ 145	11 612	1 128	2 335[2])	?	3 463	+ 3 608
30	Seyðisfjörður ..	1 755	665	1 090	16 128	1 188	1 258	?	2 446	+ 1 356
31	Sauðárkrókur ..	892	542	350	19 381	978	(6+7) 1 188		2 166	+ 1 816
32	Siglufjörður ...	1 877	2 052	+ 175	6 838	499	468	407	1 374	+ 1 549
33	Skagaströnd ...	374	716	+ 342	6 167	ca. 300	ca. 482	ca. 219	ca. 1 001	+ 1 343
34	Stokkseyri	342	163	179	2 383	117	143	27	287	+ 108
35	Stykkishólmur .	2 570	1 746	824	13 393	1 075	1 040	120	2 235	+ 1 411
36	Stöðvarfjörður .	308	107	201	1 806	140	103	8	251	+ 50
37	Súðavík	71	31	40	2 246	52	161		213	+ 173
38	Suðureyri	512	172	340	13 051	716	917		1 633	+ 1 293
39	Vestmannaeyjar	14 581	9 557	5 024	24 508	3 308	2 022	?	5 330	+ 306
40	Vopnafjörður ..	598	289	309	15 766	1 055	473	?	1 528	+ 1 219
41	Þingeyri	406	375	31	12 697	573	863	372	1 808	+ 1 777
42	Þórshöfn	640	84	556	20 647	1 042	789		1 831	+ 1 275
		82 272	45 408	36 864	544 021	40 732	37 065	8 771	86 568	+ 49 704

1) Patreksfjörður greiddi **1 388** þús. kr. í vexti á árinu 1970, þar af voru greiddar **1 095** þús. kr. af föstum lánum (átti að vera 1 168 þús. kr.) og ca. **180** þús. kr. vanskilavextir, það sem eftir var **113** þús. kr. var greitt í dr.vexti og vexti af bráðab.lánum. Innifalin í afborgunarupphæðinni **650** þús. kr. eru **74** þús. kr. vanskilaafb.

2) Á árinu 1970 voru greiddir, ásamt vöxtum ársins 1970, vanskilavextir, **1 548** þús. kr. frá árunum 1966, 1967, 1968 og 1969, en þeir höfðu ekki verið gjaldfærðir áður. Vextir af föstum lánum fyrir árið 1970 voru að upphæð **787** þús. kr. Miðað við þá upphæð ætti niðurstaðan í dálki **9** að vera + **1 915** þús. kr.

(Ath.) Upphæðir í 7. dálki (vextir af stuttum lánum o. s. frv.) eru mismunur á vaxta upphæðum sem nefndar eru í rekstrarreikningi og þeim sem eru á lánaskrá. Verður að taka þeim tölum með varúð þar eð í einstaka tilvikum geta vanskila vextir fyrri ára verið fólgnir í þeim vaxtaupph. sem nefndar eru í rekstrarreikningi.

	Keflav.—Njarðv.	8 619	8 583	36	65 076	6 930	10 053	237	17 220	+ 17 184
	Rifshöfn	710	699	11	47 386	3 945	5 933		9 878	+ 9 867
	Þorlákshöfn ...	3 996	1 927	2 069	77 290	13 470	9 400		22 870	+ 20 801
	Reykjavík	72 520	48 564	23 956	135 118	21 756	(6+7) 15 659		37 415	+ 13 459
		85 845	59 773	26 072	324 870	46 101	41 045	237	87 383	+ 61 311

Fylgiskjal IV.

Upplýsingar frá hafnamálastjóra um sérhæfðan tækjakost til hafnargerða.

Reykjavík, 25. febrúar 1972.

Að ósk nefndar, er skipuð var til endurskoðunar hafnalaga, sendi ég eftirfarandi upplýsingar:

Vinnutæki, sem teljast mega sérhæfð vegna hafnargerða og eðlilegt er að séu í eigu Hafnamálastofnunar ríkisins:

1) **Tæki til grjótvinnslu og neðansjávarsprenginga:**
   Loftþjöppur.
   Bortæki, borvagnar, borstólar.
   Grjótflutningsbílar.
   Borfleki á fótum.
   Lyftitæki (mjög stórir kranar).

2) **Tæki til rekstrar staura og þilja:**
   Loft- og/eða gufulóð, mismunandi stærðir.
   Gufu „generator".
   Rammbukkar.
   Fallhamrar.
   Lyftitæki (stórir kranar).

3) **Dýpkunartæki:**
   Stórir lyftikranar.
   Grafskóflur (grabbar, mismunandi stærðir og gerðir).
   Sanddæla (Hákur).
   Fleki með grafkrana og á fótum.
   Grafskip (Grettir).

4) **Tæki til neðansjávarvinnu:**
   Köfunarbúningar og dælur.
   Tæki til blöndunar köfunarlofts.
   Afþrýstiklefi.
   Köfunarhylki til djúpkafana.
   Sérhæfð verkfæri til neðansjávarvinnu (sjónvarpstæki).

5) **Ýmis tæki:**
   Vatnsdælur af mismunandi stærðum og gerðum.
   Minni vélknúin smíðaáhöld (borar, sagir) til bryggjusmíða.
   Mælitæki, bátar, smáflekar; „Colcrate"-tæki.

Áðurnefnd tæki eru nú að nokkru í eigu Hafnamálastofnunarinnar, en að nokkru er vöntun þeirra afar bagaleg, þannig, að lögð er mikil áherzla á að útvega þau.

Fjöldi eininga af hverri tegund getur verið mjög misjafn, en almennt er aðeins um fá tæki að ræða; oft er meginatriðið, að verkfærið sé til í landinu þegar á þarf að halda.

Mjög oft ræðst gerð mannvirkis að meira eða minna leyti af þeim tækjum, sem völ er á til framkvæmdarinnar, en ekki öfugt. Sérstaklega á þetta við um minni verk. Er því afar áríðandi, að fullkomin vitneskja sé fyrir þeim aðilum, er hanna hafnir, um, hverjir tækjamöguleikar séu í landinu.

Fylgiskjal V.

Afborganir og vextir af áhvílandi hafnalánum fyrir árin 1971—1980.

	1971			1972			1973			1974			1975		
Hafnir	Afb.	Vextir	Alls	Afb.	Vextir	Alls	Afb.	Vextir	Alls	Afb.	Vextir	Alls	Afb.	Vextir	Alls
Akranes	5 112	2 941	8 053	6 342	3 132	9 474	6 280	2 657	8 937	6 287	2 186	8 473	2 295	1 713	4 008
Akureyri	2 263	2 371	4 634	2 662	2 750	5 412	2 654	2 521	5 175	2 653	2 295	4 948	2 653	2 067	4 720
Bakkafjörður	280	353	613	303	329	632	305	301	606	317	274	591	320	246	566
Blönduós	176	134	312	178	118	296	178	103	281	178	88	266	170	73	243
Bolungarvík	1 564	2 704	4 268	3 027	3 453	6 480	3 143	3 218	6 361	3 294	2 981	6 275	3 458	2 733	6 191
Borgarfj. eystri	300	260	560	375	240	615	374	214	588	362	188	550	351	162	513
Búðakauptún	118	103	221	118	87	205	98	72	170	98	58	156	98	45	143
Búðareyri	407	338	745	424	310	734	440	265	705	458	235	693	475	205	680
Dalvík	886	980	1 866	1 077	1 052	2 129	1 077	965	2 042	1 076	876	1 952	1 078	786	1 864
Eskifjörður	780	656	1 436	790	590	1 380	800	524	1 324	810	458	1 268	820	392	1 212
Eyrarbakki	993	1 183	2 176	1 428	1 334	2 762	1 436	1 252	2 688	1 445	1 155	2 600	1 454	1 049	2 503
Flateyri	240	646	886	588	605	1 193	665	665	1 230	708	521	1 229	750	475	1 225
Grímsey	16	7	23	16	6	22	12	4	16	10	3	13	10	2	12
Grindavík	1 765	1 707	3 472	1 844	1 650	3 494	1 842	1 489	3 331	1 843	1 327	3 170	1 802	1 272	3 074
Grundarfjörður	490	340	830	433	306	739	436	268	703	438	232	670	384	184	568
Hafnarfjörður	2 632	1 924	4 556	3 033	2 299	5 332	3 032	2 069	5 101	3 005	1 839	4844	3 014	1 608	4 622
Hnífsdalur	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Hofsós	339	393	732	341	364	705	339	333	872	340	305	645	340	275	615
Hrísey	468	515	983	463	473	936	469	434	903	475	393	868	481	351	832
Húsavík	1 138	800	1 938	1 249	932	2 181	1 246	862	2 108	1 176	777	1 953	1 153	712	1 865
Hvammstangi	77	84	161	77	77	154	78	70	148	67	63	130	61	57	118
Höfn	739	678	1 417	932	897	1 829	919	812	1 731	910	728	1 638	892	645	1 537
Ísafjörður	555	1 449	2 004	703	1 405	2 108	921	1 344	2 265	1 243	1 277	2 520	1 596	1 181	2 777
Neskaupstaður*)	4 291	2 981	7 272	3 689	2 654	6 343	3 104	2 383	5 487	3 014	2 129	5 143	3 025	1 881	4 906
Ólafsfjörður	788	1 035	1 823	1 323	975	2 298	1 312	879	2 191	1 260	782	2 042	1 219	692	1 911
Ólafsvík	1 397	1 403	2 800	1 878	1 744	3 622	1 890	1 596	3 486	1 883	1 447	3 330	1 881	1 299	3 180
Patreksfjörður	1 034	1 213	2 247	1 565	1 339	2 904	1 644	1 217	2 861	1 697	1 101	2 798	1 738	985	2 723
Raufarhöfn	325	371	696	445	348	793	458	317	775	473	282	755	488	226	714
Sandgerði	1 145	770	1 915	1 163	694	1 857	1 181	616	1 797	1 186	538	1 724	1 165	460	1 625
Sauðárkrókur	1 204	1 440	2 844	1 586	1 346	2 932	1 595	1 223	2 818	1 608	1 101	2 709	1 622	977	2 599
Seyðisfjörður	1 148	1 136	2 284	1 149	1 050	2 199	1 148	963	2 111	1 148	882	2 030	1 149	791	1 940
Siglufjörður	501	480	981	639	441	1 080	642	394	1 036	645	331	976	649	286	935
Skagaströnd	250	400	650	386	414	800	385	380	765	386	346	732	386	312	698
Stokkseyri	192	261	453	234	270	504	232	247	479	233	225	458	233	204	437
Stykkishólmur	903	1 000	1 903	1 110	934	2 044	1 083	852	1 935	1 077	771	1 848	1 064	692	1 756
Stöðvarfjörður	136	134	270	280	266	566	279	262	541	231	239	520	279	215	494
Súðavík	68	140	208	498	672	1 170	554	628	1 182	563	587	1 150	572	548	1 120
Suðureyri	960	1 013	1 973	1 102	949	2 051	1 295	868	2 163	1 460	753	2 213	1 394	655	2 049
Vestmannaeyjar	3 357	1 727	5 084	2 623	2 423	5 046	2 629	2 225	4 854	2 637	2 003	4 640	2 518	1 781	4 299
Vopnafjörður	1 269	1 597	2 866	1 626	1 495	3 121	1 606	1 368	2 974	1 597	1 243	2 840	1 608	1 118	2 726
Þingeyri	1 014	816	1 830	1 095	757	1 852	1 153	686	1 839	1 212	612	1 824	1 277	532	1 809
Þórshöfn	1 220	1 466	2 686	1 759	1 380	3 139	1 771	1 258	3 029	1 758	1 133	2 891	1 744	1 011	2 755
Samtals	42 522	39 949	82 471	50 553	42 580	93 133	50 704	38 704	89 408	51 311	34 764	86 075	47 566	30 898	78 564
Reykjavík	25 500	13 700	39 200	26 968	11 186	38 154	23 600	8 700	32 300	20 000	6 300	26 300	13 800	4 400	18 200

*) Cekpp.-lán vegna dr.brautar er talið með föstum lánum hjá Neskaupstað vegna þess að það er 6 ára lán, á að greiðast upp árið 1972.

Afborganir og vextir af áhvílandi hafnalánum fyrir árin 1971—1980.

Hafnir	1976			1977			1978			1979			1980		
	Afb.	Vextir	Alls	Afb.	Vextir	Alls	Afb.	Vextir	Alls	Afb.	Vextir	Alls	Afb.	Vextir	Alls
Akranes	2 259	1 521	3 780	2 098	1 329	3 427	2 102	1 153	3 255	2 022	976	2 998	1 972	808	2 780
Akureyri	2 654	1 840	4 494	2 653	1 613	4 266	2 653	1 385	4 038	2 653	1 158	3 811	2 653	931	3 584
Bakkafjörður	321	220	541	323	193	516	325	165	490	292	137	429	294	113	407
Blönduós	170	57	227	170	43	213	170	29	199	155	13	168	0	0	0
Bolungarvík	3 543	2 476	6 019	3 562	2 155	5 717	3 636	1 885	5 521	3 341	1 558	4 899	3 029	1 275	4 304
Borgarfj. eystri	352	138	490	351	113	464	352	90	442	301	67	368	302	48	350
Búðakauptún	98	29	127	98	15	113	13	2	15	13	1	14	0	0	0
Búðareyri	492	175	667	477	125	602	430	101	531	409	80	489	382	59	441
Dalvík	1 056	697	1 753	1 058	607	1 665	1 056	517	1 573	1 018	428	1 446	1 018	357	1 375
Eskifjörður	830	326	1 156	840	260	1 100	850	194	1 044	650	128	778	517	90	607
Eyrarbakki	1 445	939	2 384	1 456	828	2 284	1 468	718	2 186	1 480	608	2 088	1 451	496	1 947
Flateyri	796	427	1 223	847	374	1 221	900	319	1 219	956	260	1 216	1 017	197	1 214
Grímsey	10	1	11	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Grindavík	1 805	1 021	2 826	1 784	858	2 642	1 788	717	2 505	1 576	586	2 162	1 327	443	1 770
Grundarfjörður	377	160	537	368	123	491	361	94	455	226	68	294	198	47	245
Hafnarfjörður	2 811	1 379	4 190	2 655	1 170	3 825	2 321	971	3 292	2 104	794	2 898	2 022	627	2 649
Hnífsdalur	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Hofsós	340	245	585	339	216	555	341	186	527	339	156	495	300	126	426
Hrísey	466	309	775	473	268	741	452	228	680	421	187	608	396	151	547
Húsavík	1 093	622	1 715	1 041	531	1 572	1 005	441	1 446	757	356	1 113	731	303	1 034
Hvammstangi	58	51	109	53	46	99	53	41	94	54	36	90	53	30	83
Höfn	872	564	1 436	852	484	1 336	789	406	1 195	764	334	1 098	764	265	1 029
Ísafjörður	1 662	1 070	2 732	1 757	956	2 713	1 837	836	2 673	1 942	709	2 651	1 893	573	2 466
Neskaupstaður*)	2 927	1 633	4 560	2 902	1 392	4 294	2 787	1 153	3 940	2 370	925	3 295	2 156	728	2 884
Ólafsfjörður	1 214	603	1 817	1 172	515	1 687	1 101	430	1 531	1 069	350	1 419	870	274	1 144
Ólafsvík	1 845	1 151	2 996	1 829	1 007	2 836	1 666	863	2 529	1 658	732	2 390	1 622	600	2 222
Patreksfjörður	1 781	859	2 640	1 859	723	2 582	1 937	599	2 536	2 026	451	2 479	1 475	315	1 790
Raufarhöfn	501	197	698	475	165	640	413	121	534	388	99	487	334	77	411
Sandgerði	1 129	380	1 509	1 117	286	1 403	758	217	975	631	169	800	608	128	736
Sauðárkrókur	1 636	853	2 489	1 421	723	2 144	1 343	601	1 944	1 252	502	1 754	1 267	412	1 679
Seyðisfjörður	1 148	704	1 852	1 148	618	1 766	1 149	532	1 681	1 148	446	1 594	1 095	359	1 454
Siglufjörður	651	239	890	656	185	841	536	136	672	367	102	489	325	77	402
Skagaströnd	385	279	664	386	244	630	386	210	596	365	178	543	366	144	510
Stokkseyri	213	181	394	213	161	374	213	141	354	213	119	332	212	100	312
Stykkishólmur	1 077	614	1 691	1 066	549	1 615	1 068	470	1 538	1 029	329	1 421	1 043	320	1 363
Stöðvarfjörður	280	192	472	277	171	448	277	147	424	276	122	398	178	97	275
Súðavík	583	497	1 080	594	446	1 040	593	395	988	596	345	941	582	293	875
Suðureyri	1 441	566	2 007	1 435	472	1 907	1 347	378	1 725	1 307	286	1 593	1 036	200	1 236
Vestmannaeyjar	2 435	1 558	3 993	2 378	1 356	3 734	2 238	1 143	3 381	2 074	950	3 024	1 686	758	2 444
Vopnafjörður	1 613	991	2 604	1 623	864	2 487	1 597	738	2 335	1 606	614	2 220	1 462	489	1 951
Þingeyri	1 343	448	1 791	1 417	361	1 778	1 473	269	1 742	1 574	174	1 748	901	67	968
Þórshöfn	1 740	908	2 648	1 724	783	2 507	1 714	660	2 374	1 718	538	2 256	1 533	415	1 948
Samtals	47 452	27 120	74 572	46 947	23 328	70 275	45 498	19 681	65 179	43 162	16 134	59 296	39 070	12 792	51 862
Reykjavík	10 300	3 000	13 300	6 300	2 100	8 400	6 300	1 500	7 800	1 330	970	2 300	1 330	900	2 200

*) Cekpp.-lán vegna dr.brautar er talið með föstum lánum hjá Neskaupstað vegna þess að það er 6 ára lán, á að greiðast upp árið 1972.

Nd. 84. Breytingartillögur [76. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 7 23. marz 1972, um breyt. á l. nr. 68 15. júní 1971, um tekjuskatt og eignarskatt.

Frá Matthíasi Á. Mathiesen og Matthíasi Bjarnasyni.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:

   Við 8. gr. laganna bætist ný mgr., er verði 4. mgr., svo hljóðandi:

   Auk frádráttar samkvæmt 1. mgr. skal draga frá hreinum tekjum einstaklinga og hjóna, sem annað hvort eða bæði eru orðin 67 ára á skattárinu, fjárhæð, er nemi fullum árlegum ellilífeyri á skattárinu, miðað við, að hann sé fyrst tekinn frá 67 ára aldri, sbr. ákvæði 11. gr. laga nr. 67/1971, um almannatryggingar. Hjá þeim, sem rétt áttu til örorkulífeyris á skattárinu, skal aukafrádráttur þessi nema fullum árlegum örorkulífeyri, sbr. ákvæði 1. mgr. 12. gr. greindra laga.

2. Við 3. gr. Greinin orðist svo:

   Lög þessi skulu þegar öðlast gildi og koma til framkvæmda við álagningu skatta til ríkissjóðs fyrir skattárið 1972.

3. Á eftir 3. gr. komi svo hljóðandi ákvæði til bráðabirgða:

   Við álagningu skatta til ríkissjóðs fyrir skattárið 1971 skulu svo hljóðandi ákvæði gilda:

   Tekjuskatt þeirra manna, sem náð hafa 67 ára aldri á skattárinu, eða áttu rétt til örorkulífeyris samkvæmt lögum nr. 67/1971, um almannatryggingar, skal lækka sem hér segir:

   a. Tekjuskatt 14 000 krónur eða lægri hjá einstaklingum og 22 000 krónur eða lægri hjá hjónum skal fella niður.
   b. Tekjuskatt einstaklinga á bilinu frá 14 000 til 56 000 krónur skal lækka um fjárhæð, sem nemur 14 000 krónum, að frádregnum þriðjungi þeirrar fjárhæðar, sem óskertur tekjuskattur er hærri en 14 000 krónur.
   c. Tekjuskatt hjóna á bilinu frá 22 000 til 88 000 krónur skal lækka um fjárhæð, sem nemur 22 000 krónum, að frádregnum þriðjungi þeirrar fjárhæðar, sem óskertur tekjuskattur er hærri en 22 000 krónur.

Nd. 85. Nefndarálit [16. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins.

Frá meiri hl. sjávarútvegsnefndar.

Við undirritaðir leggjum til, að frumv. verði samþykkt. — Björn Pálsson var fjarstaddur, þegar málið var afgreitt.

Alþingi, 13. nóv. 1972.

Garðar Sigurðsson, form., frsm. Karvel Pálmason. Jón Skaftason.

Sþ. 86. Fyrirspurnir. [80. mál]

I. Til menntamálaráðherra um afskipti ríkisstjórnarinnar af fjármálum Ríkisútvarpsins.

Frá Þorv. Garðari Kristjánssyni.

1. Hvaða heimild telur ríkisstjórnin sig hafa til að skerða tekjur Ríkisútvarpsins, eins og þær eru ákveðnar samkvæmt fjárhagsáætlun stofnunarinnar, sem Alþingi hefur staðfest?
2. Hvers vegna hefur menntamálaráðherra neitað að ákveða afnotagjöld sjónvarps og hljóðvarps fyrir árið 1972 samkvæmt tillögum stofnunarinnar, sem eru lagðar til grundvallar í fjárhagsáætlun Ríkisútvarpsins fyrir þetta ár og Alþingi hefur staðfest?
3. Er það stefna riksstjórnarinnar, að dregið verði úr rekstrarkostnaði Ríkisútvarpsins með sparnaði m. a. í dagskrárgerð til að mæta þeim tekjumissi á þessu ári, sem sú ákvörðun menntamálaráðherra veldur að ákveða afnotagjöld sjónvarps kr. 3100.00 og afnotagjöld hljóðvarps kr. 1300.00 í stað kr. 3600.00 og kr. 1650.00 eins og lagt var til og Alþingi hefur staðfest í fjárlögum fyrir árið 1972?

II. Til utanríkisráðherra um samning Íslands við Efnahagsbandalagið.

Frá Gylfa Þ. Gíslasyni.

Hvenær verður samningur sá, sem gerður hefur verið milli Íslands og Efnahagsbandalagsins og taka á gildi 1. janúar 1973, lagður fyrir Alþingi til staðfestingar?

Nd. 87. Nefndarálit [16. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins.

Frá 1. minnihl. sjávarútvegsnefndar.

Frumvarp það, sem hér um ræðir, hefur verið rætt í sjávarútvegsnefnd og var sent eftirgreindum aðilum til umsagnar: A.S.Í., L.Í.Ú., Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, Sjávarútflutningsdeild S.Í.S., Sjómannasambandi Íslands, Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands og A.S.V. Tveir hinir síðasttöldu aðilar sendu ekki svör, en hinir svöruðu allir og mæltu með samþykkt frumvarpsins, en raunar kom fram af svari sumra, að þeir mæltu með samþykkt frumvarpsins, **af því að ríkisvaldið léti ekki aðra kosti fala um sinn til að leysa úr rekstrarkreppu útvegs og fiskiðnaðar.**

Nefndin varð ekki sammála um afgreiðslu frumvarpsins, svo sem fram kemur af nefndarálitum. Undirritaður nefndarmaður lítur svo á, að tillögugrein frumvarpsins samrýmist ekki tilgangi Verðjöfnunarsjóðs, svo sem hann er skilgreindur í lögum hans, eða eins og 1. gr. laganna hljóðar:

„Stofna skal sjóð, er nefnist Verðjöfnunarsjóður fiskiðnaðarins. Hlutverk sjóðsins er að draga úr áhrifum verðsveiflna, er verða kunna á útflutningsafurðum fiskiðnaðarins.“

M. ö. o. tilgangur sjóðsins er að bæta upp óvæntar verðlækkanir á erlendum mörkuðum, en samkvæmt frumvarpinu á allt í einu að grípa ofan í sjóðinn til að bæta upp minni afla á vissum fisktegundum en ráð hafði verið fyrir gert í verðútreikningum og hækkaðan rekstrarkostnað. Þetta á að gerast í bili, meðan ríkisstjórnin er að hugleiða, hvernig hún eigi að bregðast raunhæft við vandanum.

Varla verður það misskilið af lögum um Verðjöfnunarsjóð, að hann er stofnaður af framlögum sjómanna, útgerðar og fiskiðnaðar og því í raun eign þeirra, deildaskipt eftir tegundum afurða.

Í athugasemdum við frumvarpið er tekið fram, að nauðsyn hafi þótt við verðákvörðun á fiski fyrir verðlagstímabilið 1. okt. til 31. des. þ. á. að hækka fiskverð verulega til að bæta kjör sjómanna til samræmis við kjör annarra stétta og bæta hag útgerðarinnar, en þessa hækkun þoli fiskiðnaðurinn þó ekki bótalaust og því sé fangaráðið að grípa ákveðna lúku úr Verðjöfnunarsjóðnum. Þetta er líkt úrræði og ef Atvinnuleysistryggingasjóði yrði að hluta varið til þess að greiða verkamönnum og öðrum eigendum sínum, þó ekki nema sumum, uppbót á vinnulaunin, ef atvinnurekandinn teldist þess ekki umkominn að greiða þau að fullu, svo að viðhlítandi þættu.

Að öllu þessu athuguðu virðist það fráleitt, að Alþingi fari að lögleyfa umbeðna notkun á Verðjöfnunarsjóði, gæti og boðið heim alls konar líkri ráðsmennsku með aðra sjóði stofnaða í sérgreindum tilgangi.

Hinu er ekki ástæða til að andæfa — enda mun sjóðsstjórnin hafa til þess vald án lagasetningar — að lána ríkisstjórninni umræddar 85—90 millj. kr. rekstrarkreppu útvegs og fiskiðnaðar til úrlausnar, meðan valdhafarnir eru að finna og koma sér saman um sína endanlegu lausn á vandanum.

Undirritaður leggur því til, að frumvarpinu verði vísað frá með svofelldri

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Þar sem frumvarpið fer í bága við tilgang og anda laganna um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins, en bráðabirgðatilgangi frumvarpsins má ná með láni úr sjóðnum, og til þess þarf enga nýja lagasetningu, telur deildin ekki ástæðu til að fjalla frekar um frumvarp þetta, en tekur fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 13. nóv. 1972.

Bragi Sigurjónsson.

Sþ. 88. Tillaga til þingsályktunar [81. mál]

um bætta aðstöðu nemenda landsbyggðarinnar, sem sækja verða sérskóla á höfuðborgarsvæðinu.

Flm.: Lárus Jónsson, Matthías Bjarnason.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að beita sér fyrir því, að komið verði á fót mötuneytum og heimavistum á vegum hins opinbera, sem ætlaðar verði þeim nemendum af landsbyggðinni, sem sækja verða þá sérskóla í Reykjavík, er ekki starfa annars staðar á landinu. Í þessu sambandi verði m. a. kannað, hvort ekki komi til greina að semja við starfandi hótel um slíkan rekstur.

Greinargerð.

Kunnugt er, að fjölmargir sérskólar starfa í höfuðborginni, sem eru ekki til annars staðar á landinu. Vaxandi fjöldi nemenda frá landsbyggðinni sækir þessa skóla og raunar ýmsa aðra, sem nemendur telja af ýmsum ástæðum hagkvæmara að sækja í Reykjavík, þótt völ sé á hliðstæðri menntun annars staðar á landinu. Ástæðan fyrir þessum vaxandi fjölda skólafólks af landsbyggðinni á höfuðborgarsvæðinu er sú, að árgangar þess fólks, sem sækir framhaldsskóla, fara stækkandi og einnig eykst hlutfall þeirra nemenda í hverjum árgangi, einkum á landsbyggðinni, sem vilja og geta sótt framhaldsnám.

Vegna framangreindrar fjölgunar nemenda af landsbyggðinni, sem sækja skólanám í Reykjavík, og almenns ástands húsnæðismála á höfuðborgarsvæðinu háir nú húsnæðisskortur mjög þessu námsfólki, auk þess sem verðlag leiguhúsnæðis hefur farið mjög hækkandi undanfarið og þrengir þannig kost þessa námsfólks. Hliðstæða sögu er að segja um fæðiskaup á almennum markaði. Flm. þessarar tillögu álíta, að ástandið í þessum efnum sé nú orðið slíkt af framangreindum ástæðum, að brýn nauðsyn sé að gera ráðstafanir til úrbóta. Í því sambandi telja þeir einkum koma til greina, að hið opinbera semji við hótel um rekstur mötuneyta og heimavista, einkum fyrir þá sérskóla, sem ekki er völ á að sækja á öðrum stöðum en í Reykjavík.

Flm. minna á, að á árunum 1970 og 1971 voru teknar upp fjárveitingar í fjárlög til jöfnunar námsaðstöðu, og á síðasta þingi voru samþykkt lög um þetta efni. Í þeim lögum er kveðið á um rétt nemenda, sem sækja verða framhaldsnám utan heimabyggðar, til námsstyrkja. Þótt hér sé um lagasetningu að ræða, sem er góðra gjalda verð, virðist einsýnt, að einnig megi ná verulegum árangri í því að jafna aðstöðumun nemenda í landinu til framhaldsnáms á þann hátt, að hið opinbera noti hluta þess fjármagns, sem hverju sinni er varið til jöfnunar námsaðstöðu, til þess að greiða fyrir rekstri mötuneyta og heimavista við þá sérskóla, sem einungis eru starfræktir í Reykjavík. Sé þetta gert með samningum við hótel og hluti kostnaðarins á hvern nemanda greiddur beint úr ríkissjóði, virðist unnt að nýta betur fjárfestingu hótelanna yfir veturinn og jafnframt lækka húsaleigu og fæðiskostnað umræddra nemenda verulega. Á það má einnig benda, að umræddar aðgerðir mundu létta á þeim þrýstingi, sem nú er á almennum húsaleigumarkaði á höfuðborgarsvæðinu. Hér virðist því vera um mál að ræða, sem er vert allrar athygli fyrir margra hluta sakir.

Það skal að lokum tekið fram, að flm. líta svo á, að það eigi að vera höfuðstefna í skólamálum strjálbýlisins, að nemendur eigi þess kost að sækja sem flesta framhalds- og sérskóla í næsta nágrenni sinnar heimabyggðar. Á hinn bóginn verður að horfast í augu við, að lengst af mun það verða svo, að nemendur af landsbyggðinni verða að sækja ýmsa sérskóla í Reykjavík. Til þess að freista þess að fá aðstöðu þeirra bætta er þessi tillaga flutt.

Nd. 89. Nefndarálit [16. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins.

Frá 2. minnihl. sjávarútvegsnefndar.

Nefndin hefur haft frv. til athugunar, en ekki orðið sammála um afgreiðslu þess.

Við undirritaðir getum ekki fallizt á, að frv. verði samþykkt óbreytt eins og meiri hl. nefndarinnar leggur til. Teljum við, að í ákvæði til bráðabirgða í 1. gr. frv. felist fordæmi, sem ekki megi lögfesta, ef Verðjöfnunarsjóður fiskiðnaðarins á í framtíðinni að koma að því gagni, sem til var ætlazt í upphafi og var grundvallaratriði fyrir stofnun hans, þ. e. að hann verði einvörðungu notaður til verðjöfnunar, ef tímabundnar verðlækkanir verða á erlendum markaði á þeim tegundum sjávarafurða, sem lagt hafa sjóðnum til fé samkv. 5. gr. gildandi laga um sjóðinn. Við teljum ekki, að sjóðnum hafi verið ætlað það hlutverk að verða hagstjórnartæki ríkisstjórna við ákvörðun á rekstrargrundvelli sjávarútvegsins eða fiskiðnaðarins. Í því sambandi teljum við, að ríkisstjórn verði á hverjum tíma að finna aðrar leiðir en að ganga á fé sjóðsins, enda væri slíkt skammgóður vermir, en gæti af[illegible]r á móti orðið fordæmi þess, að ráðvana ríkisstjórn færi að hugsa sér til hreyfings gagnvart öðrum nokkuð hliðstæðum sjóðum, t. d. Atvinnuleysistryggingasjóði, ef brúa þyrfti bil milli getu atvinnuveganna til kaupgreiðslu og kröfu launafólks um hærri laun.

Þar sem hæstv. sjávarútvegsráðherra lét að því liggja við 1. umræðu um málið í Nd. Alþingis, að frv. væri fram borið vegna þess, að stjórn sjóðsins hefði snúið sér til ríkisstjórnarinnar og beðið um þá lausn til bráðabirgða, sem í frv. felst, teljum við rétt að taka umsögn L. Í. Ú. um málið orðrétta upp í nál. okkar, en hún hljóðar svo:

„LANDSSAMBAND ÍSLENZKRA ÚTVEGSMANNA

Reykjavík, 8. nóvember 1972.

Vér höfum móttekið heiðrað bréf yðar, dags. 2. nóvember, þar sem þér sendið oss til umsagnar frv. til laga um breyting á lögum um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins.

Stjórn L. Í. Ú. hafði aðstöðu til að fylgjast með þeirri umræðu, sem varð um efni frv., þegar fiskverð var til ákvörðunar í Verðlagsráði sjávarútvegsins. Viljum vér því af þessu tilefni láta koma fram helztu atriði, er mótuðu afstöðu stjórnar L. Í. Ú. til þessa máls.

Fyrir Verðlagsráði sjávarútvegsins lá mat á afkomu bátaflotans á þessu ári, sem unnið hefur verið af Hagrannsóknadeild Framkvæmdastofnunar ríkisins. Niðurstöður þessar bentu til, að halli á rekstri bátaflotans muni verða um 330 millj. króna á þessu ári og halli á rekstri togaranna um 110 millj., eftir að tekið hafði verið tillit til beinna og óbeinna styrkja til togaranna. Líkur benda til, að halli á rekstri bátaflotans muni verða mun meiri en áætlað var, því fyrri niðurstaða grundvallaðist á reikningum frá árinu 1970, sem voru framreiknaðir til ársins 1972 með kostnaðar- og tekjubreytingum. Nú er verið að endurskoða þetta afkomumat fyrir bátaflotann og þá grundvallað á reikningum frá árinu 1971. Virðast kostnaðarhækkanir hafa orðið mun meiri en reiknað var með, og nema þær hækkanir t. d. á viðhaldslið bátaflotans um 150 milljónum króna.

Í ljósi þessara staðreynda var augljóst, að fiskverð varð að hækka frá 1. október, ef ekki átti að koma til algjörrar rekstrarstöðvunar.

Fulltrúar L. Í. Ú. í Verðlagsráði sjávarútvegsins áttu viðræður við sjávarútvegsráðherra 22. september, að hans beiðni, um þau vandamál, sem við blöstu við ákvörðun fiskverðs. Hann lýsti þar þeirri skoðun ríkisstjórnarinnar, að fiskverð þyrfti að hækka, án þess þó að tilgreina hve mikið. Hins vegar taldi hann, að fiskkaupendur gætu ekki staðið undir þeirri hækkun vegna erfiðrar rekstraraðstöðu og þyrftu jafnvel á aðstoð að halda. Þar sem ekki voru fyrirhugaðar neinar ráðstafanir af hálfu ríkisstjórnarinnar fyrir n. k. áramót til lausnar á þessu máli, teldi hann, að það fjármagn, sem til þyrfti að koma til að gera fiskverðshækkun mögulega, yrði að takast úr Verðjöfnunarsjóði fiskiðnaðarins. Fulltrúar L. Í. Ú. mótmæltu þessu og bentu á að ekki væri ástæða til að taka fé úr Verðjöfnunarsjóði, því ekki væri um neitt verðfall að ræða á fiskafurðum.

Að fengnum þessum upplýsingum frá sjávarútvegsráðherra um afstöðu ríkisstjórnarinnar, var haldinn fundur í stjórn L. Í. Ú., þar sem skýrt var frá afstöðu stjórnvalda. Niðurstaða þess fundar var á þá leið, að fallizt var á, að tekið verði fé úr Verðjöfnunarsjóði til að hækka fiskverð um 15%, en talið var, að sú hækkun mundi kosta sjóðinn um 60 milljónir króna til áramóta, og hagur vinnslunnar yrði bættur úr sjóðnum um 28 milljónir króna til áramóta, miðað við, að álíka fiskmagn komi á land til áramóta og var síðustu 3 mánuði s. l. árs. Á ársgrundvelli mundu þessar breytingar kosta um 880 milljónir króna.

Þessi afstaða stjórnar L. Í. Ú. er byggð á því, að hér sé um bráðabirgðaráðstöfun að ræða til næstu áramóta, eins og frv. gerir ráð fyrir. Stjórn L. Í. Ú. treystir því, að Verðjöfnunarsjóði verði ekki eytt á næsta ári, heldur verði gerðar þær efnahagsráðstafanir fyrir framtíðina, er tryggi, að Verðjöfnunarsjóður og hugmyndin að baki Verðjöfnunarsjóðs fái að standa.

Vér viljum að lokum leiðrétta það, sem fram kemur í greinargerð, að um fiskverðshækkun í tvennu lagi hafi verið að ræða, þ. e. 10% almenn hækkun og 5% sérstök hækkun. Fiskverðshækkunin var að meðaltali 15%, en mjög mismunandi á einstakar fisktegundir vegna mismikilla verðbreytinga erlendis. Þannig hækkaði þorskur um 19%, ýsa um 12%, langa um 18%, steinbítur um 12%, karfi og ufsi um 6%, lúða um 15%, og keila hækkaði ekki. Eins og sézt af þessari upptalningu, getur ekki verið um neina tviskiptingu að ræða á fiskverðshækkuninni.

Virðingarfyllst,

f. h. Landsambands ísl. útvegsmanna,

Kristján Ragnarsson.

Til sjávarútvegsnefndar Nd. Alþingis,
Reykjavík."

Við teljum, að umsögn L. Í. Ú. skýri viðhorf stjórnar og eigenda Verðjöfnunarsjóðsins, og getum við eins og þeir eftir atvikum fallizt á, að eins og málum er komið verði að koma til framlag úr sjóðnum til að koma í veg fyrir stöðvun útvegs og fiskvinnslu fram til næstu áramóta, en föllumst ekki á, að það verði gert í því formi, sem frv. gerir ráð fyrir, og leggjum því til svofellda

BREYTINGU:

Við síðasta málslið í ákvæði til bráðabirgða í 1. gr. frv. bætist: og ábyrgist ríkisstjórnin, að framlagið endurgreiðist sjóðnum með venjulegum útlánsvöxtum banka á næsta ári, eftir því sem um kann að semjast milli hennar og stjórnar sjóðsins.

Alþingi, 14. nóv. 1972.

Guðl. Gíslason, frsm. Birgir Kjaran.

Sþ. 90. Fyrirspurn [82. mál]

til menntamálaráðherra um söngkennslu í skólum.

Frá Helga F. Seljan.

Hefur verið hugað að því sérstaklega, hvernig efla megi alhliða tónlistaruppeldi í skólum, svo og hversu leysa megi vanda þeirra skóla, sem enga söngkennslu hafa? Hvað voru þeir skólar margir á skyldunámsstigi s. l. skólaár?

Sþ. 91. Tillaga til þingsályktunar [83. mál]

um, að alþingismenn gegni ekki öðrum fastlaunuðum störfum í opinberri þjónustu.

Flm.: Sigurður Blöndal, Helgi F. Seljan.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að undirbúa lög og reglur, sem feli í sér, að alþingismenn sitji ekki í fastlaunuðum embættum eða störfum á vegum hins opinbera.

Greinargerð.

Tillaga þessi var flutt á síðasta þingi og fylgdi henni þá svo hljóðandi greinargerð:

„Á s. l. vetri urðu verulegar breytingar á launakjörum alþingismanna. Laun þeirra hækkuðu svo mikið, að alþingismenn eru nú launaðir eins og ýmsir þeir embættismenn þjóðarinnar, sem gegna hinum ábyrgðarmestu störfum.

Breytingin fól í sér viðurkenningu á því, að þingmennska væri starf, sem launa bæri sómasamlega, enda er það skoðun, sem ýmsir reyndustu þingmenn hafa haldið fram, að starfið á Alþingi og sambandið við kjósendur í kjördæmunum sé orðið það umfangsmikið, að meira verði ekki af mönnum krafizt, ef leysa eigi það bærilega af hendi.

Þótt þetta tvennt: sjálf launakjör þingmanna og matið á starfi þeirra, hafi breytzt, er annað óbreytt: Opinberir starfsmenn og embættismenn geta eftir sem áður gegnt störfum sínum í orði kveðnu og tekið fyrir allt að 60% laun — og aldrei minna en 30% af launum. Augljóst er, að þessi skipan mála er ekki sæmandi: Menn gegna ekki tveimur ábyrgðarmiklum störfum, sem þeir taka fyrir laun — þótt skert séu — með fullum afköstum. Starfið á Alþingi, sem hið nýja launakerfi viðurkennir, að sé fullt starf, eða hið opinbera þjónustustarf eða embættisverk hlýtur að líða fyrir þetta fyrirkomulag, nema hvort tveggja gjaldi þess. Mörg dæmi mætti nefna, sem sanna, að störf á Alþingi hafa tafizt, af því að þingmaður var önnum kafinn í hinu starfi sínu einhvers staðar í borginni. Alþingi er hér sjálft að leggja blessun sína yfir slæleg vinnubrögð í hinum þýðingarmestu störfum. Slíkt eykur eigi virðingu löggjafarsamkomunnar.

Sú spurning kann að vakna, hvort þessi skipan, sem tillagan felur í sér, kunni ekki að leiða til þess, að menn í opinberri þjónustu fælist frá því að gefa kost á sér til þingmennsku. Til þess má auðvitað ekki koma. Það verður að telja eðlilegt og raunar sjálfsagt, að þessir menn haldi fyrri störfum sínum formlega og geti tekið til við þau að þingsetu lokinni og þeim sé jafnvel að öðrum kosti gefin trygging fyrir því að fá a. m. k. sambærilega launuð opinber störf og þeir áður gegndu. Við teljum þó, að tvær undantekningar ættu að vera frá þessu: Dómarar og bankastjórar, sem bjóða sig fram til Alþingis, ættu að segja lausu starfi sínu. Það hæfir ekki, að menn í þessum tveimur störfum taki þátt í kosningabaráttu.

Óhjákvæmilegt væri þó að setja tímatakmörk á það, hve lengi mætti geyma opinbert starf fyrir alþingismann. Stytzti tími væri eitt kjörtímabil, lengsti tími tvö.

Í nánum tengslum við þetta mál er staða ráðherra, sem jafnframt eru alþingismenn. Enda þótt þeir haldi óskertu þingfararkaupi auk ráðherralauna, taka þeir ekki þátt í nefndastörfum á Alþingi, sem er vissulega gildur þáttur þingmennskunnar. Það er skoðun flutningsmanna, að Íslendingar ættu að taka upp þann hátt, sem á er hafður í Noregi, að ráðherra víki úr þingsæti, en varamaður taki sætið, meðan ráðherradómur hans stendur. En auðvitað verður ráðherra eftir sem áður að hafa rétt til að sitja þingfundi og taka þátt í umræðum, eftir því sem hann telur þörf á. Þessi breyting á skipan mála gæti líka réttlætt endurskoðun á launakjörum ráðherra, sem vitaskuld eiga að hafa hin hæstu laun, svo sem ábyrgð starfsins og erfiði gefa tilefni til.

Loks viljum við vekja athygli á einu atriði í sambandi við störf alþingismanna. Um leið og þetta er orðið heilsársstarf, er ástæða til að nýta starfskrafta þeirra betur en gert hefur verið og stuðla jafnframt að því, að þeir geti rækt það af meira innsæi en verið hefur til þessa. Hér höfum við í huga þann hátt, sem tíðkaður er víða um lönd, að fastanefndir löggjafarþings starfi í þinghléum, m. a. með því að fara á vettvang víðs vegar um landið til þess að kynnast af eigin raun þeim málum og viðfangsefnum, sem þær eiga að fjalla um. Þetta gæti líka verið gagnlegt til þess að vega upp á móti því sérfræðingaveldi, sem ýmsir hafa haft áhyggjur af í seinni tíð. Í nýjum vinnubrögðum þingmanna af þessu tagi fælist sú grundvallarbreyting á starfi fastanefnda Alþingis, að þær ættu sjálfar frumkvæði að málum í stað þess, sem tíðkazt hefur, að þær taki aðallega við því, sem að þeim er rétt.

Að okkar hyggju mundi sú skipan mála, sem við höfum hér hreyft, stuðla að aukinni virðingu Alþingis og enn fremur að hinu, að það beri nafnið löggjafarsamkoma betur með rentu en áður.“

Nd. 92. Breytingartillaga [79. mál]

við frv. til hafnalaga.

Frá Matthíasi Bjarnasyni.

Aftan við ákvæði til bráðabirgða komi svo hljóðandi:

Ákvæði til bráðabirgða II.

Heimilt er að greiða úr ríkissjóði allt að 40% af stofnkostnaði þeirra dráttarbrauta, sem byggðar hafa verið frá árinu 1960 til gildistöku þessara laga af einstaklingum og félögum, eftir því sem fé er veitt til á fjárlögum.

Skilyrði fyrir greiðslu slíks framlags sé:

1. Eigi sé nema ein dráttarbraut í sveitarfélaginu.
2. Jafnframt dráttarbrautinni sé rekin skipasmíðastöð.
3. Í sveitarfélaginu sé rekin veruleg útgerð að dómi samgönguráðuneytisins.
4. Viðkomandi hafnarsjóður eða sveitarsjóður leggi fram a. m. k. 10% stofnkostnaðar á móti framlagi ríkissjóðs.
5. Um dráttarbrautina sé stofnað hlutafélag, þar sem framlög ríkis og sveitarfélags verði eignarhluti þeirra, enda nemi hann a. m. k. 50% hlutafjár.

Nd. 93. Nefndarálit [77. mál]

um frv. til l. um ábyrgðarheimild fyrir ríkisstjórnina vegna lántöku Fiskveiðasjóðs Íslands og fleira.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarpið og leggur til, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 15. nóv. 1972.

Vilhjálmur Hjálmarsson, form., frsm.	Gils Guðmundsson, fundaskr.	Karvel Pálmason.
Matthías Á. Mathiesen.	Matthías Bjarnason.	Gylfi Þ. Gíslason.
	Þórarinn Þórarinsson.	

Ed. 94. Nefndarálit [77. mál]

um frv. til l. um ábyrgðarheimild fyrir ríkisstjórnina vegna lántöku Fiskveiðasjóðs Íslands og fleira.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarpið og leggur til, að það verði samþ. óbreytt.

Alþingi, 16. nóv. 1972.

Bjarni Guðbjörnsson, frsm.	Páll Þorsteinsson, fundaskr.	Jón Árm. Héðinsson.
	Benóný Arnórsson.	

Ed. **95. Lög** [77. mál]

um ábyrgðarheimild fyrir ríkisstjórnina vegna lántöku Fiskveiðasjóðs Íslands og fleira.

(Afgreidd frá Ed. 16. nóv.)

Samhljóða þskj. 81.

Sþ. **96. Fyrirspurnir** [84. mál]

I. Til iðnaðarráðherra um Sigölduvirkjun.

Frá Braga Sigurjónssyni.

a) Hefur ríkisstjórnin tryggt sér lán til Sigölduvirkjunar, og ef svo er, þá hvar og hve há?
b) Hvað er áætlað nú, að Sigölduvirkjun muni kosta?
c) Fyrir hve mikinn hluta orkuframleiðslunnar er þegar tryggður markaður, og hver er hann?

II. Til iðnaðarráðherra um orkuflutning frá Sigöldu til Norðurlands.

Frá Braga Sigurjónssyni.

a) Hvað er áætlað, að háspennulína frá Sigöldu til Akureyrar muni kosta með núgildandi verðlagi, og við hve mikinn orkuflutning verður hún miðuð?
b) Hvert verður kostnaðarverð þessa rafmagns komins til Akureyrar miðað við gildandi verðlag?
c) Mega Norðlendingar vænta þess, að þeim verði ekki selt rafmagn leitt sunnan yfir fjöll á hærra verði en Sunnlendingum — þar með taldir Reykvíkingar — verður selt rafmagn frá Búrfellsvirkjun á sama tíma?

III. Til iðnaðarráðherra um Laxárvirkjun III.

Frá Braga Sigurjónssyni.

a) Hefur iðnaðarráðherra ekki í huga að freista þess að afla sér lagaheimildar til að láta fullbyggja Laxárvirkjun III?
b) Hvert væri kostnaðarverð hennar á núgildandi verðlagi?
c) Hvert væri kostnaðarverð á rafmagni frá henni miðað við stöðvarvegg á Akureyri?

IV. Til menntamálaráðherra um fyrirhugaða laxarækt í Laxá ofan Brúa í Suður-Þingeyjarsýslu.

Frá Braga Sigurjónssyni.

a) Telur menntamálaráðuneytið ekkert við það að athuga frá náttúruverndar- og vistfræðilegu sjónarmiði, að stofnað verði til laxaræktar í Laxá í Suður-Þingeyjarsýslu ofan Brúafossa og í Mývatni, þar sem aldrei hefur lax komið fyrr frá upphafi Íslandsbyggðar.
b) Hefur ráðuneytið í hyggju að banna slíka líffræði- og vistfræðilega röskun, eða afla sér heimildar til slíks banns, hafi það ekki þá heimild?

Sþ. 97. Tillaga til þingsályktunar [85. mál]

um innheimtu veggjalds af hraðbrautum.

Flm.: Vilhjálmur Hjálmarsson, Karvel Pálmason, Helgi F. Seljan, Steingrímur Hermannsson, Ragnar Arnalds, Benóný Arnórsson, Stefán Valgeirsson.

Alþingi ályktar að fela samgönguráðherra að innheimta, í samræmi við 95. gr. vegalaga, nr. 23/1970, sérstakt umferðargjald af bifreiðum, sem fara um Reykjanesbraut og Suðurlandsveg, svo og aðrar þær hraðbrautir, sem lagðar verða með varanlegu slitlagi, þegar þær teljast gjaldbærar.

Greinargerð.

Við upphaflega samþykkt vegalaga í desember 1963 var þegar gert ráð fyrir því með 95. gr. þeirra laga, að ráðherra sé heimilt að ákveða með reglugerð, að greiða skuli sérstakt umferðargjald af bifreiðum, sem fara um tiltekna vegi eða brýr. Þetta ákvæði hefur staðið óbreytt við ítrekaða endurskoðun vegalaga.

Með ofangreindu ákvæði í téðum lögum hefur löggjafarvaldið lýst þeirri skoðun sinni, að réttmætt sé, að þeir, sem njóta nútíma hraðbrauta, greiði nokkurt gjald fyrir þau forréttindi, enda eru verkefnin í vegamálum um land allt stórbrotin og fjárþörf vegasjóðs mikil. Þá er einnig eðlilegt, að þeir, sem einkum aka hina fullkomnustu vegi, leggi nokkuð af mörkum til þess að hraða vegaframkvæmdum annars staðar á landinu.

Umrætt veggjald hefur verið lagt á bifreiðaumferð um hinn steinsteypta Keflavíkurveg í nokkur ár. Þótt skoðanir hafi verið skiptar um þá ákvörðun, er það óumdeilanlegt, að aðstöðumunur þeirra bifreiðaeigenda, sem aka slíka vegi, annars vegar og hinna, sem aka gömlu malarvegina, er gífurlegur og næsta augljós. Veggjald hefur aðeins verið smávægilegur hluti af þeim sparnaði, sem orðið hefur á eldsneytiseyðslu og viðhaldi. Eru þá ekki talin mikil þægindi og tímasparnaður. Það er einnig áreiðanlegt, að þeir greiða hæsta vegagjaldið, sem lélegustu vegina aka.

Þess má einnig geta, að af þeim ástæðum, sem nú hafa verið raktar, er það algeng regla erlendis að afla fjár til vegagerðar með töku veggjalds eða brúargjalds, eftir því sem við þykir eiga á hverjum stað. Þessar þjóðir hafa þó flestar margfalt fullkomnara vegakerfi en við Íslendingar.

Við afgreiðslu þingsályktunar um vegáætlun fyrir árin 1972—'75 á síðasta Alþingi brá svo við, að samþykkt var að fella burt veggjald úr tekjuáætlun vegasjóðs á árunum 1973—'75, en hækka þess í stað benzíngjald á sama tíma. Hins vegar greiddu svo margir alþingismenn ekki atkvæði við þá afgreiðslu, að sú breyting fékk ekki meirihlutafylgi. Því þykir flutningsmönnum rétt að leggja fram þessa þingsályktunartillögu og stuðla þannig að endurskoðun umræddrar ákvörðunar síðasta Alþingis. Er það von þeirra, að tillaga þessi verði tekin til meðferðar og afgreiðslu á fyrri hluta þings. Verði hún samþykkt, þarf innheimta veggjalds ekki að falla niður um næstkomandi áramót, eins og annars mun verða.

Nd. 98. Frumvarp til laga [86. mál]

um greiðslu kostnaðar við námsflokka.

Flm.: Bragi Sigurjónsson.

1. gr.

Starfræki sveitarfélag námsflokka, sem aðgangur er frjáls að, skal fara um kostnað við rekstur þeirra eftir ákvæðum III. kafla laga um skólakostnað, nr. 49/1967,

enda hafi menntamálaráðuneytið samþykkt fjárhagsáætlun hvers skólaárs, námsskrá og ráðningu skólastjóra eða forstöðumanns og kennara.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Um nauðsyn á fræðslu fyrir fullorðna og nytsemi námsflokka í þeim tilgangi verður ekki deilt. Virðist og sem skilningur og vilji almennings til að auka við þekkingu sína og endurhæfa á ýmsan hátt, eftir að út í starfsönn lífsbaráttunnar er komið, fari vaxandi, og er þá kennsla í námsflokkum, þar sem kostur er á ýmiss konar fræðslu, þekkingarupprifjun og nýnámi, þegar venjulegri dagsönn er lokið, flestum langauðveldasta námsleiðin, enda gætir nú víða vaxandi sóknar inn á þessa braut og aukins starfs á vegum námsflokka samfara fjölbreyttari námsgreinum.

Hingað til hafa sveitarfélögin ein borið allan kostnað af námsflokkastarfsemi og hún þá vitanlega orðið þar öflugust, sem beinin hafa verið sterkust að bera hana uppi eða áhugi forstöðumanna svo óeigingjarn, að ekkert eða lítið hefur verið spurt um laun.

Eðlilegt er, að um greiðslu kostnaðar við rekstur námsflokka gildi hliðstæðar reglur og um kostnað við rekstur þeirra skóla, sem reknir eru sameiginlega af ríki og sveitarfélögum, eftir því sem við á. Um það eru skýr ákvæði í III. kafla gildandi laga um skólakostnað, nr. 49/1967.

Aðalreglan er sú, skv. 16. gr. laganna, að öll föst laun fastra kennara og annarra starfsmanna eru greidd beint úr ríkissjóði, — varðandi námsflokka gilti það væntanlega fyrst og fremst um skólastjóra eða forstöðumann, — en laun vegna stunda- og forfallakennslu og allar aukagreiðslur til skólastjóra og kennara, sem leiðir af samningum ríkisins við stéttarsamtök þeirra eða af kjaradómi, endurgreiðir ríkið sveitarfélögunum mánaðarlega. Annan rekstrarkostnað greiða sveitarfélögin, svo sem húsnæði og húsvörzlu, hitun, lýsingu, ræstingu o. s. frv., sbr. 22. gr. skólakostnaðarlaga.

Ef þessi háttur yrði upp tekinn einnig gagnvart námsflokkum, eins og hér er kveðið á um, mundi það stórefla og tryggja starfsemi námsflokkanna, sem er mikilvægasta fullorðinsfræðsla, sem nú fer fram, en námsflokkar eru jafnframt mikið sóttir af ungu fólki.

Sþ. 99. Fyrirspurnir. [87. mál]

I. Til fjármálaráðherra um eftirlit með skilum söluskatts.

Frá Geir Gunnarssyni.

1. Hefur fjármálaráðherra í hyggju að beita heimild í 17. gr. laga um söluskatt til notkunar peningakassa, sem auðvelt sé að stimpla í öll söluskattsskyld viðskipti, þannig að eftirlitsmenn fjármálaráðuneytisins geti gengið úr skugga um, að allur innheimtur söluskattur komi fram?
2. Telur fjármálaráðherra, að til greina komi að beita lagaheimildinni á þann veg að skylda einstakar verzlanir og sölu- eða afgreiðslustaði til að nota slíka peningakassa um tiltekinn tíma?

II. Til menntamálaráðherra um sjónvarp.

Frá Karvel Pálmasyni.

1. Hversu margir sveitabæir í Vestfjarðakjördæmi geta enn ekki náð útsendingum sjónvarps?

2. Hefur verið gerð áætlun um kostnað við að koma þessum bæjum í sjónvarpssamband?
3. Er unnið áfram að framkvæmdum í þessu sambandi? Sé svo, hvenær má vænta þess, að þeim verði lokið?
4. Hefur verið gerð athugun á því, hvort unnt sé að láta útsendingar sjónvarps ná til fiskimiðanna út af Vestfjörðum? Sé svo, hver er þá áætlaður kostnaður af þeirri framkvæmd? Er líklegt, að ráðizt verði í þá framkvæmd fljótlega?

III. Til menntamálaráðherra um kennsluskyldu og rannsóknarstörf prófessora.

Frá Karvel Pálmasyni.

1. Hver er kennsluskylda prófessora við Háskóla Íslands og Kennaraháskóla?
2. Hvernig er áætlað, að vinnutími prófessora skiptist milli kennslustarfa og rannsóknarstarfa?
3. Skila prófessorar skýrslu um rannsóknarstörf sín?

IV. Til heilbrigðismálaráðherra um endurskoðun ljósmæðralaga.

Frá Karvel Pálmasyni.

Hvað líður störfum nefndar, sem skipuð var í febrúar 1971 til þess að endurskoða ljósmæðralög?

V. Til fjármálaráðherra um kostnað ríkis og ríkisstofnana vegna utanferða.

Frá Karvel Pálmasyni.

1. Hversu mikill var kostnaður ríkis og ríkisstofnana vegna utanferða á s. l. ári? (Óskað er eftir sundurliðun eftir ráðuneytum og stofnunum).
2. Hefur fjármálaráðuneytið eða fjárlaga- og hagsýslustofnunin eftirlit með því, að kostnaður einstakra stofnana vegna utanferða sé innan hæfilegra marka?

VI. Til fjármálaráðherra um lækkun á kostnaði ríkis og ríkisstofnana vegna utanferða.

Frá Karvel Pálmasyni.

Eru uppi einhver áform um að reyna að draga úr kostnaði ríkis og ríkisstofnana vegna utanferða?

Sþ. 100. Breytingartillaga [35. mál]

við till. til þál. um nýtingu íslenzkra orkulinda til raforkuframleiðslu.

Frá Magnúsi Kjartanssyni.

1. Tillögugreinin orðist svo:
Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta gera og leggja fyrir Alþingi áætlun um nýtingu íslenzkra orkulinda til stuðnings og eflingar velferð á Íslandi.

Í áætluninni skal leggja megináherzlu á eftirgreind atriði:

1. Íslenzka þjóðin hafi úrslitavald yfir efnahagskerfi sínu, atvinnulífi og nýtingu orkulinda. Samvinna við erlenda aðila komi því aðeins til greina, að hún samrýmist þessu meginmarkmiði.
2. Nýting orkulindanna sé framkvæmd með þeim hætti, að hún samrýmist sem bezt umhverfi sínu, bæði að því er varðar orkuvinnslumannvirkin og þau atvinnufyrirtæki, sem nýta orkuna.
3. Nýting orkulindanna dragi úr hagsveiflum og stuðli að fjölbreytni og vaxandi öryggi í efnahagslífi þjóðarinnar.
4. Nýting orkulindanna stuðli að æskilegri búsetudreifingu eftir landshlutum.

2. Fyrirsögn tillögunnar orðist svo:
Tillaga til þingsályktunar um nýtingu íslenzkra orkulinda til alhliða eflingar velferð á Íslandi.

Nd. 101. Frumvarp til laga [88. mál]

um breyting á lögum um almannatryggingar, nr. 67 frá 20. apríl 1971, sbr. lög nr. 96 1971, um breyting á þeim lögum.

Flm.: Ragnhildur Helgadóttir, Lárus Jónsson, Matthías Á. Mathiesen, Sverrir Hermannsson, Pétur Sigurðsson.

1. gr.

1. mgr. 15. gr. laga nr. 67/1971 orðist svo:

Mæðralaun skulu greidd ekkjum, ógiftum mæðrum og fráskildum konum, sem hafa börn sín undir 17 ára aldri á framfæri og eiga lögheimili hér á landi.

2. gr.

1. mgr. 5. gr. laga nr. 96/1971 (19. gr. l. nr. 67/1971) orðist svo:

Nú er samanlögð upphæð lágmarkslífeyris og þriðjungs af öðrum tekjum elli- og örorkulífeyrisþega lægri en 134 400 kr., og skal þá hækka lífeyri hans svo, að það mark náist. Sama gildir um hjónalífeyri, eftir því sem við á.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í frv. þessu er gert ráð fyrir tveim breytingum á núgildandi lögum um almannatryggingar. Varðar önnur greiðslu mæðralauna, en hin varðar greiðslu tekjutryggingar til elli- og örorkulífeyrisþega.

I.

Tillagan um breytingu á greiðslu mæðralauna er um breytingu á aldursmarki úr 16 árum í 17 ár. Er breyting þessi til samræmis þeim hækkunum á aldursmarki við greiðslur barnalífeyris, sem ákveðnar voru vorið 1971, og hækkun á aldursmarki við útborgun meðlaga, sem ákveðin var í fyrra með samþykkt á frumvörpum Auðar Auðuns um það efni.

Sömu rök liggja til grundvallar þessari tillögu og breytingunum á aldursmarki við greiðslur barnalífeyris og meðlaga. Það er alkunna, að framfærslukostnaður 16—17 ára unglings er sízt minni en hinna, sem yngri eru, og fæstir í þessum aldursflokki geta unnið fyrir sér vegna skólanáms. Þær greiðslur, sem ætlaðar eru ein-

stæðum mæðrum með börn á framfæri, þurfa því allar að miðast við þetta aldursmark.

II.

2. gr. frv. fjallar um tekjur elli- og örorkulífeyrisþega.

Undanfarna tvo áratugi hafa einstaklingar, starfshópar og stéttarfélög lagt vaxandi áherzlu á kjarabætur í formi lífeyrisréttinda. Lífeyrissjóðir hafa verið stofnaðir með lögum eða samningum launþega og vinnuveitenda, og leitazt hefur verið við að hafa hliðsjón af bótaákvæðum almannatrygginga í því skyni, að heildartrygging almannatrygginga og lífeyrissjóðs yrði sem bezt. Þetta hefur þó ekki ávallt reynzt auðvelt, þar eð lengi var tvískinnungur í afstöðu almannatrygginganna til sjóðanna. Með almannatryggingalögunum 1963 skýrðust þó línur í þessum efnum. Almannatryggingar voru þá látnar ná til allra landsmanna, og jafnframt var gert ráð fyrir, að lífeyrissjóðir önnuðust viðbótartryggingar. Áður höfðu skerðingarákvæði laganna verið afnumin, en óvinsældir þeirra höfðu farið vaxandi með hverju ári. Lífeyrisþegum þóttu þau óréttlát, og þau voru talin draga úr starfsáhuga aldraðra og öryrkja.

Á tilteknu tekjubili jafngilda núgildandi tekjutryggingarákvæði 100% skerðingu lífeyris vegna annarra tekna. Sem dæmi má nefna hjón, sem bæði hafa náð 67 ára aldri og eiga rétt á kr. 20 160 á mánuði frá almannatryggingum, hafi þau ekki aðrar tekur. Konan vinnur ekki utan heimilis, en eiginmaðurinn á kost á léttu starfi hluta úr degi með 7 120 króna mánaðarlaun. Taki hann þessu vinnutilboði, á hann einungis rétt á kr. 13 040 á mánuði frá almannatryggingum. Áhrif tekjutryggingarákvæðanna eru því þar hin sömu og 100% skattlagning vinnutekna.

Niðurstaðan verður hin sama, þótt tekjur séu í formi lífeyris úr lífeyrissjóði. Í augum fjölmargra tekjulágra sjóðfélaga, sem fyrst hafa öðlazt aðild að lífeyrissjóðum á síðari hluta starfsævinnar, verða lífeyrisréttindin með þessum hætti lítils eða einskis virði, og þess eru jafnvel dæmi, að lítill ávinningur sé að áratuga iðgjaldagreiðslu til lífeyrissjóðs. Þetta á einnig við um réttindi samkvæmt lögum um eftirlaun til aldraðra félaga í stéttarfélögum, sem sett voru í samræmi við fyrirheit fyrrverandi ríkisstjórnar við lausn kjaradeilunnar í maí 1969, og réttindi samkvæmt II. kafla laga um Lífeyrissjóð bænda. Þátttaka atvinnuleysistryggingasjóðs og Stofnlánadeildar landbúnaðarins í þessum eftirlaunagreiðslum kemur nú að verulegu leyti fram sem beinn sparnaður ríkissjóðs í stað þess að veita eftirlaunafólki betri kjör.

Þá skal bent á, að í framkvæmd á sér stað sú mismunun eftir tegund tekna, að einungis framtalsskyldar tekjur valda frádrætti. Tveir lífeyrisþegar með sömu tekjur fá misháan lífeyri, þar eð tekjur annars eru vextir af bankainnistæðu, en tekjur hins vextir af skuldabréfi (t. d. vegna íbúðarsölu eða lánsaðstoðar við ættingja).

Tekjutryggingin veitir öryggi þeim, sem missa starfsorku sína, áður en þeir hafa öðlazt réttindi í lífeyrissjóðum, og öldruðu fólki, sem á ekki lengur kost á starfstekjum og aldrei hefur öðlazt lífeyrissjóðsaðild. Í framkvæmd virðast hin nýju ákvæði þó ná til tiltölulega fárra lífeyrisþega, sem ekki höfðu áður hliðstæðar hækkanir samkvæmt heimildarákvæðum almannatryggingalaga. Hins vegar hefur þess þegar orðið vart, að einstakir sjóðfélagar óska endurgreiðslu iðgjalda og afsals réttinda hjá lífeyrissjóðum sínum og telja þá lausn skárri kostinn af tvennu illu. Haldist ákvæði almannatryggingalaga óbreytt eða verði áframhaldandi óvissa um framtíðarstefnu í þessu efni, má gera ráð fyrir, að einstaklingar og lífeyrissjóðir leitist við að aðlaga sig núverandi skipan með ráðstöfunum, sem að öðru leyti yrðu að teljast algerlega óeðlilegar.

Með frumvarpi þessu er lagt til, að rýmkaðar verði reglur þær, sem nú gilda um greiðslu tekjutryggingar almannatrygginga, þannig að öldruðum og öryrkjum verði gert kleift að hafa nokkrar tekjur, án þess að þær valdi missi réttinda til að fá tekjutrygginguna. Það er einfalt mannréttindamál, að sá, sem af takmarkaðri orku nýtir starfskrafta sína, njóti árangurs af erfiði sínu. Frumvarpið stefnir að því, að svo geti orðið um aldraða og öryrkja í ríkara mæli en nú er.

Um einstök atriði frv., m. a. kostnaðarhlið, verður fjallað í framsögu.

Fylgiskjal.

Mæðralaun.

Samkvæmt reikningum Tryggingastofnunarinnar námu greiðslur vegna mæðralauna:

1968	36 575 841 kr.
1969	44 884 580 —
1970	55 876 553 —
1971	74 863 276 —

Á þessum árum voru mæðralaun eftirfarandi:

Ár	1 barn	2 börn	3 börn
1968	3 227 kr.	17 517 kr.	35 035 kr.
1969	3 780 —	20 496 —	40 992 —
1970	4 368 —	23 718 —	47 442 —
1971	5 590 —	30 331 —	60 669 —
1972	7 224 —	39 180 —	78 354 —
(1973)	(7 632)—	(41 400)—	(82 788)—

Bótaupphæðir hækkuðu á þessu tímabili um eftirfarandi %-tölu frá ári til árs:

17% frá 1968 til 1969
15.72% frá 1969 til 1970
27.87% frá 1970 til 1971
29.16% frá 1971 til 1972.

Skipting einstæðra mæðra með mæðralaun í Reykjavík eftir fjölda barna:

	Fjöldi einstæðra mæðra		
Fjöldi barna hverrar móður	1968	1969	1970
1	1 168	1 263	1 389
2	404	421	460
3	195	232	232
4	67	65	58
5	17	16	15
6	5	5	6
7	2	2	2
8	1		
	1 859	2 004	2 162

Fjöldi bótaþega skiptist þannig milli Reykjavíkur og annarra landshluta:

	Reykjavík	Utan Reykjavíkur
1968	55%	45%
1969	56%	44%
1970	56%	44%

Miðað við skiptingu einstæðra mæðra í Reykjavík í hópa eftir barnafjölda eru líkurnar fyrir því, að einstæð móðir hafi á framfæri sínu ákveðinn barnafjölda undir 16 ára, um það bil:

Fjöldi barna	1968	1969	1970
1	0,6283	0,6302	0,6425
2	0,2173	0,2101	0,2128
3	0,1049	0,1158	0,1073
4	0,0360	0,0324	0,0268
5	0,0092	0,0080	0,0069
6	0,0027	0,0025	0,0028
7	0,0011	0,0010	0,0009
8	0,0005		

Ef réttur til mæðralauna miðast við 17 ára hámarksaldur í stað 16 nú, breytist bæði fjöldi bótaþega og skipting þeirra í hópa eftir barnafjölda. Nákvæm rannsókn hefur ekki farið fram á því, hvernig sú skipting raunverulega er, en lausleg áætlun gefur til kynna, að hún hafi í árslok 1970 verið um það bil þannig:

Fjöldi barna hverrar móður	Fjöldi einstæðra mæðra 1970	Hlutfall
1	1 450	63,15%
2	510	22,21%
3	250	10,89%
4	62	2,70%
5	16	0,70%
6	6	0,26%
7	2	0,09%
	2 296	

Aldurshækkun frá 16 til 17 ára áætluð með tilliti til þess, sem rakið var hér á undan, og áætlun um fjölgun bótaþega leiða af sér fjölgun bótaþega samkvæmt eftirfarandi töflu:

	Áætluð fjölgun bótaþega vegna aldurshækkunar	
Mæður með	1970	1973
1 barn	109	134
2 börn	89	104
3 börn og fleiri	41	47

Miðað við bótaupphæðir 1973, eins og þær liggja nú fyrir, yrði kostnaðaraukningin þá um 9.2 millj. kr.

Sérstök áherzla skal á það lögð, að hér er aðeins um lauslega athugun að ræða.

Sþ. 102. Tillaga til þingsályktunar [89. mál]

um sjálfvirk viðvörunarkerfi á hraðbrautir með varanlegu slitlagi.

Flm.: Oddur Ólafsson, Ólafur G. Einarsson, Matthías Á. Mathiesen.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að fela Vegagerð ríkisins að koma upp sjálfvirkum hálkuviðvörunarkerfum við hraðbrautir með varanlegu slitlagi, einkum við vegakafla, þar sem athugun hefur leitt í ljós, að sérstök hætta er á hálkumyndun.

Kostnaður við framkvæmdirnar teljist stofnkostnaður við viðkomandi hraðbraut.

Greinargerð.

Sú reynsla, sem fengizt hefur af akstri á Reykanesbraut á undanförnum árum, bendir til verulegrar slysahættu á hraðbrautum vegna hálkumyndunar. Um þessar mundir er verið að taka í notkun um 20 kílómetra steypta hraðbraut á Vesturlandsvegi og um 50 kílómetra hraðbraut með olíumalarslitlagi á Suðurlandsvegi. Ætla má, að hálka verði slysavaldur á báðum þessum brautum. Veldur þar mestu hið breytilega veðurfar hér á landi. Komið hefur í ljós, að á vissum köflum veganna myndast hálka, fremur en á öðrum köflum þeirra. Vegfarendum er nauðsyn að fá um þetta aðvörun, og telja flutningsmenn þessarar tillögu, að það verði ekki gert með öruggari hætti en hinu sjálfvirka aðvörunarkerfi.

Vegagerð ríkisins hefur fylgzt með og kannað hálkumyndun á þessum vegum og mun halda því áfram. Einnig hefur verið gerð áætlun um kostnað við uppsetningu slíkra viðvörunarkerfa, og er hann allmikill. En þegar tekið er tillit til hins

gífurlega eigna- og heilsutjóns, sem árlega verður vegna umferðarslysa af völdum hálku m. a., virðist einsýnt, að gera beri allt, sem mögulegt er, til þess að komið verði í veg fyrir þann skaða.

Sþ. 103. Tillaga til þingsályktunar [90. mál]

um staðsetningu nýrrar stjórnarráðsbyggingar.

Flm.: Ellert B. Schram, Eðvarð Sigurðsson, Gils Guðmundsson, Sverrir Hermannsson.

Alþingi skorar á ríkisstjórnina að endurskoða þá ákvörðun, að reist skuli ný stjórnarráðsbygging á lóð ríkissjóðs við Bankastræti, Skólastræti og Amtmannsstíg í Reykjavík.

Greinargerð.

Það mun hafa verið í tilefni 50 ára afmælis íslenzks stjórnarráðs, árið 1954, sem tekin var ákvörðun um byggingu nýs stjórnarráðshúss á lóð ríkissjóðs milli Bankastrætis og Amtmannsstígs. Til framkvæmda hefur ekki komið, en gerðar hafa verið teikningar af fyrirhugaðri byggingu á umræddum stað og þær kynntar.

Á síðustu árum hefur mjög vaxið andstaða gegn því, að stjórnarráðshús verði reist á þessum stað. Kemur þar hvort tveggja til: í fyrsta lagi, að til þess þyrfti að rífa eða fjarlægja hús þau, sem nú eru á umræddri lóð og nefnd eru Bernhöftstorfa; í öðru lagi, að skipulag og aðstæður leyfa ekki svo stóra byggingu sem gert er ráð fyrir að nýtt stjórnarráðshús þurfi að vera.

Fyrir báðum þessum meginathugasemdum hafa verið færð rök, sem taka verður fullt tillit til. Mun nú gerð nánari grein fyrir þeim.

Jafnframt auknum skilningi á umhverfisvandamálum mannkynsins og umræðum um mengun, náttúruvernd og vistfræði hefur þeirri stefnu vaxið fiskur um hrygg, sem leggur áherzlu á varðveizlu sögulegra bygginga og sérstæðra borgarhverfa.

Íslendingar hafa löngum borið virðingu fyrir minjagripum og heimildum frá frumbýlisárum þjóðarinnar, en minna hirt um varðveizlu muna og verndun umhverfis, sem skoðazt geta heimildir um sögu og menningu síðari tíma. Smám saman hefur vaknað skilningur á því, að þróunarsaga lifnaðarhátta, menningarstrauma og umhverfismála er ekki síður merkileg, þótt slíkar heimildir séu ekki frá landnámstíð. Enn má víða finna slíkar heimildir og söguminjar, enda þótt tillitssemi og varðveizlusjónarmið hafi á stundum mátt sín lítils í samkeppninni við kappsfulla uppbyggingu nútímaþjóðfélagsins.

Húsin og umhverfið austast í kvos gamla miðbæjarins í Reykjavík bera sína sögu, og þar er að finna afar merkilega heimild um byggingarstíl á síðustu öld.

Húsfriðunarnefnd, sem starfar skv. þjóðminjalögum, nr. 52/1969, bendir á, að hér sé um menningarverðmæti að ræða, sem „undir engum kringumstæðum megi skemma, því þarna sé einstakt tækifæri til að varðveita svolítinn hluta af yfirbragði Reykjavíkur um miðja 19. öld".

Þjóðminjavörður hefur m. a. gefið svofellda umsögn: „Húsaröð þessi, frá Stjórnarráðshúsinu gamla og að Menntaskólanum og Íþöku, er algerlega einstæð hérlendis. Þetta er elzta húsaröðin í Reykjavík og eina húsasamstæðan frá um miðja síðustu öld, sem enn er varðveitt. Hús þessi hafa alla tíð sett mjög mikinn svip á miðbæ Reykjavíkur og eru beztu dæmin um byggingarstíl í Reykjavík á síðustu öld ....

.... Ég teldi það Reykjavíkurborg til mikils sóma, ef takast mætti að vernda þessar menningarminjar til komandi tíma. ....

.... Ævinlega hefur verið talað um varðveizlu gamla Stjórnarráðshússins og Menntaskólans, jafnvel þótt þau hús hafi ekki verið friðuð formlega. Má því segja,

að öll þessi gömlu hús myndi eina heild, en hætt er við, að bæði Menntaskólinn og Stjórnarráðshúsið gamla setji mjög ofan, ef þarna kæmi stórt hús á milli, enda virðist á myndum, sem birzt hafa af líkani hins væntanlega húss, að ekkert muni gert til að fella það að umhverfi sínu. ....“

Að lokum skal vitnað í bréf Arkitektafélags Íslands, dags. 7. ágúst 1972, til borgarráðs Rvíkur, þar sem segir m. a.: „Það verður að teljast hæpið í meira lagi að láta rífa niður hús, sem hafa ótvírætt menningarsögulegt gildi, til að rýma fyrir húsbyggingu, sem enginn veit, hvernig falla muni að umhverfinu. Þeir, sem að slíku standa, taka á sig mikla ábyrgð gagnvart komandi kynslóðum, því að það, sem nú yrði tortímt, fengist aldrei endurheimt.“

Hvað stjórnarráðshúsið sjálft snertir, skal aðeins vitnað til ályktunar borgarráðs Reykjavíkur frá 22. ágúst s. l., þar sem segir m. a.:

„Sumir draga í efa, að unnt sé að teikna á þessari lóð byggingu, sem geti fallið vel inn í þetta umhverfi án þess að rjúfa heildarmyndina.“

Þær hugmyndir, sem settar hafa verið fram af stjórnvöldum um stærð og útlit hússins, hafa ekki uppfyllt þau skilyrði, sem skipulagsyfirvöld gera um lága og tiltölulega litla byggingu.

Af því, sem að framan er sagt, má ljóst vera, að með því að rífa eða fjarlægja svonefnda Bernhöftstorfu sé menningarverðmætum spillt, og enn fremur, að allt bendir til, að skipulag og aðstæður leyfi ekki byggingu á þessum stað af þeirri stærðargráðu, sem stjórnarráðshús þarf að vera.

Með þessu er ekki verið að draga úr nauðsyn þess, að nýtt stjórnarráðshús skuli reist og það hið fyrsta, en skoðun flutningsmnna er, að stjórnvöld eigi að virða þessi framkomnu sjónarmið og taka til athugunar, hvort ekki sé unnt að leysa húsnæðismál stjórnarráðsins með öðrum hætti.

Sþ. 104. Fyrirspurn [91. mál]

til menntamálaráðherra um iðnfræðslu.

Frá Þórarni Þórarinssyni.

Hvaða ráðstafanir hefur ríkisstjórnin í undirbúningi til að efla og auka iðnfræðsluna?

Sþ. 105. Fyrirspurnir. [92. mál]

I. Til sjávarútvegsráðherra um vátryggingu fiskiskipa.

Frá Guðlaugi Gíslasyni.

Er að vænta frá hendi ráðherra tillagna eða frv. til laga um vátryggingu fiskiskipa, sem miði að lækkun vátryggingariðgjalda, sbr. yfirlýsingu í málefnasamningi ríkisstjórnarinnar?

II. Til sjávarútvegsráðherra um tryggingamál sjómanna.

Frá Guðlaugi Gíslasyni.

Hefur ráðherra í hyggju að beita sér fyrir einföldun á tryggingakerfi sjómanna, annaðhvort með breytingu á gildandi lagaákvæðum, nýrri lagasetningu eða með því að koma á viðræðum milli heildarsamtaka sjómanna og atvinnurekenda um málið?

III. Til heilbrigðismálaráðherra um úrbætur í heilbrigðisþjónustu í Ólafsfirði og Norður-Þingeyjarsýslu.

Frá Stefáni Valgeirssyni.

1. Hvað hefur verið gert til þess að fá lækni til Ólafsfjarðar í vetur? Er líklegt, að læknir fáist þangað, og þá hvenær?
2. Hvað hefur verið gert til þess að bæta heilbrigðisþjónustu í Norður-Þingeyjarsýslu?
3. Hefur verið reynt að fá lækni til Kópaskers eða Raufarhafnar yfir vetrarmánuðina?

Nd. 106. Frumvarp til laga [93. mál]

um breyting á lögum um almannatryggingar, nr. 67 frá 20. apríl 1971, sbr. lög nr. 96 frá 27. des. 1971.

Flm.: Bragi Sigurjónsson, Benedikt Gröndal, Gylfi Þ. Gíslason.

1. gr.

19. gr. laganna (sbr. 5. gr. laga nr. 96/1971) orðist svo:

Nú eru tekjur elli- og örorkulífeyrisþega lægri en kr. 150 000.00 á ári, og skal þá hækka lífeyri hans um það, er á vantar þá upphæð. Sama gildir um hjónalífeyri, eftir því sem við á.

Heimilt er að greiða frekari uppbót á elli- og örorkulífeyri, ef sýnt þykir, að lífeyrisþegi geti ekki komizt af án þess.

Við ákvörðun um hækkun lífeyris samkvæmt 1. og 2. mgr. hér að framan skal ekki reikna til tekna lífeyri eða vinnutekjur, sem eru innan við kr. 6000.00 á mánuði. Rökstyðja skal umsókn um hækkun með t. d. skattframtali. Enn fremur skal höfð hliðsjón af því, hvort eignum bótaþega hefur verið ráðstafað með þeim hætti, að það valdi synjun hækkunar.

Að fengnum tillögum tryggingaráðs setur ráðherra reglugerð um framkvæmd lífeyrishækkunar samkvæmt þessari grein.

2. gr.

4. og 5. mgr. 18. gr. laganna orðist svo:

Tryggingaráði er heimilt að veita ekkju ekkjulífeyri frá 50 ára aldri, þótt hún hafi verið yngri, er maður hennar lézt eða hún hætti að taka barnalífeyri, enda hafi hjónabandið staðið a. m. k. 10 ár.

Ekkjulífeyrir fellur niður, ef ekkja gengur í hjónaband. Fullur árlegur ekkjulífeyrir skal vera kr. 70 560.00. Ákvæði 19. gr. laga þessara um lágmarkstekjutryggingu elli- og örorkulífeyrisþega skulu og gilda um ekkjur, sem rétt eiga á fullum ekkjulífeyri, eftir því sem við getur átt.

3. gr.

Undirliður 1 (Að fullu skal greiða), f-liður 32. gr. laganna orðist svo:

Sjúkraflutning fyrst eftir slys eða þegar ella verður nauðsyn að senda sjúkling til meðferðar hjá lækni eða í sjúkrahúsi, þó ekki fyrir einstakar ferðir, þegar um stundun er að ræða.

Undirliður 2 (Að hluta skal greiða), a-liður orðist svo:

Að hálfu ferðakostnað til læknis með leigubíl, enda sé sjúklingur ekki fær um að ferðast með áætlunarbíl eða strætisvagni.

4. gr.

Lög þessi taka gildi frá og með 1. jan. 1973.

Greinargerð.

Þegar lögin um almannatryggingar voru endursamin og samþykkt vorið 1971, voru þau nýmæli meðal ýmissa annarra, að hverjum elli- og örorkulífeyrisþega skyldu tryggðar a. m. k. 84 þús. kr. lágmarkstekjur, þ. e. að væru tekjur hans lægri alls en 84 þús. kr. á ári, skyldi skylt að hækka lífeyri hans svo, að bilið yrði brúað. Með lagabreytingu í des. 1971 var þetta tekjulágmark hækkað í 120 þús. kr., enda hafði almennt kaupgjald hækkað verulega frá vordögum eða fyrri lagasetningu og dýrtíð aukizt umtalsvert.

Nú hefur verðbólguhjólið enn snúizt drjúgan síðan í des. 1971, og veitir því ekki af að hækka lágmarkið á ný, ef tekjutryggingin á ekki að sverfast af. Er því hér lagt til, að hún verði hækkuð í 150 þús. kr. frá 1. jan. 1973.

Við framkvæmd þeirrar tekjutryggingar, sem að framan getur, eða útreikning á því, hverjir eigi rétt á henni, hefur komið í ljós, að fyrir borð detta flestir, ef ekki allir, sem einhvern lífeyri hafa auk almannatrygginga, hversu smár sem hann er, sem og allir þeir, sem smávægilegustu vinnutekjur hafa, flestar nánast fyrir störf, sem aðeins eru leyst af hendi þeim til hugarléttis og afþreyingar, sem vinna þau. Finnst almenningi þetta óþarfa smámunasemi löggjafans, og er þeirri skoðun hér mætt með tilgreindu lágmarki tekna eða lífeyris, er elli- og örorkulífeyrisþegi megi hafa á mánuði, án þess að það orki á tekjutryggingarákvæðið. Kemur þetta fyrst og fremst þeim til hagræðis, sem eru á lægstum lífeyri verkalýðsfélaganna eða vinna enn fyrir sér hörðum höndum eftir 67 ára aldurinn, og ætti löggjafanum ekki að blæða í augum þessi smávægilega eftirgjöf eða linun ákvæða.

Breytingin á ekkjulífeyri er sú markverðust, að hér er lagt til, að ekkja, sem komin er rétti samkvæmt á fullan ekkjulífeyri, sem er ákveðinn jafnhár elli- og örorkulífeyri einstaklings, hafi og þann rétt, að séu tekjur hennar undir ákveðnu lágmarki, eins og tekjur elli- og örorkulífeyrisþega, þá sé henni bætt það upp að ákveðnu marki eins og þeim. Virðist óeðlilegt, fyrst fullur ekkjulífeyrir er talinn af löggjafanum þurfa og eiga að vera jafn fullum elli- og örorkulífeyri, og þá eigi ekkjan ekki rétt til lágmarkstekjutryggingarinnar líka.

Breytingarnar við 32. gr. almannatryggingalaga eru eingöngu fluttar til hagræðingar á framkvæmd þeirra tilvika, sem þar greinir. Mörg dæmi eru um það úti á landsbyggðinni, að ýmist næst ekki til sjúkrabifreiða eða sjúkraflugvéla til flutninganna, sem um ræðir, eða völ er á drjúgum ódýrari flutningi, sem samkvæmt orðalagi laganna nú má þó ekki greiða. Virðist slíkt fráleitt. Sama máli gegnir um það, að leita verði bifreiðar afbæjar, svo að greiðsluhæft sé, en ekki megi greiða sömu greiðslu út á heimabifreið, ef tiltæk er til sjúkraflutnings.

Sþ. 107. Tillaga til rökstuddrar dagskrár [68. mál]

í málinu: Tillaga til þingsályktunar um eignarráð á landinu, gögnum þess og gæðum.

Frá Gísla Guðmundssyni.

Þar sem stjórnarskrárnefnd vinnur nú samkvæmt ákvörðun Alþingis að endurskoðun stjórnarskrárinnar, tekur þingið fyrir næsta mál á dagskrá.

Ed. 108. Nefndarálit [4. mál]

um frv. til laga um Stýrimannaskólann í Vestmannaeyjum.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið. Henni bárust umsagnir um málið frá skólastjóra Stýrimannaskólans í Vestmannaeyjum, Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Vinnuveitendasambandi Íslands og Landssambandi íslenzkra útvegsmanna.

Frumvarp þetta er miðað við það að samræma lög um Stýrimannaskólann í Vestmannaeyjum ákvæðum laga, er sett voru á síðasta þingi um Stýrimannaskólann í Reykjavík, þannig að starfshættir skólanna verði með sama sniði og að þeir veiti báðir fullnægjandi fræðslu til að standast fiskimannapróf og farmannapróf 1. og 2. stigs.

Nefndin leggur til, að frumvarpið verði samþykkt með þessum

BREYTINGUM:

1. Við 4. gr. Greinin orðist svo:
   Í skólanum skal kenna: stærðfræði, siglingafræði, þar með talin kennsla í notkun siglinga- og fiskileitartækja, íslenzku, ensku, dönsku, eðlisfræði, rafmagnsfræði, vélfræði, sjórétti, landa- og veðurfræði, heilsufræði, bókhaldi, viðskiptafræði, sjómennsku og íþróttum, einkum sundi. Þá skal leitast við að veita nemendum fiskimannadeildar fræðslu um fiskverkun og annað, er lýtur að meðferð og geymslu fisks um borð í skipum.
   Heimilt er að bæta við námsgreinum, ef þörf þykir. Kennslumagn í hverri grein skal ákveðið í reglugerð.

2. Við 7. gr. Greinin orðist svo:
   Próf skulu haldin í lok kennslutímabils hvors stigs eða ef henta þykir í einstökum greinum í lok hvers námsáfanga (annar), og skulu gefin út prófskírteini fyrir hvort stig. Prófskírteini við próf 2. stigs skulu gefin út á íslenzku, ensku og dönsku.

3. Við 9. gr. 2. málsgr. orðist svo:
   Heimilt skal skólastjóra, að veita manni leyfi til að ganga undir inntökupróf, þótt hann hafi ekki stundað nám í undirbúningsdeild, sbr. 5. gr.

Alþingi, 23. nóv. 1972.

Ragnar Arnalds, form.	Páll Þorsteinsson, fundaskr., frsm.	Steingrímur Hermannsson.
Benóný Arnórsson.	Auður Auðuns.	Jón Árm. Héðinsson.

Þorv. Garðar Kristjánsson.

Ed. 109. Nefndarálit [29. mál]

um frv. til laga um breyt. á lögum um rannsóknir í þágu atvinnuveganna, nr. 64/1965.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og orðið sammála um að leggja til, að það verði samþykkt með þessari

BREYTINGU:

Við 1. gr. Í stað orðanna „um stofnsetningu“ komi: um stofnkostnað.

Fjarverandi við afgreiðslu málsins voru Jón Árnason og Jón Árm. Héðinsson.

Alþingi, 23. nóv. 1972.

Halldór Kristjánsson, form.	Geir Gunnarsson, fundaskr.	Steingrímur Hermannsson, frsm.
Benóný Arnórsson.	Oddur Ólafsson.	

Ed. 110. Nefndarálit [74. mál]

um frv. til laga um breyt. á lögum nr. 67 10. maí 1966, um vélstjóranám.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og orðið sammála um að mæla með samþykkt þess óbreytts.

Fjarverandi við afgreiðslu málsins var Jón Árm. Héðinsson.

Alþingi, 23. nóv. 1972.

Ragnar Arnalds, form.	Páll Þorsteinsson, fundaskr.	Steingrímur Hermannsson, frsm.
Auður Auðuns.	Benóný Arnórsson.	Þorv. Garðar Kristjánsson.

Ed. 111. Nefndarálit [54. mál]

um frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að staðfesta fyrir Íslands hönd alþjóðasamning, er gerður var 15. febr. 1972, um varnir gegn mengun sjávar vegna losunar úrgangsefna frá skipum og flugvélum.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Sjávarútvegsnefnd hefur athugað frv. og mælir með samþykkt þess. Einn nefndarmaður, Jón Árnason, var fjarverandi.

Alþingi, 23. nóv. 1972.

Halldór Kristjánsson, form., frsm.	Geir Gunnarsson, fundaskr.	Jón Árm. Héðinsson.
Oddur Ólafsson.	Steingrímur Hermannsson.	Benóný Arnórsson.

Ed. 112. Nefndarálit [2. mál]

um frv. til l. um Fósturskóla Íslands.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og ábendingar, er fram hafa komið í umsögnum, er henni hafa borizt.

Mælir nefndin með samþykkt frv. með breytingum, er hún flytur tillögur um á sérstöku þskj. — Jón Árm. Héðinsson var fjarverandi, þegar málið var afgr. í nefndinni.

Alþingi, 23. nóv. 1972.

Ragnar Arnalds, form.	Páll Þorsteinsson, fundaskr.	Auður Auðuns, frsm.
Benóný Arnórsson.	Þorv. Garðar Kristjánsson.	Steingr. Hermannsson.

Ed. 113. Breytingartillögur [2. mál]

við frv. til l. um Fósturskóla Íslands.

Frá menntamálanefnd.

1. 2. gr. orðist svo:
   Hlutverk skólans er að mennta fólk til uppeldisstarfa á hvers konar uppeldisstofnunum fyrir börn frá fæðingu til 7 ára aldurs, svo sem vöggustofum, dagheimilum, vistheimilum, leikskólum, forskólabekkjum barnaskóla og leikvöllum. Heimilt er að fela Fósturskóla Íslands að mennta fólk til starfa á skóladagheimilum.
2. Aftan við 5. gr. bætist:
   Jafnframt skal skólinn, svo fljótt sem því verður við komið, annast menntun fólks, er sé til aðstoðar fóstrum. Um námstíma og starfssvið skal kveða nánar á í reglugerð.
3. Við 6. gr. Fyrri málsl. orðist svo:
   Fósturskólinn skal hafa náið samband við Kennaraháskóla Íslands, m. a. um framhaldsmenntun fóstra.
4. Við 7. gr. Í stað „3 ára“ í upphafi 2. mgr. komi: 4 ára.
5. Við 8. gr. Í stað orðanna „sbr. 6. gr.“ í 2. málslið komi: sbr. 7. gr.
6. Við 10. gr.
   a) 1. og 2. tölul. verði 1. tölul. (röð tölul. breytist skv. því) og orðist svo:
      Stúdentspróf, kennarapróf frá Kennaraskóla Íslands eða gagnfræðapróf að viðbættu tveggja ára námi í framhaldsdeild gagnfræðaskóla eða að viðbættu tveggja ára námi í öðrum skólum, t. d. verzlunarskóla, lýðháskóla eða húsmæðraskóla.
   b) Niður falli orðin „og 2.“ í 3. tölulið (sem verður 2. tölul.).

Ed. 114. Frumvarp til laga [94. mál]

um breyting á orkulögum nr. 58 29. apríl 1967.

(Lagt fyrir Alþingi á 93. löggjafarþingi, 1972.)

1. gr.

3. tl. 2. mgr. 71. gr. laganna orðist svo:

3. Að veita einstökum bændum, sem búa utan þess svæðis, er samveitum er ætlað að ná til í náinni framtíð, lán til að koma upp mótorrafstöðvum á heimilum sínum. Lán þetta má nema kostnaðarverði rafstöðvarinnar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Þegar lokið er þeirri rafvæðingu sveitanna, sem 3ja ára áætlunin ráðgerir og nú er unnið að, er talið að um 150 býli verði utan samveitna. Ef býli þessi eiga að haldast í byggð verður að gefa þeim kost á raforku. Á nokkrum býlanna má bæta úr raforkuþöfinni með litlum vatnsaflsstöðvum, en víðast hagar þannig til, að gera verður þetta með mótorrafstöðvum.

Nú er heimilt að veita bændum lán, sem nemi allt að 4/5 hlutum stofnkostnaðar. Í framkvæmd hefur þetta verið gert þannig, að lánuð hafa verið um 70% af rafstöðvarverðinu. Hafa lánin verið til 9 eða 10 ára, afborganalaus í eitt eða tvö ár og greiðast upp með jöfnum afborgunum á 8 árum. Lánin hafa borið 6% ársvexti.

Hér er lagt til, að heimila Orkusjóði að lána bændum allt kostnaðarverð mótorrafstöðva til heimilisnota og ætti þetta að bæta hag þessara aðilja verulega.

Nd. 115. Frumvarp til laga [95. mál]

um breytingar á lögum um almannatryggingar nr. 67 frá 20. apríl 1971.

(Lagt fyrir Alþingi á 93. löggjafarþingi, 1972.)

1. gr.

d-liður 6. greinar orðist svo:

Öllum heimildarsamningum við heilbrigðisstéttir og heilbrigðisstofnanir.

2. gr.

8. grein orðist svo:

Aðalskrifstofur Tryggingastofnunar ríkisins eru í Reykjavík.

Utan Reykjavíkur skal Tryggingastofnunin hafa umboðsskrifstofur og fer um staðarval eftir ákvörðun ráðherra að fengnum tillögum tryggingaráðs.

Í hverju sveitarfélagi, þar sem ekki er umboðsskrifstofa Tryggingastofnunar ríkisins, skal sveitarstjórn tilnefna sérstakan trúnaðarmann tryggingaskrifstofunnar, sem annast upplýsingastörf og tengsl íbúa sveitarfélagsins við umboðsskrifstofu. Tryggingastofnunin ákveður og greiðir þóknun til trúnaðarmanna.

3. gr.

Síðasta málsgrein 15. greinar orðist svo:

Tryggingaráði er heimilt að greiða einstæðum feðrum, sem halda heimili fyrir börn sín sambærileg laun, svo og einstæðu fósturforeldri.

4. gr.

Í stað a—d.-liðs 20. greinar komi:

a. Ríkissjóður 86%.
b. Atvinnurekendur 14%.

5. gr.

23. grein falli niður.

6. gr.

24. grein falli niður.

7. gr.

Við 1. mgr. 38. greinar bætist:

Ríkisendurskoðunin annast endurskoðun reikninga sjúkrasamlaganna.

8. gr.

40. grein orðist svo:

Allir landsmenn eru sjúkratryggðir í sjúkrasamlagi þar sem þeir eiga lögheimili. Hjón skulu vera í sama sjúkrasamlagi og með þeim skulu tryggð börn þeirra, 16 ára og yngri. Sama á við um stjúpbörn og fósturbörn.

Sjúkrasamlag gefur út réttindaskírteini til hvers samlagsmanns og gildir það meðan hann er í samlaginu.

9. gr.

41. grein falli niður.

10. gr.

Upphaf 1. málsgreinar 43. greinar orðist svo:

Auk þeirra réttinda, sem um ræðir í 42. gr. skal sjúkrasamlag veita þá hjálp, sem hér er talin:

11. gr.

44. grein orðist svo:

Sjúkrasamlögin greiða sjúkradagpeninga, ef samlagsmaður, sem er 17 ára og eldri og ekki nýtur elli- eða örorkulífeyris, verður algerlega óvinnufær, enda leggi hann niður vinnu og kaup hans og aðrar vinnutekjur falli niður.

Sjúkradagpeningar eru ekki greiddir lengur en 52 vikur samtals á hverjum 24 mánuðum. Þó er samlagsstjórn heimilt að ákveða, að dagpeningar skuli greiddir lengur, ef lækningatilraunum er ekki lokið og óvíst er, hvort um varanlega örorku er að ræða.

Samlagsmenn njóta sjúkradagpeninga frá og með 11. veikindadegi, ef þeir eru óvinnufærir a. m. k. í 14 daga. Upphaf biðtímans miðast við þann dag, þegar læknis er fyrst vitjað eða sjúklingurinn fluttur í sjúkrahús.

Sjúkradagpeningar skulu ekki vera hærri en slysadagpeningar samkvæmt 33. grein og ekki lægri en kr. 309.00 á dag fyrir einstakling 17 ára og eldri og kr. 84.00 fyrir hvert barn á framfæri, þar með talin börn utan heimilis, sem umsækjandi sannanlega greiðir með, samkv. meðlagsúrskurði eða skilnaðarleyfisbréfi.

Sjúkradagpeningar vegna annarra starfa en húsmóðurstarfa mega ekki vera hærri en sem nemur ¾ þeirra vinnutekna, sem hlutaðeigandi hefur misst vegna veikindanna. Skal í þessu sambandi að jafnaði höfð hliðsjón af tekjum hans síðustu 2 mánuðina áður en veikindin hófust.

Nú dvelst sá, sem dagpeninga nýtur í sjúkrahúsi eða hæli á kostnað sjúkrasamlags síns og má þá lækka dagpeninga hans um allt að þriðjung, ef hann á heimili sínu hefur fyrir öðrum að sjá, ella allt að ⅔ hlutum. Lækkunin tekur þó ekki til sjúkradagpeninga vegna barna sjúklings.

Nú greiðir vinnuveitandi laun í veikindaforföllum og renna þá dagpeningagreiðslur samkvæmt 4. málsgr. þessarar greinar til vinnuveitandans þann tíma, þó aldrei hærri greiðsla en sem nemur ¾ hlutum launanna.

Dagpeningar eru ekki greiddir þeim, sem í verkfalli á, nema hann hafi átt rétt til dagpeninga áður en verkfall hófst.

12. gr.

45. gr. 1. og 2. málsgr. orðist svo:

Leita skal staðfestingar Tryggingastofnunar ríkisins á samningum, sem sjúkrasamlög gera um greiðslur til fullnægingar ákvæðum 42. og 43. greinar. Samningar, sem gilda fyrir samlög almennt eða tiltekinn flokk samlaga, eru þó að jafnaði gerðir af Tryggingastofnuninni fyrir hönd viðkomandi samlaga. Sé um að ræða héraðslækni, sem situr í kauptúni eða kaupstað, getur sjúkrasamlag á þeim stað með samþykki Tryggingastofnunarinnar krafizt þess, að hann taki að sér að gegna heimilislæknisstörfum gegn föstu gjaldi. Takist samningar ekki, ákveður heilbrigðisstjórnin greiðsluna með tilliti til gjaldskrárinnar eða gildandi samninga um heimilislæknisstörf á samsvarandi stöðum.

Náist ekki samkomulag, skal gerðardómur ákveða samningskjörin. Tilnefna samningsaðilar einn gerðarmann hvor, en Hæstiréttur skipar oddamann. Verði dómurinn ekki fullskipaður þannig, tilnefnir Hæstiréttur þá, sem vanta kann.

13. gr.

Síðasta málsgrein 45. greinar falli niður.

14. gr.

1. málsgrein 47. greinar falli niður.

Að öðru leyti orðist 47. greinin svo:

Í reglum, sem Tryggingastofnunin setur og ráðherra staðfestir, skulu sett nánari fyrirmæli um flutning manna á milli samlaga og um greiðslu sjúkrabóta, þegar svo stendur á. Má þar ákveða, að hinn tryggði skuli sjálfur bera kostnað sinn að nokkru eða öllu leyti, ef hann vanrækir að tilkynna lögheimilisbreytingu.

Í reglum settum á sama hátt, má og ákveða gagnkvæma þjónustu og aðstoð samlaganna hvers við annars meðlimi. Að svo miklu leyti sem slík gagnkvæm aðstoð verður ákveðin, fer um greiðslur til lækna, lyfjabúða og annarra, sem láta læknishjálp í té, eftir sömu reglum og um greiðslur fyrir eigin meðlimi samlagsins.

15. gr.

48. grein falli niður.

16. gr.

49. grein orðist svo:

Af kostnaði vegna sjúkrasamlaga greiðir ríkissjóður 90%, en sveitarsjóðir 10%. Framlagi sveitarsjóða skal Tryggingastofnunin jafna niður á sveitarfélög samlagssvæðisins í réttu hlutfalli við fjölda íbúa 16 ára og eldri miðað við síðasta manntal. Fyrir lok júlímánaðar ár hvert, skal Tryggingastofnun ríkisins hafa gert áætlun um útgjöld sjúkratryggingganna, þ. e. einstakra sjúkrasamlaga og sjúkratryggingadeildar Tryggingastofnunar ríkisins fyrir næsta almanaksár. Áætlunina skal þá þegar senda heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu til staðfestingar. Auk áætlaðra útgjalda má gera ráð fyrir tillagi til varasjóðs sjúkratryggingadeildar, allt að 2% af áætluðum útgjöldum.

Framlag ríkissjóðs til sjúkratryggingganna greiðist Tryggingastofnun ríkisins með jöfnum mánaðargreiðslum fyrir 10. hvers mánaðar. Tryggingastofnun ríkisins greiðir sjúkrasamlögunum af framlagi ríkissjóðs í samræmi við fjárhagsáætlun þegar tekið hefur verið tillit til hluta sveitarfélaga, sem sjúkrasamlögin innheimta sjálf.

Framlög sveitarfélaga greiðist til sjúkrasamlaganna ársfjórðungslega eftir á, miðað við fjárhagsáætlun.

17. gr.

50. gr. orðist svo:

Bætur samkvæmt lögum þessum teljast bætur greiddar í peningum og hjálp til sjúkra og slasaðra, sem veitt er á annan hátt.

Fjölskyldubætur skulu grreiddar án tillits til annarra bóta. Að öðru leyti getur enginn samtímis notið nema einnar tegundar greiddra bóta samkvæmt lögum þessum eða lögum um atvinnuleysistryggingar. Saman mega þó fara:

a. Bætur til ekkju eða ekkils samkvæmt a-lið 35. greinar og allar bætur aðrar en ekkjubætur samkvæmt 17. grein.
b. Barnalífeyrir, ekkjubætur samkvæmt 17. gr. og dagpeningar.
c. Barnalífeyrir, mæðralaun, ekkjubætur samkvæmt 17. gr. og dagpeningar vegna brottfalls tekna af vinnu utan heimilis. Enn fremur mega fara saman mæðralaun og örorkubætur eða ellilífeyrir.
d. Slysadagpeningar og elli- eða ekkjulífeyrir.
e. Örorkulífeyrir og bætur til ekkju eða ekkils samkvæmt 17. gr.
f. Aðrar bætur, ef svo er mælt fyrir í lögunum.

Ef maður á rétt á fleiri tegundum bóta en einni, sem ekki geta farið saman, má hann taka hærri eða hæstu bæturnar. Nú nýtur umsækjandi um dagpeninga annarra lægri bóta, sem veittar eru til langs tíma, og skulu þá dagpeningar nema mismuninum.

Sjúkrakostnað slysatrygginga vegna manns, sem einnig er tryggður í sjúkrasamlagi greiðir sjúkrasamlagið gegn endurgreiðslu frá slysatryggingum.

Ef elli-, örorku- eða ekkjulífeyrisþegi dvelst lengur en einn mánuð í stofnun, þar sem sjúkratryggingar greiða fyrir hann, fellur lífeyrir hans niður, ef vistin hefur verið lengri en 4 mánuðir undanfarandi 24 mánuði. Sé dvölin ekki greidd að fullu, er heimilt að greiða lífeyri, allt að því, sem á vantar. Ef hlutaðeigandi er algerlega tekjulaus, er Tryggingastofnuninni heimilt að greiða honum sjálfum allt að 25% lágmarksbóta.

18. gr.

63. grein falli niður.

19. gr.

Í fyrstu línu 65. greinar falli burtu orðin:
63. grein og.

20. gr.

66. grein orðist svo:

Iðgjöld til lífeyris- eða slysatrygginga skulu innheimt af innheimtumönnum ríkissjóðs og sveitarsjóða eða sérstökum innheimtustofnunum, sbr. þó ákvæði 1. málsgr. 64. gr. um iðgjöld af lögskráðum sjómönnum og ökumönnum bifreiða og ákvæði næstu málsgreinar hér á eftir. Ákvæði laga nr. 90 1965 þar á meðal um dráttarvexti og lögtaksrétt gilda um innheimtu iðgjalda, þ. á m. um framlag sveitarfélaga til sjúkrasamlaga.

Tryggingastofnun ríkisins innheimtir sjálf iðgjöld, sem ríkissjóði ber að greiða. Þá er stofnuninni heimilt að annast sjálf innheimtu iðgjalda tiltekinna ríkisstofnana, svo og annarra aðila, ef það þykir henta. Um gjald fyrir innheimtu iðgjalda til lífeyris- og slysatrygginga fer eftir launalögum eða samningum samkvæmt lögum nr. 68/1962.

21. gr.

67. grein falli niður.

22. gr.

68. grein falli niður.

23. gr.

69. grein falli niður.

24. gr.

Í stað orðanna „25. grein, 36. grein og 48. grein“ í fyrstu línu 70. greinar komi: 25. og 36. grein.

25. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

1. Sýslusamlög taka við hlutverki núverandi héraðs- og hreppasamlaga. Þar til formenn sýslusamlaga hafa verið skipaðir og nýjar stjórnir kosnar, hafa núverandi stjórnir héraðssamlaga stjórn sýslusamlaga með höndum.
2. Eignum eða skuldum héraðssamlaga, miðað við 1. jan. 1972, skal skipta á reikninga ríkis og sveitarfélaga innan umdæmisins eftir ákvæðum laga nr. 96/1971. Hluta sveitarfélaga skal skipta á sveitarfélög eftir íbúafjölda 16 ára og eldri, miðað við manntal 1. desember 1971. Inneignir aðila í héraðssamlagi, þannig reiknað, skulu færast þeim til eignar og reiknast upp í framlög af þeirra hálfu til reksturs sýslusamlagsins.

   Sýslusamlagið innheimtir skuldir skuldaraðila.

   Sýslusamlög taka við eignum og skuldum eignaraðila í hreppasamlögum hinn 1. janúar 1973, sbr. ákvæði um skiptingu eigna og skulda í lögum nr. 96/1971.

   Stjórnir hreppasamlaga starfa áfram, þar til reikningsskilum er lokið. Skulu þær greiða kröfur á hendur samlaginu, sem stofnað hefur verið til fyrir árslok 1972 og framvísað er fyrir 1. apríl 1973.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er samið af nefnd, sem heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra skipaði í ágúst 1971 til þess, „að endurskoða allt tryggingakerfið m. a. með það fyrir augum að greiðslur almannatrygginga til aldraðs fólks og öryrkja verði hækkaðar að því marki að þær nægi til framfæris þeim bótaþegum, sem ekki styðjast við aðrar tekjur".

Í nefndina voru skipuð:

Geir Gunnarsson, alþingismaður, formaður.
Adda Bára Sigfúsdóttir, veðurfræðingur.
Halldór S. Magnússon, viðskiptafræðingur.
Tómas Karlsson, ritstjóri.
Páll Sigurðsson, ráðuneytisstjóri.
Ritari nefndarinnar er Jón Ingimarsson, skrifstofustjóri.

Í febrúar 1972 var síðan tveim mönnum, þeim Oddi Ólafssyni, alþingismanni og Sigurði Ingimundarsyni, forstjóra Tryggingastofnunar ríkisins, bætt í nefndina.

Nefndin miðar tillögugerðir sínar við ákveðna áfanga. Þannig lagði hún haustið 1971 fram frumvarp, sem miðaði fyrst og fremst að tekjutryggingu fyrir aldraða og öryrkja, en jafnframt voru með bráðabirgðaákvæðum afnumdar beinar greiðslur einstaklinga til tryggingakerfisins.

Það frumvarp, sem nú er lagt fram, gegnir fyrst og fremst því hlutverki að afnema endanlega einstaklingsgreiðslur til lífeyris- og sjúkratrygginga, og greiðslur sveitarfélaga til lífeyristrygginga.

Í lögum nr. 96 1971 voru þessar greiðslur felldar niður vegna ársins 1972 og og því nauðsynlegt að ákveða með lögum fyrir árslok 1972 hversu fara skuli með þessar greiðslur framvegis.

Jafnhliða þeirri breytingu þótti eðlilegt að losa þau tengsl, sem binda umboð Tryggingastofnunarinnar utan Reykjavíkur við embætti sýslumanna og bæjarfógeta. Þar sem ekki verður lengur um neina innheimtu hjá einstaklingum að ræða er talið eðlilegra að sérstök umboð Tryggingastofnunarinnar sjálfrar annist samskipti við þá, sem tryggingalögum er ætlað að þjóna.

Þá er eins og í fyrra frumvarpi nefndarinnar gert ráð fyrir nokkrum minni háttar lagfæringum á heildarlöggjöfinni og einnig er gert ráð fyrir að ákvæði 37. gr. gildandi laga um sjúkrasamlög í sýslum og kaupstöðum komi að fullu til framkvæmda.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Rétt þykir að hafa orðalag þessa ákvæðis rýmra en í núgildandi lögum og fella alla heimildarsamninga við heilbrigðisstéttir inn í lögin.

Um 2. gr.

Þessi grein felur í sér þýðingarmikla skipulagsbreytingu á samskiptum Tryggingastofnunarinnar og þeirra, sem rétt eiga á greiðslum frá stofnuninni. Samkvæmt núgildandi lögum skulu sýslumenn og bæjarfógetar annast umboðsstörf fyrir Tryggingastofnunina, hver í sínu umdæmi. Hér er hins vegar gert ráð fyrir að settar verði á stofn umboðsskrifstofur um landið, eftir því sem þörf reynist verða. Sérstakir trúnaðarmenn verði auk þess tilnefndir í hverju því sveitarfélagi, þar sem ekki er starfandi umboðsskrifstofa.

Þessi breytta skipan stefnir að miklu nánari samskiptum fólksins í landinu við Tryggingastofnunina. Hún ætti að stuðla að betri þjónustu og aukinni þekkingu hvers og eins á rétti sínum.

Um 3. gr.

Mæðralaun er nú aðeins skylt eða heimilt að greiða einstæðum mæðrum eða fósturmæðrum. Hér er lagt til að heimildarákvæði verði lögfest um sambærilegar greiðslur til einstæðra feðra eða fósturfeðra.

Um 4. gr.

Í bráðabirgðaákvæði laga nr. 96 frá 27. desember 1971 var svo fyrir mælt að niður skyldi falla úr framlögum til almannatrygginga vegna ársins 1972 b. og c. liður 20. greinar, þ. e. a. s. hlutur hinna tryggðu og hlutur sveitarsjóða til lífeyristrygginga. Var þetta liður í breytingum á skattalögum og lögum um tekjustofna sveitarfélaga, sem gerðar voru á síðasta þingi.

Nú þarf því að fella þessi fyrrnefndu atriði úr lögum um almannatryggingar.

Um 5. og 6. gr.

Niðurfelling tilvitnaðra greina leiðir af niðurfellingu b. og c. liðar 20. greinar, sbr. athugasemdir við 4. grein hér að framan.

Um 7. gr.

Við fækkun og stækkun sjúkrasamlaga hækka verulega þær fjárupphæðir, sem reikningar samlaganna fjalla um. Ekki er talið eðlilegt annað en hin opinbera endurskoðun, ríkisendurskoðunin, hafi reikningslegt eftirlit með fjárreiðum samlaganna.

Um 8. gr.

Þar eð felld er niður innheimta iðgjalda hjá hinum tryggðu, er núgildandi 40. grein að verulegu leyti úrelt. Hér er því slegið föstu að allir landsmenn séu tryggðir í sjúkrasamlagi án sérstakrar iðgjaldagreiðslu fyrir hvern og einn. Hins vegar er talið nauðsynlegt, að gefin séu út réttindaskírteini til hvers samlagsmanns.

Um 9. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 10. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 11. gr.

Í þessari grein felst engin efnisbreyting frá núgildandi lögum. Leiðrétt er misræmi varðandi aldursviðmiðun, sem varð við setningu laga nr. 96/1971. Þá eru bótafjárhæðir greinarinnar greindar með núgildandi tölum.

Um 12. gr.

Hér eru gerðar smávægilegar orðalagsbreytingar á upphafi 1. mgr. 45. greinar og er þar þýðingarmest, að nú er einnig vitnað í 43. grein laganna.

Úr 2. mgr. 45. greinar eru svo felld öll atriði, sem snerta iðgjöld hinna tryggðu, samkvæmt þeirri skipulagsbreytingu, sem hér er lögð til.

Um 13. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 14. gr.

Hér er meginbreytingin sú, að tilkynning um lögheimilisbreytingu, skv. lögum um þjóðskrá, er látin gilda sem flutningur manna milli samlaga. Þetta leiðir beint af upphafi 8. greinar þessa frv.

Að öðru leyti þarfnast greinin ekki skýringa.

Um 15. gr.

Vísað er til skýringa við 16. grein.

Um 16. gr.

Í bráðabirgðaákvæði laga nr. 96/1971 var svo fyrir mælt, að niður skyldi fella árið 1972 iðgjöld hinna tryggðu til sjúkratrygginga. Jafnframt var ákveðið að sérstakt framlag sveitarsjóða til sjúkratrygginga samkvæmt 3. mgr. 49. greinar skyldi árið 1972 vera 9.77% af tilföllnum gjöldum sjúkrasamlags. Af þessu leiddi að ríkissjóður greiddi 90.23% sömu gjalda.

Hér er svipaðri skiptingu komið á milli ríkissjóðs og sveitarsjóða í samræmi við breytingar skattalaga og laga um tekjustofna sveitarfélaga.

Að öðru leyti þarfnast greinin ekki skýringa.

Um 17. gr.

Breytingar þær, sem í grein þessari felast, eru þær að aftan við núgildandi c. lið er bætt orðunum „eða ellilífeyrir“. E-liður er nýtt ákvæði en eldri e-liður verður f-liður.

Þá er úr síðustu málsgrein 50. greinar felld setningin, sem byrjar á orðunum „Falli niður“ og endar á „dvalarkostnað hans“.

Um 18. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa en vísað er til athugasemda við 5. grein hér að framan.

Um 19. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 20. gr.

Meginbreytingin samkvæmt þessari grein er sú, að felld eru niður ákvæði 66. greinar um innheimtu sjúkrasamlagsiðgjalda hinna tryggðu. Að öðru leyti er aðeins um orðalagsbreytingar að ræða.

Um 21.—23. gr.

Með afnámi iðgjaldagreiðslu einstaklinga til sjúkrasamlaga verða 67.—69. greinar laganna óþarfar og eiga að falla niður.

Um 24. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um bráðabirgðaákvæði.

1. Reikna verður með að nokkurn tíma taki að koma breytingum þessum á. Því er nauðsynlegt að kveða á um stjórnun samlaga, meðan á þessu stendur.

2. Með bráðabirgðaákvæðum laga nr. 96/1971 var sagt fyrir, hvernig uppgjöri reikninga samlaganna, miðað við 1. janúar 1972, skyldi hagað. Hér eru þessi ákvæði tekin upp aftur með nánari skýringum, m. a. að því er varðar skiptingu milli sveitarsjóða innan sama samlagssvæðis.

Ed. 116. Nefndarálit [23. mál]

um frv. til laga um framkvæmd eignarnáms.

Frá allsherjarnefnd.

Frv. þetta hefur nefndin rætt á nokkrum fundum. Leitað var umsagna þriggja aðila: Búnaðarfélags Íslands, Sambands ísl. sveitarfélaga og Hús- og landeigendasambands Íslands.

Tveir hinir fyrstnefndu skiluðu umsögnum og mæltu með samþykkt frv.

Í umsögn Sambands ísl. sveitarfélaga kom fram, „að stjórn þess leggi áherzlu á, að lokið verði sem fyrst endurskoðun lagaákvæða þeirra, sem þáltill. frá 22. 4. '70 gerði ráð fyrir". Hér er átt við, að lögfestar verði vissar meginreglur, sem geti orðið til leiðbeiningar við ákvörðun eignarnámsbóta.

Nefndin samþykkti einróma að mæla með samþykkt frv.

Alþingi, 27. nóv. 1972.

Björn Fr. Björnsson, form., frsm.	Geir Gunnarsson, fundaskr.	Ásgeir Bjarnason.
Eggert G. Þorsteinsson.	Magnús Jónsson.	Halldór Kristjánsson.
	Oddur Ólafsson.	

Ed. 117. Frumvarp til laga [2. mál]

um Fósturskóla Íslands.

(Eftir 2. umr. í Ed., 27. nóv.)

Samhljóða þskj. 2 með þessum breytingum:

2. gr. hljóðar svo:

Hlutverk skólans er að mennta fólk til uppeldisstarfa á hvers konar uppeldisstofnunum fyrir börn frá fæðingu til 7 ára aldurs, svo sem vöggustofum, dagheimilum, vistheimilum, leikskólum, forskólabekkjum barnaskóla og leikvöllum. Heimilt er að fela Fósturskóla Íslands að mennta fólk til starfa á skóladagheimilum.

5. gr. hljóðar svo:

Skólinn skal annast endurmenntun og viðbótarmenntun starfsfólks á þeim uppeldissviðum, sem starfsemi skólans tekur til, með skipulegri fræðslu, námskeiðum og kynningu á markverðum nýjungum í uppeldismálum. Jafnframt skal skólinn, svo fljótt sem því verður við komið, annast menntun fólks, er sé til aðstoðar fóstrum. Um námstíma og starfssvið skal kveða nánar á í reglugerð.

6. gr. hljóðar svo:

Fósturskólinn skal hafa náið samband við Kennaraháskóla Íslands, m. a. um framhaldsmenntun fóstra. Skal kveða nánar á um það og tengsl milli skólanna í reglugerð.

7. gr. hljóðar svo:
Menntamálaráðuneytið fer með yfirstjórn Fósturskóla Íslands.
Við skólann skal vera skólanefnd, sem menntamálaráðuneytið skipar til 4 ára í senn, og starfar hún samkv. erindisbréfi, er ráðuneytið setur. Formaður er skipaður án tilnefningar, einn nefndarmaður er skipaður samkvæmt tilnefningu Fóstrufélags Íslands og annar samkvæmt tilnefningu Barnavinafélagsins Sumargjafar, meðan það fer með stjórn barnaheimila í Reykjavík í umboði borgarstjórnar. Ef rekstur barnaheimila í Reykjavík verður falinn borgarstofnunum, skal einn skólanefndarmaður skipaður samkvæmt tilnefningu borgarráðs Reykjavíkur.
Við Fósturskóla Íslands skal vera skólaráð skólastjóra til aðstoðar um stjórn skólans og rekstur. Skólastjóri skal vera formaður þess, en auk hans sitja í ráðinu tveir kennarar skólans og tveir fulltrúar nemenda, kosnir til eins árs í senn.
Ákveða skal nánar í reglugerð um starfssvið skólanefndar og skólaráðs.

8. gr. hljóðar svo:
Við Fósturskólann skal starfa nemendaráð, sem sé skólastjóra til aðstoðar í málefnum nemenda. Nemendaráð kýs fulltrúa í skólaráð, sbr. 7. gr., með þeim réttindum, sem tiltekin eru í ákvæðum reglugerðar. Nemendur setja reglur um skipan, starfssvið og starfshætti nemendaráðs, og skulu þær háðar samþykki skólaráðs og staðfestingu yfirstjórnar skólans.

10. gr. hljóðar svo:
Inntökuskilyrði í Fósturskólann eru þessi:
1. Stúdentspróf, kennarapróf frá Kennaraskóla Íslands eða gagnfræðapróf að viðbættu tveggja ára námi í framhaldsdeild gagnfræðaskóla eða að viðbættu tveggja ára námi í öðrum skólum, t. d. verzlunarskóla, lýðháskóla eða húsmæðraskóla.
2. Heimilt er að veita umsækjendum skólavist, þótt þeir fullnægi ekki menntunarkröfum 1. töluliðar, með hliðsjón af hæfniprófum eða öðrum tiltækum matsaðferðum og að nokkru með tilliti til starfsreynslu á þeim stofnunum, sem skólinn menntar starfslið til.
3. Nemandi skal eigi vera yngri en 18 ára.
4. Nemandi skal eigi vera haldinn neinum andlegum eða líkamlegum kvilla eða annmarka, er hamli honum í námi eða starfi að dómi skólanefndar.

Ákveða má í reglugerð lágmarkseinkunn í íslenzku eða fleiri greinum í sambandi við inntöku nemenda í skólann.
Enn fremur má ákveða í reglugerð að láta alla nemendur ganga undir hæfnipróf eða persónuleikapróf.

Nd. 118. Frumvarp til laga [96. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Grýtubakkahreppi jörðina Grenivík, eyðibýlið Svæði og nýbýlið Höfðabrekku.

Flm.: Gísli Guðmundsson, Lárus Jónsson, Stefán Valgeirsson, Ingvar Gíslason.

1. gr.
Ríkisstjórninni er heimilt að selja Grýtubakkahreppi í Suður-Þingeyjarsýslu jarðirnar Grenivík (að undanteknum 7 ha., sem eru eign hafnarsjóðs), Svæði og Höfðabrekku í sama hreppi.
Náist ekki samkomulag um söluverð jarðanna, skal það metið af dómkvöddum mönnum.

2. gr.
Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt samkvæmt ósk hreppsnefndar Grýtubakkahrepps, og er ástæðan sú, að á jörðinni Grenivík hefur byggzt upp sjávarþorp, sem nú fer vaxandi, enda hefur þar nú nýlega verið gerð höfn og byggt frystihús, en nokkur útgerð hefur lengi verið á þessum stað, þótt hafnarskilyrði hafi lengst af verið slæm, en þar hefur nú verið ráðin veruleg bót á.

Eyðijörðin Svæði, sem er landlítil, liggur að Grenivík. Þar var byggt á leigulandi nýbýlið Höfðabrekka (20 dagsl.) og nokkrar lóðir leigðar. Ekki er talið líklegt, að hlutaðeigandi leigjendur muni hafa neitt á móti þeim eigendaskipum, sem hér er gert ráð fyrir.

Frv. er flutt í samráði við þingmenn Norðurlandskjördæmis eystra í efri deild.

Ed. 119. Frumvarp til laga [4. mál]

um Stýrimannaskólann í Vestmannaeyjum.

(Eftir 2. umr. í Ed., 27. nóv.)

Samhljóða þskj. 4 með þessum breytingum:

4. gr. hljóðar svo:

Í skólanum skal kenna: stærðfræði, siglingafræði, þar með talin kennsla í notkun siglinga- og fiskileitartækja, íslenzku, ensku, dönsku, eðlisfræði, rafmagnsfræði, vélfræði, sjórétt, landa- og veðurfræði, heilsufræði, bókhald, viðskiptafræði, sjómennsku og íþróttir, einkum sund. Þá skal leitast við að veita nemendum fiskimannadeildar fræðslu um fiskverkun og annað, er lýtur að meðferð og geymslu fisks um borð í skipum.

Heimilt er að bæta við námsgreinum, ef þörf þykir. Kennslumagn í hverri grein skal ákveðið í reglugerð.

7. gr. hljóðar svo:

Próf skulu haldin í lok kennslutímabils hvors stigs eða ef henta þykir í einstökum greinum í lok hvers námsáfanga (annar), og skulu gefin út prófstkírteini fyrir hvort stig. Prófskírteini við próf 2. stigs skulu gefin út á íslenzku, ensku og dönsku.

9. gr. hljóðar svo:

Vilji maður ganga undir próf, án þess að hafa stundað nám við skólann, skal hann senda menntamálaráðuneytinu beiðni um það eigi síðar en tveimur mánuðum áður en próf hefst, og skal fylgja beiðninni vottorð um, að umsækjandi fullnægi kröfum þeim, er um getur í 1.—5. lið 5. gr. þessara laga, og vottorð um þann undirbúning, er hann hefur fengið.

Heimilt skal skólastjóra að veita manni leyfi til að ganga undir inntökupróf, þótt hann hafi ekki stundað nám í undirbúningsdeild, sbr. 5. gr.

Nd. 120. Frumvarp til laga [97. mál]

um Húsafriðunarsjóð.

Flm.: Ingvar Gíslason, Þórarinn Þórarinsson.

1. gr.

Stofna skal sjóð, er nefnist Húsafriðunarsjóður.

Hlutverk hans er að styrkja með fjárframlögum friðun, viðhald og endurbætur húsa, húshluta og annarra mannvirkja, sem hafa menningarsögulegt eða listrænt

gildi. Heimilt er að verja allt að 10% af árlegu ráðstöfunarfé sjóðsins til upplýsinga- og kynningarstarfsemi í þágu byggingaverndarmála.

2. gr.

Tekjur Húsafriðunarsjóðs eru:

1. Árlegt framlag ríkissjóðs.
2. Árlegt framlag sveitarfélaga.
3. Aðrar tekjur.

Framlög ríkissjóðs skal miða við, að þau nemi á ári hverju 20 kr. á hvern íbúa landsins. Framlög sveitarfélaga skal ákveða svo, að þau nemi 20 kr. á hvern íbúa hlutaðeigandi sveitarfélags.

3. gr.

Ráðherra skipar stjórn sjóðsins. Í henni eiga sæti þrír menn:

a. Þjóðminjavörður, sem jafnframt er formaður,
b. fulltrúi tilnefndur af Sambandi ísl. sveitarfélaga,
c. fulltrúi skipaður án tilnefningar.

Stjórnin hefur fyrirsvar sjóðsins út á við og inn á við, annast fjárreiður hans og ákveður styrki úr honum í samræmi við ákvæði 1. gr.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Eins og fram kemur í 1. gr. þessa frv., er hlutverk Húsafriðunarsjóðs hugsað svo, að sjóðurinn styrki friðun, viðhald og endurbætur húsa og annarra mannvirkja, sem hafa menningarsögulegt eða listrænt gildi. Einnig er svo fyrir mælt, að heimilt sé að veita fé úr sjóðnum að tilteknu marki (10% af ráðstöfunarfé) til upplýsinga- og kynningarstarfsemi í þágu byggingaverndarmála. Í 2. gr. frv. er gert ráð fyrir, að árlegar tekjur sjóðsins yrðu eigi minni en 8 millj. kr. á ári. Ef frumvarp þetta næði fram að ganga, væri stigið stórt spor fram á við í afar mikilvægu menningarmáli. Það mundi gerbreyta aðstöðu allri að því er varðar raunhæfar aðgerðir í húsafriðunarmálum. Til þess ber brýna nauðsyn.

Um land allt, næstum að segja í hverri sveit, er að finna byggingarsöguleg verðmæti, sem gætu orðið skjótri eyðingu að bráð, ef ekki er að gert í tæka tíð. Áhugamannastarf á þessu sviði og skyldurækni embættismanna, sem fjalla um þessi mál, megna ekki, eins og nú háttar, að koma í veg fyrir þessa hættu.

Ráðamenn ríkis og sveitarfélaga þurfa að gefa þessum málum meiri gaum, og mest mundi um það muna, ef fjárveitingar til húsafriðunar og annarra byggingaverndarmála ykjust. Flutningsmenn þessa frv. telja æskilegast, að ríki og sveitarfélög sameinist um sjóðsstofnun í þessu skyni og eigi fulltrúa í stjórn hans undir formennsku þjóðminjavarðar.

Skylt er að geta þess, að á undanförnum áratugum hefur á ýmsan hátt verið unnið mikilsvert starf á sviði húsafriðunar og byggingaverndar. Þar hefur notið áhuga og skilnings margra einstaklinga, embættismanna og menningarfélaga. Fjárveitingavaldið hefur veitt þessum málum nokkurt lið. Svo er einnig um ýmis bæjar- og sveitarfélög. Árangur þessa starfs er síður en svo ómerkur, þótt enn standi flest til bóta. Okkur er skylt að meta brautryðjendastarfið að verðleikum. Fremsti fræðimaður okkar í sögu íslenzkrar byggingalistar, Hörður Ágústsson, listmálari og skólastjóri Myndlista- og handíðaskóla Íslands, hefur látið svo um mælt, að Matthías heitinn Þórðarson þjóðminjavörður muni vera „fyrsti Íslendingurinn, sem gerir sér grein fyrir varðveizlugildi fornra húsa hér um slóðir, og fyrstur manna til þess að láta hendur standa fram úr ermum í þeim efnum“. Hann beitti sér fyrir viðgerð Bessastaðakirkju 1921, Hóladómkirkju 1924, vann að því, að Víðimýrarkirkja var

byggð upp 1936, stuðlaði að friðun Keldnabæjar á Rangárvöllum 1937 og keypti fyrir Þjóðminjasafnið bænahúsið í Gröf á Höfðaströnd, sem síðar var gert upp sem nýtt væri. Eftirmaður hans í starfi þjóðminjavarðar, dr. Kristján Eldjárn, hélt myndarlega upp merki fyrirrennara síns í húsafriðunarmálum. Í hans tíð var unnið að friðun og endurbyggingu margra merkra húsa og mannvirkja, sem talin eru þjóðardýrgripir. Skal hér m. a. minnzt á vöruskemmuna á Hofsósi, sem margir telja elzta uppistandandi hús á Íslandi, byggt 1735, Laufásbæ við Eyjafjörð, bænhús á Núpsstað, Saurbæjarkirkju í Eyjafirði, klukknaportið á Möðruvöllum í Eyjafirði, Viðeyjarkirkju, hús Bjarna riddara í Hafnarfirði, Kirkjuhvammskirkju, Krýsuvíkurkirkju, Gömlubúð á Eskifirði o. fl. Núverandi þjóðminjavörður, Þór Magnússon, sem gegnt hefur embætti 4 síðustu ár, er mikill áhugamaður um byggingaverndarmál, og undir hans forsjá er unnið að friðun, varðveizlu og endurbyggingu gamalla húsa víða um land. Þess má sérstaklega geta, að ýmsir söfnuðir hafa látið gera við kirkjur sínar undir umsjá þjóðminjavarðar, og hefur Alþingi þá lagt fram fé að nokkru. Má í því sambandi nefna Búrfellskirkju í Grímsnesi, Hvammskirkju í Norðurárdal, Kirkjuvogskirkju í Höfnum og Auðkúlukirkju.

Ýmsar húsleifar hafa verið friðaðar á undanförnum árum: Fjárborgir á Reykjanesskaga, verbúðir og sjóhús á Gufuskálum, Breiðuvík og Selatöngum. Þess er að geta, að nokkur hús í landinu hafa verið viðgerð og endurnýjuð svo, að þau eru í fullu notagildi og auka hugblæ umhverfis síns af þeim sökum. Má þar til nefna forsetasetrið á Bessastöðum, Höfða í Reykjavík, Landshöfðingjahús við Skálholtsstíg og „Húsið“ á Eyrarbakka.

Sigurhæðir á Akureyri, hús Matthíasar Jochumssonar, varðveitir Matthíasarfélagið þar í bæ, og Zontaklúbbur Akureyrar hefur staðið fyrir endurnýjun „Nonnahúss“ við Aðalstræti. Alþingi hefur um nokkurra ára skeið lagt fé til varðveizlu þessum sögufrægu og fallegu húsum. Þess er að geta, að Minjasafnið á Akureyri beittist fyrir flutningi Svalbarðskirkju til Akureyrar. Hefur kirkjan verið sett niður á gamla kirkjugrunninum við Aðalstræti, og er unnið að viðgerð hennar.

Þórður Tómasson, safnvörður í Skógum undir Eyjafjöllum, hefur endurbyggt skemmu og baðstofu í Byggðasafninu í Skógum. — Fleiri dæmi um framtak í byggingaverndarmálum um byggðir landsins mætti vafalaust nefna.

Reykjavíkurborg hefur staðið myndarlega að byggingavernd, fyrst og fremst með stofnun Árbæjarsafns 1957. Þá er þess að geta, að Reykjavíkurborg stóð fyrir því, að sérfræðingar framkvæmdu húsakönnun á borgarlandinu með tilliti til varðveizlugildis húsa. Sams konar könnun hefur Akureyrarbær látið gera í sambandi við gerð aðalskipulags.

Í þjóðminjalögum frá 1969 er ítarlegur kafli um húsafriðun. Samkv. lögunum starfar sérstök húsafriðunarnefnd, sem ráðgefandi um byggingaverndarmál. Húsafriðunarnefnd hefur nú starfað u. þ. b. 3 ár og látið frá sér fara ýmsar tillögur um friðun húsa. Af tillögum hennar hafa tvær verið teknar til greina að svo komnu máli: Friðun vöruskemmu í Ólafsvík og „Norska húss“ í Stykkishólmi. Er unnið að viðgerð hins síðarnefnda. Aðrar tillögur nefndarinnar, sem flm. er kunnugt um varðandi friðun húsa, eru: Friðun Alþingishúss, dómkirkjunnar í Reykjavík, Menntaskólans (með Íþöku) í Reykjavík, Stjórnarráðshúss, Safnahúss í Reykjavík, Bernhöftstorfu í Reykjavík, „Hússins“ á Eyrarbakka og hegningarhúss við Skólavörðustíg.

Húsafriðun eða byggingavernd, sem einnig mætti svo nefna, er merkur þáttur í menningarmálum hverrar þjóðar. Byggingalistin er mikilvægur hluti þjóðlegs menningarstarfs, sem hverri menntaþjóð er skylt að rækja. Undan þeirri skyldu geta Íslendingar ekki vikizt fremur en aðrar menningarþjóðir. Víst er og, að saga íslenzkrar byggingalistar er heillandi viðfangsefni og óhjákvæmilegur þáttur almennrar þjóðarsögu. Híbýli og hvers kyns hús og mannvirki eru snar þáttur í mannlegu samfélagi, og varla getur það leynzt nokkrum manni, að hús og mannvirki eru óhjákvæmilegur hluti mannlegs umhverfis. Margir líta því á byggingavernd sem hluta af umhverfismálum — hluta af umhverfisverndinni.

Byggingaverndarhreyfingin.

Á undanförnum árum hefur smám saman verið að myndazt evrópsk áhugamannahreyfing um verndun og viðhald fornra og sögufrægra mannvirkja. Þessi hreyfing hefur á síðustu mánuðum tekið á sig fastari mynd og fengið mótað skipulag, eftir að ráðherranefnd Evrópuráðs, að tillögu Ráðgjafarþings þess, ákvað, að efnt skuli til sameiginlegrar upplýsinga- og kynningarherferðar í byggingaverndarmálum í Evrópulöndum næstu 3 ár. Er ráðgert, að herferðin nái hámarki árið 1975 og nefnist það „byggingaverndarárið", sbr. náttúruverndarárið 1970.

Ekki er áhorfsmál, að Íslendingum ber að taka fullan þátt í þessu samstarfi. Með tilliti til þess samstarfs og kostnaðar, sem af því kann að leiða, er það ákvæði í 1. gr. þessa frv., að heimilt sé að verja 10% af ráðstöfunarfé sjóðsins til upplýsinga- og kynningarstarfsemi í þágu byggingaverndarmála.

Ed. 121. Breytingartillaga [29. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum um rannsóknir í þágu atvinnuveganna, nr. 64/1965.

Frá Þorv. Garðari Kristjánssyni.

Við 1. gr. Ný málsgrein bætist við og verði 1. mgr., svo hljóðandi:

Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins skal starfrækja rannsóknarstofu í Vestmannaeyjum og á Ísafirði.

Sþ. 122. Tillaga til þingsályktunar [98. mál]

um þyrluflug milli lands og Vestmannaeyja.

Flm.: Ingólfur Jónsson, Ágúst Þorvaldsson, Guðlaugur Gíslason, Björn Fr. Björnsson, Steinþór Gestsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hlutast til um, að þyrla verði fyrir hendi, sem geti flutt farþega milli lands og Vestmannaeyja, þegar ekki eru skilyrði til flugs með venjulegum áætlunarvélum.

Greinargerð.

Samgöngur milli lands og Vestmannaeyja hafa ávallt verið erfiðleikum bundnar. Síðan flugvöllur var gerður í Vestmannaeyjum, hefur verið flogið reglubundið til Eyja, eftir því sem veðurskilyrði hafa leyft. Eftir að þverbraut kom til nota á flugvellinum, hefur flugdögum fjölgað mikið og flugsamgöngur orðið tíðari og betri en áður. Er nú talið, að flugdagar séu um 280 á ári. Eru þá 85 dagar árlega, sem áætlunarflug leggst alveg niður. Suma daga er aðeins fært litla stund og því ekki unnt að fara nema eina ferða þá daga, þótt 2—3 ferðir séu í áætlun fyrir daginn.

Það er mjög bagalegt, þegar áætlunarflug fellur niður til Vestmannaeyja, vegna misvinda og annarra flugskilyrða. Í Vestmannaeyjum er erfitt að segja fyrir um, hvort flugveður verður seinni hluta dags, þótt öll skilyrði séu góð að morgni. Þess vegna geta farþegar, sem fljúga til Vestmannaeyja, aldrei verið öruggir um að komast á ákveðnum tíma flugleiðis til baka. Stundum fellur flug niður að vetrarlagi marga daga í röð vegna veðurs.

Flm. þessarar till. telja, að til mikilla bóta mætti verða, sérstaklega að vetrarlagi, að flytja flugfarþega með þyrlu yfir sundið milli lands og Vestmannaeyja. Þannig gætu

þeir, sem fljúga með þyrlu til eða frá Vestmannaeyjum, verið í sambandi við áætlunarbifreiðar Austurleiðar. Athuga þarf, hvort Landhelgisgæzlan gæti annazt þessa þjónustu, án þess að það gangi út yfir aðalstörf hennar. Einnig væri eðlilegt, að málið væri sérstaklega rætt við Flugfélag Íslands h/f, sem annast farþegaflug til og frá Vestmannaeyjum. Það er skoðun flm., að með þeim hætti, sem hér er bent á, megi gera ráðstafanir til þess, að flugsamgöngur til Vestmannaeyja falli mjög sjaldan niður.

Sþ. 123. Fyrirspurn [99. mál]

til sjávarútvegsráðherra um framkvæmd leyfisveitinga og annarra veiðitakmarkana í sjávarútvegi.

Frá Steingrími Hermannssyni.

Hvernig tekur sjávarútvegsráðuneytið ákvarðanir um leyfisveitingar, fjölda báta, veiðitíma, veiðimagn og aðrar takmarkanir á veiði? Einkum er óskað upplýsinga um eftirgreind atriði:

1. Er ávallt leitað umsagnar Hafrannsóknastofnunarinnar?
2. Er leitað umsagna annarra aðila?
3. Hefur ráðuneytið almennt farið eftir slíkum umsögnum, einkum Hafrannsóknastofnunarinnar?

Sþ. 124. Tillaga til þingsályktunar [100. mál]

um könnun á réttarstöðu tjónaþola vegna skaða af völdum flugumferðar í nágrenni flugvalla.

Flm.: Oddur Ólafsson, Ólafur G. Einarsson, Matthías Á. Mathiesen.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta kanna réttarstöðu sveitarfélaga, einstaklinga og fyrirtækja, sem eru í nágrenni flugvalla, gagnvart eigendum flugvéla, er slysum og tjóni valda, og lögfesta úrbætur, sé þess þörf.

Greinargerð.

Aukin flugumferð og stækkandi flugvélar valda vaxandi hættu á því, að stórfellt tjón á mannslífum og eignum verði, ef flugslys á sér stað í nágrenni flugvallar. Byggðakjarnar myndast gjarnan nokkra kílómetra frá stórum flugvöllum, og þar eð slys verða helzt við flugtak eða í lendingu, er þessum byggðasvæðum hætt við tjóni.

Enda þótt flugvélar séu ábyrgðartryggðar, gæti tjón orðið svo gífurlegt, að trygging nægði ekki til greiðslu á skaða, og þess vegna er nauðsynlegt, að sveitarfélög fái örugga vitneskju um það, hvert leita skuli í slíkum tilvikum.

Til lendingar í Keflavík og Reykjavík koma leiguflugvélar og einkaflugvélar, og er vafalaust oft lítið vitað um, hve öruggar tryggingar þeirra eru.

Vitað er, að nokkrum sinnum hefur legið nærri, að stórslys yrðu við Keflavíkurflugvöll, — slys, þar sem líklegt er, að mörg hús hefði eyðilagzt og menn á jörðu niðri farizt. Eðlilegt virðist, að rekstraraðili flugvalla veiti nálægum sveitarfélögum tryggingu fyrir fullum bótum vegna tjóna, er flugvélar, sem þeir heimila umferð, valda innan sveitarfélagsins, enn fremur, að veittar séu upplýsingar um hjálpar- og björgunarmöguleika í slíkum tilvikum.

Nd. 125. Nefndarálit [75. mál]

um frv. til laga um innheimtu ýmissa gjalda með viðauka.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og leggur til, að það verði samþykkt óbreytt. Matthías Á. Mathiesen og Þórarinn Þórarinsson voru fjarstaddir, þegar málið var afgreitt.

Alþingi, 29. nóv. 1972.

Vilhjálmur Hjálmarsson, form., frsm. Gils Guðmundsson, fundaskr. Gylfi Þ. Gíslason.
Karvel Pálmason. Matthías Bjarnason.

Sþ. 126. Tillaga til þingsályktunar [101. mál]

um fiskeldi í sjó.

Flm.: Sverrir Hermannsson, Matthías Bjarnason, Pétur Sigurðsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að veita Fiskifélagi Íslands nauðsynlegan fjáhagslegan stuðning til þess að:

1. Hafa sérmenntaða menn á sviði fiskeldis í þjónustu sinni.
2. Láta fara fram tilraunir með eldi fisks í sjó á þeim stöðum við landið, sem vænlegt er talið.
3. Kynna sér sams konar starfsemi erlendis og hagnýta þá þekkingu við íslenzkar aðstæður.

Greinargerð.

Á undanförnum árum hefur mikið verið rætt og ritað um fiskrækt í fjörðum og sjávarlónum sem nýja og upprennandi atvinnugrein. Þá hafa verið lagðar fram á Alþingi þingsályktunartillögur um þessi mál og aðallega rætt um lokun fjarða og sjávarlóna, þar sem fiskrækt skyldi síðan hafin í stórum stíl. Þessi almenni áhugi á fiskrækt í sjó varð til þess, að fiskimálastjóri þáði boð brezku fiskimálastofnunarinnar um að skoða fiskeldisstöðvar stofnunarinnar í Ardtoe á vesturströnd Skotlands og í Hunterston við Clydefjörð. Brezka fiskimálastofnunin hefur um árabil starfað að tilraunum og rannsóknum á þessu sviði.

Í beinu framhaldi af þessu fékk Fiskifélag Íslands Gordon Eddie, tæknilegan forstjóra brezku fiskimálastofnunarinnar, til að flytja erindi hér á landi um þessi mál (sjá sérprentun Ægis, 22. tbl. 1970). Hin brezka stofnun lofaði aðstoð við Íslendinga í þessum málum og bauðst meðal annars til að taka á móti Íslendingum til fræðslu. Þar sem stjórn Fiskifélagsins hafði fyrir sitt leyti ákveðið að beita sér fyrir tilraunum hér á landi með klak og eldi sjávarfiska og sótt um styrk til Alþingis í því skyni, var ákveðið að þiggja þetta boð. Ingimar Jóhannsson vatnalíffræðingur kynnti sér starfsemi brezku stofnunarinnar og dvaldist þar um tveggja mánaða skeið. Fullyrða má, að árangur af tilraunastarfsemi Breta er mjög athyglisverður og full ástæða til að fylgjast með framförum á þessu sviði, enda ýmsar þjóðir þegar farnar að hagnýta sér árangur af tilraunum þeirra.

Enn sem komið er eru þessar tilraunir þó ekki komnar á það stig, að eldi þessara fisktegunda, þ. e. a. s. kola og sandhverfu, séu fjárhagslega arðbærar, en allt stefnir þó í rétta átt.

Þá hefur Ingimar dvalizt á Norðurlöndum um nokkurra mánaða skeið á vegum Fiskifélagsins og kynnt sér fiskrækt í söltu vatni. Er hér um að ræða ræktun laxfiska í sjó, og hefur Norðmönnum orðið mjög ágengt í þeim efnum. Segja má, að ræktun laxfiska sé orðin atvinnugrein í Noregi, og víðtækar tilraunir hafa verið gerðar á þessu sviði í Bandaríkjunum og víðar. Þá rækta Japanir mikið magn af ýmsum fisktegundum, og hefur fiskeldi í sjó tekið mjög örum framförum þar í landi og er þar stór atvinnugrein.

Það er því full ástæða til, að hafizt verði handa í þessum efnum hérlendis, þar sem eldi laxfiska og fleiri fisktegunda í sjó gæti ef til vill orðið arðbær atvinnuvegur á Íslandi. Nú þegar eru hafnar tilraunir á þessu sviði í Hvalfirði. Um mánaðamótin júní/júlí 1972 var um 5000 laxaseiðum sleppt í flotkví við Hvammsey í Hvalfirði. Þar hafa seiðin síðan verið alin á þurrfóðri, framleiddu í Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins af dr. Jónasi Bjarnasyni.

Segja má, að enn sem komið er hafi tilraun þessi tekizt vel, fiskurinn dafnað vel og afföll lítil. Stærstu fiskarnir eru nú 400—500 grömm, en meðalþungi 300 g. Má geta þess, að í upphafi var þungi seiðanna aðeins 25 g, þannig að þarna er um verulega þyngdaraukningu að ræða og fyllilega sambærilega við þær tilraunir, sem gerðar hafa verið í þessum efnum í Noregi.

Áætlað er, að tilraunin haldi áfram í um það bil ár til viðbótar, en þá má búast við, að fiskurinn hafi náð söluhæfri stærð eða um 3—4 kílóa þunga.

Það, sem fyrst og fremst liggur fyrir að gera í þessum efnum, er:

a) Tilraunir þær, sem hafnar eru, geti haldið áfram og verði auknar, þar sem reynsla fengin þaðan gæti síðar orðið dýrmæt.
b) Að kanna og kortleggja heppilega staði umhverfis landið fyrir fiskeldi í sjó. Gerðar verði ýmsar frumathuganir, svo sem hita- og seltumælingar, sem ná yfir langt tímabil, og aðrar athuganir, sem að gagni mættu koma.
c) Að unnt verði að halda uppi leiðbeininga- og upplýsingamiðlun.

Fyrir því er tillaga þessi flutt.

Sþ. 127. Tillaga til þingsályktunar [102. mál]

um greiðslu ríkisframlaga samkvæmt jarðræktarlögum.

Flm.: Pálmi Jónsson, Steinþór Gestsson, Halldór Blöndal.

Alþingi ályktar, að stefnt skuli að því, að ríkisframlög samkvæmt II. kafla jarðræktarlaga verði greidd út á framkvæmdaári. Þessu marki verði náð í áföngum, svo fljótt sem verða má, en þó eigi minna á næsta ári en sem svarar 20% af þeirri fjárhæð, sem ella kæmi til útborgunar árið 1974.

Greinargerð.

Sú regla hefur gilt, að ríkisframlög samkvæmt II. kafla jarðræktarlaga hafa verið greidd út af Búnaðarfélagi Íslands ári síðar en framkvæmdir hafa verið unnar og úttekt farið fram. Þetta veldur því, að bændur og verktakar við jarðræktarframkvæmdir, sem oftast eru ræktunarsambönd bændanna sjálfra, verða að taka á sig í bili að standa straum af þeim fjárgreiðslum, sem ríkinu er skylt að leggja til þessara framkvæmda lögum samkvæmt. Er augljóst, að af þessu stafar vaxtakostnaður og annað óhagræði fyrir bændur, auk þess sem hér er um úrelt fyrirkomulag að ræða. Á flestum öðrum sviðum er meginreglan sú, að ríkið greiðir framlög sín jafnóðum og verk er unnið.

Nokkur framlög til ræktunarframkvæmda hafa um skeið verið greidd út af landnámi ríkisins, samkv. lögum um Stofnlánadeild landbúnaðarins o. fl., og hafa

þau framlög yfirleitt verið greidd út um leið og úttekt hefur farið fram, þ. e. á sama ári og verk er unnið. Á fjárlögum 1972 er gert ráð fyrir að Landnám ríkisins hafi til ráðstöfunar 22.8 millj. kr. sem framlög út á ræktunarframkvæmdir. Framlög samkv. II. kafla jarðræktarlaga eru á sömu fjárlögum áætluð 122.6 millj. kr., og er því hlutdeild þess fjár, sem greitt hefur verið út á framkvæmdaári, í þessum fjárhæðum samanlögðum tæplega 16%.

Við þær breytingar, sem gerðar voru á jarðræktarlögunum á síðasta Alþingi, voru þau framlög, sem til þessa hafa verið greidd út af Landnámi ríkisins, samkv. lögum um Stofnlánadeild landbúnaðarins o. fl., felld inn í jarðræktarlögin.

Þeirri breytingu fylgir, að ef um óbreytta skipan á greiðslu jarðræktarframlaganna verður að ræða, er stigið skref aftur á bak á þann veg, að ca. 16% þeirra greiðast ári síðar til bænda en verið hefur til þessa. Það er því sérstakt tilefni til að taka þetta mál upp nú.

Í tillögu þessari er gert ráð fyrir, að því marki verði náð í áföngum, svo fljótt sem verða má, að framlög þessi verði öll greidd út á framkvæmdaári, þ. e. því ári, sem úttekt fer fram. Þó verði eigi minna skref stigið nú en svo, að greiðsla á 20% framlaganna komist í þetta horf á næsta ári. Til þess að svo megi verða, þarf að gera ráð fyrir því fjármagni, sem til þarf, á fjárlögum. Tillagan er þó að mati flm. mjög hófsamleg, enda farið fram á litlu meira fé í fyrsta áfanga en þurft hefði, ef hluti framlaganna yrði sem fyrr í höndum Landnáms ríkisins.

Rétt er að vekja athygli á því, að með tillögu þessari er ekki farið fram á aukið fjármagn, heldur tilfærslu á fé milli ára, þannig að framlögin komi smám saman ári fyrr til útborgunar en nú gerist. Tilefnið er og sérstakt nú, sem fyrr segir, vegna lagabreytinga á s. l. vori, sem hvort tveggja hafa í för með sér, að auðveldara er að hverfa að þeirri skipan, sem tillagan gerir ráð fyrir, um leið og það er sjálfsagðara til þess að koma í veg fyrir, að stigið verði skref til baka bændum til óhags.

Nd. 128. Nefndarálit [32. mál]

um frv. til laga um skipulag á löndun á loðnu til bræðslu.

Frá meiri hl. sjávarútvegsnefndar.

Nefndin hefur athugað frv. Umsagnir bárust frá eftirtöldum aðilum: Sjómannasambandi Íslands, Síldverksmiðjum ríkisins, Landssambandi ísl. útvegsmanna, Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands og Félagi ísl. fiskimjölsverksmiðjueigenda.

Umsagnir ofangreindra aðila voru allar á þá lund að mæla með samþykkt frumvarpsins.

Guðlaugur Gíslason mun skila séráliti, en meiri hluti nefndarinnar, sem ritar undir nefndarálitið, leggur til, að frumv. verði samþykkt með þessum

BREYTINGUM:

Við 2. gr.

1. Á eftir orðunum „tilnefningu samtaka fiskseljenda“ í 1. mgr. komi: til skiptis frá samtökum sjómanna og frá samtökum útgerðarmanna.
2. Á eftir 1. mgr. komi:
   Eigi er heimilt að stöðva löndun í verksmiðju, meðan móttökuskilyrði eru fyrir hendi.
3. 2. og 3. mgr. falli niður, en í stað þeirra komi:
   Fiskiskipum skulu veittar upplýsingar um móttökugetu einstakra verksmiðja um fjarskiptastöð samkvæmt ákvörðun nefndarinnar. Fiskiskipi er óheimilt að leita löndunar í verksmiðju, þar sem nefndin hefur stöðvað löndun, en

að öðru leyti skal skipstjóri hvers skips ákvarða og tilkynna nefndinni, hvar hann muni leita löndunar.

Alþingi, 30. nóv. 1972.

Garðar Sigurðsson, form., frsm. Jón Skaftason. Pétur Sigurðsson.
Björn Pálsson. Karvel Pálmason. Bragi Sigurjónsson.

Sþ. 129. Fyrirspurn [103. mál]

til forsætisráðherra um framkvæmdaáætlun fyrir Norðurlandskjördæmi vestra.

Frá Pétri Péturssyni.

a) Hvernig gengur undirbúningur að gerð framkvæmdaáætlunar fyrir Norðurlandskjördæmi vestra, sem samþykkt var að gera á síðasta þingi?
b) Hvenær er gert ráð fyrir, að þessari áætlunargerð verði lokið?

Nd. 130. Frumvarp til laga [104. mál]

um fangelsi og vinnuhæli.

(Lagt fyrir Alþingi á 93. löggjafarþingi, 1972.)

1. gr.

Ríkið skal eiga og reka öll fangelsi hér á landi.
Dómsmálaráðherra fer með yfirstjórn fangelsamála.

2. gr.

Fangelsi skiptast í eftirtalda flokka:
1. Ríkisfangelsi.
2. Vinnuhæli.
3. Unglingavinnuhæli.
4. Fangelsi til geymslu handtekinna manna og gæzluvarðhaldsfanga.

3. gr.

Ríkisfangelsi skal vera í Reykjavík eða nágrenni hennar. Þar skal vera rúm fyrir eigi færri en eitt hundrað fanga. Því skal skipt í eftirtaldar deildir: Einangrunarfangelsi, öryggisgæzludeild, geðveilladeild, kvennafangelsi, varðhald, gæzluvarðhald og móttökudeild. Ríkisfangelsi má skipta í sjálfstæðar rekstrareiningar eftir nánari ákvörðun dómsmálaráðherra.

Í einangrunarfangelsið skal setja þá refsifanga, sem sekir gerast um stórfelld eða ítrekuð brot gegn reglum annarra fangelsa eða fangelsisdeilda.

4. gr.

Vinnuhæli skulu rekin fyrst um sinn að Litla-Hrauni í Árnessýslu og Kvíabryggju á Snæfellsnesi. Í vinnuhælunum skal fullnægja fangelsisrefsingum að því leyti, sem ekki er nauðsynlegt að vista refsifanga í deildum ríkisfangelsisins eða þeir aldurs vegna skulu dvelja í unglingavinnuhæli.

5. gr.

Unglingavinnuhæli skal reka fyrir allt að tuttugu og fimm fanga og skal þar fullnægja fangelsisrefsingum þeirra, sem við dómsuppsögn hafa eigi náð tuttugu og

tveggja ára aldri. Dómsmálaráðherra getur þó ákveðið, að einstakir fangar, sem fangelsisdóm hafa hlotið á ofangreindum aldri, skuli vistaðir í öðrum fangelsum. Skal um vinnuhæli þetta fara svo sem ákveðið er í 43. gr. almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940.

6. gr.

Fangelsi til geymslu handtekinna manna og gæzluvarðhaldsfanga skulu að jafnaði rekin í tengslum við lögreglustöðvar og skal þar vista menn, sem lögreglan handtekur, svo og gæzluvarðhaldsfanga.

Dómsmálaráðherra ákveður, hvar slík fangelsi skuli byggð, og ber sveitarfélagi þá að leggja til lóð undir bygginguna, ríkissjóði að kostnaðarlausu.

Dómsmálaráðherra ákveður og, um hversu langan tíma heimilt er að geyma í slíkum fangelsum gæzluvarðhaldsfanga og sömuleiðis getur hann ákveðið, að fenginni umsögn viðkomandi héraðslæknis, að heimilt sé að láta afplána varðhaldsrefsingu í slíkum fangelsum, og þá um hve langan tíma.

7. gr.

Þeir sem úrskurðaðir eru samkvæmt framfærslulögum nr. 80 5. júní 1947 og lögum um Innheimtustofnun sveitarfélaga nr. 54 6. apríl 1971 til að vinna af sér meðlag eða barnalífeyri, skulu vistaðir á vinnuhæli eða unglingavinnuhæli eftir því, sem aldur þeirra segir til um.

8. gr.

Í vinnuhælum er vinnuskylda fyrir fanga og skal þar séð fyrir nægu húsrými til vinnuaðstöðu fyrir fanga. Þar skal vera aðstaða og tæki til fjölbreyttrar vinnu og til kennslu, bæði bóklegrar og verklegrar.

Fangar skulu fá greidd laun fyrir vinnu sína í hælunum og setur dómsmálaráðherra reglur um vinnuna og launagreiðslur, og skal taka tillit til arðsemi vinnunnar við ákvörðun launa.

Föngum í vinnuhælum skal séð fyrir aðstöðu til tómstundaiðkana, eftir því sem við verður komið á hverjum stað.

9. gr.

Í unglingavinnuhælum skal skapa aðstöðu á svipaðan hátt og í öðrum vinnuhælum, en þar skal leggja sérstaka áherzlu á aðstöðu til bóklegrar og verklegrar kennslu.

10. gr.

Afplánun fangelsisrefsingar skal jafnan hefjast í ríkisfangelsi, þar sem fram skal fara læknisskoðun á fanganum og aðstæður að öðru leyti metnar, og síðan tekur dómsmálaráðherra ákvörðun um, í hvaða stofnun fangi skuli vistaður.

11. gr.

Við hverja stofnun samkvæmt 1. til 3. tl. 2. gr. skal vera sérstakur forstöðumaður, sem ráðherra skipar. Hann skal sérstaklega hafa kynnt sér fangelsamál. Skal hann sjá um daglegan rekstur stofnunarinnar undir yfirstjórn dómsmálaráðherra. Ráðherra er heimilt að skipa þriggja manna stjórnarnefnd við hverja stofnun sér til aðstoðar við yfirstjórn stofnunarinnar. Stjórnarnefndir skulu skipaðar til þriggja ára í senn.

12. gr.

Við hverja stofnun, þar sem afplánun fangelsisrefsingar fer fram, skal veitt almenn læknisþjónusta, og þar skal starfa, eftir því sem tök eru á hverju sinni, sérlært starfslið, svo sem geðlæknir, sálfræðingur, félagsráðgjafi og prestur.

13. gr.

Dómsmálaráðherra ákveður nánar staðsetningu fangelsa og gerð þeirra og setur reglugerð um rekstur þeirra.

14. gr.

Heimilt er að reka sérstaka stofnun til þess að annast umsjón og eftirlit með þeim, sem frestað er ákæru gegn, dæmdir eru skilorðsbundið eða leystir úr fangelsi með skilyrðum.

Dómsmálaráðherra ákveður, hvenær stofnunin skuli taka til starfa. Hann ræður starfslið og setur nánari reglur um starfsemi hennar.

15. gr.

Veita skal úr ríkissjóði 15 milljónir króna á ári hverju hið minnsta til bygginga fangelsa og vinnuhæla, þar til lokið er við að koma upp og fullgera þær stofnanir, sem falla undir 1. til 3. tölulið 2. greinar.

16. gr.

Meðan ríkisfangelsi er ekki fullbyggt skal vista þá, sem vista ætti í hinum ýmsu deildum þess, í þeim fangelsum, sem til eru á hverjum tíma eftir því, sem aðstæður leyfa

Þar til unglingavinnuhæli hefur verið stofnað, skal vista unglinga í öðrum fangelsum. Skal þá eftir aðstæðum tekið tillit til aldurs þeirra og ferils.

Þar til komið hefur verið upp þeim deildum ríkisfangelsis, sem ætlaðar eru fyrir móttökudeild, gæzluvarðhald, varðhald og kvennafangelsi, skal reka hegningarhúsið á Skólavörðustíg 9 í Reykjavík og fangelsi í húsnæði við Síðumúla í Reykjavík og skal í þeim fangelsum heimilt að vista hvers konar fanga. Skal umsjón hegningarhússins vera í höndum sakadómaraembættisins í Reykjavík á sama hátt og verið hefur, unz það verður lagt niður.

17. gr.

Frá 1. janúar 1973 greiðist kostnaður við rekstur héraðsfangelsa úr ríkissjóði.

Frá sama tíma skulu gilda um húsnæði, tæki og búnað héraðsfangelsa ákvæði 14. gr. laga um lögreglumenn nr. 56 29. maí 1972.

18. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 18 15. marz 1961 um ríkisfangelsi og vinnuhæli, lög nr. 21 15. marz 1961 um héraðsfangelsi og tilskipun frá 4. marz 1871 um byggingu hegningarhúsa og fangelsa á Íslandi m. fl.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með lagafrumvarpi þessu er lagt til, að sameinuð séu í ein lög núgildandi lög um ríkisfangelsi og vinnuhæli nr. 18/1961 og lög um héraðsfangelsi nr. 21/1961. Auk þess er í lagafrumvarpi þessu bryddað upp á ýmsum nýmælum í sambandi við fangelsamálin.

Með samþykkt laga um lögreglumenn nr. 56/1972 tók ríkið að sér alla löggæzlustarfsemi í landinu. Hins vegar var ekki felld niður þátttaka sveitarfélaga í stofnkostnaði og rekstri svonefndra héraðsfangelsa, en þau eru ætluð til geymslu handtekinna manna og gæzluvarðhaldsfanga. En þar sem þau eru hluti af löggæzlukerfinu, er nú talið, í framhaldi af breytingunni á löggæzlunni, eðlilegt að kostnaður við geymslu handtekinna manna og gæzluvarðhaldsfanga sé einnig greiddur af ríkinu.

Kostnaður sá, sem flyzt yfir á ríkissjóð frá sveitarfélögunum, ef þessi breyting verður gerð, er áætlaður miðað við fjárlög 1972 um kr. 10 millj. á ári.

Jafnframt því að sameina í ein lög þau ákvæði, sem nú eru í lögum um fangelsi hér á landi, er lagt til, að heiti laganna verði lög um fangelsi og vinnuhæli.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í 1. mgr. felst það nýmæli, að ríkið tekur að fullu við rekstri fangelsa í landinu, og hugtakið héraðsfangelsi er lagt niður.

2. mgr. er samhljóða upphafi 6. gr. laga um ríkisfangelsi og vinnuhæli.

Um 2. gr.

Greinin er samsvarandi 1. gr. laga um ríkisfangelsi og vinnuhæli. Við bætist 4. töluliður, fangelsi til geymslu handtekinna manna og gæzluvarðhaldsfanga, en núverandi héraðsfangelsi anna þessu verkefni.

Þá er lagt til, að í stað heitisins unglingafangelsi komi heitið unglingavinnuhæli í 3. tl.

Um 3. gr.

Greinin fjallar um ríkisfangelsið. Lagt er til, að það verði staðsett í Reykjavík eða nágrenni, eins og er í 1. gr. laga um ríkisfangelsi og vinnuhæli. Miðað er við, að fangelsið í heild rúmi ekki færri en 100 fanga. Í núgildandi lögum er sagt, að fangelsið skuli rúma 100 fanga. Með tilliti til framtíðarþarfa þykir eðlilegra, að talan verði hreyfanleg, þannig að fangelsið geti orðið stærra en fyrir 100 fanga, og síðan verður þörf að skera úr um, hversu stórt fangelsið kann að verða. Nú er lagt til, að ráðherra sé heimilt að skipta fangelsinu niður í sjálfstæðar rekstrareiningar, en í því felst ráðagerð um að byggja ríkisfangelsið í fleiri en einni sjálfstæðri einingu og gætu rekstrareiningarnar þá verið staðsettar á mismunandi stöðum, enda hafði nefnd sú, sem fjallaði um byggingu ríkisfangelsins þegar lagt til, að gæzluvarðhaldsdeild væri ekki staðsett í sjálfri aðalríkisfangelsisbyggingunni.

Þá er lagt til, að tekin verði upp ný deild við ríkisfangelsið, sem nefnist móttökudeild. Þar ætti afplánun að hefjast, og þar ætti að fara fram skoðun á föngunum og mat á því á hvaða stofnun ætti að vista þá til afplánunar. Við þá deild væri sköpuð aðstaða fyrir sérfræðinga að vinna að rannsóknum á fanganum, sbr. 10. gr. frv.

Í 2. mgr. er tekin upp 2. mgr. 2. gr. laga um ríkisfangelsi og vinnuhæli.

Um 4. gr.

Greinin fjallar um vinnuhælin og er í henni það nýmæli, að Vinnuhælið að Kvíabryggju er flokkað með Vinnuhælinu að Litla-Hrauni. Vinnuhælið að Kvíabryggju er upphaflega stofnað af ríkinu og Reykjavíkurborg sameiginlega til þess að skapa aðstöðu til þess að láta þá, sem barnsmeðlög skulda, afplána þau, en samkvæmt framfærslulögum skal slík afplánun fara fram á vinnuhæli, og 7. gr. þessa frumvarps gerir ráð fyrir vistun þeirra, sem þannig eru úrskurðaðir, á vinnuhælum eða unglingavinnuhælum. Gert er ráð fyrir, að eftir sem áður verði slíkir menn vistaðir aðallega á Kvíabryggju.

Lagt er til að binda ekki staðsetningar vinnuhælanna í lögum við ákveðna staði, þar sem þróun fangelsamála getur bæði leitt til þess, að vinnuhæli verði stofnuð víðar, eða að núverandi vinnuhælum verði breytt og þau tekin til annarra nota. Sömuleiðis er horfið frá því að binda í lögum stærð vinnuhæla, en eins og er er á Vinnuhælinu að Litla-Hrauni rúm fyrir 52 fanga og á Kvíabryggju er rúm fyrir 15 fanga.

Um 5. gr.

Greinin fjallar um unglingavinnuhæli, en eins og áður segir er nú lagt til, að orðið unglingavinnuhæli verði tekið upp í stað orðsins unglingafangelsi. Í lögum um ríkisfangelsi og vinnuhæli er nú gert ráð fyrir, að unglingafangelsi verði stofnað í sveit fyrir 25 fanga. Í þessari grein er lagt til, að unglingavinnuhæli verði ekki

staðbundið, heldur reist þar, sem heppilegast verður talið og að stærð þess verði fyrir allt að 25 fanga.

Þá þykir rétt að taka upp í greinina ákvæði samsvarandi ákvæði 2. mgr. 43. gr. almennra hegningarlaga, þar sem dómsmálaráðherra getur ákveðið, að einstakir fangar, sem dæmdir eru innan 22 ára aldurs, skuli vistaðir í öðrum fangelsum.

Tölulegar upplýsingar liggja ekki fyrir um hversu margir þeirra, sem dæmdir hafa verið á undanförnum árum til fangelsisrefsingar, hefðu átt að vistast í unglingafangelsi, en geta má þess, að í október 1972 voru 10 af 52 föngum í vinnuhælunum innan 22 ára.

Um 6. gr.

Í grein þessari er fjallað um þá tegund fangelsa, sem núgildandi lög um héraðsfangelsi taka til. Svo sem að framan er rakið er með lagafrumvarpi þessu lagt til, að hlutverk héraðsfangelsanna færist að fullu yfir á ríkið. Í greininni er gengið út frá því sem aðalreglu, að fangaklefar til geymslu handtekinna manna og gæzluvarðhaldsfanga skuli byggðir í tengslum við lögreglustöðvar, enda er hér um að ræða fyrst og fremst aðstöðu fyrir lögreglu og dómstóla.

Í núgildandi lögum um héraðsfangelsi er það meginreglan, að sveitarstjórn eigi frumkvæði að byggingu héraðsfangelsa, en samkvæmt frumvarpinu er gert ráð fyrir, að það sé háð ákvörðun dómsmálaráðherra, hvar slíkum fangaklefum er komið upp.

Í 3. mgr. eru tekin upp ákvæði úr 7. gr. laga um héraðsfangelsi, þar sem dómsmálaráðherra er heimilt að ákveða, að heimilt sé að láta afplána varðhaldsrefsingu í slíkum fangelsum, en jafnframt er tekið upp í greinina ákvæði um, að það skuli vera ákveðið fyrir hvert slíkt fangelsi, hversu lengi megi geyma þar gæzluvarðhaldsfanga, en aðstaða í slíkum fangageymslum er mjög mismunandi og í mörgum þeirra slík, að ekki er rétt að vista þar fanga, nema um mjög takmarkaðan tíma. Ef þörf er á lengri gæzluvarðhaldsvist, verður að flytja gæzluvarðhaldsfangann í fangelsi, þar sem heimilt er að vista fanga um lengri tíma, og kemur þá sérstaklega til greina gæzluvarðhaldsdeild ríkisfangelsisins.

Í 2. gr. laga um héraðsfangelsi er kveðið svo á, að sveitarfélag leggi til á sinn kostnað lóð undir héraðsfangelsi, og er lagt til, að það ákvæði haldist og er því tekið upp í 2. mgr. Hér er um að ræða stofnanir, sem eru þjónustustofnanir fyrir íbúa sveitarfélagsins, og eftir að ríkið hefur tekið yfir kostnað við byggingu og rekstur þeirra verður vart talið óeðlilegt að leggja þá kvöð á sveitarfélagið, að það leggi til lóð á sinn kostnað undir stofnunina.

Um 7. gr.

Greinin fjallar um vistun þeirra, sem úrskurðaðir eru til að vinna af sér meðlag eða barnalífeyri, og er efnislega samhljóða 5. gr. laga um ríkisfangelsi og vinnuhæli.

Um 8. gr.

Í 1. mgr. er tekið upp ákvæði 37. gr. almennra hegningarlaga um, að vinnuskylda fylgi fangelsisvist, en jafnframt kveðið á um, að skylt sé að sjá fyrir nægjanlegu húsrými til framkvæmdar á þeirri skyldu og að einnig skuli séð fyrir annarri aðstöðu og tækjum, bæði til vinnu og kennslu. Mjög hefur skort á, að vinnuaðstaða og verkefni væru næg á vinnuhælunum, og hefur það mjög háð starfsemi þeirra.

Í 2. mgr. er kveðið svo á, að fangar skuli fá greidd laun fyrir vinnu sína í hælunum og er það í samræmi við ákvæði 37. gr. almennra hegningarlaga, en lagt er til, að lögfest verði það nýmæli, að tekið skuli tillit til arðsemi vinnu fanganna við ákvörðun launa. Í framkvæmd hefur þetta nokkuð verið gert, því að þegar hælin hafa tekið að sér sérstök verkefni fyrir utanaðkomandi aðila, hafa fangar iðulega fengið greidd hærri laun fyrir vinnu við þau verkefni en við hina almennu fangavinnu. Fangalaunin eru nú þannig ákveðin, að fanginn fær greidd laun fyrir dagvinnu, sem jafngilda einnar klukkustundar vinnu verkamanna á þeim stað, þar sem

hælið er. Þarf að stefna að því, að launin verði hærri, og þá sérstaklega með tilliti til arðsemi vinnunar.

Í 3. mgr. er það nýmæli, að séð skuli fyrir aðstöðu til tómstundaiðkana, eftir því sem við verður komið. Tómstundaiðja hefur verið tekin upp á Litla-Hrauni nú á síðustu árum og hefur það gefizt mjög vel og gefið föngum tækifæri til að sýna hæfileika sína á ýmsum listrænum sviðum. Tómstundaiðjan getur haft nokkurn kostnað í för með sér fyrir hælin, en telja verður, að þeim fjármunum sé vel varið, og einnig geta fangarnir greitt kostnað við efni af andvirði þess varnings, sem þeir vinna í tómstundum og geta síðan selt.

Um 9. gr.

Greinin fjallar um unglingavinnuhælin, og leggur áherzlu á, að þar þurfi að vinna sérstaklega að kennslu fanganna.

Um 10. gr.

Greinin er nýmæli. Slíkt ákvæði er ekki í lögum, en hins vegar hefur málum verið þannig háttað í framkvæmd, að afplánun refsinga hefur að öllum jafnaði hafizt í Hegningarhúsinu í Reykjavík, og eftir nokkra dvöl þar hafa fangar síðan verið fluttur á vinnuhælin.

Um 11. gr.

Greinin er nýmæli í lögum. Ekki hafa verið sérstök lagaákvæði um forstöðumenn fangelsa né um menntun þeirra. Þá er lagt til, að ráðherra sé heimilt að skipa 3 manna stjórnarnefnd fyrir hverja stofnun. Í framkvæmd hefur verið starfandi samkvæmt reglugerð um Vinnuhælið á Litla-Hrauni stjórnarnefnd fyrir þá stofnun.

Um 12. gr.

Greinin fjallar um þá sérfræðilegu þjónustu, sem æskilegt er talið, að veitt sé í fangelsum. Sem stendur starfar, auk læknis, einungis prestur við fangelsin. Ekki hefur tekizt að ráða að þeim geðlækni, sálfræðing eða félagsráðgjafa. Ekki er gert ráð fyrir, að við hverja stofnun starfi slíkur starfsmaður í fullu starfi, heldur verði einungis um að ræða sérfræðinga, sem starfa annaðhvort einn fyrir fleiri stofnanir eða þá að þeir starfi hluta úr degi við stofnun ásamt með öðru starfi.

Um 13. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 14. gr.

Ekki hefur hingað til verið rekin á vegum ríkisins sérstök stofnun til að annast eftirlit með þeim, sem ákæru er frestað á, dæmdir skilorðsbundið eða veitt skilorðsbundin reynslulausn eða skilorðsbundin náðun af fangelsisrefsingu. Á undanförnum árum hafa tveir aðilar annazt þetta verkefni, þ. e. Oscar Clausen, rithöfundur, sem annazt hefur eftirlit með þeim, sem ákæru hefur verið frestað á, og Félagasamtökin Vernd, sem annazt hafa eftirlit með þeim, sem veitt hefur verið skilorðsbundin náðun eða fengið hafa reynslulausn. Aðilar þessir hafa fengið nokkurn styrk úr ríkissjóði og nemur hann á þessu ári krónum 770 000.00.

Telja verður æskilegt að efla mjög starfsemina á þessu sviði á næstunni, og er líklegt að með því að auka eftirlitsstarfsemi megi spara verulega í fangelsisrekstri. Á Norðurlöndum er nú unnið að því að endurskipuleggja eftirlit utan fangelsanna með þeim, sem dóma hafa hlotið, og er það alls staðar að færast yfir á ríkið að fullu og þeir einkaaðilar, sem annazt hafa þetta eftirlit, eru að hverfa úr sögunni. Ljóst er hins vegar, að til þess að geta framkvæmt slíkt eftirlit þarf talsvert starfslið, sem er sérhæft í slíkri vinnu, en á því hefur verið mikill skortur hér á landi. Hins vegar er þess að vænta, að á næstu árum verði nokkur breyting

á því sviði, þar sem all margir stunda nú nám í þeim fræðum, sem að gagni mega verða við slík störf.

Í greininni er gert ráð fyrir, að ráðherra ákveði, hvenær slík stofnun tekur til starfa og er sú ákvörðun að sjálfsögðu háð því, að starfslið fáist og fjárveitingar til reksturs.

Um 15. gr.

Í 7. gr. laga um ríkisfangelsi og vinnuhæli er kveðið svo á, að veita skuli úr ríkissjóði 1 millj. kr. á ári hverju hið minnsta til fangelsabygginga, unz komið hefur verið upp fangelsum þeim, sem þau lög mæla fyrir um.

Í þessari grein er lagt til, að í stað 1 millj. kr. verði nú veittar 15 millj. kr. á ári hverju hið minnsta til að koma upp og fullgera þær stofnanir, sem lagafrumvarp þetta fjallar um, aðrar en þær, sem eingöngu eru ætlaðar til geymslu handtekinna manna og gæzluvarðhaldsfanga.

Á næstunni þarf að byggja upp þann hluta ríkisfangelsisins, sem ætlaður er fyrir gæzluvarðhald, kvennadeild og móttökudeild, en það er það hlutverk, sem Hegningarhúsið í Reykjavík annast nú og væntanlega fangelsisdeildin við Síðumúla í Reykjavík, en mjög aðkallandi er orðið að byggja nýtt húsnæði í stað Hegningarhússins, og fangelsið við Síðumúla getur einungis verið nothæft um skamman tíma sem bráðabirgðafangelsi.

Til að reisa 50 rúma fangelsi í þessu skyni má reikna með að þurfi, miðað við núverandi verðlag og þær frumteikningar, sem þegar hafa verið gerðar, eigi minna en 70—90 millj. kr. Þá þarf einnig að koma upp unglingavinnuhæli og má búast við, að sú stofnun komi eigi til með að kosta minna en 20 millj. kr., og í þriðja lagi þyrfti síðan að koma upp þeim deildum ríkisfangelsis, sem ekki verða byggðar í fyrsta áfanga, en að svo stöddu er of snemmt að áætla um kostnað við byggingu þeirra deilda. Auk þess þarf að bæta enn nokkuð aðstöðu við vinnuhælin. Fyrirsjáanlega þarf því að verja á næstu árum mjög verulegum upphæðum, eigi minni en 100—150 millj. kr. miðað við núverandi verðlag, til uppbyggingar fangelsanna.

Um 16. gr.

Greinin fjallar um þær ráðstafanir, sem gera þarf meðan þær stofnanir, sem frumvarpið gerir ráð fyrir, eru ekki komnar upp. Skýra ákvæði greinarinnar sig í aðalatriðum sjálf.

Um 17. gr.

Greinin fjallar um breytingu þá, sem verður við það, að ríkið tekur að fullu við rekstri svonefndra héraðsfangelsa. Sá kostnaður, sem við þetta færist frá sveitarfélögunum yfir til ríkisins, er í fyrsta lagi varðandi rekstur og miðað við tölur fjárlaga fyrir árið í ár nemur sá kostnaður 7.2 millj. kr. og í öðru lagi stofnkostnaður héraðsfangelsa, en til hans er áætlað á fjárlögum 1972 2.8 millj. kr., sem er helmings framlag á móti viðkomandi sveitarfélagi.

Í 2. mgr. eru ákvæði þess efnis, að gilda skuli um húsnæði, tæki og búnað héraðsfangelsa ákvæði þau, sem sett eru í 14. gr. laga um lögreglumenn nr 56/1972, en sú grein er svo hljóðandi: „Ríkið tekur við, án sérstakrar greiðslu, þeim tækjum og búnaði, sem sveitar- eða sýslufélag hefur lagt lögreglunni til.

Ríkið tekur við húsnæði, sem ríki og sveitar- eða sýslufélög hafa stofnað til sameiginlega, án greiðslu fyrir viðtöku þess, en sveitar- eða sýslufélög halda eignarhluta sínum í því. Ef afnotum í þágu lögreglunnar lýkur, ráðstafa eignaraðilar sameiginlega slíkum fasteignum.

Ríkið tekur við fullnustu leigusamninga, sem sveitar- eða sýslufélög hafa gert í þágu lögreglunnar. Um aðrar óloknar skuldbindingar sveitar- eða sýslufélags vegna ráðstafana í þágu lögreglunnar fer eftir samkomulagi aðila og má leggja ágreining undir mat dómkvaddra manna."

Lagt er til, að ákvæði þessarar greinar gildi einnig um héraðsfangelsin að svo miklu leyti, sem hún á við að breyttu breytanda.

Um 18. gr.

Jafnframt því að fella úr gildi lög um ríkisfangelsi og vinnuhæli og lög um héraðsfangelsi, þykir nú tímabært að fella úr gildi tilskipun frá 4. marz 1871 um byggingu hegningarhúsa og fangelsa á Íslandi m. fl., en í lögunum um ríkisfangelsi og vinnuhæli er gert ráð fyrir, að tilskipunin falli úr gildi, þegar Hegningarhúsið á Skólavörðustíg 9 í Reykjavík verður lagt niður skv. 8. gr. laganna. En með því að tekið er upp í 16. gr. frumvarpsins ákvæði um, hvernig fara skuli um stjórn Hegningarhússins í Reykjavík, þykir ástæðulaust að láta tilskipunina halda gildi áfram.

Ed. 131. Frumvarp til laga [105. mál]

um sérstakan dómara og rannsóknardeild í ávana- og fíkniefnamálum.

(Lagt fyrir Alþingi á 93. löggjafarþingi, 1972.)

1. gr.

Mál vegna brota á lögum nr. 77 16. júní 1970, um tilbúning og verzlun með ópíum o. fl. og reglugerðum settum samkvæmt þeim lögum, skulu rannsökuð, rekin og dæmd fyrir dómi í ávana- og fíkniefnamálum.

2. gr.

Dómur í ávana- og fíkniefnamálum skal hafa aðsetur í Reykjavík.

Ráðherra skipar dómara í ávana- og fíkniefnamálum, og skal hann fullnægja lögmæltum skilyrðum til skipunar í héraðsdómaraembætti og hafa þekkingu á rannsókn og meðferð ávana- og fíkniefnamála. Hann nýtur réttinda og ber skyldur sem aðrir héraðsdómarar. Hann getur haldið dómþing hvar á landinu sem er.

3. gr.

Við embætti dómara í ávana- og fíkniefnamálum skulu starfa svo margir fulltrúar, er fullnægi skilyrðum 33. gr., sbr. 6. tl. 32. gr. laga nr. 85/1936, sem þörf er á, að mati dómsmálaráðherra.

Dómsmálaráðherra getur veitt fulltrúum, sem ráðnir eru til starfa samkvæmt 1. mgr., og fullnægja ákvæðum laga til að hljóta skipun í fast dómarastarf, heimild til að vinna sjálfstætt og á eigin ábyrgð að þeim dómstörfum, sem þeim eru falin.

4. gr.

Um málsmeðferð alla fyrir dómi í ávana- og fíkniefnamálum skal fara eftir ákvæðum laga nr. 82 21. ágúst 1961, sbr. lög nr. 29 28. apríl 1966, eftir því sem við á.

5. gr.

Nú verður það uppvíst í máli, sem er til meðferðar eða rekið er fyrir dómi í ávana- eða fíkniefnamálum, eða ástæða er til að ætla, að sökunautur hafi einnig framið aðrar refsiverðar athafnir, og skal þá fá ákvörðun saksóknara ríkisins um, hvort rannsókn og meðferð brotanna skuli haldið áfram fyrir dómi í ávana- og fíkniefnamálum eða sent til meðferðar hinum almenna dómi.

Nú kemur upp í almennu refsimáli eða ástæða þykir til að ætla, að sökunautur hafi einnig framið refsivert brot gegn lögum nr. 77/1970, og skal þá fá ákvörðun saksóknara ríkisins um, hvort rannsókn og meðferð brotanna skuli haldið áfram fyrir hinum almenna dómi eða sent til meðferðar dóms í ávana- og fíkniefnamálum.

6. gr.

Telji héraðsdómari, að ástæða sé til að ætla, að framið hafi verið refsivert brot gegn lögum nr. 77/1970 og reglugerðum settum samkvæmt þeim, skal hann

þegar hefja frumrannsókn í málinu, en jafnframt tilkynna dómi í ávana- og fíkniefnamálum um málið, sem tekur við meðferð þess.

7. gr.

Dómsmálaráðherra úrskurðar, að öðru leyti en lög þessi ákveða, hver störf skuli lögð undir embætti dómara í ávana- og fíkniefnamálum.

Dómsmálaráðherra ræður dómara í ávana- og fíkniefnamálum starfsfólk.

8. gr.

Við embætti dómara í ávana- og fíkniefnamálum og undir hans stjórn skal starfa sérstök deild lögreglumanna.

Dómsmálaráðherra setur með reglugerð ákvæði um samvinnu og frekari starfsskiptingu milli lögregludeildar þessarar og almennrar lögreglu og rannsóknarlögreglu.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Megintilgangur lagafrumvarps þessa er að efla löggæzlu á sviði ávana- og fíkniefnamála.

Misnotkun ávana- og fíkniefna er staðreynd hér á landi, þrátt fyrir allumfangsmiklar aðgerðir til að reyna að hindra ólöglegan innflutning efnanna til landsins.

Löggæzlu er nú þannig háttað á þessu sviði, eins og öðrum, að lögregla hvers lögsagnarumdæmis hefur á hendi eftirlit með því, að ávana- og fíkniefni séu ekki á boðstólum né þeirra neytt í þeirra umdæmi.

Tollgæzlan fylgist eftir megni með því, að efnin séu ekki flutt inn.

Þessir aðilar hafa samvinnu sín á milli og skiptast á upplýsingum, en reynslan hefur sýnt, að í næstum öllum þeim málum, sem komið hafa upp á þessu sviði, hafa aðilar verið búsettir í fleiri en einu lögsagnarumdæmi. Hefur því í ýmsum tilvikum þurft að rannsaka málin fyrir mörgum dómstólum áður en til ákæru hefur komið.

Þótt lögregla og rannsóknardómarar hafi sinnt þessum málum af áhuga og dugnaði, hefur nokkuð borið á því, að skort hafi á samræmingu í aðgerðum.

Samstarfsnefnd sú, sem dómsmálaráðherra skipaði í marz 1972 og hefur það hlutverk að samræma og stjórna aðgerðum af ríkisvaldsins hálfu í málefnum varðandi ávana- og fíkniefni, sendi dóms- og kirkjumálaráðuneytinu tillögur um aðgerðir í þessum málum með bréfi, dags. 15. ágúst 1972, þar sem þess er farið á leit, að ráðuneytið beiti sér fyrir því, að skipaður verði sérstakur umboðsdómari, er hafi með höndum rannsókn mála varðandi brot á löggjöf um ávana- og fíkniefni. Bréf nefndarinnar er prentað sem fylgiskjal með frumvarpi þessu.

Ekki þóttu öruggar lagaheimildir fyrir því að skipa umboðsdómara til að fara með mál þessi. Er því lagt til í frv., að skipaður verði sérstakur dómari til að fara með þessi mál, og að hann geti haldið dómþing, hvar sem er á landinu.

Við því má búast, að við rannsókn og meðferð ávana- og fíkniefnamála komi upp, að sökunautur hafi einnig framið önnur refsiverð brot. Er því lagt til, sbr. 1. mgr. 5. gr. laga nr. 82/1961, að saksóknari ákveði, hvort málinu skuli haldið áfram fyrir dómi í ávana- og fíkniefnamálum, sem þá myndi dæma um öll brotin, ef til kæmi, eða sent til hins venjulega sakadóms. Á sama hátt er gert ráð fyrir, að ef brot á lögum nr. 77/1970 kemur upp í refsimáli, sem rekið er fyrir sakadómi, skuli fengin ákvörðun saksóknara um, hvar málið skuli rekið.

Þá er í frumvarpinu gert ráð fyrir því, að við embætti dómara í þessum málum starfi sérstök deild lögreglumanna.

Eftir sem áður verður aðallöggæzlustarfsemin á vegum hvers umdæmis og er ekki ætlunin, að með þessu leggist niður sú myndarlega deild, sem nú starfar að þessum málum við lögreglustjóraembættið í Reykjavík. Lögreglumenn dómaraembættisins verða fyrst og fremst til aðstoðar sem sérfræðingar og til að samræma aðgerðir lögreglumanna umdæmanna, þegar mál koma upp. Þeirra meginhlutverk verður að aðstoða dómarann við rannsóknarstörf.

Gerð hefur verið lausleg kostnaðaráætlun vegna frumvarps þessa, þar sem augljóst er, að það hefur talsverðan kostnað í för með sér.

Miðað er við, að auk dómara starfi við embætti hans einn fulltrúi og ritari og að hann hafi í þjónustu sinni a. m. k. 3 lögreglumenn. Laun verða þá um kr. 3 500—4 000 þús. og annar kostnaður verður vart undir kr. 1 500—2 000 þús. Auk þess er stofnkostnaður áætlaður um kr. 1 000 þús. Heildarkostnaður á árinu 1973, miðað við, að embættið starfi allt árið, verður því vart undir kr. 6 000—7 000 þús.

Fylgiskjal.

SAMSTARFSNEFND UM FÍKNIEFNAVANDAMÁL

Reykjavík, 15. ágúst 1972.

Á fundi nefndarinnar, sem haldinn var 9. þ. m., ákvað nefndin að fara þess á leit við dóms- og kirkjumálaráðuneytið, að það beiti sér fyrir eftirfarandi aðgerðum:

1. Að skipaður verði sérstakur umboðsdómari, er hafi með höndum rannsókn mála varðandi brot á löggjöf um ávana- og fíkniefni.
2. Að tryggt verði, að a. m. k. 8 löggæzlu- og tollgæzlumenn starfi að jafnaði að fíkniefnalöggæzlu í Reykjavík og nágrenni, þar með talin Keflavík og Keflavíkurflugvöllur, og að þeim verði séð fyrir fullnægjandi starfsaðstöðu, bæði hvað snertir tækjabúnað og skrifstofuaðstoð. Það sé háð ákvörðun ráðuneytisins, hvort þessir löggæzlumenn starfa við eitt eða fleiri embætti á þessu svæði.
3. Að ráðuneytið hlutist til þess við heilbrigðismálaráðuneytið, að lækni með sérmenntun í geðlækningum, verði falið að kynna sér sérstaklega meðferðarmál ávana- og fíkniefna- og lyfjasjúklinga. Lækninum verði síðan sköpuð aðstaða til þjónustu á þessu sviði, bæði við sjúklingana sjálfa og aðstandendur þeirra. Einnig verði læknirinn ráðunautur opinberra aðila um allt, er varðar læknismeðferð ávana- og fíkniefna- og lyfjaneytenda.

Jafnframt því, að tryggt verði fjármagn til að kosta framangreindar aðgerðir vill nefndin fara þess á leit, að hún fái til ráðstöfunar á árinu 1973 kr. 2 500 000.00 til þess að kosta fræðslu og upplýsingastarfsemi, til þess að kosta menntun starfsmanna, bæði innanlands og erlendis og til tækjakaupa fyrir löggæzlu.

Nefndin vill benda á það til stuðnings beiðni sinni um ofangreindar ráðstafanir, að hér er um að ræða löggæzluverkefni, sem hefur verið látið njóta forgangs um mannafla og fjárveitingar í nágrannalöndunum, vegna þess, hversu alvarlegt vandamál er hér um að ræða. Þá telur nefndin, að sá vísir að sérstakri löggæzlu á þessu sviði, sem starfað hefur hér undanfarið, hafi sýnt, að full þörf er hér á slíkri löggæzlu og að hún verði efld verulega, því að allt bendir til þess, að ásókn unglinga í fíkniefni sé að aukast verulega, og nauðsynlegt er að vera viðbúinn því, að skipulögð dreifingarstarfsemi geri tilraunir til að leggja undir sig markaðinn.

Til skýringar á tillögu sinni um fjölda löggæzlumanna til að vinna að þessum málum vill nefndin geta þess, að nú þegar mun varið starfstíma a. m. k. 5 manna að jafnaði til að sinna þessum málaflokki á umræddu svæði.

Nefndin telur æskilegt, að komið verði á því skipulagi að rannsókn mála af þessu tagi séu undir stjórn eins rannsóknardómara, sem fylgist þá með öllu starfi

löggæzlu og tollgæzlu á þessu sviði. Enda þótt sú reynsla, sem fengizt hefur af samstarfi milli lögsagnarumdæma við meðferð þessara mála hafi reynzt allgóð, telur nefndin visst hagræði að því að hafa meðferð máls, sem nær til aðila í mörgum lögsagnarumdæmum, undir yfirstjórn eins rannsóknardómara, en í þeim málum, sem upp hafa komið, hafa aðilar verið búsettir í mörgum lögsagnarumdæmum.

Í sambandi við ráðningu sérstaks læknis, sem falið yrði að kynna sér meðferð fíkniefna- og lyfjasjúklinga, vill nefndin minna á lagaákvæði um meðferð ölvaðra manna og drykkjusjúkra nr. 39/1964, 9. gr., og telur, að svipað fyrirkomulag eigi við um þá sjúklinga, er hér um ræðir, sbr. 18. gr. sömu laga.

Virðingarfyllst,

Jón Thors.

Ólafur Jónsson. Páll Sigurðsson. Reynir G. Karlsson.

Til dóms- og kirkjumálaráðuneytisins.

Nd. 132. Nefndarálit [32. mál]

um frv. til laga um skipulag á löndun á loðnu til bræðslu.

Frá minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Nefndin náði ekki samstöðu um að skila sameiginlegu áliti. Hún er að vísu sammála um það ákvæði 1. gr. að lögfesta, að síldar- og fiskimjölsverksmiðjum sé skylt að taka við þeirri loðnu, sem fiskiskip landa til bræðslu, í þeirri röð, sem skipin koma til löndunarhafna. Hins vegar varð nefndin ekki sammála um ákvæði 2. og 3. gr. Meiri hluti nefndarinnar hefur flutt tillögu um veigamiklar breytingar efnislega við 2. gr., og skal það viðurkennt, að breytingartillögur nefndarinnar miða í rétta átt. En undirritaður telur, að ganga hefði átt skrefi lengra og fella alveg niður ákvæði 2. og 3. gr., því að engin ástæða sé til að setja á stofn þriggja manna nefnd, sbr. 2. gr., ásamt jafnmörgum varamönnum, sem starfa yrði á vöktum allan sólahringinn ásamt skrifstofuliði sínu, meðan á loðnuveiðunum stendur, því að aðalverkefni nefndarinnar er að ákveða, hjá hvaða verksmiðju hvert skip skuli landa afla sínum, og vitað er, að skipin koma til löndunarhafna á hvaða tíma sólahrings sem er, en einskorða sig hvorki við dagvinnutíma né 40 stunda vinnuviku. Af sjálfu sér leiðir, að ef ákvæði 2. gr. verða felld niður, verður einnig að fella niður 3. gr. frv., sem að mestu fjallar um, eftir hvaða leiðum nefndin á að innheimta þóknun fyrir störf sín og skrifstofukostnað hjá fiskseljendum, þ. e. sjómönnum og útgerðarmönnum. Tel ég ákvæði 1. gr. nægilega skipulagningu á loðnulöndun á komandi vertíð og tel útgerðarmenn og skipstjóra alveg þess umkomna að afla sér upplýsinga um og ákveða, hvar þeir telja hentugast, að skip þeirra landi afla sínum í samræmi við ákvæði þessarar greinar. Legg ég því til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. 2. gr. falli niður.
2. 3. gr. falli niður.

Alþingi, 1. des. 1972.

Guðl. Gíslason.

Sþ. 133. Fyrirspurn [106. mál]

til menntamálaráðherra um viðbótarritlaun til rithöfunda.

Frá Gunnari Thoroddsen.

Alþingi ályktaði 18. maí 1972 að fela ríkisstjórninni að leggja fyrir næsta þing tillögur um, að fjárhæð, er nemi sem næst andvirði söluskatts af bókum, renni til rithöfunda og höfunda fræðirita sem viðbótarritlaun eftir reglum, er samdar verði í samráði við Rithöfundasamband Íslands og félög rithöfunda. Hvað líður undirbúningi þessa máls, og hvenær má vænta tillagna þeirra, er þingsályktunin fjallar um?

Nd. 134. Frumvarp til laga [32. mál]

um skipulag á löndun á loðnu til bræðslu.

(Eftir 2. umr. í Nd., 4. des.)

1. gr.

Síldar- og fiskimjölsverksmiðjum, er taka við loðnu af fiskiskipum til bræðslu, skal skylt að taka við aflanum í þeirri röð, sem fiskiskip koma í löndunarhöfn, sbr. þó 3. mgr. 2. gr.

2. gr.

Skipulagning og tilhögun á löndun á loðnu til bræðslu skal vera í höndum þriggja manna og jafnmargra til vara, eins samkvæmt tilnefningu samtaka fiskseljenda til skiptis frá samtökum sjómanna og frá samtökum útgerðarmanna, eins samkvæmt tilnefningu Félags íslenzkra fiskimjölsframleiðenda og eins án tilnefningar, sem jafnframt er formaður nefndarinnar. Skulu þeir skipaðir af ráðherra til eins árs í senn. Verði ekki samkomulag meðal samtaka fiskseljenda um tilnefningu í nefndina, skipar ráðherra þann mann án tilnefningar. Nefnd þessi skal afla upplýsinga um móttökugetu síldar- og fiskimjölsverksmiðja og ákveða samkvæmt því, hvenær löndun skuli hefjast eða hætta á ákveðnum svæðum eða í einstakar verksmiðjur. Eigi er heimilt að stöðva löndun í verksmiðju, meðan móttökuskilyrði eru fyrir hendi.

Fiskiskipum skulu veittar upplýsingar um móttökugetu einstakra verksmiðja um fjarskiptastöð samkvæmt ákvörðun nefndarinnar. Fiskiskipi er óheimilt að leita löndunar í verksmiðju, þar sem nefndin hefur stöðvað löndun, en að öðru leyti skal skipstjóri hvers skips ákvarða og tilkynna nefndinni, hvar hann muni leita löndunar.

3. gr.

Sjávarútvegsráðuneytið getur sett nánari reglur um framkvæmd laga þessara að fengnu áliti samtaka sjómanna, útvegsmanna og Félags íslenzkra fiskimjölsframleiðenda.

Kostnaður af framkvæmd laganna þ. á m. þóknun nefndarinnar, greiðist af fiskkaupendum og fiskseljendum eftir reglum, er ráðuneytið setur. Skal heimilt að ákveða, að greidd skuli ákveðin fjárhæð af hverri hráefnissmálest frá seljendum og jafnhá fjárhæð frá kaupendum til að standa undir kostnaði við framkvæmd laganna. Skulu kaupendur standa skil á greiðslum þessum, og hefur nefndin á hendi innheimtu og reikningshald með gjaldi þessu. Verði í árslok afgangur af gjaldi, sem innheimtist með þessum hætti, skal heimilt að ákveða, að hann renni til Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins, deildar fyrir loðnuafurðir.

4. gr.

Hver sá, er sekur gerist um brot á lögum þessum eða á reglum settum samkvæmt þeim, skal sæta sektum og renna sektir í ríkissjóð.

Um mál út af brotum á lögum þessum eða reglum settum samkvæmt þeim skal fara að hætti opinberra mála.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og gilda þau til ársloka 1973.

Sþ. 135. Tillaga til þingsályktunar [107. mál]

um hækkun íbúðarlána úr Byggingarsjóði ríkisins.

Flm.: Þorv. Garðar Kristjánsson.

Alþingi ályktar að skora á félagsmálaráðherra að hlutast til um, að húsnæðismálastjórn breyti hámarki íbúðarlána Byggingarsjóðs ríkisins úr kr. 600 000.00 í kr. 900 000.00, til samræmis við breytingar á vísitölu byggingarkostnaðar, sbr. lög um Húsnæðismálastofnun ríkisins, nr. 30 12. maí 1970, 8. gr. B.

Greinargerð.

Í lögum um Húsnæðismálastofnun ríkisins, nr. 30 12. maí 1970, er fjárhæð lána úr Byggingarsjóði ríkisins ákveðin kr. 600 000.00. Jafnframt var það nýmæli tekið upp í lög þessi, að húsnæðismálastjórn geti, að fengnu samþykki félagsmálaráðherra, breytt lánsfjárhæð þessari á tveggja ára fresti til samræmis við breytingar á vísitölu byggingarkostnaðar.

Síðan lög þessi voru samþykkt á Alþingi, hefur lánsfjárhæðin verið óbreytt, en hins vegar orðið miklar breytingar til hækkunar á byggingarkostnaði. Í maí 1970 var vísitala byggingarkostnaðar 439 stig. Tveim árum síðar eða í maí s. l. var þessi vísitala orðin 603 stig og hafði því hækkað um 37.4%. Enn hækkaði byggingarvísitalan 1. júlí s. l. í 683 stig og var þá orðin 55.6% hærri en í maí 1970. Loks er vísitala byggingarkostnaðar nú orðin 689 stig, og er þar um að ræða 56.9% hækkun, síðan lögin um Húsnæðismálastofnun ríkisins voru sett í maí 1970.

Af þessu má marka, að það er meir en tímabært að hækka fjárhæð íbúðarlána Byggingarsjóðs ríkisins, svo að þau lækki ekki hlutfallslega miðað við byggingarkostnað frá því, sem var, þegar gildandi lög um Húsnæðismálastofnun ríkisins voru sett. Augljóst er, að hækkun sú, sem nú þarf að ákveða á íbúðarlánum, þarf að nema að minnsta kosti allt að 50%, og er því lagt til, að lánsfjárhæðin megi nema allt að kr. 900.000.00.

Ed. 136. Frumvarp til laga [108. mál]

um undirbúning þörungavinnslu á Reykhólum.

(Lagt fyrir Alþingi á 93. löggjafarþingi, 1972.)

1. gr.

Ríkisstjórnin skal beita sér fyrir stofnun hlutafélags, er hafi það að markmiði, að kanna aðstæður til að reisa og reka verksmiðju til þörungavinnslu að Reykhólum við Breiðafjörð og stuðla að því, að slíku fyrirtæki verði komið á fót.

Með þörungavinnslu er í lögum þessum átt við starfsemi til framleiðslu á þang- og þaramjöli og öðrum skyldum afurðum fyrir innlendan og erlendan markað.

2. gr.

Til samvinnu um stofnun eða starfrækslu hlutafélags samkv. 1. gr. skal ríkisstjórninni heimilt að kveðja hvers konar aðila, sem áhuga hafa á málinu, innlenda eða erlenda. Þó skal ekki minna en 51% af hlutafé félagsins jafnan vera í eigu ríkisins og stjórn þess skipuð fulltrúum ríkisins að meiri hluta.

3. gr.

Stjórn hlutafélagsins skal skipuð þremur mönnum og þremur til vara. Skulu tveir aðalmenn og tveir varamenn skipaðir af ráðherra, en einn aðalmaður og einn varamaður kosinn á aðalfundi.

4. gr.

Hlutafélagið skal athuga þær rannsóknir, sem fram hafa farið á þara- og þangvinnslu að Reykhólum. Því skal heimilt að framkvæma eða láta framkvæma hvers konar athuganir og aðgerðir til rannsóknar og skipulagningar á starfsgrundvelli þörungaverksmiðju og undirbúnings að því, að hefjast megi handa um byggingu hennar og rekstur. Skal að því stefnt að framselja árangurinn af starfsemi félagsins í hendur aðila eða aðilum, sem takast verkefnið á hendur, þannig að félagið fái tilkostnað sinn að fullu endurgoldinn.

5. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt í þeim tilgangi, sem um ræðir hér að framan:

1. Að leggja fram 10 milljónir króna eða jafnvirði þeirra í erlendri mynt, sem hlutafé í félagi samkv. 1. gr. eða til greiðslu á kostnaði þess, af fé ríkissjóðs eða lánsfé, sem henni skal heimilt að afla ríkissjóði í því skyni.
2. Að veita ríkisábyrgð fyrir láni eða lánum, er hlutafélagið tekur til starfsemi sinnar, að fjárhæð samtals allt að 10 milljónum króna eða jafnvirði þeirra í erlendri mynt, eða taka lán innan sömu marka og endurlána félaginu í sama tilgangi.
3. Að leyfa félaginu umferð og afnot af löndum og mannvirkjum eftir því sem nauðsynlegt kann að vera í þágu rannsókna, sbr. 4. gr., enda greiði félagið fullar bætur fyrir það tjón, sem umferðin eða afnotin kunna að valda eigendum eða ábúendum lands eða mannvirkja.

6. gr.

Íslenzka ríkið og þeir aðilar, sem kvaddir eru til samstarfs samkv. 2. gr., hvort sem eru einstaklingar, félög eða stofnanir, innlendir eða erlendir, skulu vera fullgildir stofnendur hlutafélagsins, án tillits til ákvæða 2. málsliðs 2. mgr. 4. gr. laga nr. 77/1921, um hlutafélög. Tala stofnenda skal og óháð ákvæðum 1. málsliðs þeirrar málsgreinar. Sama máli gegnir um tölu hluthafa þess, að því er varðar 38. gr. hlutafélagslaganna.

Fulltrúar í stjórn hlutafélagsins mega vera erlendir ríkisborgar og búsettir erlendis, þó ekki sá meiri hluti, sem áskilinn er í 2. gr. hér að framan. Þurfa stjórnendur ekki að eiga hlut í félaginu. Fulltrúar af hálfu ríkisins skulu skipaðir af ráðherra.

Hlutabréf í félaginu skulu skráð á nafn. Ákvæði 2. málsliðs 2. málsgreinar 31. gr. laga nr. 77/1921, um hlutafélög, skulu ekki takmarka atkvæðisrétt hluthafa í félaginu.

7. gr.

Iðnaðarráðherra fer með mál, er varða eignarhlutdeild ríkisins í hlutafélagi samkv. 1. gr. og aðild að starfsemi þess.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Nýting þörunga hefur lengi verið áhugamál hérlendis og margir aðilar hafa gert athuganir og tilraunir þar að lútandi. Þessar rannsóknir hafa beinzt að þangi og öðrum þörungagróðri, sem vex á fjörum, sem koma upp úr sjó á lágflæði, og þara, sem vex á meira dýpi og kemur að jafnaði ekki upp úr sjó. Yfirlit um þessa rannsóknastarfsemi hefur verið tekið saman af Sigurði V. Hallssyni, verkfræðingi, í skýrslu til Rannsóknaráðs ríkisins og Orkustofnunar frá maí 1969.

Um 1950 hófust rannsóknir á vegum Rannsóknaráðs ríkisins á þaramiðum í Breiðafirði, og á árunum þar á eftir voru gerðar á vegum ráðsins athuganir á framleiðslu alginsalta úr þara.

Eftir 1956 fóru fram rannsóknir á þaramiðum, öflunaraðferðum og þaraþurrkunaraðferðum á vegum Raforkumálastjóra. Þeim rannsóknum var haldið áfram allt til ársins 1968 af Sigurði V. Hallssyni með stuðningi Raforkumálastjóra (síðar orkumálastjóra).

Árið 1968 hófst samvinna Orkustofnunar og rannsóknaráðs ríkisins um athuganir á rekstri þaraþurrkstöðvar á Reykhólum. Var þá gerð yfirlitsáætlun um hagkvæmni þaramjölsverksmiðja af mismunandi stærðum, en aðaláætlun byggðist á framleiðslu 1200 tonna á ári af þaramjöli. Á þeim grundvelli voru á árunum 1968 til 1971 gerðar ítarlegar athuganir á möguleikum til framleiðslu þaramjöls til alginframleiðslu.

Talið var að fullnægjandi öflunaraðferðir hefðu verið reyndar og þekkt þaramið kortlögð og önnur ný fundin og kortlögð. Gróflega áætlað var talið að þessi mið gætu staðið undir allt að 10—12000 tonna framleiðslu á ári af þurrkuðum hrossaþara auk annarra þörunga. Aðferð til þurrkunar var reynd og þrátt fyrir mikla tæknilega erfiðleika, sem ekki voru að fullu leystir, var talið að gerlegt yrði að þurrka þara við þessar aðstæður. Markaðsathugun leiddi hins vegar í ljós, að litlar líkur voru fyrir sölu á verulegu magni þaramjöls á hagstæðu verði og varð því ekki úr frekari rannsóknum á þessu sviði.

Athuganir, sem fram hafa farið á vegum Rannsóknaráðs ríkisins og einnig fyrirtækisins Sjávaryrkjan hf., hafa hins vegar leitt í ljós mikinn áhuga á kaupum á **þangmjöli**, bæði til landbúnaðarnota í Bandaríkjunum og alginframleiðslu í Skotlandi. Skozkt fyrirtæki Alginate Indrustries Ltd., hefur staðfest í bréfi til Rannsóknaráðs ríkisins, sem fylgir hér með, þann vilja sinn að kaupa 4000 tonn af þangmjöli árið 1974, sem aukist í allt að 10 000 tonn síðar. Boðið er upp á 10 ára endurnýjanlegan samning um kaup og tæknilega aðstoð við að koma fyrirtækinu á fót.

Á grundvelli þessa tilboðs hefur Rannsóknaráð ríkisins látið gera áætlun um framleiðslu 4000 tonna á ári af þangmjöli, en talið er líklegt að þangmið á Breiðafirði geti staðið undir a. m. k. 10 000 tonna framleiðslu á ári af þangmjöli. Áætlun þessi og ítarlegar upplýsingar, bæði um þangvinnslu og fyrri rannsóknir á þaravinnslu, eru birtar í skýrslu Rannsóknaráðs um þang- og þaraþurrkstöð á Reykhólum við Breiðafjörð frá október 1972. Er vísað í þá skýrslu til nánari upplýsinga.

Í aðaldráttum er hugsanleg starfsrás þangþurrkstöðvar sýnd á meðfylgjandi mynd. Gert er ráð fyrir vélskurði á fersku þangi og flutningskerfi með skipum að og frá verksmiðju, sem reist yrði á Karlsey út af Reykhólum. Reiknað er með því,

að þangið sé þvegið í volgu vatni fyrir þurrkun og auðgað að hlutfallslegu algininnihaldi upp í a. m. k. 40% og síðan þurrkað með jarðhita. Forsendur þesarar vinnslu eru óvenju auðug þangmið í Breiðafirði og jarðhiti á Reykhólum.

Á grundvelli 7 mánaða starfstíma þarf til þurrkunar og skolunar um 45 1/sek af 95°C heitu vatni, aflþörf yrði um 200 kW. Reiknað er með, að fast starfslið yrði 4 menn allt árið, en 24 menn mundu starfa í 7 mánuði og 19 í 3 mánuði yfir sumartímann. Endurskoðun á rekstrartilhögun á þeim grundvelli, að verksmiðjan starfaði allan ársins hring, væri þó æskileg.

Stofnkostnaður við þangmjölsverksmiðjuna er áætlaður nálægt 128 milljónir króna. Rekstrarkostnaður er áætlaður um kr. 43,1 milljón á ári, eða 10 800 kr./tonn miðað við 4000 tonna ársframleiðslu. Söluverðmæti er áætlað 55,9 milljónir króna. Þetta svarar til 10% endurheimtu af stofnfé á undan sköttum og vaxtagreiðslum.

Til að gera þennan rekstur mögulegan þarf hið opinbera að leggja í fjárfestingu vegna hafnarmannvirkja, vegagerðar, jarðhitavirkjunar og raflínu, sem áætluð er um 60 milljónir króna.

Tekjur fyrirtækisins yrðu hreinar útflutningstekjur, sem gætu aukizt frá 55 milljónum króna upp í 140 milljónir króna á ári miðað við fulla stærð. Tekjur hins opinbera af seldri þjónustu og beinum sköttum fyrirtækisins gætu numið um 7,8 milljónum á ári í byrjun og aukizt upp í 20 milljónir við fulla stækkun verksmiðjunnar.

Meginniðurstaða þessarar áætlunar Rannsóknaráðs ríkisins er sú, að hér sé um athyglisverðan möguleika að ræða og líkur séu fyrir því, að traustar tæknilegar og viðskiptalegar forsendur séu fyrir hendi. Lagt er til, að ríkisstjórnin beiti sér fyrir athugun á málinu með framkvæmdir fyrir augum.

Í viðræðum hafa fulltrúar hins skozka fyrirtækis lagt ríka áherzlu á það, að orðið geti úr kaupum á 4000 tonnum af þangmjöli frá þangmjölsverksmiðju á Reykhólum á árinu 1974. Ef það reynist ekki unnt verður fyrirtækið að gera aðrar ráðstafanir í hráefnisútvegun sinni. Með tilliti til þessara naumu tímamarka þarf að hefja undirbúning hið allra fyrsta, þannig að hægt verði að taka ákvörðun um byggingu og panta tæki til verksmiðjunnar í marz-apríl 1973 og hefja framkvæmdir við vega- og hafnargerð svo fljótt sem aðstæður leyfa eftir það.


Undirbúningsfyrirtæki því, sem frumvarp þetta fjallar um, er ætlað að sjá um undirbúning þessa máls, þannig að hægt sé að standa við ofangreinda tímaáætlun og jafnframt tryggja eðlilega meðferð málsins vegna endanlegrar athugunar á hagkvæmni og ákvörðunartöku um framkvæmd.

Frumvarpi þessu fylgja:

Fskj. nr. I. Mynd af starfsrás væntanlegrar verksmiðju.

Fskj. nr. II. Þýðing á bréfi frá skozka fyrirtækinu „Alginate Industries“, dags. 29. sept. 1972.

Fylgiskjal I.



Fylgiskjal II.

RANNSÓKNARÁÐ RÍKISINS.

Fylgiskjal með frumvarpi til laga um þörungavinnslu á Reykhólum.

Þýðing á bréfi frá Alginate Industries, Skotlandi.

29. september 1972.

Hr. Steingrímur Hermannsson, framkvæmdastjóri,
Rannsóknaráð ríkisins,
v/Hringbraut,
Reykjavík,
Íslandi.

Kæri hr. Hermannsson,

Með tilvísun til viðræðna hr. Pery við yður og bréfs hans frá 12. september, vil ég staðfesta, að á stjórnarfundi 29. september var ákveðið, að AIL (Alginate Industries Ltd.) myndi hefja kaup frá Íslandi á 4000 tonnum af þvegnu, þurrkuðu, möluðu Ascophyllum þangi árið 1974 og í að minnsta kosti 10 ár þar eftir, með forgangsrétt handa AIL að halda áfram kaupunum eftir það, svo framarlega sem alginatinnihald þangsins (eins og það er ákvarðað með okkar aðferðum við rannsóknir á sýnishornum fram að þessu) sé ekki minna en 40% og meðalþurrefnisinnihald ekki lægra en 87%.

Verðið, sem greitt yrði af AIL yrði £70 á tonn fob. Reykhólar fyrir sendingar á árinu 1974, en yrði umsamið árlega eftir það, þannig að tekið yrði tillit til hækkunar eða lækkunar á framleiðslukostnaði.

Að því er varðar framtíðarmagn virðast allar líkur benda til þess, að við þurfum á vaxandi magni Ascophyllum þangs að halda og að svo miklu leyti, sem hægt er að spá fyrir um framtíðarvöxt eftirspurnar eftir alginötum, áætlun við, að þarfir okkar fyrir Ascophyllum þang frá Íslandi muni aukast um 1500 tonn á ári upp í hámark 10 000 tonn á ári. Við munum að sjálfsögðu veita alla aðstoð, sem möguleg er við verkefnið, en óskum í staðinn eftir forgangsrétti til að kaupa alla framleiðsluna, með þeim skilmálum, sem raktir eru að ofan, að undanskyldu því magni, sem þörf er á til landbúnaðarnota á Íslandi.

Að lokum vil ég nota þetta tækifæri til þess að þakka yður fyrir viðleitni ráðs yðar til að styðja verkefni þetta svo langt áleiðis frá því í júlí og legg áherzlu á, að við gerum nú ráð fyrir því í framleiðsluáætlunum okkar, að 4000 tonn af Ascophyllum mjöli verði tiltækilegt frá Íslandi á árinu 1974.

Virðingarfyllst,

W. R. Merton, stjórnarformaður.
(sign.)

Ed. 137. Breytingartillaga [2. mál]

við frv. til l. um Fósturskóla Íslands.

Frá Auði Auðuns, Birni Jónssyni, Þorv. Garðari Kristjánssyni og Jóni Árm. Héðinssyni.

Í stað orðanna „Fósturskóli Íslands“ í 1. mgr. 1. gr. frv. komi: Fóstrunarskóli Íslands. Nafn skólans í öðrum greinum frv., fyrirsögn þess og kaflafyrirsögnum breytist til samræmis við það.

Nd. 138. Nefndarálit [30. mál]

um frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka leigunámi tvö hvalveiðiskip hf. Hvals.

Frá minni hl. allsherjarnefndar.

Frv. á þskj. 31 er flutt til staðfestingar á brbl. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka leigunámi tvö hvalveiðiskip Hvals hf. til gæzlustarfa fyrir Landhelgisgæzluna. Þegar brbl. voru sett, höfðu ekki tekizt samningar um leigu slíks skips, enda hvalvertíð ekki lokið. Hinn 14. okt. s. l. tókust hins vegar samningar um leigu eins hvalveiðiskips, þar sem m. a. er það ákvæði um leigutímann, að forráðamönnum Hvals hf. skuli tilkynnt fyrir 1. marz n. k., hversu lengi Landhelgisgæzlan telur nauðsynlegt að hafa skipið á leigu. Fyrir þá sök er lagasetning um leigunám hvalveiðiskips til landhelgisgæzlustarfa óþörf.

Þótt það sé á valdi löggjafans að heimila leigunám, hlýtur stefna hans að vera sú að veita ekki slíkar heimildir nema í sérstökum undantekningartilfellum og þá um tiltekinn, skýrt afmarkaðan tíma. Slík regla á sérstaklega við, þegar um atvinnutæki er að ræða.

Undirritaðir draga ekki í efa, að Landhelgisgæzlan hafi verið í þörf fyrir aukinn skipakost á s. l. hausti, en eins og fyrr segir, hefur að nokkru verið bætt úr honum með leigusamningnum við Hval hf.

Af því, sem hér hefur verið rakið, leggjum við undirritaðir til, að frv. verði afgreitt með svofelldri

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Með því að samningar hafa tekizt milli dómsmálaráðuneytisins og Hvals hf. um leigu hvalveiðiskips fyrir Landhelgisgæzluna og ekkert liggur fyrir um, að til leigunáms á þessu eða öðrum hvalveiðiskipum þurfi að grípa, sér deildin ekki ástæðu til að afgreiða frv. þetta og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 5. des. 1972.

Halldór Blöndal, frsm. Ólafur G. Einarsson.

Ed. 139. Breytingartillaga [2. mál]

við frv. til l. um Fósturskóla Íslands.

Frá Ragnari Arnalds, Steingrími Hermannssyni, Páli Þorsteinssyni og Halldóri Kristjánssyni.

Í stað orðanna „Fósturskóli Íslands“ í 1. mgr. 1. gr. frv. komi: Fóstraskóli Íslands. Nafn skólans í öðrum greinum frv., fyrirsögn þess og kaflafyrirsögnum breytist til samræmis við það.

Sþ. 140. Fyrirspurnir. [109. mál]

I. Til menntamálaráðherra um menntun fjölfatlaðra.

Frá Oddi Ólafssyni.

Hvað hefur verið gert til þess að framkvæma þingsályktun frá 16. maí 1972, um menntun fjölfatlaðra?

II. Til menntamálaráðherra um kennslu í sjúkraþjálfun.

Frá Oddi Ólafssyni.

Má vænta þess, að Háskóli Íslands hefji kennslu í sjúkraþjálfun haustið 1973?

Ed. 141. Nefndarálit [39. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 87 24. des. 1971, um orlof.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og mælir með samþykkt þess með svofelldri

BREYTINGU:

Á eftir 2. gr. komi ný grein, svofelld, og breytist greinatalan samkv. því:

16. gr. orðist svo:

Ef eigi er öðruvísi ákveðið í lögum þessum, skulu öll mál út af réttindum og skyldum samkvæmt þeim og til fullnægingar öllum kröfum í því sambandi sæta almennri meðferð einkamála, þó þannig, að nægilegt er, að dómari leiti þar sátta.

Alþingi, 6. des. 1972.

Björn Jónsson, form., frsm.	Steingrímur Hermannsson, fundaskr.	Björn Fr. Björnsson.
Eggert G. Þorsteinsson.	Helgi F. Seljan.	Þorv. Garðar Kristjánsson, með fyrirvara.
	Auður Auðuns, með fyrirvara.	

Nd. 142. Nefndarálit [30. mál]

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka leigunámi tvö hvalveiðiskip hf. Hvals.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

Nefndin hefur rætt frumvarpið, en ekki orðið sammála um afgreiðslu þess. Meiri hl. nefndarinnar leggur til, að frv. verði samþykkt óbreytt. Einn nm. PP,

skrifar undir nefndarálitið með fyrirvara. Bjarni Guðnason var fjarstaddur, þegar málið var afgreitt.

Alþingi, 6. des. 1972.

Svava Jakobsdóttir, form. | Stefán Valgeirsson, frsm. | Jónas Jónsson.

Pétur Pétursson, með fyrirvara.

Ed. 143. Frumvarp til laga [110. mál]

um breyting á lögum nr. 85 30. des. 1963, um Lífeyrissjóð barnakennara, og lögum nr. 50 22. apríl 1967, um breyting á þeim lögum.

(Lagt fyrir Alþingi á 93. löggjafarþingi, 1972.)

1. gr.

1. málsliður 2. málsgr. 12. gr. laganna orðist svo:

Upphæð makalífeyris er hundraðshluti af launum þeim, sem á hverjum tíma fylgja starfi því, er hinn látni gegndi síðast.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1973.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta gerir ráð fyrir breytingu á lífeyri til eftirlifandi maka sjóðfélaga í Lífeyrissjóði barnakennara til samræmis við breytingu, sem Alþingi samþykkti á síðasta þingi á lögum nr. 29/1963, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins.

Nd. 144. Frumvarp til laga [111. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að fullgilda fyrir Íslands hönd samning milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar um aðstoð í skattamálum.

(Lagt fyrir Alþingi á 93. löggjafarþingi, 1972.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að fullgilda fyrir Íslands hönd samning milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar um aðstoð í skattamálum, sem undirritaður var í Stokkhólmi 9. nóvember 1972 og prentaður er sem fylgiskjal með lögum þessum.

2. gr.

Þegar samningur sá, er um ræðir í 1. gr., hefur verið fullgiltur, skulu ákvæði hans hafa lagagildi hér á landi.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Fylgiskjal.

Aftale mellem Danmark, Finland, Island, Norge og Sverige om bistand i skattesager

Regeringerne i Danmark, Finland, Island, Norge og Sverige er, foranlediget af ønsket om at indgå en aftale om bistand i skattesager, blevet enige om følgende bestemmelser:

Almindelige bestemmelser

Artikel 1

De kontraherende stater forpligter sig til at yde hinanden bistand i skattesager på den nedenfor angivne måde.

Bistand ifølge denne aftale omfatter:

a) forkyndelse af dokumenter,

b) oplysning i skattesager, såsom tilvejebringelse af selvangivelser eller andre meddelelser og udveksling af oplysninger uden særlig begæring eller efter anmodning i det enkelte tilfælde,

c) fremskaffelse af selvangivelsesblanketter og andre skatteblanketter, samt

d) opkrævning og inddrivelse af skat.

Artikel 2

Som skat anses i denne aftale:

a) skat, på hvilken aftale mellem de kontraherende stater til undgåelse af dobbeltbeskatning for så vidt angår skatter på indkomst, formue, arv eller efterladenskaber i øvrigt finder anvendelse;

b) gaveafgifter;

Suomen, Islannin, Norjan, Ruotsin ja Tanskan välinen sopimus virka-avusta veroasioissa

Suomen, Islannin, Norjan, Ruotsin ja Tanskan hallitukset ovat, haluten tehdä veroasioissa annettavaa virka-apua koskevan sopimuksen, sopineet seuraavista määräyksistä:

Yleisiä määräyksiä

1 artikla

Sopimusvaltiot sitoutuvat antamaan toisilleen virka-apua veroasioissa jäljempänä mainitulla tavalla.

Tämän sopimuksen mukainen virka-apu voi koskea:

a) asiakirjain tiedoksiantoa,

b) selvitystä veroasioissa, kuten veroilmoitusten tai muiden ilmoitusten hankkimista ja tietojen vaihtamista ilman erityistä pyyntöä tai yksittäistapauksessa tehdystä esityksestä,

c) veroilmoitus- ja muiden verolomakkeiden saatavana pitämistä, sekä

d) veron kantoa ja perintää.

2 artikla

Verolla tarkoitetaan tässä sopimuksessa:

a) veroa, johon sovelletaan sopimusvaltioiden välistä, tulo-, omaisuus-, perintö- tai jäämistöveroa koskevan kaksinkertaisen verotuksen välttämiseksi tehtyä sopimusta;

b) lahjaveroa;

Avtal mellan Finland, Danmark, Island, Norge och Sverige om handräckning i skatteärenden

Regeringarna i Finland, Danmark, Island, Norge och Sverige har, föranledda av önskan att ingå ett avtal om handräckning i skatteärenden, överenskommit om följande bestämmelser:

Allmänna bestämmelser

Artikel 1

De avtalsslutande staterna förbinder sig att lämna varandra handräckning i skatteärenden på sätt nedan anges.

Handräckning enligt detta avtal kan avse:

a) delgivning av handlingar,

b) utredning i skatteärenden, såsom införskaffande av deklarationer eller andra uppgifter och utbyte av upplysningar utan särskild begäran eller efter framställning i det enskilda fallet,

c) tillhandahållande av deklarationsblanketter och andra skatteblanketter, samt

d) uppbörd och indrivning av skatt.

Artikel 2

Med skatt avses i detta avtal:

a) skatt, på vilken avtal mellan de avtalsslutande staterna för undvikande av dubbelbeskattning beträffande skatter på inkomst, förmögenhet, arv eller kvarlåtenskap äger tillämpning;

b) gåvoskatt;

Samningur milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar um aðstoð í skattamálum

Ríkisstjórnir Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar, sem óska að gera með sér samning um aðstoð í skattamálum, hafa orðið sammála um eftirfarandi ákvæði:

Almenn ákvæði

1. gr.

Aðildarríkin skuldbinda sig til að veita hvert öðru aðstoð í skattamálum á þann hátt, sem greinir hér á eftir.

Aðstoð samkvæmt samningi þessum tekur til:

a) birtingar skjala,

b) rannsókna í skattamálum, svo sem öflunar framtala eða annarra upplýsinga og skipta á upplýsingum bæði án sérstakrar beiðni og samkvæmt beiðni hverju sinni,

c) afhendingar framtalseyðublaða og annarra skatteyðublaða, svo og

d) innheimtu skatta.

2. gr.

Með skatti er í samningi þessum átt við:

a) skatt, sem samningur milli aðildarríkjanna til þess að komast hjá tvísköttun tekna, eigna, arfs eða eftirlátinna eigna tekur til;

b) gjafaskatt;

Avtale mellom Norge, Danmark, Finland, Island og Sverige om bistand i skattesaker

Regjeringene i Norge, Danmark, Finland, Island og Sverige som ønsker å inngå en avtale om bistand i skattesaker, er blitt enige om følgende bestemmelser:

Alminnelige bestemmelser

Artikkel 1

De kontraherende stater forplikter seg til å yte hverandre bistand i skattesaker på den måte som er angitt nedenfor.

Bistand etter denne avtale omfatter:

a) forkynnelse av dokumenter,

b) opplysninger i skattesaker, så som fremskaffing av selvangivelser eller andre oppgåver og utveksling av opplysninger uten særskilt begjæring eller etter anmodning i det enkelte tilfelle,

c) fremskaffing av selvangivelsesblanketter og andre skatteblanketter, samt

d) oppkreving og inndriving av skatt.

Artikkel 2

Som skatt anses i denne avtale:

a) skatt som går inn under avtalene mellom de kontraherende stater til unngåelse av dobbeltbeskatning for så vidt angår skatt på inntekt, formue, arv eller etterlatenskaper,

b) avgift på gaver,

Avtal mellan Sverige, Danmark, Finland, Island och Norge om handräckning i skatteärenden

Regeringarna i Sverige, Danmark, Finland, Island och Norge har, föranledda av önskan att ingå ett avtal om handräckning i skatteärenden, överenskommit om följande bestämmelser:

Allmänna bestämmelser

Artikel 1

De avtalsslutande staterna förbinder sig att lämna varandra handräckning i skatteärenden på sätt nedan anges.

Handräckning enligt detta avtal kan avse:

a) delgivning av handlingar,

b) utredning i skatteärenden, såsom införskaffande av deklarationer eller andra uppgifter och utbyte av upplysningar utan särskild begäran eller efter framställning i det enskilda fallet,

c) tillhandahållande av deklarationsblanketter och andra skatteblanketter, samt

d) uppbörd och indrivning av skatt.

Artikel 2

Med skatt avses i detta avtal:

a) skatt, på vilken avtal mellan de avtalsslutande staterna för undvikande av dubbelbeskattning beträffande skatter på inkomst, förmögenhet, arv eller kvarlåtenskap äger tillämpning;

b) gåvoskatt;

c) motorafgifter, i det omfang som angives i en i henhold til artikel 20 truffen aftale;

d) merværdiafgift og anden almindelig omsætningsafgift, i det omfang som angives i en i henhold til artikel 20 truffen aftale;

e) socialforsikringsbidrag og andre bidrag til det offentlige, i det omfang som angives i en i henhold til artikel 20 truffen aftale.

Med skat ligestilles forskud på sådan skat og afgift, som omfattes af denne artikels første stykke.

Artikel 3

En kontraherende stat er pligtig at yde bistand i henhold til art. 1 i alle de skattesager og med hensyn til alle de skattekrav, som er opstået i en anden kontraherende stat i overensstemmelse med dennes lovgivning vedrørende de skatter, afgifter og bidrag som omfattes af artikel 2. I sager vedrørende skatter, som omfattes af artikel 2 a) foreligger en sådan pligt dog kun, såfremt skatten omfattes af en aftale til undgåelse af dobbeltbeskatning med den kontraherende stat, som begærer bistanden.

Bistanden kan omfatte foranstaltninger ikke blot over for skattepligtige men tillige over for arbejdsgivere og andre, som har været pligtige at tilbageholde skat ved udbetaling af løn eller anden ydelse, og over for andre, som ifølge lovgivningen i den stat, som begærer bistanden, er ansvalige for skat.

c) moottoriajoneuvoveroa, siinä laajuudessa, kuin määrätään 20 artiklan mukaisessa sopimuksessa;

d) lisäarvonveroa ja muuta yleistä liikevaihtoveroa, siinä laajuudessa, kuin määrätään 20 artiklan mukaisessa sopimuksessa;

e) sosiaalivakuutus- ja muita julkisia maksuja, siinä laajuudessa, kuin määrätään 20 artiklan mukaisessa sopimuksessa.

Veroon rinnastetaan 1 kappaleessa tarkoitetun veron ja maksun ennakko.

3 artikla

Sopimusvaltio on velvollinen antamaan 1 artiklan mukaista virka-apua kaikissa niissä veroasioissa ja kaikkiin niihin verovaateisiin nähden, jotka ovat syntyneet toisessa sopimusvaltiossa sen lainsäädännön mukaan ja jotka koskevat 2 artiklassa tarkoitettuja veroja ja maksuja. Sopimuksen 2 artiklan a) kohdassa tarkoitettua veroa koskevissa asioissa tällainen velvollisuus on kuitenkin vain, jos vero kuuluu virka-apua pyytävän valtion kanssa kaksinkertaisen verotuksen välttämiseksi tehdyn sopimuksen piiriin.

Virka-apu voi koskea sekä toimenpidettä, joka kohdistuu verovelvolliseen, että toimenpidettä, jonka kohteena on työnantaja tai muu henkilö, joka maksaessaan palkkaa tai muuta etuutta on ollut velvollinen pidättämään siitä veroa, ja muu henkilö, joka virka-apua pyytävän valtion lainsäädännön mukaan on vastuussa verosta.

c) motorfordonsskatt, i den omfattning som anges i överenskommelse enligt artikel 20;

d) mervärdeskatt och annan allmän omsättningsskatt, i den omfattning som anges i överenskommelse enligt artikel 20;

e) socialförsäkringsavgifter och andra offentliga avgifter, i den omfattning som anges i överenskommelse enligt artikel 20.

Med skatt likställes förskott på sådan skatt och avgift som avses i första stycket.

Artikel 3

Avtalsslutande stat är skyldig lämna handräckning enligt artikel 1 i alla de skatteärenden och i fråga om alla de skatteanspråk, som uppkommit i annan avtalsslutande stat i enlighet med dess lagstiftning beträffande de skatter och avgifter som omfattas av artikel 2. I ärenden rörande skatt som avses i artikel 2 a) föreligger dock sådan skyldighet endast om skatten omfattas av avtal för undvikande av dubbelbeskattning med den avtalsslutande stat som begär handräckningen.

Handräckning får avse åtgärd icke blott mot skattskyldig utan även mot arbetsgivare och annan, som har varit skyldig att innehålla skatt vid utbetalning av lön eller annan förmån, och mot annan som enligt lagstiftningen i den stat som begär handräckningen är ansvarig för skatt.

c) skatt af vélknúnum ökutækjum, að því leyti, sem greinir í samkomulagi samkvæmt 20. gr;

d) virðisaukaskatt og annan almennan söluskatt, að því leyti, sem greinir í samkomulagi samkvæmt 20. gr;

e) almannatryggingagjöld og önnur opinber gjöld, að því leyti, sem greinir í samkomulagi samkvæmt 20. gr.

Með skatti er jafnframt átt við fyrirframgreiðslu þeirra skatta og gjalda, sem fyrri málsgrein þessarar greinar tekur til.

3. gr.

Aðildarríki er skylt að veita aðstoð samkvæmt 1. gr. í öllum þeim skattamálum og við allar þær skattakröfur, sem fram hafa komið í öðru aðildarríki í samræmi við löggjöf þess, og varða þá skatta og gjöld, sem 2. gr. tekur til. Í skattamálum, sem 2. gr. a) tekur til, er þessi skylda þó því aðeins fyrir hendi, að skatturinn falli undir samning til að komast hjá tvísköttun við það aðildarríki, sem aðstoðar óskar.

Aðstoð getur ekki aðeins tekið til aðgerða gegn þeim, sem skatt skuldar, heldur einnig gegn vinnuveitanda og öðrum, sem skylt var að halda eftir fé til greiðslu skatta við útborgun launa eða annarrar þóknunar, svo og gegn öðrum þeim, sem ábyrgð bera á sköttum samkvæmt löggjöf þess ríkis, er aðstoðar óskar.

c) motorvognavgift i den utstrekning det følger av avtale i henhold til artikkel 20,

d) merverdiavgift og annen alminnelig omsetningsavgift i den utstrekning det følger av avtale i henhold til artikkel 20,

e) avgifter til folketrygden og andre offentlige avgifter i den utstrekning det følger av avtale i henhold til artikkel 20.

Med skatt likestilles forskudd på skatt og avgift som går inn under første ledd i denne artikkel.

Artikkel 3

En kontraherende stat er etter artikkel 1 pliktig til å yte bistand i alle skattesaker og skattekrav som er oppstått etter lovgivningen i en kontraherende stat når det gjelder skatter og avgifter som går inn under artikkel 2. I saker om skatt etter artikkel 2 a foreligger det dog bare en slik plikt når skatten går inn under en avtale til unngåelse av dobbeltbeskatning med den kontraherende stat som begjærer bistand.

Biştanden kan omfatte tiltak ikke bare overfor skattytere, men også overfor arbeidsgivere og andre som har hatt plikt til å holde tilbake skatt ved utbetaling av lønn eller annen ytelse og overfor andre som etter lovgivningen i den stat som har begjært bistand, er ansvarlig for skatt.

c) motorfordonsskatt, i den omfattning som anges i överenskommelse enligt artikel 20;

d) mervärdeskatt och annan allmän omsättningsskatt, i den omfattning som anges i överenskommelse enligt artikel 20;

e) socialförsäkringsavgifter och andra offentliga avgifter, i den omfattning som anges i överenskommelse enligt artikel 20.

Med skatt likställes förskott på sådan skatt och avgift som avses i första stycket.

Artikel 3

Avtalsslutande stat är skyldig lämna handräckning enligt artikel 1 i alla de skatteärenden och i fråga om alla de skatteanspråk, som uppkommit i annan avtalsslutande stat i enlighet med dess lagstiftning beträffande de skatter och avgifter som omfattas av artikel 2. I ärenden rörande skatt som avses i artikel 2 a) föreligger dock sådan skyldighet endast om skatten omfattas av avtal för undvikande av dubbelbeskattning med den avtalsslutande stat som begär handräckningen.

Handräckning får avse åtgärd icke blott mot skattskyldig utan även mot arbetsgivare och annan, som har varit skyldig att innehålla skatt vid utbetalning av lön eller annan förmån, och mot annan som enligt lagstiftningen i den stat som begär handräckningen är ansvarig för skatt.

Artikel 4

Anmodning om bistand og skriftveksling mellem de kontraherende stater i henhold til denne aftale iværksættes af den kompetente myndighed i disse stater.

Ved "den kompetente myndighed" forstås
for Danmarks vedkommende: Finansministeriet, skattedepartementet,
for Finlands vedkommende: Finansministeriet og skattestyrelsen,
for Islands vedkommende: Finansministeriet (fjármálaráðuneytið),
for Norges vedkommende: Finans- og tolldepartementet og
for Sveriges vedkommende: Finansdepartementet,

eller sådan myndighed i enhver af disse stater, der er bemyndiget til på ovennævnte myndigheders vegne at behandle spørgsmål, der omfattes af denne aftale.

4 artikla

Tämän sopimuksen mukaisen, virka-apua koskevan esityksen tekemisestä ja sopimusvaltioiden välisestä kirjeenvaihdosta huolehtivat näiden valtioiden asianomaiset viranomaiset.

Sanonnalla "asianomainen viranomainen" tarkoitetaan Suomen osalta: valtiovarainministeriötä ja verohallitusta, Islannin osalta: valtiovarainministeriötä (fjármálaráðuneytið), Norjan osalta: valtiovarain- ja tullidepartementtiä (finans- og tolldepartementet), Ruotsin osalta: valtiovaraindepartementtiä (finansdepartementet) ja Tanskan osalta: valtiovarainministeriön verodepartementtiä (finansministeriet, skattedepartementet),

tai sellaista kunkin valtion viranomaista, jolle on annettu tehtäväksi edellä mainittujen viranomaisten sijasta hoitaa tämän sopimuksen piiriin kuuluvia kysymyksiä.

Artikel 4

Framställning om handräckning och skriftväxling mellan de avtalsslutande staterna enligt detta avtal ombesörjes av behörig myndighet i dessa stater.

Med "behörig myndighet" avses för Finlands vidkommande: finansministeriet och skattestyrelsen, för Danmarks vidkommande: finansministeriet, skattedepartementet, för Islands vidkommande: finansministeriet (fjármálaráðuneytið), för Norges vidkommande: finans- og tolldepartementet och för Sveriges vidkommande: finansdepartementet,

eller sådan myndighet i envar av dessa stater åt vilken uppdragits att i ovannämnda myndigheters ställe handha frågor enligt detta avtal.

Artikel 5

Anmodninger og andre dokumenter i sager vedrørende bistand skal være affattede på dansk, norsk eller svensk eller være bilagt en oversættelse til et af disse sprog. For sager vedrørende forkyndelse gælder dette dog alene anmodningen om forkyndelse.

I anmodninger om bistand skal angives den myndighed, som primært har begæret bistanden, samt navn, erhverv eller titel, adresse, fødselsdata og hjemstedskommune, samt, om muligt, arbejdsplads og opholdssted ved-

5 artikla

Esitysten ja muiden virka-apua koskevien asiakirjojen tulee olla laaditut norjan-, ruotsin- tai tanskankielellä taikka on niihin liitettävä käännös johonkin näistä kielistä. Tiedoksiantoa koskevissa asioissa tämä koskee kuitenkin vain tiedoksiantoa koskevaa esitystä.

Virka-apua koskevassa esityksessä on mainittava se viranomainen, joka ensisijaisesti on virka-avun pyytänyt, sekä sen henkilön nimi, arvo tai ammatti, osoite, syntymäaika ja kotikunta, jota asia koskee, sekä, mikäli

Artikel 5

Framställningar och andra handlingar i ärenden angående handräckning skall vara avfattade på danska, norska eller svenska språket eller vara åtföljda av en översättning till något av dessa språk. Beträffande ärenden om delgivning gäller detta dock endast framställningen om delgivning.

I framställning om handräckning skall anges den myndighet som i första hand begärt handräckningen samt namn, yrke eller titel, adress, födelsedata och hemortskommun samt, om möjligt, arbetsplats och vistelseort

4. gr.

Bær stjórnvöld í aðildarríkjunum annast beiðnir um aðstoð og bréfaskipti milli ríkjanna samkvæmt samningi þessum.

Með orðunum "bær stjórnvöld" er í samningi þessum átt við: á Íslandi: fjármálaráðuneytið, í Danmörku: fjármálaráðuneytið, skattamáladeild, í Finnlandi: fjármálaráðuneytið og skattamálastjórnina, í Noregi: fjármála- og tollaráðuneytið og í Svíþjóð: fjármálaráðuneytið eða þau stjórnvöld í hverju þessara ríkja, sem falið hefir verið að annast um málefni varðandi samning þennan í stað framangreindra stjórnvalda.

5. gr.

Beiðnir og önnur skjöl í málum varðandi aðstoð skulu vera samin á dönsku, norsku eða sænsku, en ella skal fylgja þeim þýðing á eitthvert þessara tungumála. Í málum, sem varða birtingu, á þetta þó aðeins við um sjálfa birtingarbeiðnina.

Í beiðni um aðstoð skal tilgreina það stjórnvald, sem upphaflega hefir beðið um aðstoðina, ennfremur nafn, stöðu eða titil, heimilisfang, fæðingardag og ár og heimilissveit, svo og, ef unnt er, vinnustað og

Artikkel 4

Anmodning om bistand og skriftveksling mellom de kontraherende stater i henhold til denne avtale foretas av de kompetente myndigheter i disse statene.

Med "kompetente myndigheter" forstås

for Norges vedkommende: Finans- og tolldepartementet,

for Danmarks vedkommende: Finansministeriet, skattedepartementet,

for Finlands vedkommende: Finansministeriet og skattestyrelsen,

For Islands vedkommende: Finansministeriet (fjármálaráðuneytið), og

for Sveriges vedkommende: Finansdepartementet.

eller den myndighet i hver av disse statene som har fått i oppdrag å behandle spørsmål vedrørende denne avtale istedenfor de myndigheter som er nevnt ovenfor.

Artikkel 5

Anmodninger og andre dokumenter i saker som gjelder bistand, skal være skrevet på norsk, dansk eller svensk eller skal ha som vedlegg en oversettelse til et av disse språk. Når det gjelder forkynnelse, gjelder dette bare anmodningen om forkynnelse.

I anmodningen om bistand skal angis den myndighet som først har bedt om bistanden, samt navn, yrke eller tittel, adresse, fødselsdata og bostedskommune, og om mulig, arbeidsplass og oppholdssted for

Artikel 4

Framställning om handräckning och skriftväxling mellan de avtalsslutande staterna enligt detta avtal ombesörjes av behörig myndighet i dessa stater.

Med "behörig myndighet" avses för Sveriges vidkommande: finansdepartementet, för Danmarks vidkommande: finansministeriet, skattedepartementet, för Finlands vidkommande: finansministeriet och skattestyrelsen, för Islands vidkommande: finansministeriet (fjármálaráðuneytið) och för Norges vidkommande: finans- och tolldepartementet,

eller sådan myndighet i envar av dessa stater åt vilken uppdragits att i ovannämnda myndigheters ställe handha frågor enligt detta avtal.

Artikel 5

Framställningar och andra handlingar i ärenden angående handräckning skall vara avfattade på danska, norska eller svenska språket eller vara åtföljda av en översättning till något av dessa språk. Beträffande ärenden om delgivning gäller detta dock endast framställningen om delgivning.

I framställning om handräckning skall anges den myndighet som i första hand begärt handräckningen samt namn, yrke eller titel, adress, födelsedata och hemortskommun samt, om möjligt, arbetsplats och vistelse-

rørende den person, som sagen gælder. Anmodningen bør endvidere indeholde oplysning om øvrige omstændigheder, som kan tjene til vejledning for at identificere denne person.

Artikel 6

En anmodning om bistand kan afslås, såfremt den stat, hos hvilken bistanden er begæret, anser denne for at stride mod sine almene interesser.

Artikel 7

Såfremt en anmodning om bistand ikke efterkommes, skal den stat, som har begæret bistanden, ufortøvet underrettes om afgørelsen og motiveringen for denne.

Iværksættes bistanden, skal den stat, hos hvilken bistanden er begæret, snarest muligt underrette den anden stat om resultatet af bistanden.

Underretning i henhold til denne artikel skal tillige omfatte sådanne omstændigheder, som kan være af betydning for skattesagens videre behandling.

Artikel 8

Dokumenter, som er udfærdiget eller bekræftet af domstol eller forvaltningsmyndighed i en af de kontraherende stater, behøver ikke at blive legaliseret for at kunne anvendes i skattesager inden for en anden af de kontraherende staters område.

Tilsvarende gælder for så vidt angår dokumenter, som er underskrevet af en tjene-

mahdollista, hänen työpaikkansa ja oleskelupaikkakuntansa. Esityksen tulee lisäksi sisältää tieto muista seikoista, jotka saattavat olla ohjeena sanotun henkilön tunnistamiseksi.

6 artikla

Virka-apua koskeva esitys voidaan evätä, milloin se valtio, jolta virka-apua on pyydetty, katsoo virka-avun olevan sen yleisen edun vastainen.

7 artikla

Milloin virka-apua koskevaan esitykseen ei suostuta, on virka-apua pyytäneelle valtiolle viipymättä ilmoitettava päätöksestä ja sen syistä.

Milloin virka-apua annetaan, on sen valtion, jolta virka-apua on pyydetty, mahdollisimman pian ilmoitettava toiselle valtiolle, mihin tulokseen virka-apu on johtanut.

Tämän artiklan mukaisessa ilmoituksessa on mainittava myös sellaiset seikat, joilla saattaa olla merkitystä veroasiassa suoritettavien lisätoimenpiteiden kannalta.

8 artikla

Sopimusvaltion tuomioistuimen tai hallintoviranomaisen antamaa tai vahvistamaa asiakirjaa ei tarvitse laillistaa, jotta sitä voitaisiin käyttää veroasiassa toisen sopimusvaltion alueella. Tämä koskee vastaavasti asiakirjaa, jonka tuomioistuimen tai viranomaisen palveluksessa oleva virkamies on allekirjoittanut, jos tällainen allekirjoitus on

beträffande den person saken gäller. Framställningen bör vidare innehålla uppgift om övriga omständigheter, som kan tjäna till ledning för att identifiera denna person.

Artikel 6

Finner behörig myndighet i en av de avtalsslutande staterna att överläggningar i fråga om tolkning eller tillämpning av detta avtal bör ske mellan de behöriga myndigheterna i samtliga avtalsslutande stater, skall sådana överläggningar äga rum på begäran av denna stat.

21. gr.

Samningi þessum skal eigi beita

að því er Danmörku varðar: í Færeyjum og á Grænlandi;

Artikkel 21

Denne avtale skal ikke få anvendelse

for Norges vedkommende på Svalbard og Jan Mayen samt de norske besittelser utenfor Europa;

Artikel 21

Detta avtal skall icke tillämpas

för Danmarks vidkommande: på Färöarna och i Grönland;

for Norges vedkommende: på Svalbard og Jan Mayen samt på de norske besiddelser uden for Europa.

Artikel 22

Denne aftale træder i kraft fra begyndelsen af det kalenderår, som følger nærmest efter det år, da samtlige kontraherende stater har meddelt det svenske udenrigsdepartement, at de konstitutionelle foranstaltninger, som er nødvendige for aftalens ikrafttrædelse er gennemført. Det svenske udenrigsdepartement underretter de øvrige kontraherende stater om modtagelsen af disse meddelelser.

Artikel 23

Efter at denne aftale er trådt i kraft, skal dens bestemmelser anvendes på sager, som er indkommet efter ikrafttrædelsen til den kompetente myndighed i den stat, til hvilken anmodningen er rettet.

Nedennævnte aftaler skal ophøre med at gælde og skal sidste gang anvendes for så vidt angår sager, som er indkommet til den kompetente myndighed i den stat, til hvilken begæringen er rettet før ikrafttrædelsen af denne aftale:

Aftale af 10. marts 1943 mellem Finland og Sverige om bistand i skattesager;

Aftale af 17. december 1949 mellem Norge og Sverige om bistand i skattesager;

Aftale af 27. oktober 1953 mellem Danmark og Sverige om bistand i skattesager;

Tanskan osalta: Färsaarilla eikä Grönlannissa.

22 artikla

Tämä sopimus tulee voimaan sitä vuotta lähinnä seuraavan kalenterivuoden alusta alkaen, jona kaikki sopimusvaltiot ovat ilmoittaneet Ruotsin ulkoasiainedepartementille, että sopimuksen voimaantulon vaatimat valtiosännön mukaiset toimenpiteet on suoritettu. Ruotsin ulkoasiaindepartementti ilmoittaa muille sopimusvaltioille näiden ilmoitusten vastaanottamisesta.

23 artikla

Tämän sopimuksen voimaantultua on sen määräyksiä sovellettava asioihin, jotka ovat voimaantulon jälkeen saapuneet sen valtion, jolle esitys osoitetaan, asianomaiselle viranomaiselle.

Jäljempänä mainitut sopimukset lakkaavat olemasta voimassa ja niitä sovelletaan viimeisen kerran asioihin, jotka ovat saapuneet sen valtion, jolle esitys osoitetaan, asianomaiselle viranomaiselle ennen tämän sopimuksen voimaantuloa:

Suomen ja Ruotsin välillä virka-avusta veroasioissa 10 päivänä maaliskuuta 1943 tehty sopimus;

Norjan ja Ruotsin välillä virka-avusta veroasioissa 17 päivänä joulukuuta 1949 tehty sopimus;

Ruotsin ja Tanskan välillä virka-avusta veroasioissa 27 päivänä lokakuuta 1953 tehty sopimus;

för Norges vidkommande: på Svalbard och Jan Mayen samt de norska besittningarna utom Europa.

Artikel 22

Detta avtal träder i kraft med ingången av det kalenderår som följer närmast efter det år då samtliga avtalsslutande stater meddelat det svenska utrikesdepartementet att de konstitutionella åtgärder som kräves för avtalets ikraftträdande genomförts. Det svenska utrikesdepartementet underrättar de övriga avtalsslutande staterna om mottagandet av dessa meddelanden.

Artikel 23

Sedan detta avtal trätt i kraft skall dess bestämmelser tillämpas på ärenden som inkommit efter ikraftträdandet till den behöriga myndigheten i den stat till vilken framställningen riktas.

Nedanstående avtal skall upphöra att gälla och skall sista gången tillämpas beträffande ärenden som inkommit till den behöriga myndigheten i den stat till vilken framställningen riktas före ikraftträdandet av detta avtal:

Avtal den 10 mars 1943 mellan Finland och Sverige angående handräckning i skatteärenden;

Avtal den 17 december 1949 mellan Norge och Sverige angående handräckning i skatteärenden;

Avtal den 27 oktober 1953 mellan Danmark och Sverige angående handräckning i skatteärenden;

að því er Noreg varðar: á Svalbarða og Jan Mayen svo og á hinum norsku landsvæðum utan Evrópu.

22. gr.

Samningur þessi öðlast gildi við upphaf þess almanaksárs, sem næst kemur eftir því ári, er öll aðildarríkin hafa tilkynnt sænska utanríkisráðuneytinu, að uppfylltar hafi verið þær stjórnskipulegu kröfur, sem gerðar eru til gildistöku þessa samnings. Sænska utanríkisráðuneytið tilkynnir hinum aðildarríkjunum um móttöku þessara tilkynninga.

23. gr.

Þegar samningur þessi hefir tekið gildi, skal ákvæðum hans beitt um mál, sem borizt hafa eftir gildistökuna til viðkomandi stjórnvalds í því ríki, sem beiðni er beint til.

Eftirfarandi samningar skulu falla úr gildi, og skal síðast beita þeim við mál, sem borizt hafa viðkomandi stjórnvaldi í því ríki, sem beiðni er beint til, fyrir gildistöku þessa samnings:

Samningur, dags. 10. marz 1943, milli Finnlands og Svíþjóðar um aðstoð í skattamálum;

Samningur, dags. 17. desember 1949, milli Noregs og Svíþjóðar um aðstoð í skattamálum;

Samningur, dags. 27. október 1953, milli Danmerkur og Svíþjóðar um aðstoð í skattamálum;

for Danmarks vedkommende på Færøyene og på Grønland.

Artikkel 22

Denne avtale trer i kraft ved begynnelsen av det kalenderår som følger nærmest etter det år da samtlige kontraherende stater meddeler det svenske utenriksdepartementet at de forfatningsmessige tiltak som kreves for avtalens ikrafttredelse, er gjennomført. Det svenske utenriksdepartement meddeler de øvrige kontraherende stater om mottagelsen av disse meldinger.

Artikkel 23

Etter at denne avtale er trådt i kraft skal dens bestemmelser få anvendelse på saker som etter ikrafttredelsen er kommet inn til den kompetente myndighet i den stat som anmodningen er rettet til.

De avtaler som er nevnt nedenfor, skal opphøre å gjelde og skal siste gang få anvendelse på saker som er kommet inn til den kompetente myndighet i den stat som anmodningen er rettet til før ikrafttredelsen av denne avtale:

Avtale av 10. mars 1943 mellom Finland og Sverige om bistand i skattesaker;

Avtale av 17. desember 1949 mellom Norge og Sverige om bistand i skattesaker;

Avtale av 27. oktober 1953 mellom Danmark og Sverige om bistand i skattesaker;

för Norges vidkommande: på Svalbard och Jan Mayen samt de norska besittningarna utom Europa.

Artikel 22

Detta avtal träder i kraft med ingången av det kalenderår som följer närmast efter det år då samtliga avtalsslutande stater meddelat det svenska utrikesdepartementet att de konstitutionella åtgärder som kräves för avtalets ikraftträdande genomförts. Det svenska utrikesdepartementet underrättar de övriga avtalsslutande staterna om mottagandet av dessa meddelanden.

Artikel 23

Sedan detta avtal trätt i kraft skall dess bestämmelser tillämpas på ärenden som inkommit efter ikraftträdandet till den behöriga myndigheten i den stat till vilken framställningen riktas.

Nedanstående avtal skall upphöra att gälla och skall sista gången tillämpas beträffande ärenden som inkommit till den behöriga myndigheten i den stat till vilken framställningen riktas före ikraftträdandet av detta avtal:

Avtal den 10 mars 1943 mellan Sverige och Finland angående handräckning i skatteärenden;

Avttal den 17 december 1949 mellan Sverige och Norge angående handräckning i skatteärenden;

Avtal den 27 oktober 1953 mellan Sverige och Danmark angående handräckning i skatteärenden;

Aftale af 29. marts 1954 mellem Finland og Norge om bistand i skattesager;

Aftale af 18. juli 1955 mellem Danmark og Finland om bistand i skattesager; samt

Aftale af 23. maj 1956 mellem Danmark og Norge om bistand i skattesager.

Artikel 24

Denne aftale skal forblive i kraft uden tidsbegrænsning, men de kontraherende stater kan ad diplomatisk vej opsige aftalen ved underretning til enhver af de andre kontraherende stater senest 6 måneder før udgangen af et kalenderår. Er opsigelsesfristen iagttaget, ophører aftalen at gælde i forholdet mellem den stat, som har foretaget opsigelsen og de øvrige kontraherende stater med kalenderårets udgang.

Anmodning om bistand, som er indkommet til den kompetente myndighed i den stat, til hvilken anmodningen er rettet inden aftalen er ophørt med at gælde, skal efterkommes i overensstemmelse med aftalens bestemmelser.

Aftalen skal deponeres i det svenske udenrigsdepartement og bekræftede afskrifter skal af det svenske udenrigsdepartement tilstilles hver af de kontraherende staters regeringer.

Til bekræftelse heraf har undertegnede, dertil behørigt bemyndigede, undertegnet denne aftale og forsynet samme med deres segl.

Suomen ja Norjan välillä virka-avusta veroasioissa 29 päivänä maaliskuuta 1954 tehty sopimus;

Suomen ja Tanskan välillä virka-avusta veroasioissa 18 päivänä heinäkuuta 1955 tehty sopimus; sekä

Norjan ja Tanskan välillä virka-avusta veroasioissa 23 päivänä toukokuuta 1956 tehty sopimus.

24 artikla

Tämä sopimus on voimassa ilman aikarajoitusta, mutta sopimusvaltio voi irtisanoa sopimuksen diplomaattiteitse ilmoittamalla tästä muille sopimusvaltioille viimeistään kuusi kuukautta ennen kalenterivuoden päättymistä. Jos irtisanomisaikaa on noudatettu, sopimus lakkaa olemasta voimassa irtisanomisen toimittaneen valtion ja muiden sopimusvaltioiden välillä kalenterivuoden päättyessä.

Virka-apua koskevaan esitykseen, joka ennen kuin sopimus on lakannut olemasta voimassa, on saapunut sen valtion, jolle esitys on osoitettu, asianomaiselle viranomaiselle, on suostuttava sopimuksen määräysten mukaisesti.

Sopimus on talletettava Ruotsin ulkoasiainedepartementtiin ja on Routsin ulkoasiaindepartementin toimitettava oikeaksi todistetut jäljennökset siitä kullekin sopimusvaltion hallitukselle.

Tämän vakuudeksi ovat allekirjoittaneet, siihen asianmukaisesti valtuutettuina, allekirjoittaneet tämän sopimuksen ja varustaneet sen sineteillään.

Avtal den 29 mars 1954 mellan Finland och Norge angående handräckning i skatteärenden;

Avtal den 18 juli 1955 mellan Finland och Danmark angående handräckning i skatteärenden; samt

Avtal den 23 maj 1956 mellan Danmark och Norge om handräckning i skatteärenden.

Artikel 24

Detta avtal skall förbli i kraft utan tidsbegränsning men avtalsslutande stat kan på diplomatisk väg uppsäga avtalet genom underrättelser till envar av de andra avtalsslutande staterna senast sex månader före utgången av ett kalenderår. Har uppsägningstiden iakttagits upphör avtalet att gälla i förhållandet mellan den stat som verkställt uppsägningen och övriga avtalsslutande stater med kalenderårets utgång.

Framställning om handräckning, som inkommit till behörig myndighet i den stat till vilken framställningen riktats innan avtalet upphört att gälla, skall efterkommas i enlighet med avtalets bestämmelser.

Avtalet skall vara deponerat i det svenska utrikesdepartementet och bestyrkta avskrifter skall av det svenska utrikesdepartmentet tillställas var och en av de avtalsslutande staternas regeringar.

Till bekräftelse härav har undertecknade, därtill vederbörligen bemyndigade, undertecknat detta avtal och försett detsamma med sina sigill.

Samningur, dags. 29. marz 1954, milli Finnlands og Noregs um aðstoð í skattamálum;

Samningur, dags 18. júli 1955, milli Danmerkur og Finnlands um aðstoð í skattamálum; og

Samningur, dags. 23. maí 1956, milli Danmerkur og Noregs um aðstoð í skattamálum.

24. gr.

Samningur þessi gildir án tímatakmörkunar, en hvert aðildarríki getur sagt honum upp eftir diplómatískum leiðum með tilkynningu til sérhvers hinna aðildarríkjanna í síðasta lagi sex mánuðum fyrir lok almanaksárs. Hafi ákvæðanna um uppsagnartíma verið gætt, fellur samningurinn úr gildi í samskiptum milli þess ríkis, sem sagt hefir honum upp, og annarra aðildarríkja frá og með lokum þess almanaksárs.

Hafi beiðni um aðstoð borizt bæru stjórnvaldi í því ríki, sem aðstoðar er óskað í, áður en samningurinn fellur úr gildi, skal farið með hana samkvæmt ákvæðum samningsins.

Samningurinn skal varðveittur í utanríkisráðuneyti Svíþjóðar, og sænska utanríkisraðuneytið skal senda ríkisstjórn hvers aðildarríkis staðfest endurrit.

Til staðfestingar þessu hafa undirritaðir fulltrúar, sem til þess hafa fullgilt umboð, ritað undir þennan samning og sett við innsigli sín.

Avtale av 29. mars 1954 mellom Norge og Finland om bistand i skattesaker;

Avtale av 18. juli 1955 mellom Danmark og Finland om bistand i skattesaker;

Avtale av 23. mai 1956 mellom Norge og Danmark om bistand i skattesaker.

Artikkel 24

Denne avtale skal være i kraft uten tidsbegrensning, men de kontrahenrede stater kan på diplomatisk vei si opp avtalen ved underretning til hver av de andre kontraherende stater senest seks måneder før utgangen av et kalenderår. Er oppsigelsesfristen iakttatt, opphører avtalen å gjelde i forholdet mellom den stat som har sagt opp avtalen og de øvrige kontraherende stater ved utgangen av kalenderåret.

Anmodning om bistand som er kommet inn til kompetent myndighet i den stat som anmodningen er rettet til innen avtalen opphører å gjelde, skal etterkommes i henhold til avtalens bestemmelser.

Avtalen skal være deponert i det svenke utenriksdepartement som vil oversende bekreftede avskrifter til hver av de kontraherende staters regjeringer.

Til bekreftelse av dette har undertegnede, som er behørig bemyndiget, undertegnet denne avtale og forsynt den med deres segl.

Avtal den 29 mars 1954 mellan Finland och Norge angående handräckning i skatteärenden;

Avtal den 18 juli 1955 mellan Danmark och Finland angående handräckning i skatteärenden; samt

Avtal den 23 maj 1956 mellan Danmark och Norge om handräckning i skatteärenden.

Artikel 24

Detta avtal skall förbli i kraft utan tidsbegränsning men avtalsslutande stat kan på diplomatisk väg uppsäga avtalet genom underrättelser till envar av de andra avtalsslutande staterna senast sex månader före utgången av ett kalenderår. Har uppsägningstiden iakttagits upphör avtalet att gälla i förhållandet mellan den stat som verkställt uppsägningen och övriga avtalsslutande stater med kalenderårets utgång.

Framställning om handräckning, som inkommit till behörig myndighet i den stat till vilken framställningen riktats innan avtalet upphört att gälla, skall efterkommas i enlighet med avtalets bestämmelser.

Avtalet skall vara deponerat i det svenska utrikesdepartementet och bestyrkta avskrifter skall av det svenska utrikesdepartementet tillställas var och en av de avtalsslutande staternas regeringar.

Till bekräftelse härav har undertecknade, därtill vederbörligen bemyndigade, undertecknat detta avtal och försett detsamma med sina sigill.

Udfærdiget i Stockholm i et eksemplar på det danske, det finske, det islandske, det norske og det svenske sprog, idet der på det svenske sprog er udfærdiget to tekster, en for Finland og en for Sverige, hvilke samtlige tekster har lige gyldighed, den 9. november 1972.

Tehty Tukholmassa 9 päivänä marraskuuta 1972 yhtenä suomen-, islannin-, norjan-, ruotsin- ja tanskankielisenä kappaleena, jossa ruotsin kielellä on kaksi tekstiä, toinen Suomea ja toinen Ruotsia varten, kaikkien tekstien ollessa yhtä todistusvoimaiset.

Som skedde i Stockholm i ett exemplar på finska, danska, isländska, norska och svenska språken, varvid på svenska språket utfärdades två texter, en för Finland och en för Sverige, vilka samtliga texter har lika vitsord, den 9 november 1972.

E. Schram-Nielsen

Max Jakobson

Gert í Stokkhólmi í einu eintaki á hverju þessara mála: íslenzku, dönsku, finnsku, norsku og sænsku, og eru sænsku textarnir tveir, annar fyrir Finnland, hinn fyrir Svíþjóð, og skulu allir textar jafngildir, hinn 9. nóvember 1972.

Utferdiget i Stockholm i et eksemplar på norsk, dansk, finsk, islandsk og svensk, hvorav det på svensk er utfediget to tekster, en for Finland og en for Sverige, slik at samtlige tekster har samme gyldighet, den 9. november 1972.

Som skedde i Stockholm i ett exemplar på svenska, danska, finska, isländska och norska språken, varvid på svenska språket utfärdades två texter, en för Sverige och en för Finland, vilka samtliga texter har lika vitsord, den 9 november 1972.

Sveinn Björnsson

Henr. A. Broch

Sven-Eric Nilsson

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Norðurlönd hafa um langt skeið haft með sér samvinnu á mörgum sviðum og hefur sú samvinna verið mjög vaxandi. Þannig hefur Ísland gert samninga við hvert hinna Norðurlandanna til að koma í veg fyrir tvísköttun. Norðurlönd, önnur en Ísland, hafa sín á milli gert samninga um aðstoð í skattamálum.

Fyrir nokkrum árum kom fram sú hugmynd, að öll Norðurlöndin gerðu með sér fjölhliða gagnkvæman samning um aðstoð í skattamálum. Hafa sérfræðinganefndir unnið að máli þessu og náðist samkomulag milli þeirra á þessu ári. Samkomulagið var undirritað í Stokkhólmi 9. nóvember 1972 og er þess vænzt, að samningurinn verði fullgiltur af aðildarríkjunum á þessu ári, þannig að hann geti tekið gildi um næstu áramót.

Aðstoðin, sem gert er ráð fyrir, er aðallega tvenns konar:

Gagnkvæm aðstoð við rannsókn skattamála og skipti á upplýsingum og aðstoð við innheimtu skatta. Auk þessa er gert ráð fyrir, að aðstoðað verði við birtingu ýmissa skjala og skipzt á eyðublöðum í sambandi við skattamál. Samningurinn tekur til tekjuskatta og eignarskatta, bæði til ríkissjóðs og sveitarsjóða, ökutækjaskatta, virðisauka- og söluskatts, almannatryggingagjalda og annarra opinberra gjalda, sem ákvörðuð eru af skattstjórnarvöldum.

Samningur þessi mun auðvelda ýmislegt í framkvæmd skattamála og skatteftirliti.

Sþ. 145. Fyrirspurn [112. mál]

til samgönguráðherra um vegagerð á Vesturlandi.

Frá Skúla Alexanderssyni.

1. Eru þeir vegarkaflar á Ólafsvíkurvegi, sem lagðir hafa verið á síðustu árum, t. d. vegurinn fram hjá Borg á Mýrum og vegurinn milli Grundar og Skjálgar í Kolbeinsstaðahreppi, undirbyggðir þannig, að þeir beri varanlegt slitlag?
2. Eru einhverjir hlutar vegarins um Hvalfjörð undirbyggðir þannig, að þeir beri varanlegt slitlag?
3. Hve langir eru þeir vegarkaflar á Ólafsvíkurvegi í Miklaholtshreppi og Staðarsveit, sem enn hafa ekki verið undirbyggðir, þ. e. eru ruðningsvegir eða troðningar? Liggur fyrir hvað gerð þessara vegarkafla mundi kosta og hvenær þeirra framkvæmda megi vænta?
4. Má vænta þess, að gerðar verði ráðstafanir til lagfæringa á vegi við Kálfá og Bláfeldará í Staðarsveit, svo að árnar stöðvi ekki umferð um Ólafsvíkurveg, eins og gerzt hefur þráfaldlega í frostaköflum á undanförnum vetrum?

Ed. 146. Frumvarp til laga [113. mál]

um heimild til að stofna fjölbrautaskóla.

(Lagt fyrir Alþingi á 93. löggjafarþingi, 1972.)

1. gr.

Heimilt er menntamálaráðuneytinu og Reykjavíkurborg að stofna til tilraunaskóla, er nefnist fjölbrautaskóli. Skólinn skal vera fyrir nemendur, er lokið hafa skyldunámi, og veiti þeim tiltekin réttindi til sérnáms í framhaldsskólum eða háskóla, svo og menntun og þjálfun í ýmsum starfsgreinum.

2. gr.

Menntamálaráðuneytið fer með yfirstjórn skólans, sem er hluti af skólakerfi Reykjavíkurborgar.

3. gr.

Menntamálaráðuneytið setur skólanum námsskrá og reglugerð að fengnum tillögum fræðsluráðs Reykjavíkur. Skal reglugerðin m. a. kveða á um kennslu- og námsskipan skólans, kennslumagn, námsmat, námsstig nemenda og réttindi þeirra til framhaldsnáms, þ. á m. til háskólanáms.

4. gr.

Ríkissjóður greiðir 60% af stofnkostnaði skólans, en 40% greiðast af Reykjavíkurborg.

Laun skólastjóra og kennslulaun greiðir ríkissjóður að fullu í samræmi við starfsáætlun, sem ráðuneytið og fræðsluráð samþykkja. Annar rekstrarkostnaður skiptist að jöfnu milli aðila.

5. gr.

Menntamálaráðuneytið og Reykjavíkurborg gera með sér sérstakan samning, þar sem m. a. skulu sett nánari ákvæði um stjórn skólans og skiptingu kostnaðar samkvæmt 4. gr.

6. gr.

Heimilt er menntamálaráðuneytinu að stofna til fjölbrautaskóla í samvinnu við önnur sveitarfélög, eitt eða fleiri, með því fyrirkomulagi og þeirri kostnaðarskiptingu, sem lög þessi gera ráð fyrir.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lagaákvæði, er brjóta kunna í bága við þau.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp svipaðs efnis var lagt fyrir síðasta Alþingi, en varð eigi útrætt. Þó er sá munur á þessu frumvarpi og hinu, að nú er gert ráð fyrir að unnt sé að efna til slíkra skóla víðar en í Reykjavík. Einnig er tekið upp nafnið fjölbrautaskóli í stað „sameinaður framhaldsskóli“ og fellt er niður, að lögin skuli endurskoða innan fimm ára frá gildistöku. Endurskoðun laga er sjálfsögð hvenær sem þörf er á, en ekki eðlilegt að fyrirskipa slíkt að óreyndu.

Með frumvarpi þessu, ef að lögum verður, er stofnað til nýs skóla í tilraunaskyni, sem ætlað er að annast menntun allra nemenda ákveðins skólahverfis á tilteknu aldursstigi, án tillits til fyrirhugaðrar námsbrautar hvers og eins, og sameinar skólinn þannig í eina heild hinar ýmsu tegundir skóla á framhaldsstigi.

Þar sem hér er um að ræða frávik frá því skipulagi, sem nú er lögboðið, er nauðsynlegt að afla tilraun þessari lagaheimildar.

Markmið þeirrar tilraunar, sem felst í stofnun slíks skóla, er sumpart hagkvæmara ytra skipulag, en þó umfram allt breytingar á hinu innra skólastarfi, er miða að því að auka jafnrétti nemenda með ólíka hæfileika og ólík áhugaefni og að draga úr því vanmati og vanrækslu á tilteknum námsbrautum, sem skiptingu námsbrauta á aðskildar og ólíkar skólagerðir hættir til að hafa í för með sér.

Jafnframt stefnir tilraunin að því að gefa nemendum tækifæri til að velja sér námsbraut í sem fyllstu samræmi við þann áhuga og getu, sem vaxandi þroski þeirra á framhaldsskólaaldrinum kann að leiða í ljós, og að hverfa frá þeirri hefð, að nemendum sé við ákveðinn aldur skipað í skóla, þar sem þeir eru í eitt skipti fyrir öll útilokaðir frá tilteknum námsbrautum. Sameining sem flestra námsbrauta í einni skólastofnun auðveldar mjög flutning milli námsbrauta og eykur þannig tækifæri nemenda til að velja sér endanlegan námsferil og starfsferil við sitt hæfi.

Megineinkenni fjölbrautaskóla er því, að nemendur hans geta valið um fjölbreytt nám og mismunandi námsbrautir, hvort heldur til undirbúnings undir störf í hinum ýmsu greinum atvinnulífsins eða undir áframhaldandi nám í sérskólum og háskóla eða öðrum menntastofnunum á háskólastigi. Sem dæmi um námsbrautir má nefna menntaskólanám, verzlunarnám, húsmæðrakennaranám og iðn-, iðju- og tækninám. Þótt svo sé til ætlazt, að skólinn bjóði kennslu allt að stúdentsprófi, er jafnframt gert ráð fyrir skemmri námsferli, allt eftir eðli þess náms, er nemendur stunda og kröfum þeirra starfa eða sérnáms, sem þeir stefna að.

Um 1. gr.

Til viðbótar því, sem hér að framan er sagt, skal aðeins á það bent, að tilraunaskóli sá, sem hér um ræðir, spannar fleiri en eitt skólastig, þ. á m. gagnfræðastigið, þar sem skólar eru reknir sameiginlega af ríki og sveitarfélögum, og menntaskólastigið, sem er algjörlega á vegum ríkisins. Af þeim sökum er heimild til stofnunar tilraunaskólans veitt menntamálaráðuneytinu og Reykjavíkurborg í sameiningu.

Um 2. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 3. gr.

Til að tryggja stöðu skólans innan hins almenna skólakerfis og réttindi nemenda hans til jafns við nemendur annarra sambærilegra skóla, er nauðsynlegt, að skólanum sé sett sérstök reglugerð, er kveði á um þau atriði, er í greininni getur. Jafnframt krefst tilraunastarfsemi skólans annarra skilyrða en núverandi framhaldsskólar búa við, m. a. um mannahald og starfsaðstöðu alla og er nauðsynlegt, að fyrir þessu sé séð í sérstakri reglugerð. Ráðuneytinu er ætlað að ákveða námsskrá skólans, m. a. setja sérstök ákvæði um kennslu og námsskipan skólans og réttindi, er nemandi geti öðlazt með ákveðnu námsstigi í honum.

Um 4. gr.

Í þessari grein er kveðið á um skiptingu kostnaðar af stofnun og rekstri skólans, en vegna eðlis hans þótti rétt að setja um það skýr ákvæði. Miðað er við að ríkissjóður greiði 60% af stofnkostnaði skólans, laun skólastjóra og kennara í samræmi við samþykkta starfsáætlun og helming annars kostnaðar. Er hér miðað við að þátttaka ríkissjóðs verði sem næst því er yrði, ef byggðir yrðu og starfræktir skólar samkvæmt núverandi skólafyrirkomulagi yfir þann nemendafjölda, er fjölbrautaskóla er ætlað að hýsa. Rétt þykir að undirstrika hér, að ekki er um aukningu skólastarfs að ræða heldur skipulagsbreytingu og er því eðlilegast, að hvor aðili, ríki og borg, beri kostnað í svipuðum hlutföllum og verða mundi að óbreyttu skipulagi.

Um 5. gr.

Gert er ráð fyrir að gerður verði sérstakur samningur, þar sem m. a. verði kveðið nánar á um ýmis framkvæmdaratriði og einnig skal þar setja ákvæði um stjórnun stofnunarinnar og starfsmannahald.

Um 6. gr.

Rétt þykir að gera ráð fyrir, að fleiri sveitarfélög en Reykjavík muni æskja að stofna slíkan skóla.

Hliðstæðar reglur um stofnun og rekstur myndu gilda um alla fjölbrautaskóla.

Um 7. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Nd. 147. Frumvarp til laga [114. mál]

um breyting á lögum um verðlagsmál, nr. 54 frá 14. júní 1960.

(Lagt fyrir Alþingi á 93. löggjafarþingi, 1972.)

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:

Með verðlagsákvarðanir fer 9 manna nefnd, verðlagsnefnd. 3 nefndarmenn skulu skipaðir samkvæmt tilnefningu Alþýðusambands Íslands, 1 samkvæmt tilnefningu Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, 2 samkvæmt tilnefningu Vinnuveitendasambands Íslands, 1 samkvæmt tilnefningu Verzlunarráðs Íslands og 1 samkvæmt tilnefningu Sambands ísl. samvinnufélaga. Formaður nefndarinnar er skipaður án tilnefningar. Hver nefndarmaður skal tilnefna varamann, er taki sæti í forföllum hans. Viðskiptaráðherra skipar nefndina.

Meiri hluti atkvæða ræður ákvörðunum verðlagsnefndar. Verði atkvæði jöfn, sker atkvæði formanns úr.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1973.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með lögum nr. 72 frá 29. nóvember 1967 um breyting á lögum um verðlagsmál nr. 54 frá 14. júní 1960 var þáverandi skipan verðlagsnefndar breytt og skyldi hin nýja skipan gilda til ársloka 1968. Síðan hefur umboð nefndarinnar verið framlengt fjórum sinnum með lögum, fyrst fyrir árið 1969 með lögum nr. 86 frá 31. desember 1968, næst fyrir árið 1970 með lögum nr. 100 frá 31. desember 1969, því næst fyrir árið 1971 með lögum nr. 97 frá 29. desember 1970 og síðast fyrir árið 1972 með lögum nr. 94 frá 24. desember 1971. Með síðastgreindum lögum var jafnframt gerð minniháttar breyting á skipan nefndarinnar. Umboð verðlagsnefndar fellur niður 31. desember n. k.

Með þessum lögum er ætlunin að framlengja enn umboð verðlagsnefndar, en sú breyting er gerð frá fyrri tilhögun, að framlenging umboðsins er ekki bundin við tiltekinn tíma.

Ed. 148. Nefndarálit [16. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins.

Frá meiri hl. sjávarútvegsnefndar.

Nefndin hefur athugað frv., en ekki orðið sammála um afgreiðslu þess. Leggja undirritaðir til, að það verði samþ. óbreytt, en aðrir nefndarmenn munu skila séráliti. Fjarstaddir afgreiðslu málsins voru Steingrímur Hermannsson og Ásgeir Pétursson.

Alþingi, 8. des. 1972.

Björn Jónsson, varaform.	Geir Gunnarsson, fundaskr.	Halldór Kristjánsson, frsm.

Ed. 149. Nefndarálit [16. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins.

Frá minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Frumvarp það, sem hér um ræðir, hefur verið rætt í sjávarútvegsnefnd og var sent eftirtöldum aðilum til umsagnar: A.S.Í., L.Í.Ú., Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, Sjávarafurðadeild S.Í.S., Sjómannasambandi Íslands, Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands og A.S.V. Tveir hinir síðasttöldu aðilar sendu ekki svör, en hinir svöruðu allir og mæltu með samþykkt frumvarpsins, en raunar kom fram af svari sumra, að þeir mæltu með samþykkt frumvarpsins, **af því að ríkisvaldið léti ekki aðra kosti fala um sinn til þess að leysa úr rekstrarkreppu útvegs og fiskiðnaðar.**

Nefndin varð ekki sammála um afgreiðslu frumvarpsins, svo sem fram kemur af nefndarálitum. Undirritaðir nefndarmenn líta svo á, að tillögugrein frumvarpsins samrýmist ekki tilgangi Verðjöfnunarsjóðs, svo sem hann er skilgreindur í lögum hans, eða eins og 1. gr. laganna hljóðar:

„Stofna skal sjóð, er nefnist Verðjöfnunarsjóður fiskiðnaðarins. Hlutverk sjóðsins er að draga úr áhrifum verðsveiflna, er verða kunna á útflutningsafurðum fiskiðnaðarins.“

Varla verður það misskilið af lögum um Verðjöfnunarsjóð, að hann er stofnaður af framlögum sjómanna, útgerðar og fiskiðnaðar og því í raun eign þeirra, deildaskipt eftir tegundum afurða.

Við teljum, að í ákvæði til bráðabirgða í 1. gr. frv. felist fordæmi, sem ekki megi lögfesta, ef Verðjöfnunarsjóður fiskiðnaðarins á í framtíðinni að koma að því gagni, sem til var ætlazt í upphafi og var grundvallaratriði fyrir stofnun hans, þ. e. að hann verði einvörðungu notaður til verðjöfnunar, ef tímabundnar verðlækkanir verða á erlendum markaði á þeim tegundum sjávarafurða, sem lagt hafa sjóðnum til fé samkv. 5. gr. gildandi laga um sjóðinn. Við teljum ekki, að sjóðnum hafi verið ætlað það hlutverk að verða hagstjórnartæki ríkisstjórna við ákvörðun á rekstrargrundvelli sjávarútvegsins eða fiskiðnaðarins og fjármagn þannig veitt úr sjóðnum til þess að leysa heimatilbúinn vanda að meira eða minna leyti.

Við teljum, að umsögn L.Í.Ú. skýri viðhorf stjórnar og eigenda Verðjöfnunarsjóðsins, og getum við eins og þeir eftir atvikum fallizt á, að eins og málum er komið verði að koma til framlag úr sjóðnum til að koma í veg fyrir stöðvun útvegs og fiskvinnslu fram til næstu áramóta, en föllumst ekki á, að það verði gert í því formi, sem frv. gerir ráð fyrir, og leggjum því til svofellda

BREYTINGU:

Við síðasta málslið í ákvæði til bráðabirgða í 1. gr. frv. bætist: og ábyrgist ríkisstjórnin, að framlagið nú sé sem lán og endurgreiðist sjóðnum með venjulegum útlánsvöxtum banka á næsta ári, eftir því sem um kann að semjast milli hennar og stjórnar sjóðsins.

Alþingi, 8. des. 1972.

Jón Árm. Héðinsson, frsm. Oddur Ólafsson.

Ed. 150. Nefndarálit [14. mál]

um frv. til laga um fiskeldi í sjó.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og sent það til umsagnar Búnaðarfélagi Íslands, Félagi áhugamanna um fiskrækt, Fiskifélagi Íslands, Hafrannsóknastofnuninni, veiðimálanefnd og veiðimálastjóra. Umsagnir hafa borizt frá þessum aðilum öllum.

Enginn þessara aðila leggur til, að frv. verði samþykkt óbreytt. Félag áhugamanna um fiskrækt og Fiskifélagið leggja til, að það verði samþ. með verulegum breytingum, en aðrar umsagnir verða að teljast neikvæðar.

Allt fiskeldi í sjó er mjög á tilraunastigi enn sem komið er og raunar algjörlega á frumstigi, ef undan er skilið eldi vatnafiska. Þó má segja, að jafnvel eldi þeirra sé á frumstigi, ef undan er skilið eldi í litlum, lokuðum þróm, sem annaðhvort eru þá í fjöru eða á sjávarströnd, svo að nærtækt er að dæla sjávarvatni í þær, og mun tæpast átt við slíkt, þegar talað er um fiskeldi í sjó. Eldi vatnafiska í lokuðum fjörðum má kalla, að enn þá sé á draumastiginu, og jafnan miðað við það, að fiskurinn gangi að mestu leyti sjálfala, en þroska hans flýtt eftir þörfum og ástæðum með fóðurgjöf, sem nýtist illa og er því dýr í hlutfalli við eftirtekju. Frumvarp það, sem hér liggur fyrir, mun einkum vera miðað við hugmyndir um slíkt fiskeldi, því að eldisstöðvar vatnafiska við ár og læki þurfa ekki slíka löggjöf.

Nefndin telur, að þær umsagnir, sem fyrir liggja, sýni, að æskilegt er, að þetta mál verði betur athugað, áður en löggjöf er sett um það, og tekur undir álit Búnaðarfélags Íslands, að rétt sé að fresta lagasetningu um fiskeldi í sjó á þessu þingi, en málið verði undirbúið í nefnd, þar sem fulltrúar séu bæði frá landbúnaði og sjávarútvegi.

Það mun ekki heldur þurfa að tefja framkvæmdir í fiskeldismálum, þó að þessi löggjöf bíði næsta þings.

Með vísun til framanritaðs leggur nefndin til, að frv. verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Fjarstaddir afgr. málsins voru Steingrímur Hermannsson og Ásgeir Pétursson.

Alþingi, 8. des. 1972.

Björn Jónsson, varaform.	Geir Gunnarsson, fundaskr.	Halldór Kristjánsson, frsm.
Jón Árm. Héðinsson.		Oddur Ólafsson.

Sþ. 151. Nefndarálit [33. mál]

um till. til þál. um eflingu Landhelgisgæzlunnar.

Frá meiri hl. fjárveitinganefndar.

Fjárveitinganefnd hefur haft tillögu þessa til meðferðar. Nefndin er sammála um að leggja til, að tillagan verði samþykkt óbreytt, en fulltrúar Sjálfstæðisflokksins hafa ákveðið að skila séráliti.

Þess skal getið, að fram kom sú skoðun í fjvn., að æskilegt væri, að skipuð yrði sérstök skipakaupanefnd, er yrði til ráðuneytis um kaup á hinu væntanlega varðskipi, og ættu sæti í nefndinni m. a. fulltr. skipshafna á varðskipunum og siglingamálastjóri.

Alþingi, 7. des. 1972.

Geir Gunnarsson, form.	Vilhjálmur Hjálmarsson, fundaskr.	Ingvar Gíslason, frsm.
Karvel Pálmason.	Ágúst Þorvaldsson.	Jón Árm. Héðinsson.

Ed. 152. Nefndarálit [108. mál]

um frv. til laga um undirbúning þörungavinnslu að Reykhólum.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og orðið sammála um að mæla með samþykkt þess með eftirgreindri

BREYTINGU:

Í 2. málsgr. 6. gr. falli niður setningin: Fulltrúar af hálfu ríkisins séu skipaðir af ráðherra.

Geir Hallgrímsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 8. des. 1972.

Steingrímur Hermannsson, form., frsm.	Halldór Kristjánsson, fundaskr.	Björn Fr. Björnsson.
Þorv. Garðar Kristjánsson.	Eggert G. Þorsteinsson.	Ragnar Arnalds.

Sþ. 153. Tillaga til þingsályktunar [115. mál]

um stofnun verðjöfnunarsjóðs vöruflutninga og bætt skipulag þeirra flutninga.

Flm.: Matthías Bjarnason, Sverrir Hermannsson, Guðlaugur Gíslason, Halldór Blöndal.

Alþingi ályktar að kjósa fimm manna milliþinganefnd til þess að semja frumvarp til laga um stofnun verðjöfnunarsjóðs vöruflutninga, sem hafi þann tilgang, að verð á allri vöru verði það sama á öllum stöðum, sem vöruflutningaskip sigla til og flugvélar og vöruflutningabifreiðar halda uppi áætlunarferðum til.

Enn fremur skal nefndin kynna sér skipulag vöruflutninga á sjó, á landi og í lofti og gera tillögur um bætt skipulag þeirra. Sérstaklega skal í því sambandi gera breytingu á tilhögun ferða frá helztu viðskiptaborgum Íslendinga erlendis til hinna ýmsu hafna víðs vegar um landið.

Skal nefndinni gert að hraða störfum sínum svo, að frumvarpið verði lagt fram í byrjun næsta þings.

Kostnaður við störf nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Á árinu 1910 voru Íslendingar 85 183. Það ár voru íbúar Reykjavíkur 11 600 eða 13.62% allra landsmanna og íbúar á því svæði, sem nú er kallað Reykjaneskjördæmi, 5 995 eða 7.04%. Á s. l. ári, 1971, voru Íslendingar 207 174. Í Reykjavík voru 82 892 eða 40.01% og í Reykjaneskjördæmi 39 238 eða 18.94%. Á 61 ári jókst hlutfall íbúa á þessu svæði úr 20.66% í 58.95% allra landsmanna.

Í flestum löndum hefur byggðaþróunin orðið í þá átt, að fólkið hefur flutzt úr hinum strjálbýlli byggðarlögum til þéttbýlisins, þótt óvíða hafi orðið jafnmiklar breytingar og hér á landi.

Ástæðurnar fyrir þessum flutningum fólks til þéttbýlisins eru margvíslegar og sumar hverjar óviðráðanlegar. Þær ráðstafanir, sem viðráðanlegar hafa verið til þess að sporna gegn þessari öfugþróun, hafa margar hverjar komið of seint til framkvæmda eða ekki verið framkvæmdar enn sem komið er.

Ein þeirra ráðstafana, sem telja verður viðráðanlega og ekki hefur komið til framkvæmda nema að mjög takmörkuðu leyti, er jöfnun flutningskostnaðar og bætt skipulag vöruflutninga. Þar sem tillaga þessi til þingsályktunar fjallar eingöngu um þetta afmarkaða vandamál landsbyggðarinnar og flutningakerfið almennt, mun aðeins verða fjallað um það í þessari greinargerð, þótt óneitanlega hefði verið æskilegt að geta gert byggðaþróuninni og ástæðunum fyrir flóttanum af landsbyggðinni til Stór-Reykjavíkursvæðisins skil í einu máli.

Á sama tíma og samningar um kaup og kjör og verðlagsuppbætur á laun eru hin sömu hvar sem er á landinu, er tilgangur þessarar tillögu að gera jafnframt að veruleika það, sem svo margir hafa haft á orði á undanförnum áratugum, að jafna sem mest verð á vöru á þann veg, að það verði hið sama á öllum stöðum, sem vöruflutningaskip sigla til og flugvélar og vöruflutningabifreiðar halda uppi áætlunarferðum til. Slík jöfnun flutningskostnaðar er nauðsynlegur áfangi að því marki, að allir landsmenn sitji við sama borð í þessum efnum.

Það er rétt og skylt að geta þess, sem þegar hefur áunnizt í jöfnun flutningskostnaðar.

Verðjöfnun á olíu og benzíni var lögfest með lögum nr. 34 frá 18. febr. 1953, en málið var fyrst lagt fram á Alþingi í frumvarpsformi 1949.

Áfengi hefur verið selt á sama verði frá útsölum, hvar sem er á landinu, frá því að lög um einkasölu á áfengi voru sett. Árið 1950 var ákveðið, að hámarksverð tóbaks í smásölu skyldi vera það sama um allt land.

Verðjöfnunargjald er á áburði og sementi.

Sú regla hefur gilt um framleiðsluvörur landbúnaðarins, að flutningskostnaður þeirra er jafnaður út og þær seldar á sama verði, án tillits til þess, hvert þurfi að flytja þær til þess að koma þeim á markað. Svo er til dæmis um mjólk og mjólkurafurðir. Verð þeirra er hið sama í Reykjavík og á Selfossi eða hvaðan sem þær eru fluttar á markað. Um þessar neyzluvörur gildir það sérstaklega, að þær eru fluttar inn í þéttbýlið úr strjálbýlinu. Sú krafa hlýtur að teljast í senn sanngjörn og í fyllsta máta eðlileg, að hið sama verði látið gilda um þær vörur, sem fluttar eru úr þéttbýlinu í strjálbýlið, að flutningskostnaður þeirra verði jafnaður út með stofnun verðjöfnunarsjóðs vöruflutninga, svo sem gert er ráð fyrir í þessari tillögu.

Hinn 5. apríl 1971 ályktaði Alþingi að fela ríkisstjórninni að láta fara fram athugun á vöruflutningum landsmanna og gera tillögur um bætta skipan þeirra til jöfnunar á flutningskostnaði, eftir því sem við yrði komið. Á Alþingi því, sem nú situr, gerði 1. flm. þessarar tillögu fyrirspurn til samgönguráðherra um framkvæmd fyrrnefndrar ályktunar í fjórum liðum, svo hljóðandi:

„1. Hvað hefur verið gert til þess að framkvæma þingsályktun frá 5. apríl 1971, um skipulag vöruflutninga og jöfnun flutningskostnaðar?

2. Hverjir eru það, sem vinna að framkvæmd þessa máls og með hvaða hætti?

3. Hefur verið leitað samstarfs við helztu aðila flutningakerfisins og, ef svo er, hverjar eru undirtektir þeirra?

4. Hefur ríkisstjórnin tekið ákvörðun um að leggja ákveðnar tillögur fyrir Alþingi, sem nú situr, til jöfnunar á flutningskostnaði, svo að allir landsmenn sitji við sama borð í þessum efnum?“

Í svörum ráðherra kom það eitt fram, að ekkert liggur fyrir til úrbóta í þessum efnum. Svo er því ekki að sjá, að það hafi ríkt raunverulegur áhugi á að finna lausn á flutningavandamálum strjálbýlisins. Þegar til þessa er litið og svo hins, að ályktun Alþingis frá 5. apríl 1971 nær of skammt, telja flutningsmenn þessarar tillögu óhjákvæmilegt að bera hana fram til þess að knýja á um stofnun verðjöfnunarsjóðs vöruflutninga og skipulag þeirra og að frumvarp þar að lútandi verði lagt fyrir næsta Alþingi.

Eins og samgöngum við strjálbýlið er nú háttað, fara þær fram loft-, sjó- og landleiðis. Engin raunhæf tilraun hefur þó verið gerð til samvinnu eða samræmdra aðgerða milli þessara þriggja þátta samgöngukerfisins, og af því hefur leitt, að

flutningsgjöld eru orðin óbærilega há. Má í því sambandi benda á hærri byggingarkostnað í strjálbýli.

Um sjóflutninga er það að segja, að skipaferðir Eimskipafélags Íslands, Sambands ísl. samvinnufélaga og Hafskips eru svo stopular, að fólk getur ekki við það unað, auk þess sem dregið hefur verið úr þjónustu þessara aðila við strjálbýlið. Þannig var sú regla í gildi fyrir nokkrum árum, að skipafélög, sem fluttu vörur til landsins, voru skylduð til þess af hendi verðlagsyfirvalda að flytja tilteknar þungavörur til hafna úti um land án aukagjalds fyrir umhleðslu þeirra í Reykjavík og flutning þeirra frá Reykjavík til hafna úti um land. Árið 1968 ákváðu skipafélögin að skjóta sér undan þessari kvöð. Fyrir mjög ákveðin viðbrögð manna víðs vegar um landið fékkst sú lagfæring, að Eimskipafélag Íslands og Hafskip h/f viðurkenndu fáeinar hafnir á landinu sem innflutningshafnir, Eimskipafélagið þó með þeim fyrirvara, að vörur til þessara tilteknu hafna væru lestaðar í ákveðnum höfnum erlendis og í fyrir fram ákveðin skip, en slíkum tilfæringum fylgir í mörgum tilfellum verulegur kostnaður við flutning varningsins frá seljendum til hinna tilskildu útflutningshafna, svo að ávinningur verður minni en ella og í sumum tilvikum enginn, og leiðir auk þess til óþarfa gjaldeyriseyðslu. Þó munu skipafélögin yfirleitt vera fús til að sigla skipum sínum til hafna úti um land án aukagjalds, sé lestunar- og/eða losunarmagn a. m. k. 50 tonn í hverri viðkomu. Þessi tilslökun nýtist þó ekki nema að takmörkuðu leyti, þar sem lágmarksmagnið, 50 tonn, er ofviða hinum smærri sveitarfélögum, sem ekki hafa bolmagn til að flytja svo mikið vörumagn inn erlendis frá í einu.

Að öðru leyti gildir sú almenna regla utan Reykjavíkur og Akureyrar, að þegar farmskírteini eru gefin út til annarra staða á landinu, bætist við kostnaður við uppskipun, útskipun og vörugjald í Reykjavík, auk flutningsgjalds frá Reykjavík til viðkomandi hafna á ströndinni skv. gjaldskrá Ríkisskips og annarra flutningsaðila, auk söluskatts á út- og uppskipun. En hann er jafnframt lagður á fargjöld með skipum og flugvélum innanlands, á sama tíma og lystireisur til útlanda eru undanþegnar söluskatti.

Það stendur ekki á því, að íslenzki kaupskipaflotinn sæki útflutningsvörurnar til landsbyggðarinnar. Ekki verður séð, að minni ástæða sé til að flytja með greiðari hætti og meiri lipurð vörur erlendis frá til þessara sömu hafna.

Til þess að menn geti glöggvað sig á, hversu flutningsgjöldin eru þungur skattur á strjálbýlinu, fara hér á eftir flutningstaxtar til nokkurra staða úti á landi með vöruflutningabifreiðum og hjá Flugfélagi Íslands, en í fylgiskjali með tillögunni er skrá yfir flutningskostnað á ýmsum vörutegundum til Ísafjarðar með skipum Skipaútgerðar ríkisins ásamt öðrum kostnaði og fleiri upplýsingum um flutninga til þess staðar frá Reykjavík. Þessar upplýsingar og útreikningar eru gerðir af framkvæmdastjóra Fjórðungssambands Vestfirðinga og sýna skilmerkilega þann mikla kostnað, sem fólk úti á landi má búa við.

Núgildandi flutningstaxtar með vöruflutningabílum eru eins og hér segir:

Reykjavík—Ísafjörður	4 500 kr. á tonn
Reykjavík—Akureyri	2 900 — - —
Reykjavík—Egilsstaðir	5 500 — - —
Reykjavík—Vík í Mýrdal	2 208 — - —

Núgildandi flutningstaxtar hjá Flugfélagi Íslands h/f eru eins og hér segir:

Reykjavík—Ísafjörður	5 000 kr. á tonn
Reykjavík—Akureyri	5 000 — - —
Reykjavík—Egilsstaðir	6 500 — - —
Reykjavík—Vestmannaeyjar	4 000 — - —

Í þessum tölum eru ekki talin afgreiðslugjöld, en þau nema 500 kr. á tonn.

Af framansögðu er ljóst, að aðstöðumunur strjálbýlis og þéttbýlis er svo mikill vegna hins óheyrilega flutningskostnaðar, að hjá því verður ekki komizt að létta af því misræmi, sem af honum stafar. Til þess að sem mestur jöfnuður náist telja flutningsmenn tímabært, að stofnaður sé verðjöfnunarsjóður vöruflutninga. Jafnhliða verður að gera miklar breytingar á fyrirkomulagi ferða íslenzkra kaupskipa frá helztu viðskiptaborgum okkar erlendis til helztu hafna úti á landi og samræma í heild vöruflutningana innanlands, til þess að verðjöfnunarsjóðnum verði ekki íþyngt um of. Þá leyfum við okkur að láta fylgja fylgiskjal með tillögunni um þróun íbúafjölda landsins eftir núverandi kjördæmum frá árinu 1910 til 1971.

Fylgiskjal I.

Þróun íbúafjölda landsins eftir núverandi kjördæmum.

	1910	1920	1930	1940	1950	1960	1970	1971
I. Hlutfallstölur %:								
Reykjavík	13.62	18.67	26.48	31.45	39.07	40.94	39.93	40.01
Reykjaneskjördæmi	7.04	7.02	7.67	7.63	10.00	14.89	18.64	18.94
Vesturlandskjördæmi ...	12.05	10.67	8.80	8.18	6.93	6.71	6.46	6.37
Vestfjarðakjördæmi	15.71	14.15	12.01	10.66	7.75	5.87	4.91	4.79
Norðurland vestra	9.81	10.34	9.11	8.64	7.13	5.68	4.84	4.79
Norðurland eystra	14.81	13.84	13.82	13.92	12.76	11.10	10.86	10.82
Austurlandskjördæmi ...	11.40	10.79	9.61	8.33	6.74	5.77	5.53	5.46
Suðurlandskjördæmi	15.56	14.52	12.50	11.19	9.62	9.04	8.83	8.82
Allt landið	100.00	100.00	100.00	100.00	100.00	100.00	100.00	100.00
II. Beinar tölur:								
Reykjavík	11 600	17 679	28 831	38 196	56 251	71 926	81 693	82 892
Reykjaneskjördæmi	5 995	6 644	8 357	9 264	14 397	26 152	38 129	39 238
Vesturlandskjördæmi ...	10 268	10 102	9 577	9 936	9 975	11 782	13 205	13 199
Vestfjarðakjörkæmi	13 386	13 397	13 071	12 953	11 166	10 318	10 050	9 927
Norðurland vestra	8 358	9 789	9 912	10 496	10 264	9 982	9 909	9 917
Norðurland eystra	12 613	13 111	15 048	16 910	18 368	19 496	22 225	22 420
Austurlandskjördæmi ...	9 713	10 214	10 461	10 123	9 705	10 143	11 315	11 316
Suðurlandskjördæmi	13 250	13 754	13 604	13 596	13 847	15 881	18 052	18 265
Allt landið	85 183	94 690	108 861	121 474	143 973	175 680	204 578	207 174

Fylgiskjal II.

Vörukostnaður á eftirgreindum vörum + söluskattur = áhrif í verðlagi, vegna vöruflutninga frá Reykjavík til Ísafjarðar. Miðað er við laust fluttar vörur, gildandi taxta og söluskatt í nóvember 1972.

	Útsk. í Rvík	Vörugj. í Rvík	Fl.gj. Rv.-Ís.	Uppsk. Ísaf.	Vörugj. Ísaf.	Heimfl. Ísaf.	Vátr.	Samtals	Sölusk.	Áhrif í verðlagi
Sekkjavörur pr. tonn:										
Maísmjöl 50 kg	400.00	20.00	800.00	515.00	32.50	257.50	100.00	2 125.00	0	2 125.00
Hveiti 50 kg	400.00	20.00	800.00	515.00	32.50	257.50	170.00	2 195.00	241.50	2 436.50
Rúgmjöl 60 kg	400.00	20.00	800.00	515.00	32.50	257.50	140.00	2 165.00	238.20	2 403.20
Hafragrjón 50 kg	400.00	20.00	800.00	515.00	32.50	257.50	104.00	2 129.00	234.20	2 363.20
Strásykur 50 kg	400.00	20.00	800.00	515.00	41.00	257.50	260.00	2 293.50	252.30	2 545.80
Kúafóðurblanda 50 kg	400.00	20.00	800.00	515.00	32.50	257.50	112.00	2 137.00	0	2 137.00
Stykkjav. pr. einingu:										
Haframjöl 15/1 kg ...	30.00	0.25	19.50	19.00	0.50	9.50	4.75	83.50	9.20	92.70
Hrísgrjón 24/1 lbs ...	24.00	0.20	15.60	12.00	0.40	6.00	4.55	62.75	6.90	69.65
Molasykur 25 kg	30.00	0.50	26.25	19.00	1.05	9.50	5.00	91.30	10.05	101.35
Molasykur 10/1 kg ...	24.00	0.20	10.50	12.00	0.40	6.00	3.10	56.20	6.20	62.40
Strásykur 7/2 kg	24.00	0.30	14.70	12.00	0.60	6.00	3.90	61.50	6.80	68.30
Sveskjur $12^1/_2$ kg	24.00	1.50	16.25	12.00	3.00	6.00	9.90	72.65	8.00	80.65
Dollarsalt 30/1 kg	30.00	0.25	39.00	19.00	0.50	9.50	3.60	101.85	11.20	113.05
Gr. baunir, niðurs. 24/2	24.00	1.45	15.60	12.00	2.90	6.00	4.80	66.75	7.35	74.10

Framangreindar tölur eru miðaðar við flutning með skipum Skipaútgerðar ríkisins. Þess ber að geta, að nokkur lækkun mun fást á flutningsgjaldi, út- og uppskipun, ef sendandi afhendir þær í stærri einingum, líkt því, sem orðið er nokkuð algengt frá Birgðastöð S.Í.S., en það verður ekki umreiknað með nákvæmni á einstakar vörutegundir vegna blöndunar þeirra í einstökum sendingum. — Þá má geta þess, að söluskattur er reiknaður svo sem venja er við verðlagningu, þ. e. a. s. fragt innifalin í kostnaði, enda þótt hún sé annars ekki söluskattsskyld sem slík, enda kemur hún inn í verðlagið á sama hátt og annar vörukostnaður.

Flutningsgjald með bifreiðum var s. l. sumar kr. 3.50 pr. kg á sekkjavörum, en kr. 4.50 á öllum öðrum almennum neyzluvörum, á leiðinni Reykjavík—Ísafjörður.

Flutningsgjald með flugvélum er kr. 6.00 pr. kg, ef um minni háttar flutning er að ræða, auk afgreiðslugjalds, sem er kr. 30.00 pr. sendingu.

Nd. 154. Breytingartillaga [95. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum um almannatryggingar, nr. 67 frá 20. apríl 1971.

Frá Magnúsi Kjartanssyni.

Við 24. gr. Á eftir greininni bætist ný grein, sem verður 25. gr. svo hljóðandi:
75. grein orðist svo:

Atvinnurekendur skulu eiga þess kost að taka slysatryggingu hjá Tryggingastofnun ríkisins fyrir starfsmenn sína og sjálfa sig, ef þeir starfa að atvinnurekstrinum.

Trygging þessi miðast við eftirfarandi bætur:

1. Dánarbætur:
   a) 1 milljón króna við dauða, sem greiðist dánarbúi hins látna.
   b) Mánaðarlegar bætur til ekkju eða ekkils í 8 ár, ¾ þeirrar fjárhæðar, er á hverjum tíma ber að greiða samkvæmt a-lið 1. málsgr. 35. gr.

c) Mánaðarlegar bætur að 17 ára aldri eða í 8 ár, ¾ þeirrar fjárhæðar, er á hverjum tíma ber að greiða samkvæmt c-lið 1. málsgr. 35. gr.

2. Örorkubætur:
3 milljónir króna við 100% varanlega örorku og hlutfallslegar bætur í samræmi við þá upphæð við minni örorku og við tímabundna örorku.

Útgerðarmanni skal skylt að taka þessa tryggingu vegna þeirra, er hann ræður í skiprúm, enda hefur hann þá tryggt sig að fullu gegn þeirri sérstöku (hlutlægu) ábyrgð, er á hann er lögð í 1. gr. laga nr. 50 29. maí 1972.

Ráðherra er skylt að breyta eingreiðslufjárhæðum þessarar greinar í samræmi við almennar hækkanir bótafjárhæðar samkvæmt lögum þessum.

Tryggingastofnun ríkisins er heimilt að taka að sér aðrar tegundir frjálsrar slysatryggingar. Skal þá jafnan gefa út vátryggingaskírteini.
Tryggingastofnunin getur enn fremur með samþykki ráðherra tekið að sér ábyrgðartryggingar.

Ráðherra ákveður með reglugerð nánari tilhögun trygginga samkvæmt þessari grein, þ. á m. að hve miklu leyti skuli endurtryggja þá áhættu, sem Tryggingastofnunin tekur á sig.

Taki atvinnurekandi slysatryggingu þá, er um ræðir í 1. og 2. tölulið, kemur hún í stað samningsbundinnar slysatryggingar hans.

Ed. 155. Nefndarálit [73. mál]

um frv. til búfjárræktarlaga.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. ásamt bréfum, er bárust frá sýslumanni Húnvetninga, nautgriparæktarráðunautum Búnaðarfélags Íslands, hagstofustjóra og Landssambandi hestamannafélaga.

Landbúnaðarnefnd leggur fram nokkrar breytingartillögur við frv. og mælir með samþykkt þess svo breytts.

Alþingi, 8. des. 1972.

Ásgeir Bjarnason, form., frsm.	Helgi F. Seljan, fundaskr.	Páll Þorsteinsson.
Steinþór Gestsson.	Jón Árm. Héðinsson.	Björn Jónsson.
	Ásgeir Pétursson.	

Ed. 156. Breytingartillögur [73. mál]

við frv. til búfjárræktarlaga.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. Við 3. gr. orðið „fjár-“ í c-lið 1. málsgr. falli niður.
2. Við 4. gr. Í stað orðsins „búfjárræktarlög“ í a-lið 2. tölul. 1. málsgr. komi: búfjárræktarfélög.
3. Við 29. gr. Í stað orðanna „33. gr.“ í 1. málsgr. komi: 28. gr.
4. Við 31. gr. Í stað orðsins „tilkynna“ í 1. málsgr. komi: tilkynnt.
5. við 46. gr. Í stað orðsins „varps“ komi: vargs.

6. Við 53. gr.
   a. 2. málsgr. orðist svo:
      Starfi fóðurbirgðafélag í hreppnum, er hreppsnefnd heimilt að fela því framkvæmd forðagæzlumála, enda ráði stjórn þess forðagæzlumann.
   b. Á eftir 2. málsgr. komi ný málsgrein, svo hljóðandi:
      Bæjarstjórnir geta, í samræmi við ákvæði 1. málsgr., ráðið forðagæzlumann til þess að annast störf forðagæzlumanna samkvæmt þessum lögum, en bæjarstjórn er þetta aðeins skylt, ef Búnaðarfélag Íslands mælir svo fyrir. Bæjarstjórn, sem eigi ræður forðagæzlumann, skal á hverju hausti láta í té skýrslu um tölu búfjár, fóðurforða, fyrningar og fóðurþörf, svo og um uppskerumagn garðávaxta, í því formi, sem Búnaðarfélag Íslands ákveður. Ákvæði þessarar málsgr. taka einnig til borgarstjórnar Reykjavíkur.
7. Við 55. gr. Í stað orðsins „hreppsnefnd“ á fimm stöðum í greininni komi: sveitarstjórn.
8. Við 56. gr.
   a. 1. málsgr. orðist svo:
      Þegar eftir að forðagæzlumaður hefur lokið skoðun að hausti, gerir hann skýrslu um tölu búfjár, fóðurforða, fyrningar og fóðurþörf, svo og um uppskerumagn garðávaxta, á eyðublaði, er Búnaðarfélag Íslands lætur í té. Skal eyðublað þetta gert í samráði við Hagstofu Íslands, er séu heimil afnot forðagæzluskýrslna til úrvinnslu. Forðagæzluskýrsla skal gerð í þríriti, og heldur forðagæzlumaður einu eintaki hennar til eigin nota og varðveizlu, eitt eintak gengur til viðkomandi búnaðarsambands og varðveitist þar, en hið þriðja skal sent Búnaðarfélagi Íslands þegar að lokinni haustskoðun með undirskriftum bæði forðagæzlumanns og trúnaðarmanns viðkomandi búnaðarsambands. Hinn síðarnefndi skal hlutast til um, að skýrslur séu rétt gerðar og að þeim sé skilað fullunnum á tilskildum tíma.
   b. Í stað orðsins „Hreppsnefnd“ í 3. málsgr. komi: Sveitarstjórn.
9. Við 57. gr. Í stað orðsins „hreppsnefndir“ komi: sveitarstjórnir.
10. Við 58. gr. Í stað orðsins „hreppsnefndar“ komi: sveitarstjórnar.
11. Við 59. gr. Í stað orðsins „hreppsnefnd“ komi: sveitarstjórn.
12. Á eftir 66. gr. komi ákvæði til bráðabirgða, sem orðist svo:
    Búnaðarsamböndum er heimilt að innheimta á árinu 1973 gjald af innveginni mjólk samkv. a-lið 2. tölul. d-liðar 7. gr., enda tilkynni stjórn búnaðarsambands það með mánaðar fyrirvara.

Nd. 157. Breytingartillaga [95. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um almannatryggingar, nr. 67 frá 20. apríl 1971.

Frá Friðjóni Þórðarsyni, Stefáni Valgeirssyni, Ágúst Þorvaldssyni og Pétri Péturssyni.

2 gr. frv. falli niður.

Sþ. 158. Nefndarálit [33. mál]

um till. til þál. um eflingu Landhelgisgæzlunnar.

Frá minni hl. fjárveitinganefndar.

Fjárveitinganefnd hefur rætt tillögu þessa á nokkrum fundum. Samkvæmt upplýsingum, sem nefndin fékk frá dómsmálaráðuneytinu um stöðu Landhelgissjóðs,

munu þær fjárveitingar, sem sjóðnum eru ætlaðar í fjárlagafrumvarpinu fyrir árið 1973, aðeins nægja til þess að standast greiðslur vegna þeirra skipa, sem nú eru í eigu Landhelgisgæzlunnar.

Það er skoðun okkar, sem að þessu nefndaráliti stöndum, að um leið og ákvörðun er tekin um að byggja eða kaupa nýtt varðskip, verði að efla Landhelgissjóð verulega, svo að landhelgisgæzlan geti á viðunandi hátt rækt hlutverk sitt.

Samkvæmt upplýsingum forstjóra Landhelgisgæzlunnar mundi nýtt varðskip, sem væri af sömu stærð og gerð og Ægir, kosta nú um d.kr. 22 000 000.00. Hér er um mikla fjárhæð að ræða, en bygging eins skips er engan veginn eina verkefni Landhelgissjóðs á næsta eða næstu árum. Fyrir því leggjum við á það ríka áherzlu, að frv. það til laga um breyting á lögum nr. 25 22. apríl 1967, um Landhelgisgæzlu Íslands, sem Jóhann Hafstein o. fl. flytja á þingskjali 18, nái fram að ganga, svo að Landhelgisgæzlan fái aðstöðu til að sinna á viðunandi hátt vaxandi verkefnum við stækkaða landhelgi.

Eins og að framan greinir, teljum við, að traustan tekjustofn þurfi, til þess að uppbygging landhelgisgæzlunnar eigi sér stað með eðlilegum hætti, og því leggjum við höfuðáherzlu á, samhliða því að við mælum eindregið með samþykkt þessarar tillögu, að frv. um Landhelgisgæzlu Íslands verði lögfest.

Alþingi, 9. des. 1972.

Matthías Bjarnason, frsm. Ásgeir Pétursson. Steinþór Gestsson.

Ed. 159. Lög [16. mál]

um breyting á lögum nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins.

(Afgreidd frá Ed. 11. des.)

Samhljóða þskj. 16.

Sþ. 160. Tillaga til þingsályktunar [116. mál]

um breytingu á reglugerð um skipan gjaldeyris- og innflutningsmála o. fl., dags. 27. maí 1960.

Flm.: Jón G. Sólnes.

Alþingi ályktar að fela viðskiptaráðherra að gera breytingar á reglugerð um skipan gjaldeyris- og innflutningsmála o. fl., sem nú er í gildi. Verði breytingin við það miðuð, að öll gjaldeyris- og innflutningsviðskipti verði auðveldari í framkvæmd en nú er, t. d. með því að minnka verulega eyðublaðanotkun, skýrslugerðir og þá umfangsmiklu skriffinnsku, sem nú er samfara afgreiðslu slíkra mála. Áherzla verði lögð á það, að ákvæði um vegferð fjármagns að og frá landinu verði gerð mun auðveldari en nú er. Bent er á sem áfanga í þessu máli, að við væntanlegar breytingar á umræddri reglugerð sé við það miðað, að ákvæði um skipan gjaldeyris- og innflutningsmála o. fl. verði hér á landi með svipuðum hætti og gerist í nágrannalöndum okkar, t. d. í Danmörku. Stefnt verði að því, að væntanlegar breytingar á fyrrgreindri reglugerð taki gildi hið allra fyrsta og eigi síðar en 1. apríl 1973.

Greinargerð.

Þegar núgildandi reglugerð um skipan gjaldeyris- og innflutningsmála o. fl. var gefin út hinn 27. maí 1960, var stórt spor stigið í þá átt að gera öll mál varðandi gjaldeyris-, innflutnings- og fjárfestingarmál auðveldari í framkvæmd en verið hafði. Þjóðin hafði um áratugi búið við margs konar kerfi hafta og takmarkana í sambandi

við þessi mál, sem á margvíslegan hátt hafði beinlínis verið dragbítur á alla athafnasemi, framkvæmdamöguleika og fjármagnssköpun einstaklinga og fyrirtækja og um leið eðlilegs hagvaxtar þjóðarinnar í heild. Tilkoma fyrrgreindrar reglugerðar var því vissulega mikil úrbót á því vandræðaástandi, sem ríkt hafði í þessum málum til þess tíma, að hún tók gildi.

Á þeim rúmum áratug, sem liðinn er frá því, að fyrrgreind reglugerð var gefin út, hafa hins vegar orðið svo örar breytingar í heiminum á sviði viðskipta og þá sérstaklega fjármagnsflutnings almennt, að nú er svo komið að dómi flm. þessarar tillögu, að mörg ákvæði núgildandi reglugerðar eru orðin algerlega úrelt og standa beinlínis í vegi fyrir eðlilegum hagvexti þjóðarinnar í heild.

Hvort sem okkur líkar það betur eða verr, þá er högum okkar þann veg farið nú, að við erum frá því að vera einangruð þjóð komnir í miðja þjóðbraut að því er snertir samskipti þjóðanna, og er þátttaka okkar í hinum mörgu alþjóðastofnunum, sem við höfum gerzt aðilar að, glöggt dæmi þessum staðhæfingum til sönnunar.

Staðreyndirnar blasa því við okkur á þann hátt, að ef við ætlum okkur ekki að dragast aftur úr á sviði viðskipta- og fjármagnssköpunar, þjóðinni til ómetanlegs tjóns, verðum við að haga athöfnum okkar á viðskipta- og fjármálasviðinu á þann veg, að þær samrýmist alþjóðlegum leikreglum.

Flm. telur því, að brýnasta nauðsynin til úrbóta í þessum málum og um leið sú auðveldasta sé að gera hið fyrsta breytingar á reglugerð þeirri, sem rætt er um í þingsályktunartillögu þessari. Alveg sérstaka áherzlu leggur flm. á nauðsyn þess, að gerðar verði ráðstafanir til þess að gera vegferð fjármagns að og frá landinu greiðari en nú er. Flm. vill benda á þá kosti, sem að hans áliti eru fólgnir í því, að hægt er á mjög svo auðveldan hátt að lagfæra með reglugerðarbreytingu helztu annmarkana, sem hann telur vera á þessum málum, í stað þess að þurfa að samþykkja lagabreytingu, sem þarfnast mundi mikillar undirbúningsvinnu og margs konar athugana, sem að sjálfsögðu tækju langan tíma og frestuðu um of þeim aðgerðum, sem flm. telur, að þurfi að koma til framkvæmda hið allra fyrsta.

Sþ. 161. Fyrirspurn [117. mál]

til sjávarútvegsráðherra um notkun svartolíu í togaraflota.

Frá Ragnari Arnalds.

Hefur verið kannað til hlítar, hvort spara megi allt að 100 milljónum króna árlega með notkun svartolíu í væntanlegum skuttogaraflota í stað gasolíu?

Sþ. 162. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1972.

Frá fjárveitinganefnd.

		Þús. kr.
1.	Við 3. gr. 1 Tekjur 1 11 11 Slysatryggingaiðgjöld atvinnurekenda.	
	Fyrir „152 400“ kemur	197 745
2.	Við 4. gr. 1 02 101 Nýr liður:	
	05 Námskeið menntaskólakennara	400
3.	Við 4. gr. 1 02 101 07 Námsflokkar.	
	Fyrir „250“ kemur	500
4.	Við 4. gr. 1 02 201 Háskóli Íslands.	
	a. Við 1 00 Tekjur.	
	Fyrir „1 580“ kemur	2 580

		Þús. kr.
	b. Við 03 Læknadeild.	
	Fyrir „36 918“ kemur	39 660
	c. Við 09 Verkfræðideild.	
	Fyrir „48 678“ kemur	49 178
	d. Við 15 Til byggingaframkvæmda og tækjakaupa.	
	Fyrir „40 500“ kemur	45 300
	e. Nýr liður:	
	16 Hækkun á launum stundakennara	10 000
5.	Við 4. gr. 1 02 202 Tilraunastöð háskólans á Keldum 0 80 Gjaldfærður stofnkostnaður.	
	Fyrir „1 778“ kemur	2 978
6.	Við 4. gr. 1 02 203 Raunvísindastofnun háskólans.	
	a. Við 0 10 Laun.	
	Fyrir „22 931“ kemur	23 357
	b. Við 0 20 Önnur rekstrargjöld.	
	Fyrir „6 549“ kemur	6 382
	c. Við 1 00 Tekjur.	
	Fyrir „7 351“ kemur	5 206
7.	Við 4. gr. 1 02 205 Stofnun Árna Magnússonar.	
	a. Við 0 10 Laun.	
	Fyrir „6 990“ kemur	7 961
	b. Við 0 27 Viðhald.	
	Fyrir „100“ kemur	200
8.	Við 4. gr. 1 02 231 Náttúrufræðistofnun Íslands 0 20 Önnur rekstrargjöld.	
	Fyrir „1 794“ kemur	1 994
9.	Við 4. gr. 1 02 232 Rannsóknaráð ríkisins.	
	01 Yfirstjórn.	
	Fyrir „4 196“ kemur	4 519
10.	Við 4. gr. 1 02 232. Nýr liður:	
	04 Til kaupa á steinasafni Tómasar Tryggvasonar	150
11.	Við 4. gr. 1 02 301 Menntaskólinn í Reykjavík.	
	a. Við 0 10 Laun.	
	Fyrir „43 325“ kemur	43 925
	b. Við 0 20 Önnur rekstrargjöld.	
	Fyrir „4 005“ kemur	4 405
	c. Nýr liður:	
	0 80 Gjaldfærður stofnkostnaður	350
12.	Við 4. gr. 1 02 331 Íþróttakennaraskóli Íslands.	
	a. Við 0 27 Viðhald.	
	Fyrir „500“ kemur	900
	b. Við 0 80 Gjaldfærður stofnkostnaður.	
	Fyrir „500“ kemur	600
13.	Við 4. gr. 1 02 506 Vélskóli Íslands.	
	a. Við 02 Reykjavík.	
	Fyrir „22 168“ kemur	25 743
	b. Við 04 Vestmannaeyjar.	
	Fyrir „3 562“ kemur	3 712
14.	Við 4. gr. 1 02 507 Stýrimannaskólinn í Reykjavík 0 20 Önnur rekstrargjöld.	
	Fyrir „1 100“ kemur	1 275
15.	Við 4. gr. 1 02 516 Iðnskólar 0 80 Gjaldfærður stofnkostnaður.	
	Fyrir „25 200“ kemur	27 000

Sundurliðun kemur á sérstöku yfirliti á þessa leið:

Þús. kr.

Iðnskólar (02 516).

1. Reykjavík	7 000	
2. Hafnarfjörður	1 500	
3. Keflavík	8 000	
4. Akranes	500	
5. Ísafjörður	1 000	
6. Sauðárkrókur	2 000	
7. Akureyri	4 000	
8. Neskaupstaður	1 000	
9. Selfoss	2 000	
		27 000

16. Við 4. gr. 1 02 518 Fiskvinnsluskólinn.
    a. Við 0 20 Önnur rekstrargjöld.
    Fyrir „1 300“ kemur 1 400
    b. Við 0 80 Gjaldfærður stofnkostnaður.
    Fyrir „400“ kemur 3 800
17. Við 4. gr. 1 02. Nýr liður:
    522 Hjúkrunarskóli við Borgarspítalann.

0 10	Laun	2 350	
0 20	Önnur rekstrargjöld	524	
	Gjöld samtals		2 874

18. Við 4. gr. 1 02 553 Húsmæðraskólar 0 80 Gjaldfærður stofnkostnaður.
    Fyrir „6 500“ kemur 10 000
    Sundurliðun kemur á sérstöku yfirliti á þessa leið:
    Húsmæðraskólar (02 553).

1. Staðarfell	2 200	
2. Langamýri	1 000	
3. Laugaland	500	
4. Akureyri	1 000	
5. Laugar	300	
6. Laugarvatn	5 000	
		10 000

19. Við 4. gr. 1 02 581.
    a. Við 01 Til Verzlunarskóla Íslands.
    Fyrir „23 000“ kemur 26 000
    b. Við 02 Til Samvinnuskólans.
    Fyrir „3 500“ kemur 4 000
    c. Við 03 Til bréfaskóla SÍS og ASÍ.
    Fyrir „400“ kemur 520
20. Við 4. gr. 1 02 608 Héraðsskólar 0 80 Gjaldfærður stofnkostnaður.
    Fyrir „48 816“ kemur 49 070

    Sundurliðun kemur á sérstöku yfirliti á þessa leið:
    Héraðsskólar (02 608).

1. Reykholt	16 400	
2. Núpur	5 300	
3. Reykjanes	13 200	
4. Reykir	9 000	
5. Eiðar	2 420	
6. Skógar	1 750	
7. Laugarvatn	1 000	
		49 070

Þús. kr.

21. Við 4. gr. 1 02 679 Sameiginlegur kostnaður við skólana á Laugarvatni
Fyrir „1 500“ kemur 1 700
22. Við 4. gr. 1 02 761. Nýr liður:
13 Kennsla fjölfatlaðra barna 4 350
23. Við 4. gr. 1 02 872 Lánasjóður íslenzkra námsmanna.
Fyrir „273 000“ kemur 301 300
24. Við 4. gr. 1 02 882 Styrkur til myndlistarskóla 02 Reykjavík.
Fyrir „250“ kemur 300
25. Við 4. gr. 1 02 901 Landsbókasafn Íslands.
a. Við 0 10 Laun.
Fyrir „10 363“ kemur 10 786
b. Við 0 20 Önnur rekstrargjöld.
Fyrir „1 560“ kemur 1 640
26. Við 4. gr. 1 02 903 Þjóðskjalasafn Íslands 0 20 Önnur rekstrargjöld.
Fyrir „1 053“ kemur 2 168
27. Við 4. gr. 1 02 905 Listasafn Ásgríms Jónssonar 0 20 Önnur rekstrargjöld.
Fyrir „299“ kemur 499
28. Við 4. gr. 1 02 907 Listasafn Íslands.
a. Við 0 20 Önnur rekstrargjöld.
Fyrir „940“ kemur 1 727
b. Við 0 80 Gjaldfærður stofnkostnaður.
Fyrir „1 150“ kemur 2 104
29. Við 4. gr. 1 02 931 Náttúruverndarráð.
a. Við 0 10 Laun.
Fyrir „1 215“ kemur 2 304
b. Við 0 20 Önnur rekstrargjöld.
Fyrir „10 040“ kemur 8 951
30. Við 4. gr. 1 02 981 02 Til bæjar- og héraðsbókasafna.
Fyrir „5 000“ kemur 5 100
31. Við 4. gr. 1 02 982 01 Tónlistarskólinn í Reykjavík.
Fyrir „4 793“ kemur 4 993
32. Við 4. gr. 1 02 982. Nýr liður:
06 Til Tónlistarfélags Mosfellssveitar, Tónlistarfélags Árnessýslu og Tónlistarfélags Hafnarfjarðar vegna endurbóta á húsnæði, 125 þús. til hvers 375
33. Við 4. gr. 1 02 Nýr liður:

986 Íþróttasjóður:

0 90	Yfirfærslur:		
0 94	Til einstaklinga, heimila og samtaka	25 000	
	Gjöld samtals		25 000
	Viðfangsefni:		
02	Eftirstöðvar framlaga	16 600	
03	Rekstrarstyrkir o. fl.	5 300	
04	Til byggingar íþróttamannvirkja	3 100	

Sundurliðun á 04 kemur á sérstöku yfirliti:

Til byggingar íþróttamannvirkja (02 986 04).

I. Í sýslum:

1.	Sundlaug, Grindavík	75
2.	Umf. Víðir, Gerðarhr.	75
3.	Umf. Þróttur, Vatnsl.str.	75
4.	Umf. Afturelding, Mosfellssveit	100

		Þús. kr.
5.	Íþróttav. Borgarness	75
6.	Vallarhús og fyrri hl. framkv. héraðsvallar Varmalandi	100
7.	Lokaframkv. við íþróttav. Eyrarsveit	75
8.	Íþróttav. Stykkish.	75
9.	Íþróttav. Patreksf.	75
10.	Íþróttav. Þingeyri	75
11.	Malarv. Bolungarvík	75
12.	Íþróttav. Skagaströnd	75
13.	Þórshöfn, endurbætur á sundlaug	100
14.	Egilsst. íþróttav.	75
15.	Hvammshr. og Vík, íþróttav.	75
16.	Selfoss, framh. íþrv.	75
17.	Golfkl. Selfoss vegna golfvallar	75
II.	**Í kaupstöðum:**	
1.	Fimleikafél. Hafnarfj., grasvöllur	100
2.	Kópavogur, leikvangur I. áf.	200
3.	Ísafjörður, framh. framkv. vegna íþróttavallar	75
4.	Ólafsfjörður, íþróttav., I. áfangi	75
5.	Akureyri, Knattsp.fél. Þór, íþróttavöllur	75
6.	Húsavík, grasvöllur	75
7.	Vestmannaeyjar, grasvöllur stækkun	75
	Reykjavík:	
8.	Laugarhús við Sundlaug Vesturbæjar	200
9.	II. áf. leikv. Laugardal	300
10.	Bláfjöll	200
11.	Íþrv. í Árbæjarhv.	75
12.	Grasv. Knattspyrnufél. Vals	75
13.	Íþróttahús Ármanns	75
14.	Vallarhús Fram	75
15.	Íþróttahús K. R.	75
		3 100
34.	Við 4. gr. 1 02 986. Fyrirsögn liðarins verður: 989 Ýmis íþróttamál, og liðurinn 03 Íþróttasjóður fellur niður.	
35.	Við 4. gr. 1 02 988 05 Bandalag ísl. skáta. Fyrir „500“ kemur	600
36.	Við 4. gr. 1 02 999 04 Náttúrugripasafn Akureyrar. Fyrir „100“ kemur	200
37.	Við 4. gr. 1 02 999 33 Til Kvenfélagasambands Íslands. Fyrir „1 000“ kemur	1 300
38.	Við 4. gr. 1 02 999. Nýr liður: 42 Landakotsskólinn, rekstrarstyrkur	500
39.	Við 4. gr. 1 02 999 58 Til minnisvarða um Guðmund góða. Fyrir „35“ kemur	50
40.	Við 4. gr. 1 02 999 60 Heimildarkvikmynd um atvinnuþróun á Suðurlandi. Fyrir „75“ kemur	100
41.	Við 4. gr. 1 02 999. Nýir liðir:	
	68 Aðstoð við þróunarlöndin	5 000
	69 Til Flóttamannaráðs Íslands	800
	70 Til Flugskóla Helga Jónssonar	200
	71 Til Sambands austfirzkra kvenna	50

Þús. kr.

72 Til Sambands vestfirzkra kvenna 50
73 Til Íslendingafélagsins í Þrándheimi 50

42. Við 4. gr. 1 03 303 Sendiráðið í London.
a. Við 0 27 Viðhald.
Fyrir „100“ kemur 845
b. Við 0 80 Gjaldfærður stofnkostnaður.
Fyrir „100“ kemur 628

43. Við 4. gr. 1 03 401 30 Tillag til Evrópuráðsins.
Fyrir „2035“ kemur 2 182

44. Við 4. gr. 1 04 201 Búnaðarfélag Íslands. Nýr liður:
24 Bændanámskeið 250

45. Við 4. gr. 1 04 206 Rannsóknastofnun landbúnaðarins 11 Tilraunastöðin Skriðuklaustri.
Fyrir „2 614“ kemur 2 864

46. Við 4. gr. 1 04 231 Skógrækt ríkisins 0 10 Laun.
Fyrir „19 794“ kemur 20 254

47. Við 4. gr. 1 04 234 10 Til framkvæmda í Fljótsdal.
Fyrir „500“ kemur 650

48. Við 4. gr. 1 04 235 Landgræðsla 0 80 Gjaldfærður stofnkostnaður.
Fyrir „19 000“ kemur 25 000

49. Við 4. gr. 1 04 286 03 Fyrirhleðslur.
Fyrir „9 940“ kemur 13 170
Sundurliðun kemur á sérstöku yfirliti á þessa leið:

Fyrirhleðslur (04 286 03)

a. Til fyrirhleðslna:		
1. Þverá og Markarfljót	1 500	
2. Kaldaklifsá, Svaðbælisá, Laugará	200	
3. Jökulsá í Lóni	500	
		2 200
b. Til fyrirhleðslna gegn ¼ kostnaðar annars staðar að:		
1. Djúpós og Hólsárbakkar	200	
		200
c. Til fyrirhleðslna gegn ⅛ kostnaðar annars staðar að:		
1. Laxá hjá Blómsturvöllum	50	
2. Djúpá hjá Maríubakka	400	
3. Langholtsskurður hjá Langholti	50	
4. Kúðafljót	100	
5. Eldvatn hjá Ásum	70	
6. Eldvatn hjá Hnausum	30	
7. Klifandi	100	
8. Kaldaklifsá neðan þjóðvegar	100	
9. Bakkakotsá	100	
10. Svaðbælisá	100	
11. Grjótalækur	20	
12. Holtsá	300	
13. Miðskálaá og Írá	100	
14. Markarfljót við Seljaland	1 000	
15. Markarfljót við Merkurengjar	100	
16. Fiská hjá Árgilsstöðum	20	
17. Eystri-Rangá hjá Reynifelli	30	
18. Þjórsá hjá Þrándarholti	1 000	
19. Stóra-Laxá hjá Sólheimum	50	
20. Stóra-Laxá hjá Sóleyjarbakka	100	

		Þús. kr.	
21.	Litla-Laxá hjá Skyggni	40	
22.	Hvítá hjá Auðsholti	50	
23.	Ölfusá hjá Kaldaðarnesi	100	
24.	Ölfusá hjá Eyrarbakka	200	
25.	Þverá hjá Hrafnhólum	30	
26.	Sandsá í Kjós	50	
27.	Laxá hjá Vindási	50	
28.	Leirá í Leirársveit	50	
29.	Hvítá í Hvítársíðu	60	
30.	Norðurá í Norðurárdal	250	
31.	Hvítá hjá Þrælaey	100	
32.	Kverná — Grundarbotn	50	
33.	Hörðudalsá í Dalasýslu	100	
34.	Miðá í Dalasýslu	50	
35.	Reykjadalsá í Dalasýslu	60	
36.	Haukadalsá í Dalasýslu	80	
37.	Vatnsdalsá hjá Eyjólfsstöðum	40	
38.	Vatnsdalsá frá Grímstungu að Hofi	170	
39.	Giljá	90	
40.	Blanda frá Æsustöðum að Geitaskarði	100	
41.	Staðará hjá Reynistað	70	
42.	Héraðsvötn	400	
43.	Héraðsvötn, Vindheimagarður	450	
44.	Norðurá hjá Egilsá	80	
45.	Hörgá hjá Möðruvöllum	100	
46.	Hörgá í Hörgárdal	200	
47.	Jökulsá á Dal	1 500	
48.	Jökulsá í Fljótsdal	250	
49.	Geitdalsá í Skriðdal	30	
50.	Múlaá í Skriðdal	60	
51.	Norðfjarðará (neðri hluti)	200	
52.	Stuðlaá í Reyðarfirði	60	
53.	Tunguá í Fáskrúðsfirði	70	
54.	Norðurdalsá í Breiðdal	200	
55.	Geithellnaá	220	
56.	Hofsá í Álftafirði	300	
57.	Hoffellsá	120	
58.	Hornafjarðarfljót	420	
59.	Kolgríma	500	
			10 770
		Alls	13 170

50. Við 4. gr. 1 04 286 04 Landþurrkun.

Fyrir „500“ kemur		550
Sundurliðun kemur á sérstöku yfirliti á þessa leið:		
Landþurrkun (04 286 04).		
1. Í Austur-Landeyjum	50	
2. Í Vestur-Landeyjum	100	
3. Neðan Þverár í Rangárvallahreppi	80	
4. Í Út-Hjaltastaðaþinghá	100	
5. Háfsósar	100	
6. Holtsós	50	
7. Í Leiðvallarhreppi	70	
		550

Þús. kr.

51. Við 4. gr. 1 04 299 06 Einangrunarstöð holdanauta.
Fyrir „3 000“ kemur 6 000
52. Við 4. gr. 1 04 299. Nýir liðir:
7 Til stóðhestastöðvar 150
8 Til skipulagningar að Hvanneyri og Hólum 1 000
53. Við 4. gr. 1 05 202 Hafrannsóknastofnunin.
a. Við 02 Fiskadeild.
Fyrir „Fiskadeild“ kemur: Uppsjávarfiskadeild.
b. Nýr liður:
15 Leiguskip 3 100
54. Við 4. gr. 1 05 203 Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins.
a. Við 02 Efnagreiningarsalur.
Fyrir „12 460“ kemur 12 860
b. Við 03 Gerlarannsóknir.
Fyrir „6 474“ kemur 6 874
55. Við 4. gr. 1 05. Nýr liður:

222 Síldarverksmiðjur ríkisins:

0 90 Yfirfærslur:
0 91 Til fyrirtækja í B-hluta 26 000
Gjöld samtals 26 000
56. Við 4. gr. 1 06 225 Sýslumaður og bæjarfógeti, Akureyri 0 10 Laun.
Fyrir „27 877“ kemur 28 027
57. Við 4. gr. 1 06 251 Landhelgisgæzla.
a. Við 0 10 Laun.
Fyrir „127 361“ kemur 127 861
b. Við 0 20 Önnur rekstrargjöld.
Fyrir „82 651“ kemur 88 651
c. Við 0 27 Viðhald
Fyrir „23 500“ kemur 25 000
58. Við 4. gr. 1 06 261 Öryggiseftirlit ríkisins.
a. Við 0 10 Laun.
Fyrir „5 805“ kemur 6 305
b. Við 0 20 Önnur rekstrargjöld.
Fyrir „2 388“ kemur 2 438
c. Við 1 00 Tekjur.
Fyrir „8 193“ kemur 8 743
59. Við 4. gr. 1 06 284.
a. Heiti liðarins verði:
Áfengis- og fíkniefnamál.
b. Nýr liður:
04 Fíkniefnanefnd 1 500
60. Við 4. gr. 1 06 301 20 Útihús á prestssetrum.
Fyrir „750“ kemur 1 000
61. Við 4. gr. 1 06 301 27. Texti orðist svo:
Til rits presta í Hólastifti.
62. Við 4. gr. 1 07 999 Nýr liður:
06 Tjaldanesheimilið 200
63. Við 4. gr. 1 07 999. Nýr liður:
30 Orlofsheimili húsmæðra í Gullbringu- og Kjósarsýslu og Keflavík 250
64. Við 4. gr. 1 07 999. Nýr liður:
33 Styrktarsjóður lamaðra og fatlaðra 500

		Þús. kr.
65.	Við 4. gr. 1 08 271 Tryggingastofnun ríkisins. Fyrir „6 414 900“ kemur	6 486 470
66.	Við 4. gr. 1 08 302 Ríkisspítalar, skrifstofa 0 10 Laun. Fyrir „17 389“ kemur	18 123
67.	Við 4. gr. 1 08 311 Rannsóknastofa háskólans.	
	a. Við 0 10 Laun. Fyrir „29 216“ kemur	32 691
	b. Við 0 80 Gjaldfærður stofnkostnaður. Fyrir „1 265“ kemur	6 765
68.	Við 4. gr. 1 08 312 Blóðbankinn 0 10 Laun. Fyrir „7 589“ kemur	7 920
69.	Við 4. gr. 1 08 322 Heilbrigðiseftirlit ríkisins 0 20 Önnur rekstrargjöld. Fyrir „1 094“ kemur	1 344
70.	Við 4. gr. 1 08 381 03 Bygging sjúkrahúsa, sjúkraskýla, læknamiðstöðva og læknabústaða. Fyrir „162 657“ kemur	168 787

Sundurliðun kemur á sérstöku yfirliti á þessa leið:

Bygging sjúkrahúsa, sjúkraskýla, læknamiðstöðva og læknabústaða, annarra en ríkissjúkrahúsa (08 381 03).

a.	Til sjúkrahúsa, sjúkraskýla, læknamiðstöðva og heilsuverndarstöðva:		
1.	Reykjavík, Borgarspítalinn		33 230
2.	Reykjavík, Arnarholt		2 000
3.	Akranes, sjúkrahús		9 330
4.	Borgarnes, læknamiðstöð		20 000
5.	Patreksfjörður, læknamiðstöð		7 000
6.	Ísafjörður, læknamiðstöð		10 000
7.	Sauðárkrókur		700
8.	Siglufjörður, sjúkrahús		700
9.	Dalvík, læknamiðstöð		3 000
10.	Akureyri:		
	a. sjúkrahús	5 000	
	b. þvottahús	800	
			5 800
11.	Blönduós		500
12.	Húsavík		7 000
13.	Vopnafjörður		500
14.	Egilsstaðir, læknamiðstöð		11 000
15.	Neskaupstaður		8 000
16.	Höfn í Hornafirði		500
17.	Vestmannaeyjar, sjúkrahús		20 000
18.	Selfoss, sjúkrahús		14 500
19.	Selfoss, heilsuverndarstöð		230
20.	Keflavík, sjúkrahús		4 000
21.	Hafnarfjörður, Sólvangur		2 000
			159 990

		Þús. kr.
b. Til læknabústaða:		
1. Álafoss	500	
2. Hellissandur	300	
3. Ólafsvík	900	
4. Reykhólar, viðg. hitaveitu	200	
5. Patreksfjörður	400	
6. Ísafjörður	350	
7. Hólmavík	1 500	
8. Skagaströnd	340	
9. Sauðárkrókur	700	
10. Dalvík	1 000	
11. Au.-Egilsstaðir	420	
12. Fáskrúðsfjörður	667	
13. Hella	34	
14. Laugarás	1 000	
15. Vestmannaeyjar, héraðslæknisbústaður	100	
16. Vestmannaeyjar, sjúkrahúslæknisbústaður	386	
		8 797
		168 787
71. Við 4. gr. 1 08 381. Nýr liður:		
St. Jósefsspítali, vegna kaupa á röntgentæki		5 000
72. Við 4. gr. 1 08 481. Nýr liður:		
04 Templarahöllin, byggingarstyrkur		900
73. Við 4. gr. 1 08 481 05 Stórstúka Íslands.		
Fyrir „900“ kemur		1 000
74. Við 4. gr. 1 09 207 Skattstofa Austurlands 0 10 Laun.		
Fyrir „3 725“ kemur		4 145
75. Við 4. gr. 1 10 333 03 Hafnarmannvirki og lendingarbætur.		
Fyrir „175 000“ kemur		206 500
Sundurliðun kemur á sérstöku yfirliti á þessa leið:		
Hafnarmannvirki og lendingarbætur (10 333 03).		
1. Akranes	8 500	
2. Arnarstapi	1 500	
3. Ólafsvík	9 800	
4. Stykkishólmur	1 100	
5. Patreksfjörður	400	
6. Örlygshöfn	1 200	
7. Þingeyri	2 800	
8. Suðureyri	9 800	
9. Bolungarvík	15 300	
10. Ísafjörður/Hnífsdalur	18 800	
11. Súðavík	5 300	
12. Drangsnes—Kokkálsvík	2 350	
13. Skagaströnd	3 750	
14. Hofsós	1 900	
15. Hvammstangi	1 100	
16. Sauðárkrókur	500	
17. Ólafsfjörður	3 100	
18. Dalvík	5 400	
19. Árskógssandur	4 300	
20. Grenivík	2 800	
21. Grímsey	7 300	

		Þús. kr.
22. Húsavík	12 700	
23. Þórshöfn	7 500	
24. Vopnafjörður	7 000	
25. Borgarfjörður	6 000	
26. Seyðisfjörður	600	
27. Neskaupstaður	1 300	
28. Eskifjörður	2 300	
29. Fáskrúðsfjörður, dráttarbraut	3 200	
30. Breiðdalsvík	300	
31. Djúpavogur	1 700	
32. Höfn í Hornafirði	7 900	
33. Vestmannaeyjar	9 000	
34. Stokkseyri	6 200	
35. Eyrarbakki	4 300	
36. Grindavík	16 900	
37. Hafnir í Höfnum	1 500	
38. Sandgerði	7 500	
39. Gerðar í Garði	900	
40. Hafnarfjörður	2 700	
		206 500

76. Við 4. gr. 1 10 333 04 Ferjubryggjur.
Fyrir „4 000“ kemur 6 900
Sundurliðun kemur á sérstöku yfirliti á þessa leið:

Ferjubryggjur (10 333 04).

1. Árskógssandur	500
2. Arngerðareyri	50
3. Brjánslækur	50
4. Búðardalur	1 100
5. Bæir á Snæfjallaströnd	1 050
6. Eyri við Mjóafjörð	350
7. Gemlufall	800
8. Hjarðardalur	100
9. Kleifarstaðir	400
10. Reykjanes við Ísafjörð	100
11. Vatnsfjörður	250
12. Vigur	600
13. Æðey	1 500
14. Ögur	50
	6 900

77. Við 4. gr. 1 10 333 06 Hafnarmannvirki, eftirstöðvar framlaga.
Fyrir „25 200“ kemur 27 500

78. Við 4. gr. 1 10 333 08 Sjóvarnargarðar.
Fyrir „5 000“ kemur 2 700
Sundurliðun kemur á sérstöku yfirliti á þessa leið:

Sjóvarnargarðar (10 333 08).

1. Akranes	200
2. Álftanes	450
3. Borgarfj. eystri	50
4. Dyrhólaós	100
5. Eyrarbakki	200
6. Flateyri	400
7. Grenivík	50

			Þús. kr.
8.	Grótta	150	
9.	Höfn í Hornafirði	150	
10.	Melar í Melasveit	50	
11.	Sauðárkrókur	250	
12.	Seltjarnarnes	200	
13.	Vestmannaeyjar	150	
14.	Miðneshreppur	300	
			2 700
79.	Við 4. gr. 1 10 341 Siglingamálastofnun ríkisins 0 10 Laun. Fyrir „16 520“ kemur		17 000
80.	Við 4. gr. 1 10 471 Flugmálastjórn. Fyrir „206 071“ kemur		214 125
81.	Við 4. gr. 1 10 652 07 Veðurstöðvar. Fyrir „5 575“ kemur		9 215
82.	Við 4. gr. 1 10 656 02 Landmælingar. Fyrir „8 274“ kemur		8 574
83.	Við 4. gr. 1 11. Nýr liður:		
	206 Námskeið í stjórn vinnuvéla:		
	0 10 Laun	800	
	0 20 Önnur rekstrargjöld	600	
	Gjöld samtals		1 400
84.	Við 4. gr. 1 11 299. Nýr liður:		
	12 Viðræðunefnd um orkufrekan iðnað		6 000
85.	Við 4. gr. 1 11. Nýr liður:		
	234 Lagmetisiðjan Siglósíld:		
	0 90 Yfirfærslur:		
	0 91 Til fyrirtækja í B-hluta	5 000	
	Gjöld samtals		5 000
86.	Við 5. gr. 2 08 371 Landspítalinn.		
	a. Við 0 10 Laun. Fyrir „350 206“ kemur		364 636
	b. Við 1 10 Seldar vörur og þjónusta. Fyrir „506 522“ kemur		520 952
87.	Við 5. gr. 2 08 372 Fæðingadeild Landspítalans.		
	a. Við 0 10 Laun. Fyrir „48 665“ kemur		51 743
	b. Við 1 10 Seldar vörur og þjónusta. Fyrir „71 725“ kemur		74 803
88.	Við 5. gr. 2 08 373 Kleppsspítalinn.		
	a. Við 0 10 Laun. Fyrir „138 528“ kemur		143 027
	b. Við 1 10 Seldar vörur og þjónusta. Fyrir „188 653“ kemur		193 152
89.	Við 5. gr. 2 08 374 Vífilsstaðahælið.		
	a. Við 0 10 Laun. Fyrir ‚44 641“ kemur		48 749
	b. Við 1 10 Seldar vörur og þjónusta. Fyrir „70 549“ kemur		74 657
90.	Við 5. gr. 2 08 376 Kópavogshælið.		
	a. Við 0 10 Laun. Fyrir „54 235“ kemur		57 259
	b. Við 1 10 Seldar vörur og þjónusta. Fyrir „73 713“ kemur		76 737

Nd. 163. Frumvarp til laga [118. mál]

um breyting á lögum nr. 7 23. marz 1972, um breyting á lögum nr. 68 15. júní 1971, um tekjuskatt og eignarskatt.

Flm.: Ingólfur Jónsson, Ágúst Þorvaldsson, Pétur Pétursson, Gils Guðmundsson, Bjarni Guðnason.

1. gr.

1. málsl. 1. mgr. 2. tölul. 22. gr. laganna orðist svo:

Heimilt er atvinnufyrirtækjum á árunum 1971—1972 að endurmeta fyrnanlegar eignir sínar, samkvæmt 2. tölul. 2. mgr. A-liðs 15. gr. l. nr. 68/1971, sem þau höfðu eignazt fyrir árslok 1968 og hafa síðan átt, og enn fremur eignir samkvæmt 1. tölul. 2. mgr. A-liðs 15. gr. sömu laga, sem þeir höfðu eignazt fyrir gildistöku fasteignamatsins 1971.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. felur í sér þá einu breytingu á ákvæðum laganna um heimild til endurmats, að atvinnufyrirtækjum verði leyft að miða fyrningarverð fasteigna við nýja fasteignamatið, þótt þau hafi ekki eignazt þær fyrr en á árunum 1969—1971, en ákvæði um endurmat lausafjár haldist óbreytt.

Með tilkomu nýja fasteignamatsins, sem tók gildi í árslok 1971, hækkuðu gjöld á fasteignum. Fyrningarverð fasteigna miðast við nýja matið, hafi eignin ekki skipt um eiganda eftir 1968. Hafi fasteign verið seld eftir 1968, er óheimilt að miða fyrningu við hærri upphæð en kaupverðið var. Nú eru nokkur dæmi þess, að iðnaðarhúsnæði, verkstæði, peningshús, jarðeignir o. fl., sem undir þetta ákvæði koma, hafi verið seld á ofangreindu tímabili á lægra verði en nýja fasteignamatið reyndist verða. Þegar um sameiginlegan búrekstur og annan rekstur er að ræða innan fjölskyldna, getur í ýmsum tilvikum hending ráðið um, hvert verður hið skráða verð við eignaskipti. Það er óréttlátt, hafi eignaskipti orðið með lögmætum hætti á umræddum tíma, að núverandi eigandi njóti ekki sömu réttinda til fyrninga og sá fyrri hefði notið á þeim verðmætum, sem hann hefur ef til vill átt verulegan þátt í að skapa. Ekki er það síður ranglátt, að nýi eigandinn verður að greiða alla skatta og skyldur í samræmi við nýja fasteignamatið, þótt fyrningar séu leyfðar aðeins af kaupverði eignarinnar, sem í flestum tilvikum er talsvert lægra en nýja fasteignamatið.

Frumvarp þetta er flutt til þess að fá samræmi í þessi ákvæði laganna. Má því segja, að hér sé aðeins um leiðréttingu á augljósu misræmi að ræða.

Sþ. 164. Fyrirspurn [119. mál]

til menntamálaráðherra um sjónvarp.

Frá Eysteini Jónssyni.

1. Hve margir sveitabæir í Austurlandskjördæmi geta ekki enn náð útsendingum sjónvarps?
2. Hefur verið gerð áætlun um kostnað við að koma þessum bæjum í sjónvarpssamband?
3. Er unnið áfram að framkvæmdum í þessu sambandi? Sé svo, hvenær má vænta þess, að þeim verði lokið?

Sþ. **165. Breytingartillaga** **[1. mál]**

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1973.

Frá fjárveitinganefnd.

Þús. kr.

Við 4. gr. 1 02 762 Framlög til byggingar gagnfræðaskóla, barnaskóla o. fl.

a. Fyrir „473 411“ kemur 477 928

b. Sundurliðun kemur á sérstöku yfirliti á þessa leið:

1. Skólamannvirki skv. lögum nr. 41/1955.

1.	Reykavík	8 840
2.	Kópavogur, gagnfræðask.	5 923
3.	Hafnarfjörður, íþróttahús	2 300
4.	Mosfellssveit, heimavist	1 100
5.	Akranes, íþróttahús	1 546
6.	Ólafsvík, íþróttahús	3 000
7.	Ísafjörður, barnask.	139
8.	Klúka, Bjarnarfirði	2 000
9.	Þverárskóli, V-Hún.	1 731
10.	Húnavallaskóli	2 762
11.	Sauðárkrókur, sundl.	816
12.	Svarfaðardalur	300
13.	Svalbarðsströnd, skóli	500
14.	Svalbarðsströnd, íbúð	200
15.	Reykjadalur, S-Þing.	300
16.	Vopnafjörður, íbúð og skóli	276
17.	Seyðisfjörður, íbúð	150
18.	Hallormsstaður, barnask.	600
19.	Norðfjarðarhreppur, S-Múl.	500
20.	Fáskrúðsfjarðarhreppur	457
21.	Kirkjubæjarklaustur	10 152
22.	Hvamms- og Dyrhólask.	217
23.	Hella, unglingask.	457
24.	Hvolsvöllur, unglingask.	467
25.	Hraungerðisskóli	738
26.	Flúðaskóli	1 000
27.	Grindavík, íbúð	371
28.	Keflavík, gagnfræðask.	1 233
29.	Njarðvík, íþróttahús, 1. áf.	1 718
30.	Þorlákshöfn, íbúð	180
31.	Ýmsir skólar	300
		50 273

2. Framlög til skólabygginga samkv. lögum nr. 49/1967, framhaldsfjárveitingar.

1.	Árbæjarskóli, 2. áf.	6 809
2.	Árbæjarskóli, 3. áf.	5 579
3.	Hvassaleitisskóli, 2. áf.	3 062
4.	Fellaskóli í Breiðholti, 1. áf.	23 641
5.	Fossvogsskóli, 1. áf.	3 435
6.	Hlíðaskóli, 4. áf.	8 079
7.	Höfðaskóli	8 972
8.	Réttarholtsskóli, 5. áf.	2 889

		Þús. kr.
9.	Hagaskóli	4 096
10.	Varmá	3 229
11.	Akranes, gagnfræðask.	5 705
12.	Akranes, lóðir	1 000
13.	Leirá, íbúðir	753
14.	Kleppjárnsreykir, íbúðir	1 865
15.	Varmaland, íþróttahús	5 215
16.	Varmaland, íbúðir	700
17.	Borgarnes, íþróttahús	4 604
18.	Borgarnes, lóð	500
19.	Laugargerði, íbúðir	2 133
20.	Laugargerði, borun	1 000
21.	Grundarfjörður, skóli	2 355
22.	Grundarfjörður, laug	450
23.	Búðardalur, íbúð	300
24.	Laugar í Dalasýslu	10 139
25.	Hellissandur, íþróttahús	1 000
26.	Búðardalur, skóli	1 000
27.	Reykhólar, skóli	7 720
28.	Barðastrandarhreppur, íbúð	1 008
29.	Patreksfjörður, skóli	4 000
30.	Suðureyri, skóli	1 920
31.	Bolungarvík, sundlaug	3 026
32.	Ísafjörður, gagnfræðask.	2 500
33.	Ísafjörður, smábarnask.	2 000
34.	Borðeyri, skóli	3 000
35.	Strandasýsla	3 000
36.	Staðarhreppur, skóli	2 780
37.	Hvammstangi, íbúðir	1 604
38.	Laugarbakki, skóli	4 285
39.	Blönduós, skóli	1 771
40.	Húnavellir, sundlaug	210
41.	Húnavellir, lóð	375
42.	Sauðárkrókur, gagnfræðask.	2 706
43.	Til skóla í Skagafirði	23 000
44.	Lýtingsstaðaskóli	800
45.	Lýtingsstaðir, íþróttahús	1 920
46.	Sólgarðar, sundlaug	3 848
47.	Ólafsfjörður, gagnfræðask.	2 000
48.	Ólafsfjörður, heimavist	1 000
49.	Dalvík, sundlaug	80
50.	Dalvík, heimavist	2 000
51.	Hrísey, íbúð	656
52.	Hrísey, skóli	1 000
53.	Árskógshreppur, íbúð	1 263
54.	Þelamörk, skóli	15 400
55.	Akureyri, Glerársk.	9 930
56.	Hrafnagil, gagnfræðask.	9 860
57.	Stórutjarnir, skóli	12 518
58.	Laugar, íþróttahús	9 872
59.	Hafralækur, skóli	10 731
60.	Húsavík, íbúð	1 350
61.	Húsavík, gagnfræðask.	2 000

		Þús. kr.	
62.	Skútustaðahreppur	1 000	
63.	Lundur, íbúð	200	
64.	Norður-Þingeyjarsýsla	6 000	
65.	Múlasýslur	2 000	
66.	Borgarfjarðarhreppur	1 600	
67.	Eiðar, íbúð	1 200	
68.	Egilsstaðir, skóli	3 211	
69.	Neskaupstaður, skóli	1 807	
70.	Reyðarfjörður, sundlaug	2 000	
71.	Fáskrúðsfjörður, Búðir, skóli	3 866	
72.	Djúpivogur, skóli	2 500	
73.	Djúpivogur, íþróttahús	1 000	
74.	Hafnahreppur, gagnfræðask.	4 473	
75.	Nesjaskóli	14 016	
76.	Vestmannaeyjar, barnask.	2 599	
77.	Vestmannaeyjar, sundl.	500	
78.	Fljótshlíð, íbúð	128	
79.	Hvolhreppur, íbúðir	900	
80.	Hella, íþróttahús	3 110	
81.	Gnúpverjahreppur, íbúð	710	
82.	Brautarholt, Skeiðum	2 608	
83.	Reykholt, Biskupst., íbúð	600	
84.	Reykholt, sundl.	1 457	
85.	Selfoss, gagnfræðask.	7 000	
86.	Hveragerði, lóð	250	
87.	Gerðahreppur, lóð	350	
88.	Keflavík, gagnfræðask.	3 093	
89.	Hafnarfjörður, Víðistaðask. 1. áfangi	2 858	
90.	Víðistaðask., 2. áfangi	2 838	
91.	Flensborgarskóli	14 845	
92.	Garðahreppur, íþróttahús	5 215	
93.	Garðahreppur, lóð	375	
94.	Kópavogsskóli	3 457	
95.	Kópavogur, þingh. 1	2 902	
96.	Digranesskóli	1 245	
97.	Kópavogur, lóðir	750	
98.	Seltjarnarnes, gagnfræðask.	7 393	
99.	Seltjarnarnes, lóð	250	
100.	Krýsuvík, skóli	5 157	
			375 106

3. Framlög til skóla, sem hefja framkvæmdir á árinu 1973.

1.	Hvassaleitisskóli, 3. áfangi	7 978
2.	Mýrahreppur, skóli	1 000
3.	Flateyri, íþróttahús	880
4.	Laugarbakki, 2. áfangi	3 000
5.	Húnavellir, 2. áfangi	2 000
6.	Akureyri, Lundur	3 500
7.	Seyðisfjörður, skóli	2 000
8.	Egilsstaðir, sundl.	700
9.	Neskaupstaður	500
10.	Eskifjörður, skóli	2 000
11.	Höfn í Hornafirði, gagnfræðask., 2. áfangi	3 500
12.	Vík í Mýrdal, skóli	3 150

		Þús. kr.	
13.	Djúpárhreppur, íbúð	500	
14.	Vestmannaeyjar, gagnfrsk.	2 000	
15.	Hveragerði, íþróttahús	2 025	
16.	Ljósafoss, sundl.	800	
17.	Kópavogur, Þinghólsskóli, 2. áfangi	3 416	
18.	Sandgerði, íþróttahús	2 900	
19.	Njarðvík	3 500	
			45 349
4.	Undirbúningsframkvæmdir vegna skólabygginga.		
1.	Reykjavík, fjölbrautaskóli	1 000	
2.	Laugalækjarskóli	700	
3.	Fossvogsskóli, 2. áfangi.	500	
4.	Breiðholtsskóli, 2. áfangi	500	
5.	Kjósarhreppur, barnask.	300	
6.	Kleppjárnsreykir, íþróttahús	300	
7.	Hellissandur, skóli	300	
8.	Stykkishólmur	300	
9.	Barðastrandarhreppur, skóli	300	
10.	Þingeyri	300	
11.	Súðavík	300	
12.	Hrafnagil, 2. áfangi	300	
13.	Flúðir, íþróttahús	300	
14.	Eyrarbakki, íþróttahús	300	
15.	Þorlákshöfn, íþróttahús	300	
16.	Grindavík, sundl.	300	
17.	Keflavík, íþróttahús	300	
18.	Vatnsleysuströnd	300	
19.	Kópavogur, íþróttahús.	300	
			7 200
			477 928

Ed. 166. Frumvarp til laga [120. mál]

um breyting á lögum nr. 82 21. ágúst 1961 um meðferð opinberra mála, sbr. lög nr. 29 28. apríl 1966.

(Lagt fyrir Alþingi á 93. löggjafarþingi, 1972.)

1. gr.

Í stað orðanna „sem í lögum nr. 68/1947 segir“ í 1. mgr. 6. gr. komi: sem í lögum um eftirlit með skipum segir.

2. gr.

2. tölul. 8. gr. orðist svo: Ráðherrar og ráðuneytisstjórar.

3. gr.

Í stað „5. gr., 3. málsgr.“ í 13. gr. komi: 4. málsgr. 5. gr.

4. gr.

4. mgr. 20. gr. falli niður.

5. gr.

Í stað „20 000.00“ í 44. gr. komi: 100 000.00.

6. gr.

Í stað „20 000.00“ í 1. mgr. 48. gr. komi: 100 000.00.

7. gr.

Í stað „20 000.00“ í 54. gr. komi: 100 000.00.

8. gr.

Í stað „20 000.00“ í 55. gr. komi: 100 000.00.

9. gr.

Í stað „20 000.00“ í 2. tölul. 2. mgr. 59. gr. komi: 100 000.00.

10. gr.

Í stað „10 000.00“ í 3. tölul. 2. mgr. 80. gr. komi: 50 000.00.

11. gr.

Fyrirsögn XIV. kafla orðist svo: Um mál ungmenna, sektavald lögreglustjóra og lögreglumanna, dómsáttir og ákæru.

12. gr.

111. gr. orðist svo:

Mál ungmenna á aldrinum 15—18 ára fara samkv. lögum þessum, sbr. og lög um vernd barna og ungmenna.

13. gr.

112. gr., sbr. lög nr. 29 28. apríl 1966, breytist sem hér segir:

a. Í stað „3 000.00“ í 2. tölul. 1. mgr. komi: 30 000.00.
b. Í stað „5 000.00“ í 2. mgr. komi: 10 000.00.
c. Í stað „1 000.00“ í 3. mgr. komi: 3 000.00.

14. gr.

Í stað „3 000.00“ í 3. tölul. 1. mgr. 113. gr. komi: 30 000.00.
4. mgr. 113. gr. falli niður.

15. gr.

Í stað „3. og 4. mgr. 113. gr.“ í 2. mgr. 114. gr. komi: 3. mgr. 113. gr.

16. gr.

Í stað orðanna „fulltrúi hans í héraði“ í 3. málsl. 1. mgr. 143. gr. komi: fulltrúi hans í héraði og fyrir hæstarétti, sbr. 1. mgr. 181. gr.

17. gr.

Orðin „200—5000 krónur“ í 159. gr. falli niður.

18. gr.

160. gr. orðist svo:

Sá, er viðhefur ósæmileg ummæli, skrifleg eða munnleg, fyrir dómi um dómara eða aðra eða kemur að öðru leyti hneykslanlega eða ósæmilega fram fyrir dómi, skal sæta sektum.

19. gr.

6. mgr. 174. gr. orðist svo:

Sekta skal kæranda fyrir tilefnislausa kæru. Sekt rennur í ríkissjóð.

20. gr.

Í stað „5 000.00“ í 2. og 4. tölul. 2. mgr. 175. gr. komi: 50 000.00.

21. gr.

Við 2. mgr. 179. gr. bætist: Nú verður dómi eigi áfrýjað, og sendir saksóknari þá dómsmálaráðuneytinu endurrit dómsins með áritun þar um. Nú verður dómi áfrýjað að því er varðar einn aðila eða fleiri, en eigi alla, og sendir saksóknari þá dómsmálaráðuneytinu endurrit dóms á sama hátt.

22. gr.

Við 1. mgr. 181. gr. bætist: Saksóknari getur falið skipuðum fulltrúa sínum sókn máls fyrir hæstarétti, enda fullnægi hann lagaskilyrðum til skipunar í embætti saksóknara, og ber fulltrúinn þá allar skyldur saksóknara.

23. gr.

1. mgr. 186. gr. orðist svo: Í dómi opinbers máls getur hæstiréttur dæmt héraðsdómara í sekt, er renni til ríkissjóðs, fyrir drátt á opinberum málum og önnur glöp í rannsókn þeirra og meðferð, enda þótt dómara hafi ekki verið stefnt í því skyni, ef sök hans virðist ljós.

24. gr.

187. gr. orðist svo:

Nú þykir verjandi hafa gerzt sekur um vanrækslu eða önnur glöp í undirbúningi eða flutningi opinbers máls fyrir hæstarétti, og getur dómurinn þá gert honum sekt, er renni til ríkissjóðs.

25. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Lög um meðferð opinberra mála eru að stofni til frá árinu 1951. Í þeim eru allmörg ákvæði, þar sem vísað er til verðlags, en þau ákvæði eru nú af eðlilegum ástæðum úrelt vegna verðlagsbreytinga, og þarfnast því endurskoðunar. Með frumvarpi þessu er lagt til, að ákvæðum þessum verði breytt til meira samræmis við núverandi verðlag, en auk þess eru lagðar til nokkrar aðrar minniháttar breytingar.

Eigi er þörf ítarlegra skýringa við einstakar greinar, en að því leyti, sem þeirra þykir þörf, verður hér gerð nokkur grein fyrir þeim.

Við 3. gr. Leiðrétting.

Við 4. gr. Ákvæðið er nú úrelt eftir tilkomu laga nr. 55/1962 um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

Við 5.—9. gr. Til að framkvæma ýmsar gerðir í sambandi við rannsókn mála, svo sem hald á munum, leit og handtöku, er það m. a. skilyrði, að brot geti varðað a. m. k. 20 000.00 kr. sekt. Er lagt til, að fjárhæð þessi verði fimmfölduð.

Við 10. gr. Samkvæmt gildandi lögum er skylt að skipa sökunaut verjanda, ef brot getur varðað m. a. 10 000.00 kr. sekt. Er lagt til, að fjárhæð þessi verði fimmfölduð.

Við 13. gr. Á árinu 1966 var 112. gr. laganna breytt á þann veg, að lögreglustjórum var heimilað að ljúka tilteknum málum með sektargerð, enda teldi lögreglustjóri brot eigi fara fram úr 5 000.00 króna sekt. Sektargerðir þessar hafa gefið góða raun, og þær hafa létt verulega álagi af dómstólum. Vegna fenginnar reynslu og verðlagsbreytinga þykir rétt að leggja til, að sektarheimild lögreglustjóra verði hækkuð í 10 000.00 kr. Er þar um að ræða sömu fjárhæð og tollyfirvöld hafa til að ljúka kærum með sektargerð, sbr. lög nr. 59/1969 um tollheimtu og tolleftirlit. Þá er lagt til, að sektarheimild lögreglumanna nái til brota allt að 3 000.00 kr. sekt. Loks er lagt til, að hækkuð verði sú fjárhæð, þar sem dómari getur með bókun ákveðið eignarupptöku, þegar sökunautur finnst ekki eða er ókunnugur. Hefur sú fjárhæð staðið óbreytt frá 1951.

Við 14. gr. Lagt er til, að sektarfjárhæð, sem er skilyrði fyrir því, að dómari höfði mál af sjálfsdáðun á hendur sökunaut, sem ekki hefur komið fyrir dóm, verði tífölduð. Þá er lagt til, að ákvæði 4. mgr. 113. gr. falli niður, enda það óþarft, þar sem dómar í málum þessum fara til saksóknara eftir almennum reglum.

Við 15. gr. Breyting þessi leiðir af niðurfellingu 4. mgr. 113. gr.

Við 16. og 22. gr. Lagt er til, að tekið verði upp ákvæði um heimild saksóknara til að fela fulltrúa sínum sókn mála fyrir hæstarétti, en nú flytur saksóknari sjálfur öll mál þar. Er þá gert ráð fyrir því, að slíkur fulltrúi uppfylli sömu skilyrði og þarf til skipunar í embætti saksóknara, en það eru sömu skilyrði og til skipunar í embætti hæstaréttardómara.

Við 17., 18., 19., 23. og 24. gr. Lagt er til, að ákvæði um lágmark og hámark réttarfarssekta verði felld niður. Er það í samræmi við breytingar, sem gerðar hafa verið á lögum um meðferð einkamála í héraði, sbr. lög nr. 33/1963.

Við 20. gr. Lagt er til, að tilgreind lágmarkssekt og lágmarksfjárhæð á upptækum verðmætum, þar sem saksóknara er skylt að áfrýja dómi eftir kröfu ákærða, verði tífölduð.

Við 21. gr. Tekið er inn ákvæði um sendingu dóma frá saksóknara til dómsmálaráðuneytis, þegar dómi verður eigi áfrýjað, og er ákvæðið í samræmi við starfsvenju.

Sþ. 167. Nefndarálit [1. mál]

um frv. til fjárlaga fyrir árið 1973.

Frá 1. minni hl. fjárveitinganefndar.

Í fjárlagafrv. fyrir árið 1973, sem ríkisstjórnin lagði fram í þingbyrjun, eru tekjur áætlaðar 20 447.5 millj. kr., en gjöld 19 867.8 millj. kr. og nettóútstreymi á lánahreyfingum 475.7 millj. kr. Greiðsluafgangur er þannig áætlaður 103.9 millj. kr. Í fjárlögum ársins 1972 voru tekjur áætlaðar 16 898.8 millj. kr., en gjöld 16 549.5 millj. kr. og nettóútstreymi lánahreyfinga 261.9 millj. kr. Greiðsluafgangur var því áætlaður 87.5 millj. kr.

Í fjárlögum fyrir árið 1971, sem voru síðustu fjárlög fyrrverandi ríkisstjórnar, voru tekjur áætlaðar 11 054.7 millj. kr., en gjöld 11 023.3 millj. kr. og nettóútstreymi á lánahreyfingum 241.1 millj. kr. Greiðsluafgangur var það ár áætlaður 270.4 millj. kr.

Útgjöld samkv. þessu fjárlagafrv. núverandi ríkisstjórnar hafa því hækkað um 9 424.2 millj. kr. frá útgjöldum síðasta fjárlagafrumvarps fyrrverandi ríkisstjórnar. En þar með er ekki öll sagan sögð. Enn hækka útgjöld frv. við brtt. nefndarinnar um 268 180 þús. kr., og öruggt má telja, að gjaldahlið þess hækki til muna við 3. umræðu, og er því einsýnt, að útgjöld ríkissjóðs munu tvöfaldast frá afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1971 eða á aðeins tveimur árum. Sennilega mun verða erfitt að finna ríkisstjórn í öðrum löndum á friðartímum, sem svo hrapallega hefur lotið í lægra haldi fyrir ofþenslu og verðbólgu.

Núverandi ríkisstjórn lýsti því yfir í málefnasamningi sínum, að hún mundi leggja höfuðáherzlu á að koma í veg fyrir þá háskalegu verðlagsþróun, sem hún taldi að átt hefði sér stað í efnahagsmálum og leitt hefði til síendurtekinna gengislækkana og óðaverðbólgu. Hún hugðist tryggja, að hækkun verðlags hér á landi yrði ekki meiri en í helztu nágranna- og viðskiptalöndum. Nú hefur þessi ríkisstjórn setið að völdum í tæplega eitt og hálft ár með þessum árangri hvað snertir sjálfan ríkisbúskapinn.

Þegar þeir, sem nú eiga aðild að ríkisstjórninni, voru í stjórnarandstöðu, gerðu þeir sífelldar árásir á þáverandi ríkisstjórn fyrir það, að rekstrarkostnaður ríkis og ríkisstofnana væri allt of hár, starfsmannafjöldi of mikill og skrifstofubáknið

þendist út. Þá töldu þessir menn, að sparnaðar væri ekki gætt og fyrirhyggju skorti við stjórn ríkisstofnana. Ekki má heldur gleyma því, sem þessir sömu menn töluðu um verðbólguna og að ríkisstjórnin, sem þá var, léti verðbólguna leika lausum hala.

En hvað hefur gerzt á þessu tæpa hálfu öðru ári, sem liðið er af valdatíma núverandi ríkisstjórnar, umfram það, að fjárlög hafa tvöfaldazt?

Ríkisstjórnin hefur sjálf haft frumkvæði um að auka verðbólguna í landinu. Hún byrjaði á að rýra tekjur útgerðarinnar strax eftir valdatöku sína með útgáfu bráðabirgðalaga til þess að gera hosur sínar grænar fyrir sjómönnum, en það varð m. a. til þess að hvetja til almennra launahækkana í landinu, sem leiddu til vaxandi þenslu í efnahagsmálum. Útgjöld atvinnuveganna jukust, og útgjöld ríkissjóðs fóru upp úr öllu valdi. Ríkisstjórnin greip til þess örþrifaráðs að stórhækka beina skatta með þeim árangri, að álagður tekju- og eignarskattur hækkaði úr 1 525 millj. kr. árið 1971 í 4 429 millj. kr. árið 1972, eða því sem næst þrefaldaðist. Samhliða þessu voru stórlega skert fríðindi við álagningu skatta til ríkis og sveitarfélaga svo og til aldraðra og öryrkja, að ógleymdri skerðingu á fríðindum til sjómanna, bæði fiskimanna og farmanna. Það má því segja, að opinberir aðilar hafi fengið rúmlega helming af því fjármagni, sem útgerðin var svipt og ríkisstjórnin hafði á fyrstu vikum valdaferils síns, meðan hamingjusól hennar var hæst á lofti, gert ráð fyrir, að liti út fyrir að ætlað hefði verið sjómönnum einum.

Í málefnasamningi ríkisstjórnarinnar segir, að til þess að hægt verði að tryggja láglaunafólki árlegar og eðlilegar kjarabætur, muni hún með lögum stytta vinnuvikuna í 40 stundir án breytinga á vikukaupi.

Sjálfstæðisflokkurinn var andvígur þessari málsmeðferð og taldi það mikið óráð af ríkisstjórninni að taka inn í pólitískan málefnasamning lögfestingu vinnutíma. Þó að sumir stjórnarsinnar héldu því fram, að lögfesting vinnutímans mundi greiða fyrir kjarasamningum, sem þá stóðu fyrir dyrum, þá varð sú raunin ekki, þegar til kom, eins og sjálfstæðismenn héldu fram, þegar frv. um 40 stunda vinnuviku kom til umræðu á Alþingi. Það var og er skoðun okkar, að um ákvörðun vinnutíma eigi að semja í frjálsu samkomulagi af aðilum vinnumarkaðarins og áframhaldandi þróun á þessum vettvangi hefði verið farsælli en lögfesting. Þessar aðvaranir gaf formaður Sjálfstæðisflokksins, Jóhann Hafstein, í ræðu á Alþingi, þegar frv. var til 1. umr. í Nd., og hann bætti við, að úr því sem komið væri, „geri ég ráð fyrir því, að hvorki ég né aðrir úr mínum flokki leggi stein í götu þessa frv. eða bregði fyrir það fæti". Ef það hefði verið gert og frv. ef til vill ekki náð fram að ganga, hefði það haft alvarlegar afleiðingar um lausn kjarasamninga, en þar vildi Sjálfstæðisflokkurinn ekki standa í vegi.

Lögfesting vinnuvikunnar var algerlega vanhugsað mál, sem dregið hefur dilk á eftir sér og er eitt þeirra verka, sem nú gera aðstæðurnar erfiðari en ella hefði orðið. Ef ríkisstjórnin hefði í upphafi valdaferils síns gert sér grein fyrir þessu, þyrfti ekki nú að gera ráðstafanir til kjaraskerðingar hjá öllum þorra launþega, m. a. með því að fikta við kaupgreiðsluvísitöluna.

Eins og áður er sagt, er svo langt gengið í álagningu beinna skatta, að ekki verður gengið lengra á þeirri braut, enda er í því efni farið langt fram yfir það mark, sem fyrrverandi ríkisstjórn taldi vera eðlilegt, sbr. lög um tekjuskatt og eignarskatt, sem í gildi voru, áður en núverandi ríkisstj. fékk þeim breytt á síðasta þingi.

Við teljum, að í þessu efni verði að breyta hreinlega um stefnu og efna til heildarendurskoðunar á tekjustofnum ríkis og sveitarfélaga á þeim grundvelli, sem fyrrverandi ríkisstjórn markaði, þar sem sú stefna réði:

1. að skattlagningin dragi úr því miðstjórnarvaldi ríkisins, sem núverandi skattheimta styður að;
2. að skattlagningin örvi einstaklinginn til framtaks og sparnaðar og að þannig verði skattalega búið að atvinnurekstri, að áhugi almennings fari vaxandi fyrir því að eiga aðild að atvinnutækjum;

3. að skattlagning ríkisins beinist í vaxandi mæli að óbeinum sköttum, þannig að skattleggja fremur eyðsluna en nú á sér stað, en gæta hófs í skattlagningu sparnaðar. Jafnframt verði dregið úr ofurþunga hinna beinu skatta, sem vissulega á stóra hlutdeild í þeirri þenslu, sem einkennir fjárlagafrumvarpið, því að skattpíndir einstaklingar krefjast vaxandi fyrirgreiðslu í hærri fjárhæðum úr ríkissjóði.

Það er skoðun okkar, að ekki náist viðhlítandi árangur um þróun ríkisfjármála og almennra efnahagsmála, nema breytt verði um stefnu í skattamálum frá því, sem núverandi fjárlagafrv. byggir á, ásamt því að beitt verði öðrum samvirkum efnahagsaðgerðum, sem ekki eru tök á að gera fyllri skil í nefndaráliti.

Það er eftirtektarverð staðreynd, að frá því að núverandi ríkisstjórn tók við völdum hefur byggingavísitalan hækkað úr 535 stigum í 689 stig miðað við vísitöluna 1. nóvember s. l. eða um 28.79%, en það er táknrænt sýnishorn af hinni ofsalegu verðbólgu, sem hér er ríkjandi.

Við höfum leitazt við að gera okkur grein fyrir þeim breytingum, sem orðið hafa á fjölda fastráðinna starfsmanna hjá ríki og ríkisstofnunum. Samkvæmt frv. til fjárlaga fyrir árið 1972 eru fastráðnir ríkisstarfsmenn, miðað við júlímánuð 1971, 6798 talsins, en í fjárlagafrv. fyrir 1973 eru þeir miðað við júlímánuð þessa árs, orðnir 7244, og nú eru þeir taldir samkv. upplýsingum, sem Fjárlaga- og hagsýslustofnunin útvegaði, að okkar beiðni, vera 7383 talsins. Fastráðnum starfsmönnum ríkisins hefur fjölgað í tíð núverandi ríkisstjórnar um 585. Þetta er samdrátturinn á ríkisbákninu, sem þessir menn boðuðu, þegar þeir kæmu til valda.

Ríkisstjórnin gaf út bráðabirgðalög á s. l. sumri um tímabundnar efnahagsráðstafanir, þar sem henni er heimilað þrátt fyrir ákvæði fjárlaga yfirstandandi árs að lækka fjárveitingar samkvæmt þeim um allt að 400 millj. kr. Þetta tekur einnig til fjárlagaliða, sem jafnframt eru ákveðnir í öðrum lögum en fjárlögum.

Nú nýlega barst nefndinni bréf um niðurskurð á framlögum til verklegra framkvæmda, sem veitt var fé til á fjárlögum, og er hann þannig:

Hafnarframkvæmdir	28.6	millj.	kr.
Skólaframkv., skyldunáms	53.0	—	—
Iðnskólar	2.5	—	—
Háskólinn	12.0	—	—
Þjóðarbókhlaðan	7.5	—	—
Læknamiðstöðvar og sjúkrahús	50.0	—	—
Fæðingardeild Landspítalans	15.0	—	—
Landspítalinn	6.0	—	—
Samtals	174.6	millj.	kr.

Um annan árangur af heimild til niðurskurðar hefur fjárveitinganefnd ekki fengið fregnir.

Það vekur eftirtekt, að framlög til verklegra framkvæmda á fjárlagafrv. hækka ekki í hlutfalli við verðbreytingar. Í því sambandi má nefna, að síðasta fjárlagaár fyrrverandi ríkisstjórnar, árið 1971, hækkuðu framlög til byggingar barna- og gagnfræðaskóla úr 206 860 þús. kr. í 288 071 þús. kr. eða um 39%. Í fjárlögum fyrir árið 1972 hækkuðu þessi framlög í 394 660 þús. kr. eða um 37%. Í fjárlagafrumvarpinu fyrir næsta ár verða þessi framlög samkv. tillögu fjárveitinganefndar 473 478 þús. kr., en í þeirri upphæð er 53 000 þús. kr. fjárveiting vegna niðurskurðar á fjárlögum á þessu ári, þannig að raunveruleg fjárveiting næsta árs verður 424 478 þús. kr. eða 7.5% hækkun frá síðasta ári.

Í hafnamálum er ástandið litlu betra. Við fjárlagaafgreiðslu fyrir árið 1972 voru framlög til hafnarmannvirkja og hafnabótasjóðs 183.8 millj. kr., en eru eftir tillögum fjárveitinganefndar við frv. nú 228.5 millj. kr., og eru þá endurveittar 28.6 millj. kr.,

sem skornar voru niður á þessu ári. Raunverulegt framlag verður því 199.9 millj. kr. eða um 9% hækkun frá fyrra ári.

Fjárveitinganefnd flytur sameiginlega breytingartillögur á þskj. 162 og 165. Eru þau vinnubrögð með sama hætti og áður hefur tíðkazt, þannig að heildarfjárhæðir til einstakra málaflokka, svo sem sjúkrahúsa, læknabústaða, læknamiðstöðva, hafna, fyrirhleðslna, skólabygginga barna- og gagnfræðastigs, héraðsskóla, iðnskóla, húsmæðraskóla o. fl., eru ákveðnar af ríkisstjórninni, en fjárveitinganefnd hefur í heild unnið að skiptingu fjármagnsins, og stöndum við undirritaðir að þeirri skiptingu, enda þótt við hefðum aðrar skoðanir um heildarfjárhæðir þessara málaflokka. Um aðrar einstakar brtt. er það að segja, að um allmargar þeirra var full samstaða i nefndinni, enda er þar í flestum tilvikum um leiðréttingar að ræða, eftir að nefndin hafði kynnt sér aðstæður hinna ýmsu stofnana og félagasamtaka, sem brtt. taka til. Í ýmsu falli hefur þó verið staðið á annan veg að úrlausn mála en við teljum eðlilegt, og höfum við undirritaðir nefndarmenn áskilið okkur rétt til að hafa óbundnar hendur um afstöðu til tillagnanna í heild og hinna einstöku tillagna.

Þegar fjárlagafrumvarpið var lagt fram, var það marklaust að því leyti, að stórar fjárhæðir vantaði á tekjuhlið frv. til þess að mæta gífurlegri útgjaldaaukningu, sem skapast, þegar verðstöðvun lýkur um næstu áramót, eins og bráðabirgðalögin um tímabundnar efnahagsaðgerðir kveða á um.

Fyrir 2. umræðu fjárlaga var ríkisstjórninni skylt að leggja fram tillögur um tekjuhlið fjárlagafrv. og skýra frá því, á hvern hátt hún ætlaði sér að leysa þau efnahagsvandamál, sem nú steðja að. Í stað þess að gera það hefur ekkert komið frá ríkisstjórninni í þessum efnum annað en beiðnir einstakra ráðherra um aukin útgjöld.

Við teljum óhæf vinnubrögð að fjalla um útgjaldabeiðnir, sem skipta hundruðum millj. kr., á meðan ekki liggja fyrir upplýsingar um, á hvern hátt tekna skuli aflað.

Við munum því ekki flytja brtt. við frv. við þessa umræðu umfram það, sem fram kemur í brtt. nefndarinnar á fyrrnefndum þingskjölum, en geymum okkur allan rétt til þess til 3. umr., þar sem við teljum, eins og stutt hefur verið rökum hér að framan, að mikilvægar ákvarðanir verði að taka um lausn efnahagsmálanna, áður en lengra er haldið, en þær ákvarðanir hljóta að hafa veruleg áhrif á afkomu alls almennings í landinu og endanlega niðurstöðu fjárlaga. Af þessum sökum er ógerlegt að taka á ábyrgan hátt afstöðu til ákveðinna efnisþátta ríkisfjármála og m. a. til þess, hversu langt megi ganga í fjárveitingum.

Alþingi, 12. des. 1972.

Matthías Bjarnason, frsm. Steinþór Gestsson. Ásgeir Pétursson.

Sþ. 168. Nefndarálit [1. mál]

um frv. til fjárlaga fyrir árið 1973.

Frá 2. minni hl. fjárveitinganefndar.

Svo sem venja hefur verið undanfarin ár, ber fjvn. sameiginlega fram nokkrar brtt. Aðild að þeim byggist á þeirri venju í fjvn., að formaður leggur til, að n. fallist á flutning þeirra. Þetta gildir um afgreiðslu tillagna eða erindi, hvort sem um hækkun eða lækkun er að ræða. Nm. geta þó haft áhrif á stærð talna við þessa afgreiðslu undir vissum kringumstæðum. Aðild mín að meirihlutatillögunum bindur mig ekki um flutning á eða stuðning við aðra brtt. við fjárlagafrv.

Þær till., sem fjvn. hefur afgreitt nú, nema til hækkunar rétt um 268 millj kr.

Fjvn. kom fyrst saman til fundar 19. okt. s. l. og hefur haldið 38 sameiginlega fundi. Hafa undirnefndir starfað innan fjvn. í sambandi við úthlutun á fjármagni til skóla, hafna og sjúkrahúsa, að slíku starfi hefur undirritaður ekki átt aðild. Frá þessum undirnefndum hafa komið till., sem hafa síðan fengið afgreiðslu, eins og að framan greinir, á sameiginlegum fundi fjvn.

Forstöðumenn margra ríkisstofnana komu á fundi hjá fjvn., svo sem venja hefur verið í mörg undanfarin ár, og gerðu grein fyrir fjármagnsþörf viðkomandi stofnunar og einnig í mörgum tilfellum rekstrinum. Fjvn. samþykkti á s. l. vetri, að rétt væri að tilkynna um móttöku erinda og hvenær þau ættu að koma inn í síðasta lagi. Árangur varð nokkur vegna þessarar tilkynningar og tímasetningar, og bárust erindi þess vegna fyrr til ráðuneytis og síðan til fjárveitinganefndar en venja hefur verið undanfarin ár. Einnig hefur undirnefnd fjárveitinganefndar, en þar eiga fulltrúar allra flokka sæti, starfað nokkuð í sumar og tekið til meðferðar ýmis erindi, sem vísað var til nefndarinnar, og einnig athugað ýmsa þætti í rekstri ríkisstofnana, og væri vert að gera því betri skil en unnt er í þessu nál. Þó er rétt að nefna, að undirnefnd fjvn. fjallaði m. a. um mötuneytisrekstur ríkisins og þar voru látnar í té margvíslegar upplýsingar um kostnað af þessum rekstri, tækjaeign og starfsmannafjölda árið 1971. Hér er mikið og vaxandi vandamál á ferðinni, sem mun kosta ríkissjóð margar milljónir í náinni framtíð, og nauðsynlegt er að marka ákveðna stefnu varðandi þessi mál, því að þau munu velta mjög upp á sig kostnaði fyrir ríkissjóð, ef ekki er tekið af skarið um, hvaða kostnaðarþátt ríkissjóður á að taka á sig og hvað ríkissjóði ber að leggja fram.

Einnig var fjallað um tryggingu ríkiseigna, og er það mjög mikið mál. Ríkið tryggir fyrir stórfé, svo að nemur milljónatugum, og er nauðsyn að móta einnig heildarstefnu í því efni.

Til meðferðar var tekin skýrsla um aukatekjur innheimtumanna ríkissjóðs og nokkuð rædd sú hugmynd að gera hér bót á, en hér er um viðkvæmt og nokkuð vandasamt mál að ræða.

Um eftirfarandi mál í rekstri ríkisins var fjallað að meira og minna leyti: Verkstæðismál ríkisins, utanferðakostnað ríkisstofnana, skipulags- og hagræðingarmál póst- og símamálastjórnarinnar, og sumar af eftirlitsstofnunum ríkisins í sambandi við kaup á húsum o. fl. fyrir starfsemi þeirra.

Í aths. við fjárlagafrv. á bls. 147 er þetta tekið fram:

„Eins og fram er tekið í málefnasamningi núv. ríkisstj., er kappkostað að vinna að félagslegri uppbyggingu í þjóðfélaginu með skipulegum hætti með svo miklum hraða sem skynsamlegt og framkvæmanlegt er talið.“

Síðan segir:

„Með þessu fjárlfrv. er haldið áfram á sömu braut. Fjárveitingar til framkvæmda eru svipaðar og á yfirstandandi fjárl., nema hvað þær hækka í heild vegna verðhækkunar og raunverulega meira vegna þeirra skerðinga, sem gerðar voru í sambandi við framkvæmd bráðabirgðaráðstafana þeirra, sem gerðar voru í júlí s. l. vegna verðstöðvunar. Lagt er nú meira kapp á það en nokkru sinni fyrr að nýta framkvæmdafé þannig að ljúka verkum eða ná vissum áfanga til að tryggja sem bezt not fjárins.“

Þá kemur einnig fram í aths. við fjárlfrv., að reiknað er með, að í byggingu barna- og gagnfræðaskóla fari 4 ár. Það hefur komið fram á fundum fjvn., að þess sé að vænta, að frumvarp komi, er breyti tímamarki í núgildandi lögum um byggingu barna- og gagnfræðaskóla úr 3 árum í 4 ár og jafnvel að heimilt sé í vissum tilvikum að hafa byggingartímabilið 5 ár. Ríkisstj. sér sig til neydda að fara út á þessa braut, þrátt fyrir það að áherzla sé lögð á, að hin mikla skipulagshyggja eigi að gera sig gildandi við fjárlfrv. og framkvæmdaáætlun og nýting fjármagnsins eigi að vera sem mest og hagkvæmust.

Við í stjórnarandstöðunni gagnrýndum það mjög á síðasta þingi, við 2. umr. fjárl. 14. des. 1971, að margt væri í óvissu við þá umr. Sem andsvar við þeirri

gagnrýni las hæstv. fjmrh. upp langan lista um afgreiðslu fjárl. við 2. umr. og komst að þeirri niðurstöðu, að stundum áður hefði margt verið óákveðið í því sambandi. Því miður má segja, að við 2. umr. fjárl. í ár sé ástandið enn verra. Augljóst er, að tekna megin er allt í óvissu og stjórnarandstaðan veit á þessu stigi ekkert um endanlega tekjuöflun til þess að mæta útgjaldaþörf á komandi ári.

Hinn 11. júlí 1972 voru gefin út brbl. um tímabundnar efnahagsráðstafanir. Til þess að mæta þeim kostnaði, sem þessar ráðstafanir leiddu af sér, var ríkisstj. heimilað að lækka fjárveitingar á gildandi fjárl. allt að 400 millj. kr. Enn hefur hæstv. ríkisstj. ekki þótt Alþingi vert þess að gera því grein fyrir því nákvæmlega, hvaðan þessar 400 millj. koma og af hvaða liðum fjárl. þær eru teknar. Undirritaður hefur þó í ræðu á Alþingi beðið bæði hæstv. forsrh. og hæstv. fjmrh. að gera nákvæmlega grein fyrir kostnaði af þessum ráðstöfunum og hvernig honum sé mætt. Í bréfi frá fjmrn., dags. 11. des. 1972, kemur sundurliðun að nokkru leyti, er sýnir, hvaðan 174.6 millj. kr. koma vegna þessara ráðstafana. Skiptingin er þannig:

Samgöngumál, hafnir: Akranes 4 millj., Arnarstapi 1.5 millj., Árskógssandur 1.4 millj., Suðureyri 4 millj., Ísafjörður 4 millj., Þórshöfn 6 millj., Borgarfjörður eystri 4 millj., Eskifjörður 1 millj., Fáskrúðsfjörður 1 millj., eða samtals 26.9 millj. og Hafnarfjörður, dráttarbraut með 1.7 millj. Samtals 28.6 millj. Þannig er listinn yfir lækkaðar fjárveitingar á fjárl. 1972 til hafna.

Í sambandi við lækkun á fjárveitingum til skóla kemur fram, að alls nemur sú upphæð 75 millj. sléttum. Það er svo langur listi, að ekki er hægt að telja hann upp í nál., en langstærsti þátturinn er Skagafjörður með 13 millj. Háskóli Íslands er með 12 millj., Þjóðarbókhlaðan með 7.5 millj., en aðrir staðir með mun minna.

Um heilbrigðismálin er listi yfir lækkaðar fjárveitingar á fjárlögum 1972 vegna þessara ráðstafana upp á 71 millj. kr. alls. Hæstu liðir eru Borgarspítalinn í Reykjavík með 14 millj., Selfoss með 10 millj., Fæðingardeild Landspítalans með 15 millj. Sagt er í þessu bréfi fjmrn., að umræddar fjárveitingar og ráðstöfun sé gerð í samráði við undirnefnd, án þess að greina nánar, við hvað er átt í þessu sambandi. En það skal tekið fram að undirritaður á enga aðild að þessari breytingu og tekur ekki þátt í ákvörðun í því sambandi.

Fjárlagafrv. gerir ráð fyrir því, að vísitölu sé haldið áfram í 117 stigum á komandi ári, og fylgir engin nánari skilgreining á því, hvernig þetta megi takast. Enn er allt óráðið í þessu sambandi, en augljóst er, að um miklar fjárhæðir er að ræða, ef það á að vera markmið að halda kaupgreiðsluvísitölu óbreyttri í 117 stigum út allt árið 1973. Það er kunnara en frá þurfi að segja, að vissar atvinnugreinar eiga nú í mjög miklum erfiðleikum, og hæstv. ríkisstj. mun gera sér ljóst, að margvíslegar ráðstafanir eru óhjákvæmilegar til þess að forða vissum greinum útflutningsins frá stöðvun. Nokkur ágreiningur er uppi um fjármagnsþörf í þessu sambandi, en sé allt dæmið tekið í heild, má gera ráð fyrir því, að heildarfjármagnsþörf nálgizt a. m. k. 4 milljarða, og er þá haft í huga, að fjárfestingarsjóðir þurfa á auknu fé að halda til þess að veita atvinnulífinu eðlileg stofnlán.

Í athugasemdum við fjárlagafrv. á bls. 147 er sagt, að í kjölfar fjárlagafrv. muni verða „lögð fram tillaga um framkvæmdaáætlun fyrir árið 1973, og gert er ráð fyrir, að afgreiðsla fjárlagafrv. og framkvæmdaáætlunar fari saman frá Alþingi, þar sem reynslan hefur sýnt, að nauðsyn ber til, að svo sé". Þetta er nauðsynlegt til þess að fá fram í eina heilsteypta mynd, hvað hið opinbera hyggst fyrir á framkvæmdasviðinu og við afgreiðslu fjárlaga. Þannig á afgreiðsla fjárl. og afgreiðsla framkvæmdaáætlunar að fara saman, svo að almenningur geti séð og gert sér grein fyrir væntanlegum framkvæmdum hins opinbera á árinu 1973. En hvað hefur skeð? Framkvæmdaáætlunin hefur ekki verið lögð fram enn þá, þegar þetta nál. er samið, og stjórnarandstaðan hefur ekki fengið að sjá framkvæmdaáætlunina fyrir utan það, að í stjórn Framkvæmdastofnunar ríkisins mun uppkast að framkvæmdaáætlun hafa verið rætt að einhverju leyti, en síðan ekki söguna meir.

Það er nauðsynlegt, að almenningur geri sér grein fyrir því, hvernig hæstv. ríkisstj. stendur að afgreiðslu fjárl. að þessu sinni, og einnig, hvernig mönnum er

gert ómögulegt að fylgjast með því, sem er að gerast á þessu sviði, sem er raunar undirstaða eðlilegs atvinnulífs í landinu og lífskjara fyrir þjóðina á komandi ári og í náinni framtíð. Umræður við slíkar aðstæður geta aldrei verið raunhæfar né eðlilegar, þar sem stóran hluta af þeim gögnum, sem til notkunar þurfa að vera við afgreiðslu fjárl., vantar í hendur þeirra manna, sem eiga að vinna að þessum málum í n. og við afgreiðslu á Alþingi. Ég gagnrýndi það harðlega í nál. mínu í fyrra, hversu margt væri seint á ferðinni og mér virtist allt vera aftarlega á merinni, en enn hefur haldið í sömu átt, og nú er svo komið, að bagginn virðist hvíla á mölunum. Þessi staða hlýtur óhjákvæmilega að krefjast skjótra úrræða og hiklausra.

Þar sem framkvæmdaáætlunin liggur enn ekki fyrir, er ekki hægt að fjalla nánar um fjárfestingaráform hæstv. ríkisstj. á árinu 1973. Þó virðist augljóst af fréttum, að stofnlánasjóði vanti mikið fjármagn, og einnig mun Byggingarsjóður ríkisins vera í þörf fyrir verulegt fjármagn, ef fullnægja á umsóknum um húsnæðismálalán og þeirri eðlilegu hækkun, sem lög gera ráð fyrir, vegna hækkunar á byggingarkostnaði. Þarf að útvega geysiháar upphæðir, ef þessir stofnlánasjóðir eiga að fullnægja eftirspurn eftir lánum og öryggi á að vera um atvinnu fyrir þá menn, er í þeim atvinnugreinum starfa, sem þessir sjóðir lána til. Engu að síður er nauðsynlegt að hugleiða þá miklu spennu, er ríkt hefur í eftirspurn eftir vörum og þjónustu hina síðustu mánuði, og áhrif þessarar spennu á verðbólguna, sem sannarlega hafa verið mikil og munu áfram vera mikil, ef ekki eru gerðar ráðstafanir til að hamla mjög hér á móti.

Á döfinni eru svonefndar efnahagsráðstafanir, en ekki liggur fyrir, á hvaða sviði þær verða né með hvaða hætti. En í það má þó spá, að einhvers konar millifærsluleiðir verða farnar, ef marka má þau orð, er standa í málefnasamningi hæstv. ríkisstj. Þá er fram undan margslungið millifærslukerfi, þar sem einhverjir alvitrir menn, „kommissarar" eða spekingar, útdeila handa Pétri og Páli því, sem þeir meta eðlilegt og nauðsynlegt, og enginn veit fyrir fram, hvað hann fær né hvernig atvinnuþætti hans muni reiða af, fyrr en hann fær molana af borði hinna háu herra.

Við slíkar aðstæður fer nú fram 2. umr. fjárl. og afgreiðsla á þeim till., er fjvn. hefur lagt fram. Eins og fyrr segir, er óvissa ríkjandi um tekjuöflunarhliðina, og þess vegna er tilgangslaust að velta vöngum nánar um þann þátt. Hann er allur hulinn þoku óvissunnar. Alvarlegust mun þó vera sú staðreynd, að innan hæstv. ríkisstj. eða stjórnarflokka er ekki samstaða um leiðir til tekjuöflunar.

Í bæklingi, sem Framkvæmdastofnun ríkisins, hagrannsóknardeild, hefur sent frá sér í okt. s. l. og fjallar um þjóðarbúskapinn, kemur fram, að margt er í óvissu um afkomu ýmissa atvinnugreina árið 1973, eins og áður segir. Þar kemur fram, að reiknað er með mjög miklum viðskiptahalla annað árið í röð, og á þessum tveimur árum, 1972 og 1973, má gera ráð fyrir, að öfugur viðskiptahalli nemi tæpum 9 milljörðum króna. Þessi mikli halli er jafnaður út með lánatöku til langs tíma, svo að gjaldeyrisstaðan rýrni ekki um of. Engu að síður er hér mjög djarflega siglt og má lítið út af bera, ef ekki á að fara illa. Einnig hefur staða ríkissjóðs gagnvart Seðlabankanum verið mjög erfið allt þetta ár og oft verið yfirdráttur hátt á annan milljarð króna á þessu ári. Fjármál ríkisins eru því í slæmri stöðu, og ýmsar framkvæmdir eru byggðar um of á lántökum.

Atvinnulífi, sem haldið er gangandi með sífelldum lántökum, er ýmis hætta búin, ef eðlileg framleiðsluaukning á sér ekki stað í viðkomandi grein. Sú kauphækkun ásamt vinnutímastyttingu, sem átti sér stað á s. l. einu og hálfu ári, hefur komið nokkuð þungt niður á atvinnulífinu og veldur nú alvarlegum vandræðum í vissum greinum útflutningsins. Ríkisstj. mun ekki komast hjá því að taka þetta alvarlega vandamál til meðferðar nú þegar til að tryggja eðlilega starfsemi hjá flota landsmanna strax á komandi vertíð. Tíminn fram að áramótum er mjög naumur, og er næsta furðulegt, að ekkert skuli liggja fyrir, rétt áður en þing fer heim í jólafrí, hvernig leysa á þetta vandamál. Hér er, eins og áður segir, um stórar

fjárhæðir til tekjuöflunar að ræða, sem munu snerta að meira eða minna leyti flestar eða allar fjölskyldur landsmanna. Það er því við sérstæðar aðstæður, sem 2. umr. fjárl. fer fram, og nánast þannig, að vansæmd er að fyrir alla aðila að láta slíkt eiga sér stað. Ein skýring kann að vera á þessum sérstæðu kringumstæðum, sem sé sú, að innan hæstv. ríkisstj. sé engin samstaða um úrræði og hugmyndir séu á lofti um það að fresta raunverulegri afgreiðslu fjárl. endanlega fram yfir áramót og kalla þing saman snemma í janúar og ganga þá frá fjárl. og nota á meðan jólafríið til að reyna að bræða saman samstöðu um leiðir.

Hæstv. ríkisstj. margundirstrikaði það, að hún mundi vinna skipulega að öllum málum og þessir sömu menn hafa á undanförnum árum í stjórnarandstöðu marggagnrýnt það, sem þeir þá kölluðu handahófskennd vinnubrögð, stefnuleysi og tilviljunarkennt mat á aðstæðum. Slíkt mundi ekki ríkja hjá þeim, ef þeir stjórnuðu. Þeim var kappsmál að koma á fót Framkvæmdastofnun ríkisins, sem átti að vera driffjöðrin í allri skipulagshyggju og skynsamlegum og raunhæfum vinnubrögðum á því sviði. En svo er að sjá sem árangur láti standa á sér í þessum efnum.

Ég sé ekki ástæðu til þess, eins og atvikum er háttað við þessa umr., að vera að rekja einstök erindi og beiðnir, sem fyrir liggja. Fjvn. hefur tekið nokkur erindi til endanlegrar meðferðar og samþykkt ýmislegt, sem þar er farið fram á, en engu að síður liggja fyrir beiðnir, sem nema mörgum hundruðum milljóna króna. Margvíslegar röksemdir liggja á bak við þessar beiðnir, sumar sennilega vel fram settar og sannar, en hjá öðrum er nokkuð mikil óskhyggja og bjartsýni ríkjandi, sem varla verður hægt að taka alvarlega á þessu stigi. Að venju verður ekki um miklar viðbótarhækkanir að ræða á milli 2. og 3. umr., en hér er allt í slíkri óvissu nú, að vel getur farið svo, ef hæstv. ríkisstj. tekur ákvarðanir um að fresta raunverulegri afgreiðslu fjárl., að margt þurfi endurskoðunar við og veruleg hækkun muni enn koma fram. Þá mun þessari hæstv. ríkisstj. hafa tekizt á tveimur árum að hækka fjárl. um 100%, og er það út af fyrir sig sérstakt afrek, sem vonandi á ekki eftir að endurtaka sig í fjármálastjórn þessa lands.

Alþingi, 13. des. 1972.

Jón Árm. Héðinsson.

Nd. 169. Frumvarp til laga [121. mál]

um breyting á lögum nr. 14 15. marz 1965 um launaskatt.

(Lagt fyrir Alþingi á 93. löggjafarþingi, 1972.)

1. gr.

Í stað „1%“ í 1. mgr. 1. gr. laganna komi: 2½%.

2. mgr. 1. gr. laganna orðist svo:

Skattur þessi skiptist þannig, að 1% rennur í Byggingarsjóðs ríkisins sem stofnfjárframlag og 1½% rennur í ríkissjóð.

2. gr.

10. gr. laganna orðist svo:

Byggingarsjóður ríkisins greiðir til ríkissjóðs 1% af hluta sjóðsins af innheimtum launaskatti samkvæmt lögum þessum, vegna kostnaðar af framkvæmd laganna.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með lögum nr. 94 19. nóvember 1970, um ráðstafanir til stöðugs verðlags og atvinnuöryggis, var ákveðið að leggja á sérstakan launaskatt, er næmi 1½%, á tíma-

bilinu 1. desember 1970 til 31. ágúst 1971, sbr. 2. gr. téðra laga. Með bráðabirgðalögum nr. 77 21. júlí 1971 var framangreint tímabil, sem innheimta skyldi launaskatt þennan, framlengt til 31. desember 1971. Með lögum nr. 96 27. desember 1971 um breyting á lögum um almannatryggingar, var ákveðið, að skattur þessi skyldi innheimtur á árinu 1972, sbr. ákvæði til bráðabirgða III. lið.

Þar eð óhjákvæmilegt er, eins og nú háttar, að þessi 1½% launaskattur verði gerður að varanlegum tekjustofni ríkissjóðs, þykir rétt að breyta ákvæðum laga nr. 14/1965 til samræmis við það og felur 1. gr. frumvarpsins í sér þá breytingu.

Með 2. gr. frumvarpsins er gerð tillaga um orðalagsbreytingu til að hlutur Byggingarsjóðs í kostnaði við álagningu og innheimtu skattsins verði óbreyttur frá því sem verið hefur, þrátt fyrir hækkun skattsins.

Nd. 170. Frumvarp til laga [122. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka lán vegna framkvæmdaáætlunar fyrir árið 1973.

(Lagt fyrir Alþingi á 93. löggjafarþingi, 1972.)

1. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að gefa út til sölu innanlands ríkisskuldabréf eða spariskírteini að fjárhæð allt að 200 millj. kr., en jafnframt falla niður 140 millj. kr. af heimild í 1. gr. laga nr. 26/1972.

2. gr.

Heimilt er að verðtryggja skuldabréf þau og spariskírteini, sem gefin verða út skv. 1. gr., með því að binda vexti af þeim og afborganir vísitölu.

Um lánstíma, vexti og önnur lánskjör, svo og fyrirkomulag verðtryggingar, fer eftir ákvörðun fjármálaráðherra.

3. gr.

Ríkisskuldabréfin og spariskírteinin, sbr. 1. gr., svo og vextir af þeim og verðbætur, skulu undanþegin framtalsskyldu og skattlagningu á sama hátt og sparifé, sbr. 21. gr. laga nr. 68/1971. Skuldabréfin og spariskírteinin skulu skráð á nafn eigenda.

4. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt að gefa út ný ríkisskuldabréf eða spariskírteini skv. ákvæðum 2. gr., eftir því sem á þarf að halda í stað þeirra, er upphaflega verða útgefin skv. ákvæðum 1. gr. að viðbættri áfallinni verðlagsuppbót.

5. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að gefa út til sölu innanlands happdrættisskuldabréf samtals að fjárhæð 80 millj. kr. til greiðslu kostnaðar af vega- og brúagerð á Skeiðarársandi, er opni hringveg um landið. Skulu ákvæði laga nr. 99/1971 gilda um skuldabréfaútgáfu þessa, eftir því sem við á.

6. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að taka vörukaupalán hjá ríkisstjórn Bandaríkjanna (P.L. 480 lán) allt að 600 þús. bandarískum dollurum.

7. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að taka erlent lán að jafnvirði allt að 50 millj. kr. vegna væntanlegrar samtengingar raforku milli Norður- og Suðurlands, ef fé skortir til nauðsynlegra rannsókna eða nauðsynlegt reynist að kaupa efni, þannig að framkvæmanlegt verði að hefja byggingu línunnar árið 1974.

8. gr.

Heimilt er fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs að ábyrgjast innlend eða erlend án að jafnvirði allt að 172 millj. kr. til framkvæmda ríkisins í vega- og raforkumálum.

9. gr.

Heimilt er fjármálaráðherra að taka tækjakaupalán fyrir hönd ríkissjóðs að fjárhæð allt að 16 millj. kr. vegna radíóvita til vita- og hafnamálastjórnar og vegna fjarskiptabúnaður til embættis lögreglustjórans í Reykjavík.

10. gr.

Lánsfé því, sem aflast með sölu ríkisskuldabréfa eða spariskírteina skv. 1. gr., með endurgreiðslu af áður útgefnum spariskírteinalánum, með sölu happdrættisskuldabréfa skv. 5. gr. og fyrri heimild, með P.L. 480 láni skv. 6. gr., með erlendri lántöku skv. 8. gr. og með tækjakaupalánum skv. 9. gr., skal verja sem hér segir:

	Millj. kr.
Rafmagnsveitur ríkisins, framkvæmdir	236
Rafmagnsveitur ríkisins, lenging lána	10
Laxárvirkjun	47
Stofnlína Norður- Suðurland	13
Sveitarafvæðing	70
Orkustofnun, vatnsorkurannsóknir	20
Orkustofnun, jarðhitarannsóknir	23
Orkustofnun, jarhitaleitarlán	4
Orkustofnun, jarðboranir	6
Skeiðarársandsvegur	230
Aðrir vegir á vegáætlun	75
Hafnarfjarðarvegur í Kópavogi	50
Landshafnir	19
Radíó-vitar, tækjakaupalán	8
Norðurlandsáætlun, hafnir og flugvellir	38
Flugöryggismál	11
Lögreglustöðin í Reykjavík	19
Rannsóknastofnanir á Keldnaholti	9
Halli á framkvæmdaáætlun 1972	30
	918
Til Framkvæmdasjóðs Íslands	100
	1 018

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Eins og boðað var í greinargerð fjárlagafrumvarps fyrir árið 1973, er framkvæmda- og fjáröflunaráætlun ríkisstjórnarinnar fyrir það ár nú lögð fram meðan fjárlagafrumvarpið er enn til meðferðar, þannig að unnt verður að líta á heildarframkvæmdir ríkisins á sama tíma við ákvarðanatöku á Alþingi. Er þetta í fyrsta sinn, sem frumvörp þessi eru til meðferðar samtímis á þinginu, og er að því augljóst hagræði.

Lánsfjáröflun til þeirra opinberu framkvæmda, sem 10. gr. frumvarpsins tekur til, nemur 918 millj. kr., auk 100 millj. kr., sem ætlað er að gangi til Framkvæmda-

sjóðs Íslands af nýrri spariskírteinaútgáfu, eða samtals 1 018 millj. kr. Hluti opinberra framkvæmda af nýrri spariskírteinaútgáfu er einnig 100 millj. kr., þannig að slík útgáfa nemur í heild 200 millj. kr. Á árinu 1972 var heimild til útgáfu spariskírteina að fjárhæð 500 millj. kr.. Nú hefur verið ákveðið, að ekki verði notaðar nema 360 millj. kr. af þeirri heimild, og er ekki talið líklegt, að búið verði að selja skírteini fyrir þá fjárhæð fyrr en á fyrstu mánuðum ársins 1973. Með tilliti til reynslunnar af sölu spariskírteina á þessu ári þykir ekki ráðlegt að reikna með meiri sölu en 200 millj. kr. á árinu 1973, enda mun hluti af heimild þessa árs verða notaður á því ári. Auk þess er ráðgerð á árinu 1973 aukin sala happdrættisskuldabréfa. Happdrættislánið vegna vega- og brúaframkvæmda á Skeiðarársandi er hér áætlað 230 millj. kr., og er það í samræmi við vegáætlun. Endurgreiðsla eldri spariskírteina er áætluð 350 millj. kr., vörukaupalán hjá Bandaríkjastjórn (P.L. 480 lán) um 50 millj. kr., önnur erlend lán til opinberra framkvæmda (vega- og raforkumála) 172 millj. kr. og tækjakaupalán í þágu vitamála og löggæzlumála 16 millj. kr.

Fyrir utan framangreindar lántökuheimildir til opinberra framkvæmda, sem samtals nema 918 millj. kr., má gera ráð fyrir 400 millj. kr. erlendri lántöku Landsvirkjunar, sem er áætlaður kostnaður við ársáfanga Sigölduvirkjunar, og 60 millj. kr. tækjakaupaláni Pósts og síma, en ekki er þörf á að leita sérstakrar lántökuheimildar í þessu frumvarpi til þessara framkvæmda. Þannig nemur lántökuþörf til opinberra framkvæmda í heild 1 378 millj. kr. á árinu 1973, en árið 1972 voru hliðstæðar lántökuheimildir samtals 1 778 millj. kr. og er því um 400 millj. kr. lækkun að ræða.

Um 1. gr.

Að þessu sinni er leitað heimildar til allt að 200 millj. kr. fjáröflunar með verðbréfaútgáfu innanlands. Eins og fyrr greinir, þykir ekki ráðlegt að treysta á meiri sölu en þetta með tilliti til reynslunnar af sölu spariskírteina á þessu ári. Ætlað er, að 100 millj. kr. af fjáröfluninni gangi til opinberra framkvæmda og 100 millj. kr. til Framkvæmdasjóðs Íslands. Í greininni er einnig gert ráð fyrir, að niður verði felldur sá hluti útgáfuheimildar 1. gr. laga nr. 26/1972, sem ekki er ráðgert að nota.

Um 2.—4. gr.

Í þessum greinum eru sömu ákvæði um lánskjör, skattalega meðferð og skráningu og í hliðstæðum lögum fyrr á þessu ári (l. nr. 26/1972).

Um 5. gr.

Í lögum nr. 99/1971 um happdrættislán ríkissjóðs vegna vega- og brúagerða á Skeiðarársandi, er opni hringveg um landið, er í 1. gr. heimild til útgáfu 250 millj. kr. happdrættisskuldabréfs á árunum 1971 til 1975. Þegar hafa verið notaðar 100 millj. kr. af þessari heimild, og er því nauðsynlegt að hækka heildarheimildina um 80 millj. kr. til öflunar þeirra 230 millj. kr., sem gert er ráð fyrir í vegáætlun á árinu 1973. Ætlazt er til, að ákvæði fyrrgreindra laga gildi um þessa viðbótarheimild, eftir því sem við á.

Um 6. gr.

Hér er um að ræða sams konar lántöku og á undanförnum árum, og er fjárhæð láns þess, sem ráðgert er að taka á árinu 1973, áætluð 600 þús. bandarískir dollarar.

Um 7. gr.

Ráðgert er að verja 13 millj. kr. til rannsókna á lagningu stofnlínu raforku milli Norður- og Suðurlands, sbr. 10. gr. frumvarpsins. Sú heimild að fjárhæð 50 millj. kr., sem hér er leitað að auki, er hugsuð til vara, ef rannsóknir reynast kostnaðarsamari en þetta og nauðsynlegt verður talið að festa kaup á efni til línunnar á árinu 1973, en lagning hennar er fyrirhuguð á árinu 1974.

Um 8. gr.

Þar sem lánsfjáröflun innanlands til opinberra framkvæmda er ekki talin geta mætt þeim framkvæmdaáformum, sem 10. gr. frumvarpsins felur í sér, verður nauðsynlegt að afla 172 millj. kr. með lántökum erlendis, og eru þá fyrst og fremst höfð í huga vegamál og raforkuframkvæmdir. Þar sem fjáröflun samkvæmt breytingu á vegalögum mun ekki nægja til að tryggja þær fjárhæðir, sem vegáætlunin gerir ráð fyrir til framkvæmda í hraðbrautum og skv. Austur- og Norðurlandsáætlunum, er gert ráð fyrir, að 75 m. kr. af þessari fjárhæð gangi til þessara vegaframkvæmda, en að öðru leyti til raforkumála.

Um 9. gr.

Hér er farið fram á heimild til að taka lán, er bjóðast frá framleiðendum tækja, annars vegar radíóvita á vegum vita- og hafnamálastjórnar 8 millj. kr., og hins vegar fjarskiptatækja í nýju lögreglustöðina 8 millj. kr.

Um 10. gr.

Rafmagnsveitur ríkisins, framkvæmdir. Ráðgert er að afla samtals 236 millj. kr. til framkvæmda á vegum rafmagnsveitnanna, og eru fyrirhugaðar framkvæmdir í megindráttum þessar: Til virkjana er ætlað að verja 125.6 millj. kr., þar af Lagarfossvirkjun 46.5 millj. kr. og Mjólkárvirkjun 79.1 millj. kr. Kostnaður við stofnlínur og aðveitustöðvar er áætlaður 65.1 millj. kr., þ. e. lína Andakíll—Þingnes 3.5, Snæfellsneslína 25.0, Varmahlíð—Sauðárkrókur 5.0, Djúpivogur—Berufjörður 9.6, Laugarvatnslína 6.5, lína yfir Mýrdalssand 8.0 og spennar á Akureyri og Aðaldal auk aðveitustöðvar á Dalvík, 7.5 millj. kr. Til innanbæjarkerfa eru ætlaðar 30 millj. kr. og til ýmissa annarra verkefna samtals 23.5 millj. kr. Heildarframkvæmdir eru þannig um 244 millj. kr., en á móti eru heimtaugagjöld áætluð 8 millj. kr., þannig að lánsfjárþörf verður 236 millj. kr.

Rafmagnsveitur ríkisins, lenging lána. Hér er um að ræða lengingarlán til að létta skuldagreiðslubyrði rafmagnsveitnanna, og er gert ráð fyrir 10 millj. kr., en árið 1972 var varið 20 millj. kr. í þessu skyni.

Laxárvirkjun. Framkvæmd Laxárvirkjunar hefur enn seinkað nokkuð, en nú er gert ráð fyrir, að virkjunin hefji starfsemi vorið 1973. Þessari seinkun hefur fylgt nokkur kostnaðarauki, en hér er talið, að 47 millj. kr. lánsfé muni nægja til að ljúka verkinu.

Stofnlína Norður—Suðurland. Ríkisstjórnin hefur ályktað, að stefnt skuli að lagningu orkuflutningslínu frá væntanlegri Sigölduvirkjun til Norðurlands. Hér er gert ráð fyrir 13 millj. kr. rannsóknakostnaði vegna þessa verkefnis, en auk þess er í 7. gr. frumvarpsins leitað sérstakrar aukalegrar lántökuheimildar að fjárhæð allt að 50 millj. kr., sem síðar yrði ákveðið, hvort nota skuli. Yrði það hugsanlega í sambandi við frekari rannsóknakostnað á árinu en hér er áætlaður eða til efniskaupa miðað við, að lagning geti hafizt árið 1974.

Sveitarafvæðing. Á fjárlagafrumvarpi 1973 eru 50 millj. kr. ætlaðar til sveitarafvæðingar, þannig að með þeirri 70 millj. kr. lánsfjáröflun, sem hér er gert ráð fyrir, yrðu 120 millj. kr. til ráðstöfunar í þessu skyni, og þar við bætast heimtaugagjöld. Er þessi fjárþörf í samræmi við markaða stefnu í sveitarafvæðingu.

Orkustofnun. Hér er gert ráð fyrir fjórskiptri lánsfjáröflun, samtals að fjárhæð 53 millj. kr. Í fyrsta lagi gangi 20 millj. kr. til vatnsorkurannsókna, og yrði aðalverkefnið þar rannsóknir á Þjórsár- og Hvítársvæði og Jökulsár á Fjöllum. Í öðru lagi yrði varið 23 millj. kr. til jarðhitarannsókna, einkum til borunar í Svartsengi á Reykjanesi og tæknilegra vinnsluathugana á nýtingu varmaorku fyrir byggðarlög utarlega á Reykjanesi og Keflavíkurflugvöll. Í þriðja lagi er ráðgerð 6 millj. kr. fjáröflun til jarðborana ríkisins vegna rekstrarfjárþarfar, og loks 4 millj. kr. fjáröflun til jarðhitaleitarlána til viðbótar 5.1 millj. kr. í fjárlagafrumvarpi.

Skeiðarársandsvegur. Samkvæmt vegáætlun er gert ráð fyrir 230 millj. kr. vegna þessarar framkvæmdar á árinu 1973. Þessi tala er tekin hér óbreytt, svo og tekjuöflun með útboði happdrættisláns.

Aðrir vegir á vegáætlun. Á sama hátt eru hér teknar fjárhæðir í samræmi við vegáætlun. Þær framkvæmdir, sem um ræðir, eru hraðbrautir 75 millj. kr., Norðurlandsáætlun 150 millj. kr. Austurlandsáætlun 75 millj. kr. og Djúpvegur 25 millj. kr. Samtals nemur kostnaður við þessar framkvæmdir skv. vegáætlun 325 millj. kr. en áætlað er, að breyting á vegalögum muni leiða til 250 millj. kr. tekjuauka af stofnum vegasjóðs, þannig að á vantar 75 millj. kr., sem aflað verður með lánsfé.

Hafnarfjarðarvegur í Kópavogi. Til þessarar framkvæmdar er ráðgert að afla 50 millj. kr. lánsfjár. Af því mun um helmingur, eða rösklega 28 millj. kr., fara til skuldagreiðslna.

Landshafnir. Sú 19 millj. kr. lánsfjáröflun, sem hér er ráðgerð, skiptist þannig milli landshafnanna: Þorlákshöfn 2 millj. kr. til rannsókna, Njarðvík 11 millj. kr. til grjótvarnar og Rifshöfn 6 millj. kr. til vega, lagna og frágangs annarra verka.

Radíóvitar, tækjakaupalán. Til viðbótar þeim 8 millj. kr., sem hér um ræðir, er fjárveiting í fjárlagafrumvarpi um 6 millj. kr., en ætlað er að verja þessu fé til endurnýjunar og nýbyggingar tíu radíóvita.

Norðurlandsáætlun, hafnir og vegir. Til hafna eru ætlaðar 13 millj. kr., og er hér um að ræða framkvæmdir á Drangsnesi, Skagaströnd og Hofsósi. Til flugvalla er ráðgert að verja 25 millj. kr., en skipting þess fjár hefur ekki verið endanlega afráðin. Samkvæmt fyrirliggjandi tillögum munu þó um 15 millj. kr. fara til byggingar nýrrar flugbrautar á Sauðárkróki, og gert er ráð fyrir að afgangurinn, 10 millj. kr., gangi til flugbrauta og flugbrautarljósa á ýmsum stöðum norðanlands.

Flugöryggismál. Fjárhæðin, 11 millj. kr., er greiðsla inn á sex ára samning (1971—1976) um kaup á ratsjárbúnaði fyrir flugstjórnarmiðstöðina í Reykjavík og þjálfun starfsfólks.

Lögreglustöðin í Reykjavík. Af 19 millj. kr. fjáröflun til þessarar framkvæmdar eru 8 millj. kr. í formi tækjakaupaláns, eins og fyrr greinir. Í fjárlagafrumvarpi er gert ráð fyrir 3.2 millj. kr. fjárveitingu til verksins, þannig að til ráðstöfunar verða 22.2 millj. kr. á árinu. Hins vegar er gert ráð fyrir því í síðustu áætlun um þessa framkvæmd, að enn vanti um 8 millj. kr. til endanlegs frágangs utan húss og innan, sem þá flyttist til ársins 1974.

Rannsóknastofnanir á Keldnaholti. Vegna framkvæmda rannsóknastofnananna þarf að afla 9 millj. kr. á árinu 1973, þar af um 7 millj. kr. til skuldagreiðslna vegna þegar unninna verka, en 2 millj. kr. eru ætlaðar til vegagerðar, lýsingar og ýmissa smáverka.

Halli frá framkvæmdaáætlun 1972. Enda þótt ekki hafi farið fram endanlegt uppgjör vegna framkvæmda- og fjáröflunaráætlunar 1972 af skiljanlegum ástæðum, má þó á þessu stigi fara mjög nærri um það mál, og eftir nýafstaðna athugun er líklegt, að halli þeirrar áætlunar muni nema nálægt 30 millj. kr.

Sþ. 171. Nefndarálit [1. mál]

um frv. til fjárlaga fyrir árið 1973.

Frá meiri hl. fjárveitinganefndar.

Fjárveitinganefnd hefur fjallað um frv. til fjárl. fyrir árið 1973 á 38 fundum, auk þess hafa undirnefndir haft til meðferðar sérstaka málaflokka.

Til nefndarinnar hafa borizt 450 erindi. Auk þess hefur nefndin rætt við fjölmarga forstöðumenn ríkisstofnana, félagssamtaka og sveitarstjórna.

Nefndin hefur ekki orðið sammála um afgreiðslu frumvarpsins, en stendur sameiginlega að breytingartillögum á þskj. 162 og 165. Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins og fulltrúi Alþýðuflokksins í nefndinni vilja þó taka fram, að þeir hafi óbundnar hendur um fylgi við einstakar breytingartillögur og áskilja sér rétt til að flytja brtt. eða fylgja tillögum, sem fram kunna að koma.

Frá því að núv. ríkisstjórn tók við völdum, hefur kaupmáttur tímakaups hækkað svo, að hann hefur aldrei verið jafnhár áður. Samtímis hefur orðið veruleg rýrnun þeirra þátta í fiskafla landsmanna, sem mestu máli skipta í þjóðarbúskapnum. Útflutningsatvinnuvegirnir standa því höllum fæti, og sýnt er, að grípa verður til sérstakra efnahagsráðstafana til að tryggja atvinnuöryggi. Langsamlega mestur hluti útgjalda á fjárlögum er lögbundinn, svo sem greiðslur til almannatrygginga, sem hafa hækkað um 4 230 millj. kr. frá fjárlögum ársins 1971 eða um 200%. Þá koma launahækkanir samkvæmt kjarasamningum fyrrv. ríkisstjórnar við opinbera starfsmenn í des. 1970 í fyrsta sinn að fullu fram á næsta ári, og eru launaliðir í fjárlagafrumvarpinu um 3 000 millj. kr. hærri en á fjárlögum 1970 eða um 160%.

Við afgreiðslu fjárlaga að þessu sinni er staða ríkissjóðs því á þann veg, að eigi er fært að gera tillögur um framlög til verklegra framkvæmda í þeim mæli, sem meiri hl. nefndarinnar kysi, en í þeim tillögum, sem gerðar eru, er lögð áherzla á að greiða sem mest upp af þeim skuldum við sveitarfélög og aðra framkvæmdaaðila, sem ríkissjóður safnaði upp á dögum viðreisnarstjórnarinnar.

Nefndin hefur fyrir 2. umræðu lagt fram tillögur um skiptingu framlaga til allra helztu framkvæmdaliða. Tillögur um fjárveitingar til byggingar menntaskóla bíða þó 3. umræðu svo og afgreiðsla ýmissa erinda. Við tillögugerð í þessum málaflokkum hefur verið tekið tillit til þeirra lækkana á fjárveitingum á þessu ári, sem ákveðnar hafa verið samkv. heimild í bráðabirgðalögum, er sett voru í júlí s. l. Þær fjárveitingar, sem þannig koma ekki til útborgunar á árinu 1972, en eru endurveittar nú, nema samtals 174.6 millj. kr. og eru sundurliðaðar í fylgiskjali með nefndaráliti þessu.

Samkvæmt núgildandi lögum um skólakostnað, sem sett voru árið 1967, skyldu fjárveitingar til stofnkostnaðar skólamannvirkja greiðast á eigi lengri tíma en 3 árum. Næsta ár voru gefin út bráðabirgðalög um lengingu þessa tímabils um eitt ár, að því er tók til fjárveitinga á því ári. Sú regla hefur síðan verið látin gilda án sérstakrar heimildar, og raunin hefur orðið sú, að við ákvörðun fjárveitinga, a. m. k. til dýrustu skólamannvirkjanna, hefur verið stefnt til lengra greiðslutímabils með því að veita hin fyrri ár tímabilsins verulega lægri upphæðir en ¼ heildarhluta ríkissjóðs. Við lok 3. greiðsluárs hafa þannig í þeim tilvikum verið ógreiddar miklu hærri upphæðir en verið hefði, ef 4 ára reglunni hefði verið fylgt á eðlilegan hátt. Með þessum hætti velti ríkissjóður á undan sér fjárhagsvanda, sem nú verður að leysa.

Með tilliti til þeirrar reynslu, sem fengizt hefur á undanförnum árum, og þess, hvernig að hefur verið staðið af hálfu ríkissjóðs á undanförnum árum, er því við ákvörðun fjárveitinga í þessum efnum við það miðað, að lögum um skólakostnað verði breytt á þann veg, að fjárveitingar skiptist að jafnaði á 4 ár, eins og gert hefur verið án heimildar frá árinu 1968, en heimilt sé þó, að fjárveitingar til þeirra skólamannvirkja, sem áttu að fá lokaframlag á fjárlögum 1973, megi skiptast á árin 1973 og 1974. Í tillögum nefndarinnar er þessu væntanlega heimildarákvæði beitt á þann veg, að í stað þess að greiða lokaframlag að fullu er í sumum tilvikum miðað við, að ⅓ hluti lokaframlagsins komi til greiðslu 1974.

Frá því að teknar voru upp sérstakar fjárveitingar til greiðslu á skuldum ríkissjóðs vegna hafnarframkvæmda frá því fyrir árið 1967, hafa inneignir hafnasjóða hjá ríkissjóði vegna síðari ára náð verulegum upphæðum og námu um næstsíðustu áramót um 80 millj. kr. Það er stefna meiri hl. fjvn., að slíkir skuldahalar, sem fyrrv. ríkisstjórn skildi eftir sig, verði greiddir sem fyrst. Á þessu ári lækkuðu

skuldir vegna hafnarmannvirkja í 64 millj. kr., og tillögur um framlög á næsta ári miðast við, að þær hverfi þá með öllu.

Skömmu fyrir síðustu alþingiskosningar voru tekin lán samtals að upphæð um 20 millj. kr. í hafnabótasjóð og þeim úthlutað. Lánin skyldu endurgreidd á árunum 1972 og 1973. Afborganir og vextir 1972 hafa verið endurgreiddir með bráðabirgðaláni úr ríkissjóði, og falla því lánin ásamt vöxtum til greiðslu á næsta ári. Sú greiðsla mundi tæma sjóðinn með öllu, miðað við framlag til hans í fjárlagafrv., sem er áætlað um 30% hærra en á fjárl. 1971. Fjvn. hefur ekki tekið afstöðu til þess, hvernig skuli fara með þennan skuldahalann úr hinu „blómlega búi viðreisnar".

Vangreidd framlög íþróttasjóðs vegna íþróttamannvirkja hafa hrúgazt upp á undanförnum árum og munu nema rúml. 82 millj. kr., eftir að úthlutun úr sjóðnum hefur farið fram á þessu ári. Fjárveiting til íþróttasjóðs var á núgildandi fjárlögum hækkuð um 160% frá árinu 1971, og var þess þá getið, að það væri gert í þeim tilgangi að stefna að því, að þróun undanfarinna ára um stöðuga skuldasöfnun yrði snúið við. Er því nú gerð tillaga um að taka enn frekar á þessu máli og á þann veg, að í stað þess, að sveitarfélög og íþróttafélög bíði árum saman og endalaust eftir greiðslu lögboðinna ríkisframlaga, verði samið við þau um að falla frá 20% inneigna sinna hjá ríkissjóði um n. k. áramót gegn því, að eftirstöðvar verði greiddar að fullu á næstu 4 árum. Við þetta er tillaga n. um framlag til íþróttasjóðs miðuð og því áætlaðar 16.6 millj. kr. til greiðslu eftirstöðva, 5.3 millj. kr. til félagsstyrkja o. fl., en 3.1 millj. kr. gangi til greiðslu á hluta ríkissjóðs af framkvæmdum á næsta ári við þau mannvirki, sem nú eru í byggingu og hljóta þar með rétt samkvæmt nýgerðri breytingu á íþróttalögum. Framlag til íþróttasjóðs nemur því alls 25 millj. kr. samkv. tillögu nefndarinnar og hefur þá fimmfaldazt frá fjárlögum 1971.

Við afgreiðslu núgildandi fjárlaga var meir komið til móts við óskir forráðamanna ríkisspitalanna um ráðningu starfsliðs en gert hafði verið á undanförnum árum, þegar óhjákvæmilegum þörfum á þessum sviðum var svo lítt sinnt, að til vandræða horfði í rekstri sjúkrahúsa.

Í fjárlagafrv. er gert ráð fyrir aukningu á þjónustu á þessu sviði í framhaldi af breytingum, sem gerðar voru á fjárlagafrv. í fyrra við afgreiðslu þess, og nefndin flytur nú tillögu um breyt. á fjárlagafrv. á þann veg, að gert verði ráð fyrir aukningu starfsliðs, svo að nemur um 30 millj. kr. útgjöldum á næsta ári. Er hér um að ræða um 14.8 millj. kr. vegna vinnutímastyttingar, 7.5 millj. kr. vegna nýrra sjúkradeilda og nýrrar þjónustu, 7.7 millj. kr. vegna aukinnar þjónustu í eldri deildum. Af þessum upphæðum falla 27 290 þús. kr. á ríkissjóð.

Breytingartillögur þær, sem fjvn. flytur sameiginlega, mundu, ef samþykktar væru, valda 268 188 þús. kr. nettógjaldaaukningu hjá ríkissjóði og yrði greiðsluhalli ríkissjóðs þá 164 242 þús. kr.

Eins og fyrr er getið í nál. þessu, er ljóst, að stjórnvöld munu grípa til sérstakra efnahagsaðgerða til þess að tryggja atvinnuöryggi og hallalausan ríkisbúskap. Af þeim aðgerðum hlýtur afgreiðsla fjárlaga að markast, og gerir meiri hl. fjvn. því á þessu stigi ekki tillögur um breytingar á tekjuhlið frumvarpsins.

Um breytingartillögur nefndarinnar skal þetta tekið fram:

Um tekjur.

Lagt er til, að tekjuliður, slysatryggingaiðgjöld atvinnurekenda, áhættuiðgjöld af trillubátum og áhættuiðgjöld af búvélum hækki um 45 345 þús. kr., og er það í samræmi við nýja áætlun Tryggingastofnunar ríkisins um iðgjöld til slysatryggginga á næsta ári, en þau hafa reynzt mjög vanáætluð á þessu ári. Framlag til Tryggingastofnunar ríkisins hækkar um sömu upphæð.

Um 1 02 Menntamálaráðuneytið.

Aðalskrifstofa: Lagt er til, að veittar verði 400 þús. kr. til að halda námskeið fyrir menntaskólakennara skv. lögum um menntaskóla. — Fjárveiting til námsflokka er hækkuð um 250 þús. kr., m. a. vegna umsóknar Námsflokka Akureyrar um fjárveitingu vegna listfræðslu.

Háskólinn: Lagt er til að framlag til læknadeildar hækki um samtals 2 742 þús. kr. vegna rannsókna og kennslu í sýklafræði og skyldum greinum. Á móti hækka tekjur um 1 millj. kr. — Þá er lagt til, að hækkað sé framlag vegna stundakennslu í verkfræðideild um 500 þús. kr., þar sem lagzt hefur verið gegn fjölgun prófessora. — Vegna nýgerðra samninga háskólakennara um greiðslu fyrir stundakennslu er gert ráð fyrir sérstökum lið: „hækkun á launum stundakennara“ 10 millj. kr. Hækkun þessi mun ná til um 250 manna.

Fyrirheit hefur verið gefið um, að norrænni jarðeldastöð, sem ákveðið hefur verið að koma á fót í tengslum við Háskóla Íslands, verði séð fyrir innréttuðu húsnæði í Atvinnudeildarhúsinu. Lagt er til, að veittar verði 4.8 millj. til greiðslu kostnaðar.

Lagt er til, að veittar verði 1.2 millj. kr. til tækjakaupa fyrir Tilraunastöð háskólans á Keldum. Er við það miðað, að um sé að ræða 1. greiðslu af tækjakaupum fyrir 3 750 þús. kr.

Lagt er til, að laun við Raunvísindastofnun háskólans hækki um 426 þús. kr., annars vegar vegna ½ stöðu rannsóknamanns í jarðvísindadeild og hins vegar vegna annarra launa í reiknistofu. Önnur rekstrargjöld eðlisfræðideildar lækka um 167 þús. kr. Tekjur lækka um 2 145 þús., þar af um 1 050 þús. í efnafræðideild og um 595 þús. í eðlisfræðideild. Hér er um að ræða lækkun á erlendum styrkjum. Þá eru tekjur reiknistofu lækkaðar um 500 þús. kr. vegna ofáætlunar.

Fjárveiting til Stofnunar Árna Magnússonar á Íslandi hækkar samtals um 1 071 þús. kr., þar af launaliðir um 971 þús. kr. Er þar annars vegar um að ræða laun tveggja gæzlumanna, og hins vegar verða 3 sérfræðingar, sem njóta styrks til sérstakra starfa við stofnunina, á fullum launum í stað ¾ launa áður. Viðhaldskostnaður hækkar um 100 þús. kr.

Náttúrufræðistofnun Íslands: Liðurinn önnur rekstrargjöld hækkar um 200 þús. kr. vegna útgáfu jarðfræðikorts.

Rannsóknaráð ríkisins: Lagt er til, að veittar verði 150 þús. kr. til kaupa á steinasafni Tómasar heitins Tryggvasonar jarðfræðings og 323 þús. kr. vegna ráðningar ritara.

Lagt er til að launaliður Menntaskólans í Reykjavík hækki um 600 þús. kr. og önnur rekstrargjöld um 400 þús. kr. vegna vanáætlunar og gjaldfærður stofnkostnaður um 350 þús. kr. vegna innréttingar á rishæð.

Íþróttakennaraskóli Íslands: Viðhaldskostnaður hækkar um 400 þús. kr. og gjaldfærður stofnkostnaður um 100 þús. kr.

Lagt er til, að veittar verði 175 þús. kr. til Vélskóla Íslands til að halda sameiginlegt námskeið með Stýrimannaskólanum um meðferð og viðhald nýjustu veiði-, rafeinda- og stýritækja. Enn fremur, að veittar verði 150 þús. kr. til námskeiðs fyrir vélstjóra í Vestmannaeyjum. Þá er gerð tillaga um, að Vélskólanum verði veittar 5 millj. kr. til tækjakaupa í stað 1.6 millj. kr. skv. frumv.

Lagt er til, að Stýrimannaskólanum í Reykjavík verði veittar 175 þús. kr. vegna námskeiðahalds í samvinnu við Vélskóla Íslands.

Framlag til byggingar iðnskóla hækkar um 1.8 millj. kr. Sundurliðun kemur fram á þskj. 162.

Fiskvinnsluskólinn: Lagt er til, að framlag til rekstrarkostnaðar hækki um 100 þús. kr. og gjaldfærður stofnkostnaður um 3.400, vegna þess að gert er ráð fyrir, að á næsta ári verði innréttað nýtt húsnæði, sem ætlunin er að taka á leigu fyrir skólann.

Lagt er til, að veittar verði 2 874 þús. kr. til rekstrar nýs hjúkrunarskóla í tengslum við Borgarspítalann í Reykjavík.

Framlag til húsmæðraskóla hækkar um 3.5 millj. kr. Sundurliðun kemur fram á þskj. 162.

Styrkur til Verzlunarskóla Íslands er hækkaður um 3 millj. kr., til Samvinnuskólans um 500 þús. kr. og til Bréfaskóla SÍS og ASÍ um 120 þús. kr.

Framlag til héraðsskóla hækkar um 254 þús. kr. í 49 070 þús. kr. Sundurliðun kemur fram á þskj. 162.

Sameiginlegur kostnaður við skólana á Laugarvatni hækkar um 200 þús. kr. vegna endurbóta á brunavörnum.

Lagt er til, að veittar verði 4 350 þús. kr. til kennslu fjölfatlaðra barna.

Framlög til byggingar gagnfræðaskóla, barnaskóla og íbúða fyrir skólastjóra hækka um 4 517 þús. kr. og verða 477 928 þús. kr. Sundurliðun kemur fram á þskj. 165.

Lagt er til, að framlag til Lánasjóðs íslenzkra námsmanna hækki um 28.3 millj. kr. Ráðgerð lántaka sjóðsins lækkar um 10 millj. kr., og veitt er 13% hækkun lána innanlands vegna hækkunar framfærslukostnaðar eða 18.3 millj. kr.

Framlag til Myndlistarskólans í Reykjavík hækkar um 50 þús. kr.

Landsbókasafn Íslands: Laun hækka um 423 þús. kr., þar sem ráðgert er að veita Haraldi Sigurðssyni ársleyfi frá störfum til að halda áfram ritun kortasögu Íslands. 80 þús. kr. hækkun á rekstrargjöldum er veitt til greiðslu leiguhúsnæðis.

Rekstrargjöld þjóðskjalasafns hækka um 1 115 þús. kr. vegna leigu og innréttingar á geymsluhúsnæði.

Framlag til Listasafns Ásgríms Jónssonar hækkar um 200 þús. kr. vegna uppsetningar á öryggisútbúnaði.

Listasafn Íslands: Lagt er til, að gjöld hækki samtals um 1 741 þús. kr. Er þar um að ræða skuldagreiðslu vegna kaupa á málverkum eftir Jón Stefánsson og kvöð um sérstakar lífeyrisgreiðslur, sem fylgdi húsnæði því, sem Listasafnið seldi á þessu ári.

Launakostnaður náttúruverndarráðs er hækkaður um 1 089 þús. kr. og rekstrargjöld lækkuð um sömu upphæð.

Framlag til almenningsbókasafna er hækkað um 100 þús. kr., og er þá höfð í huga umsókn Amtsbókasafnins á Akureyri um styrk.

Lagt er til, að rekstrarstyrkur til Tónlistarskólans í Reykjavík verði hækkaður um 200 þús. kr. með hliðsjón af hækkunum á fjárveitingum til annarra tónlistarskóla.

Lagt er til, að tónlistarskólunum í Árnessýslu, Mosfellssveit og Hafnarfirði verði hverjum fyrir sig veittur 125 þús. kr. styrkur til innréttingar á húsnæði. Er þá við það miðað, að um sé að ræða fyrri greiðslu af tveimur.

Lagt er til, að framlag til íþróttasjóðs verði hækkað um 10 millj. kr. í 25 millj. kr., vísað til skýringa framar í nefndarálitinu. Sundurliðun á framlagi til bygginga íþróttamannvirkja kemur fram á þskj. 162.

Lagt er til, að styrkur til Bandalags íslenzkra skáta hækki um 100 þús. kr.

Lagt er til, að styrkur til náttúrugripasafns á Akureyri verði hækkaður um 100 þús. kr.

Lagt er til, að Íslendingafélagið í Þrándheimi fái 50 þús. kr. styrk til að innrétta húsnæði, sem félagið hefur til afnota leigulaust frá norskum aðilum.

Lagt er til, að styrkur til Kvenfélagasambands Íslands verði hækkaður um 300 þús. kr. í 1 300 þús. kr. — Lagt er til, að Samband austfirzkra kvenna og Samband vestfirzkra kvenna fái 50 þús. kr. styrk hvort fyrir sig.

Lagt er til, að Landakotsskólinn í Reykjavík hljóti rekstrarstyrk að upphæð 500 þús. kr., en nemendafjöldi í skólanum er nú um 170.

Liðurinn til minnisvarða um Guðmund góða hækkar um 15 þús. kr. í 50 þús. kr.

Styrkur til að gera heimildarkvikmynd um atvinnuþróun á Suðurlandi hækkar um 25 þús. kr. í 100 þús. kr., en ráðgert er að sýna myndina víða um land á árinu 1974.

Nýr liður: Til flugskóla Helga Jónssonar 200 þús. kr. Í skólanum eru nú um 60 íslenzkir nemendur. M. a. vegna endurnýjunar tækja á skólinn við fjárhagsörðugleika að stríða.

Nýr liður: Aðstoð við þróunarlöndin 5 millj. kr. Sams konar liður er á núgildandi fjárlögum að upphæð 3 millj. kr.

Nýr liður: Til Flóttamannaráðs Íslands 800 þús. kr. Sams konar og jafnhár liður er á núgildandi fjárlögum og fjárl. 1971.

Um 1 03 Utanríkisráðuneytið.

Lagt er til, að viðhaldskostnaður við sendiráðið í London hækki um 745 þús. kr. og gjaldfærður stofnkostnaður um 528 þús. kr., en hagsýslustjóri hefur athugað ástand sendiherrabústaðarins og skrifstofuhússins í London.

Framlag til Evrópuráðs hækkar um 147 þús. kr. vegna of lágrar áætlunar.

Um 1 04 Landbúnaðarráðuneytið.

Lagt er til, að framlag til Búnaðarfélags Íslands verði hækkað um 250 þús. kr. vegna námskeiða, sem ætlunin er að halda fyrir bændur.

Lagt er til, að veittar verði 250 þús. kr. til viðhaldskostnaðar að tilraunastöðinni að Skriðuklaustri.

Framlag til Skógræktar ríkisins er hækkað um 610 þús. kr. Er annars vegar um að ræða hækkun framlags til framkvæmda í Fljótsdal um 150 þús. kr., en fjárframlög til þeirra framkvæmda, sem unnar eru skv. sérstakri áætlun, hafa rýrnað að verðgildi undanfarin ár. Hins vegar er um að ræða ¾ hluta launa skógarvarðar.

Framlag til gjaldfærðs stofnkostnaðar hjá landgræðslu er hækkað um 6 millj. kr., þar af er 1 millj kr. ætluð til byggingarframkvæmda að Gunnarsholti.

Framlag til fyrirhleðslna hækkar um 3 230 þús. kr. Sundurliðun kemur fram á þskj. 162.

Framlag til landþurrkunar hækkar um 50 þús. kr. Sundurliðun kemur fram á þskj. 162.

Lagt er til, að framlag til einangrunarstöðvar holdanauta verði hækkað um 3 millj. kr. í 6 millj. kr. Kostnaður við byggingarframkvæmdir í Hrísey er áætlaður um 8 millj. kr., annar kostnaður um 2 millj. Ónotuð er fyrri fjárveiting, nál. 2 millj. kr.

Nýr liður: Stóðhestastöð 150 þús. kr. Fyrirhugað er að koma upp ræktunarstöð stóðhesta og líklegast talið, að henni verði valinn staður að Litla-Hrauni á Eyrarbakka.

Nýr liður: Skipulagning að Hvanneyri og Hólum 1 millj. kr.

Um 1 05 Sjávarútvegsráðuneytið.

Lagt er til, að framlag til Hafrannsóknastofnunar hækki um 3.1 millj. kr. og renni sú upphæð til greiðslu kostnaðar við leiguskip, sem notuð yrðu einkum til leitar að skelfiski og rækju og merkingar fiska.

Framlag til Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins hækkar um 800 þús. kr. Er þar um að ræða kaup á tækjum og innréttingar í nýjar rannsóknastofur.

Nýr liður: Til greiðslu á skuldum Síldarverksmiðja ríkisins 26 millj. kr. Á 6. gr. fjárlaga er ríkisstjórninni veitt heimild til að ábyrgjast greiðslu á skuldum verksmiðjanna á árunum 1973—1976 allt að 87 millj. kr. Samið hefur verið um greiðslu á skuldum frá árunum 1960—1971, og nema greiðslur til ársins 1981 samtals um 127 millj. kr., þar af um 26 millj. á næsta ári. Að auki skulda Síldarverksmiðjurnar ríkisábyrgðasjóði um 50 millj. kr. vegna lána, sem sjóðurinn er í ábyrgð fyrir.

Vanskilavextir af þeim lánum nema 10.6 millj. kr. Aðstöðugjöld fyrirtækisins, tryggingagjöld og fasteignagjöld hvers konar nema á þessu ári um 6 millj. kr.

Um 1 06 Dóms- og kirkjumálaráðuneytið.

Embætti sýslumanns og bæjarfógeta á Akureyri, launaliður hækkar um 150 þús. kr. vegna ½ stöðu starfsstúlku.

Framlag til landhelgisgæzlu hækkar um 8 millj. kr. vegna vanáætlunar stofnunarinnar, og sundurliðast hækkunin þannig:

Flugvélaeldsneyti	1 000	þús.	kr.
Viðhald og endurbætur flugvéla	1 500	—	—
Laun og kostn. flugmanna	500	—	—
Leiguskip	5 000	—	—

Launagjöld Öryggiseftirlits ríkisins hækka um 500 þús. kr. og önnur rekstrargjöld um 50 þús. vegna ráðningar starfsmanns til eftirlits með öryggisráðstöfunum við byggingarvinnu, skv. nýrri reglugerð. Tekjur stofnunarinnar aukast um jafnháa upphæð, þar sem innheimt er eftirlitsgjald vegna starfsins.

Nýr liður: Fíkniefnanefnd. Lagt er til, að veittar verði 1 500 þús. kr. til samstarfsnefndar um fíkniefnavandamál til að kosta fræðslustarfsemi, menntun starfsmanna og tækjakaup.

Framlag til útihúsa á prestssetrum hækkar um 250 þús. kr.

Um 1 07 Félagsmálaráðuneytið.

Nýr liður: Lagt er til, að veittar verði 200 þús. kr. til rekstrar Tjaldanesheimilisins í Mosfellssveit, en þar njóta 24 drengir umönnunar og kennslu.

Nýr liður: Lagt er til, að Kvenfélagasambandi Gullbringu- og Kjósarsýslu og orlofsnefndum á félagssvæði K.S.S.G. verði veittar 250 þús. kr. til orlofsheimilis í Gufudal. Er það jafnhá upphæð og á núgildandi fjárlögum.

Nýr liður: Styrktarsjóður lamaðra og fatlaðra, byggingastyrkur 500 þús. kr., sem er jafnhá upphæð og í núgildandi fjárlögum.

Um 1 08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið.

Lagt er til, að framlag til Tryggingastofnunar ríkisins hækki um 71 570 þús. kr. Annars vegar er um að ræða útgjöld vegna slysatrygginga 45 345 þús. kr., sbr. tillögur um hækkun á tekjum, og hins vegar aukin útgjöld sjúkratrygginga vegna áhrifa starfsliðsaukningar, sem gerð er tillaga um, á upphæðir daggjalda sjúkrahúsa, 26 225 þús. kr. Nánar er greint frá tillögu um starfsliðsaukningu annars staðar í nefndarálitinu.

Útgjöld skrifstofu ríkisspítala hækka um 734 þús. kr. vegna fjölgunar starfsliðs ríkisspítalanna, sem nánar er greint frá framar í nefndarálitinu.

Rannsóknastofa Háskólans: Lagt er til, að launaliður hækki um 3 475 þús. kr. og gjaldfærður stofnkostnaður um 5 500 þús. kr. Hér er um að ræða endurbætur á starfsaðstöðu og aukinn rekstur rannsóknarstofu í sýkla- og veirufræði, sem áformað er að koma fyrir í gamla þvottahúsinu á Landspítalalóðinni.

Útgjöld Blóðbankans hækka um 331 þús. kr. vegna fjölgunar starfsliðs, sbr. aths. fyrr í nefndarálitinu.

Lagt er til, að St. Jósefsspítalanum í Reykjavík verði veittur 5 millj. kr. styrkur til kaupa á röntgentækjum.

Framlag til byggingar sjúkrahúsa, sjúkraskýla, læknamiðstöðva og læknabústaða, annarra en ríkissjúkrahúsa, hækkar um 6 130 þús. kr. Sundurliðun kemur fram á þskj. 162.

Nýr liður: Templarahöllin, byggingarstyrkur 900 þús. kr. Hér er um að ræða sömu upphæð og er í fjárl., en liður þessi féll niður í fjárlagafrv.

Stórstúka Íslands: Styrkur hækkar um 100 þús. kr.

Um 1 09 Fjármálaráðuneytið.

Launakostnaður við Skattstofu Austurlands hækkar um 420 þús. kr. vegna nýs starfsmanns hjá embættinu.

Um 1 10 Samgönguráðuneytið.

Framlag til hafnarmannvirkja og lendingarbóta hækkar um 31 500 þús. kr. Sundurliðun kemur fram á þskj. 162.

Framlag til ferjubryggna hækkar um 2.9 millj. kr. Sundurliðun kemur fram á þskj. 162.

Hafnarmannvirki, eftirstöðvar framlaga: Liðurinn hækkar um 2.3 millj. kr. og nemur þá 27.5 millj., sem skiptast í gengisbætur 7.8 millj. og eftirstöðvar 19.7 millj. kr.

Framlag til sjóvarnargarða lækkar um 2.3 millj. kr. Sundurliðun kemur fram á þskj. 162.

Launakostnaður við Siglingamálastofnun ríkisins hækkar um 480 þús. kr. vegna ráðningar eftirlitsmanns með búnaði skipa.

Gjöld vegna flugmálastjórnar hækka um 8 054 þús. kr., þar af vextir 5 443 þús. kr. og lánahreyfingar 2 611 þús. kr., vegna vanáætlunar stofnunarinnar.

Veðurstofa Íslands: Liðurinn veðurstöðvar hækkar um 3 640 þús. kr. vegna samræmingar á launum veðurathugunarmanna við launataxta verkamanna.

Lagt er til, að framlag til Landmælinga hækki um 300 þús. kr. vegna gróðurkortagerðar.

Um 1 11 Iðnaðarráðuneytið.

Lagt er til, að veittur verði 1 400 þús. kr. til námskeiðs fyrir starfsmenn á þungavinnuvélum. Um námskeiðið sér nefnd, sem í eiga sæti fulltrúar frá iðnaðarráðuneytinu, Verkamannafélaginu Dagsbrún og Vinnuveitendasambandi Íslands.

Nýr liður: Viðræðunefnd um orkufrekan iðnað 6 millj. kr. Hér er um að ræða greiðslu kostnaðar við störf nefndar, sem starfar á vegum iðnaðarráðuneytisins að viðræðum við erlenda aðila um orkufrekan iðnað. Koma þar til útgjöld m. a. vegna verkfræðilegra og lögfræðilegra athugana, ferðakostnaður o. fl.

Nýr liður: Lagmetisiðjan Siglósíld 5 millj. kr. Samkvæmt 4. gr. laga um lagmetisiðju ríkisins á Siglufirði er gert ráð fyrir, að ríkissjóður leggi fram 15 millj. kr. til að fullkomna vélakost verksmiðjunnar og til að tryggja eðlilegan rekstur hennar. Er lagt til, að á árinu 1973 verði greiddar 5 millj. kr. í þessu skyni.

Alþingi, 13. des. 1972.

Geir Gunnarsson, form., frsm.
Vilhjálmur Hjálmarsson, fundaskr.
Karvel Pálmason.
Ingvar Gíslason.
Ágúst Þorvaldsson.

Fylgiskjal.

Verklegar framkvæmdir á fjárlögum 1972, sem lækkaðar hafa verið skv. heimild í bráðabirgðalögum í júlí s. l.

Hafnir:	Millj. kr.
Akranes	4.0
Arnarstapi	1.5
Árskógssandur	1.4
Suðureyri	4.0
Ísafjörður	4.0
Þórshöfn	6.0
Borgarfjörður eystri	4.0
Eskifjörður	1.0
Fáskrúðsfjörður	1.0
	26.9
Hafnarfjörður, dráttarbraut	1.7
	28.6

Skólar:	Millj. kr.
1. Krýsuvík	3.0
2. Mosfellssveit	2.5
3. Akranes	2.0
4. Grundarfjörður	2.0
5. Laugar í Dalasýslu	2.0
6. Reykhólar	2.0
7. Patreksfjörður	0.5
8. Suðureyri	0.8
9. Bolungarvík	2.0
10. Sólgarðar	0.9
11. Ólafsfjörður	1.0
12. Húsavík	2.0
13. Dalvík	2.0
14. Stórutjarnir	1.0
15. Hafralækur	1.0
16. N.-Þingeyjarsýsla	3.0
17. Múlasýslur	1.0
18. Búðahreppur	2.0
19. Reykjavík (3 skólar v/undirbúningsframkv.)	1.0
20. Seltjarnarnes	2.5
21. Skagafjörður	13.0
22. Reyðarfjörður, íþróttahús	1.0
23. Selfoss	2.0
24. Borgarnes	0.5
25. Varmaland, íþróttahús	1.0
26. Laugar í S.-Þing.	1.3
27. Háskóli Íslands	12.0
28. Iðnskólinn í Reykjavík	2.5
29. Þjóðarbókhlaðan	7.5
Samtals	75.0

Heilbrigðismál:	Millj. kr.
Læknastöðvar:	
Borgarspítali, Rvík	14.0
Borgarnes	3.0
Ísafjörður	4.0
Patreksfjörður	4.0
Dalvík	3.0
Egilsstaðir	3.0
Neskaupstaður	7.0
Selfoss	10.0
Keflavík	1.0
Hafnarfjörður	1.0
	50.0
Fæðingardeild Landspítalans	15.0
Landspítali	6.0
	71.0

Ed. 172. Nefndarálit [78. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 1 11. febr. 1970, um tollskrá o. fl.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur rætt þetta frumvarp á fundum sínum og orðið sammála um að leggja til, að það verði samþ. óbreytt.

Fjarverandi afgreiðslu málsins voru Björn Jónsson og Geir Hallgrímsson.

Alþingi, 13. des. 1972.

Ragnar Arnalds, form. Páll Þorsteinsson, fundaskr. Bjarni Guðbjörnsson

Jón Árm. Héðinsson. Jón G. Sólnes.

Sþ. 173. Fyrirspurn [123. mál]

til iðnaðarráðherra um rannsóknir á íslenzkum leirtegundum.

Frá Ásgeiri Bjarnasyni og Friðjóni Þórðarsyni.

1. Hver er niðurstaða þeirra rannsókna, sem fram hafa farið á íslenzkum leirtegundum?
2. Er grundvöllur fyrir rekstur leirverksmiðju í Dalasýslu?

Nd. 174. Nefndarálit [114. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum um verðlagsmál, nr. 54 frá 14. júní 1960.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og leggur til, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 13. des. 1972.

Vilhjálmur Hjálmarsson, form., frsm.	Gils Guðmundsson, fundaskr.	Gylfi Þ. Gíslason.
Matthías Bjarnason.	Þórarinn Þórarinsson.	Karvel Pálmason.

Ed. 175. Frumvarp til laga [39. mál]

um breyting á lögum nr. 87 24. des. 1971, um orlof.

(Eftir 2. umr. í Ed., 13. des.)

1. gr.

3. mgr. 7. gr. orðist svo:
Eigi skal reikna orlofsfé af orlofslaunum og orlofsfé.
Við 7. gr. bætist ný mgr., svo hljóðandi:
Vangreitt orlofsfé má taka lögtaki, sbr. lög nr. 29 16. des. 1885.

2. gr.

Við 11. gr. bætist ný mgr., svo hljóðandi:
Kostnaður við framkvæmd greinar þessarar greiðist úr ríkissjóði, að svo miklu leyti sem vaxtatekjur af orlofsfé hrökkva ekki til að bera kostnaðinn.

3. gr.

16. gr. orðist svo:
Ef eigi er öðruvísi ákveðið í lögum þessum, skulu öll mál út af réttindum og skyldum samkvæmt þeim og til fullnægingar öllum kröfum í því sambandi sæta almennri meðferð einkamála, þó þannig, að nægilegt er, að dómari leiti þar sátta.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. maí 1973 nema fyrri liður 1. gr., sem öðlast gildi 1. jan. 1973. Jafnframt eru úr gildi numin lög nr. 16 16. febr. 1943, um orlof, og lög nr. 8/1957 og lög nr. 68/1964, um breyting á þeim lögum.

Ed. 176. Frumvarp til laga [108. mál]

um undirbúning þörungavinnslu að Reykhólum.

(Eftir 2. umr. í Ed., 13. des.)

Samhljóða þskj. 136 með þessari breytingu:

6. gr. hljóðar svo:
Íslenzka ríkið og þeir aðilar, sem kvaddir eru til samstarfs samkv. 2. gr., hvort sem eru einstaklingar, félög eða stofnanir, innlendir eða erlendir, skulu vera full-

gildir stofnendur hlutafélagsins, án tillits til ákvæða 2. málsliðs 2. mgr. 4. gr. laga nr. 77/1921, um hlutafélög. Tala stofnenda skal og óháð ákvæðum 1. málsliðs þeirrar málsgreinar. Sama máli gegnir um tölu hluthafa þess, að því er varðar 38. gr. hlutafélagslaganna.

Fulltrúar í stjórn hlutafélagsins mega vera erlendir ríkisborgarar og búsettir erlendis, þó ekki sá meiri hluti, sem áskilinn er í 2. gr. hér að framan. Þurfa stjórnendur ekki að eiga hlut í félaginu.

Hlutabréf í félaginu skulu skráð á nafn. Ákvæði 2. málsliðs 2. málsgreinar 31. gr. laga nr. 77/1921, um hlutafélög, skulu ekki takmarka atkvæðisrétt hluthafa í félaginu.

Nd. 177. Frumvarp til laga [124. mál]

um vátryggingarstarfsemi.

(Lagt fyrir Alþingi á 93. löggjafarþingi, 1972.)

I. KAFLI
Gildissvið o. fl.

1. gr.

Lög þessi gilda um hvers konar vátryggingarstarfsemi, sem rekin er á viðskiptagrundvelli, nema annað sé sérstaklega tekið fram í lögum þessum.

2. gr.

Lögin gilda ekki um eftirlaunasjóði, lífeyrissjóði og sjúkrasjóði einstakra atvinnustétta, starfshópa eða fyrirtækja.

Þá gilda lögin ekki um Tryggingastofnun ríkisins, Atvinnuleysistryggingasjóð og hliðstæðar stofnanir, sem reknar eru samkvæmt sérstökum lögum, nema að því leyti, er þær kunna að hafa með höndum vátryggingarstarfsemi, sem rekin er á viðskiptalegum grundvelli.

Lögin gilda um þau vátryggingarfélög, sem stofnuð eru og rekin samkvæmt sérlögum, nema að því leyti, sem á annan hátt er fyrir mælt í sérlögunum.

Rísi deilur um, hvort starfsemi falli undir ákvæði laga þessara, skal tryggingamálaráðherra skera úr.

3. gr.

Eftirtaldir aðiljar mega einir reka vátryggingarstarfsemi hér á landi:

1. Innlend félög og stofnanir, sem starfa samkvæmt sérlögum.
2. Innlend hlutafélög og gagnkvæm vátryggingarfélög, sem leyfi hafa fengið til slíkrar starfsemi, sbr. 33. gr.
3. Erlend félög, sem fengið hafa leyfi til slíkrar starfsemi, sbr. 14. gr.

4. gr.

Vátryggingarfélag má ekki hafa á hendi aðra starfsemi en vátryggingar, vátryggingarumboð og tjónauppgjör. Vátryggingarfélagi er þó heimilt að reka fasteignir, sem það á.

Líftryggingar (frumtryggingar) má ekki reka með öðrum tegundum vátryggingarstarfsemi. Þó má tryggingamálaráðherra heimila líftryggingarfélagi að hafa með höndum sjúkra- og slysatryggingar.

Vátryggingarfélag má ekki taka á sig ábyrgðir né skuldbindingar, sem ekki eru vátryggingar, nema í sambandi við eðlilegan rekstur félags.

5. gr.

Vátryggingarfélag má ekki hefja starfsemi fyrr en það hefur fengið leyfi til hennar, sbr. 14. og 33. gr., og verið skráð í vátryggingarfélagaskrá og í hlutafélagaskrá eða aðra opinbera félagaskrá.

II. KAFLI
Vátryggingarfélög.

Hlutafélög.

6. gr.

Stofnendur hlutafélags, sem ætlað er að reka vátryggingarstarfsemi, skulu hið fæsta vera fimm, íslenzkir ríkisborgarar búsettir á Íslandi, ríkissjóður, bæjar- eða sveitarfélög, stofnanir, sem þessir aðiljar bera ótakmarkaða ábyrgð á, hlutafélög, samvinnufélög eða samvinnufélagasambönd, skráð á Íslandi.

Innborgað hlutafé skal nema minnst kr. 20 000 000.00.

Stjórn slíks hlutafélags skulu skipa þrír menn hið fæsta. Reki félagið ekki einvörðungu endurtryggingastarfsemi, skal a. m. k. einn valinn með það fyrir augum að gæta hagsmuna vátryggingartaka og hinna tryggðu. Val þessa stjórnarmanns skal háð samþykki ráðherra. Náist ekki samkomulag um mann, er tryggingamálaráðherra heimilt að tilnefna mann í stjórnina sem fulltrúa vátryggingartaka.

Að minnsta kosti einn endurskoðandi, löggiltur, skal kjörinn eða ráðinn til að endurskoða reikninga félagsins. Ekki má hann vera í stjórn þess né fastur starfsmaður þess að öðru leyti.

7. gr.

Hlutafélag, sem hefur vátryggingar að starfsemi, má aldrei eiga meira en 10% af eigin hlutafé. Atkvæðisréttur fylgir ekki hlutabréfum, sem vátryggingarhlutafélag á sjálft.

8. gr.

Vátryggingarhlutafélag má aldrei greiða arð til hluthafa, nema hagnaður hafi orðið á rekstri félagsins, sem meiru fé nemi en arðgreiðslum, eða nægilegt fé sé fyrir hendi í arðjöfnunarsjóði, enda hafi þess verið gætt að leggja til hliðar hæfilegt fé fyrir áföllnum ógreiddum tjónum, í áhættusjóð, í iðgjaldavarasjóð, svo og eignir fyrndar á venjulegan hátt.

9. gr.

Um vátryggingarhlutafélög gilda að öðru leyti ákvæði laga um hlutafélög, nema annað leiði af ákvæðum laga þessara og reglugerða settra samkvæmt þeim.

Gagnkvæm vátryggingarfélög.

10. gr.

Stofnendur gagnkvæms vátryggingarfélags skulu hið fæsta vera fimm, íslenzkir ríkisborgarar með búsetu á Íslandi, ríkissjóður, bæjar- og sveitarfélög, stofnanir, sem þessir aðiljar bera ótakmarkaða ábyrgð á, hlutafélög, samvinnufélög og samvinnufélagasambönd, sem skráð eru á Íslandi.

Stofnendur gagnkvæms vátryggingarfélags skulu leggja fram stofnfé, sem nema skal hið minnsta kr. 10 000 000.00. Fé þetta má ekki endurgreiða nema að fengnu leyfi tryggingamálaráðherra.

Heimilt er tryggingamálaráðherra, að fengnum meðmælum tryggingaeftirlits, að leyfa, að stofnfé sé minna en um ræðir í 2. mgr.

Stjórn gagnkvæms vátryggingarfélags skulu skipa þrír menn hið fæsta. Í samþykktum slíks félags skal skýrt fram tekið, hvernig háttað skuli aðild vátryggingartaka að stjórn þess og hvernig kjöri stjórnar skuli hagað. Reki félagið ekki einvörðungu endurtryggingastarfsemi, skal a. m. k. einn valinn með það fyrir augum að gæta hagsmuna vátryggingartaka og hinna tryggðu. Val þessa stjórnarmanns skal háð samþykki ráðherra. Náist ekki samkomulag um mann, er tryggingamálaráðherra heimilt að tilnefna mann í stjórnina sem fulltrúa vátryggingartaka.

Að minnsta kosti einn endurskoðandi, löggiltur, skal ráðinn eða kjörinn til að endurskoða reikninga félagsins. Ekki má hann vera í stjórn þess né fastur starfsmaður þess að öðru leyti.

11. gr.

Hver sá, sem tryggir hjá gagnkvæmu vátryggingarfélagi, er sameigandi þess. Um ábyrgð vátryggingartaka á skuldbindingum félagsins skulu settar reglur í samþykktum þess. Ábyrgð hvers vátryggingartaka má eigi nema lægri fjárhæð en hálfu iðgjaldinu af viðkomandi skírteini eða kr. 500.00, hvort sem hærra er. Þó er heimilt að undanþiggja endurtryggingartaka slíkri ábyrgð, enda nemi endurtryggingariðgjöld, sem undanþegin eru, eigi meiru en 20% af heildariðgjaldatekjum félagsins.

Ábyrgð vátryggingartaka skal miða við almanaksár og fellur niður miðað við hver áramót, ef eigi er krafa gerð á hendur vátryggingartaka innan tveggja ára frá lokum þess almanaksárs, er vátrygging féll úr gildi.

Einungis þrotabú, skilanefnd eða skilastjórn gagnkvæms vátryggingarfélags geta krafið vátryggingartaka um greiðslu samkvæmt ábyrgðarskuldbindingum þeirra, en ekki einstakir kröfuhafar félagsins. Þó er tryggingamálaráðherra heimilt að leyfa stjórn gagnkvæms vátryggingarfélags að krefja vátryggingartaka um slíka greiðslu, enda sé slíks þörf, til þess að félagið geti staðið við skuldbindingar sínar. Slíkt leyfi má þó einungis veita til eins árs í einu.

Ákvæði laga um einstök vátryggingarfélög varðandi ábyrgð félagsmanna og vátryggingartaka halda gildi sínu þrátt fyrir ákvæði þessara laga.

Á hverju vátryggingarskírteini, sem gagnkvæmt vátryggingarfélag gefur út, skal koma skýrt fram, hvernig ábyrgð vátryggingartaka er háttað. Ákvæði þetta gildir einnig um þau vátryggingarfélög, sem starfa samkvæmt sérlögum.

12. gr.

Heimilt er að greiða stofnendum arð af stofnfé gagnkvæms vátryggingarfélags. Arður þessi má þó eigi vera hærri á ári en 10% af innborguðu stofnfé. Aldrei má greiða slíkan arð, nema hagnaður hafi orðið á rekstri félagsins meiri en arðgreiðslu nemur, enda hafi þess verið gætt að leggja til hliðar hæfilegt fé fyrir áföllnum ógreiddum tjónum, í áhættusjóð, í iðgjaldavarasjóð, svo og eignir fyrndar á venjulegan hátt.

13. gr.

Í samþykktum gagnkvæms vátryggingarfélags skal skýrt fram tekið, hvernig félagsslitum skuli háttað, sérstaklega hversu fara skuli um hreina eign félagsins við félagsslit.

Erlend vátryggingarfélög.

14. gr.

Erlend vátryggingarfélög geta fengið leyfi tryggingamálaráðherra til starfsemi hér á landi.

Slíkt leyfi má því aðeins veita, að félagið hafi heimild til að reka vátryggingarstarfsemi í heimalandi sínu og hafi starfað þar á því tryggingasviði í a. m. k. 5 ár.

15. gr.

Erlent vátryggingarfélag, sem hér hyggst starfa, skal sanna, að eignir þess hér á landi nemi eigi minna fé en kr. 10 000 000.00. Félagið skal árlega sanna, að eignir þess hér á landi nemi framangreindri upphæð.

16. gr.

Erlent vátryggingarfélag, sem hér rekur vátryggingarstarfsemi, skal skráð hér á landi, hafa hér fasta atvinnustöð og aðalumboðsaðilja, sem hefur heimild til að skuldbinda félagið vegna starfsemi þess hér á landi. Aðalumboðsmaður skal vera einn hér á landi. Íslenzku vátryggingarfélagi er heimilt að hafa á hendi aðalumboð fyrir erlent vátryggingarfélag.

Félagið skal hafa varnarþing hér á landi, að því er varðar starfsemi þess hér, og má lögsækja það fyrir dómstólum á Íslandi til fullnustu á kröfum, sem stofnazt hafa vegna starfsemi þess hér.

Í reglugerð skal ráðherra ákveða, hvaða skýrslum og gögnum slíkt félag skuli árlega skila tryggingaeftirlitinu um starfsemi sína hérlendis.

Almenn ákvæði.

17. gr.

Ársreikningar vátryggingarfélags skulu gerðir í því formi, sem tryggingamálaráðherra ákveður.

Ársreikningar skulu endurskoðaðir af að minnsta kosti einum löggiltum endurskoðanda. Vottorð löggilts endurskoðanda eða skýrsla skal fylgja reikningunum og skýrsla um starfsemi og rekstur félagsins á árinu.

Ráðherra skal skipa sérstakan mann, sem á vegum tryggingaeftirlitsins endurskoðar reikninga félaganna.

Ársreikninga skal birta í Lögbirtingablaði.

Í reglugerð skal tryggingamálaráðherra setja nánari ákvæði um endurskoðun hjá vátryggingarfélögum.

18. gr.

Erlend vátryggingarfélög, sem hér starfa, skulu gera reikninga og skýrslur um starfsemi sína hér á landi eftir þeim reglum, sem greinir í 17. gr.

19. gr.

Vátryggingarfélag skal leggja hluta af hagnaði sínum ár hvert í áhættusjóð. Framlag í áhættusjóð ár hvert skal að lágmarki nema 10%, en að hámarki 25% af hreinum hagnaði ársins. Verði áhættusjóður hærri en nemur 25% af iðgjaldstekjum einhvers árs, mega framlög lækka eða falla niður það ár.

Áhættusjóði má einungis verja til að mæta tapi vegna óvenjulegra tjónagreiðslna eitthvert ár. Áhættusjóð má þó einungis skerða að fengnu leyfi tryggingamálaráðherra, eftir meðmælum tryggingaeftirlits.

20. gr.

Óski vátryggingarfélag eftir að flytja tryggingarstofn sinn að nokkru eða öllu leyti til annars félags, skulu bæði félögin senda tryggingamálaráðherra umsókn um færsluna ásamt þeim gögnum, sem ráðherra óskar.

Tryggingaeftirlitið skal kanna umsóknina með hliðsjón af hag beggja félaganna og hvort ástæða sé til að ætla, að færslan geti á nokkurn hátt skaðað vátryggingartaka og vátryggða hjá félögunum.

Tryggingaeftirlitið skal auglýsa í Lögbirtingablaðinu eftir athugasemdum vátryggingartaka og vátryggðra vegna yfirfærslubeiðninnar.

Mæli tryggingaeftirlitið með umsókninni, veitir ráðherra leyfi til færslunnar.

21. gr.

Óski tvö eða fleiri vátryggingarfélög eftir því að sameinast og mynda eitt vátryggingarfélag, sem taki við öllum skuldbindingum félaganna gagnvart vátryggingartökum þeirra, skulu þau senda um það umsókn til tryggingamálaráðherra ásamt þeim gögnum, sem ráðherra óskar.

Tryggingaeftirlitið skal kanna umsóknina og gæta þess, hvort hið nýja félag fullnægir skilyrðum laga þessara og hvort samruninn geti á nokkurn hátt skaðað hagsmuni vátryggingartaka og vátryggðra. Mæli tryggingaeftirlitið með umsókninni, veitir tryggingamálaráðherra hinu nýja félagi starfsleyfi og heimild til yfirfærslu tryggingastofnanna, enda sé gætt reglna 2. og 3. mgr. 20. gr.

22. gr.

Enginn má í atvinnuskyni stuðla að því, að aðiljar hér á landi, íslenzk skip eða eignir á Íslandi séu vátryggð annars staðar en hjá íslenzkum vátryggingarfélögum

eða erlendum vátryggingarfélögum, sem hér hafa leyfi til að reka vátryggingarstarfsemi.

Um líftryggingarfélög.

23. gr.

Vátryggingarfélag, sem hyggst reka líftryggingarstarfsemi, skal auk gagna þeirra, sem um ræðir í 33. gr., senda tryggingaeftirlitinu þessi gögn:

1. Almenna tryggingaskilmála, er félagið hyggst nota.
2. Skýrslur um reiknigrundvöll iðgjalda og iðgjaldasjóðs, svo og reglur um ákvörðun endurkaupsverðs og verð gjaldfrjálsra trygginga.
3. Skýrslu um reikningsgrundvöll ágóðaúthlutunar (bónus) til tryggingartaka.
4. Gögn um endurtryggingu og hámark eigin áhættu í hverri einstakri áhættu.
5. Tilkynningar um, hver sé tryggingastærðfræðingur (aktúar) félagsins, sbr. 24. gr.

24. gr.

Líftryggingarfélag skal tryggja sér þjónustu tryggingastærðfræðings (aktúars), sem hefur á hendi nauðsynlega tryggingatæknilega reikninga og athuganir fyrir félagið.

Sá einn má taka að sér slíkt starf fyrir líftryggingarfélag, sem fengið hefur til þess sérstakt starfsleyfi tryggingamálaráðherra.

25. gr.

Tryggingastærðfræðingur líftryggingarfélags ber ábyrgð á því, að félag það, er hann veitir þjónustu sína, fari eftir tilkynntum reiknigrundvelli iðgjalda, iðgjaldasjóðs og ágóðaúthlutunar og fylgi tilkynntum reglum um ákvörðun endurkaupsverðs og fjárhæða gjaldfrjálsra trygginga. Hann skal fylgjast með starfsemi félagsins að þessu leyti og getur krafizt allra gagna og upplýsinga af félaginu til að geta innt starf sitt af hendi.

Komist tryggingastærðfræðingur að því í starfi sínu, að félagið fari ekki eftir settum reglum varðandi framangreind atriði, skal hann tilkynna það tryggingaeftirliti án óeðlilegrar tafar.

26. gr.

Eigi er líftryggingarfélagi heimilt að breyta reiknigrundvelli iðgjaldasjóðs nema með leyfi tryggingamálaráðherra að fengnum meðmælum tryggingaeftirlitsins.

Hafi breyting í för með sér lækkun iðgjaldasjóðs, skal leggja þann hluta sjóðsins, sem fram yfir er, í ágóðasjóð.

Hafi breyting í för með sér hækkun iðgjaldasjóðs fyrir eldri líftryggingar, skal félagið færa af óbundnum höfuðstól í iðgjaldasjóð það fé, er hækkuninni nemur. Tryggingamálaráðherra getur þó, að fengnum meðmælum tryggingaeftirlits, veitt félaginu leyfi til að fresta fjárfærslu í sjóðinn, þannig að um ákveðið árabil verði færð í sjóðinn tiltekin fjárhæð á ári hverju, unz jöfnuði er náð. Skal þetta gert samkvæmt fyrirframgerðri áætlun, og ekki má frestur þessi vera lengri en 10 ár.

27. gr.

Í ársreikningum líftryggingarfélags skal færa sérstaklega líftryggingasjóð. Líftryggingasjóður skiptist í tvennt:

1. Bótasjóð, en þar skal færa allar gjaldfallnar en ógreiddar tryggingafjárhæðir og ágóðafjárhæðir.
2. Iðgjaldasjóð, en hann nær til heildarverðmætis allra gildandi trygginga reiknað samkvæmt samþykktum reiknigrundvelli, sbr. 2. tl. 23. gr.

28. gr.

Líftryggingasjóður, sbr. 27. gr., skal ávaxtaður þannig:

1. Í bönkum og sparisjóðum, sem fullnægja ákvæðum laga nr. 69/1941.
2. Í ríkisskuldabréfum.

3. Í skuldabréfum, tryggðum með ábyrgð ríkissjóðs.
4. Í bankavaxtabréfum og veðdeildarbréfum útgefnum af þeim bönkum, sem eru eign ríkissjóðs.
5. Í lánum, tryggðum með veði í líftryggingum hjá félaginu allt að endurkaupsverðmæti þeirra.
6. Í veðskuldabréfum, tryggðum með veði í fasteignum allt að 60% af fasteignamatsverði húseigna og mannvirkja, eignarlanda og lóða, svo og eign leigutaka í leigulóð, enda sé leigutími lóðar eigi skemmri en lánstími.
7. Í fasteignum, sem líftryggingarfélagið á. Aldrei má þó eign að þessu leyti teljast líftryggingasjóði frekar en um ræðir í 6. tl.

Líftryggingarfélagi er þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. heimilt að ávaxta fé líftryggingasjóðs á annan hátt, að fengnu samþykki tryggingamálaráðherra hverju sinni, þó ekki í hlutabréfum.

Eigi má selja né veðsetja eignir líftryggingasjóðs nema með leyfi tryggingamálaráðherra.

Erlend líftryggingarfélög, sem fengið hafa leyfi til starfsemi hér á landi, skulu ávaxta líftryggingasjóð á Íslandi í samræmi við reglur þessarar greinar.

29. gr.

Verðbréf líftryggingasjóðs skulu árituð um, að þau séu eign líftryggingasjóðs félagsins og þau megi ekki veðsetja né selja, nema að fengnu samþykki tryggingamálaráðherra.

Óheimilt er að gera aðför í verðbréfum, sem eru eign líftryggingasjóðs, nema til tryggingar eða fullnustu líftryggingakröfum.

Ávaxti líftryggingarfélag fé í eigin fasteign, sbr. 7. tl. 1. mgr. 28. gr., skal þinglýsa á eignina yfirlýsingu um rétt líftryggingasjóðs og að eigi megi veðsetja hana, svo að réttur líftryggingasjóðs skerðist, og eigi selja hana nema með leyfi tryggingamálaráðherra.

30. gr.

Ef skipuð er skilastjórn í líftryggingarfélagi samkvæmt 43. gr., skal hún þegar í stað taka í sínar vörzlur eignir líftryggingasjóðs.

Verði ákveðið að beiðast gjaldþrotaskipta á búi líftryggingarfélagsins, skal ekki telja eignir líftryggingasjóðs með eignum þrotabúsins og heldur eigi skuldbindingar hans með skuldum þess.

Skilastjórn skal hafa á hendi rekstur líftryggingastofnsins og láta endurreikna skuldbindingar líftryggingasjóðs.

31. gr.

Innan sex mánaða frá því, að skilastjórn hefur tekið við rekstri líftryggingasjóðs samkvæmt 30. gr., skal tryggingaeftirlitið leita til annarra íslenzkra líftryggingarfélaga um yfirtöku líftryggingastofns og líftryggingasjóðs. Tryggingaeftirlitið skal meta framkomin tilboð og velja það, er hún telur hagkvæmast fyrir vátryggða. Síðan skal skilastjórn auglýsa í Lögbirtingablaðinu eftir athugasemdum frá vátryggingartökum og vátryggðum.

Að fengnum athugasemdum getur tryggingamálaráðherra framselt líftryggingarfélagi því, er tryggingaeftirlitið valdi, líftryggingastofninn og eignir líftryggingasjóðs, enda tekur þá viðtakandi við öllum skuldbindingum hins gjaldþrota félags, að því er líftryggingar varðar.

Þeir vátryggingartakar eða vátryggðir, sem athugasemdir hafa gert og eigi vilja samþykkja yfirfærsluna, eiga þó rétt á því að fá endurgreitt verðmæti líftrygginga sinna, að svo miklu leyti sem hlutfallsleg eign í líftryggingasjóðnum hrekkur til.

Berist ekki tilboð í líftryggingastofn eða ekki koma fram þau tilboð, er tryggingaeftirlitið vill mæla með, skal líftryggingasjóðurinn greiddur vátryggðum í réttu hlutfalli við verðmæti líftrygginga þeirra í sjóðnum.

III. KAFLI
Um skráningu og tilkynningarskyldu vátryggingarfélaga.

32. gr.

Tryggingamálaráðherra skal halda skrá um öll þau félög og stofnanir, sem heimild hafa til að selja vátryggingar hér á landi.

33. gr.

Hvert það félag eða stofnun, sem hyggst reka vátryggingarstarfsemi, skal senda tryggingaeftirlitinu gögn í því formi, sem eftirlitið ákveður, um væntanlega starfsemi, samþykktir sínar, stofnfundargerð og svo tilkynningu um, hverjir séu í stjórn félagsins og hverjir hafi heimild til að skuldbinda það, og vottorð löggilts endurskoðanda um innborgað hlutafé eða stofnfé. Tryggingaeftirlitið kannar síðan, hvort félagið fullnægi skilyrðum laga þessara, reglugerða settra samkvæmt þeim og sé að öðru leyti hæft til að reka vátryggingarstarfsemi.

Ráðherra veitir félagi starfsleyfi, og að því fengnu má skrá félagið í hlutafélagaskrá eða aðra opinbera félagaskrá.

Telji tryggingaeftirlitið ekki, að þörf sé fyrir þá starfsemi, sem félagið hyggst reka, né að starfsemi þess sé til eflingar heilbrigðri þróun vátryggingastarfsemi í landinu eða til hagsbóta fyrir vátryggingartaka og vátryggða, getur tryggingamálaráðherra neitað að skrá félagið í vátryggingarfélagaskrá og veita því starfsleyfi.

Aldrei má félag hefja starfsemi fyrr en það hefur verið skráð í bæði vátryggingarfélagaskrá og hlutafélagaskrá eða aðra opinbera félagaskrá.

Hvert það félag eða stofnun, sem leyfi hefur til að reka vátryggingarstarfsemi og hyggst taka upp nýja grein vátrygginga eða hyggst breyta starfsemi sinni í verulegum atriðum, skal sækja um leyfi fyrir hinni nýju starfsemi og senda tryggingaeftirlitinu þau gögn, sem nauðsynleg eru, til þess að tryggingaeftirlitið geti metið umsóknina.

34. gr.

Allar breytingar á samþykktum, hlutafé, stofnfé, stjórn, endurskoðendum og þeim, er skuldbinda mega vátryggingarfélag, skal strax tilkynna til vátryggingarfélagaskrár, og má eigi skrá þær í hlutafélagaskrá eða aðra opinbera félagaskrá fyrr en slíkt hefur verið gert.

35. gr.

Missi félag rétt til að reka vátryggingarstarfsemi hér á landi, verði gjaldþrota eða því slitið, skal þegar í stað má nafn þess úr vátryggingarfélagaskrá.

36. gr.

Birta skal árlega í Lögbirtingablaðinu skrá um félög þau, sem heimild hafa til að reka vátryggingarstarfsemi.

IV. KAFLI
Eftirlit með vátryggingarfélögum.

37. gr.

Setja skal á stofn tryggingaeftirlit, sem hefur eftirlit með starfsemi vátryggingarfélaga og rekstri þeirra samkvæmt ákvæðum laga þessara og reglugerða settra samkvæmt þeim

Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um verksvið og skyldur tryggingaeftirlitsins.

38. gr.

Tryggingamálaráðherra skipar tryggingaeftirlitið til fjögurra ára í senn. Tryggingaeftirlitið skal skipað þrem mönnum og sé einn embættisgengur lögfræðingur og annar tryggingastærðfræðingur. Einn skal skipaður formaður.

Meðlimir eða starfsmenn tryggingaeftirlitsins mega ekki vera stjórnarmenn, starfsmenn, endurskoðendur eða tryggingastærðfræðingar vátryggingarfélags.

39. gr.

Vátryggingarfélög, stofnanir þær, sem um ræðir í 2. mgr. 2. gr., að því er varðar þann hluta starfsemi þeirra, sem rekinn er á viðskiptalegum grundvelli, svo og vátryggingarfélög þau, er um ræðir í 3. mgr. 2 gr., skulu senda tryggingaeftirliti ársreikninga sína innan mánaðar frá því, að þeir voru samþykktir á félagsfundi, þó eigi síðar en 6 mánuðum eftir lok reikningsárs. Reikningar skulu undirritaðir af stjórn félags, og þeim skal fylgja skýrsla endurskoðenda og endurrit úr fundargerðarbók félags um samþykktir þeirra, svo og skýrsla um starf og rekstur, sbr. 17. gr.

Ársreikningunum skal fylgja nákvæm skýrsla um fasteignir félagsins, bifreiðar, skip og verðbréfaeign. Enn fremur skrá um inneignir hjá viðskiptamönnum eða umboðsmönnum og skal nafngreina þá aðilja, er skulda yfir kr. 100 000.00. Þá skal fylgja skrá um skuldheimtumenn, aðra en þá, sem eiga vátryggingarkröfur á félagið, og skulu skuldheimtumenn, sem eiga inni yfir kr. 100 000.00, nafngreindir. Að lokum skal fylgja skýrsla um, á hvern hátt áfallnar en ógreiddar vátryggingarkröfur séu áætlaðar og hvernig iðgjaldsyfirfærslur til næsta árs eru ákveðnar.

Ársreikningum líftryggingarfélags skal einnig fylgja skýrsla tryggingastærðfræðings um uppgjör líftryggingasjóðs og skýrsla endurskoðenda um ávöxtun líftryggingasjóðs.

40. gr.

Aðiljar þeir, sem um ræðir í 3. gr. og reka vátryggingarstarfsemi við gildistöku laga þessara, skulu þegar í stað senda tryggingaeftirlitinu endurrit allra þeirra tryggingaskilmála, er þeir nota. Sama gildir um þau félög, sem fá leyfi til vátryggingarstarfsemi eftir gildistöku laga þessara.

Breyti þessir aðiljar eða aðrir þeir, er fengið hafa leyfi til að reka vátryggingarstarfsemi, vátryggingarskilmálum sínum, eða láti semja nýja skilmála, skulu þeir senda tryggingaeftirlitinu endurrit breytinganna eða hina nýju skilmála.

Tryggingaeftirlitið skal kanna almenna skilmála vátryggingarfélaga og gæta þess, að þeir séu í samræmi við lög og góða viðskiptaháttu í vátryggingarviðskiptum. Reynist svo ekki vera, skal nema brott það, sem tryggingaeftirlitið telur sig ekki geta samþykkt.

Það, sem hér segir um tryggingaskilmála, gildir einnig um iðgjöld og iðgjaldagrundvöll eftir nánari fyrirmælum tryggingaeftirlitsins. Tryggingaeftirlitinu ber að athuga, hvort iðgjöld vátrygginga séu í samræmi við þá áhættu, sem vátryggingarfélagið tekur á sig, og í samræmi við eðlilegan kostnað við rekstur félagsins.

Vátryggingarfélag, sem starfar hér á landi, skal sjá um, að starfsemi sölumanna félagsins sé í anda góðra viðskiptahátta í vátryggingum og að öflun vátrygginga fari fram með hag vátryggingartaka og vátryggðra fyrir augum. Félagið skal sérstaklega sjá um, að réttar upplýsingar séu gefnar um þær vátryggingar, sem á boðstólum eru hjá félaginu. Tryggingamálaráðherra hefur heimild til að fela tryggingaeftirlitinu könnun á þessum þætti starfseminnar og að setja sérstaka reglugerð um það efni.

41. gr.

Tryggingaeftirlitið skal kanna gjaldhæfi og greiðsluhæfi vátryggingarfélags. Við mat á þessu skal litið til áhættu þeirrar, sem vátryggingarstarfsemi hefur í för með sér. Í reglugerð skal nánar kveðið á um, með hvaða hætti slík könnun fari fram.

42. gr.

Tryggingaeftirlitið getur krafið þá, er vátryggingarstarfsemi reka, um hvers konar gögn og upplýsingar, sem því þykir þurfa. Þá getur það rannsakað eða látið rannsaka alla starfsemi þessara aðilja og á rétt á að fá óhindraðan og tafarlausan aðgang að bókhaldi og skjölum þeirra.

43. gr.

Sinni vátryggingarfélag ekki tilmælum tryggingaeftirlits um breytingu á skilmálum, sbr. 40. gr., sé ekki gjaldhæft eða greiðsluhæft að mati tryggingaeftirlitsins, sbr. 41. gr., eða brjóti lög eða reglugerðir um vátryggingarstarfsemi, skal tryggingaeftirlit þegar í stað tilkynna tryggingamálaráðherra um málið og gera tillögur um, hvað gera skuli. Ráðherra skal þegar setja félaginu frest til að bæta úr því, sem úrskeiðis hefur farið, og má sá frestur aldrei vera lengri en sex mánuðir.

Hafi félagið ekki gert nauðsynlegar úrbætur innan tilskilins frests, getur ráðherra afturkallað starfsleyfi félagsins. Afturkalli ráðherra starfsleyfi, skal hann skipa þriggja manna skilastjórn í félagið. Skilastjórn tekur við öllum heimildum félagsstjórnar og jafnframt falla niður heimildir hennar.

Skilastjórn skal þegar kalla saman félagsfund og kynna félagsmönnum, hvernig komið er.

Skilastjórn skal taka ákvörðun um, hvort óska skuli gjaldþrotaskipta á félaginu eða hvort það skuli rekið áfram um skeið og viðskiptum lokið án gjaldþrotaskipta. Skal við mat á því, hvað gera skuli, aðallega litið til hagsmuna vátryggðra.

Ef um er að ræða vátryggingarfélag eða líftryggingarfélag, sem starfar samkvæmt sérlögum, skal ráðherra, áður en hann sviptir félagið starfsleyfi, skipa rannsóknarnefnd til að kanna hag og rekstur félagsins og gera tillögur um, hvað gera skuli.

44. gr.

Laun skilastjórnar og kostnaður hennar skal greiðast af eignum hlutaðeigandi vátryggingarfélags sem krafa utan skuldaraðar og af eignum líftryggingasjóðs, ef um það tilvik er að ræða, sbr. 30. gr.

45. gr.

Tryggingaeftirliti og starfsmönnum þess er bannað, að viðlagðri ábyrgð eftir ákvæðum almennra hegningarlaga um opinbera starfsmenn, að skýra óviðkomandi aðiljum frá því, er þeir komast að í starfi sínu og leynt á að fara um viðskipti og rekstur vátryggingarfélags. Þagnarskylda þessi og ábyrgð hennar helzt, þótt starfsmenn þessir hafi látið af störfum.

Tryggingaeftirlitið skal árlega láta birta opinberlega skýrslu um starfsemi sína og tölfræðilegt yfirlit yfir afkomu hinna ýmsu vátryggingagreina.

46. gr.

Fyrir 1. desember ár hvert skal tryggingaeftirlitið gera rökstudda áætlun um kostnað af starfsemi sinni næsta ár. Kostnaðinum skal jafna á vátryggingarfélög þau, sem um ræðir í lögum þessum, í hlutfalli við iðgjöld þeirra næstliðið reikningsár. Gera má vátryggingarfélögum að greiða allt að 2.5‰ af frumtryggingariðgjöldum og 0.6‰ af fengnum endurtryggingariðgjöldum. Gjald þetta skulu vátryggingarfélög greiða ársfjórðungslega fyrirfram. Tryggingamálaráðherra skal setja nánari reglur um álagningu gjalds þessa og innheimtu.

Nægi þessar tekjur eigi til greiðslu kostnaðar við starfsemi tryggingaeftirlitsins, skal greiða það, sem á skortir, úr ríkissjóði.

V. KAFLI

Um vátryggingarfélög, er starfa við gildistöku laga þessara.

47. gr.

Vátryggingarfélög þau, er eigi starfa samkvæmt sérlögum og hyggjast halda áfram starfsemi sinni eftir gildistöku laga þessara, skulu innan tveggja mánaða frá gildistöku þeirra senda tryggingamálaráðherra umsókn um starfsleyfi og skráningu í vátryggingarfélagaskrá. Umsókn skulu fylgja samþykktir félagsins, vottorð úr hlutafélagaskrá eða annarri opinberri félagaskrá um það, hvert sé innborgað hlutafé eða stofnfé, hverjir skipi stjórn félagsins og hverjir hafi heimild til að skuld-

binda það með undirskrift sinni. Þá skulu einnig fylgja síðustu 5 ársreikningar félagsins undirritaðir af stjórn þess með áritun og skýrslu löggilts endurskoðanda. Einnig skal senda gögn þau, er um ræðir í 23. gr., 33. gr. og 40. gr.

Hafi vátryggingarfélag eigi sent umsókn þá, er um ræðir í 1. mgr., innan þess tíma, er þar greinir, falla þann dag niður heimildir þess til að taka á sig vátryggingarskuldbindingar og selja vátryggingar. Um vátryggingar þær, er félagið hefur áður selt, fer samkvæmt ákvæðum 43. gr.

48. gr.

Vátryggingarfélög þau, er starfa samkvæmt sérlögum, skulu innan tveggja mánaða frá gildistöku laga þessara senda tryggingamálaráðherra umsókn um starfsleyfi og skráningu í vátryggingarfélagaskrá. Umsókn skulu fylgja gögn um, hverjir skipi stjórn félagsins og hverjir hafi heimild til að skuldbinda félagið með undirskrift sinni. Þá skulu einnig fylgja síðustu 5 ársreikningar félagsins undirritaðir af stjórn og áritaðir af endurskoðendum, ásamt gögnum skv. 33. og 40. gr.

49. gr.

Umsóknir þær og gögn, sem um ræðir í 47. og 48. gr., skal tryggingamálaráðherra þegar í stað senda tryggingaeftirliti til umsagnar. Tryggingaeftirlitið skal hafa kynnt sér umsóknir og skilað áliti sínu um þær til tryggingamálaráðherra eigi síðar en átta mánuðum eftir gildistöku laga þessara.

50. gr.

Vátryggingarfélög þau, er tryggingaeftirlit mælir með, skulu fá starfsleyfi þegar í stað og vera tekin á vátryggingarfélagaskrá.

51. gr.

Telji tryggingaeftirlitið, að í samþykktum vátryggingarfélags séu ákvæði, er brjóti í bága við ákvæði laga þessara eða reglugerða settra samkvæmt þeim, en mælir að öðru leyti með því, að félaginu sé veitt starfsleyfi, er tryggingamálaráðherra heimilt að veita félaginu starfsleyfi til bráðabirgða í allt að eitt ár til að koma málum þessum í lag. Sama gildir, telji tryggingaeftirlitið, að breyta verði vissum rekstrarlegum eða öðrum atriðum í starfsemi vátryggingarfélags eða gera þurfi sérstaka könnun á vissum þáttum starfseminnar, áður en ákvörðun um starfsleyfi verði tekin, og má starfsleyfi til bráðabirgða vera til allt að tveggja ára í slíkum tilvikum.

52. gr.

Nú kemur í ljós, að hlutafé vátryggingarfélags eða stofnfé gagnkvæms vátryggingarfélags er lægra en gert er ráð fyrir í 6. og 10. gr., en tryggingaeftirlitið mælir samt með því, að félagið fái starfsleyfi, enda sýni fjárhagur félagsins og rekstur, að það sé gjaldhæft og greiðsluhæft, og er þá heimilt að veita félaginu starfsleyfi. Sé þessi leið eigi valin, er tryggingamálaráðherra rétt að veita félaginu bráðabirgðaleyfi og setja það skilyrði, að hlutafé eða stofnfé verði aukið að lögboðnu marki innan ákveðins tíma, sem má vera allt að þremur árum.

53. gr.

Telji tryggingaeftirlitið, að vátryggingarfélag, er ekki starfar samkvæmt sérlögum, sé ekki gjaldhæft, er tryggingamálaráðherra heimilt að veita því sex mánaða frest til að rétta hag sinn. Fái félagið ekki þennan frest eða hafi ekki getað bætt hag sinn á þessum tíma, skal þegar í stað skipa félaginu skilastjórn, sbr. 43. gr.

54. gr.

Sæki vátryggingarfélag, sem rekið hefur bæði skaðatryggingar og líftryggingar, um starfsleyfi, er heimilt að fengnum meðmælum tryggingaeftirlits að veita því

tveggja ára frest til að breyta starfsemi sinni þannig, að samræmist ákvæðum laga þessara.

55. gr.

Sæki vátryggingarfélag, sem starfar samkvæmt sérlögum, eigi um starfsleyfi eða teljist eigi gjaldhæft að mati tryggingaeftirlits, skal tryggingamálaráðherra þegar í stað skipa rannsóknarnefnd til að kanna hag félagsins og gera tillögur um ráð til úrbóta.

56. gr.

Tryggingamálaráðherra skal setja reglugerð um þau efni, sem í lögum þessum greinir.

57. gr.

Brot gegn lögum þessum og reglugerðum settum samkvæmt þeim varða fésektum eða varðhaldi, nema þyngri refsing liggi við eftir öðrum lögum.

58. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi felld lög nr. 62 22. nóvember 1913, um ábyrgðarfélög, lög nr. 20 9. október 1903, um viðauka við lög 8. nóvember 1895, um hagfræðiskýrslur, 2. og 3. laga nr. 17 23. maí 1964, um ávöxtun fjár tryggingafélaga og 77. gr. umferðarlaga, nr. 40 23. apríl 1968.

59. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp það, sem hér er lagt fyrir Alþingi, var lagt fram á síðasta þingi til kynningar og er nú endurflutt með minni háttar breytingum. Frumvarpið er upphaflega samið af nefnd, sem tryggingamálaráðherra skipaði árið 1970.

Nefndin skilaði frumvarpi, greinargerð, athugasemdum við einstakar greinar og fskj. 1, sem hér er lagt fram. Breytingar þær, sem Kr. Guðm. Guðmundsson, tryggingastærðfræðingur, lagði til að gerðar yrðu í bréfi sínu á fskj. 2, hafa verið felldar inn í meginmál frumvarpsins. Þá hefur Erlendur Lárusson, tryggingafræðingur, lagt til að gerðar yrðu nokkrar breytingar og hafa þær verið felldar inn í meginmál frumvarpsins og í greinargerðina. Frumvarpið þannig breytt var síðan tekið til samlesturs á fundi allra, sem að samningu þess hafa staðið.

Greinargerðin er að mestu greinargerð nefndarinnar, en tekið hefur verið tillit til þeirra breytinga, sem gerðar hafa verið á frumvarpinu, í endanlegri gerð hennar.

Greinargerð.

Hinn 25. marz 1970 skipaði Eggert G. Þorsteinsson, heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, nefnd „til að semja frumvarp til laga um vátryggingafélög og starfsemi þeirra.“ Í nefndina voru skipaðir: Benedikt Sigurjónsson, hæstaréttardómari, formaður, Bjarni Þórðarson, tryggingastærðfræðingur og Jón Erlingur Þorláksson, tryggingastærðfræðingur. Nefndin tók strax til starfa og hefur starfað nokkuð samfellt.

Um vátryggingarstarfsemi er nú fjallað í lögum um ábyrgðarfélög nr. 62 22. nóvember 1913. Í lögum nr. 17 23. maí 1964 er rætt um ávöxtun fjár tryggingarfélaga. Þá er rætt um vátryggingarfélög í umferðarlögum nr. 40/1968 og lögum um tekjuskatt og eignarskatt nr. 68/1971. Þá má nefna lög nr. 20/1903 um hagfræðiskýrslur.

Vátryggingar skipta miklu máli í nútíma þjóðfélagi og varða flesta, ef ekki alla, þegna þjóðfélagsins. Um hendur vátryggingaraðilja rennur mjög mikið fjármagn.

Það er þjóðfélagsnauðsyn, að vátryggingar séu reknar á heilbrigðum grundvelli og gætt sé hagsmuna vátryggingartaka og vátryggðra. Vátryggingartakar og vátryggðir hafa yfirleitt ekki aðstöðu til að meta fjárhagsaðstöðu þeirra vátryggingaraðilja, sem þeir skipta við, og gera sér í raun grein fyrir þeim kjörum, sem þeir semja um. Af þessum ástæðum er nauðsynlegt, að ríkisvaldið taki að sér að hafa eftirlit með starfsemi vátryggingarfélaga og fái rúmar heimildir til að taka í taumana, ef eitthvað fer úrskeiðis.

Lög nr. 62/1913 eru algjörlega úrelt og gegna ekki lengur hlutverki sínu. Þetta hefur íslenzkum vátryggingaraðiljum verið ljóst og hafa því um nokkurt skeið lagt til, að sett væri hér á landi löggjöf um vátryggingarstarfsemi hliðstætt við það, sem er í nágrannalöndum okkar.

Nefndin hefur kannað, hvaða félög og stofnanir reka vátryggingarstarfsemi hér á landi. Á fskj. nr. 1 er yfirlit yfir þá tryggingaraðilja, sem nefndinni er kunnugt um. Yfirlitið er vart tæmandi, en þeir aðiljar, sem þar vantar, munu að líkindum reka hverfandi starfsemi og ekki skipta máli.

Samkvæmt yfirlitinu eru 19 stofnanir, sem reka tryggingarstarfsemi samkvæmt sérstökum lögum, þar af 9 bátaábyrgðarfélög. Þá reka 21 hlutafélag, 3 gagnkvæm félög og eitt félag á vegum bifreiðatryggingarfélaganna vátryggingarstarfsemi, en af hlutafélögunum er eitt þrotabú. Þá eru skráð í firmaskrá 8 erlend félög, en starfsemi þeirra er hverfandi og a. m. k. 4 munu hætt starfsemi, þótt þau hafi ekki verið afmáð úr firmaskrá enn.

Nefndin hefur aflað gagna um löggjöf nágrannalandanna um vátryggingarstarfsemi og við samningu frumvarpsins hefur hún aðallega stuðzt við löggjöf Norðurlandanna og þá einna helzt við finnsku lögin um vátryggingarstarfsemi.

Löggjöf Norðurlandanna um þetta efni stendur á gömlum merg og er almennt talin til fyrirmyndar. Af gildandi lögum á Norðurlöndum eru norsku lögin elzt eða frá 1911, en nokkrar breytingar hafa verið gerðar á þeim síðan, þótt meginstofn laganna sé óbreyttur. Sænsku lögin eru frá 1948 og mjög ítarleg. Finnsku lögin voru síðast endurskoðuð 1952 og eru mjög nýtízkuleg. Dönsku lögin eru frá 1959 og þá voru lög um líftryggingarstarfsemi og lög um skaðatryggingarstarfsemi sameinuð í einum lagabálki.

Athugasemdir við einstakar greinar.

Um 1. gr.

Hér er markað gildissvið laganna. Þau skulu taka til allrar vátryggingarstarfsemi, sem rekin er á viðskiptagrundvelli. Á það jafnt við frumtryggingar og endurtryggingar. Skilgreining þessi er í samræmi við reglur annarra Norðurlanda í þessum efnum.

Um 2. gr.

Í grein þessari er gildissvið nánar skilgreint, sbr. 1. gr. Er sérstök ástæða til að benda á, að lögin taka ekki til eftirlaunasjóða, lífeyrissjóða og sjúkrasjóða. Þá eru af eðlilegum ástæðum Tryggingastofnun ríkisins og hliðstæðar stofnanir undanþegnar ákvæðum laganna, að því er varðar almennan rekstur slíkra stofnana. Reki slíkar stofnanir hins vegar vátryggingarstarfsemi á viðskiptagrundvelli, fellur rekstur þeirra undir ákvæði laganna, að því er þann þátt varðar. Sem dæmi má nefna starfsemi Tryggingastofnunar ríkisins, sbr. 75. gr. laga nr. 67/1971.

Fjöldi vátryggingarfélaga hér á landi er rekinn samkvæmt sérlögum og njóta sum einkaréttar til ákveðinna trygginga. Í raun er lítill munur á þessum vátryggingarfélögum og vátryggingarfélögum, sem rekin eru á einkaréttargrundvelli, þar sem þau reka viðskipti sín á venjulegum viðskiptagrundvelli. Sem dæmi um slík vátryggingarfélög má nefna Brunabótafélag Íslands, sem rekið er samkvæmt lögum nr. 9/1955, Samábyrgð Íslands á fiskiskipum, sem rekin er samkvæmt lögum nr. 47/1967, Íslenzka endurtryggingu, sem rekin er samkvæmt lögum nr. 48/1947, og Húsatryggingar Reykjavíkur, sem reknar eru samkvæmt lögum nr. 25/1954.

Um 3. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 4. gr.

Í grein þessari er beint bannað, að vátryggingarfélag hafi á höndum aðra starfsemi en vátryggingar, vátryggingarumboð og tjónauppgjör, svo og fasteignarekstur á þeim fasteignum, sem það á. Enn fremur mundi vátryggingarfélagi vera heimilt að ávaxta sjóði sína á venjulegan hátt, svo sem með kaupum og sölu verðbréfa. Vátryggingarfélagi mundi hins vegar vera óheimilt að reka t. d. heildverzlun eða útgerð. Þá er einn þáttur vátryggingarstarfsemi tekinn út úr, en það eru líftryggingar. Samkvæmt frumvarpinu er gert ráð fyrir, að líftryggingar (frumtryggingar) séu reknar af sjálfstæðum félögum, sem hafi einungis þá starfsemi með höndum. Þó geti tryggingamálaráðherra leyft tryggingarfélagi að hafa með höndum sjúkra- og slysatryggingar, en þær tryggingagreinar eru á margan hátt skyldar líftryggingum. Er þetta í samræmi við erlend lög. Líftryggingar eru þannig upp byggðar, að oft er ætlazt til, að vátryggingarsamningurinn gildi um langan tíma og vátryggingarfélagið leggi til hliðar verulegt fé um langan tíma til þess að geta staðið við skuldbindingar sínar. Skaðatryggingar gilda hins vegar yfirleitt um skamman tíma. Algengt er nú, að vátryggingarfélög, er hafa á hendi alhliða vátryggingarstarfsemi, reki einnig líftryggingarstarfsemi. Slíkt verður að teljast óheppilegt. Af eðli líftryggingarstarfseminnar leiðir, að fjárreksturs hennar verður að gæta af meiri vandvirkni og athugun en annarra trygginga. Um endurtryggingar líftrygginga gildir nokkuð öðru máli. Virðist ekki ástæða til að binda endurtryggingar líftrygginga við sérstök líftryggingaendurtryggingafélög.

Þá eru í grein þessari sérstök ákvæði, sem banna vátryggingarfélögum að taka á sig ábyrgð eða skuldbindingar, sem ekki eru vátryggingar, nema slíkt leiði af eðlilegum rekstri félagsins. Samkvæmt þessu er vátryggingarfélögum t. d. bannað að ganga í ábyrgðir fyrir viðskiptaaðilja sína, sem nú mun nokkuð tíðkast, samþykkja fyrir þá víxla eða ábaka og annað slíkt.

Um 5. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 6. gr.

Eins og rakið er í 3. gr. mega einungis félög reka vátryggingarstarfsemi, hlutafélög, gagnkvæm vátryggingarfélög og svo félög og stofnanir, sem starfa samkvæmt sérstökum lögum, sem er í samræmi við gildandi reglur.

Að því er varðar vátryggingarhlutafélög virðist nauðsynlegt að breyta nokkuð frá því, sem gert er ráð fyrir í gildandi lögum um hlutafélög, sem eru gömul og úrelt.

Í hlutafélagalögum er gert ráð fyrir, að stofnendur hlutafélags skuli vera menn. Hér er hins vegar lagt til, að þeir geti verið bæði menn og lögpersónur. Er ríkissjóði, bæjar- og sveitarfélögum og stofnunum, sem þessir aðiljar bera ótakmarkaða ábyrgð á, svo og samvinnufélögum og samvinnufélagasamböndum, heimilað að gerast stofnendur vátryggingarhlutafélags. Innborgað hlutafé er ákveðið minnst 20 milljónir króna. Þá er lagt til, að lögboðið verði, að a. m. k. einn löggiltur endurskoðandi skuli ráðinn eða kjörinn til að endurskoða reikninga félagsins og skuli hann ekki vera of tengdur félaginu, þ. e. ekki í stjórn þess né fastur starfsmaður að öðru leyti. Lagt er til, að einn stjórnarmanna a. m. k. skuli hafa það hlutverk að gæta hagsmuna vátryggingartaka.

Um 7. gr.

Hér er lagt til, að vátryggingarhlutafélag megi aldrei eiga meira en 10% af eigin hlutafé. Er það í samræmi við gildandi hlutafélagalög, en hins vegar er hér ekki tekin upp heimild ráðuneytis til að hækka hlut hlutafélagsins um eign á eigin hlutafé. Þá er hér boðið, að atkvæðisréttur fylgi ekki þeim hlutabréfum, sem vátryggingarhlutafélagið á sjálft, en sá siður hefur tíðkazt hér, að stjórnir hlutafélaga hafa veitt

sjálfum sér umboð og atkvæðisrétt til að fara með atkvæði fyrir hlutafé í eign félagsins. Er slíkt mjög óheppilegt.

Um 8. gr.

Settar eru nokkrar reglur um, hvenær arðgreiðslur megi fara fram til hluthafa, og er það í samræmi við almennar reglur á þessu sviði og mið haft af gildandi lögum um tekju- og eignarskatt. Það athugast, að iðgjaldavarasjóður tekur hér bæði til iðgjaldasjóðs líftrygginga og yfirfærðra iðgjalda í öðrum tryggingum.

Um 9. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 10. gr.

Í grein þessari eru settar reglur um stofnun gagnkvæms vátryggingarfélags, en það félagaform hefur verið allvinsælt. Reglurnar eru um margt hliðstæðar reglunum um stofnun hlutafélaga. Lagt er til, að einnig í þessum félögum hafi a. m. k. einn stjórnarmanna það hlutverk að gæta hagsmuna hinna tryggðu. Gert er ráð fyrir, að stofnendur leggi fram stofnfé, sem nemi minnst 10 milljónum króna. Hafa verður það í huga, þegar þetta er borið saman við hlutafélög, að gert er ráð fyrir, að ábyrgð félagsmanna verði nokkur. Miðað er við, að fé þetta standi inni hjá hinu gagnkvæma vátryggingarfélagi og megi ekki endurgreiða nema að fengnu leyfi tryggingamálaráðherra. Rétt getur verið að heimila að stofna gagnkvæm vátryggingarfélög með minna stofnfé en 10 milljónum króna. Mundi það sérstaklega vera í þeim tilvikum, að hið gagnkvæma vátryggingarfélag væri svæðisbundið og næði yfir frekar lítið svæði. Er því gert ráð fyrir, að heimilt sé að leyfa, að stofnfé sé minna.

Um 11. gr.

Í grein þessari eru settar reglur um samband og ábyrgð aðila að gagnkvæmu vátryggingarfélagi. Gert er ráð fyrir, að þeir, sem vátryggja hjá gagnkvæmu vátryggingarfélagi, séu um leið félagar í vátryggingarfélaginu og taki ábyrgð á skuldbindingum þess. Miðað er við, að settar verði sérreglur í samþykktum hinna einstöku félaga um ábyrgð vátryggingartaka, sem gert er ráð fyrir að verði hundraðshluti af iðgjaldagreiðslum, en þó megi ábyrgð hvers vátryggingartaka eigi nema lægra fé en kr. 500.00. Gert er ráð fyrir, að endurtryggjendur séu undanþegnir slíkri ábyrgð, enda nemi endurtryggingariðgjöldin eigi meira en 20% af iðgjaldatekjum félagsins. Ábyrgð vátryggingartaka er miðuð við almanaksár og eru settar sérstakar reglur um það, hvenær ábyrgðin falli niður, og gert er ráð fyrir, að hún falli niður um hver áramót, ef eigi er krafa gerð á hendur vátryggingartakanum innan tveggja ára frá lokum þess almanaksárs, sem vátryggingin fellur úr gildi. Þá er lagt til, að ábyrgð vátryggingartaka sé ekki bein þannig, að kröfuhafar á félagið geti ekki gengið að hinum einstöku vátryggingartökum, heldur sé það einungis þrotabú, skilanefnd eða skilastjórn félagsins, sem greiðslu geti krafizt. Þó er það frávik gert, að tryggingamálaráðherra er heimilað að leyfa stjórn slíks félags að krefja fé úr hendi vátryggingartaka, ef slíkt telst nauðsynlegt til þess að félagið geti staðið við skuldbindingar sínar, en slíkt leyfi má aðeins veita til eins árs í einu. Á naumast til slíks að geta komið, ef eftirlit það, sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu, verður framkvæmt svo sem til er ætlazt.

Lagt er til, að þar sem ákveðið er í sérlögum um ábyrgð félagsmanna í gagnkvæmum vátryggingarfélögum, þá skuli þau ákvæði halda gildi sínu. Hins vegar skuli á hverju vátryggingarskírteini, sem gagnkvæmt vátryggingarfélag gefur út, koma skýrt fram hvernig ábyrgð vátryggingartaka er háttað. Virðist nauðsynlegt, að þeir, sem skipta við slík félög, viti að þeir taki á sig nokkra ábyrgð.

Um 12. gr.

Þarfnast ekki skýringar. Sjá aths. um 8. gr.

Um 13. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 14. gr.

Svo sem verið hefur, er gert ráð fyrir, að erlend vátryggingarfélög geti með ákveðnum skilyrðum fengið leyfi til starfsemi hér á landi. Þannig er það skilyrði, að félagið hafi heimild til að reka vátryggingarstarfsemi í heimalandi sínu.

Um 15. gr.

Hér er lagt til, að erlent vátryggingarfélag, er hér hyggst starfa, skuli sanna, að hreinar eignir þess hér á landi nemi a. m. k. 10 millj. kr., og skuli félagið árlega sanna, að félagið eigi þessa eign. Hins vegar eru felldar niður þær reglur, sem nú eru, að erlend félög skuli setja sérstakar tryggingar fyrir starfsemi sína, enda virðist slíkt þýðingarlítið í raun.

Um 16. gr.

Grein þessi samsvarar 2. gr. laga nr. 62/1913 með nokkrum breytingum, er eigi virðist ástæða til að rita um sérstakar skýringar.

Um 17. og 18. gr.

Gert er ráð fyrir, að ársreikningar vátryggingarfélaga, er starfa hér á landi, skuli gerðir í sérstöku formi, sem tryggingamálaráðherra ákveði.

Athugun á ársreikningum vátryggingarfélaga þeirra, er nú starfa hér, sýnir, að þeir eru gerðir á mismunandi hátt og erfitt um samanburð. Úr þessu er gert ráð fyrir að bætt verði með ákvæðum þessum. Þá er lagt til, að ársreikningar vátryggingarfélaga verði birtir.

Um 19. gr.

Hér er lagt til, að vátryggingarfélög skuli leggja hluta af hagnaði sínum í svonefndan áhættusjóð. Framlag í sjóðinn er takmarkað, og bundið, að fé úr sjóði þessum megi einungis verja til að bæta óvenjulegar tryggingagreiðslur ár hvert, að fengnu leyfi tryggingamálaráðherra.

Um 20. gr.

Það kemur fyrir, að vátryggingarfélag óski eftir að flytja tryggingastofn sinn til annars félags. Er hér gert ráð fyrir, að slíkt sé unnt, að fengnum meðmælum tryggingaeftirlits, en leita skal eftir athugasemdum vátryggingartaka og vátryggðra vegna yfirfærslunnar.

Um 21. gr.

Telja verður óheppilegt, að vátryggingarstarfsemi sé rekin af mjög smáum félögum. Er því gert ráð fyrir þeim möguleika, að vátryggingarfélög, eitt eða fleiri, óski eftir því að sameinast þannig, að eitt vátryggingarfélag taki við öllum skuldbindingum beggja eða allra félaganna gagnvart vátryggjendum og að slíkt sé heimilt að fengnum meðmælum tryggingaeftirlits og samþykki tryggingamálaráðherra.

Um 22. gr.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir, að íslenzkum vátryggingarfélögum og þeim erlendu félögum, er sérstaka viðurkenningu hafa fengið, verði veittur einkaréttur til að reka vátryggingarstarfsemi á Íslandi. Með hliðsjón af því er talið rétt að leggja bann við því, að aðiljar á Íslandi stuðli að því í atvinnuskyni, að íslenzkar eignir séu vátryggðar annars staðar en á Íslandi. Þess verður og að gæta, að telja verður, að það samrýmist bezt íslenzkum hagsmunum, að íslenzkar vátryggingar séu hjá félögum, er háð eru eftirliti íslenzkra stjórnvalda. Grein þessi er í samræmi við ákvæði í dönskum lögum um vátryggingarstarfsemi.

Um 23. gr.

Eins og getið var, þegar rætt var um 4. grein, þá er ráð fyrir því gert í frumvarpinu, að líftryggingarstarfsemi sé rekin af sérstökum og sjálfstæðum félögum. Til hennar verður að gera nokkrar sérkröfur og til þess að unnt sé að fylgjast með rekstri slíkra félaga, verða stjórnvöld að fá ýmis gögn og upplýsingar, sem eigi er ástæða til að krefja af öðrum félögum. Eru þau upptalin í þessari grein, sem að öðru leyti virðist ekki þarfnast skýringa.

Um 24. og 25. gr.

Lagt er til í frumvarpinu, að hvert líftryggingarfélag tryggi sér þjónustu tryggingastærðfræðings, sem hafi á hendi tryggingatæknilegar athuganir fyrir félagið. Þeim einum sé heimilt að taka að sér slíkt starf, er fengið hafi sérstakt starfsleyfi tryggingamálaráðherra. Tryggingastærðfræðingur tryggingarfélagsins á að bera ábyrgð á því, að það félag, sem hann veitir þjónustu sína, fari eftir þeim reglum sem ákveðnar hafa verið, um reiknigrundvöll allan, ágóðaúthlutun og annað slíkt. Hann skal og fylgjast með starfsemi félagsins og tilkynna tryggingamálaráðherra, ef eitthvað fer úrskeiðis.

Um 26. gr.

Hér er fjallað um bann við því, að breytt sé reiknigrundvelli iðgjaldasjóðs líftryggingarfélaga nema að fengnu leyfi tryggingamálaráðherra. Þá eru settar fram reglur um það, hversu með skuli fara, ef iðgjaldasjóður er lækkaður eða hækkaður. Að öðru leyti þarfnast greinin ekki nánari skýringa.

Um 27. gr.

Það leiðir af eðli líftrygginga, að líftryggingarfélag verður að leggja til hliðar og ávaxta hluta af iðgjöldum, til þess að mæta greiðslum til vátryggingartaka, þegar þar að kemur. Er gert ráð fyrir, að í bókhaldi líftryggingarfélaga sé þetta fé sérstaklega fært.

Um 28. gr.

Hér eru settar reglur um það, hversu ávaxta megi líftryggingasjóð. Reglur þessar eru í meginatriðum í samræmi við reglur laga nr. 17/1964. Þó eru nokkrar breytingar þar á gerðar, sem segja má, að séu í samræmi við þær breytingar, sem orðið hafa á fjármálum og verðmati hér á landi síðan þau lög voru sett. Þannig er gert ráð fyrir, að við fasteignatryggingu veðskuldabréfa skuli miða við fasteignamatsverð. Líftryggingarfélagi er þó heimilt að ávaxta fé líftryggingasjóðs á annan hátt að fengnu sérstöku leyfi tryggingamálaráðherra. Reglur þessar skulu einnig gilda um erlend líftryggingarfélög, er hér hafa fengið leyfi til starfsemi.

Um 29. gr.

Þar sem gert er ráð fyrir, að meginhluti eigna líftryggingasjóðs sé ávaxtaður í verðbréfum, eru settar hömlur á meðferð þeirra, þannig að líftryggingarfélagið, eigandinn, má ekki veðsetja þau né selja þau nema að fengnu samþykki tryggingamálaráðherra. Þá er einnig bönnuð aðför í þessum bréfum, nema til tryggingar eða fullnustu líftryggingarkröfum. Ef líftryggingarfélag ávaxtar fé líftryggingasjóðs í eigin fasteign, skal þinglýsa sem kvöð á eignina, að eigi megi veðsetja hana, svo réttur líftryggingasjóðs skerðist, og eigi selja hana nema með leyfi tryggingamálaráðherra.

Um 30. gr.

Ef líftryggingarfélag lendir í fjárþröng og skilastjórn tekur við stjórn þess, skal hún þegar í stað taka í sína vörzlu allar eignir líftryggingasjóðs. Verði um gjaldþrotaskipti að ræða, skulu eignir líftryggingasjóðs ekki teljast með eignum búsins og heldur eigi skuldbindingar hans með skuldum þess. Skal líftryggingastofninn rekinn áfram með þeim skuldbindingum, sem á honum hvíla, og eignum, sem hann á, og gerður upp sem slíkur, eins og nánar verður vikið að síðar.

Um 31. gr.

Hér er um það fjallað, hversu skilastjórn skuli fara með líftryggingastofn og líftryggingasjóð, sem hún hefur tekið við, sbr. ákv. 30. gr. Skilastjórnin skal reyna að framselja íslenzku líftryggingarfélagi tryggingastofninn gegn því, að það taki við líftryggingasjóðnum og skuldbindingum hans, og skal leita eftir tilboðum í slíkt. Að fengnum tilboðum skal afla athugasemda vátryggingartaka eða vátryggðra gegn yfirfærslu. Lítist tryggingaeftirliti svo vel á eitthvert tilboð, að það vilji með því mæla, getur ráðherra framselt því félagi tryggingastofninn svo og eignir líftryggingasjóðs. Ef einhverjir þeir vátryggðir, sem athugasemdir hafa gert, vilja ekki samþykkja, eiga þeir rétt á því að fá endurgreitt verðmæti líftrygginga sinna, að svo miklu leyti sem hlutfallsleg eign í líftryggingasjóði hrekkur til. Berist hins vegar ekki tilboð í líftryggingastofn, er tryggingaeftirlitið vill mæla með, skal gera líftryggingasjóðinn upp þannig, að vátryggðum sé greiddur sá hluti hans, er þeir eiga í raun, miðað við verðmæti líftrygginga þeirra í sjóðnum.

Um 32. gr.

Hér er lagt til, að tryggingamálaráðherra haldi skrá um alla þá aðilja, sem heimildir hafa til sölu vátrygginga hér á landi. Að öðru leyti þarfnast greinin ekki skýringa.

Um 33. gr.

Áður en vátryggingarfélag er skráð í vátryggingarfélagaskrá, skal það senda tryggingarnefnd gögn sín. Tryggingarnefnd kannar síðan, hvort félagið fullnægi skilyrðum laganna, reglugerða og sé yfirleitt hæft til að reka vátryggingastarfsemi. Reynist svo, skal skrá félagið og veita því starfsleyfi. Fyrst að fengnu starfsleyfi má skrá félagið í hlutafélagaskrá eða aðra opinbera félagaskrá. Ekki má félagið hefja starfsemi fyrr en báðum þessum skilyrðum er fullnægt.

Um 34. gr.

Hér er lagt til, að allar tilkynningar um breytingar á samþykktum vátryggingarfélags, stjórn og öðru, er máli skiptir, skuli sendar til vátryggingarfélagaskrár og megi eigi skrá þetta í hlutafélagaskrá eða aðra opinbera félagaskrá, fyrr en svo hefur verið gert.

Um 35. og 36. gr.

Ef félag missir rétt til að reka vátryggingarstarfsemi hér á landi, verður gjaldþrota eða slitið, skal má nafn þess úr vátryggingarfélagaskrá. Til þess, að almenningur geti betur fylgzt með því, hvaða félög hafi heimild til að reka vátryggingarstarfsemi, skal árlega birta í Lögbirtingablaðinu skrá um slík félög.

Um 37. og 38. gr.

Mjög hefur þótt á það skorta hér á landi, af hendi hins opinbera, að eftirlit væri haft með starfsemi vátryggingarfélaga. Til þess að reyna að bæta úr þessu er hér lagt til, að tryggingamálaráðherra skipi þrjá menn til fjögurra ára til að hafa á hendi slíkt eftirlit. Er gert ráð fyrir, að einn þeirra sé embættisgengur lögfræðingur og annar tryggingastærðfræðingur.

Um 39. gr.

Í grein þessari er það rakið í megindráttum, hvað vátryggingarfélögin skuli afhenda tryggingaeftirlitinu til þess að það geti framkvæmt eftirlit sitt. Vátryggingarfélag skal senda ársreikninga sína undirritaða af stjórn félagsins ásamt skýrslu endurskoðenda, ef hún er sérstök, svo og endurrit úr aðalfundagerðabók félagsins um að reikningarnir hafi verið samþykktir. Ársreikningum skal einnig fylgja skýrsla um fasteignir, bifreiða-, skipa- og verðbréfaeign og skrá um inneignir hjá viðskiptamönnum og skuld við skuldheimtumenn. Þá skal fylgja sérstök skýrsla um hvernig

áætlaðar eru áfallnar en ógreiddar vátryggingarkröfur. Reikningum líftryggingarfélags skal einnig fylgja skýrsla tryggingastærðfræðings um uppgjör líftryggingasjóðs og skýrsla endurskoðenda um að ávöxtun hans sé í samræmi við lög. Ætla má að þessi gögn nægi tryggingaeftirliti til að rækja starfsskyldur sínar.

Um 40. gr.

Hér er boðið, að öll vátryggingarfélög skuli senda tryggingaeftirliti endurrit tryggingaskilmála þeirra, er þau nota, svo og síðari breytingar, sem á þeim kunna að verða. Tryggingaeftirlit skal gæta þess, að almennir skilmálar vátryggingarfélaga séu í samræmi við lög og góða viðskiptaháttu í vátryggingaviðskiptum og skal nema brott það, er eigi verður fallizt á.

Um 41. gr.

Aðalhlutverk tryggingaeftirlits er þó að kanna fjárhag vátryggingarfélaga, þ. e. a. s. hvort félag eigi nægilegar eignir fyrir skuldum og hvort það eigi nægilegt fé til rekstrar síns.

Um 42. gr.

Hér er tryggingaeftirliti veitt heimild til að krefja vátryggingarfélög og þá, er vátryggingarstarfsemi reka, um öll þau gögn, sem það kann að telja sig þurfa, og til að rannsaka eða láta rannsaka starfsemi þessara aðilja og eiga rétt til aðgangs að bókhaldi og skjölum þeirra.

Um 43. gr.

Hér er um það rætt, hvernig með skuli fara, ef vátryggingarfélag sinnir ekki tilmælum tryggingaeftirlits eða er ekki gjaldhæft eða greiðsluhæft. Skal tryggingaeftirlit þá þegar í stað tilkynna tryggingamálaráðherra um málið og gera ákveðnar tillögur um hvað gera skuli. Ráðherra er heimilt að setja félaginu frest til þess að bæta úr því, sem úrskeiðis hefur farið. Hafi félagið ekki gert úrbætur innan þess tíma, er ákveðinn var, getur ráðherra afturkallað starfsleyfi og skipað félaginu þriggja manna skilastjórn, sem tekur við öllum heimildum félagsstjórnar, og falla jafnframt niður allar heimildir félagsstjórnar, þar á meðal allar venjulegar rekstrarheimildir. Skilastjórn skal síðan halda félagsfund og kynna félagsmönnum hvernig komið er. Skilastjórn skal hins vegar taka ákvörðun um það, hvort óska skuli gjaldþrotaskipta á félaginu eða hvort það skuli rekið áfram um skeið og viðskiptum lokið án gjaldþrotaskipta, og skal við mat á slíku aðallega tekið tillit til hagsmuna vátryggðra. Þessar reglur, sem hér hefur að framan verið getið, eiga að gilda um þau félög, sem eigi starfa samkvæmt sérlögum, en þau félög, er samkvæmt sérlögum starfa, skal ráðherra eigi svipta starfsleyfi fyrr en rannsóknarnefnd, er hann hefur skipað, hefur kannað hag og rekstur félagsins og gert tillögur um hvað gera skuli.

Um 44. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 45. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 46. gr.

Hér er ákveðið, hvernig skuli fara um kostnað af tryggingaeftirliti og eftirlitsstörfum. Er gert ráð fyrir, að hann sé greiddur af vátryggingarfélögunum a. m. k. að meginhluta, en þau innheimti hann í iðgjöldum, því að telja verður, að trygginganefnd starfi aðallega til hagsbóta fyrir vátryggða. Nægi hins vegar tekjur frá vátryggingarfélögum ekki til greiðslu kostnaðar af starfsemi tryggingaeftirlits, skal það, sem á skortir, greitt úr ríkissjóði.

Um 47. gr.

Búast má við ýmsum erfiðleikum, þegar lög þessi taka gildi, að því er varðar vátryggingarfélög þau, er þegar starfa. Í grein þessari eru reglur um hvernig þau

félög, er eigi starfa samkvæmt sérlögum og hyggjast halda áfram starfsemi sinni, skuli með fara. Þau skulu innan tveggja mánaða frá gildistöku laganna senda tryggingamálaráðherra umsókn um starfsleyfi og skráningu og skulu umsókninni fylgja nauðsynleg gögn. Þá skulu einnig fylgja ársreikningar félagsins með áritun og skýrslur löggilts endurskoðanda. Berist gögn eigi á þeim tíma, sem tilskilið er, falla niður heimildir félagsins til að taka á sig vátryggingarskuldbindingar og selja vátryggingar. Um þær vátryggingar, er félagið hefur áður selt, skal svo með farið, sem félagið hefði brotið þannig af sér, að það hefði verið svipt starfsleyfi, sbr. 43. gr.

Um 48. gr.

Hér er fjallað um þau vátryggingarfélög, sem starfa samkvæmt sérlögum. Þau skulu einnig senda tryggingamálaráðherra umsóknir um starfsleyfi og skráningu ásamt gögnum.

Um 49. gr.

Gögn þau, sem vátryggingarfélög þannig senda, skulu send til tryggingaeftirlits, er skal kanna þau og skila áliti til tryggingamálaráðherra eigi síðar en átta mánuðum eftir gildistöku laganna, þ. e. a. s. minnst sex mánuðum eftir móttöku gagnanna.

Um 50. gr.

Þau vátryggingarfélög, sem tryggingaeftirlit mælir með, skulu fá starfsleyfi þegar í stað.

Um 51. gr.

Telji tryggingaeftirlit, að í samþykktum vátryggingarfélags sé ákvæði, sem brjóti í bága við ákvæði laga eða reglugerða, en mælir að öðru leyti með því, að tryggingarfélaginu sé veitt starfsleyfi, er tryggingamálaráðherra heimilt að veita félaginu starfsleyfi til bráðabirgða í allt að eitt ár, til að koma málum sínum í lag á þeim tíma. Bráðabirgðaleyfi til tveggja ára má veita, sé talið rétt að gera breytingar á einhverjum þáttum í starfsemi félagsins, áður en endanlegt starfsleyfi er veitt.

Um 52. gr.

Komi í ljós, að hlutafé vátryggingarhlutafélags eða stofnfé gagnkvæms vátryggingarfélags er lægra en gert er ráð fyrir í frumvarpinu, en tryggingaeftirlitið mælir samt með því, að félagið fái starfsleyfi, þá er tryggingamálaráðherra heimilt að veita félaginu starfsleyfi. Einnig má tryggingamálaráðherra veita félaginu bráðabirgðaleyfi og setja það skilyrði, að hlutafé eða stofnfé skuli aukið að lögboðnu marki innan ákveðins tíma, sem má vera allt að þremur árum.

Um 53. gr.

Telji tryggingaeftirlit hins vegar, að vátryggingarfélag, sem ekki starfar samkvæmt sérlögum, sé ekki gjaldhæft, er tryggingamálaráðherra heimilt að veita því sex mánaða frest til að rétta við hag sinn, en geti það ekki bætt úr því, er á vantar, á þessum tíma, skal skipa félaginu skilastjórn og með það fara samkvæmt ákvæðum 43. gr.

Um 54. gr.

Eins og tekið er fram í frumvarpinu, er gert ráð fyrir, að eigi reki sama félagið bæði skaðatryggingar og líftryggingar. Af þessum ástæðum er í grein þessari boðið, að sæki félag, sem rekið hefur bæði skaðatryggingar og líftryggingar, um starfsleyfi, þá megi veita því að fengnum meðmælum tryggingaeftirlits frest í tvö ár til að breyta starfsemi sinni þannig, að það samræmist ákvæðum laganna.

Um 55. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 56. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 57. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 58. gr.

Þessi grein þarfnast ekki sérstakra skýringa. Þó er rétt að benda sérstaklega á tvö atriði.

Felld er úr gildi 77. gr. umferðarlaganna nr. 40/1970. Eftirlit það, sem þar er um fjallað, hefur ekki reynzt nægilegt, sem reyndar er auðséð, þegar þess er gætt, að aðeins er kannaður einn þáttur rekstrar vátryggingarfélaganna, þ. e. ábyrgðartryggingar bifreiða. Nú er lagt til í frv., að heildarrekstur vátryggingarfélaganna verði kannaður á hverju ári og allir reikningar birtir. Á þeim reikningum mundu skyldutryggingar bifreiða verða sérgreindar og samanburður allur jafnhægur og áður og öruggari. Ætti því breyting þessi að verða til bóta.

Þá eru felld úr gildi lög nr. 20/1903. Hagfræðikönnun þeirri á vátryggingarstarfsemi, sem Hagstofa Íslands hefur á hendi, verður vitanlega að halda áfram. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir, að tryggingaeftirlitið fái í hendur fullkomnari og öruggari gögn en Hagstofan hefur fengið. Virðist því eðlilegra, að eftirlitið láti vinna þær hagfræðilegu athuganir, sem nauðsynlegar eru, í samvinnu við Hagstofuna, heldur en að þær séu unnar hjá tveimur stofnunum.

Um 59. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal I.

YFIRLIT
um félög og stofnanir á Íslandi, sem hafa á hendi tryggingar.

I. Innlend félög og stofnanir.

A. Lífeyrissjóðir, sjúkrasjóðir, styrktarsjóðir o. þ. h.
Þessir sjóðir eru ekki taldir hér með.

B. Félög og stofnanir samkv. sérstökum lögum.

1. Atvinnuleysistryggingar (L. 29/1956).
2. Bjargráðasjóður Íslands (L. 8/1961).
3. Brunabótafélag Íslands (L. 9/1955).
4. Búfjártryggingar (L. 20/1943).
5. Húsatryggingar Reykjavíkurborgar (L. 25/1954).
6. Íslenzk endurtrygging (L. 48/1947).
7. Ófriðartryggingin (L. 2/1944).
8. Samábyrgð Íslands á fiskiskipum (L. 47/1967).
9. Tryggingadeild útflutningslána (L. 60/1970).
10. Tryggingastofnun ríkisins (L. 40/1963 82. gr.).
11. Vélbátaábyrgðarfélög (L. 41/1967).
    a. Vélbátaábyrgðarfélagið Grótta, Reykjavík.
    b. Vélbátaábyrgðarfélag Akurnesinga.
    c. Bátatrygging Breiðafjarðar, Stykkishólmi.
    d. Vélbátaábyrgðarfélag Ísfirðinga, Ísafirði.
    e. Vélbátatrygging Eyjafjarðar, Akureyri.
    f. Skipatrygging Austfjarða, Neskaupstað.
    g. Bátaábyrgðarfélag Vestmannaeyja. (L. 41/1967, 6. gr.).
    h. Vélbátaábyrgðarfélagið Hekla, Stokkseyri.
    i. Vélbátatrygging Reykjaness, Keflavík.

C. **Hlutafélög og gagnkvæm félög.**

1. Almennar Tryggingar h/f.
2. Alþjóðlegar bifreiðatryggingar á Íslandi.
3. Alþjóða líftryggingarfélagið h/f.
4. Ábyrgð h/f.
5. Byggðatrygging h/f.
6. Carl D. Tulinius & Co. h/f.
7. Hagtrygging h/f.
8. Iðntryggingar h/f.
9. Íslenzkar vátryggingar h/f.
10. Líftryggingafélagið Andvaka g/t.
11. Líftryggingamiðstöðin h/f.
12. Líftryggingarskrifstofa Sigfúsar Sighvatssonar h/f.
13. Norðlenzk trygging h.f.
14. Sameinaða vátryggingarfélagið h/f.
15. Samtrygging íslenzkra botnvörpunga g/t.
16. Samvinnutryggingar g/t.
17. Sjóvátryggingarfélag Íslands h/f.
18. Trolle & Rothe h/f.
19. Trygging h/f.
20. Tryggingafélagið Heimir h/f.
21. Tryggingamiðstöðin h/f.
22. Vátryggingaskrifstofa Sigfúsar Sighvatssonar h/f.
23. Verzlanatryggingar h/f.
24. Vörður — Trygging h/f.
25. Þb. Vátryggingafélagsins h/f.

II. **Erlend félög.**

1. Ansvar International Insurance Co. Ltd.
2. Eagle Star Insurance Co. Ltd.
3. Forsikrings A/S Nye Danske Liv.
4. Forsikrings a/s Nye Danske av 1864.
4. Nordisk Brandforsikring A/S.
6. Statsanstalten for Livsforsikring.
7. The Liverpool & London & Globe Insurance Co. Ltd.
8. The International Life Insurance Co. Ltd.

Fylgiskjal II.

K. G. Guðmundsson
cand. act.

Reykjavík, 17. janúar 1972.

Hr. tryggingamálaráðherra
Magnús Kjartansson,

Reykjavík.

Samkvæmt beiðni yðar hef ég athugað frumvarp til laga um vátryggingarstarfsemi, er þeir Benedikt Sigurjónsson, hæstaréttardómari og tryggingastærðfræðingarnir Bjarni Þórðarson og Jón E. Þorláksson hafa samið.

Á síðasta sumri fór ég yfir uppkast að þessu frumvarpi að beiðni Benedikts Sigurjónssonar, hæstaréttardómara, og benti á ýmis atriði, sem ég taldi, að betur mættu fara. Ábendingar mínar hafa flestar verið teknar til greina, nema þær, sem lutu að upphæð innborgaðs hlutafjár og stofnfjár lágmarksábyrgðar vátryggingartaka

í gagnkvæmum félögum og lágmarkseign hér á landi hjá erlendum vátryggingarfélögum, sem hér vilja starfa. Í öllum þessum tilfellum álít ég tillögur frumvarpsins mikið of lágar. Ef lágar kröfur eru gerðar um hlutafé eða stofnfé má búast við, að framhald verði á stofnun nýrra vátryggingarfélaga, er ekki tekst á nokkurn hátt að endurbæta þá vátryggingarstarfsemi, sem fyrir er.

Tillaga mín er, að eftirfarandi breytingar verði gerðar á frumvarpinu:

Í 2. mgr. 6. greinar komi kr. 20 000 000.00 í stað kr. 5 000 000.00.

Í 2. mgr. 10. greinar komi kr. 10 000 000.00 í stað kr. 2 000 000.00.

Í stað setningarinnar: „Ábyrgð hvers vátryggingartaka má eigi nema lægra fé en kr. 500 00“ í fyrstu málsgrein 11. gr. komi: „Ábyrgð hvers vátryggingartaka má eigi nema lægra fé en hálfu iðgjaldinu af viðkomandi skírteini eða kr. 500.00 hvort sem hærra er“.

Í 15. grein komi kr. 10 000 000.00 í stað kr. 2 000 000.00.

Í niðurlagi 26. gr. tel ég rétt að hámarksfresturinn sé styttur úr 15 árum í 10 ár.

Í 28. gr. tel ég rétt að bæta aftan við 2. mgr. orðunum: „þó ekki í hlutabréfum“. Hér á landi er engin opinber verðskráning til á hlutabréfum. Mér er ekki kunnugt um, að ávöxtun líftryggingasjóða í óskráðum hlutabréfum sé leyfð í nokkru landi þar sem eftirlit er með vátryggingastarfsemi. Mjög víða er ávöxtun í hlutabréfum algerlega bönnuð.

Aftan við 2. mgr. 29. greinar þarf að bæta setningunni: „og hvernig iðgjaldsyfirfærslur til næsta árs eru ákveðnar“. Þetta atriði hefur mér sézt yfir við lestur uppkastsins síðast liðið sumar.

Fleiri athugasemdir hef ég ekki við frumvarpið. Sem heild virðist mér það vel samið og mæli ég eindregið með, að það verði lagt fram á Alþingi með þeim breytingum, sem ég hef bent á hér að framan. Ég tel það mjög aðkallandi að sett verði fullkomnari löggjöf en nú er í gildi um eftirlit með vátryggingastarfseminni. Að vísu getur löggjöfin ein ekki leyst allan vanda. Mikið er einnig undir því komið, hvernig til tekst um framkvæmd eftirlitsins.

Þess skal að lokum getið, að ég innti höfunda frumvarpsins eftir því, hvort þeir hefðu áætlað kostnað við framkvæmd eftirlitsins og athugað hve miklu framlög vátryggingarfélaganna samkvæmt 1. mgr. 46. greinar munu nema. Þeir kváðust hafa áætlað kostnað við eftirlitið um 2 milljónir króna miðað við verðlag sumarið 1971. Framlög vátryggingarfélaganna miðað við iðgjaldatekjur 1970 töldu þeir að hefðu verið kr. 1.2 millj. af frumtryggingum og kr. 0.6 millj. af endurtryggingum. Iðgjöld 1971 hafa verið allmikið hærri en 1970. Má því ætla, að tekjur og gjöld eftirlitsins standist nokkurn veginn á, enda voru taxtarnir í 1. mgr. 46. greinar við það miðaðir.

Nd. 178. Frumvarp til laga [125. mál]

um breyting á lögum nr. 85 31. desember 1968 um eiturefni og hættuleg efni.

(Lagt fyrir Alþingi á 93. löggjafarþingi, 1972.)

1. gr.

1. grein laganna orðist svo:

Eiturefni (sterkt eitur; eitur) eru samkvæmt lögum þessum efni þau, sem skráð eru á listum I og II yfir eiturefni svo og sérhver efnasamsetning og varningur, er hefur að geyma slík efni í því formi og magni, að venjuleg notkun þeirra felur í sér hættu á eitrunum í mönnum og dýrum samkvæmt mati ráðherra að fenginni umsögn eiturefnanefndar (sbr. 2. gr.).

Hættuleg efni eru samkvæmt lögum þessum efni þau, sem skráð eru á listum III, IV A, IV B og V yfir hættuleg efni, svo og sérhver efnasamsetning og varningur,

er hefur að geyma slík efni í því formi og magni, að venjuleg notkun þeirra felur í sér hættu fyrir heilsu manna og dýra samkvæmt mati ráðherra að fenginni umsögn eiturefnanefndar (sbr. 2. gr.).

2. gr.

2. grein 2. málsgr. laganna orðist svo:

Eiturefnanefnd gerir tillögur um röðun efna á lista yfir eiturefni og hættuleg efni, sbr. 1. gr. Nefndin gerir einnig tillögur um gerð nýrra lista, ef þörf gerist. Ráðherra staðfestir listana með reglugerð. Nefndin skal gera lista yfir eiturefni og hættuleg efni, sem viðurkennd eru til nota í landbúnaði og garðyrkju og til útrýmingar meindýra, sbr. 14.. gr. Eiturefnanefnd má kveðja til ráðuneytis um framkvæmd annarra laga, ef þörf gerist (sbr. einnig 15. gr. 1. málsgr.).

3. gr.

2. grein 3. málsgr. laganna orðist svo:

Þegar nefndin fjallar um eiturefni og hættuleg efni, sem notuð eru í garðyrkju, landbúnaði eða við grasrækt, tekur sæti í nefndinni maður, sem landbúnaðarráðuneytið tilnefnir, og er hann sérfróður um slík málefni.

4. gr.

Viðaukar I og II við lögin falli niður.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Þegar lög um eiturefni og hættuleg efni nr.. 85 31. des. 1968 voru afgreidd sem lög frá Alþingi fengu viðaukar I og II (listar I—V yfir eiturefni og hættuleg efni) lagagildi og yrði því að fara með breytingar og viðbætur á þeim sem um lagabreytingar væri að ræða. Ætlun var hins vegar að birta slíkar breytingar og viðbætur með reglugerð að fengnum tillögum eiturefnanefndar.

Nú liggja fyrir tvær tillögur um breytingar og viðbætur á greindum listum yfir eiturefni og hættuleg efni.

Annars vegar er tillaga eiturefnanefndar um að flytja metanól (tréspiritus) af lista IV A og á lista II þannig að óheimilt verði að selja metanól nema gegn eiturbeiðnum eða sérstökum leyfum.

Hins vegar er tillaga um að bæta hexaklórófeni á lista III yfir hættuleg efni og í framhaldi af því setja nánari reglur um notkun og bann við notkun efnisins í fegrunar- og snyrtivörum á grundvelli 16. greinar laganna.

Brýna nauðsyn ber því til að breyta 1. og 2. gr. laga um eiturefni og hættuleg efni á þann veg, að framvegis megi breyta greindum listum og bæta við þá með setningu reglugerða og bregða þannig skjótar við í sérhverju tilviki.

Athugasemdir við einstakar greinar.

Um 1. og 2. gr.

Nauðsyn ber til, að viðaukar og breytingar á listum yfir eiturefni og hættuleg efni séu ekki háð lagabreytingum. Með frumvarpi þessu er gert ráð fyrir, að skráning eiturefna og hættulegra efna sé staðfest með reglugerð að fengnum tillögum eiturefnanefndar.

Um 3. gr.

Málsgreinin er óbreytt að öðru leyti en því að landbúnaðarráðuneytið kemur í stað atvinnumálaráðuneytisins.

Um 4. og 5. gr.

Greinarnar skýra sig sjálfar.

Nd. 179. Breytingartillaga [122. mál]

við frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka lán vegna framkvæmdaáætlunar fyrir árið 1973.

Frá Ingólfi Jónssyni og Guðlaugi Gíslasyni.

Við 10. gr. Fyrir „Landshafnir ..... 19“ í upptalningu komi: Landshafnir ..... 59.

Sþ. 180. Tillaga til þingsályktunar [126. mál]

um framkvæmd og endurskoðun fræðslulaga.

Flm.: Halldór Blöndal, Pálmi Jónsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hlutast til um, að eftirtalin atriði verði tekin til athugunar við þá endurskoðun fræðslulaganna, sem nú stendur yfir:

1. Skólaskyldan verði ekki látin ná til eldri aldursflokka en nú og árlegur námstími ekki lengdur. Skóla- og námskostnaður skal greiddur með sama hætti úr ríkissjóði á skyldunámsstigi og í 3. og 4. bekk gagnfræðaskóla.
2. Áherzla sé lögð á að framkvæma lögákveðna skólaskyldu í öllu landinu.
3. Ráðstafanir séu gerðar til þess að velja verkefni við hæfi þeim nemendum, sem enga getu eða vilja hafa til að tileinka sér kennsluna eða hrökklast úr skóla á skyldunámsstigi. Skal það m. a. gert með því að auðvelda foreldrum að koma börnum sínum í skóla í öðru umhverfi, og með því að útvega unglingum hagnýt störf í þjóðfélaginu undir eftirliti fræðsluyfirvalda.
4. Því fólki, sem ekki hefur lokið nauðsynlegu námi fyrir sérskóla, sé auðveldað að öðlast sérstök inntökuréttindi með sérstökum námskeiðum.
5. Námsefni í skyldunáms- og framhaldsskólum skal eftir föngum tengja atvinnuvegunum og gefa því þannig nýjan tilgang.

Greinargerð.

Á undanförnum árum hafa mjög miklar umræður orðið um skólamál og fjölmargar nefndir unnið að ýmsum þáttum þeirra á vegum hins opinbera. Minna hefur hins vegar orðið um raunhæfar umbætur á augljósum ágöllum skólakerfisins.

Frumvarp um grunnskóla var lagt fyrir Alþingi á öndverðu ári 1971. Þótt það horfði að mörgu leyti til bóta, voru ýmis ákvæði þess vafasöm, svo að ekki sé meira sagt, og skýrir það að nokkru, hvaða dráttur hefur orðið á því, að það yrði lagt fyrir Alþingi á nýjan leik. Í þessu frumvarpi var m. a. gert ráð fyrir því, að skólaskyldan yrði hækkuð um einn aldursflokk og látin ná til 16 ára unglinga. Flutningsmenn þessarar tillögu eru algjörlega andvígir slíkri lengingu skólaskyldunnar og vitna m. a. í því sambandi til samþykktar skólastjórafundar gagnfræðastigsins á Reykjum 1971, en þar var sérstaklega fjallað um grunnskólafrumvarpið og hækkun skólaskyldunnar hafnað.

Í rúman aldarfjórðung hefur skólaskyldan náð frá 7 ára aldri til 15 ára í orði kveðnu. Enn vantar nokkuð á, að framkvæmdin hafi verið í samræmi við lagabókstafinn í strjálbýli, en á þessum vetri eru 48 nemendur í forskólum. Á hinn bóginn eru kennslustundir í strjálbýli færri en í þéttbýlinu og kennslutæki og tækni oft ófullkomnari. Þannig standa börn og unglingar mjög misjafnlega að vígi til að afla sér menntunar eftir því, hvar þau búa á landinu, og væri það vel, ef fræðsluyfirvöld settu sér það markmið fyrst að jafna út þessa óþolandi mismunun.

En það er ekki aðeins í strjálbýli, sem framkvæmd skólaskyldunnar er ábótavant. Svo er einnig á þéttbýlissvæðunum. Þar mun að vísu öllum nemendum á

skólaskyldualdri vera ætlaður stóll og borð í upphafi skólaárs. En um það, hvort nemendurnir eru undir það búnir að taka þátt í skólastarfinu, er ekki alltaf jafnmikið hugsað, enda er íslenzka skólakerfið miðað við það, að hægt sé að sníða öllum sama stakkinn. Þegar þannig er að staðið, fer ekki hjá því, að skólanámið verði sumum ofviða og í mörgum tilfellum hreinasta kvöl. Þegar svo er komið, getur frekari skólaganga af sama tagi engu orkað til góðs. Það mun og svo í framkvæmdinni, að slík börn hrökklast oft úr skóla með þegjandi samþykki skóla- og fræðsluyfirvalda, en því miður ekki fyrr en í óefni er komið.

Eins og að þessum málum er staðið, leysir lenging skólaskyldunnar engan vanda. Þvert á móti mundu vandamálin vaxa, eftir því sem aldursmarkið hækkaði, og ýtti undir iðjuleysi og óreiðu. Það hefur og sýnt sig í skólastarfinu, að nemendur taka við sér, eftir að skólaskyldunni lýkur. Þeir skilja, að þeir halda náminu áfram af fúsum vilja og verða þess vegna að undirgangast agareglur skólans.

Oft er það svo, að örðugar heimilisástæður eða aðrar orsakir valda því, að börn eða unglingar vanrækja skólastarfið og fást ekki til þess að vinna. Enginn vafi er á því, að í mörgum tilvikum — og e. t. v. flestum — gæti það eitt reynzt nægileg uppörvun fyrir unglingana að komast í annað og nýtt umhverfi. Þess vegna ber að stuðla að því, að foreldrum sé auðveldað að fara þá leið.

Flutningsmenn telja, að lenging skólaársins í 9 mánuði sé í raun óframkvæmanleg í strjálbýli, og vitna í því sambandi til ályktunar síðasta Fjórðungsþings Norðlendinga. Enda er það í senn uppeldisleg og þjóðfélagsleg nauðsyn, að unglingar eigi þess kost að kynnast og taka þátt í atvinnulífi þjóðarinnar.

Þess er ekki að dyljast, að námsleiði hefur mjög ágerzt í þjóðfélaginu. Reynslan hefur sýnt, að það getur verið hollt fyrir unglinga að hætta námi um eins eða tveggja ára skeið og fara út í atvinnulífið. Þessum möguleika má ekki loka. En jafnframt verður með öllum hugsanlegum ráðum að auðvelda þeim, sem ekki hafa lokið nauðsynlegu námi fyrir sérskóla, að taka þráðinn upp að nýju síðar og öðlast þannig réttindi til að fara í iðnskóla eða aðra framhaldsskóla. Á s. l. ári var slíkt námskeið m. a. haldið í Gagnfræðaskóla Austurbæjar fyrir 18 ára og eldri. Þá sóttu það um 100 manns og milli 40 og 50 í ár. Auk þess voru slík námskeið haldin á Egilsstöðum og Keflavík 1971. Þessi námskeið stóðu í þrjá mánuði, sex stundir á dag, og árangurinn var mjög góður og sýnir, að unglingar, einkum drengir, á aldrinum 14—15 ára geta haft gott af því að hvíla sig á námi. Þeir, sem vilja læra meira, koma aftur. Reynslan sýnir það.

Enginn vafi er á því, að það er einn höfuðgalli íslenzka skólakerfisins, að það er í of litlu samhengi við aðra þætti þjóðfélagsins og á engan hátt tengt atvinnuvegunum. S. l. 15 ár hefur sjóvinnudeild verið starfrækt, fyrst við Lindargötuskólann og nú við Gagnfræðaskóla Austurbæjar. Þorrinn af þeim, sem þaðan hafa útskrifazt, hefur síðan farið í eitthvert framhaldsnám tengt sjónum. Þessa reynslu á að hafa að leiðarljósi við endurnýjun námsefnisins og glæða kennsluna þannig lífi og veita henni tilgang. Menn vilja hafa gagn af námi sínu, og svo er einnig um börn og unglinga.

Nd. 181. Frumvarp til laga [127. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Gerðahreppi jarðirnar Útskála og Brekku í Gerðahreppi.

Flm.: Matthías Á. Mathiesen, Jón Skaftason, Gils Guðmundsson, Stefán Gunnlaugsson, Ólafur G. Einarsson.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja Gerðahreppi jarðirnar Útskála og Brekku í Gerðahreppi fyrir það verð, sem um semst. Náist ekki samkomulag um söluverð jarðanna, skal það metið af dómkvöddum mönnum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Á síðustu tveimur þingum hefur frv. um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að selja Gerðahreppi jörðina Útskála verið flutt, en ekki hlotið afgreiðslu.

Frumvarpið hefur verið flutt að beiðni hreppsnefndar Gerðahrepps. Hreppsnefndin hefur með bréfi, dags. 4. des. 1972, endurnýjað þessa beiðni, en óskar nú jafnframt að fá keypta jörðina Brekku.

Bréf hreppsnefndar, þar sem ástæður tilmælanna koma fram, er svo hljóðandi:

„Hreppsnefnd Gerðahrepps fer þess á leit við yður, alþingismenn Reykjaneskjördæmis, að þér flytjið frumvarp á Alþingi um það að heimila kirkjujarða- og ríkissjóði að selja Gerðahreppi jarðirnar Útskála og Brekku í Gerðahreppi.

Ástæðan fyrir þessari beiðni er sú, að þörf er á, að sveitarfélagið hafi ráðstöfunarrétt á landi þessara jarða, til þess að unnt sé að láta skipuleggja það og jafnframt úthluta byggingarlóðum þar.

Hreppsnefndin leggur til, að náist ekki samkomulag um verð þessara jarða, skuli þær metnar af óvilhöllum aðilum.

F. h. hreppsnefndar Gerðahrepps,
Björn Finnbogason, oddviti.“

Þessari beiðni hreppsnefndarinnar fylgir svo hljóðandi bréf frá ábúanda jarðarinnar Brekku:

„Ég undirritaður, Vilhjálmur Halldórsson, Brekku, Garði, og ábúandi þar, afsala mér hér með forkaupsrétti jarðarinnar, þó aðeins með því skilyrði, að Gerðahreppur sé kaupandi hennar.

Brekku, Garði, 30. nóv. 1972.

Vilhjálmur Halldórsson.“

Nd. 182. Nefndarálit [4. mál]

um frv. til l. um Stýrimannaskólann í Vestmannaeyjum.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur orðið sammála um að leggja til, að frv. verði samþykkt eins og það var afgreitt frá Ed. Einstakir nefndarmenn áskilja sér þó rétt til að flytja eða fylgja brtt., ef fram koma.

Alþingi, 14. des. 1972.

Bjarni Guðnason, form.	Svava Jakobsdóttir, fundaskr.	Ingvar Gíslason, frsm.
Eysteinn Jónsson.	Gunnar Gíslason.	Halldór Blöndal.

Sþ. 183. Fyrirspurn [128. mál]

til menntamálaráðherra um vistheimilið í Breiðuvík.

Frá Ingólfi Jónssyni.

1. Hve margir drengir geta dvalið á vistheimilinu í Breiðuvík?
2. Hve margir drengir dvelja þar nú?
3. Hve margir drengir hafa dvalið þar að jafnaði síðastliðið ár?

Nd. 184. Nefndarálit [15. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 62 18. maí 1967, um bann gegn veiðum með botnvörpu og flotvörpu, sbr. lög nr. 21/1969 og lög nr. 50/1971.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur rætt málið á fundi í dag. Nefndinni hafði borizt bréf frá Fiskveiðilaganefnd, þar sem nefndin gerði grein fyrir þeim breytingartillögum, sem samkomulag hafði náðst um í nefndinni, auk þess sem greinargerð Fiskveiðilaganefndar fylgdi með bréfinu.

Sjávarútvegsnefnd Nd. flytur að beiðni Fiskveiðilaganefndar tillögur um eftirtaldar

BREYTINGAR:

1. Við 2. gr. Greinin orðist svo:
   Á eftir 3. mgr. 1. gr. laganna (sbr. l. nr. 21/1969) komi ný málsgrein, svo hljóðandi:
   Ráðherra er heimilt að fenginni umsögn Hafrannsóknastofnunarinnar að veita leyfi til loðnuveiða í landhelgi með flotvörpu. Getur ráðherra bundið leyfið þeim skilyrðum, er hann telur nauðsynleg. Skal það varða sviptingu veiðileyfa, ef bolfiskur er veiddur í þetta veiðarfæri.

2. Við 3. gr. Framan við greinina bætist:
   Á eftir lið C2 í 2. gr. laganna (sbr. l. nr. 21/1969) komi nýr liður, svo hljóðandi:
   C3. Frá línu réttvísandi suðaustur af Selskeri að 18° vestlægri lengd er heimilt að veiða með botnvörpu og flotvörpu utan línu, sem dregin er 12 sjómílur utan við grunnlínu samkvæmt reglugerð nr. 189/1972.

3. Á eftir 3. gr. komi ný grein (verður 4. gr.), er orðist svo:
   Á eftir 3. gr. laganna (sbr. l. nr. 21/1969) komi þrjár nýjar greinar, svo hljóðandi:
   a. (4. gr.) Nú á sér stað á tilteknu veiðisvæði seiða- og smáfiskadráp í þeim mæli, að varhugavert eða hættulegt getur talizt, og skal þá sjávarútvegsráðuneytið, að fenginni umsögn Hafrannsóknastofnunarinnar, gera nauðsynlegar ráðstafanir til að sporna gegn því. Er ráðuneytinu heimilt með tilkynningu að loka afmörkuðum veiðisvæðum um lengri eða skemmri tíma fyrir öllum togveiðum, svo og öðrum veiðum, ef nauðsynlegt þykir. Jafnan skal umsögn Hafrannsóknastofnunarinnar liggja fyrir, áður en slíkar tímabundnar veiðitakmarkanir eru úr gildi numdar.
   b. (5. gr.) Þrátt fyrir ákvæði laga þessara getur sjávarútvegsráðuneytið auglýst ný friðunarsvæði og breytingar á eldri friðunarsvæðum, enda hafi áður verið leitað álits Hafrannsóknastofnunarinnar um slíkar ákvarðanir.

c. (6. gr.) Sjávarútvegsráðuneytið skal beita sér fyrir auknu eftirliti með veiðum fiskiskipa innan fiskveiðilögsögunnar, þar sem megináherzla er lögð á að fylgjast með veiðarfærabúnaði skipanna, stærð þess fisks, sem veiddur er, svo og öðru því, er við kemur vernd fiskistofnanna.

Aðrar greinar laganna breyti um röð í samræmi við þetta, þannig að 4. gr. verður 7. gr. o. s. frv.

4. Á eftir 3. gr. komi ný grein (verður 5. gr.), er orðist svo:
Í stað orðanna „til ársloka 1972“ í 8. gr. laganna (sbr. lög nr. 21/1969 og lög nr. 89/1971) komi: til 15. maí 1973.

Nefndin varð sammála um þessa afgreiðslu, en einstakir nefndarmenn áskildu sér rétt til að flytja eða fylgja breytingartillögum.

Alþingi, 14. des. 1972.

Garðar Sigurðsson, form., frsm.	Stefán Gunnlaugsson, fundaskr.	Jón Skaftason.
Karvel Pálmason.	Guðl. Gíslason.	Pétur Sigurðsson.
	Björn Pálsson.	

Nd. 185. Breytingartillaga [15. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 62 18. maí 1967, um bann gegn veiðum með botnvörpu og flotvörpu, sbr. lög nr. 21/1969 og lög nr. 50/1971.

Frá Guðlaugi Gíslasyni og Pétri Sigurðssyni.

Á eftir 4. gr. komi ákvæði til bráðabirgða, sem orðist svo:

Ákvæði til bráðabirgða.

3. gr. reglugerðar nr. 189 frá 14. júlí 1972 breytist og orðist svo:
Frá 1. jan. 1973 til ársloka 1974 skulu íslenzkum skipum, sem veiða með botnvörpu, flotvörpu eða dragnót, bannaðar veiðar innan fiskveiðilandhelginnar á svæði fyrir Norðausturlandi, er takmarkast að vestan af línu, sem dregin er réttvísandi í norður frá Rifstanga (grunnlínupunktur 4), og austan af línu, sem dregin er réttvísandi í norðaustur af Langanesi (grunnlínupunktur 6).
Á árunum 1973 og 1974 skulu á tímabilinu 10. marz til aprílloka bannaðar veiðar með öllum veiðarfærum á svæði fyrir Suðurlandi, sem afmarkast af línum, sem dregnar eru milli eftirgreindra staða:

a) 63°32′0 n.br., 21°25′0 v.lg.
b) 63°00′0 — 21°25′0 —
c) 63°00′0 — 22°00′0 —
d) 63°32′0 — 22°00′0 —

Að öðru leyti skal íslenzkum skipum, sem veiða með botnvörpu, flotvörpu eða dragnót, heimilt að veiða innan fiskveiðilandhelginnar, samkvæmt ákvæðum laga nr. 62 18. maí 1967, um bann gegn veiðum með botnvörpu og flotvörpu, sbr. lög nr. 21 10. maí 1969.

Nd. 186. Breytingartillaga [76. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 7 23. marz 1972, um breyt. á l. nr. 68 15. júní 1971, um tekjuskatt og eignarskatt.

Frá Guðlaugi Gíslasyni, Pétri Sigurðssyni, Friðjóni Þórðarsyni og Matthíasi Bjarnasyni.

Á undan 1. gr. komi ný grein, svo hljóðandi.

6. gr. laganna orðist svo:

Á eftir 4. málsgr. 14. gr. komi ný málsgrein, 5. málsgr., svo hljóðandi:

Auk frádráttar skv. 1.—4. málsgr. þessarar greinar skal frá beinum tekjum sjómanna, sem lögskráðir hafa verið eigi skemur en sex mánuði við fiskveiðar á íslenzkum fiskiskipum, draga upphæð, sem nemur hálfri kauptryggingu, eins og hún er á hverjum tíma, áður en skattur er á þær lagður.

Sþ. **187. Frumvarp til fjárlaga** [1. mál]

fyrir árið 1973.

(Eftir 2. umr. í Sþ., 15. des.)

A-HLUTI
Fjárreiður ríkissjóðs og ríkisstofnana.

1. gr.
Greiðsluyfirlit ríkissjóðs.

		Þús. kr.
0	Gjöld	20 181 420
1	Tekjur	20 492 867
	Tekjur umfram gjöld	311 447
3	Lánahreyfingar út	512 305
4	Lánahreyfingar inn	36 576
	Mismunur	475 729
	Greiðslujöfnuður:	
	Á rekstrarreikningi	311 447
	Á lánahreyfingum	475 729
	Greiðsluhalli	164 282

2. gr.

Árið 1973 eru veittar til gjalda fjárhæðir þær, sem tilgreindar eru á rekstrarreikningi í þessari grein, sbr. sundurliðun í 4. gr.

			Þús. kr.	Rekstrar- Þús. kr.
	0	Gjöld:		
1 00	**Æðsta stjórn ríkisins**			157 386
1 01	**Forsætisráðuneytið**			192 198
	101—171	Yfirstjórn	177 653	
	901—902	Annað	14 545	
1 02	**Menntamálaráðuneytið**			3 831 325
	101	Yfirstjórn	79 741	
	201—884	Fræðslumál	3 430 355	
	901—999	Söfn, listir og önnur menningarstarfsemi	321 229	
1 03	**Utanríkisráðuneytið**			245 779
	101—102	Yfirstjórn	41 112	
	201	Löggæzla á Keflavíkurflugvelli	50 907	
	301—312	Sendiráð	91 540	
	401	Alþjóðastofnanir	62 220	
1 04	**Landbúnaðarráðuneytið**			1 019 029
	101—172	Yfirstjórn	21 149	
	201—299	Búnaðarmál	949 116	
	501—504	Skólar	48 764	
1 05	**Sjávarútvegsráðuneytið**			417 657
	101	Yfirstjórn	9 956	
	201—299	Útvegsmál	386 277	
	901	Annað	21 424	
1 06	**Dóms- og kirkjumálaráðuneytið**			1 124 745
	101—102	Yfirstjórn	15 822	
	201—284	Dómgæzla, lögreglumál o. fl.	987 207	
	301—373	Þjóðkirkjan	121 716	
1 07	**Félagsmálaráðuneytið**			801 354
	101	Yfirstjórn	8 717	
	271—272	Húsnæðismál	613 171	
	301—999	Önnur félagsmál	179 466	
1 08	**Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið**			7 270 834
	101	Yfirstjórn	11 352	
	271—273	Tryggingamál	6 745 670	
	301—399	Heilbrigðismál	483 881	
	471—501	Annað	29 931	
		Flutt		15 060 307

3. gr.

Árið 1973 er ætlazt til, að tekjur ríkissjóðs verði þær, sem tilgreindar eru á rekstrarreikningi skv. þessari grein.

reikningur.

1 Tekjur:

		Þús. kr.	Þús. kr.
1 1	**Skattar.**		
	Beinir skattar.		
	Persónuskattar		**696 945**
1 11 0	Iðgjöld lífeyristrygginga:		
1 11 02	Lífeyristryggingagjald atvinnurekenda	412 800	
1 11 1	Slysa- og atvinnuleysistryggingagjöld:		
1 11 11	Slysatryggingaiðgjöld atvinnurekenda, áhættuiðgjald af trillubátum og áhættuiðgjald af búvélum	197 745	
1 11 12	Iðgjald til atvinnuleysistryggingasjóðs	86 400	
	Eignarskattar		**325 677**
1 12 0	Eignarskattar, alm.:		
1 12 01	Eignarskattur einstaklinga	130 700	
1 12 02	Byggingasjóðsgjald af eignarskatti einstaklinga	1 307	
1 12 03	Eignarskattur félaga	167 000	
1 12 04	Byggingasjóðsgjald af eignarskatti félaga	1 670	
1 12 1	Erfðafjárskattur:		
1 12 11	Erfðafjárskattur	25 000	
	Tekjuskattar		**4 500 560**
1 13 0	Tekjuskattar:		
1 13 01	Tekjuskattur einstaklinga	4 024 000	
1 13 02	Byggingasjóðsgjald af tekjuskatti einstaklinga	40 240	
1 13 03	Tekjuskattur félaga	432 000	
1 13 04	Byggingasjóðsgjald af tekjuskatti félaga	4 320	
Rósamunda Jónsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	22 154	
Runólfur Guðmundsson, fyrrv. póstur	33 234	
Sesselja Jónsdóttir, fyrrv. símstöðvarstjóri	55 391	
Sigmundur Gestsson, fyrrv. póstur	29 540	
Signý Gunnarsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	29 988	
Sigríður Ásgeirsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	22 154	
Sigríður Björnsdóttir, fyrrv. kennari	36 926	

		Kr.	Kr.
	Sigríður Einarsdóttir, fyrrv. póst- og símaafgr.kona	72 868	
	Sigríður Guðjónsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	29 540	
	Sigríður Magnúsdóttir, fyrrv. kennari	40 064	
	Sigríður Tómasdóttir, fyrrv. ráðskona	43 052	
	Sigríður Þórðardóttir, fyrrv. ljósmóðir	22 154	
	Sigrún Sigurjónsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	22 154	
	Sigurður Greipsson	89 687	
	Sigurður Hjartarson, fyrrv. póstur	29 540	
	Sigurður Nordal, prófessor	89 145	
	Sigurður Stefánsson, fyrrv. póstur, Krossi	22 154	
	Sigurjón Jónsson, fyrrv. fiskmatsmaður	44 312	
	Sigurjón Jónsson, fyrrv. fiskmatsmaður	36 926	
	Sigurlás Nikulásson	88 622	
	Sigurpáll Þorsteinsson, fyrrv. póstur	21 526	
	Skúli Skúlason frá Odda	107 100	
	Stefán Ólafsson, fyrrv. þingvörður	32 130	
	Stefán Steinþórsson, fyrrv. póstur	22 154	
	Stefanía Guðmundsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	22 154	
	Steingrímur Magnússon, fyrrv. fiskmatsmaður	53 816	
	Steinn Ármannsson, fyrrv. póstur	22 154	
	Steinunn Guðmundsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	22 154	
	Sæmundur Halldórsson, fyrrv. póstur	22 154	
	Sölvi Ásgeirsson, fyrrv. fiskmatsmaður	48 195	
	Sölvína Konráðsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	22 154	
	Tómas Guðmundsson, fyrrv. póstur	22 154	
	Torfi Hermannsson, fyrrv. starfsm. Kleppsspítala	36 926	
	Valborg Emilsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	29 540	
	Valdimar Björnsson, fyrrv. fiskmatsmaður	29 540	
	Valves Kárason, fyrrv. fiskmatsmaður	44 312	
	Vésteinn Árnason, fyrrv. póstur	22 154	
	Vigdís Andrésdóttir, fyrrv. ljósmóðir	22 154	
	Vigfús Þorsteinsson, fyrrv. póst- og símaafgrm.	44 312	
	Vilhelm Erlendsson, fyrrv. póstafgrm.	73 852	
	Þóra Guðmundsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	22 154	
	Þorbergur Þorvaldsson, fyrrv. póstur	33 234	
	Þorbjörg Guðmundsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	22 154	
	Þórður Benediktsson	107 629	
	Þórður Guðmundsson, fyrrv. skipstjóri	64 260	
	Þorleifur Jónsson	85 680	
	Þorsteinn Baldvinsson, fyrrv. fiskmatsmaður	44 312	
	Þuríður Guðjónsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	29 540	
	Þuríður Guðnadóttir, fyrrv. ljósmóðir	44 312	
	Samtals		9 625 880
09 384	Ekkjur:		
	Aðalbjörg Sigurðardóttir	56 246	
	Agnethe Kamban	95 516	
	Ágústa Högnadóttir	21 526	
	Ágústa Sigurðardóttir	36 926	
	Anna Jakobína Árnadóttir	21 526	
	Anna Ólafsdóttir	24 034	
	Anna Þuríður Sæmundsdóttir	29 540	

	Kr.	Kr.
Árný Stígsdóttir	22 154	
Arnþrúður Daníelsdóttir	24 034	
Áslaug Nielsen	53 816	
Ásta Jónsdóttir	125 866	
Ásta Ólafsdóttir	44 312	
Ástríður Eggertsdóttir	36 926	
Ástríður Magnúsdóttir	22 154	
Björg Þórðardóttir	37 485	
Bryndís Þórarinsdóttir	50 165	
Dagbjört Guðjónsdóttir	35 219	
Dóra Þórarinsdóttir	53 816	
Elín Einarsdóttir	66 468	
Elínborg Bogadóttir	53 550	
Elísabet Jónsdóttir	22 154	
Elísabet Kemp	48 195	
Eufemía Ólafsdóttir	92 317	
Fjóla Kristjánsdóttir	35 219	
Fríða Hlíðdal	160 081	
Guðbjörg Erlendsdóttir	44 312	
Guðbjörg Guðmundsdóttir	48 195	
Guðfinna Blöndal	88 622	
Guðný Halldórsdóttir	44 312	
Guðný Sigurðardóttir	36 926	
Guðný Vigfúsdóttir	44 312	
Guðrún Jóhannesdóttir	22 154	
Guðrún P. Jónsdóttir	56 246	
Guðrún Pálsdóttir	51 696	
Guðrún Ragúels	22 154	
Halldóra Eiríksdóttir	54 215	
Halldóra Þórðardóttir	28 127	
Helga Friðbjarnardóttir	44 312	
Helga Pétursdóttir	55 391	
Hildur Blöndal	140 556	
Hjaltlína Guðjónsdóttir	55 391	
Hólmfríður Rögnvaldsdóttir	44 312	
Hulda Þ. Björnæs	44 374	
Hulda Davíðsdóttir	53 550	
Indíana Sturludóttir	55 391	
Ingibjörg Björnsdóttir	29 255	
Ingibjörg Eyjólfsdóttir	66 468	
Ingibjörg Gamalíelsdóttir	55 391	
Ingibjörg Högnadóttir	22 154	
Ingibjörg Þ. Jónsdóttir	66 468	
Ingibjörg Karlsdóttir	91 791	
Ingunn Hlíðar	35 219	
Ingveldur Ólafsdóttir	22 154	
Jakobína Thorarensen	36 926	
Jóhanna Vigfúsdóttir	22 154	
Jónasína E. Hallgrímsdóttir	40 383	
Jónína Ásmundsdóttir	21 526	
Jónína Gissurardóttir	53 771	
Jónína Kristjánsdóttir	55 391	
Jórunn Guðjónsdóttir	54 215	

	Kr.	Kr.
Karen Louise Jónsson	55 391	
Katrín Ingibergsdóttir	53 550	
Katrín Sveinsdóttir	66 468	
Kristín Guðmundsdóttir, vitavarðarekkja	22 154	
Kristín Helgadóttir	21 526	
Kristín Pálmadóttir	44 312	
Kristín Pálsdóttir	36 926	
Kristjana Þorvarðardóttir	26 775	
Kristólína Kragh	22 154	
Lára Bjarnadóttir, ekkja Jóns Gíslasonar	29 540	
Lára Svansdóttir	22 154	
Lára M. Vigfúsdóttir	73 853	
Lelia Stefánsson	110 777	
Lilja H. Arndal	73 853	
Lilja Jörundsdóttir	44 312	
Lilja Steinsen	129 241	
Lovísa Sveinbjörnsson	146 815	
Lydia Einarsson	92 317	
Mabel Sigurjónsson	73 853	
Magdalena Ásgeirsdóttir	22 154	
Málfríður Bjarnadóttir	22 154	
Margrét Árnadóttir	55 391	
Margrét Björnsdóttir	28 176	
Margrét Eyjólfsdóttir	44 312	
Margrét Guðbrandsdóttir	66 468	
Margrét Jónasdóttir	92 317	
Margrét Jónsdóttir frá Hrauni	89 687	
Margrét L. Lárusdóttir	22 154	
Marta Oddsdóttir	22 154	
Melitta Urbancic	35 219	
Ólafía Finnbogadóttir	22 154	
Olga E. Jónsson	41 800	
Ólöf Bjarnadóttir	58 522	
Petrína Ottesen	55 391	
Ragnheiður Konráðsdóttir	36 926	
Rósa Guðnadóttir	54 215	
Rósa Þórarinsdóttir	36 926	
Sesselja Benediktsdóttir	42 840	
Sigríður Árnadóttir	132 934	
Sigríður Árnadóttir	54 215	
Sigríður Gísladóttir	22 154	
Sigríður Jónsdóttir frá Vífilsstöðum	71 307	
Sigríður Jónsdóttir frá Hvítadal	23 511	
Sigrún Guðmundsdóttir	85 680	
Sigrún Thorarensen	29 540	
Sigurbjörg Jónsdóttir	22 332	
Sigurlaug Jónsdóttir	55 391	
Sigurlaug Þórey Þorsteinsdóttir	41 800	
Stefanía Stefánsdóttir	45 980	
Steinunn P. Eyjólfsson	24 919	
Steinunn Tómasdóttir	36 926	
Steinþóra Einarsdóttir	53 550	
Svanborg Jónsdóttir	21 558	

	Kr.	Kr.
Sveinbjörg Kristinsdóttir	36 926	
Sveindís Hansdóttir	22 154	
Valgerður Helgadóttir	36 979	
Valgerður Ólafsdóttir	33 444	
Vigdís Guðmundsdóttir	44 312	
Þóra Magnúsdóttir	29 540	
Þóra Sigfúsdóttir	22 154	
Þóra Sigurðardóttir	22 154	
Þóra Skaftason	22 154	
Þorbjörg Kjartansdóttir	55 391	
Þorbjörg Leifs	44 312	
Þorbjörg Sigurjónsdóttir	33 234	
Þórey Jóhannsdóttir	22 154	
Þórhildur Sveinsdóttir	22 154	
Barnastyrkur:		
Anna Bjarnadóttir	267 750	
Samtals		6 408 599

10. Hafnarmannvirki og lendingarbætur (10 333 03).

1.	Akranes	8 500
2.	Arnarstapi	1 500
3.	Ólafsvík	9 800
4.	Stykkishólmur	1 100
5.	Patreksfjörður	400
6.	Örlygshöfn	1 200
7.	Þingeyri	2 800
8.	Suðureyri	9 800
9.	Bolungarvík	15 300
10.	Ísafjörður/Hnífsdalur	18 800
11.	Súðavík	5 300
12.	Drangsnes—Kokkálsvík	2 350
13.	Skagaströnd	3 750
14.	Hofsós	1 900
15.	Hvammstangi	1 100
16.	Sauðárkrókur	500
17.	Ólafsfjörður	3 100
18.	Dalvík	5 400
19.	Árskógssandur	4 300
20.	Grenivík	2 800
21.	Grímsey	7 300
22.	Húsavík	12 700
23.	Þórshöfn	7 500
24.	Vopnafjörður	7 000
25.	Borgarfjörður	6 000
26.	Seyðisfjörður	600
27.	Neskaupstaður	1 300
28.	Eskifjörður	2 300
29.	Fáskrúðsfjörður, dráttarbraut	3 200
30.	Breiðdalsvík	300
31.	Djúpavogur	1 700
32.	Höfn í Hornafirði	7 900

33.	Vestmannaeyjar	9 000	
34.	Stokkseyri	6 200	
35.	Eyrarbakki	4 300	
36.	Grindavík	16 900	
37.	Hafnir í Höfnum	1 500	
38.	Sandgerði	7 500	
39.	Gerðar í Garði	900	
40.	Hafnarfjörður	2 700	
			206 500
11.	**Ferjubryggjur (10 333 04).**		
1.	Árskógssandur	500	
2.	Arngerðareyri	50	
3.	Brjánslækur	50	
4.	Búðardalur	1 100	
5.	Bæir á Snæfjallaströnd	1 050	
6.	Eyri við Mjóafjörð	350	
7.	Gemlufall	800	
8.	Hjarðardalur	100	
9.	Kleifarstaðir	400	
10.	Reykjanes við Ísafjörð	100	
11.	Vatnsfjörður	250	
12.	Vigur	600	
13.	Æðey	1 500	
14.	Ögur	50	
12.	**Sjóvarnargarðar (10 333 08).**		6 900
1.	Akranes	200	
2.	Álftanes	450	
3.	Borgarfj. eystri	50	
4.	Dyrhólaós	100	
5.	Eyrarbakki	200	
6.	Flateyri	400	
7.	Grenivík	50	
8.	Grótta	150	
9.	Höfn í Hornafirði	150	
10.	Melar í Melasveit	50	
11.	Sauðárkrókur	250	
12.	Seltjarnarnes	200	
13.	Vestmannaeyjar	150	
14.	Miðneshreppur	300	
			2 700

Ed. **188. Frumvarp til laga** [129. mál]

um breyting á lögum nr. 84/1970, um Háskóla Íslands.

(Lagt fyrir Alþingi á 93. löggjafarþingi, 1972.)

1. gr.

2. gr. laga nr. 84/1970, um Háskóla Íslands, breytist á þessa leið:

1. mgr. orðist svo: Stjórn háskólans er falin háskólaráði, rektor, háskólaritara og kennslustjóra.

3. mgr.: Niður falli í lok málsgreinarinnar orðin: „og að málum, er varða vísinda- og kennslustörf innan hennar.“

4. mgr. orðist svo: Háskólaritari og kennslustjóri hafa eftirlit með daglegri starfsemi háskólans. Þeir hlutast til um framkvæmd á samþykktum háskólaráðs og háskóladeilda og þeim ákvörðunum stjórnvalda, sem varða háskólann. Háskólaritari hefur í umboði rektors og háskólaráðs heimild til að skuldbinda háskólann og háskólastofnanir fjárhagslega, hefur yfirumsjón með gerð fjárhagsáætlunar háskólans og framkvæmd hennar samkvæmt fjárlögum og hefur umsjón með sjóðum hans. Kennslustjóri annast í umboði rektors og háskólaráðs málefni, er snerta kennslu og kennara, húsnæði háskólans og búnað.

5. mgr.: Upphaf málsgreinarinnar orðist svo: Rektor, háskólaritari eða kennslustjóri leysa úr þeim málum, ...

2. gr.

3. gr., 6. mgr., breytist á þá lund, að á undan orðunum: „Ef varaforseti er forfallaður“ komi ný setning, svohljóðandi: Varaforseti háskólaráðs gegnir og störfum rektors, ef hann forfallast vegna veikinda eða fær leyfi frá störfum.

3. gr.

4. gr., 1. mgr.: Næst síðasta setning málsgreinarinnar orðist svo: Háskólaritari og kennslustjóri eiga einnig sæti á fundum ráðsins og hafa þar málfrelsi og tillögurétt, en ekki atkvæðisrétt.

4. gr.

Upphaf 7. gr., 1. mgr., orðist svo: Forseti Íslands skipar háskólaritara og kennslustjóra, að fengnum tillögum háskólaráðs.

5. gr.

8. gr. orðist svo: Heimilt er að kveða nánar á í reglugerð um starfssvið og starfshætti háskólaráðs, rektors, háskólaritara og kennslustjóra. Háskólaráð setur öðru starfsliði skrifstofu erindisbréf.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er flutt samkvæmt ósk háskólaráðs, og fylgdi því frá háskólanum svofelld greinargerð:

„Tillögur um breytingar á 2., 4., 7. og 8. gr. eru gerðar vegna mjög brýnna þarfa á eflingu yfirstjórnar háskólans, sem verið hefur óbreytt um langt árabil, þrátt fyrir margföldun á fjölda stúdenta, kennara, húsa- og tækjakosti.

Gert er ráð fyrir stofnun embættis kennslustjóra, er verði jafnsettur háskólaritara að öllu leyti, enda er gert fyrir nánu samstarfi þeirra. Ráð er gert fyrir nokkurri

verkaskiptingu milli þeirra, en reynslan mun móta hana enn frekar. Tilkoma kennslustjóra mun létta nokkrum störfum af háskólaritara, en þó mun meiru af daglegum störfum rektors.

Breyting á 3. gr. er til komin vegna þess, að í háskólalög vantar ákvæði um það, hver gegna skuli störfum rektors ef hann forfallast vegna veikinda eða fær tímabundið leyfi frá störfum. Lögin gera ráð fyrir því, að falli rektor frá eða láti af embætti, gegni varaforseti háskólaráðs rektorsstörfum, unz nýr rektor hefur verið kjörinn. Því verður að teljast eðlilegt að varaforseti háskólaráðs gegni einnig störfum rektors í veikindaforföllum eða leyfum.

Fyrirhuguð er heildarendurskoðun stjórnsýslu Háskólans. Er ljóst, að þar er um tímafrekt verk að ræða. Þær breytingar, er að ofan greinir, miða að því að gera stjórnsýslu háskólans starfhæfa meðan á greindri endurskoðun stendur. Ljóst er þó, að meiri eflingar er þörf áður en langt um líður.“

Svo sem fram kemur í þessari greinargerð háskólaráðs er það megintilgangur frumvarpsins að styrkja stjórnsýslu háskólans. Nauðsyn ráðstafana í því skyni á fyrst og fremst rætur að rekja til þeirrar öru umfangsaukningar, sem orðið hefur á starfsemi stofnunarinnar á síðustu árum. Að þeirri þróun og þeim úrræðum, sem tillögur eru gerðar um í þessu frumvarpi, vék varaforseti háskólaráðs í ræðu sinni á setningarhátíð Háskóla Íslands 4. nóvember 1972 m. a. á þessu lund:

„Stúdentafjöldi hefur farið hraðvaxandi síðastliðin ár. Í árslok 1968 voru stúdentar um 1300 talsins. Í árslok 1970 var talan komin upp í 1640, í árslok 1971 voru stúdentar 1904. Og nú í haust eru skráðir stúdentar orðnir 2145. Á sama tíma hefur föstum kennurum háskólans fjölgað verulega. Er þar drýgst fjölgun dósenta og lektora. Þá hefur rannsóknastöðum fjölgað verulega. Jafnframt hefur orðið að leita eftir stundakennslu í sívaxandi mæli. Við bætast nýjar námsleiðir, er krefjast sérhæfðra starfskrafta. Kennsluhættir hafa breytzt og batnað. Byggingaframkvæmdir hafa verið að sama skapi miklar á þessu tímabili, þannig að þeir, er útskrifuðust úr háskólanum fyrir 10 árum, þekkja hann naumast fyrir sömu stofnun. Á sama tíma og þessi gleðilega þróun hefur átt sér stað í stofnuninni, hefur lítið verið hugað að stjórn háskólans. Nokkuð hefur rýmkazt um stjórnsýslu skólans, en litlu hefur þokað um starfskrafta. Frá hausti 1969 hefur fengizt ein stúlka á skrifstofu. Þá bættist við á liðnu sumri símastúlka, þegar tekið var upp sameiginlegt símakerfi fyrir stofnunina. Nokkra aðstoð hafa einstakar deildir fengið. Verkfræði- og raunvísindadeild hefur haft fastan deildarfulltrúa frá 1. okt. 1971. Heimspekideild fær deildarfulltrúa 1. jan. n. k., en hefur haft lausráðinn deildarfulltrúa síðan í marz. Laga- og viðskiptadeild hafa sameiginlega einn deildarritara.

Ljóst er þó, að mest er þörfin fyrir starfsmann á ákvörðunartökustigi. Vinnuálag á embætti rektors og háskólaritara er orðið meira en góðu hófi gegnir, eins og bezt skilst, þegar þróun undanfarandi ára er höfð í huga. Af þeirri ástæðu hefur háskólaráð nú einróma samþykkt að leggja til við stjórnvöld og Alþingi, að gerðar verði breytingar á háskólalögum, þannig að stofnað verði embætti kennslustjóra háskólans, er verði jafnsettur háskólaritara að öllu leyti. Gert er ráð fyrir nánu samstarfi þeirra innbyrðis og við rektor. Verkaskipting verði þó mörkuð í meginatriðum í lögunum, en nánar mótuð af reynslu. Samkvæmt tillögum háskólaráðs hefur háskólaritari í umboði rektors og háskólaráðs heimild til að skuldbinda Háskólann og háskólastofnanir fjárhagslega, hefur yfirumsjón með gerð fjárlaga háskólans og framkvæmd þeirra og hefur umsjón með sjóðum hans. Kennslustjóra er ætlað í umboði rektors og háskólaráðs að annast málefni, er snerta kennslu og kennara, húsnæði háskólans og búnað. Háskólarektor á við þessa breytingu að losna við nokkuð af hinu daglega vafstri, en vinna þeim mun meir að mörkun heildarstefnu, almennu eftirlits- og samræmingarstarfi og almennum akademiskum samskiptum við aðila utan háskólans og innan. Eðlilegt væri að kveða nánar á í reglugerð um starfssvið og starfshætti háskólaráðs, rektors, háskólaritara og kennslustjóra, eins og reyndar er ráð fyrir gert í 8. gr. háskólalaga.“

Sú heildarendurskoðun á stjórnsýslu Háskóla Íslands, sem að er vikið hér að framan, er nú að hefjast með skipun nefndar á vegum háskólans. Með hliðsjón af því þykir að svo komnu ekki ástæða til umfangsmeiri breytinga á lagaákvæðum um þessi efni en lagt er til í frumvarpi því, er hér liggur fyrir.

Athugasemdir við einstakar greinar.

Um 1. gr.

Breytingarnar á 2. gr. laga nr. 84/1970 lúta að stofnun embættis kennslustjóra, er verði jafnsettur háskólaritara. Mælt er fyrir um verksvið þeirra í meginatriðum og jafnframt gert ráð fyrir nokkurri breytingu á hlutverki rektors í því skyni að létta nokkuð af honum daglegum stjórnsýslustörfum.

Um 2. gr.

Breytingin miðar að því að setja skýr ákvæði um meðferð rektorsembættisins, ef rektor þarf að hverfa frá störfum um stundarsakir. Um þetta er ekki beint kveðið á í gildandi lögum. Í þessu sambandi skal tekið fram, að meðal þeirra atriða, sem eðlilegt er að komi til álita við frekari endurskoðun á stjórnsýslu háskólans, er hvort ekki beri að gera ráð fyrir sérstökum vararektor, er kjörinn sé með hliðstæðum hætti og rektor.

Um 3. gr.

Hér er gert ráð fyrir, að kennslustjóri eigi sæti á fundum háskólaráðs með sama hætti og háskólaritari.

Um 4. gr.

Greinin felur í sér, að sami háttur verði á skipun kennslustjóra og er um háskólaritara.

Um 5. gr.

Hér er kennslustjóra bætt í hóp þeirra stjórnsýsluaðila, sem heimilt er að setja nánari ákvæði um í reglugerð.

Um 6. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Nd. 189. Frumvarp til laga [130. mál]

um breyting á lögum nr. 49/1967, um skólakostnað.

(Lagt fyrir Alþingi á 93. löggjafarþingi, 1972.)

1. gr.

Upphaf 14. greinar laga nr. 49/1967, um skólakostnað, orðist þannig:

Fjárveitingar ríkisins til skólamannvirkja, aðrar en til undirbúnings framkvæmdum, skiptast á tvö til fjögur ár vegna hverrar framkvæmdar. Heildarframlög ríkissjóðs til hverrar framkvæmdar skal vera til reiðu innan fjögurra ára frá því að fyrsta fjárveiting er veitt, önnur en fjárveiting til undirbúnings, sbr. þó 8. gr., og greiðist með sex greiðslum, eftir því sem verkinu þokar áfram, þannig:

2. gr.

Ákvæði til bráðabirgða:

Fjárveitingum til þeirra skólamannvirkja, sem samkvæmt gildandi lögum áttu að fá lokaframlag í fjárlögum 1973, má skipta á árin 1973 og 1974.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Efni frumvarps þessa er að lengja það árabil, sem fjárveitingar til stofnkostnaðar skólamannvirkja miðast við. Í skólakostnaðarlögum nr. 49/1967 er tímabil þetta ákveðið að hámarki þrjú ár, en strax árið 1968 voru gefin út bráðabirgðalög (nr. 90/1968), sem ákváðu fjögurra ára greiðslutímabil að því er varðaði árið 1969. Síðan hefur þessari fjögurra ára reglu verið fylgt við fjárveitingar. Þykir sýnt, að hvorki ríkissjóður né sveitarfélög muni með góðu móti fá risið undir örari framkvæmdum en hér er gert ráð fyrir, og er því rétt að breyta lagaákvæðinu til samræmis við reynsluna. Ekkert er þó því til hindrunar, að örar sé greitt í einstökum tilfellum, ef aðstæður leyfa, sbr. ákvæði 13. gr. skólakostnaðarlaga nr. 49/1967.

Ákvæðinu til bráðabirgða í 2. gr. frumvarpsins er einungis ætlað að gilda við afgreiðslu fjárlaga fyrir árin 1973 og 1974 og stafar breytingin af því, að óvenju margar, stórar og fjárfrekar skólabyggingar eiga að fá lokafjárveitingu á árinu 1973 að óbreyttum lögum.

Sþ. 190. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1973.

Frá Bjarna Guðnasyni og Ragnari Arnalds.

	Þús. kr.	Þús. kr.
Við 4. gr. 1 02 982 17 Heiðurslaun listamanna.		
Fyrir „1 925“ kemur		2 100

Sundurliðun kemur á sérstöku yfirliti á þessa leið:

Heiðurslaun listamanna samkv. ákvörðun Alþingis (02 982 17).

1.	Ásmundur Sveinsson	175
2.	Brynjólfur Jóhannesson	175
3.	Finnur Jónsson	175
4.	Guðmundur Böðvarsson	175
5.	Guðmundur G. Hagalín	175
6.	Gunnar Gunnarsson	175
7.	Halldór Laxness	175
8.	Kristmann Guðmundsson	175
9.	Páll Ísólfsson	175
10.	Ríkarður Jónsson	175
11.	Tómas Guðmundsson	175
12.	Þórbergur Þórðarson	175
		2 100

Ed. 191. Frumvarp til búfjárræktarlaga. [73. mál]

(Eftir 2. umr. í Ed., 15. des.)

Samhljóða þskj. 77 með þessum breytingum:

3. gr. hljóðar svo:

Rétt er hreppabúnaðarfélögum að setja sér samþykktir um að vinna að búfjárrækt í hreppnum. Þar skal taka fram:

a) að búfjárræktarstarfsemi heyri beint undir stjórn búnaðarfélags eða
b) að kosnar skuli sérstakar nefndir á aðalfundi búnaðarfélags til að vinna að málefnum einstakra búfjárræktargreina, einnar eða fleiri, eða

c) að verkefni félagsins á sviði einstakra búfjárræktargreina, einnar eða fleiri, sé falið búfjárræktarfélögum, sem starfandi eru eða stofnuð verða. Eigi verður búfjárræktarfélag — hrossa-, sauðfjár- og nautgriparæktarfélag — löglega stofnað með færri en sex bændum.

Allar búfjárræktarsamþykktir búnaðarsambanda og búnaðarfélaga, svo og samþykktir búfjárræktarsambanda, skulu gerðar eftir fyrirmyndum frá Búnaðarfélagi Íslands og öðlast gildi, er staðfestar hafa verið af stjórn þess. Búfjárræktarsamband getur náð yfir fleiri en eitt búnaðarsambandssvæði. Á sama hátt getur búfjárræktarfélag tekið yfir fleiri hreppa en einn. Nú hefur verið staðfest samþykkt búfjárræktarsambands eða búfjárræktarfélags, og renna þá til þeirra framlög þau, er lög þessi mæla fyrir um.

4. gr. hljóðar svo:

Ráðunautaþjónusta í búfjárrækt skal vera sem hér segir:

1. Búnaðarfélag Íslands ræður til sín búfjárræktarráðunauta, einn eða fleiri, á sviði hverrar búfjártegundar, eftir því sem þörf krefur og fé er veitt til. Þeir skulu hafa lokið háskólaprófi í búfjárrækt og hafa sérþekkingu á þeirri búfjárræktargrein, er þeir starfa við. Stjórn Búnaðarfélags Íslands setur þeim erindisbréf. Helztu verkefni þeirra eru:
   a) Að vera stjórn Búnaðarfélags Íslands til ráðuneytis, hver á sínu starfssviði, og vinna fyrir hennar hönd að framkvæmd laga.
   b) Að móta ræktunarstefnu, hver í sinni grein, í samráði við stjórn Búnaðarfélags Íslands, og semja þær reglur, er að því lúta.
   c) Að veita forustu leiðbeiningaþjónustu, m. a. með því að fylgjast með hagnýtum nýjungum og niðurstöðum rannsókna og skýrsluhalds og kynna þær héraðsráðunautum og bændum.
   d) Að sækja fundi búfjárræktarsamtaka.
   e) Að gegna störfum aðaldómara á búfjársýningum.
2. Búnaðarsambönd ráða til sín ráðunauta — héraðsráðunauta —, er vinna að eftirliti og leiðbeiningum í búfjárrækt. Þeir skulu hafa lokið kandidatsprófi í búfræði. Búnaðarfélag Íslands samþykkir ráðningu þeirra svo og fjölda þeirra, að áskildu samþykki landbúnaðarráðuneytisins. Heimilt er stjórn búnaðarsambands að haga verkaskiptingu þannig, að sami ráðunautur sinni samhliða verkefnum í búfjárrækt og öðrum búgreinum, s. s. jarðrækt, fiskrækt o. s. frv., enda samþykki Búnaðarfélag Íslands það. Þar sem sérsambönd í búfjárrækt starfa með sjálfstæðum fjárhag, sbr. 2. gr. staflið c, geta þau ráðið héraðsráðunaut að tilskildum ákvæðum 2. mgr. þessarar greinar. Tvö eða fleiri búnaðarsambönd geta ráðið til sín ráðunaut sameiginlega, ef henta þykir. Helztu verkefni héraðsráðunauta í búfjárrækt eru þessi:
   a) Að vinna að því, að ákvæðum búfjárræktarlaga sé framfylgt; að búnaðarfélög framfylgi búfjárræktarsamþykktum sínum eða stofnuð séu sérstök búfjárræktarfélög, ef vænlegra þykir til árangurs; aðstoða félögin við starfsemi þeirra, gagnasöfnun og skýrsluhald; sjá um úrvinnslu skýrslna, þar sem þess er þörf, og túlka niðurstöður þeirra.
   b) Að fara um meðal bænda, svo sem við verður komið, skoða búfé þeirra og leiðbeina um kynbætur, fóðrun og hirðingu, val ásetningsgripa, kaup og sölu kynbótagripa o. s. frv.
   c) Að hafa yfirumsjón með forðagæzlu (sbr. 51. gr.).
   d) Að hafa umsjón með rekstri sæðingarstöðva, uppeldi og afkvæmaprófun kynbótagripa í samráði við ráðunauta Búnaðarfélags Íslands.
   e) Að sækja fundi búnaðar- og búfjárræktarfélaga til erindaflutnings og viðræðna við bændur.
   f) Að undirbúa búfjársýningar í samráði við ráðunauta Búnaðarfélags Íslands og gegna aðaldómarastörfum á sýningum, sem haldnar eru á vegum búnaðarsambandsins eða félaga innan þess.

Ríkissjóður greiðir 65% af launum héraðsráðunauta, og allt að 65% af ferðakostnaði þeirra, eftir ákvörðun landbúnaðarráðuneytisins, að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands. Framlag ríkisins miðist við, að hver héraðsráðunautur starfi fyrir minnst 100 bændur. Laun þeirra, sem hundraðshluti ríkisins miðast við, skulu samþykkt af landbúnaðarráðherra, að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands.

29. gr. hljóðar svo:

Hrossaræktarfélög fá auk þeirra framlaga, sem um getur í 28. gr., framlag frá ríkissjóði, kr. 200.00 á hverja tamda hryssu, sem hlotið hefur I. eða II. verðlaun sem einstaklingur á svæða-, fjórðungs- eða landssýningum, og leidd er til stóðhests, sem hlotið hefur I. eða II. verðlaun á sömu sýningum.

Framlag þetta hækkar um 50%, ef notaðir eru stóðhestar, sem hlotið hafa I. eða II. verðlaun fyrir afkvæmi, og 100%, ef stóðhesturinn hefur hlotið heiðursverðlaun fyrir afkvæmi.

31. gr. hljóðar svo:

Óheimilt er að láta stóðhesta, þar með talda hesta, sem ekki hefur verið hægt að vana sökum skapnaðargalla, ganga lausa í heimahögum og afrétti. Verði vart við slíkan hest, ber að handsama hann, ef unnt er, og flytja til hreppstjóra. Takist það ekki, skal það tafarlaust tilkynnt hreppstjóra, sem þegar hlutast til um, að hestinum verði náð. Nú er kært yfir því, að stóðhestur gangi laus, en leit, er hreppstjóri fyrirskipar, ber eigi árangur, og greiðist þá kostnaður við hana af löggæzlufé viðkomandi lögsagnarumdæmis.

Hreppstjóri tekur í sína vörzlu þá stóðhesta, sem til hans eru færðir eða hann lætur handsama, og stendur skil á sanngjarnri greiðslu vegna fyrirhafnar og kostnaðar við töku þeirra. Verði ágreiningur um greiðslu, geta aðilar skotið honum til dómkvaddra manna. Hreppstjóra ber að selja þá stóðhesta, sem þannig eru teknir, á opinberu uppboði, með þeim innlausnarfresti, sem ákveðinn er í viðkomandi fjallskilareglugerð.

46. gr. hljóðar svo:

Búnaðarfélag Íslands annast leiðbeiningastörf um ræktun og hirðingu æðarvarps. Skal eftir föngum leiðbeina um umhirðu varps, myndun nýrra varpstöðva, meðferð dúns, eyðingu vargs og önnur þau atriði, er að gagni mega koma við nýtingu þessara hlunninda.

53. gr. hljóðar svo:

Í hverjum hreppi skal vera forðagæzlumaður, einn eða fleiri, er hafi eftirlit með ásetningi búfjár, fóðrun og hirðingu. Hreppsnefnd kýs eða ræður þá að loknum hreppsnefndarkosningum hverju sinni til næstu fjögurra ára og jafnmargra til vara. Skal þess jafnan gætt að velja til þess menn, sem þekktir eru að gætilegum ásetningi og góðri meðferð búfjár.

Starfi fóðurbirgðafélag í hreppnum, er hreppsnefnd heimilt að fela því framkvæmd forðagæzlumála, enda ráði stjórn þess forðagæzlumann.

Bæjarstjórnir geta, í samræmi við ákvæði 1. málsgr., ráðið forðagæzlumann til þess að annast störf forðagæzlumanna samkvæmt þessum lögum, en bæjarstjórn er þetta aðeins skylt, ef Búnaðarfélag Íslands mælir svo fyrir. Bæjarstjórn, sem eigi ræður forðagæzlumann, skal á hverju hausti láta í té skýrslu um tölu búfjár, fóðurforða, fyrningar og fóðurþörf, svo og um uppskerumagn garðávaxta, í því formi, sem Búnaðarfélag Íslands ákveður. Ákvæði þessarar málsgr. taka einnig til borgarstjórnar Reykjavíkur.

55. gr. hljóðar svo:

Skylt er forðagæzlumanni að fara minnst tvær ferðir um umdæmi sitt til eftirlits vetur hvern. Skal fyrri ferðinni lokið fyrir 1. nóvember og hinni síðari fyrir lok

aprílmánaðar. Skal hann athuga vandlega um tölu búfjár á hverjum stað, húsakost þess, fóðurbirgðir, hirðingu, fóðrun og ganga úr skugga um, að fóðurbirgðir þær séu fyrir hendi, sem búfjáreigandi telur sig hafa.

Þegar að lokinni skoðun ber forðagæzlumaður niðurstöður sínar undir trúnaðarmann búnaðarsambandsins. Komi í ljós, að búfjáreiganda skorti hús eða fóður fyrir fénað sinn, vanfóðri hann eða vanhirði, skal forðagæzlumaður tilkynna það sveitarstjórn þegar í stað. Er þá sveitarstjórn skylt að aðvara þegar þann, er hlut á að máli, og gefa honum einnar viku frest til úrbóta. Hafi hann að þeim tíma liðnum ekki gert þær ráðstafanir, sem sveitarstjórn eða trúnaðarmaður búnaðarsambandsins telja fullnægjandi, ber sveitarstjórn að útvega honum fóður, ráðstafa fénaði hans til fóðrunar eða lóga, ef ekki er annars úrkosta.

Búfjáreigandi sá, er hlut á að máli, ber allan kostnað af þessum ráðstöfunum. Skylt er sýslumanni að veita sveitarstjórn stuðning við þessar framkvæmdir, ef með þarf.

56. gr. hljóðar svo:

Þegar eftir að forðagæzlumaður hefur lokið skoðun að hausti, gerir hann skýrslu um tölu búfjár, fóðurforða, fyrningar og fóðurþörf, svo og um uppskerumagn garðávaxta, á eyðublaði, er Búnaðarfélag Íslands lætur í té. Skal eyðublað þetta gert í samráði við Hagstofu Íslands, er séu heimil afnot forðagæzluskýrslna til úrvinnslu. Forðagæzluskýrsla skal gerð í þríriti, og heldur forðagæzlumaður einu eintaki hennar til eigin nota og varðveizlu, eitt eintak gengur til viðkomandi búnaðarsambands og varðveitist þar, en hið þriðja skal sent Búnaðarfélagi Íslands þegar að lokinni haustskoðun með undirskriftum bæði forðagæzlumanns og trúnaðarmanns viðkomandi búnaðarsambands. Hinn síðarnefndi skal hlutast til um, að skýrslur séu rétt gerðar og að þeim sé skilað fullunnum á tilskildum tíma.

Þegar forðagæzlumaður fer um umdæmi sitt til skoðunar síðari hluta vetrar, sbr. 1. málsgr. 55. gr., skal hann rita athugasemdir um fóðurbirgðir og ástand búpenings á skýrslu sína frá sl. hausti, og tilkynna Búnaðarfélagi Íslands niðurstöður skoðunarinnar, hvort tveggja samkvæmt nánari fyrirmælum félagsins.

Sveitarstjórn semur um þóknun fyrir forðagæzlu, og greiðist hún úr sveitarsjóði.

57. gr. hljóðar svo:

Búnaðarfélag Íslands og/eða landbúnaðarráðherra geta krafið sveitarstjórnir, hvenær sem er, um skýrslur varðandi fóðuröflun og fóðurbirgðir.

58. gr. hljóðar svo:

Vilji búfjáreigandi eigi hlíta ráðstöfunum forðagæzlumanns eða sveitarstjórnar eða hefur þær að engu, en fénaður hans líður eða fellur sakir fóðurskorts, hirðuleysis eða harðýðgi, að áliti forðagæzlumanns eða trúnaðarmanns búnaðarsambandsins, er þessum aðilum skylt að tilkynna það sýslumanni tafarlaust, ásamt öllum málavöxtum.

59. gr. hljóðar svo:

Sá, er sekur verður um illa meðferð á skepnum, samkvæmt 58. gr., skal sæta sektum frá kr. 10 000.00 til kr. 100 000.00 eða fangelsi allt að 6 mánuðum. Vanræki forðagæzlumaður eða sveitarstjórn að gera sýslumanni aðvart um ómannúðlega meðferð á skepnum, sem þessir aðilar verða áskynja um, varðar það sektum.

Ákvæði til bráðabirgða:

Búnaðarsamböndum er heimilt að innheimta á árinu 1973 gjald af innveginni mjólk samkv. a-lið 2. tölul. d-liðar 7. gr., enda tilkynni stjórn búnaðarsambands það með mánaðar fyrirvara.

Nd. 192. Breytingartillaga [122. mál]

við frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka lán vegna framkvæmdaáætlunar fyrir árið 1973.

Frá Lárusi Jónssyni, Gunnari Gíslasyni og Pálma Jónssyni.

Við 10. gr. Í stað orðanna „Stofnlína Norður—Suðurland" komi: Til rannsókna á orkuöflunarleiðum fyrir Norðurland.

Nd. 193. Nefndarálit [111. mál]

um frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að fullgilda fyrir Íslands hönd samning milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar um aðstoð í skattamálum.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og leggur til, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 16. des. 1972.

Vilhjálmur Hjálmarsson, form., frsm.	Gils Guðmundsson, fundaskr.	Karvel Pálmason.
Matthías Á. Mathiesen.	Þórarinn Þórarinsson.	Matthías Bjarnason.

Sþ. 194. Þingsályktun [33. mál]

um eflingu Landhelgisgæzlunnar.

(Afgreidd frá Sþ. 16. des.)

Samhljóða þskj. 35.

Ed. 195. Nefndarálit [75. mál]

um frv. til laga um innheimtu ýmissa gjalda með viðauka.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Fjárhags- og viðskiptanefnd Ed. ræddi frumv. þetta á fundi sínum í dag. Undirritaðir nefndarmenn leggja til, að frumvarpið verði samþ. óbreytt. — Geir Hallgrímsson var fjarstaddur vegna veikinda.

Alþingi, 16. des. 1972.

Ragnar Arnalds, form.	Páll Þorsteinsson, fundaskr.	Bjarni Guðbjörnsson, frsm.
Jón G. Sólnes.	Jón Árm. Héðinsson.	Björn Jónsson.

Ed. 196. Nefndarálit [110. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 85 30. des. 1963, um Lífeyrissjóð barnakennara, og lögum nr. 50 22. apríl 1967, um breyting á þeim lögum.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Fjárhags- og viðskiptanefnd Ed. tók frumv. þetta til umræðu á fundi sínum í dag. Undirritaðir nefndarmenn leggja til, að frumvarpið verði samþ. óbreytt. — Geir Hallgrímsson var fjarstaddur vegna veikinda.

Alþingi, 16. des. 1972.

Ragnar Arnalds, form.	Páll Þorsteinsson, fundaskr.	Bjarni Guðbjörnsson, frsm.
Jón G. Sólnes.	Jón Árm. Héðinsson.	Björn Jónsson.

Ed. 197. Frumvarp til laga [131. mál]

um breyting á vegalögum nr. 23 16. apríl 1970, sbr. lög nr. 98 28. desember 1970.

(Lagt fyrir Alþingi á 93. löggjafarþingi, 1972.)

1. gr.

85. gr. laganna orðist þannig:

Greiða skal sérstakt innflutningsgjald af benzíni, og skal gjaldið nema kr. 9.87 af hverjum lítra. Gjald þetta tekur einnig til benzínbirgða, sem til eru í landinu, þá er lög þessi öðlast gildi, sbr. þó 92. gr.

2. gr.

86. gr. laganna orðist þannig:

Greiða skal sérstakt innflutningsgjald af hjólbörðum, notuðum og nýjum, og gúmmíslöngum á bifreiðar og bifhjól, og skal gjaldið nema kr. 45.00 af hverju kg. Gjald þetta tekur einnig til hjólbarða og gúmmíslangna, sem fylgja bifreiðum, sem fluttar eru til landsins.

3. gr.

87. gr. laganna orðist þannig:

Árlega skal greiða þungaskatt sem hér segir:

a. Af bifreiðum, sem nota benzín að eldsneyti, kr. 108.00 af hverjum 100 kg af eigin þunga þeirra.

b. Af bifreiðum, sem nota annað eldsneyti en benzín:

Fyrir bifreiðar allt að 2000 kg að eigin þunga greiðast kr. 27 500.00.

Fyrir bifreiðar, 2001 kg og þyngri, greiðast kr. 27 500.00 og auk þess kr. 950.00 fyrir hver full 100 kg umfram 2000 kg.

Ráðherra er heimilt að ákveða með reglugerð, að ökumælar skuli á kostnað eigenda settir í bifreiðar, sem nota annað eldsneyti en benzín og eru 5 tonn eða meira að eigin þyngd, og að greiða skuli fyrir slíkar bifreiðar í stað árlegs þungaskatts sérstakt gjald fyrir hvern ekinn kílómetra samkvæmt ökumæli. Gjald þetta má vera lægra fyrir fólksflutningabifreiðar en aðrar bifreiðar.

Í reglugerð getur ráðherra ákveðið allt að fjóra gjalddaga árlega fyrir þungaskatt og fyrir kílómetragjald, svo og kveðið á um tegundir mæla, ísetningu þeirra, viðgerðir, viðurlög og refsingar fyrir brot gegn reglugerðinni.

Ráðherra er enn fremur heimilt að ákveða, að þungaskattur, sem greiða skal fyrir hvern ekinn kílómetra, skuli endurgreiddur að vissu marki, fyrir tímabilið frá 1. nóvember til 30. apríl, ef um er að ræða sérleyfisbifreiðar til mannflutninga, sem ekið er samkvæmt áætlun í leiðabók, enda fari meðalsætanýting á þessu tímabili ekki fram úr 20 af hundraði.

c. Af bifhjólum kr. 450.00.

d. Ráðherra er heimilt að ákveða í reglugerð, að ökumælar skuli settir á kostnað eigenda í festi- og tengivagna, sem eru 500 kg að eigin þyngd eða meira. Á sama hátt er ráðherra heimilt að ákveða, að tiltekinn þungaskatt skuli greiða fyrir hvern kílómetra, sem þessum festi- og tengivögnum er ekið, kveða á um gerð og frágang mæla, viðgerðir þeirra og eftirlit, gjalddaga og innheimtu þungaskatts og viðurlög við brotum. Þungaskatt af festi- og tengivögnum má ákveða hærri en þungaskatt af bifreiðum.

e. Ráðherra er heimilt að ákveða, að endurgreiða skuli allt að 15% þungaskatts samkvæmt ökumæli, sem til fellur umfram 30 000 km akstur á ári og að 45 000 km, en 25% umfram 45 000 km akstur á ári.

Verði ágreiningur um gerð bifreiðar, sker fjármálaráðherra úr.

4. gr.

Eigendur jeppabifreiða eiga rétt á endurgreiðslu á helmingi skatts samkv. a- eða b-liðum 87. gr., ef þeir sanna með vottorðum frá hlutaðeigandi skattstjóra eða umboðsmanni hans, samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð, er fjármálaráðherra setur, að bifreiðarnar hafi verið notaðar næstliðið ár að mestu eða öllu leyti við framleiðslu- og jarðyrkjustörf.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1973.

Þegar lög þessi hafa öðlazt gildi, skal fella meginmál þeirra, svo og meginmál laga nr. 98 28. desember 1970, um breytingu á vegalögum nr. 23 16. apríl 1970, inn í vegalög nr. 23 16. apríl 1970, og gefa þau út svo breytt.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi þessu er stefnt að því að auka fjármagn til framkvæmda vegáætlunar og draga úr lántökuþörf vegna vegaframkvæmda. Vísast um síðarnefnda atriðið til athugasemda við frumvarp til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka lán vegna framkvæmdaáætlunar fyrir árið 1973, sem nú liggur fyrir Alþingi.

Lagt er til að innflutningsgjald af benzíni hækki um kr. 2.00 á lítra, en gúmmígjald og þungaskattur hækki í sama hlutfalli að undanskildum þungaskatti af benzínbílum, sem verður óbreyttur.

1. **Innflutningsgjald af benzíni.**

Innflutningsgjald hækkar úr 7.87 í 9.87 kr. pr. lítra. Skv. vegáætlun eru tekjur af innflutningsgjaldi 1973 áætlaðar af 90.2 m. ltr., en sú áætlun er nú lækkuð í 88.6 m. ltr., þar sem áætluð sala 1972 varð 1.4 m. ltr. undir áætlun.

Þar sem endurgreiðslur eru vegna ársins á undan, kemur hækkun á þeim ekki fram fyrr en 1974.

2. **Þungaskattur.**

Almennur þungaskattur af dieselbifreiðum er nú 22 000 kr. á ári fyrir bifreiðar að eigin þunga 0—2 tonn og að viðbættum 750 kr. pr. 100 kg fyrir dieselbifreiðar að 5 tonnum. Með hlutfallslegri hækkun miðað við innflutnings-

gjald verður hækkunin annars vegar í kr. 27 500 og hins vegar í 950 kr. pr. 100 kg umfram 2 tonn.

Þungaskattur af dieselbifreiðum yfir 5 t að eigin þunga, sem innheimtur er með km-gjaldi, hækkar einnig hlutfallslega.

Áætlaðar tekjur af þungaskatti 1973 eru skv. vegáætlun 223.1 m.kr. Má gera ráð fyrir, að um 50% af þeirri upphæð sé vegna km-gjalds.

Km-gjald er því áætlað 111.6 m.kr. án hækkunar. Innheimta á fyrsta ársfjórðungi 1973, sem er vegna aksturs á 4. ársfjórðungi 1972, er áætluð 22.3 m.kr. Hækkun km-gjalds kemur því aðeins á 89.3 m.kr. 1973 og verður um 22.7 m.kr.

Af alm. þungaskattinum, sem áætlaður er 111.5 m.kr. 1973, er um 44.3 m.kr. vegna þungaskatts benzínbifreiða, þannig að hækkunin kemur á 67.2 m.kr. og verður því 17.1 m.kr.

Þar sem endurgreiðslur eru vegna ársins á undan, kemur hækkun á þeim ekki fram fyrr en 1974. Heildarhækkun af þungaskatti verður því árið 1973 um 39.8 m.kr.

3. **Gúmmígjald.**

Gúmmígjald er nú 36.00 kr. á kg, en verður 45.00 kr. á kg.

Skv. vegáætlun er reiknað með, að tekjur af gúmmígjaldi 1973 verði 50.0 m.kr. Hækkunin myndi því gefa af sér 12.1 m.kr. það ár.

Eftir hækkun skv. frv. þessu yrðu tekjustofnar vegasjóðs þessir 1973—1975:

	Upphæðir í m.kr.		
	1973	1974	1975
Innflutningsgjald af benzíni	846.7	930.7	989.0
Þungaskattur dieselbifreiða	218.6	231.1	238.0
Þungaskattur benzínbifreiða	44.3	47.2	50.3
Gúmmígjald	62.1	66.3	70.1
Tekjur brúttó	1 171.7	1 275.3	1 247.4
Endurgreitt af innfl.gjaldi	21.2	26.6	26.6
Endurgreitt af þungaskatti	2.0	3.2	3.2
Tekjur nettó	1 148.5	1 245.5	1 317.6
Tekjur nettó skv. vegáætlun '72—'75	944.5	998.9	1 055.4
Hækkun	204.0	246.6	262.2

Skýringar við einstakar greinar.

Um 1., 2. og 3. gr.

Auk breytinga á 85., 86. og 87. gr. vegalaga, sem gerð er grein fyrir hér að framan, eru breytingar á 87. gr., sem ætlað er að treysta lagagrundvöll þess, að þungaskattur, sem reiknast eftir fjölda ekinna kílómetra, geti verið lægri, eftir því sem eigin þyngd flutningatækis er hlutfallslega meiri af leyfilegum heildarþunga flutningatækis og öfugt. Þar sem þungaskattur fer eftir eigin þyngd, en ekki heildarþyngd eins og t. d. í Noregi, þykir rétt að draga úr óréttlæti, sem af því getur skapazt, að leyfilegur farmþungi flutningatækis er að öðru jöfnu meiri, eftir því sem eigin þyngd þess er minni og öfugt. Á þetta sérstaklega um fólksflutningabifreiðar, 5 tn og meira að eigin þunga.

Í greininni er m. a. það nýmæli, að heimilað er að ákveða, að þungaskatt skuli greiða af festi- og tengivögnum. Notkun slíkra flutningatækja hefur farið mjög í vöxt á síðustu árum.

Til samræmis við að þungaskatt skuli greiða til vegakerfisins af bifreiðum, þykir rétt að opna heimild til þess að ákveða, að sambærilegar reglur gildi um festi-

og tengivagna, enda mun síður en svo stafa minna vegaviðhald af notkun þeirra en annarra landflutningatækja.

Þá er í grein þessari heimilað að ákveða, að gjalddagar þungaskatts af dieselbifreiðum megi vera allt að fjórir á ári í stað þriggja. Með lögum nr. 98/1970 varð m. a. sú breyting á 87. gr. laga nr. 23/1970, að gjalddögum þungaskatts samkvæmt ökumæli var fækkað úr fjórum í þrjá. Þykir rétt að færa þessa heimild í upprunalegt horf, enda gerir reglugerð um innheimtu bifreiðargjalda nr. 94/1970, 5. gr., ráð fyrir fjórum gjalddögum.

Heimild í greininni til magnafsláttar af þungaskatti er staðfesting á þegar tíðkuðu fyrirkomulagi, sbr. auglýsingu nr. 47/1971.

Í fskj. er sýndur útreikningur á þungaskatti samkvæmt ökumæli, eins og hann verður eftir frumvarpi þessu.

Um 4. gr.

Samkvæmt þessari grein er dregið úr heimildum til undanþágu og endurgreiðslu þungaskatts. Verður ekki séð, að vegasjóður eigi samkvæmt tilgangi sínum að styðja fjárhagslega þá starfsemi, sem til grundvallar þessum undanþágum og endurgreiðslum hefur legið. Vagnar á spori munu engir vera til. Diplomatar njóta þeirra réttinda samkvæmt exterritorialrétti, sem þeim eru nú veitt með 88. gr. vegalaga.

Um 5. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Fylgiskjal.

Km-gjald dieselbifreiða yfir 5 tonn.

A. Fólksflutningsbifreiðar.

Eigin þyngd bifreiðar	Gjald fyrir hvern ekinn km að 30 000 km	Afsl. 15% Gjald fyrir hvern ekinn km yfir 30 000 km að 45 000 km	Afsl. 25% Gjald fyrir hvern ekinn km yfir 45 000 km
5.0— 5.99	kr. 1.40	kr. 1.20	kr. 1.05
6.0— 6.99	— 1.65	— 1.40	— 1.25
7.0— 7.99	— 1.85	— 1.55	— 1.40
8.0— 8.99	— 2.10	— 1.80	— 1.60
9.0— 9.99	— 2.30	— 1.95	— 1.75
10.0—10.99	— 2.55	— 2.15	— 1.90
11.0—11.99	— 2.75	— 2.35	— 2.05

B. Aðrar bifreiðar en fólksflutningsbifreiðar.

Eigin þyngd bifreiðar	Gjald fyrir hvern ekinn km að 30 000 km	Afsl. 15% Gjald fyrir hvern ekinn km yfir 30 000 km að 45 000 km	Afsl. 25% Gjald fyrir hvern ekinn km yfir 45 000 km
5.0— 5.99	kr. 2.05	kr. 1.75	kr. 1.55
6.0— 6.99	— 2.35	— 2.00	— 1.75
7.0— 7.99	— 2.65	— 2.25	— 2.00
8.0— 8.99	— 3.00	— 2.55	— 2.25
9.0— 9.99	— 3.30	— 2.80	— 2.50
10.0—10.99	— 3.60	— 3.05	— 2.70
11.0—11.99	— 3.95	— 3.35	— 2.95

Nd. 198. Frumvarp til laga [132. mál]

um breyting á siglingalögum nr. 66/1963, sbr. lög nr. 14/1968 og lög nr. 58/1972.

(Lagt fyrir Alþingi á 93. löggjafarþingi, 1972.)

1. gr.

2. málsgrein 205. gr. laga nr. 66/1963, sbr. 3. gr. l. nr. 14/1968 og l. nr. 58/1972, orðist þannig:

Ákvæði um takmarkaða ábyrgð gilda ekki um kröfur vegna lífs- eða líkamstjóns þeirra, sem ráðnir eru í skiprúm hjá útgerðarmanni, enda hafi slys borið að höndum, er hlutaðeigandi var staddur á skipi, vann eða var í ferð í þess þágu. Útgerðarmaður ber ábyrgð á kröfum þessum, enda þótt slysið eða tjónið verði ekki rakið til bilunar á tækjum eða ónógra öryggisráðstafana né heldur vanrækslu eða yfirsjónar þeirra, er starfa í þágu skips. Lækka má fébætur eða láta þær niður falla, ef sá, sem fyrir slysi eða tjóni varð, hefur með framkomu sinni sýnt vítavert gáleysi, sem leitt hefur til slyssins eða tjónsins.

Verði tjónið ekki rakið til atvika, sem útgerðarmaður ber ábyrgð á samkvæmt almennum skaðabótareglum, skal ábyrgð hans samt takmarkast við fjárhæðir þær, sem greindar eru í 1. og 2. tölulið 1. mgr. 75. greinar laga um almannatryggingar, enda hafi viðkomandi útgerðarmaður keypt tryggingu samkvæmt þeirri grein.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með lögum nr. 58 29. maí 1972 var gerð sú breyting á 2. málsgrein 205. gr. siglingalaga nr. 66/1963, sbr. lög nr. 14/1968, um breyting á þeim lögum, að ábyrgð útgerðarmanna á skipverjum var gerð hlutlæg (objectiv), auk þess, sem áhöld eru um það, hvort ábyrgðin nái ekki til allra þeirra, sem starfa í þjónustu útgerðarmanns.

Nú liggur fyrir Alþingi breytingartillaga við almannatryggingalögin, nr. 67 frá 20. apríl 1971.

Í tillögu þessari er gert ráð fyrir, að útgerðarmönnum sé gert skylt að kaupa tryggingu í stað samningsbundinna trygginga, þar sem bótaupphæðir eru hækkaðar verulega. Þykir því rétt að setja ákvæði í siglingalögin, er segi, að bætur vegna þeirrar tryggingar séu fullnaðarbætur, enda er óhjákvæmilegt, að samræmi sé milli siglingalaganna og tryggingalaganna um þessi efni.

Enn fremur þykir ástæða til að taka skýrar fram við hverja hin hlutlæga ábyrgð getur átt, þ. e. þá menn, sem ráðnir eru í skiprúm hjá útgerðarmanni.

Nd. 199. Nefndarálit [108. mál]

um frv. til laga um undirbúning þörungavinnslu að Reykhólum.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og orðið sammála um að mæla með samþykkt þess óbreytts. Bjarni Guðnason var fjarstaddur við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 16. des. 1972.

Eðvarð Sigurðsson, form.	Pétur Pétursson, fundaskr.	Jónas Jónsson, frsm.
Þórarinn Þórarinsson.	Gunnar Thoroddsen.	Lárus Jónsson.

Nd. **200. Frumvarp til laga** [133. mál]

um ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabanka Íslands um nýtt gengi íslenzskrar krónu.

(Lagt fyrir Alþingi á 93. löggjafarþingi, 1972.)

1. gr.

Hafi innflytjandi vöru afhent skjöl til tollmeðferðar fyrir 18. desember 1972, sem eru að öllu leyti fullnægjandi til þess að hægt sé að tollafgreiða hana þegar í stað, þá skal miða gjöld af henni við það gengi, sem í gildi var, er bankar lokuðu 15. desember 1972 (gamla gengið), en þó því aðeins, að tollafgreiðslu sé lokið fyrir 30. desember 1972.

Tollafgreiða skal vöru, sem afhent hefur verið innflytjanda með leyfi tollyfirvalda gegn tryggingu fyrir greiðslu aðflutningsgjalda (sbr. 15. gr. tollskrárlaga), á grundvelli gamla gengisins, enda eigi fullnaðartollafgreiðsla sér stað fyrir febrúarlok 1973.

2. gr.

Þá er skilað er til banka gjaldeyri fyrir útfluttar sjávarafurðir framleiddar fyrir 1. janúar 1973, skal hann greiddur útflytjanda á gamla genginu. Ríkisstjórnin kveður nánar á um, til hvaða afurða þetta ákvæði skuli taka, og eru ákvarðanir hennar þar að lútandi fullnaðarúrskurðir.

Mismunur andvirðis skilaðs gjaldeyris á gamla genginu og andvirðis hans á hinu nýja gengi, skv. 1. málsgr., skal færður á sérstakan reikning á nafni ríkissjóðs í Seðlabankanum. Fé, sem á reikninginn kemur, skal ráðstafað af ríkisstjórninni í þágu sjávarútvegsins og sjóða hans.

Ríkisstjórninni er heimilt að ákveða, að þá er skilað er til banka gjaldeyri fyrir útfluttar iðnaðarvörur framleiddar fyrir 1. janúar 1973, skuli hann greiddur útflytjanda á gamla genginu. Ríkisstjórnin kveður nánar á um, til hvaða vara þetta ákvæði skuli taka, og eru ákvarðanir hennar þar að lútandi fullnaðarúrskurðir. Mismunur andvirðis skilaðs gjaldeyris á gamla genginu og andvirðis hans á hinu nýja gengi, skv. þessari málsgr., skal færður á sérstakan reikning á nafni ríkissjóðs í Seðlabankanum.

Ríkisstjórninni er heimilt að ákveða, að gengismismunur, sem myndast kann við kaup á gjaldeyri eftir gildistöku þessara laga vegna verksamninga við erlenda aðila, að því leyti, sem verkin hafa verið unnin fyrir setningu þessara laga, skuli færður á sérstakan reikning ríkissjóðs við Seðlabankann.

Fé, sem fært er á reikninga ríkissjóðs skv. 3. og 4. málsgr., skal ráðstafað af ríkisstjórninni í þágu iðnaðarins og sjóða hans.

3. gr.

Annar málsliður 1. gr. laga nr. 20 16. apríl 1962 um breyting á lögum nr. 10 29. marz 1961, um Seðlabanka Íslands, orðist svo:

Kaup- og sölugengi má ekki vera meira en 2¼% undir eða 2¼% yfir stofngengi.

4. gr.

Á gengisbreytingarreikning við Seðlabankann, sem stofnaður var skv. 5. gr. laga nr. 69 frá 25. nóvember 1967, skal færa þann gengismun, er verður vegna gengisbreytingarinnar hjá einstökum bönkum á grundvelli gengismunar milli gamla gengisins og þess gengis, er skráð verður, er bankar opna á ný eftir gengisbreytinguna (nýja gengið). Við útreikning á þessum gengismun skal taka tillit til allra eigna og skulda viðkomandi banka í erlendum gjaldeyri, þá er hið nýja gengi tekur gildi. Færslur þær, sem af þessum ástæðum þurfa að eiga sér stað milli Seðlabankans og bankanna, skulu jafnast með verðbréfakaupum eða öðrum eignatilfærslum, eftir því

sem nánar verður um samið milli þessara aðila. Innstæður og skuldir í krónum á nafni erlendra aðila, sem gengistryggðar eru með sérstökum samningi, þar með taldir skuldareikningar ríkissjóðs gagnvart alþjóðastofnunum og innstæður Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins, teljast erlendur gjaldeyrir í þessu sambandi, og sama gildir um gulleign Seðlabankans, sérstök dráttarréttindi og mótvirði þeirra.

Nú hefur bankaábyrgð til handa erlendum aðila verið greidd erlendis, en ekki greidd í íslenzkum banka fyrr en eftir að hið nýja gengi tekur gildi, og skal hún þá gerð upp á hinu nýja gengi. Ákvæði þetta gildir ekki um gjaldfallnar greiðslufrestsábyrgðir, þegar skjöl hafa verið afhent innflytjanda fyrir gengisbreytinguna. Gengismunur, er til verður vegna ákvæðis þessarar málsgreinar, skal færður á gengisbreytingarreikning, sbr. 1. málsgr.

5. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að setja með reglugerð eða á annan hátt nánari fyrirmæli um framkvæmd laga þessara.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Hinn 17. desember 1972 gaf Seðlabanki Íslands út tilkynningu um nýtt gengi íslenzkrar krónu, er taki gildi, er gjaldeyrisviðskipti hefjast á ný, en stefnt er að því að það geti orðið þriðjudaginn 19. desember 1972.

Ýmis framkvæmdaatriði, er leiða beint af gengisbreytingunni, er nauðsynlegt að lögfesta, m. a. svo ekki sé um að ræða nein vafaatriði, þegar gjaldeyrisviðskipti hefjast á grundvelli hins nýja gengis.

Athugasemdir við einstakar greinar.

Um 1. gr.

Í greininni eru settir frestir, svo sem venja hefur verið við fyrri gengisbreytingar. Að öðru leyti gilda almenn ákvæði tollskrárlaga um tollmeðferð skjala, eftir að hið nýja gengi hefur tekið gildi.

Um 2. gr.

Ákvæði sama efnis og eru í þessari grein hafa verið sett í lög við gengisbreytingar 1967 og 1968, nema að því er til iðnaðarvara tekur. Framleiðsla iðnaðarvara til útflutnings hefur aukizt verulega eftir 1968 og má ætla, að allverulegar birgðir þeirra séu til í landinu. Er þá eðlilegt, að ríkisstjórnin hafi heimild til sams konar ráðstafana þeirra vegna og varðandi sjávarafurðir.

Ekki þykir tilefni til að lögfesta hliðstæð ákvæði um afurðir landbúnaðar, og afreiknast þær því strax á hinu nýja gengi. Er það hliðstæð framkvæmd og var við gengisbreytinguna 1968.

Í 4. málsgrein er ákvæði hliðstæðs efnis og er að finna í 3. málsgr. 5. gr. laga nr. 74/1968 um sérstakt gengisuppgjör vegna verksamninga við erlenda aðila. Er nú lagt til, að gengismismunurinn fari á sérstakan reikning ríkissjóðs við Seðlabankann og honum ráðstafað á sama hátt og gert er ráð fyrir um gengismismun iðnaðarvara.

Um 3. gr.

Flestar þjóðir heims hafa nú með leyfi Alþjóðagjaldeyrissjóðsins tekið upp 2.25% frávik til hvorrar áttar frá stofngengi. Er ákvæði um þetta tekið upp að beiðni bankastjórnar Seðlabankans til breytingar á lögum bankans, en þau hafa byggt á 1% fráviki til hvorrar áttar.

Um 4. gr.

Ákvæði hliðstæðs efnis er að finna í 5. gr. laga nr. 69 frá 25. nóvember 1967 og 5. gr. laga nr. 74 frá 12. nóvember 1968, og er hér gert ráð fyrir alveg sömu framkvæmd og áður um meðferð gengismunar við gjaldeyrisbankana. Þó er það nýmæli, að innstæður Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins skuli gengisbættar, sbr. ákvæði um gengistryggingu í lögum hans.

Um 5. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Sþ. 201. Nefndarálit [1. mál]

um framlög til flóabáta og vöru- og fólksflutninga.

Frá samvinnunefnd samgöngumála.

Samvinnunefnd samgöngumála hefur unnið að tillögugerð um framlög ríkissjóðs til flóabáta og vöruflutninga. N. hefur haft samráð við forstjóra Skipaútgerðar ríkisins. Hann hefur að venju aflað upplýsinga um rekstur einstakra flóabáta. Í ljós hefur komið, að útgerðarkostnaður bátanna hefur aukizt mjög mikið, enda hafa fargjöld eigi hækkað s. l. tvö ár. N. hafði því samráð við viðkomandi ráðuneyti um, að farmgjöld og fargjöld yrðu hækkuð a. m. k. um 15% og fargjöld milli Reykjavíkur og Akraness yrðu hækkuð um 20%. Þrátt fyrir þessa hækkun, sem ætlazt er til, að ráðuneytið hlutist til um, að framkvæmd verði, hefur n. neyðzt til að hækka framlög til flóabátanna. Tillögur n. eru við það miðaðar, að tryggt sé, að haldið verði uppi nauðsynlegum samgöngum milli héraða í landinu og til einstakra byggðarlaga, þar sem örðugleikar eru á samgöngum.

Undanfarin ár hefur styrkur verið veittur til nokkurra snjóbifreiða. Þeim umsóknum hefur farið fjölgandi. Viðkomandi byggðarlög telja brýna nauðsyn bera til þess, að rekstur snjóbifreiða sé styrktur af almannafé, m. a. vegna þess, að víða vantar héraðslækna, og það getur því verið lífsnauðsyn, að byggðarlögin hafi ráð á snjóbifreið, ef flytja þarf sjúkling eða sækja lækni. Nefndin hefur því eigi séð sér annað fært en að leggja til, þar sem staðhættir eru slíkir, að rekstur snjóbifreiða verði styrktur um 100—120 þús. á bifreið. Eru það eigi háir styrkir, þegar þess er gætt, að kaupverð snjóbifreiða mun vera um 1 millj. kr., auk þess sem rekstrarkostnaður og fyrning nemur verulegum fjárhæðum.

Norðurlandssamgöngur.

Norðurlandsbáturinn Drangur heldur aðallega uppi vetrarferðum um farsvæði sitt. Síðan kaupstaðirnir Ólafsfjörður og Siglufjörður fengu akvegasamband, þurfa þeir aðeins á ferðum bátsins að halda að vetrarlagi. Í vetur hafa verið mikil snjóalög fyrir norðan, þannig að Drangur hefur reynzt þessum kaupstöðum mjög nauðsynlegur. Báturinn heldur einnig uppi ferðum til Grímseyjar og fleiri staða norðaustanlands. Samkvæmt rekstrarreikningi bátsins virðist óhjákvæmilegt að hækka framlag til hans frá því, sem var s. l. ár, og leggur n. til, að framlagið hækki úr 3 millj. í 4½ millj. Lagt er til, að styrkur til flugferða til Grímseyjar hækki um 50 þús. kr. N. leggur enn fremur til, að veittar verði 200 þús. kr. til Strandabáts. Þessi bátur annast farþega og póstflutninga milli Hólmavíkur, Djúpuvíkur og Gjögurs í Árneshreppi.

Lagt er til, að Hríseyjarbátur fái 300 þús. kr. í rekstrarstyrk og 200 þús. kr. í stofnstyrk. Enn fremur er lagt til, að styrktur verði rekstur nokkurra snjóbifreiða í Norðlendingafjórðungi.

Austfjarðasamgöngur.

Lagt er til, að framlag til Mjóafjarðarbáts hækki um 70 þús. kr. Mikið gagn hefur orðið af rekstri snjóbifreiða á Austfjörðum vegna læknisþjónustu og til reglubundinna ferða yfir snjóþunga fjallvegi. Nefndin leggur því til, að veittir verði rekstrarstyrkir til allmargra snjóbifreiða í þeim fjórðungi.

Suðurlandssamgöngur.

Vöruflutningar til hinna hafnlausu byggðarlaga í V.-Skaftafellssýslu eru mjög kostnaðarsamir, og hafa þeir því verið greiddir nokkuð niður undanfarin ár. Til þessara vöruflutninga voru veittar 1300 þús. kr. s. l. ár. Nefndin leggur til, að þessi styrkur verði hækkaður um 200 þús. kr. og verði 1.5 millj. árið 1973. Til vatnadreka á Skeiðará leggur n. til, að veittar verði 90 þús. kr. og framlög til Vestmannaeyjabáts hækki um 100 þús. kr. og verði 800 þús. kr.

Faxaflóasamgöngur.

Rekstur Akraborgar, sem heldur uppi ferðum milli Akraness og Reykjavíkur, hefur reynzt fjárhagslega örðugur. Horfur eru á, að svo verði einnig á næsta ári. Nefndin ætlast til, að fargjöld hækki um 20% frá næstu áramótum að telja, en þrátt fyrir það telur hún óhjákvæmilegt að hækka rekstrarstyrk Akraborgar um 1300 þús. kr. eða úr 5.2 millj. í 6.5 millj. Akraborgin hefur mjög litla vöruflutninga, tekjur hennar eru aðallega af fólksflutningum. Deila má um, hvort rétt sé að hafa jafnstórt og dýrt skip í rekstri milli nefndra staða, en eigi hefur orðið samkomulag í nefndinni að gera á því róttækar breytingar.

Breiðafjarðarsamgöngur.

Flóabáturinn Baldur í Stykkishólmi á alltaf í fjárhagserfiðleikum. Verulegar skuldir hvíla á skipinu og verkefnin eru of lítil. Hins vegar virðist óhjákvæmilegt að hafa bát til vöru- og fólksflutninga á Breiðafirði, en þörf væri á, að athugun færi fram á því, hvort báturinn gæti eigi haft meiri verkefni. Reynist slíkt ekki gerlegt, væri athugandi, hvort eigi mætti komast af með bát, sem væri ódýrari í rekstri. Þyrfti slík athugun að fara fram á vegum ráðuneytisins eða hún yrði framkvæmd af einstökum mönnum, sem til þess væru valdir. Báturinn fékk 5 millj. kr. í rekstrarstyrk og 2 millj. í byggingarstyrk á s. l. ári, en nefndin álítur óhjákvæmilegt, að á næsta ári fái hann 8 millj. kr. í rekstrarstyrk og 2 millj. kr. í byggingarstyrk.

Vestfjarðasamgöngur.

Djúpbáturinn Fagranes heldur uppi ferðum um Ísafjarðardjúp og til kauptúnanna í V.-Ísafjarðarsýslu, m. a. vegna mjólkurflutninga, þegar eigi er bílfært. Báturinn virðist vel rekinn. Hann fékk 3.5 millj. í rekstrarstyrk á síðustu fjárl., en það reyndist fulllítill styrkur. Leggur n. því til, að hann fái 4.5 millj. kr. í rekstrarstyrk og 100 þús. kr. vegna mjólkurflutninga úr Dýrafirði gegn því, að báturinn fari tvær ferðir í viku, þegar þess gerist þörf vegna mjólkurflutninga.

Nefndinni þykir leitt, hve framlög til báta hafa hækkað, en hún sér eigi fært að hafa tillögur sínar lægri, vegna þess að allur rekstrarkostnaður við bátana hefur stórhækkað s. l. tvö ár, og nemur sá kostnaðarauki 40—60%.

Nefndin vill taka fram, að skilyrði fyrir því, að styrkur þessi verði veittur og greiddur, er, að rekstri bátanna verði hagað þannig í samráði við viðkomandi ráðuneyti, að þjónustan við hinar dreifðu byggðir verði sem fullkomnust.

Mjög margir aðilar hafa beðið um rekstrarstyrki til snjóbifreiða. Hefur n. lagt til, að slíkir styrkir verði veittir, þar sem um mikil snjóþyngsli er að ræða, og þá einkum með tilliti til þess, að bifreiðarnar séu notaðar til að greiða fyrir læknisþjónustu.

Samkvæmt þessu leggur samvinnunefnd samgöngumála til, að heildarfjárveiting til flóabáta, snjóbifreiða og vöruflutninga verði á árinu 1973 33 millj. 225 þús. kr., og skiptist sú upphæð þannig:

1.	Norðurlandsbátur	4 500	þús.	kr.
2.	Til Strandaferða	200	—	—
3.	Hríseyjarbátur	300	—	—
	Sami, stofnkostnaður	200	—	—
4.	Grímsey, vegna flugferða	300	—	—
5.	Til snjóbifreiðar í Dalvíkurlæknishéraði	120	—	—
6.	Mjóafjarðarbátur	420	—	—
7.	Snjóbifreið í Vopnafirði	120	—	—
8.	Snjóbifreið á Fjarðarheiði	600	—	—
9.	Snjóbifreið á Fagradal	160	—	—
10.	Snjóbifreið í Oddsskarði	450	—	—
11.	Snjóbifreið í læknishéruðunum á Fljótsdalshéraði	100	—	—
12.	Snjóbifreið í Borgarfirði eystra	120	—	—
13.	Snjóbifreið Stöðvarfjörður—Egilsstaðaflugvöllur	120	—	—
14.	Til vöruflutninga á Suðurlandi	1 500	—	—
15.	Til vatnadreka á Skeiðará	90	—	—
16.	Vestmannaeyjar vegna mjólkurflutninga	800	—	—
17.	H/f Skallagrímur	6 500	—	—
18.	Mýrabátur	25	—	—
19.	Til vetrarflutninga í Breiðavíkurhreppi	75	—	—
20.	Stykkishólmsbáturinn Baldur	8 000	—	—
	Sami, byggingarstyrkur	2 000	—	—
21.	Langeyjarnesbátur	160	—	—
22.	Snjóbifreið í A.-Barðastrandarsýslu	100	—	—
23.	Til vetrarflutninga í V.-Barðastrandarsýslu	385	—	—
24.	Dýrafjarðarbátur	90	—	—
25.	Snjóbifreið um Botnsheiði	150	—	—
26.	Djúpbáturinn h/f — Fagranes	4 500	—	—
	Sami, vegna mjólkurfl. úr Dýrafirði	100	—	—
27.	Snjóbifreið í Þórshafnarhéraði	100	—	—
28.	Til vetrarflutninga í Haukadal	50	—	—
29.	Snjóbifreið á Akureyri	120	—	—
30.	Vetrarflutningar á Lónsheiði	120	—	—
31.	Snjóbifreið, Axafjörður—Kópasker	200	—	—
32.	Snjóbifreið á Hólmavík	150	—	—
	Sama, stofnstyrkur	200	—	—
33.	Snjóbifreið í Hálshreppi, S.-Þing.	100	—	—
	Samtals	33 225	þús.	kr.

Björn Jónsson var ekki viðstaddur afgreiðslu málsins.

Alþingi, 14. des. 1972.

Björn Pálsson, form. Nd.-nefndar.	Garðar Sigurðsson, fundaskr. Nd.-nefndar, með fyrirvara.	Páll Þorsteinsson, fundaskr. Ed.-nefndar.
Stefán Valgeirsson, frsm.	Helgi F. Seljan.	Ásgeir Bjarnason.
Ásgeir Pétursson.	Steinþór Gestsson.	Pétur Pétursson.
Jón Árm. Héðinsson.	Friðjón Þórðarson.	Karvel Pálmason.
	Sverrir Hermannsson.	

Nd. 202. Frumvarp til laga [134. mál]

um breyting á lögum nr. 30 12. maí 1970, um Húsnæðismálastofnun ríkisins.

(Lagt fyrir Alþingi á 93. löggjafarþingi, 1972.)

1. gr.

1. málsliður 2. mgr. A-liðar 8. gr. laganna orðist svo:

Húsnæðismálastjórn er heimilt, meðan á byggingartíma stendur, að veita framkvæmdalán til byggingarsamvinnufélaga samkvæmt C-lið 29. gr., svo og til byggingarmeistara, byggingarfyrirtækja, sveitarfélaga og annarra byggingaraðila, sem byggja íbúðir, er seldar verði fullgerðar til einstaklinga, sem fullnægja lánareglum húsnæðismálastjórnar.

2. gr.

Á eftir IV. kafla laganna komi nýr kafli, er verði V. kafli, 27.—35. gr., með fyrirsögninni: Um byggingarsamvinnufélög, og breytist núverandi töluröð kafla og greina í samræmi við það þannig, að V.—VI. kafli verða VI.—VII. kafli og 27.—33. gr. verða 36.—42. gr.

3. gr.

27. gr. laganna orðist svo:

Ákvæði þessa kafla taka til sérhvers félags, sem starfar á samvinnugrundvelli með því markmiði að reisa með sem hagfelldustum kjörum íbúðarhús fyrir félagsmenn sína til eigin afnota ásamt öðrum byggingum, sem teljast verða í eðlilegum tengslum við íbúðarhúsnæðið.

Tilgangur byggingarsamvinnufélags getur enn fremur verið eftirfarandi:

a. Að taka til ávöxtunar sparifé félagsmanna, er þeir hyggjast síðar nota til öflunar íbúðarhúsnæðis, sbr. A-lið 29. gr.
b. Að eiga aðild að fyrirtækjum með takmarkaðri ábyrgð, svo sem samvinnusamböndum samkvæmt lögum nr. 46 1937, um samvinnufélög, og hlutafélögum, enda starfi hlutaðeigandi fyrirtæki á sviði byggingariðnaðar eða að öðrum verkefnum, sem mikilvæg verða að teljast fyrir byggingarsamvinnufélagið.
c. Að útvega lán til byggingarframkvæmda þeirra, sem félagið annast.

Félag, sem ákvæði þessa kafla taka til, skal í nafni sínu hafa orðið „byggingarsamvinnufélag“, og jafnframt er öðrum félögum óheimilt að bera slíkt heiti.

4. gr.

28. gr. laganna orðist svo:

Um félagsstofnun, skrásetningu, félagsstjórn og félagsslit byggingarsamvinnufélags fer eftir því, sem við getur átt, eftir ákvæðum laga nr. 46/1937, um samvinnufélög. Lágmarkstala stofnenda skal vera 3‰ af samanlögðum íbúafjölda þeirra sveitarfélaga, sem byggingarsamvinnufélagið nær til, miðað við 1. desember árið á undan, þó aldrei lægri en 15 og eigi hærri en 50.

Óheimilt er að skrásetja byggingarsamvinnufélag, fyrr en samþykktir þess hafa verið staðfestar af félagsmálaráðuneytinu. Skal ráðuneytið gera fyrirmynd að samþykktum, er miði m. a. að því, að ákvæði um réttindi og skyldur einstakra félagsmanna og byggingarflokka, svo og ákvæði um fjárhagsáætlanir og tilhögun byggingarframkvæmda verði sem skýrust.

5. gr.

29. gr. laganna orðist svo:

Byggingarsamvinnufélagi sé aflað fjár:

A. Með frjálsum framlögum hvers félagsmanns í stofnsjóð, unz fjárhæð hans í sjóðnum nemur minnst ⅕ hluta andvirðis þess húsnæðis, sem ákveðið verður, að félagið komi upp fyrir hann. Þegar þessari fjárhæð er náð, fer um rétt félags-

manns til byggingar íbúðar eftir því, sem nánar verður ákveðið í samþykktum félags, enda gangi stofnsjóðsinneign hans upp í byggingarkostnaðinn.

Stofnsjóðsinnstæður skulu ávaxtaðar í innlánsdeild Byggingarsjóðs ríkisins, og skulu þær endurgreiddar með vöxtum og kaupvísitölu í samræmi við ákvæði 3. mgr. 11. gr.

Stofnsjóðsinnstæður falla til útborgunar við andlát félagsmanns, við gjaldþrot og við úrsögn úr félaginu, enda hafi hann fullnægt öllum skuldbindingum sínum við það. Við úrsögn úr félaginu skal félagsmaður þó aldrei fá endurgreidda hærri fjárhæð en innlög að viðbættum almennum sparisjóðsvöxtum hjá Landsbanka Íslands, en mismunur rennur í varasjóð félagsins.

B. Með árlegu gjaldi í rekstrarsjóð félagsins, sem ákveðið skal í samþykktum þess, og sé sjóði þessum varið til að standa straum af rekstrarkostnaði félagsins. Kostnaður við að reisa nýjar byggingar, þar með talinn kostnaður af auknum rekstri, meðan á undirbúningi byggingarframkvæmda, byggingarframkvæmdunum sjálfum og uppgjöri þeirra stendur, telst ekki rekstrarkostnaður í þessu sambandi.

C. Með framkvæmdalánum, sbr. A-lið 8. gr. Íbúðum, sem byggingarsamvinnufélagi er veitt framkvæmdalán til, skal að jafnaði skila fullgerðum, en þó skal húsnæðismálastjórn veita undanþágu frá því skilyrði, ef tryggilega er kveðið á um, hvernig lokafrágangi skuli hagað.

D. Með sölu veðskuldabréfa til veðdeildar Landsbanka Íslands, þó ekki yfir 80% af matsverði viðkomandi íbúða. Lán þessi greiðir veðdeildin með veðdeildarbréfum, sem nánar skal kveðið á um í reglugerð, sbr. 7. gr. laga nr. 11 1961, um Landsbanka Íslands. Um skiptingu láns milli félagsmanna fer eftir ákvæðum samþykkta félagsins. Hver félagsmaður er ábyrgur fyrir sínum hluta lánsins.

Nú hefur félagsmaður lagt fram fé í stofnsjóð samkvæmt A-lið með reglubundnum hætti um a. m. k. þriggja ára skeið, áður en byggingarframkvæmdir hefjast, og samanlögð fjárhæð þessara innlaga án vaxta nemur a. m. k. 10% af áætluðum byggingarkostnaði, og skal hann þá auk almenns láns samkvæmt 8. gr. eiga rétt á, að Byggingarsjóður ríkisins kaupi af honum veðdeildarbréf samkvæmt þessum staflið fyrir fjárhæð, er sé jafnhá hinum reglubundnu framlögum, þó aldrei meira en 25% af áætluðum byggingarkostnaði. Enginn einstaklingur á rétt á slíku viðbótarláni nema einu sinni. Húsnæðismálastjórn setur nánari reglur um tilhögun framlaga þeirra, er veita þennan rétt.

E. Með varasjóðstillagi, er nemi 1% af byggingarkostnaði hverrar íbúðar. Til varasjóðs skulu enn fremur renna aðrar tekjur byggingarsamvinnufélags en þær, sem samkvæmt ákvæðum laga þessara renna í stofnsjóð eða rekstrarsjóð.

6. gr.

30. gr. laganna orðist svo:

Íbúðir byggingarsamvinnufélaga skulu uppfylla skilyrði húsnæðismálastjórnar um hámarksstærð samkvæmt E-lið 8. gr. Þær skulu gerðar úr varanlegu efni og hafa til að bera venjuleg nútímaþægindi.

Byggingarsamvinnufélag skal gera byggingarsamning við félagsmenn, áður en framkvæmdir hefjast. Í samningnum skal m. a. kveðið á um greiðslutilhögun, afhendingartíma og viðurlög vanefndum. Þar skal enn fremur kveðið á um rétt félagsmanna byggingarflokksins til að fylgjast með framkvæmdum á byggingarstigi og vera með í ráðum. Félagsstjórn úrskurðar um skiptingu byggingarkostnaðar milli einstakra íbúðareigenda í samræmi við ákvæði byggingarsamnings og almennar reglur, ef til eru.

Nú óska fleiri félagsmenn að gerast aðilar að byggingarsamningi en unnt er að sinni, og skal þá umsækjendum raðað eftir því, í hvaða röð þeir uppfylltu skilyrði A-liðar 29. gr. um stofnframlag. Þeim, sem ekki hafa uppfyllt skilyrði þessi, áður

en byggingarsamningur er gerður, skal raðað eftir þeirri röð, er þeir gengu í félagið.

Félagsmaður getur því aðeins gerzt aðili að byggingarsamningi, að hann sé fjárráða og eigi lögheimili innan þeirra sveitarfélaga, sem félagið nær til.

7. gr.

31. gr. laganna orðist svo:

Byggingarsamvinnufélag annast byggingarframkvæmdir í umboði félagsmanna hlutaðeigandi byggingarflokks, þar með talda samningagerð við verktaka og aðra í sambandi við þær. Kemur stjórn félagsins fram fyrir hönd íbúðareigenda í málum, sem rísa kunna í sambandi við framkvæmdirnar, unz íbúðirnar hafa verið afhentar, og heimilt er henni að taka að sér slíkan málarekstur á síðara stigi, ef íbúðareigendur bera fram skriflega beiðni þess efnis. Kostnaður við slík málaferli og úrbætur telst til sameiginlegs kostnaðar félagsmanna í hlutaðeigandi byggingarflokki og skal jafnað niður á íbúðirnar eftir eignarhlutföllum. Heimilt er þó að ákveða, að varasjóður félagsins taki þátt í slíkum kostnaði, allt að þeirri fjárhæð, sem nemur framlagi hlutaðeigandi byggingarflokks til varasjóðs.

Byggingarsamvinnufélag verður ekki krafið skaðabóta af einstökum félagsmönnum eða byggingarflokki, nema tjón verði rakið til mistaka eða vanrækslu stjórnar eða framkvæmdastjóra félagsins.

8. gr.

32. gr. laganna orðist svo:

Ákveðið skal í samþykktum byggingarsamvinnufélags, að enginn, sem fengið hefur íbúð að tilhlutan félagsins, megi selja hana fyrstu fimm árin eftir afhendingu, nema stjórnin hafi áður hafnað forkaupsrétti félagsins vegna, og eigi á þeim tíma leigja nema nokkurn hluta af íbúðinni. Þó getur eigandi að fengnu leyfi stjórnarinnar leigt heila íbúð um stundarsakir, ef sérstaklega stendur á. Söluverð íbúðar, hversu oft sem eigendaskipti kunna að verða, má á 5 ára tímabilinu aldrei vera hærra en kostnaðarverð hennar að viðbættri verðhækkun samkvæmt vísitölu byggingarkostnaðar, en að frádreginni hæfilegri fyrningu samkvæmt mati dómkvaddra manna. Sé um leigu að ræða, ákveður stjórn félagsins, hve há leigan megi vera.

Nú sannast, að félagsmaður hefur selt hús hærra verði en leyfilegt er samkvæmt 1. mgr., og rennur þá sá hluti söluverðsins, sem er umfram hið löglega verð, til félagsins og leggst í varasjóð. Hefur félagið veð fyrir skuldinni í hinni seldu íbúð, næst á eftir áhvílandi veðum, sbr. 33. gr.

Nú neytir stjórn byggingarsamvinnufélags eigi forkaupsréttar, og er þá eiganda heimilt að selja eignina hverjum þeim manni, sem félagsstjórnin samþykkir, en þó verður kaupandi að gerast félagi í byggingarsamvinnufélaginu og hlíta samþykktum þess. Ekkja látins félagsmanns, börn hans og tengdabörn hafa forkaupsrétt að eigninni, enda gerist þau félagsmenn.

9. gr.

33. gr. laganna orðist svo:

Óheimilt er að veðsetja húseignir byggingarsamvinnufélaga fyrir hærri fjárhæð samtals en nemur 80% af brunabótamatsverði þeirra, enda verður eigi gert fjárnám í eignunum fyrir hærri fjárhæð.

10. gr.

34. gr. laganna orðist svo:

Húsnæðismálastofnun ríkisins skal vera stjórnum byggingarsamvinnufélaga til aðstoðar og leiðbeiningar við byggingarframkvæmdir og undirbúning þeirra, sbr. 3. gr. Stofnunin skal m. a. aðstoða við útvegun leigulóða og láta í té teikningar í samræmi við þá grein. Enn fremur skal hún með framkvæmdalánum samkvæmt A-lið 8. gr. stuðla að því, að unnt sé að bjóða út framkvæmdir.

Húsnæðismálastjórn skal hafa öruggt eftirlit með framkvæmdum og húsbyggingum samvinnufélaga. Skal þeim skylt að senda Húsnæðismálastofnuninni ársreikninga sína, og jafnan skal hún hafa aðgang að bókhaldi þeirra. Þá skal hún vinna að því að koma á samræmdum reglum um skiptingu byggingarkostnaðar milli einstakra íbúðareigenda.

11. gr.

35. gr. laganna orðist svo:

Ríkisábyrgðasjóður skal afhenda veðdeild Landsbanka Íslands til vörzlu áhættugjald það samkvæmt 4. gr. laga nr. 37 29. marz 1961, sem inn hefur komið vegna ríkisábyrgðar á íbúðarlánum samkvæmt lögum nr. 36 1952, ásamt vöxtum, er miðist við ávöxtun Ríkisábyrgðasjóðs, en að frádregnum eðlilegum hluta rekstrarkostnaðar og þeim kröfum, sem fallið hafa á sjóðinn vegna ábyrgðar á íbúðarlánum. Nú reynist Ríkisábyrgðasjóður ekki fær um að inna fé þetta af hendi, og skal þá ríkissjóður greiða það, sem á vantar. Fjármálaráðherra setur nánari reglur um uppgjör þetta.

Kröfur, sem falla kunna á ríkissjóð vegna ríkisábyrgðar á íbúðarlánum, skulu greiddar af vörzlufé því, sem nefnt er í 1. mgr. Heimilt er veðdeild Landsbanka Íslands að veita byggingarsamvinnufélögum lán af vörzlufénu til eflingar tækjakosti og hagkvæmni í rekstri gegn tryggingu í eignum hlutaðeigandi félags.

12. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1974. Frá sama tíma falla úr gildi lög nr. 36 1952, um opinbera aðstoð við byggingar íbúðarhúsa í kaupstöðum og kauptúnum. Þau lög gilda þó áfram um íbúðir á vegum byggingarsamvinnufélaga, sem hafizt hefur verið handa um að reisa eða veitt hafa verið lán til með ríkisábyrgð fyrir gildistöku laga þessara.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið af nefnd, sem félagsmálaráðherra skipaði 2. febr. 1972. Fer hér á eftir greinargerð nefndarinnar um störf hennar og efni frumvarpsins.

Greinargerð endurskoðunarnefndar laga um byggingarsamvinnufélög.

I. Inngangur.

Með bréfi, dags. 2. febrúar 1972, skipaði Hannibal Valdimarsson, félagsmálaráðherra, nefnd til þess að endurskoða gildandi löggjöf um byggingarsamvinnufélög. Í nefndina voru skipaðir:

Björn Hermannsson, skrifstofustjóri,
Björn Jónsson, skrifstofumaður,
Guðjón Hansen, tryggingafræðingur,
Hallgrímur Dalberg, skrifstofustjóri, og
Þorvaldur Jóhannesson, skrifstofumaður.

Áður en nefndin hóf störf, óskaði Björn Hermannsson eftir að verða leystur frá þátttöku í störfum hennar, og var Jón Snæbjörnsson, formaður Byggingarsamvinnufélags Reykjavíkur, skipaður í hans stað.

Formaður nefndarinnar var skipaður Guðjón Hansen, en Björn Jónsson var kjörinn ritari.

Nefndin hefur rætt við ráðuneytisstjóra fjármálaráðuneytisins, forstöðumann veðdeildar Landsbanka Íslands og framkvæmdastjóra Húsnæðismálastofnunar ríkisins, og að beiðni hennar hefur félagsmálaráðuneytið aflað upplýsinga um starfsemi byggingarsamvinnufélaga á Norðurlöndum. Nefndin hefur haldið 14 fundi.

II. Löggjöf um byggingarsamvinnufélög og starfsemi þeirra.

Samkvæmt lögum um samvinnufélög getur verksvið slíkra félaga m. a. verið bygging híbýla fyrir fjölskyldur, sbr. 2. gr. laga nr. 46 1937. Löggjafinn hefur þó ekki talið hina almennu löggjöf um samvinnufélög fullnægjandi fyrir þennan þátt samvinnuhreyfingarinnar, þar sem sérstök lagaákvæði hafa verið til um byggingarsamvinnufélög undanfarna fjóra áratugi, árin 1932—1952 sem sjálfstæð lög og síðan sem hluti af stærri heild, þ. e. lögum nr. 36 1952, um opinbera aðstoð við byggingar íbúðarhúsa í kaupstöðum og kauptúnum.

Lögin frá 1952 hafa nú verið felld úr gildi að undanskildum kaflanum um byggingarsamvinnufélög, en í staðinn eru komin lög um Húsnæðismálastofnun ríkisins.

Af því, sem hér hefur verið rakið, sést, að í lagasetningu um húsnæðismál hefur undanfarna áratugi ýmist verið stefnt að heildarlöggjöf eða sérstökum lögum um einstaka þætti. Enn skýrar kemur þetta fram, ef athuguð er löggjöf um verkamannabústaði. Með áðurnefndum lögum frá 1952 voru úr gildi numin lög um verkamannabústaði frá 1935, árið 1962 eru á ný samþykkt sérstök lög um þessa tegund íbúðarbygginga, en þau eru síðan felld úr gildi árið 1970, þegar settur er sérstakur kafli um Byggingarsjóð verkamanna og verkamannabústaði í lögin um Húsnæðismálastofnun ríkisins.

Í upphafi var það ætlun nefndarinnar að semja frumvarp til laga um byggingarsamvinnufélög, en síðan hefur hún hallazt að þeirri skoðun, að eðlilegast sé, að slík lagaákvæði séu að nokkru leyti í lögum um samvinnufélög og að nokkru í lögum um Húsnæðismálastofnun ríkisins.

Samkvæmt yfirliti, sem félagsmálaráðuneytið hefur tekið saman um starfsemi byggingarsamvinnufélaga, hafa alls verið stofnuð 77 slík félög hér á landi, síðan löggjöf var fyrst sett um þetta efni árið 1932. Af þeim virðast 19 ekki hafa hafið starf, og einungis 32 eru nú talin starfandi. Enn fremur hefur starfsemin breytzt, þar sem höfuðverkefnið var í upphafi að reisa íbúðarhús fyrir félagsmenn, en á undanförnum árum hefur starfsemi margra byggingarsamvinnufélaga beinzt að miklu eða öllu leyti að fyrirgreiðslu um ríkisábyrgð á lánum. Verður nánar vikið að þeim þætti í IV. kafla hér á eftir.

Draga verður í efa, að starfsemi byggingarsamvinnufélaga og framkvæmd opinberra aðila á lögum um þau sé lengur að öllu leyti í samræmi við gildandi lagaákvæði Þannig hefur ríkisábyrgð verið veitt án tillits til íbúðarstærðar þrátt fyrir það skilyrði 18. gr. laganna frá 1952, að rúmtak íbúðar fari ekki fram úr 500 tengingsmetrum, og í stað þess að veita ekki ríkisábyrgð vegna stærri íbúða, hefur hámark ríkisábyrgðar verið miðað við þessa stærð. Í öðru lagi er nú veitt ríkisábyrgð á lánum með veði í aldri íbúðum. Og í þriðja lagi má nefna forkaupsréttarákvæðið, sem lítil áhrif hefur í framkvæmd.

Byggingarsamvinnufélög hafa augljósa sérstöðu meðal samvinnufélaga að því leyti, að áhugi einstakra félagsmanna á félagsstarfinu dofnar að jafnaði eða hverfur, um leið og byggingarframkvæmdum þeirra lýkur. Vitahringur verðbólgu og rekstrarfjárskorts veldur einnig erfiðleikum. Rekstrarfjárskorturinn hefur m. a. í för með sér, að erfitt reynist að bjóða út framkvæmdir og standa við áætlanir um byggingartíma, og viðbrögð einstakra félagsmanna við verðhækkunum á byggingartímanum geta ýmist verið þau að vilja hraða framkvæmdum eða draga þær á langinn, svo að erfitt reynist fyrir félagið að samræma sjónarmiðin.

Lítið hefur kveðið að samstarfi byggingarsamvinnufélaga. Þau eiga ekki aðild að Sambandi íslenzkra samvinnufélaga né öðrum fyrirtækjum samvinnusamtakanna.

III. Starfsemi byggingarsamvinnufélaga á Norðurlöndum.

Samkvæmt þeim upplýsingum, sem nefndin hefur aflað sér, kveður mikið að starfsemi byggingarsamvinnufélaga á Norðurlöndum, en sérstök löggjöf um þau hefur hins vegar aðeins verið sett í Noregi.

Norska löggjöfin er tvíþætt, annars vegar lög um byggingarsamvinnufélög (boligbyggelag) og hins vegar lög um leiguréttarfélög (borettslag), en lög þessi eru nátengd og hvor tveggja sett árið 1960. Leiguréttarfélög eru samvinnufélög, sem hafa þann tilgang að eignast húsnæði og leigja það síðan félagsmönnum, og hefur félagsmaður rétt og skyldu til að taka íbúð á leigu hjá félagi sínu. Með byggingarsamvinnufélögum er í hinum norsku lögum átt við samvinnufélög, sem hafa þann tilgang að koma upp húsnæði fyrir hönd félagsmanna, annaðhvort einstaklinga eða leiguréttarfélaga. Auk þess getur tilgangur slíks félags verið að annast rekstur umræddra fasteigna, taka við sparifé frá félagsmönnum og eiga hlut að rekstri félaga með takmarkaðri ábyrgð (þar á meðal hlutafélaga), enda varði sá rekstur starfsemi byggingarsamvinnufélagsins. Löggjöfin miðar að því að tryggja rétt félagsmanna leiguréttar- og byggingarsamvinnufélaga og þeirra, sem við þau skipta, en í henni er ekki fjallað um opinbera aðstoð við félögin eða félagsmenn.

Í danskri löggjöf um íbúðabyggingar er kafli um íbúðabyggingar í almannaþágu, og tekur sá kafli m. a. til starfsemi byggingarsamvinnufélaga, svo framarlega sem húsnæðismálaráðherra hefur staðfest samþykktir þeirra.

Í Danmörku og Svíþjóð eru íbúðabyggingar á félagslegum grundvelli jafnt í höndum byggingarsamvinnufélaga sem annarra aðila (sveitarfélaga og félagssamtaka), en í Finnlandi og Noregi eru þær að mestum hluta í höndum byggingarsamvinnufélaga. Í Finnlandi hefur byggingardeild finnska samvinnusambandsins haft forustu í þessum málum.

IV. Ríkisábyrgð á íbúðarlánum.

Eins og áður er sagt, hefur starfsemi margra byggingarsamvinnufélaga á undanförnum árum verið að miklu leyti fólgin í fyrirgreiðslu um ríkisábyrgð á lánum, og hjá sumum félögum hefur þetta jafnvel verið eina verkefnið.

Ástæður til þess, að húsbyggjendur og kaupendur íbúðarhúsnæðis sækjast eftir ríkisábyrgð á skuldabréfum, eru einkum eftirfarandi:

1. Lífeyrissjóðir og aðrir sjóðir, sem kaupa skuldabréf, setja yfirleitt mun strangari skilyrði um veðrétt, ef um er að ræða veðsetningu án ríkisábyrgðar. Af þessum sökum er lánveiting í mörgum tilvikum undir því komin, að ríkisábyrgð fáist.
2. Með því að bjóða ríkisábyrgð getur lántakandi komizt hjá því að bíða eftir afgreiðslu, unz eign hans hefur verið metin til brunabóta.
3. Þeir, sem grípa til þess ráðs að selja skuldabréf með verulegum afföllum, munu telja sig standa betur að vígi, ef þeir geta boðið fram ríkistryggð bréf.

Fyrirgreiðsla sú, sem hér um ræðir, kostar lántakendur, byggingarsamvinnufélög og opinbera aðila ærna fyrirhöfn og skriffinnsku. Lántakendum er hún einnig dýr, þar sem þeim er gert að greiða þóknun til Ríkisábyrgðasjóðs, þótt ábyrgðir þessar hafi reynzt ríkissjóði áhættulausar. Um ríkisábyrgðir vegna atvinnufyrirtækja gegnir allt öðru máli, og má því segja, að húsbyggjendur hafi að verulegu leyti verið látnir bera þau skakkaföll, sem ríkissjóður hefur orðið fyrir á þessu sviði.

Sú spurning vaknar, hver þörf sé fyrir þessar ríkisábyrgðir á íbúðalánum, fyrst reynslan hefur sýnt, að áhætta af þeim er engin eða nær engin. Vafalaust gæti fjármálaráðuneytið dregið til muna úr þessari þörf með því að beita áhrifum sínum í þá átt, að lífeyrissjóðir rýmkuðu nokkuð kröfur sínar um veðrétt, er þeir veita lán. Alger niðurfelling ríkisábyrgða yrði hins vegar mörgum lántakendum til baga þrátt fyrir slíkar breytingar.

Í bréfi til bankastjórnar Landsbanka Íslands, dags. 17. febrúar 1972, hefur fjármálaráðuneytið látið í ljós ósk um að losna undan útgáfu ríkisábyrgða á lánum byggingarsamvinnufélaga. Í bréfinu er jafnframt varpað fram þeirri hugmynd, að veðdeild Landsbanka Íslands taki við þessu hlutverki og enn fremur verði byggingarsamvinnufélög að verulegu leyti losuð við þá fyrirhöfn, sem þau hafa nú sem milliliður í þessari fyrirgreiðslu, þar sem það verði ekki lengur skilyrði, að lántakandi gerist félagi í byggingarsamvinnufélagi. Ef hugmynd þessi næði fram að ganga, yrði óþarft að veita mönnum aðgang að byggingarsamvinnufélögum, ef tilgangurinn væri sá einn að fá slíka fyrirgreiðslu.

V. Athugasemdir við meðfylgjandi lagafrumvarp.

A. Almennar athugasemdir.

Í meðfylgjandi lagafrumvarpi er gert ráð fyrir, að lagaákvæði um byggingarsamvinnufélög verði sérstakur kafli í lögum um Húsnæðismálastofnun ríkisins við hlið kaflans um Byggingarsjóð verkamanna og verkamannabústaði, en jafnframt verði um ýmis atriði skírskotað til laga um samvinnufélög. Telur nefndin ávinning að því, að húsnæðismálalöggjöfin verði þannig sem heilsteyptust, enda sé góð samvinna milli byggingarsamvinnufélaga annars vegar og Húsnæðismálastofnunarinnar og Byggingarsjóðs ríkisins hins vegar nauðsynleg.

Samkvæmt frumvarpinu verða byggingarsamvinnufélög hér eftir sem hingað til og með sama hætti og önnur samvinnufélög öllum opin án tillits til efnahags, þótt verkefni þeirra verði að koma upp íbúðum af hóflegri stærð. Á hinn bóginn er gert ráð fyrir, að byggingarsamvinnufélögin hætti að vera milliliður í sambandi við ríkisábyrgðir fyrir þá, sem sjálfir byggja eða kaupa íbúðir, og veðdeild Landsbanka Íslands taki við verkefni þeirra aðila, sem um ábyrgðir þessar hafa fjallað. Fellst nefndin í þessu efni á áðurnefnd sjónarmið fjármálaráðuneytisins, enda verði séð svo um, að útgáfu veðdeildarbréfa vegna félagsmanna byggingarsamvinnufélaga verði hagað með tilliti til þarfa þeirra á sama hátt og nú er gert af félögunum. Þessi breyting á framkvæmd ríkisábyrgðar mun hafa í för með sér mikla fækkun félagsmanna margra byggingarsamvinnufélaga, og sum þeirra munu vafalaust hætta starfsemi.

Aðrar helztu breytingar, sem í frumvarpinu felast, eru þessar:

1. Sett eru skýrari ákvæði um tilgang og afmörkun verksviðs byggingarsamvinnufélaga.
2. Kveðið er nánar en áður á um réttindi og skyldur félagsmanna gagnvart félagi sínu. Er í því efni stuðzt við reynslu og ábendingar forsvarsmanna byggingarsamvinnufélaga og annarra, er nefndin hefur rætt við. Jafnframt gerir hún ráð fyrir, að við endurskoðun félagsmálaráðuneytisins á fyrirmynd að samþykktum verði þessu efni í ýmsum atriðum gerð fyllri skil.
3. Gert er ráð fyrir, að stofnsjóðsinnstæður verði ávaxtaðar í Byggingarsjóði ríkisins, njóti þar vísitölutryggingar og veiti með tilteknum skilyrðum rétt til viðbótarlána úr sjóðnum.
4. Felld er niður samábyrgð félagsmanna í sambandi við veðlán, og í stað þess er gert ráð fyrir, að hver félagsmaður sé ábyrgur fyrir sínum hluta láns.
5. Dregið er stórlega úr þeim kvöðum, sem á íbúðum félagsmanna hvíla í sambandi við sölu og leigu.
6. Gert er ráð fyrir sérstöku varasjóðstillagi til eflingar fjárhag og starfsemi félaganna.
7. Lagt er til, að sá hluti Ríkisábyrgðasjóðs, sem til hefur orðið vegna ábyrgðargjalda af íbúðalánum, verði notaður til útlána til byggingarsamvinnufélaga í því skyni að bæta rekstraraðstöðu þeirra.
8. Kveðið er á um skyldur Húsnæðismálastofnunar ríkisins til að veita byggingarsamvinnufélögum aðstoð í starfi þeirra og hafa eftirlit með starfseminni.

B. Athugasemdir við einstakar greinar.

Um 1. gr.

Í grein þessari felst sú breyting, að um framkvæmdalán til byggingarsamvinnufélaga er vísað til ákvæða 5. gr. frumvarpsins um fjáröflun þeirra, sbr. athugasemdir við C-lið þeirrar greinar.

Um 2. gr.

Um grein þessa skírskotast til almennra athugasemda hér að framan.

Um 3. gr.

Ákvæði 1. mgr. um, að jafnframt íbúðarhúsnæði megi byggingarsamvinnufélag reisa aðrar byggingar, sem teljast vera í eðlilegum tengslum við íbúðarhúsnæðið, er í samræmi við nútíma þróun í skipulagningu íbúðarhverfa. Þar sem um er að ræða húsnæði, sem verður áfram sameign íbúðareigenda, er ekki gert ráð fyrir, að byggingarsamvinnufélagið sjái um leigu þess eða rekstur, heldur taki hlutaðeigandi húsfélag við því verkefni.

Í b-lið 2. mgr. er kveðið á um heimild byggingarsamvinnufélags til samstarfs um atvinnurekstur við aðra aðila, fyrst og fremst önnur byggingarsamvinnufélög og önnur samvinnufélög. Auk verkefna í sambandi við byggingarframkvæmdir hefur verið bent á þörf fyrir íbúðamiðlun á vegum félaganna, og mundi sú starfsemi falla undir ákvæði þessa stafliðar.

Um 4. gr.

Í stað 13. og 14. gr. laga nr. 36/1952 er hér látið nægja að vísa til laga um samvinnufélög í sambandi við stofnun byggingarsamvinnufélags. Síðarnefnda greinin fjallar um þá forgöngu, sem sveitarstjórn getur haft um félagsstofnun. Mun það lagaákvæði lítið hafa verið notað, enda virðist ekki þörf sérákvæða í lögum til þess, að sveitarstjórn geti beitt sér fyrir stofnun byggingarsamvinnufélags.

Um 5. gr.

Frá upphafi hefur myndun stofnsjóðs með frjálsum framlögum félagsmanna verið eitt af grundvallaratriðum lagasetningar um byggingarsamvinnufélög. Sökum verðbólguþróunar undanfarinna áratuga hefur raunin hins vegar orðið sú, að framlög eiga sér yfirleitt ekki stað, fyrr en byggingarframkvæmdir hefjast. Ákvæðum A-liðar um vísitölutryggingu stofnsjóðsinnstæðna er ætlað að verða félagsmönnum hvatning til að hefja fyrr fjárhagslegan undirbúning, þeim sjálfum og félagi þeirra til gagns. Jafnframt eru í D-lið ákvæði um viðbótarlán úr Byggingarsjóði ríkisins til þeirra, sem leggja fé í stofnsjóð með reglubundnum hætti. Reynslan sker úr um það, hve almennt félagsmenn notfæra sér þessi ákvæði, en fullvíst er, að þau mundu treysta mjög starfsgrundvöll byggingarsamvinnufélaga, ef verulegar stofnsjóðsinnstæður væru fyrir hendi þegar á undirbúningsstigi framkvæmda. Í frumvarpinu er ekki gert ráð fyrir, að Byggingarsjóður ríkisins fái bætt vaxtatap af völdum vísitölutryggingarinnar.

Ákvæði B-liðar um, að reikna skuli til byggingarkostnaðar þann hluta rekstrarkostnaðar, sem á hverjum tíma stafar beinlínis af byggingarframkvæmdum, mun vera í samræmi við þá framkvæmd, sem nú tíðkast í þessu efni.

Í C-lið felst það nýmæli, að veita megi framkvæmdalán, þótt íbúðum sé ekki skilað fullgerðum. Telja forsvarsmenn byggingarsamvinnufélaga þá tilhögun æskilega.

Um fyrri málsgrein D-liðar skírskotast til almennra athugasemda hér að framan.

Varasjóðstillagi því, sem kveðið er á um í E-lið, er ætlað að bæta nokkuð fjárhagsstöðu byggingarsamvinnufélaga, m. a. með tilliti til ófyrirsjáanlegra áfalla. Er ljóst, hverjum erfiðleikum eðlilegur rekstur hlýtur að vera bundinn fyrir félag, sem engan varasjóð á.

Um 6. gr.

Í núgildandi lögum er ákvæði um hámarksstærð íbúða byggingarsamvinnufélaga án tillits til fjölskyldustærðar, en hér er lagt til, að fylgt verði skilyrðum húsnæðismálastjórnar um þetta atriði. Ákvæðum 2. og 3. mgr. er ætlað að draga úr vafa um rétt og skyldur félagsmanna í sambandi við byggingarframkvæmdir, en gera má ráð fyrir, að nánari ákvæði um þetta efni verði sett í fyrirmynd að samþykktum.

Um 7. gr.

Með greininni er leitazt við að draga úr óvissu um bótaskyldu byggingarsamvinnufélaga gagnvart einstökum félagsmönnum, en félögin telja réttarstöðu sína ekki nógu ljósa að þessu leyti. Í ákvæðum greinarinnar mun felast nokkur takmörkun á núverandi bótaskyldu, og jafnframt ætti ákvæði E-liðar 5. gr. um varasjóðstillag að gera félögin færari um að standast skakkaföll af þessu tagi.

Um 8. gr.

Lagt er til, að forkaupsréttarkvöð sú, sem samkvæmt gildandi lögum er á íbúðum félagsmanna, falli niður 5 árum eftir afhendingu íbúðar. Er tilgangur þessarar tímabundnu kvaðar sá að koma í veg fyrir þátttöku manna, sem ætla sér að selja íbúðir sínar að byggingu lokinni eða jafnvel fyrr í stað þess að nota þær sjálfir.

Um 9. gr.

Í greininni felst sú breyting, að í stað kostnaðarverðs er hámark veðsetningar miðað við brunabótamatsverð.

Um 10. gr.

Eðlilegt virðist, að aðstoð við byggingarsamvinnufélög og eftirlit með þeim, sem nú er að mestu í höndum félagsmálaráðuneytisins, en einnig að nokkru leyti í höndum fjármálaráðuneytisins, verði falið þeirri stofnun, sem nú fer með húsnæðismál af hálfu ríkisvaldsins.

Um 11. gr.

Með greininni er lagt til, að byggingarsamvinnufélög njóti í formi lána góðs af því fé, sem félagsmenn þeirra hafa á undanförnum árum greitt til Ríkisábyrgðasjóðs. Gæti félögunum orðið að þessu nokkur stuðningur, einkum meðan varasjóðir þeirra eru litlir sem engir.

Um 12. gr.

Æskilegast væri að láta nýja löggjöf gilda jafnt um nýjar sem eldri íbúðir á vegum byggingarsamvinnufélaga. Af lagalegum ástæðum er sú leið þó ekki talin fær.

Reykjavík, 13. október 1972.

Guðjón Hansen. Hallgrímur Dalberg. Jón Snæbjörnsson.
Þorvaldur Jóhannesson. Björn Jónsson.

Undirritaðir nefndarmenn óska að taka eftirfarandi fram, til viðbótar við meðfylgjandi tillögur og greinargerð:

Við teljum, að tillögur þær, sem nefndin hefur orðið sammála um, miði allar í rétta átt og séu til bóta frá því, sem verið hefur. Við álítum hins vegar, að frekari breytinga sé þörf en hér er gert ráð fyrir, til að aðstoða efnalítið fólk, sem þó vill hjálpa sér sjálft, við að eignast eigin íbúðarhúsnæði, án þess að til komi veruleg aðstoð opinberra aðila í formi mjög langra lána. Við lögðum því til í nefndinni, að Seðlabanka Íslands eða Byggingarsjóði ríkisins verði gert skylt að kaupa árlega ákveðna upphæð af veðdeildarbréfum, t. d. 75 millj. kr., af félagsmönnum byggingar-

samvinnufélaga, sem oft lenda í vandræðum með að fullgera íbúðir sínar og verða því iðulega að búa í þeim ófullgerðum um nokkurra ára bil eða geta ekki gert upp byggingarreikning sinn við viðkomandi byggingarsamvinnufélag. Sjónarmið þetta fékkst ekki viðurkennt í nefndinni, og gerum við því svo hljóðandi viðbótartillögu við D-lið 5. gr. tillagnanna, að á eftir orðunum „um Landsbanka Íslands“ komi:

„Skylt er Seðlabanka Íslands eða Byggingarsjóði ríkisins að kaupa árlega á nafnverði veðdeildarbréf þessi fyrir allt að 75 millj. kr. af félagsmönnum byggingarsamvinnufélaga. Húsnæðismálastofnun ríkisins veitir lán þessi eftir tillögum stjórna byggingarsamvinnufélaga. Lánakjör séu hin sömu og annarra lána húsnæðismálastjórnar, nema hvað lánstími sé 10 ár. Hámark slíkra lána sé kr. 150 000.00. Eigi er heimilt að veita sama aðila slíkt lán nema í eitt skipti.“

Við lítum svo á, að óhjákvæmilegt sé, að framanskráð viðbót verði efnislega tekin upp í væntanlegt lagafrumvarp, eigi það að ná umtalsverðum árangri við að aðstoða ungt og efnalítið fólk í því að eignast eigið íbúðarhúsnæði, en það teljum við aðalhlutverk byggingarsamvinnufélaga.

Við leyfum okkur að treysta því, að hið háa ráðuneyti taki tillögu okkar til greina.

Jón Snæbjörnsson. Þorvaldur Jóhannesson.

Ed. 203. Nefndarálit [32. mál]

um frv. til laga um skipulag á löndun á loðnu til bræðslu.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Sjávarútvegsnefnd hefur athugað frumvarp það, sem hér greinir. Undirritaðir nefndarmenn leggja til, að frumv. verði samþykkt óbreytt eins og það nú liggur fyrir.

Alþingi, 16. des. 1972.

Bjarni Guðbjörnsson, form., frsm. Geir Gunnarsson, fundaskr. Björn Jónsson.

Jón Árm. Héðinsson. Steingrímur Hermannsson. Oddur Ólafsson.

Sþ. 204. Tillaga til þingsályktunar [135. mál]

um félagsheimili.

Flm.: Friðjón Þórðarson, Gunnar Gíslason, Pálmi Jónsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að gera nú þegar ráðstafanir til að inna af hendi hið fyrsta lögboðnar greiðslur til félagsheimila.

Greinargerð.

Samkvæmt lögum um félagsheimili nr. 107 frá 1970 rennur skattur af skemmtunum í félagsheimilasjóð, eftir því sem nánar segir í lögum um skemmtanaskatt.

Verja skal allt að 90% af tekjum sjóðsins til að styrkja byggingu félagsheimila, en 10% skulu renna í menningarsjóð félagsheimila. Skal því fé varið til að stuðla að menningarstarfsemi í félagsheimilunum.

Leyfi menntamálaráðherra þarf til þess að hefja byggingu félagsheimilis, sem njóta á styrks skv. lögum. Ráðherra getur bundið þetta leyfi ýmsum skilyrðum. Staðsetning hússins og teikning er háð samþykki ráðherra. Styrkur til byggingar félagsheimilis má ekki nema hærri fjárhæð en svarar 40% af byggingarkostnaði.

Bygging félagsheimilis er mjög mikið átak og kostar ærið fé. Í slíkt fyrirtæki er því varla ráðizt nema að vel athuguðu máli og í trausti þess, að ekki þurfi að bíða eftir ríkisframlaginu árum saman. Sú hefur þó orðið raunin á, að myndazt hefur langur hali af ógreiddum framlögum til félagsheimila. Veldur það viðkomandi aðilum miklum óþægindum. Úr þessu hefur verið reynt að bæta með útgáfu ríkistryggðra skuldabréfa, sbr. 5. gr. l. nr. 107 frá 1970. Með þeim lögum voru þó jafnframt skertar tekjur til félagsheimilisbygginga, þegar ákveðið var, að 10% teknanna skyldu renna í menningarsjóð félagsheimila. Þeim sjóði skal varið til að stuðla að menningarstarfsemi í félagsheimilum. Gera verður ráð fyrir því, að slík starfsemi geti vart hafizt, fyrr en húsið er fullbyggt. Ber því allt að sama brunni, að félagsheimili þau, sem eru í smíðum, verða að bíða tímunum saman eftir þeim byggingarstyrk, sem þeim hefur heitinn verið, eignaraðilum til óhagræðis og tjóns.

Tillaga þessi er flutt til að vekja athygli á þessu máli og leita úrræða til að hraða umræddum greiðslum og létta því fólki róðurinn, sem vinnur að því að byggja upp aðstöðu til félags- og menningarlífs í byggðum landsins.

Greinargerð um hag félagsheimilasjóðs og framtíðarhorfur er prentuð hér með sem fylgiskjal.

Fylgiskjal.

Félagsheimilasjóður.

Þann 2. maí 1972 barst frá ríkisbókhaldinu uppgjör skemmtanaskatts ársins 1971.

Það ár er hið fyrsta, sem sjóðurinn hlýtur tekjur að 100% af innheimtum skemmtanaskatti heils árs í samræmi við lög frá 4. maí 1970 um skemmtanaskatt (lög nr. 107/1970).

Innheimta á árinu		kr. 27 056 616.30
Innheimtulaun 2%		— 541 132.00
		kr. 26 515 484.30
Endurgreiðslur á skatti samkv. lögum	kr. 7 024 442.20	
Sinfóníuhljómsveit 10%	— 2 651 548.40	
		kr. 9 675 990.60
		kr. 16 839 493.70
Menningarsjóður félagsheimila 10%		— 1 683 949.37
Félagsheimilasjóður		kr. 15 155 544.33

Úthlutun þessara tekna félagsheimilasjóðs hefur farið fram, og að henni lokinni er hagur sjóðsins gagnvart þeim, sem hafa lokið framkvæmdum og sjóðurinn átt óuppgert við 1. jan. 1971, og þeim, sem síðan hafa unnið að smíði félagsheimila, þessi:

1.	Inneign eigendafélaga félagsh. 1/1 '71	kr. 47 104 190.56
2.	Fyrsta greiðsla af fjórum, svo inneigninni sé lokið í des. '74 (úthl. tekna félagsheimilasj. 1971)	— 11 465 732.49
3.	Eftirstöðvar af inneign frá 1/1 '71	kr. 35 638 458.07
4.	Kostnaður á árinu '71 við smíði félagsheimila, sem ólokið var 1/1 '71	— 48 759 145.37
5.	Þátttaka félagsheimilasjóðs í framkvæmdakostnaði 1972	— 19 194 200.00
6.	Úthl. tekna félagsheimilasj. '71 upp í þátt., sem greint er frá undir lið 5	— 3 587 615.82

7.	Aukning inneignar framkvæmdaaðila	kr. 15 606 584.18
8.	Eftirstöðvar inneignar frá 1/1 '71 (sjá lið 3)	— 35 638 458.07
9.	Skuld félagsheimilasj. 1/1 '72	kr. 51 245 042.25
10.	Inneign aðila hefur því frá 1/1 '71 vaxið um	— 4 140 851.69

Framkvæmdakostnaður þeirra aðila, sem 1/1 '71 áttu og eiga enn félagsheimili í smíðum, mun fara minnkandi í ár og tvö næstu ár, en þó mun hann verða það hár, að 1/1 '75, þegar skuld sjóðsins við félagsheimilin frá 1/1 '71 er greidd, verður ógreidd þátttaka sjóðsins um 20.0 millj. kr.

Við þessu var varað, þegar frumvarp til breytinga á lögum um félagsheimili var til umræðu 1970 á Alþingi og samþykkt var að stofna til menningarsjóðs félagsheimila með því að rýra tekjur félagsheimilasjóðs um 10% árlega.

Engin ný félagsheimili hafa verið samþykkt, en í undirbúningi eru um 20.

Tekjur félagsheimilasjóðs af skemmtanaskatti 1973 eru áætlaðar 15.2 millj. kr. (Menningarsjóður félagsheimila er þá undanskilinn, en tekjur hans áætlaðar 1.7 millj. kr.)

Þorst. Einarsson.

Nd. 205. Nefndarálit [95. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum um almannatryggingar, nr. 67 frá 20. apríl 1971.

Frá heilbrigðis- og tryggingarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og fyrirliggjandi umsagnir. Leggur hún til, að það verði samþykkt með svofelldum

BREYTINGUM:

1. Við 2. gr.
   a. 2. málsgr. orðist svo:
      Utan Reykjavíkur skal Tryggingastofnunin hafa umboðsskrifstofur, og fer um staðarval, fyrirkomulag og rekstur eftir ákvörðun tryggingaráðs.
   b. 3. málsgr. orðist svo:
      Í hverju sveitarfélagi, þar sem ekki er umboðsskrifstofa Tryggingastofnunar ríkisins, skal sveitarstjórn heimilt í samráði við tryggingaráð að tilnefna sérstakan trúnaðarmann Tryggingastofnunarinnar, sem annast upplýsingastörf og tengsl íbúa sveitarfélags við umboðsskrifstofu. Tryggingastofnunin ákveður og greiðir þóknun til trúnaðarmanna.
2. Á eftir 24. gr. komi ný grein, sem orðist svo:
   Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1973.
3. Við ákvæði til bráðabirgða bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:
   Heimilt er sjúkrasamlögum að greiða meiri háttar sjúkrakostnað Íslendinga, sem flutzt hafa heim eftir langvarandi búsetu erlendis, til fallinn eftir heimflutninginn, en áður en þeir gátu öðlazt réttindi í sjúkrasamlagi eftir þeim reglum, sem áður giltu.

Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til þess að flytja eða fylgja brtt.

Alþingi, 18. des. 1972.

Jón Skaftason, form., frsm.	Ragnhildur Helgadóttir, fundaskr., með fyrirvara.	Sverrir Hermannsson, með fyrirvara.
Bjarni Guðnason.	Stefán Gunnlaugsson.	Skúli Alexandersson.
	Ingvar Gíslason.	

Nd. 206. Nefndarálit [39. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 87 24. des. 1971, um orlof.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og mælir með samþykkt þess eins og það kom frá hv. Ed. Nefndarmenn áskilja sér þó rétt til þess að flytja eða fylgja brtt.

Alþingi, 16. des. 1972.

Stefán Valgeirsson, form., frsm.	Garðar Sigurðsson, fundaskr.	Ágúst Þorvaldsson.
Gunnar Thoroddsen.	Ólafur G. Einarsson.	Bjarni Guðnason.

Sþ. 207. Tillaga til þingsályktunar [136. mál]

um vantraust á ríkisstjórnina, um þingrof og nýjar kosningar.

Flm.: Jóhann Hafstein, Geir Hallgrímsson, Auður Auðuns, Ásgeir Pétursson, Friðjón Þórðarson, Guðlaugur Gíslason, Gunnar Gíslason, Gunnar Thoroddsen, Halldór Blöndal, Ingólfur Jónsson, Jón G. Sólnes, Lárus Jónsson, Matthías Bjarnason, Matthías Á. Mathiesen, Oddur Ólafsson, Ólafur G. Einarsson, Pálmi Jónsson, Pétur Sigurðsson, Ragnhildur Helgadóttir, Steinþór Gestsson, Sverrir Hermannsson og Þorv. Garðar Kristjánsson.

Alþingi ályktar að lýsa vantrausti á núverandi ríkisstjórn og skorar á forsætisráðherra að leggja til við forseta Íslands, að Alþingi verði rofið og efnt til nýrra almennra kosninga svo fljótt sem við verður komið og eigi síðar en í júnímánuði næstkomandi.

Ed. 208. Nefndarálit [131. mál]

um frv. til l. um breyt. á vegalögum, nr. 23 16. apríl 1970, sbr. lög nr. 98 28. des. 1970.

Frá meiri hl. samgöngumálanefndar.

Nefndin hefur athugað frv. Leggur undirritaður meiri hl. hennar til, að það verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU:

Við 4. gr. Framan við greinina bætist:
88. gr. laganna orðist svo:

Minni hl. (ÁP, StG og JÁH) mun skila sérálitum.

Alþingi, 19. des. 1972.

Björn Jónsson, form., frsm.	Páll Þorsteinsson, fundaskr.	Helgi F. Seljan.
	Ásgeir Bjarnason.	

Ed. 209. Nefndarálit [131. mál]

um frv. til l. um breyt. á vegalögum, nr. 23 16. apríl 1970, sbr. lög nr. 98 28. des. 1970.

Frá minni hl. samgöngunefndar.

Samgöngunefnd hefur rætt frv. á einum fundi og fengið til fundar við sig vegamálastjóra og ráðuneytisstjórann í samgönguráðuneytinu, sem gáfu nefndinni svör við margvíslegum spurningum nefndarmanna.

Minni hl. nefndarinnar telur, að svo langt sé gengið í skattlagningu á bifreiðanotkun og bifreiðakaup, að ekki megi ganga lengra í því efni, þar sem bifreiðin er mikilvægt þjónustutæki alls almennings í landinu, og aukin skattheimta muni því koma harðast niður á þeim, sem sízt hafa bolmagn til að standa hana af sér. Hækkun þessa skatts, tveggja króna hækkun benzíngjalds og tilsvarandi hækkun þungaskatts og gúmmígjalds, mun nema um 230 millj. kr., en þessi breyting mun leiða af sér frekari hækkanir aðrar, sem renna í ríkissjóð, en um þær hækkanir er ekki vitað enn, en líklegt er, að útsöluverð á benzíni verði 20 kr. á lítra. Við viljum minna á það, að ríkisstjórnin hefur nýlega hækkað innflutningsgjald af bifreiðum, og rennur sá skattur beint í ríkissjóð. Auk fyrrnefndrar hækkunar munu bifreiðar hækka enn í stofnkostnaði vegna þeirrar gengislækkunar, sem þegar hefur verið ákveðin. Þannig gefur umferðin meiri tekjur í ríkissjóð en nokkru sinni fyrr. Það er skoðun okkar, og fellur hún saman við skoðun allra þeirra, sem gerðu tekjuöflun vegasjóðs að umræðuefni við gerð vegáætlunar 1971, að ekki væri fært að hækka innflutningsgjald af benzíni til þess að standa undir vaxandi vegaframkvæmdum, heldur yrði að koma til aukið fjárframlag úr ríkissjóði, enda ætti það að vera fært, ef litið væri til þeirra tekna, sem hann hefði í vaxandi mæli tekið til sín af umferðinni.

Nefndin gat ekki náð samstöðu um afgreiðslu frv., og leggur undirritaður minni hl. til, að frv. verði fellt.

Alþingi, 19. des. 1972.

Steinþór Gestsson, frsm. Jón Árm. Héðinsson. Ásgeir Pétursson.

Nd. 210. Nefndarálit [133. mál]

um frv. til laga um ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabanka Íslands um nýtt gengi íslenzkrar krónu.

Frá 1. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Um mál þetta hefur verið fjallað á sameiginlegum fundum fjárhags- og viðskiptanefnda beggja deilda, og fara hér á eftir sjónarmið fulltrúa Sjálfstæðisflokksins í þessum nefndum.

Á undanförnum þremur árum hefur verið eitt mesta góðæri hér á landi, sem sögur fara af. Aflabrögð hafa verið góð og verðlag á útflutningsafurðum landsmanna hærra en nokkru sinni fyrr. Samkvæmt áætlunum opinberra aðila er gert ráð fyrir, að heildarafli muni aukast nokkuð á árinu 1973 og verðlag erlendis enn hækka, þannig að framleiðsluverðmæti sjávarafurða aukist um 10—20% frá árinu 1972. Eigi að síður hefur ríkisstjórnin nú ákveðið að lækka gengið um 11%, og innan ríkisstjórnarinnar hafa verið uppi tillögur um enn meiri gengislækkun, eða allt að 16%.

Sú þróun efnahagsmála, sem leitt hefur til þessarar ákvörðunar, á sér ekki langan aldur. Fyrri hluta árs 1970 voru uppi tillögur af hálfu þáverandi ríkisstjórnar og Seðlabankans um nokkra gengishækkun með tilliti til ört batnandi árferðis, — tillögur, er að vísu náðu ekki fram að ganga vegna andstöðu af hálfu samtaka bæði launþega og vinnuveitanda. Sumarið 1971, er núverandi ríkisstjórn tók við

völdum, taldi hún ástand og horfur efnahagsmála ekki gefa tilefni til gengisbreytingar. Það sama sumar var raunar einnig talið álitamál, hvort ekki bæri að halda verðgildi íslenzku krónunnar gagnvart gulli óbreyttu, eins og flest nágrannalönd okkar í Evrópu gerðu, en þetta hefði falið í sér gengishækkun gagnvart bandarískum dollar, sem er mikilvægasti útflutningsgjaldeyrir landsmanna. Enda þótt annað yrði ofan á, gefur þetta, ásamt áliti hinnar nýju ríkisstjórnar, glöggt til kynna, hvert ástand var sumarið 1971 í þeim þáttum efnahagsmála, sem úrslitum ráða um gengisskráningu. Á því eina og hálfu ári, sem síðan er liðið, hefur að vísu orðið nokkur minnkun á þorskafla, en hún hefur verið vegin upp og meira en það af mikilli og áframhaldandi hækkun útflutningsverðlags, sem gert er ráð fyrir, að enn muni halda áfram á komandi ári.

Skýringu þess, að nú er talið nauðsynlegt að framkvæma gengislækkun, er því eingöngu að finna í þróun þeirra þátta efnahagslífsins, sem eru á valdi landsmanna sjálfra. Í stuttu máli er skýringin sú, að öll stjórn efnahagsmála, en þó einkum stjórn opinberra fjármála, verðlags- og launamála, hefur farið gjörsamlega úr böndunum á þessum þremur missirum. Á þessu getur aðeins einn aðili borið ábyrgð, sú ríkisstjórn, sem með völd fer í landinu.

Þegar augljóst var á s. l. sumri, hvert stefndi í viðskiptajöfnuði landsins og afkomu atvinnuveganna, gerði ríkisstjórnin ráðstafanir til að auka niðurgreiðslur og stöðva frekari hækkun almenns verðlags og kauplags til bráðabirgða. Jafnframt fól hún sérstakri nefnd, efnahagsmálanefnd, að gera tillögur um leiðir og valkosti í efnahagsmálum. Var nefnd þessi skipuð sérfræðingum ásamt fulltrúum þeirra þriggja stjórnmálaflokka, sem að ríkisstjórninni standa. Skilaði nefndin endanlegu áliti í byrjun desember s. l., eins og alkunnugt er.

Í hinu ítarlega og greinargóða áliti efnahagsmálanefndar er að finna námkvæman og glöggan samanburð á þeim höfuðleiðum, sem nefndin telur koma til álita til þess að mæta þeim vandamálum, sem við er að etja. Nefndin telur, að ekki komi til greina að grípa til beinna innflutningstakmarkana eða annarra beinna magntakmarkana, heldur sé eingöngu unnt að fara leiðir, sem byggist á almennum hagstjórnaraðgerðum, sem varða heildarskilyrði í hagkerfinu eða almenn rekstrarskilyrði tiltekinna greina. Ber nefndin saman þrjár slíkar höfuðleiðir, millifærslu, niðurfærslu og gengislækkun. Sá samanburður leiðir berlega í ljós, að gengislækkun er betur til þess fallin að ná þeim efnahagsmarkmiðum, sem nefndin telur eðlilegt, að stefnt sé að, en hinar leiðirnar tvær. Eina undantekningin frá þessu er sú, að gengislækkun hefur meiri áhrif á verðlag og felur í sér meiri hættu á þenslu en hinar leiðirnar. Þó er ekki teljandi munur á millifærslu og gengislækkun í þessu efni samkvæmt yfirliti nefndarinnar.

Þær niðurstöður efnahagsmálanefndar, sem hér hefur verið lýst, eru mjög í samræmi við þær grundvallarskoðanir í efnahagsmálum, sem Sjálfstæðisflokkurinn hefur fylgt og barizt fyrir bæði á árunum milli 1930 og 1940 og á undanförnum áratugum. Þær eru einnig í fullu samræmi við þau sjónarmið, sem fyrrverandi ríkisstjórn fylgdi á árunum 1959—1971, en þá mættu óbilgjarnri andstöðu núverandi stjórnarflokka. Verður það sannarlega að teljast til tíðinda, að þessi stjónarmið skuli nú, að vandlega athuguðu máli, hljóta eins afdráttarlausa viðurkenningu af hálfu þeirra fulltrúa núverandi stjórnarflokka, er sæti áttu í nefndinni, og nefndarálitið ber með sér. Með því að taka gengislækkun fram yfir þær leiðir aðrar, sem í nefndarálitinu eru ræddar, hefur ríkisstjórnin sjálf í reynd viðurkennt þessa meginniðurstöðu nefndarinnar.

Enda þótt ekki sé ágreiningur um, að rétt gengiskráning sé meginatriði í heilbrigðri stjórn efnahagsmála, getur það eigi að síður verið mikið álitamál, hvenær beri að grípa til gengisbreytingar og hvernig eigi að framkvæma hana. Vegna þeirra þensluáhrifa, sem gengislækkun óhjákvæmilega hefur í för með sér, verður umfram allt að framkvæma hana af mikilli varúð og leitast við að tryggja sem bezt, að stöðugleiki geti fylgt í kjölfarið. Sé litið á framkvæmd nýlegra gengisbreytinga í nágrannalöndum okkar, er augljóst, hvílík megináherzla hefur verið lögð á þessi at-

riði. Má í þessu sambandi benda á gengislækkunina í Brelandi 1967 og í Bandaríkjunum 1971 og þær alhliða og víðtæku ráðstafanir, sem gerðar voru í sambandi við þær í opinberum fjármálum, peningamálum og verðlags- og launamálum. Eins og kunnugt er, voru hliðstæðar ráðstafanir gerðar hér á landi í sambandi við gengisbreytingarnar 1960 og 1968. Án slíkrar samhentrar og einbeittrar heildarstjórnar á efnahagsmálum getur gengislækkun ekki verið annað en bráðabirgðaráðstöfun, er leiðir til aukinnar verðbólgu. Kemur þetta einnig skýrt fram í því áliti efnahagsmálanefndar, sem áður er vitnað til.

Þær forsendur þess, að gengislækkun geti náð tilætluðum árangri, sem hér að ofan er lýst, eru bersýnilega ekki til staðar hér á landi, eins og nú standa sakir. Ríkisstjórnin er sundurþykk og sundurlyndi að auki ríkjandi innan þeirra flokka, sem að henni standa. Á eins og hálfs árs valdaferli hefur ríkisstjórnin enga tilraun gert til þess að marka og framfylgja heildarstefnu í efnahagsmálum, né virðist vera ætlunin að gera slíkt nú. Útgjöld ríkisins hafa vaxið óhóflega. Heldur sá vöxtur áfram, og bendir ekkert til, að ríkisstjórnin hafi nein tök á stjórn opinberra fjármála yfirleitt. Engin stefna hefur verið mörkuð í peningamálum í sambandi við þær efnahagsaðgerðir, sem nú er verið að framkvæma. Óvissa er um þróun verðlagsmála, en vitað er, að auk áhrifa gengislækkunarinnar hljóta að koma til sögunnar aðrar verðhækkanir, sem skotið hefur verið á frest undanfarna mánuði. Engar tilraunir hafa verið gerðar til þess að ná samkomulagi við aðila vinnumarkaðarins um meðferð kaupgjaldsmála í sambandi við gengisbreytinguna. Um þetta atriði segir efnahagsmálanefndin hins vegar, að það sé meginforsenda allra tillagna um leiðir, að slíkt samkomulag takist um launaákvarðanir, einkum að því er varðar meðferð kaupgreiðsluvísitölu. Af hálfu einstakra ráðherra ríkisstjórnarinnar, ekki sízt forsætisráðherra, var það einnig greinilega látið í ljós á s. l. hausti, að breyting á fyrirkomulagi kaupgreiðsluvísitölu væri forsenda sérhverrar lausnar efnahagsvandans.

Af því, sem hér hefur verið sagt, má ljóst vera, að sú gengislækkun, sem ríkisstjórnin hefur ákveðið, felur ekki í sér neina lausn efnahagsvandans. Það lýsir hinu mesta ábyrgðarleysi af hálfu ríkisstjórnarinnar að ráðast í slíkar aðgerðir án þess að hafa markað heildarstefnu í efnahagsmálum og vera fær um að fylgja þeirri stefnu eftir. Án þess getur gengislækkunin ekki orðið til annars en grafa enn frekar undan tiltrú almennings á verðgildi gjaldmiðilsins. Að nokkrum mánuðum liðnum verður allt komið aftur í sama farið og ekki önnur ráð tiltæk, ef svo fer sem horfir, en grípa til nýrrar gengislækkunar. Slík þróun hlýtur að hafa hin alvarlegustu áhrif á atvinnulíf landsins, á sparnað og fjármunamyndun og á lánstraust landsins erlendis. Jafnframt hlýtur þessara áhrifa að gæta í sívaxandi mæli á atvinnu í landinu og á lífskjör þjóðarinnar.

Um einstök atriði þessa frumvarps, sem hér liggur fyrir, er ekki ástæða til að fjölyrða. Ákvæði 1., 2. og 4. gr. eru tæknilegs eðlis og hliðstæð ákvæðum laga, sem sett hafa verið við fyrri gengisbreytingar.

Ákvæði 3. gr. eru hins vegar ekki tæknilegs eðlis, heldur fela í sér nýja stefnu í gengismálum. Enda þótt þessi stefna eigi sér stað í nýjum reglum Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, er síður en svo einsætt, að rétt sé, að hún sé tekin upp hér á landi, allra sízt við ríkjandi aðstæður. Engin ástæða er til, að þessi ákvæði séu í þessu frumvarpi, nema því aðeins að ríkisstjórnin ætli sér að nota þau til þess að hafa gengisfellinguna meiri en látið er í veðri vaka. Eðlilegast virðist, að sérstakt frumvarp sé borið fram um þá breytingu á Seðlabankalögunum, sem hér er um að ræða, og mundi þá gefast nægilegt tóm til að athuga málið nánar. Við þær aðstæður, sem nú eru ríkjandi, er hins vegar hætta á, að þessi stefnubreyting valdi tortryggni og eftirvæntingu um frekari gengislækkanir.

Alþingi, 19. des. 1972.

Matthías Á. Mathiesen, frsm. Matthías Bjarnason.

Nd. 211. Nefndarálit [133. mál]

um frv. til laga um ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabanka Íslands um nýtt gengi íslenzkrar krónu.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur rætt frumvarpið á fundum sínum í dag, sem raunar voru sameiginlegir fundir með fjárhags- og viðskiptanefndum beggja þingdeilda.

Bankastjórar Seðlabankans og hagrannsóknastjóri svöruðu fyrirspurnum og gáfu nefndarmönnum ýmsar upplýsingar.

Meiri hlutinn leggur til, að frv. verði samþykkt óbreytt, en minni hlutinn skilar sérálitum.

Alþingi, 19. des. 1972.

Vilhjálmur Hjálmarsson, form., frsm. Gils Guðmundsson, fundaskr. Þórarinn Þórarinsson.

Karvel Pálmason.

Nd. 212. Nefndarálit [133. mál]

um frv. til laga um ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabanka Íslands um nýtt gengi íslenzkrar krónu.

Frá 2. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Þegar breyting er gerð á gengi íslenzkrar krónu, eru ýmsar ráðstafanir nauðsynlegar, til þess að breytingin geti orðið með eðlilegum hætti, að því er snertir tollmeðferð, skil á gjaldeyri fyrir útflutning afurða, sem framleiddar voru fyrir gengisbreytinguna, ráðstöfun gengismunar o. s. frv. Aðalefni þessa frv. eru ákvæði um slíkar ráðstafanir. Þeir, sem styðja gengisbreytinguna, hljóta að telja slíkar ráðstafanir nauðsynlegar.

Í frv. er hins vegar eitt nýmæli, sem ekki hefur verið í hliðstæðum frv. áður, en það eru ákvæði 3. gr., sem breytir ákvæðum í Seðlabankalögunum. Þar er það ákvæði, að Seðlabankinn hafi heimild til 1% fráviks til hvorrar áttar frá stofngengi. Í 3. gr. þessa frv. er kveðið svo á, að þetta frávik verði aukið upp í 2¼%.

Tilkynnt hefur verið, að nýtt stofngengi krónunnar verði 98.56 kr. miðað við einn Bandaríkjadollar. Samkvæmt gildandi ákvæðum Seðlabankalaga gæti Seðlabankinn ákveðið gengið frá 97.60 kr. til 99.40 kr. Ef hin nýju ákvæði þessa frv. yrðu samþykkt, gæti Seðlabankinn ákveðið gengið frá 96.34 kr. til 100.78 kr. Í 3. gr. frv. felst m. ö. o. heimild til þess að hækka gengi Bandaríkjadollars um 14—15% í stað hækkunar um tæplega 13%, sem er afleiðing þeirrar 10.7% lækkunar á krónunni, sem svarar til þeirrar stofngengisbreytingar, sem tilkynnt hefur verið.

Ef aðstæður væru nú eðlilegar í íslenzkum gengis- og gjaldeyrismálum, mætti segja, að ósk Seðlabankans um aukið svigrúm til gengisskráningar frá því, sem verið hefur, væri eðlileg og rétt að verða við henni. Ætti þá að breyta ákvæðum Seðlabankalaganna um þetta efni. Í kjölfar þeirrar gengisbreytingar, sem nú hefur verið ákveðin, eru hins vegar alvarlegar blikur á lofti í íslenzkum efnahagsmálum og mikil óvissa ríkjandi. Á þá óvissu er ekki aukandi. Ef almenningur og aðilar í viðskiptalífinu geta átt von á viðbótargengislækkun á næstunni, þótt ekki yrði hún mikil, er hætt við, að enn minni líkur séu á því, að nauðsynlegt traust á gjaldmiðlinum skapist í viðskiptlífinu. Þess vegna tel ég rétt, að við núverandi aðstæður verði þeim reglum, sem gilt hafa um þessi efni, ekki breytt nú, heldur málið athugað betur og Seðlabankalögunum þá breytt.

Alþingi, 19. des. 1972.

Gylfi Þ. Gíslason.

Nd. **213. Breytingartillaga** [15. mál]

við brtt. á þskj. 184 [Bann gegn veiðum með botnvörpu og flotvörpu].

Frá sjávarútvegsráðherra.

Við 4. tillögu. Í stað orðanna „til 15. maí 1973“ komi: til 1. júlí 1973.

Ed. **214. Lög** [75. mál]

um innheimtu ýmissa gjalda með viðauka.

(Afgreidd frá Ed. 19. des.)

Samhljóða þskj. 79.

Ed. **215. Lög** [32. mál]

um skipulag á löndun á loðnu til bræðslu.

(Afgreidd frá Ed. 19. des.)

Samhljóða þskj. 134.

Ed. **216. Frumvarp til laga** [131. mál]

um breyting á vegalögum, nr. 23 16. apríl 1970, sbr. lög nr. 98 28 des. 1970.

(Eftir 2. umr. í Ed., 19. des.)

Samhljóða þskj. 197 með þessari breytingu:

4. gr. hljóðar svo:
88. gr. laganna orðist svo:

Eigendur jeppabifreiða eiga rétt á endurgreiðslu á helmingi skatts samkv. a- eða b-liðum 87. gr., ef þeir sanna með vottorðum frá hlutaðeigandi skattstjóra eða umboðsmanni hans, samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð, er fjármálaráðherra setur, að bifreiðarnar hafi verið notaðar næstliðið ár að mestu eða öllu leyti við framleiðslu- og jarðyrkjustörf.

Sþ. **217. Breytingartillögur** [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1973.

Frá fjárveitinganefnd.

	Þús. kr.
1. Við 4. gr. 1 02 201 Háskóli Íslands.	
a. Við 08 Heimspekideild.	
Fyrir „29 245“ kemur	29 305
b. Nýr liður:	
17 Alþjóðleg ráðstefna um íslenzkar fornsögur	100
2. Við 4. gr. 1 02 232 Rannsóknaráð ríkisins. Nýir liðir:	
05 Til starfsáætlunar	650
06 Landgrunnsrannsóknir	10 000

Þús. kr.

3. Við 4. gr. 1 02 306 Menntaskólinn á Ísafirði 0 80 Gjaldfærður stofnkostnaður.
Fyrir „21 000“ kemur 27 000
4. Við 4. gr. 1 02 762 Framlög til byggingar gagnfræðaskóla, barnaskóla og íbúða fyrir skólastjóra.
Fyrir „477 928“ kemur 478 228
Við sundurliðun á sérstöku yfirliti bætist á eftir tölulið 4. 18:
Garðahreppur, gagnfræðaskóli 300
5. Við 4. gr. 1 02 881 09 Styrkur til útgáfustarfa.
Fyrir „3 550“ kemur 4 300
6. Við 4. gr. 1 02 902 Þjóðminjasafn Íslands 0 92 Til sveitarfélaga.
Fyrir „1 825“ kemur 2 000
7. Við 4. gr. 1 02 976 Menningarsjóður.
Fyrir „5 770“ kemur 6 770
8. Við 4. gr. 1 02 982 02. Aðrir tónlistarskólar.
Fyrir „15 094“ kemur 15 669
9. Við 4. gr. 1 02 982 08 Leiklistarstarfsemi.
Fyrir „2 200“ kemur 3 500
10. Við 4. gr. 1 02 982 12 Til listasafna.
Fyrir „625“ kemur 700
11. Við 4. gr. 1 02 988 04 Ungmennafélag Íslands.
Fyrir „1 200“ kemur 1 300
12. Við 4. gr. 1 02 999 12 Til Bandalags ísl. leikfélaga.
Liðurinn fellur niður.
13. Við 4. gr. 1 02 999 28 Dagheimili, byggingastyrkir.
Fyrir „1 000“ kemur 1 150
Sundurliðun kemur á sérstöku yfirliti á þessa leið:

Dagheimili, byggingastyrkir (02 999 28).

1.	Akranes	75
2.	Bolungarvík	75
3.	Eskifjörður	75
4.	Hafnarfjörður	75
5.	Húsavík	75
6.	Ísafjörður	75
7.	Keflavík	75
8.	Kópavogur	125
9.	Kumbaravogur	125
10.	Neskaupstaður	75
11.	Selfoss	75
12.	Seyðisfjörður	75
13.	Sjómannadagsráð	75
14.	Ytri-Njarðvík	75
		1 150

14. Við 4. gr. 1 02 999 44 Styrkur til Hlíðardalsskóla.
Fyrir „500“ kemur 600
15. Við 4. gr. 1 02 999. Nýr liður:
61 Til íslenzkra rithöfunda og höfunda fræðirita vegna útgáfu frumsaminna verka, enda verði settar sérstakar reglur um úthlutun fjárins 12 000
16. Við 4. gr. 1 02 999 68 Aðstoð við þróunarlöndin.
Liðurinn fellur niður.
17. Við 4. gr. 1 02 999 69 Til Flóttamannaráðs Íslands.
Liðurinn fellur niður.

Þús. kr.

18. Við 4. gr. 1 03 101 Utanríkisráðuneytið. Nýr liður:
08 Vegna markaðsmála 1 000
19. Við 4. gr. 1 03. Nýr liður:

399 Ýmis utanríkismál:
0 90 Yfirfærslur:
0 94 Til einstaklinga, heimila og samtaka 5 800
Gjöld samtals 5 800

Viðfangsefni:
01 Aðstoð við þróunarlöndin 5 000
02 Til Flóttamannaráðs Íslands 800
5 800

20. Við 4. gr. 1 04 206 10 Tilraunastöðin Akureyri.
Fyrir „1 415“ kemur 1 615
21. Við 4. gr. 1 04 231 Skógrækt ríkisins.
a. Við 03 Skóggræðsla.
Fyrir „12 522“ kemur 13 022
b. Við 09 Til Skógræktarfélags Íslands.
Fyrir „1 750“ kemur 2 000
22. Við 4. gr. 1 04 246 Veiðimálaskrifstofan.
a. Við 0 20 Önnur rekstrargjöld.
Fyrir „2 235“ kemur 2 505
b. Við 0 80 Gjaldfærður stofnkostnaður.
Fyrir „100“ kemur 200
23. Við 4. gr. 1 04 286 16 Aðstoð við bændur.
Fyrir „3 000“ kemur 5 000
24. Við 4. gr. 1 04 299 12 Til Hrossaræktarbúsins að Kirkjubæ.
Fyrir „50“ kemur 75
25. Við 4. gr. 1 04 299 17 Félagssamtökin Landvernd.
Fyrir „150“ kemur 300
26. Við 4. gr. 1 06 243 Vinnuhælið að Kvíabryggju 0 10 Laun.
Fyrir „3 242“ kemur 4 108
27. Við 4. gr. 1 07 981. Nýr liður:
14 Kaupmannasamtök Íslands til hagræðingarstarfsemi 500
28. Við 4. gr. 1 08 381 03 Bygging sjúkrahúsa, sjúkraskýla, læknamiðstöðva og læknabústaða.
Fyrir „168 787“ kemur 170 987

Sundurliðun a-liðar á sérstöku yfirliti breytist þannig:
a. 11. Blönduós.
Fyrir „500“ kemur 1 200
b. Nýr liður á eftir 11. tölulið:
Akureyri, læknamiðstöð (fyrri greiðsla) 1 500
29. Við 4. gr. 1 08 399 08 Hjartavernd.
Fyrir „5 000“ kemur 6 000
30. Við 4. gr. 1 09 204 Skattstofa Vestfjarða, Ísafirði. Nýr liður:
0 80 Gjaldfærður stofnkostnaður 3 200
31. Við 4. gr. 1 09 383 Styrktarfé og ýmis eftirlaun, embættismenn.
Fyrir „9 626“ kemur 9 556

Sundurliðun á sérstöku yfirliti breytist á þessa leið:
a. Við bætast í stafrófsröð. Kr.
1. Albert Sigtryggsson, fyrrv. póststarfsmaður 44 000
2. Árni Sigurðsson, fyrrv. landpóstur 35 000

		Kr.
3.	Axel Thorsteinsson, fyrrv. fréttamaður	70 000
4.	Guðjón Pétursson	60 000
5.	Gústaf Gíslason, fyrrv. vitavörður	55 000
6.	Helgi Eleesarson, fyrrv. starfsm. Rafmagnsveitna ríkisins	44 000
7.	Helgi Jónsson, fyrrv. fiskmatsmaður	37 000
8.	Hermann Jónsson, fyrrv. hreppstjóri	74 000
9.	Jens Eyjólfsson, fyrrv. þingvörður	44 000
10.	Jóhann Pétursson Svarfdælingur	100 000
11.	Jón Sveinsson, fyrrv. símstjóri	44 000
12.	Kristinn E. Andrésson, rithöfundur	70 000
13.	Margrét Valdimarsdóttir, fyrrv. starfsm. Alþingis	84 000
14.	Pétur Jónsson, fyrrv. póstur	35 000
15.	Sigurjón Einarsson, fyrrv. símstjóri	44 000
16.	Þorsteinn Sigurðsson, fyrrv. formaður Búnaðarfélags Íslands	74 000

b. Eftirtaldir liðir breytast:

1.	Benedikt Benjamínsson, fyrrv. póstur. Fyrir „23 074“ kemur	33 000
2.	Sigríður Einarsdóttir, fyrrv. póst- og símaafgr.kona. Fyrir „72 868“ kemur	82 000

c. Eftirtaldir liðir falla niður:

1. Egill Jónsson, fyrrv. símamaður.
2. Einar Guðmundsson, fyrrv. fiskmatsmaður.
3. Elísabet Eiríksdóttir, fyrrv. kennslukona.
4. Guðjón Sigurjónsson, fyrrv. þingvörður.
5. Guðjóna Brynhildur Jónsdóttir, fyrrv. ljósmóðir.
6. H. J. Hólmjárn.
7. Jakob Jóh. Smári, fyrrv. adjunkt.
8. Jón Árnason, fyrrv. fiskmatsmaður.
9. Jón Jónsson, fyrrv. fiskmatsmaður.
10. Kjartan Jóhannesson, fyrrv. söngkennari.
11. Magnús Guðmundsson, fyrrv. þingvörður.
12. Ólafur Þorsteinsson, læknir.
13. Ólafur Þorvaldsson, fyrrv. starfsm. Alþingis.
14. Páll Pálsson.
15. Pétur Jónsson, fyrrv. vegaverkstjóri.
16. Sigurjón Jónsson, fyrrv. fiskmatsmaður (síðari).
17. Valdimar Björnsson, fyrrv. fiskmatsmaður.
18. Vilhelm Erlendsson, fyrrv. póstafgrm.
19. Þóra Guðmundsdóttir, fyrrv. ljósmóðir.
20. Þorsteinn Baldvinsson, fyrrv. fiskmatsmaður.

32. Við 4. gr. 1 09 384 Styrktarfé og ýmis eftirlaun, ekkjur.

	Þús. kr.
Fyrir „6 409“ kemur	6 502

Sundurliðun á sérstöku yfirliti breytist á þessa leið:

a. Við bætast í starfsröð:

		Kr.
1.	Halldóra Eiríksdóttir	55 000
2.	Helga Þ. Smári	75 000
3.	Hlíf Magnúsdóttir	44 000
4.	Hrafnhildur Eiðsdóttir	62 000
5.	Hróðný Einarsdóttir	120 000
6.	Kristín Í. Guðmundsdóttir	35 000
7.	Tove Engilberts	120 000

Þús. kr.

b. Eftirtaldir liðir falla niður:
   1. Katrín Sveinsdóttir.
   2. Lovísa Sveinbjörnsson.
   3. Petrína Ottesen.
   4. Rósa Þórarinsdóttir.
   5. Stefanía Stefánsdóttir.
   6. Þóra Skaftason.
   7. Þórey Jóhannsdóttir.
   8. Þórhildur Sveinsdóttir.

33. Við 4. gr. 1 10 211 Vegagerð 0 94 Til einstaklinga, heimila og samtaka
    Fyrir „2 077“ kemur 2 305
34. Við 4. gr. 1 10 321 04 Flóabátar, byggingarstyrkur.
    Liðurinn fellur niður.
35. Við 4. gr. 1 10 333 03 Hafnarmannvirki og lendingarbætur.
    Fyrir „206 500“ kemur 206 800
    Við sundurliðun á sérstöku yfirliti bætist á eftir 19. tölulið:
    Hrísey 300
36. Við 4. gr. 1 11 299. Nýr liður:
    05 Landssamband iðnaðarmanna 700
37. Við 4. gr. 1 11 299 08 Til útflutningsmiðstöðvar iðnaðarins.
    Fyrir „4 000“ kemur 5 500
38. Við 4. gr. 1 11 299. Nýr liður:
    13 Saltverksmiðja á Reykjanesi 3 000
39. Við 6. gr.
    a. VII. liður orðist svo:
    Að leyfa Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins að greiða Krabbameinsfélagi Íslands 40 aura af hverjum seldum vindlingapakka.
    b. XXVIII. liður orðist svo:
    Að ábyrgjast lán eða veita lán úr ríkissjóði til Norðurstjörnunnar h/f í Hafnarfirði allt að 8.9 millj. kr. í sambandi við fjárhagslega endurskipulagningu fyrirtækisins.
    c. Við XXXVI. Nýir liðir:
    1. Að selja sendiherrabústaðinn í Brüssel og verja söluandvirðinu til kaupa á hentugra húsnæði í staðinn og taka í því sambandi annars vegar bráðabirgðalán að fjárhæð B. fr. 14 millj., sem endurgreitt verður við sölu núverandi húsnæðis, og hins vegar að taka lán til 10 ára að fjárhæð B. fr. 6 millj.
    2. Að taka lán að upphæð allt að 20 millj. kr. til kaupa á sameiginlegu húsnæði fyrir ýmsar ríkisstofnanir, sem nú eru í leiguhúsnæði.
    3. Að taka lán að upphæð allt að 100 millj. kr. til kaupa á nýju varðskipi.
    4. Að taka lán að jafnvirði allt að Lúxemb. fr. 90 millj. vegna framkvæmda í samgöngumálum á Austfjörðum og á Norðurlandi.
    5. Að selja eftirtaldar fasteignir Pósts og síma:
       1. Húsið Hafnarstræti 42, Seyðisfirði.
       2. Húsið Hafnarstræti 44, Seyðisfirði.
       3. Eldra hús Pósts og síma á Reyðarfirði.
       4. Húsið Þelamörk 10, Hveragerði.
       5. Eldra hús Pósts og síma á Þingeyri.
    6. Að kaupa kvikmyndafilmur, heimildarmyndir um Ísland úr síðustu heimsstyrjöld, af Reyni Oddssyni kvikmyndagerðarmanni, ef samningar takast um kaupverð og greiðsluskilmála.
    7. Að taka lán að fjárhæð allt að 30 millj. kr. til að hefja byggingu Geðdeildar Landspítalans.

8. Að verja allt að 1 680 þús. kr. til kaupa á húsnæði fyrir skattstofu Norðurlandsumdæmis vestra á Siglufirði.
9. Að selja prestsbústaðina Kirkjuhvol í Þykkvabæ og Aðalgötu 5, Ólafsfirði.
10. Að endurgreiða aðflutningsgjöld og söluskatt af vélum og tækjum til væntanlegrar virkjunar í Blævardalsá í Nauteyrarhreppi.
11. Að endurgreiða aðflutningsgjöld og söluskatt af vélum og tækjum vegna virkjunar Sængurfoss í Húsadal í Reykjarfjarðarhreppi í Norður-Ísafjarðarsýslu, sem rekin verður af Rafveitu Reykjarfjarðarhrepps.
12. Að ábyrgjast lán að fjárhæð allt að 53 þús. Bandaríkjadollara fyrir Flugþjónustuna h/f vegna kaupa á flugvél.
13. Að ábyrgjast gegn þeim tryggingum, sem hún metur gildar, lán Loftleiða h/f erlendis að fjárhæð allt að 5 millj. Bandaríkjadollara.
14. Að greiða allt að 10 millj. kr. á árinu 1973 í framlög til byggingar dagvistunarheimila, barna- og elliheimila, ef lög um stuðning ríkisins við slíkar framkvæmdir verða sett á árinu og reglugerð gefin út.

    Verði heimild þessi ekki notuð, skal viðkomandi aðilum heimilt að hefja framkvæmdir og stofna til greiðsluskyldu ríkissjóðs á árinu 1974, enda fari undirbúningur fram í samráði við viðkomandi ráðuneyti, fjárlaga- og hagsýslustofnunina og undirnefnd fjárveitinganefndar.
15. Að fella niður áhættugjald (ábyrgðargjald) samkvæmt lögum nr. 37/1961, um ríkisábyrgðir, af lánum til kaupa á skuttogurum samkvæmt lögum nr. 40/1970, sbr. lög nr. 78/1972 og lög nr. 28/1972, þ. e. varðandi þann hluta lánsins, sem er umfram lán fiskveiðasjóðs.
16. Að ábyrgjast lán vegna Hafnabótasjóðs að upphæð allt að 30 millj. kr. vegna endurgreiðslu á eldri lánum sjóðsins.
17. Að taka lán að upphæð allt að 40 millj. kr. til að létta greiðslubyrði þeirra hafnarsjóða, sem verst eru settir vegna langra lána. Ráðherra skal gera tillögu til fjárveitinganefndar um skiptingu fjárins, og skal við skiptinguna hafa hliðsjón af tekjum og gjöldum hafnarsjóðs, framlagi sveitarfélags til hafnarsjóðs, fólksfjölda og öðrum þeim atriðum, sem hafa áhrif á greiðslugetu hafnarsjóðsins.
18. Að festa kaup á Nesstofu ásamt hæfilegri lóð.
19. Að greiða allt að 20 millj. kr. vegna rekstrar togara á árinu 1972 skv. reglum, sem ríkisstjórnin setur.

Sþ.

218. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1973.

Frá meiri hl. fjárveitinganefndar.

	Þús. kr.
1. Við 3. gr.	
a. Við 1 12 01 Eignarskattur einstaklinga.	
Fyrir „130 700“ kemur	133 700
b. Við 1 12 02 Byggingasjóðsgjald.	
Fyrir „1 307“ kemur	1 337
c. Við 1 12 03 Eignarskattur félaga.	
Fyrir „167 000“ kemur	171 800
d. Við 1 12 04 Byggingasjóðsgjald.	
Fyrir „1 670“ kemur	1 718
e. Við 1 13 01 Tekjuskattur einstaklinga.	
Fyrir „4 024 000“ kemur	4 116 000
f. Við 1 13 02 Byggingasjóðsgjald.	
Fyrir „40 240“ kemur	41 160

Þús. kr.

g. Við 1 13 03 Tekjuskattur félaga.
Fyrir „432 000“ kemur 442 000
h. Við 1 13 04 Byggingasjóðsgjald.
Fyrir „4 320“ kemur 4 420
i. Við 1 15 01 Aðflutningsgjöld.
1. Fyrir „5 439 000“ kemur 5 805 000
2. Fyrir „272 000“ kemur 290 000
j. Við 1 15 04 Tollstöðvargjald.
Fyrir „26 920“ kemur 29 000
k. Við 1 15 05 Byggingasjóðsgjald af innflutningi.
Fyrir „26 920“ kemur 29 000
l. Við 1 15 11 Innflutningsgjald af benzíni.
Fyrir „703 500“ kemur 875 000
m. Við 1 15 12 Gúmmígjald.
Fyrir „51 500“ kemur 66 000
n. Við 1 15 21 Innflutningsgjald af bifreiðum.
Fyrir „236 800“ kemur 235 000
o. Við 1 16 01 Gjald af innlendum tollvörum.
Fyrir „165 800“ kemur 167 000
p. Við 1 17 01 Söluskattur.
1. Fyrir „5 154 000“ kemur 5 456 000
2. Fyrir „412 000“ kemur 436 500
q. Við 1 17 12 Skemmtanaskattur.
Fyrir „23 300“ kemur 25 000
r. Við 1 17 31 Rekstrarhagnaður Á. T. V. R.
Fyrir „1 655 000“ kemur 2 075 000
s. Við 1 17 32 Gjald af seldum vindlingum.
Fyrir „14 700“ kemur 15 200
t. Við 1 17 52 Ferskfiskmatsgjald.
Fyrir „18 500“ kemur 19 200
u. Við 1 17 53 Hluti útflutningsgjalds af sjávarafurðum.
Fyrir „12 700“ kemur 12 500
v. Við 1 17 91 Iðnaðargjald.
Fyrir „9 100“ kemur 8 300
x. Við 1 19 01 Stimpilgjald.
Fyrir „216 000“ kemur 230 000
y. Við 1 19 02 Aukatekjur.
Fyrir „40 400“ kemur 43 000
z. Við 1 19 03 Þinglýsingar.
Fyrir „85 000“ kemur 88 000
þ. Við 1 19 11 Bifreiðaskattur.
Fyrir „221 500“ kemur 267 000
æ. Við 1 19 14 Skoðunargjald bifreiða.
Fyrir „14 200‘ kemur 15 200
ö. Við 1 19 32 Hluti af umboðsþóknun og gengismun gjaldeyris bankanna.
Fyrir „118 000“ kemur 145 000

2. Við 3. gr.
a. Við 1 19 33 Leyfisgjald.
Fyrir „11 500“ kemur 11 000
b. Við 1 21 02 Keflavíkurflugvöllur, flugmálastjórn.
Fyrir „55 400“ kemur 67 400
c. Við 1 21 04 Fríhöfnin Keflavíkurflugvelli.
Fyrir „42 200“ kemur 52 200

	Þús. kr.
d. Við 1 31 03 Dráttarvextir.	
Fyrir „20 000“ kemur	28 000
e. Við 1 39 06 Sektir og upptækar vörur til ríkissjóðs.	
Fyrir „20 000“ kemur	27 000
3. Við 4. gr. Launahækkanir á greininni um 4.7% vegna áætlaðrar hækkunar kaupgjaldsvísitölu, og 12% hækkanir gjalda, sem leiðir af nýrri gengisskráningu íslenzkrar krónu	628 000
4. Við 4. gr. 1 04 286 13 Uppbætur á útfluttar landbúnaðarafurðir.	
Fyrir „433 000“ kemur	328 000
5. Við 4. gr. 1 08 271 Tryggingastofnun ríkisins.	
Fyrir „6 486 470“ kemur	6 860 470
6. Við 4. gr. 1 09 971 Ríkisábyrgðasjóður, framlag.	
Fyrir „106 000“ kemur	71 000
7. Við 4. gr. 1 10 211 Vegagerð.	
a. Við 0 80 Gjaldfærður stofnkostnaður.	
Fyrir „500 500“ kemur	677 500
b. Við 0 92 Til sveitarfélaga.	
Fyrir „156 300“ kemur	211 300
8. Við 4. gr. 1 12 201 Niðurgreiðslur á vöruverði.	
Fyrir „1 560 000“ kemur	1 686 000

9. Við 6. gr. XXXVI. Nýr liður:

Að lækka fjárveitingar til greiðslu rekstrarkostnaðar ráðuneyta, ríkisstofnana, styrkja og verklegra framkvæmda á árinu 1973, sem ekki er bundið af lögum, um allt að 15% að jafnaði, ef ríkisstjórnin telur, að vinnuafl dragist um of frá framleiðslustörfum eða ætla má, að tekjur ríkissjóðs hrökkvi ekki fyrir útgjöldum. Tilflutningur lækkunarinnar milli fjárlagaliða innan sama ráðuneytis er heimill.

Verði fé fyrir hendi, en fresta verður framkvæmdum af öðrum ástæðum, skulu þær fjárveitingar geymdar til ársins 1974.

Sþ. 219. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1973.

Frá samvinnunefnd samgöngumála.

Við 4. gr. 1 10 321 03 Flóabátar og vöruflutningar.	
Fyrir „24 650“ kemur	33 225

Nd. 220. Nefndarálit [121. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 14 15. marz 1965, um launaskatt.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Fjárhags- og viðskiptanefnd hefur rætt frv. á fundum sínum, og leggur meiri hluti nefndarinnar til, að það verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU:

Á eftir 2. gr. kemur ný grein, sem orðast svo:
Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1973 og gilda til loka þess árs.

Alþingi, 19. des. 1972.

Vilhjálmur Hjálmarsson, form., frsm. Gils Guðmundsson, fundaskr. Karvel Pálmason.
Þórarinn Þórarinsson. Gylfi Þ. Gíslason.

Ed. 221. Nefndarálit [133. mál]

um frv. til laga um ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabanka Íslands um nýtt gengi íslenzkrar krónu.

Frá 1. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndir beggja þingdeilda ræddu málið á sameiginlegum fundum í morgun.

Undirritaðir nefndarmenn vísa til nefndarálits 1. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar Nd., þar sem gerð er grein fyrir afstöðu Sjálfstæðismanna.

Alþingi, 19. des. 1972.

Jón G. Sólnes, frsm. Geir Hallgrímsson.

Ed. 222. Nefndarálit [133. mál]

um frv. til laga um ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabanka Íslands um nýtt gengi íslenzkrar krónu.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur rætt þetta mál á fundum sínum í dag. Var sameiginlegur fundur með fjárhags- og viðskiptanefndum beggja deilda.

Bankastjórar (3) Seðlabankans og hagrannsóknarstjóri mættu á fundi og svöruðu fyrirspurnum og gáfu ýmsar upplýsingar.

Meiri hluti nefndarinnar leggur til, að frv. verði samþ., en minni hlutinn mun skila séráliti.

Alþingi, 20. des. 1972.

Ragnar Arnalds, form. Páll Þorsteinsson, fundaskr. Bjarni Guðbjörnsson, frsm.

Björn Jónsson.

Ed. 223. Nefndarálit [133. mál]

um frv. til laga um ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabanka Íslands um nýtt gengi íslenzkrar krónu.

Frá 2. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Breyting á stofngengi krónunnar er jafnan rökstudd með því, að nauðsyn sé að færa fjármagn til útflutningsatvinnuveganna, svo að rekstur þeirra geti verið með eðlilegum hætti. Í sambandi við fyrri gengisfellingar hefur verið svo með óumdeilanlegum hætti vegna ytri aðstæðna erlendis frá, svo sem verðfalls á afurðum og breytingar á gengi enska pundsins, sem var um langan tíma mest notaði gjaldmiðill í utanríkisviðskiptum Íslendinga.

En aðstæður við þessa gengisfellingu eru gjörólíkar. Hér er um að kenna að langmestu leyti heimatilbúnum vanda, sem er bein afleiðing af verðbólgustefnu hæstvirtrar ríkisstjórnar og stjórnleysi peningamála. Fram hefur komið áður á Alþingi í ræðu forsætisráðherra, að hann telji kauphækkunina, sem fram hefur komið, hóflega, en hins vegar hefur félagsmálaráðherra sagt, að kauphækkunin hafi verið geysihá. Hið rétta mun vera, að samverkandi áhrif frá kauphækkun og vinnutímastyttingu hafa reynzt þung í skauti fyrir sjávarútveginn í heild og einnig iðnaðinn. Einnig er afkoman erfið fyrir ríkissjóð.

Til þess að mæta þessum erfiðleikum og tryggja með því, að vertíð geti hafizt með eðlilegu móti um áramótin, hefur hæstv. ríkisstjórn séð sig tilneydda að fella stofngengið um 10.7% og fer auk þess fram á, að aukið frávik verði nú sett í lög um 2¼%, upp eða niður. Þetta á að gefa Seðlabanka Íslands mun meira svigrúm til gengisskráningar og mun því í raun auka vald hans, og einnig verður gengið mjög „fljótandi“ eftir þetta. Slíkt mun aðeins auka á verðbólguna og síður en svo draga úr þeirri spákaupmennsku, sem er ætíð erfið fyrir efnahag okkar. Reynslan sýnir, að einmitt ber nauðsyn til þess að treysta trú manna á íslenzku krónunni og auka með því sparnað, eftir því sem kostur er. Allir aðilar viðurkenna vandamálið við verðbólguna, en enn fæst ekki samstaða innan stjórnmálaflokka né verkalýðssamtaka um raunhæfar leiðir til þess að hefta verðbólguna, og þessar ráðstafanir munu því miður verka sem hvati til aukningar, en ekki hemill á skaðvaldinn, þ. e. verðbólguna.

Hæstvirt ríkisstjórn lýsti því yfir í hinum fræga málefnasamningi sínum, að gengisfellingar yrðu ekki hennar vinnubrögð til þess að leysa aðsteðjandi vanda í efnahagsmálum. Þessu trúðu margir af stuðningsmönnum hennar. Þó er svo komið nú, að á 16 mánaða valdaferli hennar hefur gengið í raun verið fellt tvisvar með því að fylgja alltaf eftir föstu hlutfalli við stofngengi dollars.

Augljóst er, að þessi gengisfelling mun ekki leysa vandamál útflutningsatvinnuveganna nema í bráð, þar sem áhrif breytingarinnar eru ekki heft sem skyldi og algjör óvissa er um hliðarráðstafanir, er þurfa að fylgja gengisbreytingunni, ef árangur á að vera raunhæfur. Hér þarf að koma til fullt samstarf við launþegasamtökin, en svo er ekki á þessu stigi. Ekkert liggur fyrir um þann þátt og hver viðbrögð launþegasamtaka verða, og eykur það á óvissu um árangur gengisbreytingarinnar og varanleik.

Ekki verður deilt um nauðsyn þess að treysta rekstur við öflun og vinnslu sjávarútvegsins og einnig rekstur iðngreina, er flytja afurðir sínar á erlendan markað. En margt bendir þó til þess, að skera hefði mátt niður af ríkisútgjöldum verulegar fjárhæðir án þess að stofna til atvinnuleysis og færa þannig til fjármagn, sem ekki verkaði sem verðbólgugjafi, heldur létti á með framleiðslunni. Sem dæmi mætti nefna, að ríkisstarfsmenn í 17. flokki og hærra eru um 4000 manns og heildarlaun þeirra munu vera um 2 472 000 000 kr. á ársgrundvelli. Einnig væri vel sæmandi nú, að við erfiðar aðstæður yrðu útgjöld Alþingis verulega skorin niður á ýmsa lund. Sjálfsagt eru flestir andvígir beinum niðurskurði, sbr. álit frá „valkostanefnd“ í því efni, en vandinn er þó að miklu leyti vegna verðþenslu í launum og þjónustu. Vegna samstöðuleysis er niðurskurðarleiðinni hafnað.

Því miður er aldrei munað eftir því fólki, sem fer vel með sitt og sparar fé og leggur inn á banka. En einmitt ætti þetta fólk viðurkenningu skilið fyrir ráðdeild og liðsinni við atvinnulífið, því að vegna sparsemi þess geta lánastofnanir deilt út peningum til atvinnulífsins. En áhrif skuldara eru mikil, og þeir munu nú sem fyrr kingja misjafnlega vel gengisfellingunni. Skuldir eru ekki sem skyldi bundnar við verðlagsþróunina, og verkar það sem hvati til eyðslu, eins og reynslan sýnir undanfarin ár.

Það væri gæfuspor fyrir alla þjóðina, ef samstaða myndaðist um viðurkenningu á ráðdeild og sparnaði og Alþingi sýndi það í verki að meta slíkt.

Alþingi, 19. des. 1972.

Jón Árm. Héðinsson.

Nd. 224. Frumvarp til laga [95. mál]

um breytingar á lögum um almannatryggingar, nr. 67 frá 20. apríl 1971.

(Eftir 2. umr. í Nd., 19. des.)

Samhljóða þskj. 115 með þessum breytingum:

2. gr. hljóðar svo:

8. grein orðist svo: Aðalskrifstofur Tryggingastofnunar ríkisins eru í Reykjavík.

Utan Reykjavíkur skal Tryggingastofnunin hafa umboðsskrifstofur, og fer um staðarval, fyrirkomulag og rekstur eftir ákvörðun tryggingaráðs.

Í hverju sveitarfélagi, þar sem ekki er umboðsskrifstofa Tryggingastofnunar ríkisins, skal sveitarstjórn heimilt í samráði við tryggingaráð að tilnefna sérstakan trúnaðarmann Tryggingastofnunarinnar, sem annast upplýsingastörf og tengsl íbúa sveitarfélags við umboðsskrifstofu. Tryggingastofnunin ákveður og greiðir þóknun til trúnaðarmanna.

25. gr. (ný gr.) hljóðar svo:

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1973.

Ákvæði til bráðabirgða hljóða svo:

Ákvæði til bráðabirgða.

1. Sýslusamlög taka við hlutverki núverandi héraðs- og hreppasamlaga. Þar til formenn sýslusamlaga hafa verið skipaðir og nýjar stjórnir kosnar, hafa núverandi stjórnir héraðssamlaga stjórn sýslusamlaga með höndum.
2. Eignum eða skuldum héraðssamlaga, miðað við 1. jan. 1972, skal skipta á reikninga ríkis og sveitarfélaga innan umdæmisins eftir ákvæðum laga nr. 96/1971. Hluta sveitarfélaga skal skipta á sveitarfélög eftir íbúafjölda 16 ára og eldri, miðað við manntal 1. desember 1971. Inneignir aðila í héraðssamlagi, þannig reiknað, skulu færast þeim til eignar og reiknast upp í framlög af þeirra hálfu til rekstrar sýslusamlagsins.

   Sýslusamlagið innheimtir skuldir skuldaraðila.

   Sýslusamlög taka við eignum og skuldum eignaraðila í hreppasamlögum hinn 1. janúar 1973, sbr. ákvæði um skiptingu eigna og skulda í lögum nr. 96/1971.

   Stjórnir hreppasamlaga starfa áfram, þar til reikningsskilum er lokið. Skulu þær greiða kröfur á hendur samlaginu, sem stofnað hefur verið til fyrir árslok 1972 og framvísað er fyrir 1. apríl 1973.

   Heimilt er sjúkrasamlögum að greiða meiri háttar sjúkrakostnað Íslendinga, sem flutzt hafa heim eftir langvarandi búsetu erlendis, til fallinn eftir heimflutninginn, en áður en þeir gátu öðlazt réttindi í sjúkrasamlagi eftir þeim reglum, sem áður giltu.

Nd. 225. Nefndarálit [110. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 85 30 des. 1963, um lífeyrissjóð barnakennara, og lögum nr. 50 22. apríl 1967, um breyt. á þeim lögum.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndarmenn hafa athugað frumvarpið og leggja til, að það verði samþykkt.

Alþingi, 19. des. 1972.

Vilhjálmur Hjálmarsson, form., frsm.	Gils Guðmundsson, fundaskr.	Matthías Bjarnason.
Þórarinn Þórarinsson.	Matthías Á. Mathiesen.	Gylfi Þ. Gíslason.
	Karvel Pálmason.	

Ed. 226. Nefndarálit [114. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um verðlagsmál, nr. 54 frá 14. júlí 1960.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur rætt frv. og mælir einróma með samþykkt þess.

Alþingi, 20. des. 1972.

Ragnar Arnalds, form., frsm.	Páll Þorsteinsson, fundaskr.	Björn Jónsson.
Geir Hallgrímsson, með fyrirvara.	Bjarni Guðbjörnsson.	Jón G. Sólnes, með fyrirvara.
	Jón Árm. Héðinsson.	

Ed. 227. Lög [133. mál]

um ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabanka Íslands um nýtt gengi íslenzkrar krónu.

(Afgreidd frá Ed. 20. des.)

Samhljóða þskj. 200.

Nd. 228. Nefndarálit [132. mál]

um frv. til l. um breyt. á siglingalögum, nr. 66/1963, sbr. lög nr. 14/1968 og lög nr. 58/1972.

Frá samgöngunefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og mælir með samþykkt þess.
Pétur Pétursson var fjarstaddur, þegar málið var afgreitt.

Alþingi, 20. des. 1972.

Stefán Valgeirsson, varaform., frsm.	Garðar Sigmundsson, fundaskr.	Sverrir Hermannsson.
Friðjón Þórðarson.	Sigurður J. Líndal.	Karvel Pálmason.

Nd. 229. Breytingartillaga [95. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum um almannatryggingar, nr. 67 frá 20. apríl 1971.

Frá Magnúsi Kjartanssyni.

Við 24. gr. Á eftir greininni bætist ný grein, sem verður 25. grein, svo hljóðandi:

75. gr. orðist svo:
Tryggingastofnunin tekur að sér sérstakar slysatryggingar vegna sjómanna og annarra, sem ráðnir eru að útgerð skips.

Trygging þessi miðast við eftirfarandi bætur:

1. Dánarbætur:
   a) 1½ milljón króna við dauða, sem greiðist dánarbúi hins látna.
   b) Mánaðarlegar bætur til ekkju eða ekkils í 8 ár, ¾ hlutar þeirrar fjárhæðar, er á hverjum tíma ber að greiða samkvæmt a-lið 1. málsgr. 35. gr.
   c) Mánaðarlegar bætur að 17 ára aldri, þó aldrei lengur en í 8 ár, ¾ þeirrar fjárhæðar, er á hverjum tíma ber að greiða samkvæmt c-lið 1. málsgr. 35. gr.
2. Slysadagpeningar og örorkubætur:
   a) Dagpeningar, sem greiðast eftir sömu reglum og dagpeningar samkv. 33. gr. og nema ¾ þeirrar fjárhæðar. Heildarupphæð dagpeninga skal þó aldrei nema meiru en þeim launum, er slasaði hafði fyrir slysið.
   b) Ef slys veldur varanlegri örorku, skal greiða örorkubætur, 3 millj. kr., við algera varanlega örorku, en hlutfallslega við minni örorku.

Frá örorkubótum skal draga upphæð slysadagpeninga, sem greiddir hafa verið, og frá eingreiðslu dánarbóta skal draga örorkubætur, ef greiddar hafa verið.

Útgerðarmanni skal skylt að taka þessa tryggingu vegna þeirra, er hann ræður í skiprúm, enda hefur hann þá tryggt sig að fullu gegn þeirri sérstöku (hlutlægu) ábyrgð, er á hann er lögð í 1. gr. laga nr. 50 29. maí 1972.

Ráðherra er skylt að breyta eingreiðslufjárhæðum þessarar greinar í samræmi við almennar hækkanir bótafjárhæðar samkvæmt lögum þessum.

Tryggingastofnun ríkisins er heimilt að taka að sér aðrar tegundir frjálsrar slysatryggingar. Skal þá jafnan gefa út vátryggingaskírteini.

Tryggingastofnunin getur enn fremur með samþykki ráðherra tekið að sér ábyrgðartryggingar.

Ráðherra ákveður með reglugerð nánari tilhögun trygginga samkvæmt þessari grein, þ. á m. um innheimtufyrirkomulag og endurtryggingu.

Taki atvinnurekandi slysatryggingu þá, er um er rætt í 1. og 2. tölulið, kemur hún í stað samningsbundinnar slysatryggingar hans.

Ed. 230. Nefndarálit [111. mál]

um frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að fullgilda fyrir Íslands hönd samning milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar um aðstoð í skattamálum.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og leggur til, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 20. des. 1972.

Ragnar Arnalds, form., frsm.	Páll Þorsteinsson, fundaskr.	Geir Hallgrímsson.
Björn Jónsson.	Jón G. Sólnes.	Jón Árm. Héðinsson.
	Bjarni Guðbjörnsson.	

Ed. 231. Lög [114. mál]

um breyting á lögum um verðlagsmál, nr. 54 frá 14. júní 1960.

(Afgreidd frá Ed. 20. des.)

Samhljóða þskj. 147.

Nd. 232. Frumvarp til laga [121. mál]

um breyting á lögum nr. 14 15. marz 1965 um launaskatt.

(Eftir 2. umr. í Nd., 20. des.)

1. gr.

Í stað „1%“ í 1. mgr. 1. gr. laganna komi: 2½%.

2. mgr. 1. gr. laganna orðist svo:

Skattur þessi skiptist þannig, að 1% rennur í Byggingarsjóðs ríkisins sem stofnfjárframlag og 1½% rennur í ríkissjóð.

2. gr.

10. gr. laganna orðist svo:

Byggingarsjóður ríkisins greiðir til ríkissjóðs 1% af hluta sjóðsins af innheimtum launaskatti samkvæmt lögum þessum, vegna kostnaðar af framkvæmd laganna.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1973 og gilda til loka þess árs.

Nd. 233. Frumvarp til laga [15. mál]

um breyting á lögum nr. 62 18. maí 1967, um bann gegn veiðum með botnvörpu og flotvörpu, sbr. lög nr. 21/1969 og lög nr. 50/1971.

(Eftir 2. umr. í Nd., 20. des.)

1. gr.

Í stað orðanna „settri samkvæmt lögum nr. 44 5. apríl 1948“ í 1. málsgrein 1. gr. laganna komi orðin: nr. 189 14. júlí 1972.

2. gr.

Á eftir 3. mgr. 1. gr. laganna (sbr. l. nr. 21/1969) komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Ráðherra er heimilt að fenginni umsögn Hafrannsóknastofnunarinnar að veita leyfi til loðnuveiða í landhelgi með flotvörpu. Getur ráðherra bundið leyfið þeim skilyrðum, er hann telur nauðsynleg. Skal það varða sviptingu veiðileyfa, ef bolfiskur er veiddur í þetta veiðarfæri.

3. gr.

Á eftir lið C2 í 2. gr. laganna (sbr. l. nr. 21/1969) komi nýr liður, svo hljóðandi:

C3. Frá línu réttvísandi suðaustur af Selskeri að 18° vestlægri lengd er heimilt að veiða með bontvörpu og flotvörpu utan línu, sem dregin er 12 sjómílur utan við grunnlínu samkvæmt reglugerð nr. 189/1972.

Á eftir lið G1 í 2. gr. laganna komi nýr liður svo hljóðandi:

G2. Frá línu, réttvísandi vestur frá Bjargtöngum (grunnlínupunktur 26. skv. reglugerð nr. 189/1972) að línu réttvísandi norður frá Horni (grunnlínupunktur 1) er heimilt að veiða með botnvörpu og flotvörpu utan línu, sem dregin er 12 sjómílur utan við grunnlínu samkvæmt reglugerð nr. 189/1972.

4. gr.

Á eftir 3. gr. laganna (sbr. l. nr. 21/1969) komi þrjár nýjar greinar, svo hljóðandi:

a. (4. gr.) Nú á sérstað á tilteknu veiðisvæði seiða- og smáfiskadráp í þeim mæli, að varhugavert eða hættulegt getur talizt, og skal þá sjávarútvegsráðuneytið,

að fenginni umsögn Hafrannsóknastofnunarinnar, gera nauðsynlegar ráðstafanir til að sporna gegn því. Er ráðuneytinu heimilt með tilkynningu að loka afmörkuðum veiðisvæðum um lengri eða skemmri tíma fyrir öllum togveiðum, svo og öðrum veiðum, ef nauðsynlegt þykir. Jafnan skal umsögn Hafrannsóknastofnunarinnar liggja fyrir, áður en slíkar tímabundnar veiðitakmarkanir eru úr gildi numdar.

b. (5. gr.) Þrátt fyrir ákvæði laga þessara getur sjávarútvegsráðuneytið auglýst ný friðunarsvæði og breytingar á eldri friðunarsvæðum, enda hafi áður verið leitað álits Hafrannsóknastofnunarinnar um slíkar ákvarðanir.

c. (6. gr.) Sjávarútvegsráðuneytið skal beita sér fyrir auknu eftirliti með veiðum fiskiskipa innan fiskveiðilögsögunnar, þar sem megináherzla er lögð á að fylgjast með veiðarfærabúnaði skipanna, stærð þess fisks, sem veiddur er, svo og öðru því, er við kemur vernd fiskistofnanna.

Aðrar greinar laganna breyti um röð í samræmi við þetta, þannig að 4. gr. verður 7. gr. o. s. frv.

5. gr.

Í stað orðanna „til ársloka 1972“ í 8. gr. laganna (sbr. lög nr. 21/1969 og lög nr. 89/1971) komi: til 1. júlí 1973.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 234. Lög [4. mál]

um Stýrimannaskólann í Vestmannaeyjum.

(Afgreidd frá Nd. 20. des.)

Samhljóða þskj. 119 (sbr. 4).

Nd. 235. Lög [108. mál]

um undirbúning þörungavinnslu að Reykhólum.

(Afgreidd frá Nd. 20. des.)

Samhljóða þskj. 176 (sbr. 136).

Nd. 236. Lög [39. mál]

um breyting á lögum nr. 87 24. des. 1971, um orlof.

(Afgreidd frá Nd. 20. des.)

Samhljóða þskj. 175.

Nd. 237. Lög [110. mál]

um breyting á lögum nr. 85 30. des. 1963, um Lífeyrissjóð barnakennara, og lögum nr. 50 22. apríl 1967, um breyting á þeim lögum.

(Afgreidd frá Nd. 20. des.)

Samhljóða þskj. 143.

Sþ. 238. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1973 og við brtt. á þskj. 218.

		Þús. kr.
I.	Frá *fjárveitinganefnd.*	
	1. Við 4. gr. 1 02 621 Skálholtsskóli.	
	Fyrir „4 000“ kemur	5 000
	2. Við 4. gr. 1 02 902 Þjóðminjasafn Íslands 0 27 Viðhald.	
	Fyrir „5 000“ kemur	5 200
II.	Frá *Lárusi Jónssyni og Jóni G. Sólnes.*	
	Við 4. gr. 1 08 381 03 Bygging sjúkrahúsa, sjúkraskýla, læknamiðstöðva og læknabústaða.	
	Sundurliðun breytist þannig og samtala skv. því:	
	a. 10. Akureyri.	
	Fyrir „5 000“ kemur	20 000
	b. Við bætist nýr liður á eftir 10. tölulið:	
	Ólafsfjörður, sjúkraskýli	1 000
III.	Frá *fjárveitinganefnd.*	
	Við brtt. 217, 28. (Við 4. gr. 1 08 381 03 Bygging sjúkrahúsa, sjúkraskýla, læknamiðstöðva og læknabústaða.	
	Tillaga um sundurliðun verði þannig (leiðrétting):	
	a. Ný liður á eftir 11. tölulið a-liðar:	
	Akureyri, læknamiðstöð (fyrri greiðsla)	1 500
	b. Nýr liður á eftir 7. tölulið b-liðar:	
	Blönduós	700
IV.	Frá *Lárusi Jónssyni* og *Jóni G. Sólnes.*	
	Við 4. gr. 1 10 333 03 Hafnarmannvirki og lendingarbætur.	
	Í sundurliðun bætist nýr liður á eftir 1. tölulið, og samtala breytist skv. því:	
	Akureyri	10 000
V.	Frá *Þorv. Garðari Kristjánssyni.*	
	1. Við 5. gr. 2 02 971 Ríkisútvarpið, hljóðvarp 110 Seldar vörur og þjónusta.	
	Fyrir „154 280“ kemur	179 400
	2. Við 5. gr. 2 02 972 Ríkisútvarpið, sjónvarp 180 Seldar vörur og þjónusta.	
	Fyrir „171 475“ kemur	201 700
VI.	Frá *Steinþóri Gestssyni, Matthíasi Bjarnasyni* og *Ásgeir Péturssyni.*	
	Við brtt. 218, 9. (Við 6. gr. XXXVI).	
	Aftan við fyrri málsgr. tillögunnar bætist: Verði heimild þessi notuð, skal lækkunin gerð samkvæmt tillögu fjárveitinganefndar.	

Nd. 239. Nefndarálit [131. mál]

um frv. til l. um breyt. á vegalögum, nr. 23 16. apríl 1970, sbr. l. nr. 98 29. des. 1970.

Frá meiri hl. samgöngunefndar.

Nefndin hefur ekki orðið sammála um afgreiðslu málsins og leggur meiri hl. nefndarinnar til, að frv. verði samþykkt óbreytt, en minni hl. vísar í nefndarálit minni hl. samgöngunefndar Ed. á þskj. 209.

Alþingi, 20. des. 1972.

Stefán Valgeirsson, form., frsm. — Garðar Sigurðsson, fundaskr. — Sigurður J. Lindal.

Karvel Pálmason.

Nd. 240. Breytingartillaga [15. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 62 18. maí 1967, um bann gegn veiðum með botnvörpu og flotvörpu, sbr. lög nr. 21/1969 og lög nr. 50/1971.

Frá Pétri Sigurðssyni.

Á eftir 4. gr. komi ákvæði til bráðabirgða, sem orðist svo:

Á árinu 1973 og 1974 skulu á tímabilinu 10. marz til aprílloka bannaðar veiðar með öllum veiðarfærum á svæði fyrir Suðurlandi, sem afmarkast af línum, sem dregnar eru milli eftirgreindra staða:

a) 63°32′0 n.br., 21°25′0 v.lg.
b) 63°00′0 — 21°25′0 —
c) 63°00′0 — 22°00′0 —
d) 63°32′0 — 22°00′0 —

Að öðru leyti skal íslenzkum skipum, sem veiða með botnvörpu, flotvörpu eða dragnót, heimilt að veiða innan fiskveiðilandhelginnar, samkvæmt ákvæðum laga nr. 62 18. maí 1967, um bann gegn veiðum með botnvörpu og flotvörpu, sbr. lög nr. 21 10. maí 1969.

Ed. 241. Lög [15. mál]

um breyting á lögum nr. 62 18. maí 1967, um bann gegn veiðum með botnvörpu og flotvörpu, sbr. lög nr. 21/1969 og lög nr. 50/1971.

(Afgreidd frá Ed. 20. des.)

Samhljóða þskj. 233.

Ed. 242. Nefndarálit [95. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum um almannatryggingar, nr. 67 frá 20. apríl 1971.

Frá heilbrigðis- og tryggingarnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og mælir með samþykkt þess eins og það nú liggur fyrir.

Alþingi, 20. des. 1972.

Helgi Seljan, form., frsm. — Bjarni Guðbjörnsson, fundaskr. — Auður Auðuns.
Eggert G. Þorsteinsson. — Ásgeir Bjarnason. — Oddur Ólafsson.
Björn Jónsson.

Nd. 243. Breytingartillaga [131. mál]

við frv. til l. um breyt. á vegalögum, nr. 23 16. apríl 1970, sbr. lög nr. 98 28. des. 1970.

Frá Friðjóni Þórðarssyni og Sverri Hermannssyni.

Við 4. gr. Greinin falli niður.

Ed. 244. Nefndarálit [121. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 14 15. marz 1965, um launaskatt.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Fjárhags- og viðskiptanefnd hefur rætt frv. á fundum sínum, og leggur nefndin til, að það verði samþykkt óbreytt, eins og það kom frá neðri deild.

Alþingi, 20. des. 1972.

Ragnar Arnalds, form., frsm.
Björn Jónsson.
Páll Þorsteinsson, fundaskr.
Jón G. Sólnes,
Bjarni Guðbjörnsson.
Geir Hallgrímsson, með fyrirvara.
Jón Árm. Héðinsson, með fyrirvara.

Sþ. 245. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1973.

Frá fjárveitinganefnd.

Við 6. gr. Á eftir XXXVI. lið kemur nýr liður:
Að ábyrgjast lán allt að 50 millj. kr. fyrir Bandalag starfsmanna ríkis og bæja til áframhaldandi uppbyggingar orlofsheimilis að Munaðarnesi, gegn þeim tryggingum, sem hún metur gildar.

Ed. 246. Lög [111. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að fullgilda fyrir Íslands hönd samning milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar um aðstoð í skattamálum.

(Afgreidd frá Ed. 20. des.)

Samhljóða þskj. 144.

Ed. 247. Lög [121. mál]

um breyting á lögum nr. 14 15. marz 1965, um launaskatt.

(Afgreidd frá Ed. 20. des.)

Samhljóða þskj. 232.

Ed. 248. Lög [95. mál]

um breyting á lögum um almannatryggingar, nr. 67 frá 20. apríl 1971.

(Afgreidd frá Ed. 20. des.)

Samhljóða þskj. 224 (sbr. 115).

Nd. 249. Lög [131. mál]

um breyting á vegalögum, nr. 23 16. apríl 1970, sbr. lög nr. 98 28. des. 1970.

(Afgreidd frá Nd. 20. des.)

Samhljóða þskj. 216 (sbr. 197).

Sþ. 250. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1973.

Frá Guðlaugi Gíslasyni.

Við 4. gr. 102 Nýr liður:

		Þús. kr.	Þús. kr.
519	**Fiskvinnsluskóli í Vestmannaeyjum:**		
0 10	Laun	300	
	Gjöld samtals		300

Stjórn atvinnleysistryggingasjóðs skipa 7 menn, tveir tilnefndir af Alþýðusambandi Íslands, einn tilnefndur af Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, einn tilnefndur af Vinnuveitendasambandi Íslands, einn tilnefndur af Vinnumálasambandi samvinnufélaganna og tveir kosnir af sameinuðu Alþingi með hlutfallskosningu. Varamenn skulu vera jafnmargir og aðalmenn og kosnir með sama hætti. Skipun stjórnar fer fram að loknum hverjum almennum alþingiskosningum.

Ráðherra skipar formann og varaformann sjóðsstjórnar.

Ráðherra ákveður þóknun stjórnarnefndarmanna.

2. gr.

Í stað „48“ í 2. mgr. 5. gr. laganna (1. gr. l. nr. 4/1959) komi: 40.

3. gr.

Í stað „1144“ í 15. gr. laganna (2. gr. l. nr. 70/1969) komi: 1020, og í stað „572“ í sömu grein laganna komi: 510.

4. gr.

E-liður 16. gr. laganna (3. gr. l. nr. 70/1969) orðist svo:

e. ófærir eru til vinnu, eða neita vinnu, sem þeim býðst í byggðarlagi sínu að tilhlutan vinnumiðlunarskrifstofu, samkv. lögum um vinnumiðlun, eða á annan hátt, svo að sannað sé, þó því aðeins að ekki hvíli verkfall eða verkbann á vinnunni og kaupgjald og vinnutími sé í samræmi við taxta eða kjarasamninga hlutaðeigandi verkalýðsfélags, enda hafi viðkomandi vinnumiðlunarskrifstofa kynnt sér, að svo sé, og ekki sé annað vanhæfi á vinnunni. Vanhæfi á vinnu verður aðeins sannað með læknisvottorði, sem kveður á um það, að bótaþegi geti ekki af heilsufarsástæðum stundað þá vinnu, sem hann á kost á, enda sé ekki um að ræða starfsgrein, sem hann stundaði, þegar hann varð atvinnulaus, eða önnur hliðstæð störf. Bótaréttur glatast þó ekki, þó að hafnað sé vinnu í starfsgrein, sem umsækjandi hefur ekki áður stundað, enda fylgi slíkri starfsgrein verulega meiri áreynsla eða vosbúð en þeirri, sem hann áður stundaði. Þegar úthlutunarnefnd metur bótarétt, ef um er að ræða vinnu í annarri starfsgrein, ber meðal annars að taka tillit til aldurs umsækjanda. Þegar hafnað er vinnu í annarri starfsgrein, sem veldur ekki bótamissi samkvæmt ákvæðum þessa stafliðs, getur úthlutunarnefnd fellt niður bótagreiðslur, þegar umsækjandi hefur notið bóta í 4 vikur.

5. gr.

1.—3. málsgr. 18. gr. laganna (5. gr. l. nr. 70/1969) orðist svo:

Atvinnuleysisbætur skulu vera sem hér segir:

a. Til kvænts manns eða giftrar konu, sem er aðalfyrirvinna heimilis, kr. 610.00 á dag. Nú eiga bæði hjónin rétt á bótum, og greiðist þeim þá, hvoru um sig, bætur skv. b-lið þessarar greinar. Bætur skv. c-lið falla þá niður. Sama rétt til bóta og hjón hafa samkv. þessari grein einnig karl og kona, sem búa saman og eru bæði ógift, ef þau hafa átt saman barn eða konan er þunguð af hans völdum, eða sambúðin hefur varað samfleytt í tvö ár.

b. Til einstaklinga kr. 527.00 á dag.

c. Til bótaþega kr. 57.00 á dag fyrir hvert barn á framæri yngra en 16 ára, þar með talin börn utan heimilis, sem bótaþegi sannanlega greiðir með samkvæmt meðlagsúrskurði eða skilnaðarleyfisbréfi.

Hámark bóta að meðtöldum bótum vegna barna má nema kr. 813.00 á dag. Enginn getur þó fengið hærri dagpeninga en svarar 80% af meðaldagstekjum hans á síðustu 12 mánuðum, áður en hann varð atvinnulaus.

Framangreindar bótafjárhæðir skulu breytast í sama hlutfalli og kaup hafnarverkamanna í Reykjavík skv. samningum eða kauptöxtum Verkamannafélagsins Dagsbrúnar.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Jafnframt falla úr gildi lög nr. 2 10. febr. 1957.

Greinargerð.

Um 1. gr.

Lagt er til, að fulltrúum launþega og atvinnurekenda verði fjölgað um 2 og hljóti Farmanna- og fiskimannasamband Íslands annan, en Vinnumálasamband samvinnufélaganna hinn, en fulltrúum Alþingis hins vegar fækkað um 2. Í nágrannalöndum okkar eiga löggjafarþingin enga fulltrúa í stjórnum þeirra stofnana, sem fara með vinnumiðlun og atvinnuleysistryggingar. Fellt er niður það ákvæði laganna, að formaður atvinnuleysistryggingasjóðs skuli skipaður úr hópi þeirra stjórnarmanna, sem kosnir eru af Alþingi.

Um 2. gr.

5. gr. laganna breytist til samræmis við lög um 40 stunda vinnuviku.

Um 3. gr.

Bein afleiðing vinnutímastyttingar.

Um 4. gr.

Hér er gert ráð fyrir, að bótaréttur glatist ekki, þótt launþegi hafni vinnu í öðru byggðarlagi. Í nágrannalöndum okkar hefur skylda launþega til þess að taka vinnu utan heimabyggðar ýmist verið felld úr lögum eða framkvæmd slíkrar vinnutilvísunar stöðvuð að tilhlutan stjórnarvalda. Þykir ekki hæfa að beita launþega nauðungarflutningum, þegar þeir verða atvinnulausir.

Þá er ákveðið, að vinnumiðlunarskrifstofa kynni sér, hvort vinna sú, er hún hefur á boðstólum, sé að því er kaup og kjör snertir í samræmi við samninga eða taxta viðkomandi verkalýðsfélags. Nokkur misbrestur hefur verið á því, að launþegum, sem fengið hafa vinnu að tilhlutan vinnumiðlunarskrifstofa, væri greitt samkvæmt samningum eða töxtum verkalýðsfélaga.

Um 5. gr.

Núgildandi ákvæði um dagpeningagreiðslur atvinnuleysistryggingasjóðs eru frá árinu 1969, og hafa grunnupphæðir bóta ekkert hækkað síðan að öðru en vísitölubækkunum.

Í októbermánuði 1969 voru bætur kvæntra bótaþega kr. 341.00 á dag — með vísitöluuppbót. Þá var kaup hafnarverkamanna í Reykjavík kr. 66.09 á klst., en er nú kr. 118.09 og hefur því hækkað um 78.7%. Hér er lagt til, að bætur atvinnuleysistrygginga hækki í sama hlutfalli og breytist framvegis á sama hátt og kaup hafnarverkamanna. Núgildandi lög gera ráð fyrir, að iðgjöld atvinnurekenda hækki sjálfkrafa í hlutfalli við kaup verkamanna, og verður þá að teljast eðlilegt, að bætur hækki á sama hátt, og þá jafnframt að binda upphæð bóta í lögunum í stað þess að láta bætur hreyfast á sama hátt og iðgjöld.

Um greiðslugetu sjóðsins þarf ekki að fjölyrða. Hún ætti að aukast í réttu hlutfalli við hækkun iðgjalda, og útgjöld sjóðsins s. l. tvö ár hafa verið mjög lítil, þar sem atvinnuleysi hefur verið lítið og á flestum stöðum svo til ekkert.

Nd. 280. Frumvarp til laga [146. mál]

um skólakerfi.

(Lagt fyrir Alþingi á 93. löggjafarþingi, 1972—1973).

1. gr.

Allir skólar, sem kostaðir eru eða styrktir að hálfu eða meira af almannafé, mynda samfellt skólakerfi, sé eigi annað tekið fram í lögum.

2. gr.

Skólakerfið skiptist í þrjú stig:

1) skyldunámsstig, 2) framhaldsskólastig, 3) háskólastig. Á skyldunámsstigi er grunnskólinn. Á framhaldsskólastigi eru almennir framhaldsskólar, þar á meðal fjölbrautaskólar og menntaskólar, svo og sérskólar. Á háskólastigi er háskóli og hliðstæðir skólar.

3. gr.

Grunnskóli er fyrir börn og unglinga á aldrinum 7—16 ára og er þeim skylt að sækja hann. Grunnskólinn veitir almenna undirstöðumenntun og býr undir nám á framhaldsskólastigi.

4. gr.

Framhaldsskólar eru tveggja til fjögurra ára skólar, sem greinast í námsbrautir eftir því, sem þörf krefur. Stúdentspróf frá framhaldsskóla veitir rétt til háskólanáms. Um sérskóla og aðra skóla á framhaldsskólastigi segir í lögum þeirra og reglugerðum.

5. gr.

Til inngöngu í háskóla þarf stúdentspróf eða jafngildi þess samkvæmt því sem lög um háskóla ákveða. Menntamálaráðuneytið getur að fengnu áliti háskólaráðs ákveðið önnur inntökuskilyrði í einstakar háskóladeildir, ef þörf gerist.

Háskóli Íslands greinist í þær deildir, sem ákveðið er í lögum hans og reglugerð. Um aðra skóla á háskólastigi segir í lögum þeirra og reglugerðum.

6. gr.

Kennsla er veitt ókeypis í öllum opinberum skólum. Í einkaskólum, sem kostaðir eru að meirihluta af almannafé, eru skólagjöld háð samþykki menntamálaráðuneytisins.

7. gr.

Í öllu starfi skóla skal þess gætt, að konur og karlar njóti jafnréttis í hvívetna, jafnt kennarar sem nemendur.

8. gr.

Ríki og sveitarfélögum er skylt að tryggja nemendum, hvar sem er á landinu, sem jafnasta aðstöðu til menntunar eftir því sem lög kveða nánar á um.

9. gr.

Nú getur nemandi eigi stundað skyldunám sakir fjárskorts, og skal þá menntamálaráðuneytið, að fenginni umsögn viðkomandi fræðslustjóra, svo og öðrum þeim upplýsingum, er sanni ástæður nemandans, veita til þess styrk úr ríkissjóði.

Séu samtímis í heimavistarskóla á skyldunámsstigi fleiri en tvö systkin frá sama heimili í skólahverfinu eða fleiri en tvö börn, sem eiga sömu framfærsluforeldra, skal ríkissjóður greiða að fullu fæðiskostnað fyrir þau, sem eru umfram tvö.

10. gr.

Nánari ákvæði um framkvæmd fræðslu, skólaskipan hvers stigs og fjárframlög ríkis og sveitarfélaga til skólahaldsins skulu sett í lögum og reglugerðum fyrir skóla hvers stigs.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda svo fljótt sem aðstæður leyfa og eigi síðar en 10 árum eftir gildistöku þeirra. Falla samtímis úr gildi lög nr. 22/1946, um skólakerfi og fræðsluskyldu, svo og önnur lagaákvæði, er fara í bága við lög þessi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frá hendi grunnskólanefndar fylgdi frumvarpinu svofelld greinargerð:

„Frumvarp þetta er upphaflega samið af nefnd, sem þáverandi menntamálaráðherra, dr. Gylfi Þ. Gíslason, skipaði hinn 4. júlí 1969 til þess að endurskoða gildandi lög um skólakerfi og fræðsluskyldu (nr. 22/1946), lög um fræðslu barna (nr. 34/1946) og lög um gagnfræðanám (nr. 48/1946) á grundvelli athugunar, sem fram hafði farið í menntamálaráðuneytinu. Í nefndina voru skipaðir: Birgir Thorlacius, ráðuneytisstjóri, formaður; Andri Ísaksson, deildarstjóri skólarannsóknadeildar menntamálaráðuneytisins; Gunnar Guðmundsson, skólastjóri Laugarnesskóla; Helgi Elíasson, fræðslumálastjóri; Kristján J. Gunnarsson, skólastjóri Langholtsskóla og Sveinbjörn Sigurjónsson, skólastjóri. Hinn 27. október 1969 var Jónas B. Jónsson, fræðslustjóri, skipaður í nefndina, og í fjarveru Andra Ísakssonar frá 15. september 1969 til loka júnímánaðar 1970 tók Jóhann S. Hannesson, skólameistari, sæti í nefndinni í hans stað og starfaði síðan áfram í nefndinni, eftir að Andri tók þar sæti að nýju. Með nefndinni störfuðu Indriði H. Þorlaksson, hagfræðingur, fulltrúi í menntamálaráðuneytinu, og dr. Þuríður J. Kristjánsdóttir, uppeldisfræðingur, og var hún ritari nefndarinnar.

Frumvarpið hefur verið endursamið af nefnd, sem Magnús Torfi Ólafsson, menntamálaráðherra, skipaði hinn 3. júní 1972 til þess að endurskoða frumvörp til laga um skólakerfi og grunnskóla. Í nefndina, sem kölluð hefur verið grunnskólanefnd, voru skipaðir: Birgir Thorlacius, ráðuneytisstjóri, formaður; Andri Ísaksson, deildarstjóri; Ingólfur A. Þorkelsson, kennari við Kvennaskólann í Reykjavík; Kristján Ingólfsson, kennari við Barna- og unglingaskólann að Hallormsstað og Páll Líndal, borgarlögmaður í Reykjavík og formaður Sambands íslenzkra sveitarfélaga. Með nefndinni hefur starfað Indriði H. Þorlaksson, fulltrúi í menntamálaráðuneytinu.

Séu greinar þessa frumvarps til laga um skólakerfi bornar saman við eldra frumvarpið, sem fræðslulaganefndin frá 4. júlí 1969 samdi, kemur í ljós, að 3.—4. gr. og 10.—11. gr. eru óbreyttar (og samsvara 3.—4. og 9.—10. gr. eldra frumvarps). 7. gr. er ný, 1.—2. gr., 5.—6. gr. og 8. gr. eru nokkuð breyttar, en 9. gr. er bæði breytt og aukin.

Um einstakar greinar.

Um 1. gr.

Með lögum um skólakerfi og fræðsluskyldu, nr. 22 10. apríl 1946, var samfelldu skólakerfi komið á hérlendis. Það merkir, að nemandi flyzt snurðulaust af einu skólastigi á annað, þó oft með tilskilinni lágmarksframmistöðu, og að einstakir skólar hafa ekki inntökupróf. Þetta var mikil réttarbót fyrir nemendur og jafnaði aðstöðu þéttbýlis og dreifbýlis. Þetta er og meginstefna þessa frumvarps.

Þá er í greininni gert ráð fyrir, að skólar geti notið verulegs styrks af almannafé, eða allt að helmingi kostnaðar, en verið þó undanþegnir ákvæðum laganna um samfellt skólakerfi. Ákvæði frumvarpsins koma þó engan veginn í veg fyrir, að hægt sé að setja slíkum skólum ákveðin skilyrði, svo sem um námsskrá, þar sem styrkurinn getur verið slíkum skilyrðum háður.

Samkvæmt niðurlagi greinarinnar er hægt að ákveða með lögum, án þess að brjóta í bága við lög um skólakerfi, að skóli geti verið styrktur að hálfu eða meira af almannafé, en þó verið undanþeginn lagaákvæðum um samfellt skólakerfi. Var þetta ákvæði einkum sett með tilliti til lýðskóla, svo og námsflokka og annarra hliðstæðra stofnana, er veita fullorðnum menntun.

Um 2. gr.

Með þessari grein er gerð sú breyting frá gildandi lögum, að barnafræðslustig og gagnfræðastig eru sameinuð í óskipt skyldunámsstig með grunnskóla, sbr. athugasemdir við 3. gr. Í stað menntaskóla- og sérskólastigs gildandi laga kemur framhaldsskólastig, og er þar m. a. gert ráð fyrir fjölbrautaskólum (eða sameinuðum framhaldsskólum), sem ljóst er að gerð verður tilraun með á næstu árum.

Um 3. gr.

Samkvæmt þessari grein verður grunnskóli hins íslenzka skólakerfis níu ára skyldunámsskóli, er veitir almenna undirbúningsmenntun og býr nemendur undir nám á framhaldsskólastigi. Þetta felur í sér tvær meginbreytingar, annars vegar lengingu skólaskyldu úr átta árum í níu, og hins vegar er felldur niður 4. bekkur gagnfræðastigsins sem sérstakur bekkur.

Samkvæmt núgildandi lögum er skólaskylda átta ár og lýkur með unglingaprófi. Það próf veitir mjög takmörkuð réttindi til framhaldsnáms. Mun algengara er og í dreifbýli en í þéttbýli, að nemendur staðnæmist á menntabrautinni við unglingapróf eða jafnvel fyrr, m. a. sakir skerts framboðs á menntun. Þessar ástæður og fleiri skapa misrétti, sem skólakerfið verður að jafna.

Um allmargra ára skeið hefur 4. bekkur gagnfræðastigs gegnt fremur litlu og óljósu hlutverki sem hlekkur í skólakerfinu, og stafar þetta m. a. af inntökuskilyrðum margra framhaldsskóla. Þykir því rétt að leggja þennan bekk niður sem slíkan, en efla í þess stað námsaðgreiningu í 7.—9. bekk grunnskóla, og yrði það vitaskuld þáttur í þeirri námsaðgreiningu, að ýmsir nemendur lykju grunnskólanámi á lengri tíma en aðrir.

Á móti þeirri styttingu barna- og gagnfræðanáms, sem brotthvarf 4. bekkjar gagnfræðastigs veldur, kemur til nokkur kennsluaukning í neðri bekkjum, vegna lengds skólaárs og bættrar nýtingar skólaársins, eins og nánar er um fjallað í V. kafla frumvarps til laga um grunnskóla. Ætti að mega ætla, að hinn nýi skyldunámsskóli muni að jafnaði, með samræmdri námsskrá og breytingum á innra starfi skólans, skila nemendum frá sér allmiklu betur búnum undir framhaldsnám en 3. bekkur gagnfræðaskólanna gerir nú, og beztu nemendum svo, að þriggja ára viðbótarnám í menntaskóla nægi til undirbúnings háskólanámi.

Um 4. gr.

Frumvarpið gerir ráð fyrir, að allir þeir, sem lokið hafa námi í grunnskóla, eigi kost á framhaldsnámi við sitt hæfi á framhaldsskólastigi. Er þar í stórum dráttum um þrenns konar nám að ræða, en ótiltekinn fjölda námsbrauta innan hvers um sig:

1. tveggja ára nám til undirbúnings undir störf eða undir nám í ákveðnum sérskólum;
2. þriggja til fjögurra ára nám til undirbúnings námi á háskólastigi eða til almennrar menntunar;
3. nám í ýmsum sérskólum, sem veita sérmenntun til ákveðinna starfa.

Um 5. gr.

Á háskólastigi teljast í frumvarpi þessu Háskóli Íslands og þeir skólar aðrir, sem gera sams konar kröfur til inngöngu og hann, þ. á m. Kennaraháskóli Íslands.

Rétt er að vekja athygli á því, að með aukinni fjölbreytni í menntaskólanámi og öðru námi á sambærilegu skólastigi, hefur stúdentsprófshugtakið þegar víkkað.

Mun þessi þróun óefað halda áfram, ekki síst fyrir tilverknað fjölbrautaskóla og annarrar samræmingar náms á framhaldsskólastigi, sem nú er í vændum.

Um 6. gr.

Sjálfsagt þykir að halda því fyrirkomulagi, að kennsla sé veitt ókeypis í öllum skólum, sem reknir eru og kostaðir af opinberum aðilum, þ. e. ríki og sveitarfélögum. Nemendur geta þó þurft að greiða ýmsan kostnað, svo sem efnisgjöld til handavinnu o. fl., og húsnæðis- og fæðiskostnað í heimavistum.

Í einkaskólum, sem kostaðir eru að meirihluta af almannafé, þykir rétt, að skólagjöld séu háð samþykki menntamálaráðuneytisins.

Um 7. gr.

Rétt þykir að taka það sérstaklega fram, þótt sjálfsagt sé, að konur og karlar skuli, bæði sem kennarar og sem nemendur, njóta í hvívetna fyllsta jafnréttis. Lýtur þetta m. a. að gerð námsskrár, sem ætlazt er til að veiti stúlkum og piltum sömu tækifæri til náms, eftir því sem nemendur kjósa, án venjubundinnar skiptingar eftir kynjum, t. d. í verklegu námi. Piltar eiga t. d. að eiga þess kost að læra matreiðslu og stúlkur smíðar, svo að dæmi séu nefnd. Frjáls verkaskipting milli karla og kvenna í þjóðfélaginu eftir því sem aðilum hentar, án tillits til venjubundinna verkefna, ryður sér æ meir til rúms með breyttum þjóðfélagsháttum, og ber skólunum að taka tillit til þeirrar þróunar.

Um 8. gr.

Í lýðræðisríki, sem vill leggja áherzlu á jafnrétti þegna sinna, hlýtur opinberum aðilum, bæði ríki og sveitarfélögum, að bera afdráttarlaus skylda til að sjá um, að búseta og misjafn efnahagur nemenda og forráðamanna þeirra valdi ekki misrétti um aðstöðu ungmenna til menntunar. Þessi skylda mun vera almennt viðurkennd með þjóðinni og kjörnum leiðtogum hennar, og hafa t. d. ýmsar ráðstafanir verið gerðar að undanförnu til að bæta hér um, og má í því sambandi nefna lög nr. 69/1972, um ráðstafanir til jöfnunar á námskostnaði, en samkvæmt þeim lögum veitir ríkissjóður námsstyrki til jöfnunar á fjárhagslegum aðstöðumun nemenda í framhaldsskólum, að því leyti sem búseta veldur þeim misjöfnum fjárhagsbyrðum.

Eðlilegt virðist, að lög um skólakerfi kveði á um skyldur opinberra aðila í þessu efni, en önnur sérstök lög eru hins vegar nauðsynleg til að afmarka skyldurnar nánar, sbr. áðurgreint dæmi.

Sá vandi, sem hér um ræðir, er vissulega ærið flókinn og fjölhliða, og þarf mjög að huga að könnun hans í víðtæku þjóðfélagslegu samhengi. Er vert að vara við þeirri skoðun, að þetta samfélagslega vandamál eigi sér einfalda lausn.

Um 9. gr.

Líta má á þessa grein sem framhald og nánari útfærslu 8. gr., að því er varðar grunnskólanám. Það eru réttindi og skylda hvers ungmennis að sækja grunnskólann allan. Það er því í rauninni sjálfsagt, að enginn verði þar utangátta vegna efnahags framfærenda. Í þessu sambandi þykir rétt, að fræðslustjóra sé ætlað að kanna ástæður þeirra nemenda, sem í hlut eiga, en ríkissjóður annist styrkveitingu einn, þar sem líklegt er, að mörgum efnalitlum foreldrum félli þungt að þurfa aðstoð úr sveitarsjóði, þar sem slíkt kynni að vera talið bera keim af því að „þiggja af sveit".

Eigi sömu framfærsluforeldrar fleiri en tvö börn, sem dveljast samtímis í heimavist grunnskólans í hlutaðeigandi skólahverfi, eru fjárhagsbyrðar heimilisins, einkum vegna fæðiskostnaðar barnanna, mjög þungbærar. Þykir því rétt, að í slíkum tilvikum hlaupi ríkissjóður undir bagga. Má áætla, að hér verði um 300 nemendur að ræða og að árleg útgjöld ríkissjóðs af þessum sökum geti numið u. þ. b. 6 milljónum króna.

Um 10. gr.

Eðlileg ákvæði, sem eru efnislega óbreytt frá gildandi lögum.

Um 11. gr.

Svo fljótt sem unnt er, skulu lög þessi koma til framkvæmda, og eigi síðar en 10 árum frá gildistöku þeirra. Lögin teljast að fullu komin til framkvæmda, þegar sú regla er orðin almenn í landinu, að nemendur ljúki skyldunámi samkvæmt þeim. Framkvæmd laganna kallar á heildarendurskoðun á skipan framhaldsskólastigsins. Jafnframt er brýn nauðsyn lagasetningar um lýðskóla, kvöldskóla, námsflokka, námskeið, bréfaskóla og aðra framhalds- og endurmenntun fyrir fullorðna".

Nd. 281. Frumvarp til laga [147. mál]

um grunnskóla.

(Lagt fyrir Alþingi á 93. löggjafarþingi, 1972—1973).

I. KAFLI
Markmið og skólaskylda.

1. gr.

Skylt er ríki og sveitarfélögum að halda skóla fyrir öll börn og unglinga á aldrinum 7 til 16 ára eftir því sem nánar segir í lögum þessum. Skóli þessi nefnist grunnskóli og er öllum börnum og unglingum á nefndum aldri skylt að sækja skóla. Undanþágu má þó veita frá skólaskyldu, sbr. 5., 7. og 8. gr.

Þegar tilgreindur er aldur nemanda í lögum þessum, miðast hann við það almanaksár er nemandinn nær nefndum aldri.

2. gr.

Hlutverk grunnskólans er, í samvinnu við heimilin, að búa nemendur undir líf og starf í lýðræðisþjóðfélagi, sem er í sífelldri þróun. Starfshættir skólans skulu því mótast af umburðarlyndi og lýðræðislegu samstarfi. Skólinn skal temja nemendum víðsýni og efla skilning þeirra á mannlegum kjörum og umhverfi, á íslenzku þjóðfélagi, sögu þess og sérkennum og skyldum einstaklingsins við samfélagið.

Grunnskólinn skal leitast við að haga störfum sínum í sem fyllstu samræmi við eðli og þarfir nemenda og stuðla að alhliða þroska, heilbrigði og menntun hvers og eins.

Grunnskólinn skal veita nemendum tækifæri til að afla sér þekkingar og leikni og temja sér vinnubrögð, sem stuðli að stöðugri viðleitni til menntunar og þroska. Skólastarfið skal því leggja grundvöll að sjálfstæðri hugsun nemenda og þjálfa hæfni þeirra til samstarfs við aðra.

3. gr.

Grunnskóli er níu ára skóli og skiptist í 1.—9. bekk, þar sem fram fer barna- og unglingafræðsla.

Hann getur verið ein stofnun eða verið skipt í einingar, tvær eða fleiri eftir því sem menntamálaráðuneytið ákveður að fengnum tillögum hlutaðeigandi fræðsluráðs.

4. gr.

Í strjálbýli skal stefnt að heimanakstri nemenda, þar sem honum verður við komið vegna vegalengda, vegakerfis og veðurfars. Heimilt er ráðuneytinu að fenginni tillögu hlutaðeigandi fræðsluráðs að koma á fót útibúum frá aðalskóla skólahverfis fyrir 7 og 8 ára börn, þar sem heimanakstri til aðalskóla verður ekki við komið.

5. gr.

Nú ber skólanefnd í skólahverfi fram við fræðslustjóra rökstutt álit um nauðsyn þess að fá um tiltekinn tíma undanþágu frá því að uppfylla að fullu ákvæði 1. gr. þessara laga um skólaskyldu eða lágmarksákvæði 42. gr. um starfstíma skóla. Skal fræðslustjóri þá í samvinnu við skólanefnd gera áætlun um, hvernig úr verði bætt á sem fæstum árum, og leggja áætlunina fyrir menntamálaráðuneytið ásamt

umsókninni og umsögn sinni. Menntamálaráðuneytið úrskurðar síðan, hvort eða að hve miklu leyti undanþága skuli veitt, og tekur það tillögur um endanlegar úrbætur til meðferðar við gerð framkvæmdaáætlunar um skólabyggingar.

Nú vanrækir skólahverfi að standa að sínum hluta við þær skuldbindingar, sem það hefur tekizt á hendur eða á það verið lagðar með áætlun um, hvenær og hvernig það skuli uppfylla að fullu ákvæði 1. gr. og 42. gr. þessara laga, og getur þá menntamálaráðuneytið hlutazt til um, að nauðsynlegar úrbætur séu framkvæmdar og að sveitarfélag kosti þær að sínum hluta lögum samkvæmt.

6. gr.

Forráðamaður skólaskylds barns ber ábyrgð á, að það innritist í skóla, þegar það hefur náð skólaskyldualdri, og að það sæki skóla. Verði verulegur misbrestur á skólasókn skólaskylds barns, án þess að veikindi eða aðrar gildar ástæður hamli og skólastjóri fær ekki við ráðið, skal hann tilkynna fræðslustjóra um málið. Fræðslustjóri kynnir sér málsatvik og ástæður á heimili og í skóla og beitir sér fyrir úrbótum. Vilji forráðamaður barnsins ekki hlíta ákvörðun fræðslustjóra, getur hvor aðili um sig vísað málinu til barnaverndarnefndar.

7. gr.

Undanþegin frá því að sækja grunnskóla eru:

a) börn, sem sækja viðurkennda einkaskóla, sbr. 78. gr., og
b) börn, er búa í skólahverfum, sem fengið hafa undanþágu skv. 5. gr., að því leyti, sem undanþágan kveður á um.

8. gr.

Nú sækir forráðamaður skólaskylds barns um tímabundna undanþágu þess frá skólasókn hluta úr skólaári og færir fram knýjandi ástæður. Skal þá leitað umsagnar skólastjóra og skólanefndar, og mæli þeir aðilar samhljóða með umsókninni, getur fræðslustjóri veitt undanþágu, en skólanefnd og skólastjóri skulu fylgjast með því, að barnið stundi nám.

II. KAFLI
Stjórn grunnskóla.

9. gr.

Menntamálaráðuneytið fer með yfirstjórn þeirra málefna, er lög þessi taka til. Ráðuneytinu til aðstoðar við framkvæmd laganna skulu vera:

1. Samstarfsnefnd, skipuð tveimur fulltrúum frá menntamálaráðuneytinu og tveimur frá Sambandi ísl. sveitarfélaga. Skal hún fá til umsagnar reglugerðir, sem varða fjárhagsleg samskipti ríkis og sveitarfélaga samkvæmt lögum þessum, áður en þær eru gefnar út. Enn fremur fái hún til umsagnar ágreiningsatriði, sem kunna að verða varðandi þessi samskipti, áður en þau koma til úrskurðar.
2. Grunnskólaráð, sbr. 66. grein.

Nefndir og ráð skv. 1. og 2. lið skulu skipuð til fjögurra ára í senn. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt og aðalmenn.

10. gr.

Landið skiptist í fræðsluumdæmi sem hér segir:

1. Reykjavíkurumdæmi, sem tekur yfir Reykjavíkurborg.
2. Reykjanesumdæmi, sem tekur yfir Gullbringu- og Kjósarsýslu, Hafnarfjarðarkaupstað, Keflavíkurkaupstað og Kópavogskaupstað.
3. Vesturlandsumdæmi, sem tekur yfir Borgarfjarðarsýslu, Akraneskaupstað, Mýrasýslu, Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu og Dalasýslu.
4. Vestfjarðaumdæmi, sem tekur yfir Barðastrandarsýslu, Vestur-Ísafjarðarsýslu, Ísafjarðarkaupstað, Norður-Ísafjarðarsýslu og Strandasýslu.

5. **Norðurlandsumdæmi vestra**, sem tekur yfir Vestur-Húnavatnssýslu, Austur-Húnavatnssýslu, Skagafjarðarsýslu, Sauðárkrókskaupstað og Siglufjarðarkaupstað.
6. **Norðurlandsumdæmi eystra**, sem tekur yfir Eyjafjarðarsýslu, Akureyrarkaupstað, Ólafsfjarðarkaupstað, Suður-Þingeyjarsýslu, Húsavíkurkaupstað og Norður-Þingeyjarsýslu.
7. **Austurlandsumdæmi**, sem tekur yfir Norður-Múlasýslu, Seyðisfjarðarkaupstað, Suður-Múlasýslu, Neskaupstað og Austur-Skaftafellssýslu.
8. **Suðurlandsumdæmi**, sem tekur yfir Vestur-Skaftafellssýslu, Vestmannaeyjakaupstað, Rangárvallasýslu og Árnessýslu.

Í hverju fræðsluumdæmi skal vera fræðsluráð og fræðsluskrifstofa.

11. gr.

Fræðsluráð skal skipað 5 mönnum, sem kjörnir eru af viðkomandi landshlutasamtökum. Jafnmargir skulu kjörnir til vara. Um kosningu og starfshætti fer samkvæmt lögum og reglugerð um starfshætti landshlutasamtaka sveitarfélaga, en að öðru leyti eftir meginreglum sveitarstjórnarlaga nr. 58/1961.

Í Reykjavík kýs borgarstjórn Reykjavíkur fræðsluráð og fer hún með hlutverk landshlutasamtaka samkvæmt lögum þessum eftir því sem við á.

Í reglugerð skal kveðið á um fundarsetu fulltrúa kennarasamtaka og framkvæmdastjóra landshlutasamtaka, svo og annarra aðila, t. d. fulltrúa sveitarfélags, er sérstaklega á hlut að tilteknu máli. Kennarafulltrúar skulu boðaðir til funda á sama hátt og fræðsluráðsmenn og hafa sama rétt og þeir til að æskja funda í fræðsluráði.

Þessir aðilar skulu hafa málfrelsi og tillögurétt á fræðsluráðsfundum.

Formaður fræðsluráðs kveður til fundar, svo oft sem þurfa þykir. Skylt er honum að kveðja ráðið saman, ef a. m. k. tveir fræðsluráðsmenn eða fræðslustjóri æskja þess. Fundur telst löglega boðaður, ef allir fræðsluráðsmenn, eða í forföllum aðalmanna varamenn, hafa verið boðaðir til hans a. m. k. tveim sólarhringum fyrir tilgreindan fundartíma. Fræðsluráð getur enga ályktun gert, nema meiri hluti þess sé á fundi. Allar ályktanir skulu ritaðar í gerðabók. Enginn fræðsluráðsmaður hefur atkvæðisrétt um þau mál, sem varða hann sjálfan, og skal hann í slíkum tilvikum víkja sæti fyrir varamanni. Verði atkvæði jöfn, ræður atkvæði formanns.

12. gr.

Fræðsluráð hefur með höndum eftirtalin verkefni:

1. Það fer með stjórn fræðslumála innan umdæmis síns í umboði menntamálaráðuneytisins og sveitarstjórna, sem hlut eiga að máli.
2. Það sér um, að gerðar séu áætlanir um fræðslumál í umdæminu, bæði árlegar fjárhags- og framkvæmdaáætlanir, svo og áætlanir til lengri tíma, samkvæmt nánari ákvörðun í reglugerð.
3. Það hefur eftirlit með störfum skólanefnda í umdæminu.
4. Það gerir tillögur til menntamálaráðuneytisins um ráðningu fræðslustjóra umdæmisins og hefur umsjón með rekstri fræðsluskrifstofu umdæmisins.
5. Það fer að öðru leyti með þau málefni, sem því eru fengin í þessum lögum og reglugerðum, er settar verða samkvæmt þeim.

13. gr.

Menntamálaráðuneytið setur eða skipar fræðslustjóra að fengnum tillögum hlutaðeigandi fræðsluráðs.

Menntamálaráðuneytið auglýsir stöðu fræðslustjóra og setur hann til eins árs. Að þeim tíma liðnum má skipa hann í starfið.

Við skipun í starf fræðslustjóra er skylt að taka tillit til kennslufræðilegrar menntunar umsækjenda, stjórnunarreynslu innan skólakerfisins og þekkingar þeirra á skólamálum umdæmisins og þörfum þess, og skulu þeir umsækjendur að öðru

jöfnu ganga fyrir, sem hafa rétt til að vera skipaðir skólastjórar við grunnskóla og hafa gegnt starfi kennara eða skólastjóra í a. m. k. þrjú ár.

Heimilt er að greiða settum fræðslustjóra laun sem slíkum um þriggja mánaða skeið, áður en hann tekur við starfi, enda sé þeim tíma varið til undirbúnings undir starfið, skv. nánari ákvörðunum menntamálaráðuneytisins og hlutaðeigandi fræðsluráðs.

Sá, sem settur er fræðslustjóri, skal fá launalaust leyfi frá starfi sínu í þágu ríkis eða sveitarfélags, sem hann kann að hafa á hendi, allt að einu ári.

14. gr.

Fræðslustjóri er fulltrúi menntamálaráðuneytisins og hlutaðeigandi sveitarfélaga um fræðslumál í umdæminu og skal búsettur þar, sem fræðsluskrifstofa umdæmisins er. Hann er framkvæmastjóri fræðsluráðs.

Meginverkefni fræðslustjóra eru:

1. Hann fylgist með því, að gildandi fyrirmælum um fræðslumál sé fylgt, bæði varðandi kennslu- og stjórnunarmál í skólum, sem kostaðir eru sameiginlega af ríki og sveitarfélögum, svo sem grunnskólum, iðnfræðsluskólum og húsmæðraskólum.
2. Hann hefur umsjón með gerð árlegra rekstraráætlana fyrir grunnskóla umdæmisins, endurskoðar þær og sendir menntamálaráðuneytinu.
3. Hann hefur í umboði menntamálaráðuneytis og sveitarstjórna umdæmisins umsjón með eignum og rekstri þeirra skóla, sem lög þessi taka til, sbr. þó 29. gr.
4. Hann hefur með höndum almenna námsstjórn í grunnskólum umdæmisins og fylgist með árangri nemenda, hvort tveggja í samráði við skólarannsóknadeild menntamálaráðuneytisins, og kynnir sér starfsskilyrði skóla, þ. e. aðstöðu til kennslu og náms, svo og aðbúnað nemenda.
5. Hann úrskurðar ágreiningsefni, sem upp kunna að koma milli skólastjóra og kennararáðs og skólastjóra og kennarafundar, sbr. 20. gr.
6. Hann gerir í sambandi við meint brot kennara eða skólastjóra í starfi þær ráðstafanir, er hann telur þörf, sbr. 56. gr.
7. Hann hefur umsjón með ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu í grunnskóla, sbr. 70. gr.
8. Hann kannar, í samvinnu við skólalækna og sálfræðideild, hvort í fræðsluumdæminu séu nemendur, sem ekki eiga samleið með öðrum nemendum sakir sjóndepru, blindu, heyrnargalla, málhelti, málleysis, tornæmis, vanvitaháttar eða annars, er torveldi eðlilegan námsferil þeirra, og hlutast til um, að þeir fái kennslu við sitt hæfi.

Enn fremur fer fræðslustjóri með önnur þau mál, er lög þessi kveða á um, svo og þau sem menntamálaráðuneytið eða fræðsluráð kunna sérstaklega að fela honum.

15. gr.

Landshlutasamtök sveitarfélaga ákveða fræðsluskrifstofum stað, en háð er sú ákvörðun samþykki menntamálaráðuneytis.

Fræðslustjóri er forstöðumaður fræðsluskrifstofu. Annað starfsfólk ræður fræðsluráð, að fengnum tillögum fræðslustjóra.

Heimilt er fræðsluráði að semja svo við landshlutasamtök sveitarfélaga, einstök skólahverfi og sveitarfélög, að fræðsluskrifstofa taki að sér tiltekin verkefni fyrir þessa aðila, enda komi full greiðsla fyrir. Á sama hátt er fræðsluráði heimilt að semja við landshlutasamtök um að skrifstofa þeirra annist störf fyrir fræðsluskrifstofu, enda komi samþykki fræðslustjóra til.

16. gr.

Skólahverfi er sú eining, er stendur að einum grunnskóla, annaðhvort skóla í heild eða hluta hans. Sveitarfélag, sem rekur tvo eða fleiri grunnskóla innan marka sinna, telst þó eitt skólahverfi. Eitt sveitarfélag eða fleiri eða hlutar sveitarfélaga geta myndað skólahverfi.

Það er skólahverfi:

a) Þar sem eitt sveitarfélag rekur grunnskóla eða hluta hans, án samvinnu við önnur sveitarfélög.

b) Þar sem fleiri sveitarfélög en eitt reka grunnskóla eða hluta grunnskóla í félagi með fullri eða misjafnri þátttöku aldursárganga.

Sama sveitarfélag getur átt aðild að fleiri en einu skólahverfi sem hér segir:

1) ef það skiptist landfræðilega milli a. m. k. tveggja skólahverfa
2) ef aldursárgangar þess á grunnskólastigi sækja ekki allir sama skólann en eiga skólasókn til tveggja eða fleiri skólahverfa.

Útibú frá aðalskóla, sbr. 4. og 79. gr., tilheyra skólahverfi aðalskólans. Ákvæði um skólahverfi ná ekki til skóla eða stofnana, sem rekin eru skv. 53. gr.

Menntamálaráðuneytið leggur tillögur um skiptingu landsins í skólahverfi fyrir fræðsluráð, er kynna þær hlutaðeigandi sveitarstjórnum og skólanefndum. Nú getur fræðsluráð ekki fallizt á tillögur ráðuneytisins, og skal þá boða til sameiginlegs fundar og leita samkomulags. Um þau atriði, sem ekki næst samkomulag um, sker menntamálaráðuneytið úr.

17. gr.

Í sérhverju skólahverfi skal vera skólanefnd, sem fer með málefni grunnskóla, eftir því sem lög þessi og reglugerðir nánar ákveða. Skólanefnd skal kosin til fjögurra ára í senn af hlutaðeigandi sveitarstjórn (sveitarstjórnum), sbr. 18. grein.

Í sveitarfélagi, þar sem grunnskólar eru tveir, eða fleiri, fer ein skólanefnd með málefni þeirra. Hún sér um skiptingu nemenda milli þeirra og samræmir rekstur þeirra eftir því sem hún telur haganlegt.

Heimilt er skólanefnd eða fleiri skólanefndum sameiginlega að ráða sér starfsmann, skólafulltrúa. Skólanefnd (skólanefndir) setja skólafulltrúa erindisbréf. Kostnaður við störf skólafulltrúa greiðist úr sveitarsjóði (sveitarsjóðum).

Menntamálaráðuneytið setur skólanefndum erindisbréf, er kveður nánar á um störf þeirra.

18. gr.

Skólanefndir skulu skipaðar sem hér segir:

a) Í kaupstöðum og kauptúnahreppum með 900 íbúa eða fleiri, fimm mönnum, enda standi þau ein að skólarekstrinum.

Eigi fleiri sveitarfélög aðild að skólahverfinu, kýs hvert þeirra einn mann til viðbótar. Verði atkvæði við það jöfn skal sveitarfélagið þar sem skólinn er staðsettur kjósa oddamann, ef nemendur þess eru samanlagt fleiri en allra hinna. Sé svo eigi, kýs það sveitarfélag skólahverfisins sem næstflest börn átti þar skólaárið áður en kosið er, tvo menn, í skólanefnd.

b) Í öðrum sveitarfélögum, þar sem eitt sveitarfélag er skólahverfi, þremur mönnum.

c) Þar sem tvö sveitarfélög eða fleiri standa saman að skólahverfi með jafnri aðild árganga, kýs hvert sveitarfélag einn mann. Verði tala nefndarmanna við það jöfn, kýs það sveitarfélag tvo, er flesta nemendur átti á grunnskólastigi næstliðið skólaár, áður en kosið er.

d) Þar sem tvö sveitarfélög eða fleiri, önnur en þau sem um getur í a-lið, standa saman að skólahverfi með ójafnri aðild árganga skulu þau þeirra, er hlut eiga að öllum stigum þess, kjósa tvo menn hvert í skólanefnd, en önnur einn mann. Verði þá atkvæði jöfn skal farið að sem í c-lið.

Varamenn í skólanefndum skulu jafnmargir aðalmönnum og kosnir á sama hátt. Skólanefndir skulu kjörnar í upphafi kjörtímabils sveitarstjórna.

Skólanefnd kýs sér sjálf formann og varaformann úr hópi nefndarmanna í upphafi kjörtímabils.

Fastir kennarar í skólahverfinu kjósa úr sínum hópi fulltrúa til að starfa með skólanefnd, kennarafulltrúa, og hafa þeir málfrelsi og tillögurétt á fundum.

Þar sem kennarar við grunnskóla eru frá 1—15, skal kjörinn einn kennarafulltrúi til samstarfs við nefndina. Þar sem kennarar eru 16 eða fleiri, skulu kjörnir 2 kennarafulltrúar. Varamenn kennarafulltrúa skulu jafnmargir aðalmönnum.

Í Reykjavík fer fræðsluráð með hlutverk skólanefndar. Þar skulu kennarafulltrúar vera þrír. A. m. k. þrisvar á skólaári heldur fræðsluráð fundi með skólastjórum á grunnskólastigi í Reykjavík.

Skólastjóri hefur rétt til setu á skólanefndarfundum, þegar fjallað er um mál sem varða skóla hans sérstaklega.

Um boðun funda og starfshætti skólanefnda gilda sömu ákvæði og um fræðsluráð. Skylt er að verða við tilmælum skólastjóra um fund í skólanefnd.

Menntamálaráðuneytið setur, að fengnum tillögum fræðsluráða og samtaka kennara á grunnskólastigi, reglur um, hvernig háttað skuli kosningu kennarafulltrúa samkvæmt þessari grein.

19. gr.

Skólanefnd skal sjá um, að öll skólaskyld börn í skólahverfinu njóti lögboðinnar fræðslu. Hún fylgist með því, að jafnan sé fyrir hendi fullnægjandi skólahúsnæði í skólahverfinu.

Nú telur sveitarstjórn (skólanefnd), að þörf sé á byggingu nýs skólahúss, stækkun skólahúss eða verulegum endurbótum og skal hún þá gera í samráði við fræðslustjóra tillögur til menntamálaráðuneytisins um staðsetningu skólahúss og fyrirhugaðar framkvæmdir. Ef tvær sveitarstjórnir eða fleiri standa saman að skólahverfi, skulu þær á sama hátt gera tillögu sameiginlega ásamt skólanefnd.

Ef menntamálaráðuneytið telur, að óhæfilegur dráttur sé á aðgerðum til að sjá fyrir fullnægjandi skólahúsnæði, getur það í samráði við fræðslustjóra látið bæta úr því, sem áfátt er, á kostnað hlutaðeigandi sveitarfélaga, enda þoli málið ekki bið að dómi ráðuneytisins.

Ef samkomulag næst ekki um, hvort ráðast skuli í skólabyggingu, hvar hún skuli reist og hve stór hún skuli vera, sker menntamálaráðuneytið úr að fenginni umsögn fræðsluráðs.

Skólanefnd skal líta eftir, að skólinn hafi allan nauðsynlegan aðbúnað, svo sem húsnæði, skólalóð, leikvelli, kennslutæki og innanstokksmuni. Sér hún í samráði við skólastjóra um, að uppfylltar séu á þessum sviðum kröfur í lögum og reglugerðum, og ber ábyrgð á, að viðhald og aukning eigi sér stað eftir þörfum.

20. gr.

Skólastjóri og fastir kennarar stjórna starfi grunnskóla undir yfirstjórn menntamálaráðuneytisins, fræðsluráðs, fræðslustjóra og skólanefndar eftir því sem nánar segir í lögum þessum og reglugerðum, er settar verða samkvæmt þeim. Skylt er öllum föstum kennurum skólans að sækja kennarafundi þá mánuði, er skóli starfar, ef fundurinn fer fram á daglegum starfstíma skóla.

Í skólum, sem eiga rétt á 8 föstum kennurum eða fleiri, auk skólastjóra, skal almennur kennarafundur í upphafi hvers skólaárs kjósa þriggja manna kennararáð, sem ásamt skólastjóra, fer með stjórn skólans í umboði fastra kennara. Í öðrum skólum fer almennur kennarafundur með hlutverk kennararáðs.

Nú greinir skólastjóra og kennararáð á um meðferð tiltekins máls, og má þá vísa málinu til skólanefndar og fræðslustjóra, er fellir lokaúrskurð um það. Ákvörðun skólastjóra gildir, unz úrskurður fræðslustjóra liggur fyrir, nema samkomulag hafi orðið um annað.

Í reglugerð, sem ráðuneytið setur að fengnum umsögnum fræðsluráða skal nánar kveðið á um framkvæmd þessarar greinar. Þar má m. a. ákveða starfsmannafundi við heimavistarskóla.

Skólastjóri boðar til almenns kennarafundar, a. m. k. einu sinni í mánuði, en þó eigi sjaldnar en tvisvar í mánuði, ef um heimavistarskóla er að ræða.

Auk þess skal boða til slíks fundar, ef þriðjungur fastráðinna kennara æskir þess.

21. gr.

Nú æskir skólastjóri, og/eða foreldrar, sem börn eiga í grunnskóla, að stofnað sé foreldrafélag við skólann í þeim tilgangi að fylgjast með skólastarfinu. Skal þá skólastjóri boða til foreldrafundar.

Foreldrafélag setur sér samþykktir til að starfa eftir.

22. gr.

Heimilt er nemendum 7. til 9. bekkjar grunnskóla að stofna nemendaráð, er sé skólastjóra og kennararáði til aðstoðar og ráðuneytis um málefni nemenda. Ráðið skal skipað einum fulltrúa úr hverri bekkjardeild, sem nemendur deildarinnar velja árlega, og kýs það sér þriggja manna stjórn: formann, varaformann og ritara. Ráðið heldur gerðabók. Einn af kennurum skólans aðstoðar nemendaráð.

III. KAFLI
Skólahúsnæði.

23. gr.

Í hverju skólahverfi skal vera skólahúsnæði, sem fullnægir þörfum grunnskóla við þær aðstæður, sem þar eru. Við gerð eða breytingar skólamannvirkja skal m. a. tekið tillit til, hvort nemendur ganga til skóla, er ekið þangað daglega, búa þar í heimavist eða um blandað fyrirkomulag er að ræða. Menntamálaráðuneytið ákveður að fenginni umsögn hlutaðeigandi fræðsluráðs, skólanefndar og sveitarstjórna, hvaða gerð skólamannvirkja skuli reisa á hverjum stað.

Menntamálaráðuneytið lætur gera framkvæmdaáætlun um skólabyggingar fyrir allt landið:

a) er taki til allt að 10 ára tímabils. Framkvæmdaáætlun þessa skal endurskoða svo oft, sem ástæða þykir til;
b) árlega framkvæmdaáætlun, sem fylgi tillögum til fjárveitinga í fjárlögum.

Röðun framkvæmda miðast við, hvar skólabyggingaþörf er brýnust að áliti ráðuneytisins.

Nafngift skóla er háð samþykki menntamálaráðuneytisins, að fenginni umsögn örnefnanefndar.

24. gr.

Eigi tvö sveitarfélög eða fleiri félag með sér um byggingu skólahúsnæðis með jafnri eða ójafnri aðild aldursárganga nemenda, skal, ef ekki semst um annað þeirra í milli, miða skiptingu stofnkostnaðar við eftirfarandi meginatriði:

a) íbúafjölda,
b) tekjur sveitarfélaganna næstliðið ár,
c) þann barnafjölda, sem hverju sveitarfélagi ber að senda í skólann,
d) kennslustundafjölda samkvæmt námsskrá í þeim bekkjum, sem aðild sveitarfélags miðast við.

Sé einungis um að ræða hluta sveitarfélags, sem aðild á að skólahverfi, skal miða liði a) og b) við þann hluta.

Verði sú breyting gerð á skólahverfi, að sveitarfélag, sem þar hefur átt aðild að, tengist öðru skólahverfi, skal ríkissjóður yfirtaka hlutdeild þess í skólabyggingunni og endurselja hana nýjum aðilum eða hinum eldri að því marki, sem um semst.

Gerist sveitarfélag aðili að skólahverfi, þar sem fyrir eru skólabyggingar, sem það mun hafa not af, skal það eftir því sem um semst kaupa hlutdeild í þeim byggingum af þeim sveitarfélögum, sem fyrir eru, og/eða ríkissjóði, sbr. undanfarandi málsgrein.

Menntamálaráðuneytið aðstoðar við samninga um skiptingu byggingarkostnaðar, sé þess óskað, og sker úr um ágreiningsatriði.

Nú óskar sveitarfélag, að gert sé ráð fyrir aðstöðu til félagsstarfsemi eða annars slíks í skólahúsi eða í tengslum við það, og skal það þá heimilt, enda samþykki menntamálaráðuneytið og skólanefnd uppdrætti. Sveitarfélag greiðir stofnkostnað að því leyti, sem lög og reglugerðir ákveða ekki annað.

25. gr.

Í skólahúsi skal auk kennslurýmis gera ráð fyrir aðstöðu fyrir nemendur milli kennslustunda, snyrtiherbergjum, skrifstofu og vinnuherbergjum skólastjóra og kennara, bókasafni, aðstöðu til heilsugæzlu, íþróttaiðkana, almennrar félagsstarfsemi í þágu nemenda og annars þess, er lög þessi gera ráð fyrir. Ef henta þykir, má ætla aðstöðu til íþrótta og verklegrar kennslu í öðru húsnæði.

Við gerð nýs skólahúsnæðis og endurbætur eldra skólahúsnæðis skal að því stefnt, að þar verði aðstaða fyrir nemendur til að búa sig undir kennslustundir næsta skóladags.

Við gerð heimavistarskóla skal kappkostað, að þeir minni sem mest á almenn heimili og sé þannig gengið frá, að nemendur geti jafnan náð til umsjónarmanns heimavista.

26. gr.

Skólanefnd ákveður í samráði við hlutaðeigandi sveitarstjórnir hvaða sérfræðingar skuli annast hönnun skólabygginga, þ. e. undirbúningsvinnu og áætlanagerð, þar með gerð uppdrátta.

Menntamálaráðuneytið skal á a. m. k. þriggja ára fresti efna til almennrar samkeppni um uppdrætti að ákveðinni tegund skólamannvirkja miðað við breytilegar stærðir skóla og ólíkar aðstæður í landinu.

27. gr.

Menntamálaráðuneytið getur, að fenginni umsögn sveitarstjórnar, ákveðið listskreytingu skólamannvirkja, og telst kostnaður, sem af því leiðir til stofnkostnaðar. Má verja í þessu skyni fjárhæð, er nemur allt að 2% af áætluðum stofnkostnaði skólamannvirkis miðað við reglur byggingadeildar ráðuneytisins, þó aldrei hærri fjárhæð en 500 þús. kr. til hvers einstaks skóla, að viðbættri hækkun samkvæmt byggingarvísitölu, sbr. 8. gr. laga nr. 49/1967, um skólakostnað.

Ráðuneytinu til aðstoðar við ákvörðun listskreytinga skólamannvirkja skal vera tveggja manna nefnd skipuð einum fulltrúa frá Bandalagi ísl. listamanna, og einum frá því sveitarfélagi (sveitarfélögum), sem hlut á að máli hverju sinni, nema það eða þau feli Sambandi íslenzkra sveitarfélaga að tilnefna fulltrúa í sinn stað til að fara með umboð sitt.

28. gr.

Eðlilegt viðhald skólahúsa og skólahúsgagna, svo og kaup og endurnýjun kennslutækja, er sveitarfélögum skylt að annast á fullnægjandi hátt að mati fræðslustjóra. Verði ágreiningur, sker ráðuneytið úr. Kostnaður greiðist samkvæmt 82. gr. Menntamálaráðuneytið ákveður í reglugerð, að höfðu samráði við samstarfsnefnd menntamálaráðuneytis og Samband ísl. sveitarfélaga, sbr. 9. gr., árlegan hundraðshluta af brunabótamati hvers skólahúss til viðhalds húss og lóðar.

29. gr.

Dagleg umsjón og umráð skólamannvirkja, sem eru sameign ríkis og sveitarfélaga, skulu vera í höndum skólanefndar og skólastjóra, sem fara að því leyti með umboð sveitarstjórnar og menntamálaráðuneytis.

Heimilt er sveitarstjórn að ráðstafa skólahúsnæði eða hluta þess til æskulýðsstarfsemi, íþróttastarfsemi og almennrar félagsstarfsemi í þágu íbúa byggðarlagsins. Slíkt er þó aðeins heimilt, að hvorki brjóti í bága við skólahald né aðra notkun skólahúsnæðis, sem menntamálaráðuneytið kynni að ákveða, svo sem til námskeiðshalds, framkvæmdar á lögum um orlof húsmæðra o. fl.

Skólanefnd getur heimilað að fengnu samþykki menntamálaráðuneytisins, að skólahúsnæði sé utan venjulegs skólatíma notað til gistingar og veitingarekstrar.

IV. KAFLI
Skólastjóri, kennarar og annað starfslið grunnskóla.

30. gr.

Við hvern skóla, sem starfar samkvæmt lögum þessum, skal vera skólastjóri.

Skipa má skólastjóra við grunnskóla hvern þann, sem lokið hefur kennaraprófi, almennu eða sérgreindu, frá kennaraskóla eða háskóla. Ákveða má þó í reglugerð, að skipun í skólastjórastarf við grunnskóla verði háð því skilyrði, að umsækjandi hafi aflað sér viðbótarmenntunar í skólastjórn, sbr. 40. gr., enda verði námskeið um stjórnun skóla haldið eigi sjaldnar en þriðja hvert ár. Ákvæði þessi ná þó eigi til þeirra, er gegnt hafa skólastjórastarfi sem settir eða skipaðir fyrir gildistöku laga þessara.

Menntamálaráðuneytið setur eða skipar skólastjóra að fengnum umsögnum skólanefndar og fræðslustjóra, sem í hlut eiga.

31. gr.

Í grunnskóla, sem á rétt á 10 kennurum eða fleiri í fullu starfi, auk skólastjóra, ræður menntamálaráðuneytið aðstoðarskólastjóra til 5 ára í senn. Um embættisgengi aðstoðarskólastjóra gildir hið sama og um skólastjóra.

Starf aðstoðarskólastjóra skal auglýst á sama hátt og gerist um störf skólastjóra og kennara.

Hlutaðeigandi skólanefnd, svo og skólastjóri og kennararáð skulu láta menntamálaráðuneytinu í té umsagnir um umsóknir þær, er berast um stöðu aðstoðarskólastjóra.

Þar sem grunnskóli starfar í tveimur eða fleiri einingum, sem aðstæðna vegna eru ekki í sama byggðarlagi, er menntamálaráðuneytinu heimilt, að fenginni tillögu skólanefndar, að ráða aðstoðarskólastjóra, þótt forsendur þær, sem greindar eru í 1. mgr. séu ekki fyrir hendi.

Aðstoðarskólastjóri er staðgengill skólastjóra og vinnur undir stjórn hans að skólastjórnarstörfum.

Menntamálaráðuneytið ákveður lágmarkskennsluskyldu aðstoðarskólastjóra miðaða við stærð skóla.

Í skólum, sem hafa færri kennara en um getur í 1. málsgrein, fer sá kennari með skólastjórn í forföllum skólastjóra, er hann kveður til. Sé þó fyrirsjáanlega um að ræða lengri forföll en tvo mánuði, gerir skólanefnd tillögu til menntamálaráðuneytisins um ráðningu í starfið.

Aðstoðarskólastjóri er ríkisstarfsmaður og tekur laun samkvæmt launakerfi þeirra.

32. gr.

Menntamálaráðuneytið skipar eða setur kennara við skóla, sem starfa samkvæmt lögum þessum, að fengnum umsögnum skólanefndar og fræðslustjóra, sbr. 35. gr.

Engan má skipa kennara við grunnskóla, nema hann hafi lokið kennaraprófi, almennu eða sérgreindu, frá kennaraskóla eða háskóla, sbr. þó 77. gr.

33. gr.

Þegar skólastjóra- eða kennarastaða losnar í skólahverfi, ber skólanefnd að tilkynna fræðslustjóra það tafarlaust. Fræðslustjóri sendir tilkynninguna til menntamálaráðuneytisins, sem auglýsir stöðuna.

Skólanefnd veitir viðtöku umsóknum um skólastjóra- og kennarastöður og sendir fræðslustjóra tillögur sínar og umsagnir. Skylt er skólanefnd að leita álits skólastjóra um umsækjendur, ef velja á kennara, en fræðslustjóra, ef velja skal skóla-

stjóra. Verði ágreiningur um umsækjendur milli skólastjóra og skólanefndar, gerir hvor aðili um sig tillögur til fræðslustjóra.

Fræðslustjóri sendir tillögur og umsagnir um stöðuveitingar til menntamálaráðuneytisins ásamt umsögn sinni.

Þegar skólastjóri eða kennari lætur af störfum sökum aldurs eða að eigin ósk, skal hann tilkynna það skriflega til skólanefndar, og næsta yfirmanns síns (fræðslustjóra eða skólastjóra) fyrir 1. febrúar. Stefnt skal að því, að skipun og setning í skólastjóra- og kennarastöður, fari fram eigi síðar en 1. júlí ár hvert.

Þurfi að ráða skólastjóra eða kennara fyrirvaralítið, getur menntamálaráðuneytið sett mann í starfið án undangenginnar auglýsingar, en auglýsa skal slíkar stöður svo fljótt, sem unnt er.

34. gr.

Menntamálaráðuneytið skipar, að fenginni umsögn skólanefndar, skólaráðskonu við heimavistarskóla, þar sem eru 30 nemendur eða fleiri samtímis í heimavist. Eftir tveggja ára setningartímabil við sama skóla á skólaráðskona rétt á skipun í starf sitt, ef skólanefnd og skólastjóri mæla með því.

Skólastjóri ræður með samþykki skólanefndar stundakennara, forfallakennara, skólaráðskonu við grunnskóla með færri nemendum samtímis en 30, svo og annað starfsfólk mötuneytis.

Sveitarstjórn ræður húsvörð grunnskóla, ef hún telur þörf á. Skal hann ráðinn að fenginni tillögu skólanefndar og skólastjóra. Sveitarstjórn ræður einnig annað starfsfólk grunnskóla en það sem tilgreint er í 1. og 2. mgr.

Heimilt er að binda ráðningu starfsfólks þess, sem um getur í 2. og 3. mgr. við tiltekinn starfstíma. Slíkt haggar þó ekki ráðningarkjörum þeirra, sem eru í föstu starfi, þegar lög þessi öðlast gildi.

Æski starfsmaður, er heyrir undir ákvæði þessi, eigi endurráðningar, ber honum að tilkynna það þeim aðila er réði hann til starfans eigi síðar en 1. júní. Æski ráðningaraðili á sama hátt breytinga á ráðningarkjörum, eða á ráðningu í starf, skal hann tilkynna það þeim, er starfinu hefur gegnt, fyrir sama tíma, ella telst sá, sem fyrir er í starfinu, endurráðinn næsta skólaár.

35. gr.

Skólastjóri eða kennari, sem skipaður er, settur eða ráðinn til starfs við grunnskóla, skal gegna því samkv. lögum og erindisbréfi, er menntamálaráðuneytið setur.

Um setningu og skipun kennara fer eftir lögum um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna. Þó skulu skólastjórar og kennarar við heimavistarskóla ekki skipaðir fyrr en eftir tveggja ára reynslu við þau störf í slíkum skóla.

Um vinnutíma og kjör starfsmanna grunnskóla fer eftir ákvæðum laga um kjarasamninga opinberra starfsmanna og kjarasamningum stéttarfélaga eftir því, sem við á.

36. gr.

Þegar kennari nær 55 ára aldri, minnkar starfsskylda hans um ⅙, og er hann nær 60 ára aldri minnkar starfsskylda hans enn um ⅙ af fullri starfsskyldu.

Til þess að öðlast framangreindan afslátt þarf 20 ára kennsluferil.

37. gr.

Í grunnskóla skal kennsla falin föstum kennurum eftir því, sem við verður komið, og stundakennurum að öðru leyti.

Ekki er öld liðin, síðan fyrst voru sett í lög á Íslandi ákvæði um kennslu barna. Árið 1880 voru sett lög um „uppfræðing barna í skrift og reikningi," en þá var og í gildi konungsbréf frá 1790 um lestur barna og fræðslu þeirra, þar sem svo var kveðið á, að hvert barn skyldi hefja lestrarnám fyrir fimm ára aldur, og varðaði sektum að láta það dragast til sjö ára aldurs. Konungsbréfið frá 1790 og lögin frá 1880 giltu til ársins 1907, en þá voru samþykkt á Alþingi hin fyrstu fræðslulög og skólaskyldu komið á. Fræðslulögin hafa síðan verið endurskoðuð þrisvar sinnum, þ. e. árin 1926, 1936 og 1946. Gildandi fræðslulög eru því liðlega aldarfjórðungs gömul. Með þeim var hið merka spor stigið að samræma skólakerfið þannig, að lokapróf hvers stigs væri jafnframt inntökupróf á næsta stig fyrir ofan. Sú er og stefna þessa lagafrumvarps, en það víkur í nokkrum meginatriðum frá lögunum frá 1946, eins og nánar verður tilgreint hér á eftir.

Vafasamt er að nokkur löggjöf leggi þýðingarmeiri grundvöll fyrir þjóðarheild og einstaklinga en sú löggjöf, sem ákveður hina almennu grundvallarmenntun landsmanna, og í framhaldi af þeirri grunnskólalöggjöf, sem samþykkt kann að verða, þarf síðan að endurskoða allt framhalds- og sérskólakerfið. Verk- og tæknimenntunin er t. d. eitt af því sem skiptir afar miklu máli, og ber brýna nauðsyn til að endurskoða iðnfræðslukerfið allt, gera verk- og tæknimenntun að samfelldu skólakerfi, þar sem menn geti stöðvazt á ýmsum stigum — með ýmiss konar starfsréttindi, en einnig haldið áfram til æðstu mennta á þessu sviði, ef hugurinn stefnir í þá átt. Á sviði verk- og tæknináms á ekki að vera nein lokuð leið fremur en á öðrum menntabrautum. Verknám þarf að njóta sömu virðingar og bóknám.

Grunnskólafrumvarp það, sem nú er lagt fram, hefur tekið miklum stakkaskiptum frá því sem var hið fyrra frumvarp. Samt er enn sem fyrr miðað við það meginatriði, að skólaskylda skuli hér vera níu ár, eða á aldrinum 7—16 ára. Forsendur fyrir lengingu þessari fundust nefndinni vera ótvíræðar. Við athugun kemur í ljós, að um 82% unglinga stunduðu nám í 3. bekk gagnfræðastigs skólaárið 1968/69, sbr. fylgiskjal II, en þetta hundraðshlutfall hefur hækkað lítillega síðan. 3. bekkur gagnfræðastigs er sami bekkur og kemur til með að verða 9. og efsti bekkur grunnskóla. Próf úr þeim bekk er og mun verða, ef af samþykkt frumvarpsins verður, skilyrði fyrir inngöngu í aðra skóla skólakerfisins, bæði verklega og bóklega. Hlýtur því hugurinn að beinast að þeim allt að 18% íslenzkra unglinga, er ekki sækja skóla á þessum aldri. Við athugun kemur í ljós, að hlutfallslegur meirihluti þeirra er búsettur í dreifbýli, ýmist sveitum eða smærri sjávarþorpum, þar sem þessi bekkur er ekki fyrir hendi. Af því m. a. dregur nefndin þá ályktun, að hér þurfi að gera þjóðfélagslegt átak til úrbóta.

Í sambandi við skólasókn barna í dreifbýli skal einnig á það bent, að sums staðar er enn sá háttur á til sveita, að börn hefji ekki skólagöngu fyrr en 9 eða jafnvel 10 ára gömul, og þá e. t. v. einungis hálfan veturinn. Þetta hvort tveggja veldur óréttri og misræmi. Þau börn, er njóta styttri skóla en almennt gerist og e. t. v. ekki nema í hluta námsgreina, alast að þessu leyti upp við önnur og lakari skilyrði en meirihluti jafnaldra þeirra. Þau eru því verr í stakk búin til að mæta framtíðinni. Breytir hér engu um, þótt greindum börnum, er nema við þessi skilyrði, reynist flestir vegir færir í námi. Hér ber að huga að heildinni; hér má enginn verða úti.

Ýmsir draga í efa nauðsyn svo langrar skólagöngu, sem hér um ræðir, og benda á, að hingað til hafi margur einstaklingurinn komizt vel af með minna. Því er til að svara, að félagsleg þróun í nútíma þjóðfélagi er ör. Sú þróun kallar á sérmenntað fólk

á æ fleiri sviðum. Grunnskólanum er ætlað að verða stofn allrar framhaldsmenntunar. Hann á að veita uppvaxandi Íslendingum hina almennu undirstöðumenntun, og að grunnskólaprófi loknu er ráð fyrir því gert, að allir nemendur eigi rétt til framhaldsnáms á einhverju sviði.

Ekki þarf að fara um það mörgum orðum, að meðal margs, sem við þarf til að byggðarlög verði jafnbyggileg eða byggilegri en þau eru nú, eru fjórir þættir einna veigamestir: atvinnumál, heilbrigðismál, menntamál og samgöngumál, og hvernig þessum málum er skipað. Ef menntamálum er þannig háttað, að annaðhvort eiga foreldrar ekki kost á því að mennta börn sín, eða þá með því móti einu að senda þau á unga aldri til langdvalar fjarri heimilinu, þá munu margir án efa heldur kjósa að flytjast til þeirra staða, sem betri skilyrði bjóða að þessu leyti. Það er því — auk þess að vera meginmál fyrir hvern einstakling, hvaða menntunarskilyrði honum eru búin — einnig og ekki síður höfuðatriði fyrir áframhaldandi byggð úti um landið, að skólamálum sé skipað þannig, að nemendur fái tilskilda menntun og að hún sé veitt í þeirri nálægð við heimilin, að þau þurfi ekki að sjá af börnum sínum til langdvalar á fjarlægum stöðum.

Það hefur lengi verið ljóst, að nemendur í dreifbýli búa við mun erfiðari aðstöðu til að afla sér menntunar en nemendur í þéttbýli. Erfiðleikar dreifbýlisnemenda varðandi námsaðstöðu taka ekki einungis til nemenda, sem komnir eru af skyldunámsstigi, heldur einnig skyldunámsnemenda. Að því er varðar nemendur ofan skyldunámsstigs hafa á seinni árum verið gerðar margháttaðar ráðstafanir til að jafna þessa aðstöðu, svo sem með námsstyrkjum og námslánum Lánasjóðs íslenzkra námsmanna, „dreifbýlisstyrkjum“ svonefndum, sem veittir hafa verið í fjárlögum 1970, 1971 og 1972, samanlagt öll þrjú árin 50 millj. kr., og með löggjöf nr. 69/1972, um ráðstafanir til jöfnunar á námskostnaði. Til framkvæmda á þeim lögum eru ætlaðar 50 millj. kr. í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1973. Þessar ráðstafanir eru að sjálfsögðu til mikilla bóta, en að því er skyldunámsstigið varðar verður þó aldrei náð æskilegri aðstöðujöfnun milli dreifbýlis og þéttbýlis, nema dreifbýlisnemendur eigi kost jafngóðrar kennslu í álíka langan tíma og þéttbýlisbörn, og það á þann hátt, að hvorki þau né heimili þeirra líði við þá skólaskipan, sem þessu á að þjóna.

Nefndin hefur því leitazt við að móta ákvæði frumvarpsins á þann veg, að unnt verði að koma þeim í framkvæmd við þær erfiðu aðstæður til skólahalds, sem víða eru í dreifbýli á Íslandi. Var í því sambandi sú reynsla höfð til hliðsjónar, sem fengizt hefur af tillögum menntamálaráðuneytisins um endurskipulagningu skólahalds víða um land, en þær tillögur eru nú til athugunar hjá hlutaðeigandi aðilum eða að nokkru komnar til framkvæmda, svo sem í Skagafirði, þar sem fyrst var hafizt handa. Ber að skoða ýmis ákvæði frumvarpsins í þessu ljósi, svo sem um útibú frá aðalskóla fyrir yngstu nemendur, nýskipan skólahverfa og samvinnu sveitarfélaga um skólahald.

Engin leið er að gera hér í inngangi nein viðhlítandi skil þeim fjölmörgu nýmælum, sem þetta frumvarp felur í sér, sé það borið saman við gildandi lög eða eldra frumvarp til laga um grunnskóla. Þó skulu hér, auk áðurgreindra grundvallaratriða um lengda skólaskyldu og skólatíma, tínd til nokkur nýmæli, og er þá miðað við nýjungar frá gildandi lögum, sé annað ekki sérstaklega tekið fram:

1) Nokkur hluti af valdi menntamálaráðuneytisins verði fluttur út í átta fræðsluumdæmi, þar sem fræðslustjórar starfi. Er og gert ráð fyrir því, að hin nýju landshlutasamtök sveitarfélaga gegni talsverðu hlutverki í ytra stjórnkerfi grunnskóla, m. a. með því að kjósa fræðsluráð.
2) Fastir kennarar grunnskóla kjósi úr sínum hópi fulltrúa til samstarfs og fundarsetu með fræðsluráðum og skólanefndum.
3) Stefnt verði að því, að nemendur grunnskóla geti undirbúið sig undir næsta skóladag í húsnæði skólans.

4) Í grunnskólum, sem rétt eiga á 10 föstum kennurum, auk skólastjóra, ráði menntamálaráðuneytið aðstoðarskólastjóra.

5) Skólaráðskonur við heimavistarskóla verði gerðar að föstum ríkisstarfsmönnum, þegar um tiltekna stærð heimavista er að ræða.

6) Heimilt verði að veita kennara orlof að loknum fimm ára embættisferli í stað 10 ára ferils samkvæmt gildandi lögum.

7) Hámarksstarfstími grunnskóla verði níu mánuðir á ári, en heimilt að stytta starfstíma í 7—8½ mánuð. Er þetta síðartalda atriði breytt frá því, sem eldra grunnskólafrumvarp tiltók.

8) Viðvíkjandi vikulegum kennslutíma er farinn nokkur millivegur milli núgildandi laga og námsskrár annars vegar og eldra grunnskólafrumvarps hins vegar.

9) Ríkið komi á fót samkvæmt 10 ára áætlun og starfræki sérstaka skóla eða stofnanir fyrir þau börn, sem ekki geta stundað nám í almennum grunnskóla.

10) Sérstakur kafli er um námsmat, þ. e. próf og einkunnagjöf, og felur hann í sér ýmis nýmæli.

11) Ákvæði eru um skólarannsóknir og lágmarksfjárveitingar til slíkra rannsóknarstarfa.

12) Gert er ráð fyrir að ríki og sveitarfélög komi í sameiningu upp ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu fyrir grunnskóla.

13) Skólabókasöfn verði við alla grunnskóla sem fastur þáttur í stofnbúnaði og starfi skólanna.

14) Veigamiklar breytingar eru gerðar varðandi fjármál skóla, þ. á m. þessar:
   (i) Hugtakið „reiknaðar stundir" er fellt niður og fjárveitingar til kennslu og annarra starfa aðgreindar.
   (ii) Greiðsluskylda ríkissjóðs er miðuð við það, að unnt sé að framkvæma að fullu kennslu samkvæmt námsskrá, sé skólaskipan og kennslufyrirkomulag með þeim hætti, sem hagfelldastan má telja á hverjum stað.
   (iii) Fjárframlög til starfa við bókasöfn og til félagsstarfsemi í grunnskóla eru stóraukin frá því, sem nú er á barna- og gagnfræðastigi.
   (iv) Þá eru og ákvæði um þátttöku ríkis og sveitarfélaga í stofnkostnaði og rekstri fræðsluskrifstofa.

Frumvarp þetta hefur raunar verið í smíðum síðan 4. júlí 1969. Hafa margir lagt þar hönd að verki, bæði nefndirnar og starfsmenn þeirra, svo og þeir einstaklingar og samtök úr öllum landshlutum, er sendu umsagnir um fyrra frumvarpið og urðu þannig að miklu liði við endurskoðunina.

Grunnskólamálið kemur nú til Alþingis í annað sinn. Breytingar á gildandi lögum eru orðnar aðkallandi og biðin dýr.

Það er meira en hending, að nágrannaþjóðir Íslendinga á Norðurlöndum hafa allar unnið að þessu sama verkefni að undanförnu. Öllu fremur er það sama þörfin, sem kallað hefur að. Sem dæmi má nefna, að Norðmenn gengu endanlega frá nýjum grunnskólalögum árið 1969, þar er skólaskyldan nú níu ár. Danir vinna nú að nýrri grunnskólalöggjöf, og gera ráð fyrir 9 eða jafnvel 10 ára skólaskyldu.

Eitt er líkt, en annað ólíkt í þessum efnum hjá nágrannaþjóðum vorum. Aðstæður og þjóðareinkenni móta hverja löggjöf. Meginstefnan er þó alls staðar sú sama, allar setja þessar þjóðir manngildið og mannlega velferð samfara heill þjóðarinnar öðru ofar.

Þessi er einnig meginstefna grunnskólafrumvarpsins. Það miðar að því að búa nemendur undir líf og starf í lýðræðisþjóðfélagi, sem er í sífelldri þróun, á þann hátt, að sem bezt jafnvægi megi skapast milli hefðgróinna verðmæta og örrar framvindu samfélagslegra og tæknilegra breytinga.

Um einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Stundum er rætt um skólaskyldu eða fræðsluskyldu. Þrátt fyrir góðan vilja, er mikil hætta á, að mismunandi fjárhagsgeta sveitarfélaga valdi því, að börn og unglingar fái misjafna aðstöðu til náms, ef ekki er kveðið skýrt á um skólaskyldu og skilyrði öll, sem skapa þarf til þess að unglingarnir nái tilskilinni menntun á aldrinum 7—16 ára. Höfuðvandinn í þessu efni er að skapa sambærileg skilyrði í þéttbýli og dreifbýli. Þarf að hafa ríkt í huga, að verði börnum og unglingum ekki sköpuð sömu skilyrði hvarvetna á landinu, eru líkur fyrir því, að menn neyðist til að flytjast frá þeim svæðum, sem vanhaldin eru í þessum efnum og þangað, sem betri skilyrði bjóðast. Þjóðfélaginu er brýn nauðsyn að hæfileikar hvers einstaklings nýtist sem bezt, og einstaklingarnir eiga sjálfir rétt á þeirri menntun, sem hugur þeirra og hæfileikar hneigjast til. Í þessu sambandi skiptir miklu máli að sköpuð sé aðstaða fyrir seinfæra nemendur að fara með þeim námshraða, sem hæfileikar þeirra leyfa, og að þeir njóti nægilegrar námsaðstoðar. Það ber að hafa í huga þegar á þessu stigi, að í framhaldi af grunnskólalöggjöf þarf að endurskoða löggjöf framhaldsskólanna í landinu og opna námsleiðir einnig fyrir þá, sem seinfærir eru í námi. Ein rökin fyrir því, að skólaskylda sé aukin, eru þau, að Íslendingar verða að kappkosta að standa að minnsta kosti jafnfætis og helzt framar skyldum menningarþjóðum hvað menntun snertir. Danir hafa haft skemmsta skólaskyldu Norðurlandaþjóða að undanförnu, ekki nema 7 ár, en hafa nú nýverið lengt skólaskyldu sína í 9 ár og ræða um að lengja hana í 10 ár. Í hinum Norðurlandaríkjunum er skólaskylda 9 ár. Þetta segir þó ekki alla söguna, því að árlegur starfstími skóla eða fræðsla nemenda er í öllum hinum Norðurlandaríkjunum miklu lengri en á Íslandi. Eðlilegt virðist, að skólaskylda leiði til menntunar, sem þarf til inngöngu í þá skóla, sem við taka að grunnskólanámi loknu, þótt nemendur notfæri sér ekki allir þá þegar og sumir aldrei möguleika til framhaldsmenntunar. Ef um fræðsluskyldu væri að ræða í stað skólaskyldu, þ. e. skyldu til að skapa námsaðstöðu, en ekki skyldu til að notfæra sér hana, nema að ákveðnu marki, væri hætta á, að unglingar hyrfu frá námi einu eða tveimur árum áður en náð væri því prófstigi, sem veitir aðgang að framhaldsskólum. Slíkt hefur reynzt mörgum erfitt þegar þeir síðar æskja að halda áfram námi.

Um 2. gr.

Þessi grein er stefnumarkandi og byggist á þrem meginatriðum:

1. að búa nemendur undir líf og starf í lýðræðisþjóðfélagi, sem er í sífelldri þróun,
2. að efla skilning nemendanna á íslenzku þjóðfélagi, sögu þess og sérkennum, og
3. að binda ekki starf skólans við fræðsluna eina, heldur í æ ríkara mæli að stuðla að alhliða þroska nemandans.

1. Skólinn býr nemendurna undir að lifa og starfa í lýðræðisþjóðfélagi. Af því leiðir, að þróun þess hlýtur að hafa áhrif á starfshætti skólans.

   Samskipti nemenda í námi og starfi þurfa að mótast af lýðræðislegu samstarfi.

   Skólinn getur ekki rækt hlutverk sitt svo að vel sé, nema hann sé sífellt vakandi fyrir breyttum þjóðfélagsháttum.

   Síðan gildandi fræðslulög voru sett 1946, hefur framvindan í heiminum verið mjög ör og íslenzkt þjóðfélag tekið stakkaskiptum. Breyttir þjóðfélagshættir valda því, að ekki er lengur unnt að búa sig undir ævistarf í eitt skipti fyrir öll. Þessi þróun kallar því á bætta menntun þegnanna og sífellda endurmenntun, ekki sízt vegna þess, að vísindalegar rannsóknir draga nýja þekkingu svo ört fram í dagsljósið, að viðtekin þekking úreldist ört.

Þróunin mun sífellt verða örari; þess vegna þarf skólinn að gera nemandann færan um að tileinka sér nýja þekkingu og bregðast við nýjum aðstæðum.

2. Af augljósum ástæðum hlýtur það m. a. að vera hlutverk skólans að varðveita menningararf íslenzku þjóðarinnar, — tungu, bókmenntir og sögu, svo og sérkenni íslenzks samfélags. Varðveizla þessara menningarverðmæta er skylda þjóðarinnar. Þau hafa framar öllu öðru skapað okkur virðingu og viðurkenningu annarra þjóða og aukið heilbrigðan þjóðarmetnað. En jafnframt ber að forðast þröngsýn þjóðernissjónarmið og minnast þess, að íslenzk menning á sér víða rætur. Hún er ekki og hefur aldrei verið einangrað fyrirbæri. Við höfum lært margt af öðrum þjóðum og munum halda áfram að gera það.
3. Heill og þroski mannsins er takmark í sjálfu sér. Starf skólans er því ekki bundið við það eitt að veita þekkingu, heldur skal það í æ ríkara mæli stuðla að alhliða þroska hvers nemanda. Með „alhliða" er átt við vitrænan, tilfinningalegan og líkamlegan þroska.

Skólinn verður að leggja mikla áherzlu á að venja nemendur við hlutlægni og gagnrýnið, en jákvætt hugarfar, svo að þeir geti tekið málefnalega afstöðu. Sérstaklega ber að varast að innræta nemendum ákveðnar skoðanir, t. d. í stjórnmálum. Þetta merkir þó ekki, að skólinn eigi að leiða hjá sér umræður og fræðslu um ágreiningsmál, heldur ber honum að kynna þau og veita nemendum tækifæri til að fjalla um þau á óhlutdrægan hátt.

Í þessari grein er lögð áherzla á að efla beri skilning nemenda á mannlegum kjörum og umhverfi. Er hér bæði átt við félagslegt umhverfi og náttúru landsins, sem er í sífelldri hættu vegna mengunar, gróðureyðingar og ofveiði. Það er því æskilegt að skólinn veki nemendur til skilnings á skynsamlegri náttúruvernd.

Í greininni er lögð áherzla á skyldur einstaklinganna við samfélagið. Mönnum hættir við að gleyma því, að réttindi og skyldur eiga jafnan að haldast í hendur. Með orðinu „samfélag" er átt við hvorttveggja í senn, íslenzkt samfélag og mannlegt samfélag yfirleitt.

Um 3. gr.

Í frumvarpinu er jafnan talað um grunnskólann sem ein stofnun væri. Með því er lögð áherzla á, að þetta er samfelldur skóli öll níu árin, en hins vegar er, eins og greinin ber með sér, ekki gert ráð fyrir, að hver skólastofnun þurfi að hafa alla níu bekkina, þótt svo verði vitaskuld stundum. Hugsanlegt er að skipta á ýmsa vegu, en aldrei ætti einn bekkur að vera sér í skóla. Þar með er líka komið í veg fyrir, að skipti verði milli 8. og 9. bekkjar, sem væri mjög óheppilegt. Hugsanlegar skiptingar eru t. d.:

1.—6. bekkur,	7.—9. bekkur,	
1.—7. —	8.—9. —	
1.—3. —	4.—9. —	
1.—3. —	4.—6. —	7.—9. bekkur,
1.—4. —	5.—7. —	8.—9. —

Að öðru leyti vísast til athugasemda við 1. gr.

Um 4. gr.

Hér er staðfest sú stefna, sem fylgt hefur verið í vaxandi mæli á undanförnum árum, að aka nemendum í strjálbýli til og frá skóla daglega, þar sem vegalengdir, vegir og veðurfar gera það kleift.

Þessi leið hefur það fram yfir heimavistardvölina, að hún rýfur síður hin tilfinningalegu og félagslegu fjölskyldubönd.

En nú leyfir hvorki íslenzkt veðurfar né byggðaskipan, að tækni óbreyttri, að daglegur akstur nemenda til og frá skóla verði að allsherjarreglu í strjálbýli. Því verður skólahald víða að miðast við heimavistardvöl nemenda. Þar sem svo hagar til verður þó að telja æskilegt að gefa nemendum kost á að dveljast heima um helgar.

svo sem gert er víða. Gildi eðlilegra fjölskyldubanda verður ekki ofmetið, hvorki fyrir einstaklinginn né þjóðfélagið og hætta er á að þau bresti, ef barnið dvelst tímunum saman á mótunaraldri fjarri heimili sínu.

Örðugt er fyrir 7—8 ára börn að dveljast löngum stundum frá heimili sínu og þá ekki síður fyrir heimilin að sjá af þeim.

Í skólahverfum, sem búa við heimavistir, er börnum á þessum aldri ætlað að dveljast þar sem öðrum. Þessi skólahverfi eru oft of víðáttumikil og örðug að náttúrufari til þess að þar sé unnt að halda uppi daglegum akstri með nemendur. Mögulegt væri hins vegar að aka yngstu börnunum innan hinna ýmsu sveitarfélaga skólahverfisins og halda þar uppi kennslu fyrir 7—8 ára börn í félagsheimilum eða samkomuhúsum þeirra. Með þessu yrði aksturinn styttri en ef aka þyrfti úr hverri sveit skólahverfisins á einn stað til aðalskólans. Hér er einungis rætt um 7—8 ára börn, og orsakast það af því, að hér er um tilfinningalega séð mjög viðkvæman aldur að ræða og einnig liggja kennsluástæður til grundvallar. Strax á tíunda ári fer kennsla að verða fjölþættari og þá nauðsynlegt að skipta í deildir eftir árgöngum, en það yrði vart unnt, ef halda ætti skóla fyrir hverja hinna fámennu sveita fyrir sig.

Útibú þau, sem svo eru nefnd í frumvarpinu, yrðu stjórnunar- og skipulagslega hluti aðalgrunnskóla (heimavistarskóla) byggðarlagsins.

Um 5. gr.

Grein þessi er viðurkenning á því, að sums staðar geti tekið lengri tíma að brúa bilið milli þess ástands, sem nú ríkir í skólamálum, og hins er þetta frumvarp stefnir að.

Greinin á hins vegar að tryggja, að ekkert sveitarfélag geti skotið sér undan skyldum í þessum efnum, nema um sinn.

Meginstefna frumvarpsins er sú, að lögin komist sem allra fyrst til framkvæmda innan þess ramma, sem markaður er í 91. grein, og að framkvæmdatími verði sem jafnastur um land allt.

Um 6. gr.

Nú á tímum verður það að teljast til almennra mannréttinda að eiga kost á að sækja skóla og njóta þar fræðslu.

Samkvæmt frumvarpinu er það almenn regla, að börn njóti fræðslu grunnskólans um 9 ára skeið.

Óviðunandi er því, að skammsýn sjónarmið einstaklings fái því ráðið, að barn eða unglingur fái ekki að neyta þessa réttar síns. Jafnframt er það og skylda nemandans við sjálfan sig og þjóðfélagið, að hann notfæri sér þennan rétt.

Um 7. gr.

Vísast til umsagnar um 5. gr.

Um 8. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um II. kafla.

Í þennan kafla er safnað saman öllum helztu ákvæðum um stjórn grunnskóla.

Meginsjónarmið, sem tekið er upp nú í frv. er það, að hinum ungu og upprennandi landhlutasamtökum sveitarfélaga verði veitt allmikið vald í skólamálum landshlutans. Að vísu hafa þessi samtök ekki fengið formlega réttarstöðu samkvæmt lögum, en ætla verður, að samþykkt verði lög um það efni á þessu þingi. Hefur þessum samtökum vaxið mjög fiskur um hrygg á síðustu árum, og virðist sú stefna njóta almenns fylgis, að þau verði efld og taki í vaxandi mæli við ýmiss konar verkefnum, er varða landhlutann í heild. Hafa mjög ákveðnar óskir komið fram um slíkt frá Sambandi ísl. sveitarfélaga og fleiri samtökum sveitarfélaga. Ætti þetta að stuðla að æskilegri valddreifingu og eðlilegri þróun umdæmaskiptingar í landinu. Telur grunnskólanefnd rétt að stuðla að þessari þróun.

Um 9. gr.

Um nokkurt skeið hefur starfað sérstök samstarfsnefnd ríkis og sveitarfélaga samkvæmt 28. gr. laga nr. 49/1967, um skólakostnað, og hefur hún fjallað um ýmis málefni varðandi fjárhagsleg samskipti ríkis og sveitarfélaga. Mun það einmæli þeirra, sem til þekkja, að nefnd þessi hafi unnið mjög gott starf og fyrir tilstuðlan hennar hafi verið afstýrt ýmiss konar ágreiningsmálum, er upp kynnu að hafa komið og ýmis ágreiningsefni verið leyst með góðu samkomulagi. Ákvæðum skólakostnaðarlaga er því haldið að öðru leyti en því að lögbundin er tala nefndarmanna, tveir frá hvorum aðila.

Um grunnskólaráð vísast til athugasemda við 66. gr. frv.

Um 10. gr.

Gert er ráð fyrir, að hvert kjördæmi verði fræðsluumdæmi. Í fyrstu var miðað við umdæmi landshlutasamtaka sveitarfélaga, og töldu þeir, sem undirbjuggu frumvarpið, að með því væri verið að framfylgja óskum landshlutasamtakanna í heild og þá ekki síst vilja Norðlendinga sjálfra, en á kynningarfundum norðanlands um frumvarpið að undanförnu hefur komið í ljós vilji fyrir þeirri skipan, sem hér er ráðgerð. Við frumvarpsgerðina hefur það eitt vakað fyrir að haga þessu í samræmi við hagkvæmni og eðlileg landshlutasjónarmið.

Í hverju fræðsluumdæmi skal vera sérstakt fræðsluráð og sérstök fræðsluskrifstofa.

Um 11. gr.

Í þessari grein er kveðið nánar á um skipun fræðsluráða og starfshætti.

Lagt er til, að fræðsluráð verði skipuð 5 mönnum. Vissulega kæmi til álita að hafa þau fjölmennari, en hætt er við, að slíkt yrði óþarflega þungt í vöfum.

Um kosningu fræðsluráðs yrði að fara eftir þeim lögum og samþykktum, sem gert er ráð fyrir, að sett verði um stjórn og starfshætti landshlutasamtaka.

Í greininni er gert ráð fyrir, að framkvæmdastjóri landshlutasamtaka eigi rétt til setu á fræðsluráðsfundum. Þykir það rétt til þess að tryggja sem best tengsl milli landshlutasamtaka og fræðsluráðs svo og samræmi í vinnubrögðum innan landshlutans. Þá er gert ráð fyrir, að fulltrúar kennarasamtaka eigi rétt til setu á fundum fræðsluráðs. Er slíkt í samræmi við þá þróun, sem nú gerist á ýmsum sviðum þjóðlífsins.

Fræðsluráð kjósa sér sjálf formann eins og þau gera nú og lagt er til í þessu frv. eins og eldri gerð þess, að skólanefndir kjósi sér sjálfar formann, en þeir eru nú skipaðir af menntamálaráðuneytinu.

Um 12. gr.

Í þessari grein er lýst í meginatriðum verkefnum fræðsluráða, og þykir sérstök ástæða til að benda á 1. lið, þar sem fram kemur, að fræðsluráð starfar jöfnum höndum í umboði menntamálaráðuneytisins og hlutaðeigandi sveitarstjórna.

Um 13. gr.

Nefndin gat ekki orðið sammála um 1. og 2. málsgrein 13. greinar.

Meirihlutinn, Birgir Thorlacius, Andri Ísaksson, Ingólfur A. Þorkelsson og Kristján Ingólfsson, líta svo á, að hér sé um að ræða menn, sem eiga að fara með hluta af valdi menntamálaráðuneytisins. Því komi ekki til greina, að fræðslustjórarnir séu settir eða skipaðir af öðrum en menntamálaráðuneytinu. Í annan stað yrðu fræðslustjórarnir yfirmenn skóla fræðsluumdæmisins innan vissra marka laganna og þar einnig óeðlilegt, að til kæmi annar setningar- og skipunaraðili þeirra en skólastjóra og kennara.

Stofnun fræðslustjóraembætta og myndun fræðsluskrifstofa færir hinum ýmsu landshlutum nýtt vald heim í hérað með stjórnskipuðum fræðslustjórum og fræðslu-

ráði, kjörnu af umdæmisvaldi sveitarfélaganna. Ef fræðslustjórar yrðu ráðnir af landshlutasamtökum sveitarfélaga og þannig starfsmenn þeirra, væri hætt við misræmi í framkvæmd fræðslumála innan hinna ýmsu fræðsluumdæma.

Minnihlutinn (Páll Líndal) lagði til, að raunverulegt vald til ráðningar fræðslustjóra yrði í höndum heimamanna, annaðhvort þannig að ráðherra skipaði fræðslustjóra eftir tillögum fræðsluráðs eða fræðsluráð réði fræðslustjóra, en sú ráðning væri háð staðfestingu ráðherra. Minnihlutinn færði þau rök fyrir tillögu sinni, að eðlilegast væri að stjórn fræðslumála hvers umdæmis væri sem mest í höndum heimamanna sjálfra, þótt yfirstjórn, þar með samræming á starfi fræðslustjóra, væri að sjálfsögðu í höndum ráðuneytisins. Gæti það leitt til vandræða, ef fræðslustjóri væri í andstöðu við fræðsluráðið og þá aðila aðra, sem hann þyrfti einkum að hafa samstarf við. Þá væri óeðlilegt, að inn í kerfið kæmi einn maður valinn af ráðherra, en aðrir starfsmenn fræðsluskrifstofu væru ráðnir af fræðsluráði, sbr. 15. gr. Þá er og gert ráð fyrir, að fræðsluskrifstofa geti tekið að sér verkefni fyrir landshlutasamtökin, sbr. sömu grein. Allt þetta styddi þá skoðun, að fræðslustjórinn væri ráðinn af sömu aðilum og færu með stjórn fræðslumála í umdæminu. Með þeim skilyrðum, sem gerð eru um embættisgengi fræðslustjóra ætti einnig að vera tryggt, að fullkomlega hæfir menn yrðu ráðnir til starfa.

Í nefndinni varð einnig ágreiningur um embættisgengi fræðslustjóra.

Fræðslustjórar munu gegna mikilli ábyrgðarstöðu í fræðslukerfi. Þess vegna er nauðsynlegt, að menntun þeirra og reynsla sé sem mest og bezt. Ákvæðin um embættisgengi þeirra þurfa einnig að vera skýr og ótvíræð.

Meirihluti nefndarinnar (A. Í., I. A. Þ., Kr. I) taldi þrjá þætti í starfi fræðslustjóra mikilvægasta. Ber þar fyrst og fremst að nefna kennslufræðilega menntun, þá stjórnunarreynslu innan skólakerfisins og að lokum þekkingu á skólamálum hlutaðeigandi fræðsluumdæmis og þörfum þess.

Meirihlutinn leggur einnig áherzlu á reynslu í skólastarfi og þótti hæfilegt að miða við þrjú ár sem lágmark.

Samkvæmt ákvæðum þessarar greinar um embættisgengi er kennurum, en einkum skólastjórum, veittur forgangsréttur til fræðslustjórastarfs að öðru jöfnu.

Augljóst er, að reynsla í skólastarfinu sjálfu, ásamt kennslufræðilegri menntun, er hér þung á metunum. Skólastjórar hafa hvort tveggja í senn kennslufræðilega menntun og reynslu í stjórn skóla. Margir þeirra hafa kennt og stjórnað skóla árum saman. Þeir vita því manna bezt, hvað skóli og starf innan hans er. Skólastjórar og kennarar verða, sökum starfs síns, að kynna sér allrækilega fræðslu- og skólamál og hafa þess vegna meiri yfirsýn yfir þau en flestir aðrir menn. Það fer því ekki milli mála, að þeir eru manna bezt undir það búnir að gegna starfi fræðslustjóra.

Það styður og skoðun meirihlutans, að alls staðar á Norðurlöndum er krafizt kennaraprófs og/eða kennarareynslu til þess að verða skipaður fræðslustjóri.

Í greininni er miðað við stjórnunarreynslu innan fræðslukerfisins, en ekki einungis innan skóla. Fráleitt er að útiloka vel menntaða starfsmenn, sem unnið hafa að fræðslumálum, einkum stjórnun, annars staðar en í skólunum, t. d. í menntamálaráðuneytinu.

Meirihlutinn vill, sbr. það sem fyrr segir, síður en svo gera lítið úr stjórnunarþættinum. Hann er og mikilvægur, enda er lögð á hann þung áherzla í 30. gr. frumvarpsins og greinargerð með henni, en þar er gert ráð fyrir, að stjórnun verði felld inn í kennaramenntunina sem einn þáttur hennar. Kennarar verða því vel í stakk búnir hvað þetta snertir í framtíðinni.

Með orðunum „er skylt að taka tillit til kennslufræðilegrar menntunar“ er m. a. átt við, hve mikil og góð kennslufræðileg menntun umsækjanda er. Það er skoðun meirihlutans, að aukin menntun á þessu sviði skuli veita umsækjanda vissan forgang til starfsins.

Minnihlutinn (B.Th. og P.L.) var hlynntur því að setja hér ákvæði um, að við val í starf fræðslustjóra skyldu þeir að öðru jöfnu ganga fyrir, sem hefðu rétt til

að vera skipaðir skólastjórar við grunnskóla. Með þeim hætti væri kennslufræðileg menntun og starfsreynsla viðurkennd, en jafnframt væri slíkt ákvæði rýmra en það, sem meirihlutinn samþykkti. Væri æskilegt að taka hlutfallslega meira tillit til almennrar stjórnsýslureynslu umsækjenda, þegar ráðið væri í fræðslustjórastarf, heldur en gert væri með ákvæði meirihlutans.

Um 14. gr.

Í þessari grein er greint í stórum dráttum frá verkefnum fræðslustjóra, en nánari grein er gerð fyrir störfunum á öðrum stöðum í lögunum.

Rétt er að benda á ákvæði í 1. mgr. um skyldur fræðslustjóra til búsetu á þeim stað, þar sem fræðsluskrifstofa umdæmisins er.

Um 15. gr.

Þar sem sú skipun fræðslumála, sem stefnt er að, gengur í þá átt, að einstök fræðsluumdæmi fái töluvert mikla sjálfsstjórn, þykir rétt að landshlutasamtökin ráði sjálf mestu um það, hvar fræðsluskrifstofa umdæmisins verði. Eins og fram kemur í 3. mgr. er gert ráð fyrir, að fræðsluskrifstofa geti tekið að sér tiltekin verkefni, m. a. fyrir landshlutasamtökin gegn fullri greiðslu. Virðist því eðlilegast, að fræðsluskrifstofum sé valinn staður, þar sem eru aðalbækistöðvar landshlutasamtakanna, en það er að sjálfsögðu á valdi samtakanna sjálfra. Með því móti ætti að fást betri nýting starfskrafta, húsakosts og tækja.

Rétt er að benda á það, að fræðsluráð ræður starfsfólk fræðsluskrifstofu.

Um 16. gr.

Í frumvarpi þessu er skólahverfi sú félagseining, er stendur að byggingu og rekstri grunnskóla. Hér getur verið um að ræða eitt sveitarfélag, sem stendur að rekstri grunnskóla, eða ákveðins hluta hans, án meðaðildar annarra sveitarfélaga — eða tvö eða fleiri sveitarfélög, og/eða hluta sveitarfélaga, sem mynda með sér félag um byggingu og rekstur skóla — skólahverfis.

Upprunalega var skólahverfið sveitarfélagið, og stóð það þá eitt að skólarekstrinum. Þá voru samgöngur örðugri og því erfiðara um samvinnu sveitarfélaga á þessu sviði en nú. Síðustu áratugi hefur þetta breytzt. Skólahverfi hafa sameinazt um stofnun og rekstur skóla, sem þjóna mörgum sveitarfélögum og þannig myndazt ný skólahverfi. Við blasir sú þróun, að einstök sveitarfélög reki ein sér hluta grunnskóla og séu á því stigi sjálfstæð skólahverfi, en sameinist síðan í öðru skólahverfi með fleiri sveitarfélögum um aðra hluta grunnskólans. Ætla má, að til þess geti komið, að sveitarfélag, sem nær yfir mikið landflæmi kjósi e. t. v. að skipta sér milli skólahverfa, og tengjast þá á báða bóga nágrannasveitarfélögum.

Rétt þykir að vekja athygli á því, að útibú frá aðalskóla, sbr. 4. gr., eru ekki hugsuð sem sjálfstæð skólahverfi, heldur tilheyri þau skólahverfi aðalskólans. Hinsvegar er ráð fyrir því gert, að þau verði sjálfstæð við útreikning kennslustunda, sbr. 79. gr.

Verði frumvarp þetta að lögum, mun það hafa í för með sér breytingu á mörkum núverandi skólahverfa. Ber m. a. að hafa í huga, að sjá þarf öllum 16 ára unglingum fyrir skólavist. Skipan skólahverfa er ekki vandalaust verk. Þar þarf margs að gæta. Gæta þarf þess að raska ekki byggðafestu í hinum ýmsu sveitarfélögum, en jafnframt að tryggja nemendum sem bezta skóla og gæta fyllstu hagsýni.

Menntamálaráðuneytið á frumkvæði að skiptingu landsins í skólahverfi, en ákvörðun tekur það að höfðu samráði við fræðsluráð það, sem í hlut á, og fleiri aðila ef vill, svo sem tíðkazt hefur. Ef samkomulag næst ekki, sker ráðuneytið úr.

Um 17. gr.

Í þessari grein er að finna skýringu á því, hvernig háttað skuli stjórn skólahverfis grunnskóla. Ráðgert er að orðið skólanefnd verið notað í öllum skólahverf-

um, nema í Reykjavík, þar sem fræðsluráð landshlutans (Reykjavíkurborgar) fari með hlutverk skólanefndar. Falli því niður heitið „fræðsluráð“ í kaupstöðum.

Kjörtímabil skólanefnda verði hið sama og sveitarstjórna. Önnur málsgrein felur það í sér að sveitarfélag sé eitt skólahverfi, þótt það sakir fjölmennis þurfi að reka tvo eða fleiri grunnskóla. Það kýs því einungis eina skólanefnd, sem fjallar um málefni allra skólanna sameiginlega.

Þriðja málsgreinin felur í sér rétt einnar skólanefndar, eða fleiri skólanefnda sameiginlega til að ráða sér skólafulltrúa til að annast daglega stjórn og sýslan þeirra mála, er undir skólanefnd heyra. Sveitarfélögin sjálf greiði kostnað við störf skólafulltrúa. Skólanefndir setji þeim erindisbréf. Menntamálaráðuneytið setji skólanefndum erindisbréf.

Um 18. gr.

Ef til vill þurfa stafliðir a—d ekki útskýringar við. Þó þykir rétt að taka eftirfarandi dæmi, einfaldrar gerðar um c-lið:

Fámennt sveitarfélag heldur grunnskóla til og með 4. bekk heima í sveitarfélaginu, án samvinnu við önnur sveitarfélög. Það er þá skólahverfi og kýs eigin skólanefnd fyrir skóla sinn.

Að afloknum 4. bekk gerist það hinsvegar aðili að skólahverfi með nágrannasveitarfélagi og sendir þangað í skóla nemendur sína í 5.—9. bekk. Sveitarfélagið, sem fyrir er, stendur hinsvegar eitt að skólahaldi 1.—4. bekkjar þessa grunnskóla, þar eð félagsskapur sveitarfélaganna nær einungis til 5.—9. bekkjar. Því má eðlilegt telja, að það sveitarfélag, sem aðild á að öllum bekkjum skólans eigi einnig meiri hlutdeild í skólanefnd þeirri er sér um málefni hans.

Hér er um ójafna aðild árganga að ræða.

Með þátttöku fleiri sveitarfélaga gæti aðildin orðið enn ójafnari, þ. e. m. a. ef aðkomusveitarfélögin hæfu ekki öll þátttöku í skólahverfinu með sömu árgöngum.

Frumvarp þetta gerir ráð fyrir stofnun fræðsluskrifstofa í hinum 7 fræðsluumdæmum landsins. Þar sitji fræðslustjórar, fulltrúar ríkisvaldsins í fræðsluumdæmunum, sbr. 14. gr. Skólanefndarformenn hafa hingað til verið skipaðir af ríkisvaldinu, og hefur mátt líta á þá sem fulltrúa þess. Með tilkomu fræðslustjóra þykir eðlilegt að skólanefnd kjósi sér sjálf formann eins og nú er um formenn fræðsluráða.

Nýmæli er það, að gert er ráð fyrir fulltrúum kennara, er starfi með skólanefnd, og sitji fundi hennar með málfrelsi og tillögurétti. Má vænta þess, að þátttaka kennarafulltrúa efli skólanefndina sem vettvang kennslufræðilegra umræðna.

Fræðsluráð Reykjavíkur fer með hlutverk skólanefndar í Reykjavík. Sakir fjölda skóla þar hefur ekki komizt þar á sú venja, að skólastjórar sitji fundi fræðsluráðs, enda yrði þá sá vettvangur í stærra lagi. Hér er hins vegar gert ráð fyrir, að þrem sinnum á skólaári haldi Fræðsluráð Reykjavíkur fundi með öllum skólastjórum grunnskóla í fræðsluumdæminu, og má ætla, að þeir fundir gætu orðið báðum aðilum að drjúgu gagni, ekki sízt sem tengiliðir og upplýsingagjafar.

Varðandi kennarafulltrúa í Reykjavík, sem vera skulu þrír, er nefndin þeirrar skoðunar, að einn skuli valinn af grunnskólakennurum innan Sambands íslenzkra barnakennara, annar af þeim, sem eru innan vébanda Landssambands framhaldsskólakennara, en hinn þriðji úr hópi grunnskólakennara innan Félags háskólamenntaðra kennara.

Um 19. gr.

Hér er því slegið föstu, að sveitarstjórn eigi frumkvæði að byggingu skólahúss, stækkun eða verulegum endurbótum. Ef sveitarstjórn dregur framkvæmdir, þannig að óviðunandi er, getur ráðuneytið í samráði við fræðslustjóra látið bæta úr.

Um 20. gr.

Ákvæðið í upphafi greinarinnar er í samræmi við ákvæði 32. gr. gildandi laga um gagnfræðanám, en upphafsorð þeirrar greinar eru þessi: „Skólastjóri og kennarafundur stýra starfi hvers skóla".

Nefndin varð sammála um, að breyta ekki þessu ákvæði, aðild kennara að stjórn skóla væri réttmæt, enda tækju þeir á sig þá ábyrgð, sem af slíkri aðild leiddi. Kennarar finna tvímælalaust til meiri ábyrgðar gagnvart skólanum, séu þeir með í ráðum um stjórn hans.

Nefndin taldi, að kennarafundur í stórum skólum væri allt of þungur í vöfum. Er því lagt til að þriggja manna kennararáð fari þar með umboð kennaranna. Það var samdóma álit nefndarinnar, að skólastjóri og enginn annar aðili færi með daglega stjórn skóla. Þar af leiðir, að ákvörðun skólastjóra gildir, unz úrskurður fræðslustjóra liggur fyrir, ef skólastjóra og kennararáð greinir á um meðferð tiltekins máls.

Samkvæmt þessari grein bera kennarar ábyrgð á stjórn skóla. Sökum þessarar staðreyndar m. a. taldi nefndin sjálfsagt að skylda kennara til að sækja kennarafundi.

Um 21. gr.

Vaxandi áherzla er lögð á samstarf foreldra nemenda við skólann og að foreldrar fylgist betur með skólastarfinu en nú er. Slíku má haga með ýmsum hætti, t. d. með stofnun foreldrafélaga eins og stundum hefur verið gert. Rétt þykir að tryggja það, að foreldrar, sem börn eiga í skóla, geti stofnað foreldrafélag í framangreindum tilgangi. Ekki þykja efni til að binda starfshætti slíkra félaga í lögum.

Um 22. gr.

Æskilegt þykir, að nemendur eigi þess kost að hafa áhrif á málefni skólans. Slíkt er til þess fundið að auka ábyrgðartilfinningu nemenda og áhuga þeirra á gengi skólans. Ekki þykir ástæða til að binda í lögum starfshætti nemendaráða.

Um 23. gr.

Skóli verður ekki haldinn án viðunandi húsnæðis. Mismunandi aðstæður kalla hins vegar á mismunandi gerð og búnað húsnæðis. Í greininni er tillit tekið til þriggja mismunandi skólasóknaraðstæðna hér á landi, þ. e. heimangöngu, heimanaksturs og heimavistar. Hver þeirra hefur sína sérstöðu. Hins vegar hagar víða svo til, að sami skóli verður að þjóna öllum þessum aðstæðum. Þar eru nemendur úr grennd, sem ganga heiman og heim, aðrir búa fjarri, en þó ekki lengra en svo, að þeim er unnt að aka. Loks eru þeir nemendur skólahverfisins, er búa svo fjarri, að þeir þurfa að dveljast í heimavist.

Bygging skólahúsnæðis krefst mikillar fjárfestingar og þarf að gæta hvors tveggja, að byggingarnar þjóni tilgangi sínum og að hagsýni sé gætt í gerð og framkvæmdum. Hér er eins og í skólakostnaðarlögum nr. 49/1967 gert ráð fyrir framkvæmdaáætlunum, bæði 10 ára áætlun og áætlun fyrir eitt ár í senn er feli í sér hvar þörfin er brýnust.

Þá er í greininni það nýmæli, að ráðuneytið ákveði heiti skólastaða, að fengnum tillögum heimamanna og umsögn örnefnanefndar, en örnefnanefnd starfar samkvæmt lögum nr. 35/1953, um bæjanöfn. Er menningaratriði, að skólasetrum séu valin smekkleg nöfn og eðlilegt að leita álits örnefnanefndar í þessu sambandi.

Um 24. gr.

Fyrsta og önnur málsgrein fjalla um skiptingu stofnkostnaðar milli sveitarfélaga, er standa saman að skólahverfi. Þær skjóta þó ekki loku fyrir að þau semji á frjálsan hátt sín í milli. Sé það hinsvegar ekki gert, skal fara eftir ákvæðum 1. og 2. mgr.

Miðað er við, að kostnaðarhluta sveitarfélaga í skólabyggingunni sé skipt niður í 3 eða 4 jafnstóra þætti, þrjá, sé aðild allra sveitarfélaganna að skólahaldinu jöfn, annars í 4 þætti.

Með jafnri aðild er átt við, að nemendur allra sveitarfélaganna sæki alla bekki skólans. Ójöfn aðild sveitarfélags er það hins vegar, ef nemendur þess sækja einungis hluta af bekkjum skólans. Innan sérhvers þáttar skal hlutur hvers sveitarfélags reiknaður út eftir þeirri forsendu, sem þar er gefin, og þurfa þær vart skýringa við. Þó skal þess getið um lið c-, að þar skal leggja til grundvallar meðaltal barnafjölda sveitarfélags, eða hluta þess, sem nær yfir 15 yngstu árganga á gildandi manntali.

Liður d- kemur einungis inn í dæmið sé um ójafna aðild að ræða.

Ákvæðum 3. og 4. mgr. greinarinnar er ætlað að auðvelda sveitarfélögum nauðsynlegar breytingar á mörkum skólahverfa, þegar svo ber undir. Í þeim felst, að ríkissjóður leysi út hluta sveitarfélags, er breytir um aðild að skólahverfi, í skólabyggingu þeirri, er það hverfur frá, en semji um endursölu síðar, ef nýtt sveitarfélag gerist aðili.

Á sama hátt skal sveitarfélag, er bætist í skólahverfi, þar sem fyrir eru sveitarfélög, sem þegar hafa byggt skólahúsnæði, kaupa sér hlutfallslega aðild.

Gert er ráð fyrir, að menntamálaráðuneytið aðstoði við samningsgerð slíka, sem hér er um fjallað, sé þess óskað, og skeri úr um ágreiningsatriði, sem upp kunna að koma.

Síðasta mgr. greinarinnar skapar möguleika fyrir hin ýmsu sveitarfélög, er þess kynnu að æskja, til að tengja byggingu, er þjónar almennri félagsmálastarfsemi í byggðarlaginu, starfsemi grunnskóla, enda sé byggingin samþykkt af menntamálaráðuneytinu og greidd af viðkomandi sveitarsjóði.

Um 25. gr.

Hér er lagt til, að skilgreint verði með lögum hvað annað en beint kennslurými skuli vera í skólahúsi. Efni þessarar greinar er að finna í reglum um útreikning á húsnæðisþörf skóla, útgefnum af menntamálaráðuneytinu 6. júní 1969, en nefndin telur ástæðu til að aðalatriði þeirra reglna verði lögfest.

Nefndin telur, að stefna beri að því, að starf hvers grunnskóla eða hluta grunnskóla geti að sem mestu leyti farið fram í einni og sömu byggingu. Hins vegar geta aðstæður verið þannig, að notað verði annað húsnæði fyrir ákveðnar sérgreinar, svo sem íþróttir.

Vekja ber sérstaka athygli á því, að hér er gert ráð fyrir, að við gerð nýs skólahúsnæðis, svo og endurbætur eldra skólahúsnæðis, skuli að því stefnt að skapa aðstöðu fyrir nemendur í skólabyggingunni til að búa sig undir næsta kennsludag. Með þessu er að nokkru leyti mörkuð ný stefna í íslenzkum skólamálum. Ástæður, er hér liggja til grundvallar, eru m. a. sífelld fjölgun þeirra heimila, þar sem báðir foreldrarnir vinna utan heimilis, mismunandi aðstæður nemenda til heimanáms og að æskilegt er, að nemendur geti leitað til kennara í sambandi við undirbúning undir næsta skóladag.

Nám, er vinna. Æskilegt er, að nemendur fái lokið meginvinnu sinni í skólanum. Þaðan geti þeir síðan haldið heim að afloknum vinnudegi eins og aðrir þeir, er vinna utan heimilis, án þess að þurfa að sinna mikilli heimavinnu. Tækist að koma þessu í framkvæmd, þá ætti það að geta leitt til aukinnar fjölskyldusamheldni í þjóðfélaginu, þar eð sá mismunur yrði úr sögunni, að hluti fjölskyldunnar, nemendurnir, sitji við vinnu, meðan aðrir njóta hvíldar að afloknum vinnudegi utan heimilis, og heimilisfólkið þess í stað átt samverustundir.

Aðstæður barna og unglinga til náms á heimilum eru mjög misjafnar. Sumir búa við húsnæðisþrengsli og hafa lítið næði til heimanáms, en aðrir hafa einkaherbergi, þar sem þeir geta í ró unnið að verkefnum sínum.

Meðal annars vegna þessa aðstöðumunar er vafasamt að skylda nemendur til þess að ljúka í skólahúsinu undirbúningi sínum undir næsta skóladag. Engu að

síður ber nauðsyn til að aðstaða til þeirrar vinnu verði sköpuð og að því stuðlað, að hún verði notuð af þeim, er hennar þarfnast. Nánar yrði ákveðið í reglugerð um skipulag þessa náms. Hér er um kostnaðarsama framkvæmd að ræða, meðan skólar eru tví- og jafnvel þrísetnir. Við nýskipan þessa lengist verutími nemandans í skólanum að mun og því æskilegt, að þar verði unnt að framreiða einfaldar máltíðir, en til slíks þarf vissa aðstöðu.

Að beiðni nefndarinnar gerði Guðmundur Þór Pálsson, arkitekt, deildarstjóri byggingardeildar menntamálaráðuneytisins, athugun á 6 skólahúsum í landinu, mismunandi að aldri, gerð og stærð. Efalaust er talan 6 of lág til að mega kallast óyggjandi úrtak, en niðurstöður rannsóknarinnar bentu til þess, að aðstaða til slíks undirbúningsnáms í skólanum mundi að jafnaði kosta 20—25 þús. kr. á nemanda. miðað við núverandi verðgildi peninga.

Af þessu er ljóst, að taka mun sinn tíma að koma þessu máli í framkvæmd, en nauðsynlegt er að taka það föstum tökum, þar sem það myndi leiða til betri og jákvæðari námsvinnu og ætti einnig að treysta fjölskylduböndin.

Síðasta málsgrein greinarinnar fjallar um heimavistir við grunnskóla og lýsir því markmiði, að heimavistir skuli minna sem mest á heimili, enda kemur heimavistin um sinn í stað þess heimilis, sem nemandinn hverfur frá. Mörgum er skólavistin tilfinnanleg breyting og skiptir miklu, að í heimavist gæti þeirrar hlýju og umhyggju, sem einkennir farsæl heimili.

Ástæða þótti til að setja um það ákvæði, að þannig skuli frá heimavistum gengið, að nemendur geti jafnan náð til umsjónarmanns heimavista. Þetta er sérstaklega nauðsynlegt í sambandi við svefnálmu yngri nemenda. Ef þessa er ekki gætt, getur afleiðingin orðið sú, að eftir að svefnvistum er lokað að kvöldi, hafi nemendur litla möguleika á að ná til fullorðins manns fyrr en aftur er lokið upp dyrum að morgni. Slíkt er með öllu óverjandi.

Um 26. gr.

Fyrri málsgrein þessarar greinar er samsvarandi 1. mgr. 6. gr. laga nr. 49/1967, um skólakostnað, en þó að því leyti frábrugðin, að hér er það skólanefnd, sem í samráði við sveitarstjórn ákveður hverjir annast skuli hönnun bygginga í stað þess að í umræddri 6. gr. er það eingöngu lagt í hendur sveitarstjórnar.

Skólanefndir eru kjörnar af sveitarstjórnum. Vald þeirra er markað í lögum, reglugerðum og erindisbréfum. Hafa þær að mörgu leyti meira sjálfstæði til starfa en venja er um nefndir, kjörnar af sveitarstjórnum, að öðru leyti en hvað fjárráð varðar.

Rétt þykir, að skólanefnd sé, ásamt hlutaðeigandi sveitarstjórn, frumkvæðisaðili um gerð skólahúsnæðis, þar sem gera má ráð fyrir að í skólanefnd eigi þeir sæti, sem hafi meiri áhuga og þekkingu á skólamálum en almennt gerist. Æskilegt er, að samstarf skólanefndar og sveitarstjórnar sé sem nánast í þessum efnum. Verði þessir aðilar hins vegar ekki á eitt sáttir um þau atriði, sem fjallað er um í 1. mgr. þessarar greinar, hlýtur sveitarstjórn, sem handhafi fjármálavalds í sveitarfélaginu, að ráða.

Í síðari málsgrein er nýmæli. Þar er ákveðið, að á þriggja ára fresti a. m. k. efni menntamálaráðuneytið til almennrar samkeppni um uppdrætti að skólamannvirkjum miðaða við breytilegar tegundir og stærðir skóla og ólíkar aðstæður, þ. e. hvort um er að ræða heimavistar-, heimanaksturs- eða heimangönguskóla, eða allar þessar tegundir skóla. Einnig myndi þetta taka til íþróttahúsa, sundlauga, leikvalla o. fl. Virðist einsætt, að reyna að tryggja, að skólamálum nýtist sem bezt þekking og hugkvæmni arkitekta og að sífellt sé leitazt við að bæta gerð skólahúsa með bætta vinnuaðstöðu nemenda og kennara fyrir augum og hagsýni í meðferð þeirra miklu fjármuna, sem til bygginga og rekstrar skóla er varið.

Um 27. gr.

Ákvæði 1. mgr. eru hin sömu og í 10. gr. laga nr. 49/1967, um skólakostnað, og í 6. gr. reglugerðar nr. 159/1969, um stofnkostnað skóla. Listskreytingarákvæði þessi

voru nýmæli í lögum, þótt áður hefði verið varið nokkru fé til þess að skreyta skólabyggingar og til listaverkakaupa í skóla, og má benda á mosaikmyndir í Kennaraskólahúsinu við Stakkahlíð, myndskreytingar í Austurbæjarbarnaskóla og Melaskóla.

Síðan skólakostnaðarlögin tóku gildi hafa verið ákveðnar listskreytingar í gagnfræðaskólabyggingu á Húsavík og skólabyggingu að Laugalandi á Þelamörk, og enn fremur í samkomusal Menntaskólans við Hamrahlíð og í samkomusal, sem í smíðum er við Menntaskólann að Laugarvatni. Þótt menntaskólarnir séu hreinir ríkisskólar og ákvæði skólakostnaðarlaga gildi því ekki um þá, þá hefur samt verið tekið mið af þessum ákvæðum. Telja má víst, að allar nýjar skólabyggingar verði listskreyttar með einum eða öðrum hætti. Fyrr á árum voru ýmis málverk í eigu ríkisins lánuð skólum víðsvegar um landið, en var síðan safnað saman í Listasafninu. Væri mjög mikil þörf á því, að safnið efndi til farandsýninga meðal skólanna, þannig að sem flestum nemendum gæfist kostur á að kynnast íslenzkri myndlist af eigin sjón meira en nú er.

2. mgr. þessarar greinar er nýmæli. Er þar gert ráð fyrir einum fulltrúa frá Bandalagi íslenzkra listamanna og einum frá því sveitarfélagi, sem hlut á að máli, til þess að vera með í ráðum, þegar menntamálaráðuneytið ákveður listskreytingu skólamannvirkja.

Um 28. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 29. gr.

Fyrst og fremst er skólamannvirkjum ætlað að þjóna skólahaldi. Skólastarfið hlýtur því ætíð að sitja fyrir um afnot af húsakynnum, sem reist eru skóla til handa. Því er og eðlilegast, að dagleg umsjón og umráð skólahúsnæðis sé í höndum skólastjóra og skólanefndar.

Frá þjóðhagslegu sjónarmiði er æskilegt, að dýr húsakynni séu vel nýtt, og því oft á tíðum hagkvæmt að skólamannvirki séu til afnota fyrir hina ýmsu almennu félagsstarfsemi utan skólatímans. Því er í greininni heimilað að ráðstafa skólahúsnæði eða hluta þess til slíkra nota, enda brjóti slíkt hvorki í bága við skólahald, að dómi skólanefndar, né námskeið og annað, sem menntamálaráðuneytið kynni að ákveða.

Framkvæmd á orlofi húsmæðra heyrir að vísu ekki undir menntamálaráðuneytið, en skólahús hafa verið lánuð eða leigð til þessara nota að undanförnu og er eðlilegt, að svo verði áfram, þar sem hér er um að ræða framkvæmd mjög þýðingarmikils máls.

Skólahús hafa að undanförnu verið notuð að sumarlagi til gisti- og veitingarekstrar, ýmist á vegum Ferðaskrifstofu ríkisins eða heimaaðila. Fer vel á því að nota skólahúsin þannig þegar hlé er á skólastarfi og ferðamannastraumur mestur. Nokkrar tekjur koma í hlut skólanna vegna þessa rekstrar. Við byggingu heimavistarskóla er nú yfirleitt tekið tillit til þess, að húsin nýtist til gistirekstrar á sumrum.

Um 30. gr.

Í þessari grein eru ákvæði um embættisgengi skólastjóra. Ákvæði um það eru ekki í gildandi lögum. Hins vegar er það viðtekin venja, a. m. k. á barnaskólastigi, að enginn er skipaður í skólastjórastarf, nema hann hafi lokið kennaraprófi. Æskilegt er, að skólastjóri hafi aflað sér menntunar í skólastjórn. Stefna ber að því, að þau stjórnunarfræði verði hluti af námsefni kennaranema í Kennaraháskóla Íslands og Háskóla Íslands. Nefndin leggur til, að fyrst verði komið á námskeiðum í stjórnun skóla fyrir starfandi kennara og skólastjóra.

Um 31. gr.

Ákvæði um aðstoðarskólastjóra eru nýmæli og jafnframt er gert ráð fyrir, að felld verði niður störf yfirkennara. Aðstoðarskólastjóri skal vera ríkisstarfsmaður. Yfirkennarar eru nú starfsmenn ríkis og sveitarfélaga. Þeir eru starfsmenn ríkis

sem kennarar, en sveitarfélags sem staðgenglar skólastjóra. Eðlilegast virðist, að aðstoðarskólastjóri sé ráðinn af menntamálaráðuneytinu. Hann er staðgengill skólastjóra og vinnur undir stjórn hans og á þar af leiðandi að vinna í umboði menntamálaráðuneytisins eins og skólastjóri. Samvinna skólastjóra og aðstoðarskólastjóra þarf að vera góð og náin, en verði misbrestur á, horfir til vandræða í starfi skólans. Sé samvinna þessara aðila ekki sem skyldi, er betra að aðstoðarskólastjóri sé ráðinn til ákveðins tíma, en ekki skipaður.

Í greininni er það ákvæði, að skólastjóri og kennararáð séu umsagnaraðilar þegar ráðstafa á stöðu aðstoðarskólastjóra. Þetta er eðlilegt sökum þess, hve náin samvinna þarf að vera milli skólastjóra, kennararáðs og aðstoðarskólastjóra. Æskilegt er, að aðstoðarskólastjóri hafi með höndum einhverja kennslu, svo að hann losni ekki um of úr tengslum við kennslustarfið. Ekki er talið rétt að láta skóla vera skólastjóralausan lengur en tvo mánuði, án þess að starfinu sé formlega ráðstafað.

Um 32. gr.

Hinn 9. desember 1970 skipaði þáverandi menntamálaráðherra, dr. Gylfi Þ. Gíslason, nefnd til þess að semja tillögur í frumvarpsformi um menntun og réttindi kennara við skyldunámsskóla og framhaldsskóla, þ. á m. menntaskóla og sérskóla. Nefndin hefur skilað áliti og gerði tillögur um menntun og réttindi kennara í bóklegum greinum við barna- og gagnfræðaskóla (grunnskóla), framhaldsdeildir gagnfræðaskóla og menntaskóla. Síðan var nefndinni falið að gera hliðstæðar tillögur um sérgreinakennara við áðurnefnd skólastig, auk tillagna um menntun og réttindi kennara við sérskóla. Hefur nefndin skilað þeim tillögum.

Núgildandi lög um menntun og réttindi kennara, einkum á gagnfræðastigi, eru um sumt óljós og úrelt orðin og ný löggjöf tímabær.

Með frumvarpi til laga um grunnskóla eru tvö skólastig sameinuð í eitt. Sami undirbúningur hentar ekki öllum kennurum grunnskólans. Verður að líkindum um tvo meginhópa að ræða: Kennara yngri nemenda og kennara eldri nemenda, sem yrðu margir hverjir sérgreinakennarar. Ólíkur undirbúningur táknar ekki mismikinn undirbúning, enda verði kennarar ekki bundnir af aldri nemenda svo sem nú er við skil barna- og unglingafræðslu. Fagkennsla í einstökum greinum kæmi óefað fyrr en nú. Nemendum er nú gerður óleikur með hinum skörpu skilum og gjörbreyttu kennsluháttum, sem verða, er þeir færast úr barnaskóla í 1. bekk gagnfræðastigs.

Um 33. gr.

Í þessari grein er nýmæli varðandi skipun og setningu í skólastjóra- og kennarastöður og hert á þeim ákvæðum, sem voru í fyrra frumvarpi í þessa átt. Menntamálaráðuneytið leggur áherzlu á, að setning og skipun í stöður þessar geti farið fram snemma, og helzt eigi síðar en 1. júlí ár hvert, og að skólastjóri eða kennari tilkynni aðilum fyrir 1. febrúar, ef hann hyggst ekki starfa áfram næsta skólaár. Í fyrra grunnskólafrumvarpi er tekið fram í greinargerð, að æskilegt væri, ef unnt yrði að ljúka ráðningum kennara næsta vetrar áður en sumarleyfi skólanna hefjast. Kennararáðningar hafa að undanförnu oft verið tafsamar vegna skorts á kennurum og stundum er erfitt fyrir skólanefndarmenn að koma saman til fundar um mesta annatímann. Loks er það svo, að ýmsir kennarar hafa hug á kennarastöðum í Reykjavík og öðrum stærri bæjum og vilja því ekki binda sig annars staðar, fyrr en sýnt er, hvernig stöðum er ráðstafað í þéttbýlinu. Þarf því að hraða sérstaklega veitingu kennarastarfa í bæjunum. En hér er um að ræða fyrirkomulag, sem ætti að verða til bóta fyrir alla aðila. Nauðsynlegt er fyrir skólastjóra og skólanefnd að vita í tæka tíð, hverjir verða áfram við störf. Væri mjög æskilegt, að um stöðuveitingar hefði verið fjallað heima í héraði í maímánuði ár hvert, svo að menntamálaráðuneytið gæti sett eða skipað í störfin í júnímánuði.

Í fljótu bragði virðist vera einn galli á þessari skipan. Hann er sá, að ekki er unnt að afgreiða umsóknir frá kennaranemum á umræddum tíma, sökum þess að

þeir ljúka ekki prófi fyrr en í ofanverðum maímánuði eða öndverðum júnímánuði. En lokaafgreiðslu í ráðuneytinu á þessum umsóknum mætti fresta, en ljúka afgreiðslu annarra umsókna á þeim tíma, er áður getur. Skólanefndir gætu haft ýmislegt til leiðsagnar, þegar þær fjalla um og afgreiða umsóknir kennaranema, m. a. eftirfarandi atriði:

1. prófskírteini nemandans frá fyrra ári,
2. umsögn aðalkennara og æfingakennara,
3. vitnisburð um skólasókn.

Skólanefndir gætu miðað umsögn sína og meðmæli við þessar upplýsingar og afgreitt umsóknir kennaranema um leið og annarra umsækjenda, en lokaafgreiðsla færi síðan fram í ráðuneytinu, er skírteini um burtfararpróf lægju fyrir.

Um 34. gr.

Fyrsta málsgrein er nýmæli, að því leyti, að hún gerir ráð fyrir, að ráðskonur við heimavistarskóla á grunnskólastigi, þar sem 30 nemendur eða fleiri eru samtímis í heimavist, verði fastir starfsmenn ríkisins og geti á sama hátt og kennarar og skólastjórar heimavistarskóla hlotið skipun í störf sín að aflokinni tveggja ára setningu, enda liggi fyrir meðmæli skólanefndar og skólastjóra. Miðað við stærð skóla nú, mundi verða um 17—19 skóla að ræða, sem ættu rétt á að fá skólaráðskonu ráðna með þessum hætti.

Við fámennari heimavistarskóla ráði skólastjóri ráðskonu með samþykki skólanefndar.

Störf ráðskonu og starfsfólks í mötuneyti eru þýðingarmikil. Gengi skólastarfsins veltur ekki síður á því, sem þar er unnið, en því sem annað starfsfólk stofnunarinnar leysir af hendi. Eftir því sem heimavistarskóli er fjölmennari, þeim mun yfirgripsmeira verður og starf ráðskonu, frágangur allur að vori tímafrekari og þörf á að hefjast fyrr handa að hausti. Starf skólaráðskonu er öðrum þræði hagsýslu- og skipulagsstarf, sem vel þarf að vanda til. Samkvæmt 2. mgr. ber skólastjóra að ráða með samþykki skólanefndar það starfsfólk, sem þar er talið, og greiðir ríkissjóður laun þess.

Sveitarstjórn ræður húsvörð, að fenginni tillögu skólanefndar og skólastjóra. Heimilt er að binda ráðningu starfsfólks þess, sem um getur í 2. og 3. mgr., við tiltekinn starfstíma. Ýmsir þeir, er nú gegna þessu starfi, munu ráðnir til lengri tíma. Ákvæði greinarinnar haggar ekki þeirri ráðningu.

Sveitarstjórn ræður einnig lausráðið starfsfólk, annað en það, sem um er getið í 2. mgr. Líklegt er, að þar sem mörg sveitarfélög standa að sama skólahverfi, feli sveitarstjórnirnar skólanefnd umræddar mannaráðningar.

Síðasta málsgrein felur í sér nýmæli. Samkvæmt henni skal lausráðið starfsfólk tilkynna skólastjóra fyrir 1. júní, ef það ætlar ekki að starfa við skólann næsta skólaár. Hið sama skal og skólastjóri gera, hafi hann ekki hug á að endurráða sama eða sömu starfsmenn. Segi hvorki starfsmaður starfi sínu lausu, né skólastjóri honum upp starfi fyrir 1. júní, telst starfsmaður endurráðinn næsta skólaár.

Um 35. gr.

Ástæðulaust mun að fara mörgum orðum um þessa grein, þar eð hún skýrir sig að mestu sjálf. Þó er rétt að geta ástæðna fyrir ákvæðum um lengri aðdraganda að skipun í störf við heimavistarskóla en annarsstaðar tíðkast. Forsendan er sú, að við heimavistarskóla reynir ekki eingöngu á kennarahæfileika, heldur einnig marga aðra þætti í hinu nána sambýli nemenda og kennara.

Heimangöngukennarinn heldur heim að afloknum skóladegi, meðan heimavistarkennarinn heldur meira eða minna áfram að hrærast innan um sína nemendur.

Ætla verður að kennari við heimavistarskóla þurfi lengri tíma en eitt ár til að taka endanlega ákvörðun um veru sína við skólann, auk þess sem eðlilegt má telja að skólinn fái af sömu orsökum að reyna hann lengur áður en skipun kemur til.

Um 36. gr.

Um langt skeið hefur starfsskylda kennara verið minnkuð, er þeir ná 55 ára aldri og 60 ára aldri, vegna þess að kennsla er talin slítandi mörgum öðrum störfum fremur. Í fyrri gerð grunnskólafrumvarps (23. gr.), er talað um kennsluskyldu, en ekki starfsskyldu. Að undanförnu hefur borið á því, að afsláttur af kennsluskyldu hafi verið túlkaður þannig, að slíkum afslætti ætti að fylgja tilsvarandi aukning starfa á öðrum sviðum. Þetta er nýr skilningur og ekki í samræmi við þá hugsun, sem býr að baki umræddum aldursafslætti. Til þess að girða fyrir misskilning eða rangtúlkun þessa ákvæðis, er hér notað orðið starfsskylda í stað kennsluskylda. Jafnframt er afslátturinn bundinn því skilyrði, að sá, sem í hlut á, eigi að baki 20 ára kennsluferil, því að það sem afslættinum veldur, er langt starf við kennslu, en ekki aldurinn einn. Þegar starfsskylda er minnkuð á þennan hátt, er það gert til þess að kennarinn hafi betra tóm til að rækja kennslustarfið, en ekki ætlazt til, að hann bæti á sig annarri vinnu, sem afslættinum nemur, hvorki við skóla sinn né annars staðar.

Um 37. gr.

Lögð er áherzla á, að skólar séu reknir með föstum kennurum að svo miklu leyti sem unnt er, en á ráðningu stundakennara sé litið sem bráðabirgðalausn. Stundakennarar margir hafa kennsluna að aukastarfi og helga aðalstarfinu krafta sína fyrst og fremst.

Um menntun og réttindi kennara þarf að fjalla í sérstökum lögum.

Sjálfsagt er, að eftirlit og dagleg umsjón með nemendum í heimavistum grunnskóla sé í höndum sérmenntaðs starfsfólks. Stundum hefur verið reynt að fá ódýran og ósérhæfðan vinnukraft til að annast þessi umsjónarstörf. Slíkt er varhugavert af augljósum ástæðum.

Um 38. gr.

Þessi grein staðfestir fyrirkomulag, sem nú er í öllum barna- og gagnfræðaskólum. Þegar sami kennari kennir flestar eða allar greinar í einni deild, kemur af sjálfu sér, að hann fylgist náið með hverjum nemanda og að til hans leita þeir með vandamál sín. Öðru máli gegnir þegar kennslan er að mestu í höndum sérgreinakennara. Kennari, sem aðeins kennir eina eða tvær námsgreinar í deild, sem hann er aðalkennari í, þarf að eyða nokkrum tíma og fyrirhöfn í að fylgjast með gengi nemenda sinna, ef aðalkennarastarfið á að vera meira en nafnið eitt. Væri ekki óeðlilegt að á móti kæmi kennslufrádráttur, t. d. ein stund á viku, og mætti þá benda nemendum og foreldrum á ákveðinn viðtalstíma kennarans.

Starf aðalkennara er mjög mikilvægt og ekki síður en kennslan sjálf. Hlutverk kennara er vissulega að kenna hópi nemenda, en það má aldrei gleymast, að hópurinn er hverju sinni safn einstaklinga, og aðalkennara ber að fylgjast með einstaklingunum, hverjum og einum. Hann hefur oft öðrum kennurum fremur tök á að beita uppeldisáhrifum sínum til að styrkja æskilegt atferli og breyta því, sem miður fer, og þarf að kunna þar til verka. Hann hefur samband við foreldra, og má t. d. benda á, að oft er það aðalkennari, sem fyrst tekur eftir ýmsum ágöllum, sem baga barnið, en bæta má úr, svo sem sjóngöllum, skapgerðargöllum o. fl.

Um 39. gr.

Hér er það nýmæli, að endurráða megi fagnámsstjóra, er hann hefur haft umsjón með kennslu í einni námsgrein í allt að þrjú ár. Sjálfsagt er að heimila endurráðningu í slíkt starf. Það er fráleitt að mega ekki endurráða vel hæfan starfsmann. Að öðru leyti þarfnast greinin ekki skýringa.

Um 40. gr.

Breyttir þjóðfélagshættir, breyttar kennsluaðferðir, ný námsskrá og nútímauppeldisfræði gera sífauknar kröfur til skóla og kennara. Sú tíð er liðin, er menn gátu lært undir ævistarf sitt í eitt skipti fyrir öll og starfið hélzt óbreytt í manns-

aldur eða mannsaldra. Þetta hefur í för með sér, að kennarar þurfa að kenna nemendum sínum með þetta í huga, kenna þeim t. d. að leysa vandamál almennt, en ekki bara eitthvert ákveðið vandamál, og keppa að því að gera nemendur víðsýna og sveigjanlega, áhugasama um nýjungar, en jafnframt gagnrýna. Þetta breytta grundvallarsjónarmið krefst þess, að kennarinn sjálfur hafi fyrrgreind viðhorf, en kennarinn getur ekki fremur en aðrir búið sig undir ævistarfið í eitt skipti fyrir öll.

Þörf fyrir endurmenntun kennara hefur komið glögglega í ljós á síðustu árum, þegar námsefni einstakra greina hefur verið endurskoðað og þar með kallað á nýja kunnáttu og nýja tækni hjá kennurum. Kennarar hafa fundið þessa þörf sjálfir og sótt vel þau endurmenntunarnámskeið, sem haldin hafa verið að undanförnu. Þarf að leggja mikla áherzlu á endurmenntunina.

Virðist eðlilegt að ætla ákvæðinn hundraðshluta af samanlögðum skólastjóra- og kennaralaunum grunnskóla til endurmenntunar á þessu skólastigi. Samkvæmt frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1973 næmi sá hundraðshluti, sem tiltekinn er í gr., þ. e. 1%, um 11 millj. kr.

Um 41. gr.

Þessi grein er samhljóða 32. gr. fyrra frumvarps, nema hvað nú er gert ráð fyrir, að sami kennari geti á embættisferli sínum fengið samanlagt tvenn árslaun til orlofs í stað 1½ og bætt er inn heimild til birtingar orlofsskýrslna.

Greinin felur í sér nokkrar breytingar á ákvæðum gildandi laga og miða þær að því að rýmka fyrri ákvæði og gera þau víðtækari. Helztu breytingar eru:

a) Til að koma til álita við veitingu orlofs þurfti áður 10 ára embættisferil, en skv. frv. 5. Ungir kennarar hafa oft mikinn áhuga, en lítið bolmagn til að afla sér framhaldsmenntunar að gagni, sem þó er ekki sízt nauðsynlegt nú á tímum umfangsmikilla breytinga á námsferli og kennslu. Þykir því ekki rétt að útiloka þá, enda búnir að fá allmikla starfsreynslu eftir fimm ár.
b) Eldra ákvæði um, að enginn kennari geti fengið orlof nema einu sinni (þ. e. full laun í eins árs orlofi), er rýmkað þannig, að gert er ráð fyrir að orlof, sem nemur tveggja ára embættislaunum kennara verði hámark, eins og fyrr segir.
c) Hægt verður að veita styttri orlof, allt niður í tveggja mánaða.
d) Heils árs orlof skal að jafnaði ekki veitt, nema til samfellds náms.
e) Mörgum kennara er nú um megn að taka orlof vegna þess, að ein laun nægja ekki til þess bæði að kosta nám og framfleyta fjölskyldu. Því er ákvæði um möguleika á viðbótarstyrk.
f) Stuttar, en vel skipulagðar námsferðir geta verið mjög gagnlegar, og er hér gert ráð fyrir, að til slíkra ferða sé unnt að verja hluta orlofsfjárveitingar.
g) Við ákvæðið um skyldu kennara til að rita menntamálaráðuneytinu skýrslu um störf og nám á orlofstímanum er bætt heimild til ráðuneytisins til þess að birta slíkar skýrslur. Er þetta gert annars vegar í því skyni að tryggja, að umræddur fróðleikur nái til sem flestra, og hins vegar til aukins aðhalds.

Fjárveiting til orlofs kennara yrði ákveðin í fjárlögum hverju sinni, svo sem verið hefur.

Um 42. gr.

Skólatími á Íslandi hefur jafnan verið stuttur og styttri en í flestum nágrannalöndum. Á þetta einkum við um árlegan starfsviknafjölda skóla, bæði námsviknafjölda nemenda og vinnuviknafjölda kennara. Sé gert ráð fyrir því, að almennur starfstími þeirra barna- og gagnfræðaskóla á Íslandi, sem nú hafa lengst skólaár, sé 8¾ mánuðir (þ. e. frá 1. september til 31. maí, mínus ein vika við upphaf eða lok starfstímans), og þetta borið saman við grunnskóla eða sambærilega skóla í Danmörku, Noregi og Svíþjóð á skólaárinu 1972—73, kemur eftirfarandi í ljós:

a) Danmörk. Starfstími frá 7. ágúst til 23. júní, þ. e. nálega 10½ mánuður.
b) Noregur. Starfstími frá u. þ. b. 20. ágúst til u. þ. b. 20. júní, þ. e. nálega 10 mánuðir.

c) Svíþjóð. Starfstími frá u. þ. b. 15. ágúst til u. þ. b. 15. júní, þ. e. nálega 10 mánuðir. Af þessu má sjá, að íslenzka skólaárið, eins og það er nú lengst, er meira en mánuði styttra en tíðkast í þessum nágrannalöndum vorum.

Segja má, að ein afleiðing þessa ástands sé sú, að námstími til stúdentsprófs er hérlendis 13 ár, en 12 ár annars staðar á Norðurlöndum og raunar einnig í fjölmörgum löndum öðrum, og er þetta atriði meðal ástæðna þess, að grunnskólanefnd leggur mikla áherzlu á að tryggja, að starfstími íslenzkra grunnskóla samsvari að jafnaði fullum og vel nýttum níu mánuðum. Jafnframt var sú stefna tekin að auka ekki starfstíma grunnskóla frá hámarki þess, sem verið hefur samkvæmt núgildandi lögum um fræðslu barna og gagnfræðanám, þ. e. níu mánuðum, en starfstími barnaskóla í kaupstöðum er nú (með einni undantekningu) miðaður við, að því marki sé nokkurn veginn náð.

Telja má það eitt mikilvægasta atriði frv., að með því er numin brott úr lögum heimild til skipti- eða vixlkennslu í heimavistar- eða heimangönguskólum í sveitum, þannig að hvert barn fái kennslu í aðeins 3½—4 mánuði á ári, sbr. 39. gr. laga nr. 34/1946, um fræðslu barna. Grunnskólanefnd taldi slíkt kerfi ekki vera réttlætanlegt lengur. Meginrökin fyrir þessari stefnu — og raunar þeirri almennu stefnu, að skólaár skuli alls staðar vera sem næst níu mánuðum — voru fyrst og fremst þau, að hið skerta skólaár var talið skapa verulegar hættur á misrétti eftir búsetu, einkum með tilliti til framhaldsnáms að loknu skyldunámi. Afar örðugt er að vísu að koma við öruggri, hlutlægri rannsókn á þessum vanda, m. a. vegna þess að þau börn úr dreifbýli, sem þreyta þau próf er nú er krafizt til langflestra framhaldsnámsbrauta (landspróf miðskóla eða gagnfræðapróf), eru talsvert færri hlutfallslega en félagar þeirra úr þéttbýli. Af þessum sökum er ekki unnt að bera námsárangur þessara tveggja nemendahópa saman af neinu öryggi, nema fyrir liggi frekari upplýsingar, t. d. um námsgetu nemendanna, en slík örugg vitneskja er ekki fyrir hendi. Hins vegar gerði nefndin í þessu sambandi könnun á hlutfallslegri skólasókn eftir þéttbýlisstigum og kjördæmum, og eru niðurstöður hennar birtar í fylgiskjali II. hér á eftir.

Annað atriði, sem er meðal forsendna þess, að nefndin ákvað að setja í frv. níu mánaða skólaár sem almenna reglu, er það, að nefndin taldi ekki rétt að gera ráð fyrir að á níu skyldunámsárum færi fram mun minna nám á Íslandi en í nálægum löndum, einkum Norðurlöndunum, sem Íslendingar hafa margháttaða og vaxandi samvinnu við á ýmsum sviðum mennta- og menningarmála. Íslenzkir námsmenn sækja t. a. m. margvíslegt nám til nágrannalandanna, bæði á framhaldsskóla- og háskólastigi, og sýnist fráleitt að mynda íslenzkt skólakerfi og starfrækja skóla þess án nokkurs tillits til þess, sem krafizt er í nákomnustu nágrannalöndum.

Viðvíkjandi lágmarksnámstíma grunnskóla taldi nefndin hins vegar rétt að taka nokkurt tillit til sérstakra aðstæðna og almennra óska frá vissum skólahverfum, að svo miklu leyti sem slíkt virtist ekki skapa hættu á námstöfum, sem torvelt yrði að bæta úr eða vinna upp. Hér er einkum um að ræða óskir, sem tengdar eru árstíðabundnum atvinnuháttum og aðstæðum heimilanna allvíða í sveitum, svo og samgönguörðugleikum á veturna sums staðar í dreifbýli. Í samræmi við þetta eru í frv. ákvæði um, að menntamálaráðuneytið geti að fenginni beiðni skólanefndar og með mælum fræðsluráðs heimilað styttingu árlegs starfstíma grunnskóla í 7—8½ mánuð. Algert lágmark yrði samkvæmt þessu sjö mánuðir, og yrði sá tími heimill einvörðungu í 1.—2. bekk. Síðan hækkar lágmarkið nokkuð reglulega eftir bekkjum samkvæmt ákvæðum gr., og er hæst í 8.—9. bekk, þar sem 8½ mánuður yrði lágmarksstarfstími. Voru meginrökin fyrir þessari stighækkun lágmarksstarfstímans þau, að annars vegar var talið fært að fara lægst varðandi 1.—2. bekk, m. a. vegna þess hve sveitabörn virðast mörg standa hlutfallslega vel að vígi á sviði móðurmáls og átthagafræði, og hins vegar þau, að eftir því sem ofar dregur í grunnskólanámi er viðbúið, að í æ fleiri námsgreinum komi til mikið af þess háttar námsþáttum, að fyrra nám sé ófrávíkjanleg forsenda síðara náms. Jafnframt ber að geta þess, að því nær sem

dregur að lokum grunnskólanáms, þeim mun bagalegri verður skertur námstími, eigi að vera unnt að skapa nokkurn veginn jöfn tækifæri til að hefja nám í skólum framhaldsskólastigsins.

Rétt er að taka það fram, að umrædd heimild til að miða starfstíma grunnskóla við 7—8½ mánuð er ekki hugsuð sem undanþága um tiltekið árabil, heldur sem almenn heimild til slíks skólahalds með lækkuðu kennslumagni, svo lengi sem skólanefnd og fræðsluráð telja aðstæður slíkar, að þetta sé rétt. Segja má því, að hér sé um að ræða almenna viðurkenningu á rétti skólahverfa til að vera „öðruvísi" varðandi starfstíma skóla, innan strangrar reglu um fast lágmark, sem ekki verði hvikað frá, eftir að lög um grunnskóla hafa komið til framkvæmda.

Þá eru í gr. föst ákvæði um starfsdagafjölda skóla á hverju skólaári og skiptingu þeirra milli ákveðins lágmarks til kennslu og prófa annars vegar og hámarks til annarra þarfa skólans hins vegar. Miða þessi ákvæði að bættri nýtingu skólaársins, og svo er einnig um ákvæði 46. og 61. gr., um leyfisdaga í grunnskóla og um starfsdagafjölda ætlaðan til prófa, sem lögð eru fyrir heila árganga.

Ákvæði er í gr., sem leyfir menntamálaráðuneytinu að heimila fimm daga kennsluviku í stað sex daga reglunnar, ef skólanefnd óskar að hafa þann hátt á. Ástæður þess, að í vaxandi mæli er þrýst á um fimm daga kennsluviku, virðast fyrst og fremst vera þær, að æ fleiri starfsstéttir vinna nú ekki á laugardögum. Hefur þetta með öðru þegar leitt til þess, því miður, að erfiðleikar hafa orðið í allmörgum skólum vegna slæmrar skólasóknar nemenda á laugardögum. Hætturnar við fimm daga kennsluviku virðast aftur á móti ekki sízt vera þær, að með því fyrirkomulagi skapast hætta á of miklu vinnuálagi á nemendur á starfsdegi hverjum, þar sem ekki er talið koma til greina að minnka námstíma eða kennslumagn frá því, sem er í sex daga viku, enda væri slík minnkun fráleit frá sjónarmiði náms og kennslu, þar sem engin ástæða er til að ætla, að hver kennslustund í fimm daga viku leiði til meira náms að jafnaði en í sex daga viku. Í fimm daga viku eykst þannig meðalkennslustundafjöldi hvers starfsdags um 20%. Auk vinnuálagsins á nemendur, sem þetta skapar, verður ekki auðvelt fyrir íslenzka grunnskóla að koma kennslunni fyrir með þessum hætti sakir yfirálags á kennslurými, sem ekki verður verulega úr bætt nema á löngum tíma.

Ljóst er, að nefna má mýmörg rök með og á móti bæði sex og fimm daga kennsluviku. Hér verða þau þó ekki rædd frekar, en bent skal samt á það til íhugunar, að í Frakklandi hefur um áratuga skeið verið við lýði kerfi, sem vel hefur líkað, en það er fimm daga kennsluvika með leyfi á fimmtudögum. Telja flestir Frakkar þetta heppilegt kerfi, t. d. með tilliti til nauðsynlegrar hvíldar og vegna ýmissa annarra þarfa skólans, þ. á m. félagslífs og menningarstarfs, sem ekki er hluti af reglulegri kennslu. — Þá má og geta þess til upplýsingar, að í Danmörku og Svíþjóð hafa nú allir grunnskólar eða sambærilegir skólar fimm daga kennsluviku, en í Noregi miða hins vegar um 90% allra skólahverfa við sex daga kennsluviku.

Ákvæði gr. um starfsdagafjölda í grunnskóla eru þannig, að um er að ræða 210 daga á skólaári miðað við sex daga kennsluviku, en 177 miðað við fimm daga viku, er skiptist í fyrra tilvikinu í a. m. k. 195 daga til kennslu og prófa og allt að 15 til annarra þarfa skólans, en í síðara tilvikinu í a. m. k. 167 plús allt að 10 daga. Eru þessar tölur við það miðaðar, að á hverju níu mánaða skólaári nýtist að fullu 35 starfsvikur í skólum með sex daga viku, og þar af fari 2½ vika í aðrar þarfir skóla en kennslu og próf. Í skólum með fimm daga viku fullnýtast samkvæmt þessu 35 starfsvikur og tveir dagar að auki; þar af fari tvær vikur í „aðrar þarfir skólans". Þegar rætt er um daga „til annarra þarfa skólans" í þessu sambandi, er m. a. átt við skólasetningar- og skólaslitadaga, skóla- og skíðaferðadaga, foreldradaga, þrjá til fimm fundardaga kennara, einkum í byrjun skólaárs, svo og daga vegna sérstakra aðstæðna í skólahverfi og e. t. v. laugardaga í septembermánuði í skólum, sem hafa sex daga kennsluviku.

Ákvæði gr. um starfsdagafjölda á hverju skólaári eru hugsuð og sett fram sem föst regla, er ekki verði breytt, nema skóli hafi fengið heimild til styttingar árlegs starfstíma, sbr. ofanritað. Því er í gr. ákvæði um, að geti skóli af ófyrirsjáanlegum ástæðum — t. d. vegna sjúkdómsfaraldurs — ekki fullnægt starfsdagaskyldu sinni á reglulegum starfstíma, skuli starfstíminn framlengdur, þar til fullum starfsdagafjölda er náð.

Varðandi leyfisdaga þótti rétt, að við upphaf skólaárs yrði tilbúið skólaalmanak, þar sem slíkir dagar og aðrir þeir dagar skólaársins, sem víkja frá venjulegri önn skóladags, yrðu nákvæmlega tilgreindir.

Í sumum byggðarlögum eru snjóþyngsli og aðrir samgönguerfiðleikar svo miklir á veturna, að heimanakstur skólabarna er þá útilokaður með öllu. Þar sem ekki er talið heppilegt, að 7—9 ára börn séu langdvölum fjarri foreldrum sínum í heimavist, getur í slíkum tilvikum komið sterklega til álita, að hluti námsins í 1.—3. bekk grunnskóla fari í þess stað fram í sumarskóla. Því er í lok gr. sett ákvæði, er heimilar, að allt að fjórðungi námsskyldu barna í þessum bekkjum sé fullnægt með sumarskóla, ef skólanefnd æskir þess. Verði slík heimild notuð, er líklegt, að u. þ. b. sex vikna sumarskóli, í tveimur eða þremur áföngum, gæti talizt heppilegt hámark fyrir hvert barn.

Um 43. gr.

Þessi grein fjallar um námsskrá grunnskóla og þau meginatriði námsefnis, sem nánar verði útfærð í námsskránni og skylt að kenna í grunnskóla.

Samkvæmt ákvæðum greinarinnar skal menntamálaráðuneytið setja grunnskólum aðalnámsskrá. Slík aðalnámsskrá yrði kennurum og skólastjórum leiðarvísir um uppeldisstefnu, kennsluskipan og kennslufræði. (Með hugtakinu kennslufræði er hér einkum átt við uppeldisfræði hagnýtta í þágu kennsluaðferða og kennsluáætlana, en jafnframt skarast hugtakið yfir á svið námsefnis og námsmats). Auk þess að vera skólunum leiðarvísir um fyrrgreindar undirstöður skólastarfs yrði aðalnámsskrá einnig reglugerð um, hvaða námsgreinar skuli kenndar í hverjum bekk grunnskóla og hvaða meginatriði hverrar námsgreinar, svo og um skiptingu kennslustunda milli námsgreina, stærðir nemendahópa við kennslu tiltekinna námsþátta o. fl., sbr. einnig 45. og 47. gr.

Gert er ráð fyrir því í niðurlagi greinarinnar, að skólarannsóknadeild menntamálaráðuneytisins muni stöðugt vinna að athugun og endurskoðun námsskrár fyrir grunnskóla, sbr. 63.—64. gr., og að ráðuneytið gefi aðalnámsskrá út eigi sjaldnar en fimmta hvert ár.

Þá eru talin upp í greininni 10 námssvið, er skylt verði að kenna í grunnskóla. Ekki virðist ástæða til ýtarlegra skýringa á þeim ákvæðum; þau skýra sig að mestu sjálf. Vert er þó að benda á það, að námssviðin eru mörg hver nokkru breiðari en hefðbundnar námsgreinar skyldunámsstigs (sjá t. d. liði c, d, f og g). Er þetta til marks um þá stefnu að sameina skyld námssvið í allstórar, fjölhliða heildir, enda telur nefndin það æskilegt og árangursvænlegt að efnissvið námsskrárinnar verði sem bezt tengd, þegar unnið er að undirbúningi og framkvæmd kennslu. — Þá má og bæta því við, að með orðunum heimilisfræði og heimilisrækt er átt við það námssvið, sem í núgildandi „Námsskrá fyrir nemendur á fræðsluskyldualdri“ (útg. 1960) er nefnt matreiðsla og hússtjórn, og höfðar heimilisfræði fyrst og fremst til bóklega þáttarins, en heimilisrækt til hins verkræna og viðhorfatengda uppeldis. — Loks skal þess getið, að nokkur hugmynd um síðasttalda námssvið greinarinnar, valgreinar í efstu bekkjum grunnskóla, er gefin í athugasemdum við 45. gr. Ljóst er þó, að hinir minnstu grunnskólar munu ekki geta boðið fram í 8.—9. bekk allar þær valgreinar, sem þar eru nefndar.

Kafli er í greininni, sem hljóðar svo: „Við setningu námsskrár og skipulagningu námsefnis fyrir grunnskóla skal þess sérstaklega gætt, að öllum nemendum séu gefin sem jöfnust tækifæri til náms, jafnframt því sem skólinn komi til móts við og viðurkenni mismunandi persónugerð, þroska, getu og áhugasvið nemenda.“ Þessi

mikilvægu ákvæði fela í sér mörkun grundvallarstefnu um jafnrétti nemenda í grunnskóla og aðlögun skólastarfsins að þörfum einstaklingsins. Sem dæmi um inntak þessarar stefnumörkunar skulu nefnd eftirtalin þrjú grundvallaratriði:

1) Í grunnskóla skal reynt að veita drengjum og stúlkum sem jöfnust tækifæri til náms, þannig t. d. að við gerð aðalnámsskrár og í kennslunni sjálfri sé öðru hvoru kyninu ekki bægt frá áhugaverðum og mikilvægum námssviðum, t. d. í handíðum eða heimilisrækt.

2) Námshæfileikar og röðun nemenda í bekkjardeildir. Grunnskólanefnd telur, að sú áratugagamla hefð að raða jafnöldrum í mismunandi bekkjardeildir eftir fyrra námsárangri eða öðru mati á námsstigi/námsgetu, sé talsvert varhugaverð, einkum sakir þess að hún geti leitt til misréttis, þ. e. misjafnra námstækifæra, sem mest bitni að líkindum á miðlungs- og seinfærum nemendum, en geti einnig í vissum tilvikum bitnað á „góðum" nemendum. Slíkt röðunarkerfi hefur og alls staðar, þar sem það hefur verið vísindalega rannsakað erlendis, reynzt hafa allháa fylgni við stéttaskiptingu hlutaðeigandi samfélags, þannig t. d. að kerfið er að jafnaði óhagstætt börnum handverksmanna, jafnvel þótt slíkt sé vitaskuld ekki meðvituð ætlun með beitingu þess. Er líklegt, að svipuð niðurstaða kæmi út hérlendis, jafnvel þótt munurinn kynni að verða nokkru minni. Þá er ástæða til að ætla, að umrætt röðunarkerfi sé tæpast sérlega heppilegt með tilliti til almennrar þjóðfélagslegrar samheldni og mótunar samfélagslegra viðhorfa með nemendum.

   Af fyrrgreindum sökum taldi nefndin, að ættu ákvæði 2. gr. frv. og jafnréttishugsjón frv. yfirleitt að geta orðið virkar máttarstoðir grunnskólastarfs, þyrfti m. a. að draga eins mikið úr umræddri námsgeturöðun í bekkjardeildir og fært þykir frá kennslufræðilegu sjónarmiði. Yrðu þá sett vegvísandi ákvæði um þetta atriði í aðalnámsskrá grunnskóla. Hins vegar er rétt að benda á það, að hér er ekki vert að hrapa að neinu. Mýmörg kennslufræðileg vandkvæði koma upp við breytta röðun í bekkjardeildir, og skapa þarf heppileg skilyrði til lausnar þeim, áður en þess er að vænta, að ný og félagslega sanngjarnari skipan geti orðið almenn í landinu.

3) Loks miðar þessi kafli, einkum niðurlag hans, að því, að námsaðgreining (differentiation) verði eitt af grundvallaratriðunum í starfi grunnskóla. Annars vegar felur þetta í sér þá almennu kvöð, að skólinn skuli jafnan leitast við eftir föngum að laga uppeldisstarf sitt að þörfum hvers einstaklings, — að sönnu þungbær kvöð í framkvæmd, en jafnframt ófrávíkjanlegt stefnumark samkvæmt markmiðsgrein frv. Hins vegar miða þessi ákvæði umræddra kafla að því, að nám á unglingastigi grunnskóla, einkum í 8.—9. bekk, skuli eftir því sem kostur er greinast í samræmi við „mismunandi persónugerð, þroska, getu og áhugasvið nemenda." Hér verður um að ræða valfrelsi námsgreina, svo og mismunandi áherzlur og/eða misþunga námsskrá í ýmsum skyldunámsgreinum. Meðal slíkra námsgreina verða að líkindum stærðfræði og raungreinar, svo og vissir móðurmálsþættir. Er að því stefnt, að allir grunnskólar geti boðið fram a. m. k. tvær „meginlínur" eða deildir samkvæmt þessu í 8.—9. bekk og helzt að einhverju leyti einnig í 7. bekk. En slíkt kerfi þarf að vera eftir föngum frjálst og sveigjanlegt, eigi ekki að koma til talsverð hætta á misrétti í nýju gervi, sbr. ofanritað.

Þá er sagt í greininni, að í aðalnámsskrá grunnskóla skuli sérstaklega kveðið á um nám í fámennum skólum, þar sem nemendur á mismunandi aldri eru saman í deild, svo og um nám í skólum, sem búa við skertan árlegan starfstíma, sbr. 42. gr. Í fyrra tilvikinu er reynt að tryggja, að sérstök vandkvæði við kennslu í fámennum skólum verði athuguð og tekið eðlilegt tillit til þeirra við gerð aðalnámsskrár, m. a. við setningu ákvæða um stundaskrá. Í síðara tilvikinu er einkum um það að ræða, að reynt verði að tilgreina „kjarnanámsskrá" í sem flestum námsgreinum, og geti skólar með skertu skólaári þá miðað kennsluna sérstaklega við þann kjarna.

Loks er í greininni ákvæði um, að sérstakar námsskrár skuli setja fyrir nemendur, sem njóta sérkennslu samkvæmt 51. og 52. gr.

Um 44. gr.

Efni greinarinnar er að nokkru nýmæli í íslenzkri fræðslulöggjöf. Að vísu gengur reglugerð um skólarekstrarkostnað frá 28. janúar 1971 nokkuð í sömu átt, en hún er sett samkvæmt gildandi lögum um skólakostnað, nr. 49/1967, og heimilar að varið sé allt að 2% reiknaðra stunda í skólum á gagnfræðastigi til félagsstarfa, án þess að nánar sé skilgreint. Hér er hins vegar ráð fyrir því gert, að fé sé lagt til félagsmála á grunnskólastigi öllu, svo í yngri árgöngum sem hjá þeim eldri, eftir því sem nánar yrði ákveðið í reglugerð. Miða ákvæði greinarinnar að því, að félagsstarf verði órjúfanlegur hluti grunnskólauppeldis, sbr. 2. gr.

Grein þessi gerir ráð fyrir, að skólastjórum sé heimilt að fela einum eða fleiri kennurum við grunnskóla þann, er þeir stjórna, að annast mál þessi sérstaklega. Slíkt verður þó að sjálfsögðu að meta hverju sinni og miða við aðstæður.

Ákvæðið um skýrsluskyldu skólanna er af tvíþættum toga spunnið. Er annar sá, að af slíkum skýrslum má lærdóm draga, en hinn, að eðlilega verður ríkisvaldið að fylgjast með hversu varið er því fé, er til þessa rennur.

Þá er í niðurlagi greinarinnar kveðið á um, að menntamálaráðuneytið gangist fyrir námsskeiðum fyrir þá kennara, er með mál þessi fara í skólum og að það sömuleiðis gefi út leiðbeiningar þeim til stuðnings.

Að öðru leyti vísast til c-liðar 80. greinar um kostnað þann, er af félagsmálum í grunnskólum leiðir, og umsagnar um hann.

Fræðileg könnun á félagslífi í íslenzkum skólum hefur ekki verið gerð. Hana þarf að gera til að öðlast sem traustastan grundvöll að skynsamlegri stefnumörkun á þessu sviði.

Um 45. gr.

Í þessari grein er nákvæmlega tilgreint, hver vikulegur kennslutími á hvern nemanda í grunnskóla skuli vera sem næst. Í þeim ákvæðum felst nokkur aukning kennslutímans frá því, sem nú er (skólaárið 1972/73) í 1.—5. bekk, en jafnframt svolítil lækkun frá núverandi tímafjölda í 7.—9. bekk. Þá er ákvæði um það í greininni, til þess ætlað að tryggja hæfilegan sveigjanleika, að skólastjóri geti með samþykki fræðslustjóra lengt eða stytt vikulegan kennslutíma nemenda um allt að eina kennslustund, þ. e. 40 mínútur; þó sé þetta innan ákvæða 79. gr. um hámarksfjölda kennslustunda og þess jafnframt gætt, að samanlagður kennslustundafjöldi sérhvers nemanda á skólaferli hans innan grunnskólastigs verði sem næst ákvæðum greinarinnar.

Það yrði afar langt mál, ef rekja ætti hér þær umfangsmiklu athuganir, sem liggja að baki ákvæðum greinarinnar um kennslutíma, en þær athuganir eru m. a. þáttur í undirbúningi skólarannsóknadeildar menntamálaráðuneytisins að nýrri námsskrá fyrir skyldunámsstigið, en að þessu verkefni hefur verið unnið í deildinni að meira eða minna leyti undanfarin fimm ár. Því verða þau verk ekki rakin hér, en í þess stað verða birt og skýrð tvenns konar yfirlit. Felur hið fyrra í sér samanburð við hliðstæð ákvæði í Danmörku, Noregi og Svíþjóð, en hið síðara gefur nokkra vísbendingu um hugsanlega skiptingu kennslutíma þess, sem greinin tiltekur, milli námssviða 42. gr.

1. yfirlit.

Til hliðsjónar og samanburðar verður hér birt tafla yfir fjölda vikustunda og skiptingu þeirra á bekki grunnskóla eða sambærilegra skóla í Danmörku, Noregi og Svíþjóð, eftir því sem næst verður komizt, svo og um þau íslenzku ákvæði, sem nú eru í gildi (skólaárið 1972/73), og loks ákvæði grunnskólafrv. Því miður reyndist ekki unnt að taka með í reikninginn upplýsingar frá Finnlandi, þar sem ekki tókst að

fá þaðan í tæka tíð nægilega örugga vitneskju. Þó virðist ljóst, að vikulegur kennslutími í Finnlandi er með því hæsta, sem gerist á Norðurlöndum, en skólaárið mun hins vegar vera styttra þar en í Danmörku, Noregi og Svíþjóð.

Þegar niðurstöðutölur töflunnar eru bornar saman (þ. e. dálkurinn „Alls í mínútum"), þarf að taka það með í reikninginn, að skólaárið er — og verður samkvæmt 42. gr. þessa frv. — styttra hérlendis en í nágrannalöndunum þremur. T. d. eru starfsdagar dönsku skyldunámsskólanna 203 á yfirstandandi skólaári (1972/73) miðað við fimm daga kennsluviku, en verða 177 hér samkvæmt frv.

Fjöldi og lengd vikulegra kennslustunda á grunnskólastigi í Danmörku, Noregi, Svíþjóð og á Íslandi.

Land	Viðmiðunarlengd kennslust.	Bekkir grunnskóla									Alls í mínútum
		1.	2.	3.	4.	5.	6.	7.	8.	9.	
Danmörk (1971)	50 mín.	15	18	22	25	28	30	30	30	30	11 400
Noregur[1]) (1971)	45 mín.	16	16	19	25	25	28	30	30	30	9 855[2])
Svíþjóð (1969)	40 mín.	20	24	30	34	35	35	35	35	35	11 320
Ísland (1972/73)	40 mín.	21	22	24	31	33	35	38	39	40	11 320
Ísland[3]) (skv. frv.)	40 mín.	22	24	27	32	34	35	37.5	38	37.5	11 480

Skýringar:

1) Barnastigsákvæðin í Noregi eru hér miðuð við fyrirmæli námsskrár um lágmarkstíma. Hámarkstíminn er 3 st./v. hærri í hverjum bekk, frá 1.—6. bekkjar.
2) Sé miðað við hámarkstíma, sbr. 1), verður talan 10665 mínútur.
3) Í 7.—9. bekk er miðað við áætlað meðaltal kennslutíma.

Heimildir:

1. *Danmörk:* Notat om et grundlag for gennemførelse af en reform af de grundlæggende skoleuddannelser.
Folkeskolens læseplansudvalg 1971.
2. *Noregur:* Mønsterplan for grunnskolen.
Midlertidig utgave 1971.
Aschehoug 1971.
3. *Svíþjóð:* Läroplan för grunnskolan.
Allmän del.
Skolöverstyrelsen 1969.
4. *Ísland:* Viðmiðun um skiptingu stundaskrár skyldunámsbekkja skólaárið 1972/73.
Menntamálaráðuneytið, 5. apríl 1972.

2. yfirlit.

Eftirfarandi tafla gefur í meginatriðum vísbendingu um það, hvernig mætti hugsa sér skiptingu þess vikulega kennslutíma, sem tiltekinn er í greininni, milli námssviða 42. gr. Vísbending þessi er hugsuð sem slík, þ. e. aðeins til upplýsingar, en táknar vitaskuld ekki, að teknar hafi verið neinar endanlegar ákvarðanir. Við gerð töflunnar hefur eftir föngum verið tekið tillit til ýmissa draga að áætlunum um námsskrá skyldunámsstigs, sem unnið hefur verið að í skólarannsóknadeild menntamálaráðuneytisins.

Hugsanleg skipting kennslustunda milli námssviða. (Tölurnar tákna vikulegar kennslustundir (st./v.), 40 mínútna langar).

Námssvið	Bekkir grunnskóla									Alls
	1.	2.	3.	4.	5.	6.	7.	8.	9.	
a. Móðurmál	10	10	10	8	7	6	5	5	6	67
b. Stærðfræði	4	4	4	5	5	5	5	5	5	42
c. List og hagleikur	4	5	5	6	6	6	5	4	3	44
d. Samfélagsgreinar	3	3	4	3	3	3	5	5	4	33
e. Kristin fræði			2	2	2	2	1			9
f. Raungreinar				3	4	4	4	4	3	22
g. Erlend tungumál				3	4	6	6	6	4	29
h. Heimilisfræði[1])							1 (—3)	1 (—4)	1 (—5)	3 (—12)
i. Íþróttir[2])	1	2	2	2	3	3	3	3	3	22
j. Valgreinar[3])							2	4—5	7—9	13—16
k. Frjálst							0—1	0—1	0—1	0—3
Vikulegar kennslustundir alls	22	24	27	32	34	35	37—38	37—39	36—39	284—290
Vikulegur kennslutími í mín.	880	960	1080	1280	1360	1400	1480—1520	1480—1560	1440—1560	1136—1160

Skýringar:

1) Gert er ráð fyrir því, að heimilisfræði verði sem skyldunámsgrein kennd í námskeiðs- eða annaformi, og nemi sú kennsla að jafnaði einni vikustund á sérhvern nemanda yfir skólaárið í heild í 7.—9. bekk. Auk þess verði um að ræða viðbótarnám í greininni, 2 st./v. í 7. bekk, 3 st./v. 8. bekk og 4 st./v. í 9. bekk, sbr. tölurnar, sem tilgreindar eru innan sviga. Yrði þetta valnám meðal þess, sem boðið yrði fram undir j-lið, sjá skýringar 3) b. hér að neðan.
2) Sundkennsla er ekki meðtalin í tilgreindum íþróttatímum.
3) Meðal hugsanlegra valgreina í 7.—9. bekk grunnskóla má telja eftirfarandi:
   a. Nýjar greinar, einkum í 8. og 9. bekk:
      Bókfærsla, verzlunarfræði, matvælatækni, véltækni, búfræði, sjómannafræði, leiklist o. fl.
   b. Viðbótarnám í list- og verknámsgreinum í 7.—9. bekk, þ. á m. í tónmennt, myndlist, hannyrðum, tré- og málmsmíði, svo og heimilisfræðum.
   c. Viðbótarnám í öllum bóknámsgreinum og vélritun í 8. og einkum 9. bekk. (Skyldunám í vélritun í 9. bekk, 1 st./v., er í töflunni talið með móðurmálskennslu).

Um lengd kennslustunda þótti eigi rétt að setja önnur mörk en lágmark, er tryggja á sæmilega nýtingu tímans til kennslu, og hámark til að verja nemendur gegn þreytu og tryggja þeim og kennurum nægilega tíðar hvíldir. Gera verður ráð fyrir því, að framvegis fari lengd kennslustunda fyrst og fremst eftir ákvörðun skólastjóra og kennara, og grundvallist slík ákvörðun — innan lögskipaðra marka — aðallega á eðli og rökum þess námsefnis, sem fengizt er við hverju sinni. — Þess skal getið, að meginrökin fyrir því, að ákveðið var að miða meðallengd kennslustunda í grunnskóla við 40 mínútur (en ekki 45 mínútur t. d.), voru annars vegar þau, að talið var að á því skólastigi, sem hér er um að ræða, nýttust fremur stuttar kennslustundir að jafnaði betur en langar, og hins vegar var álitið hagkvæmt, með tilliti til sveigjanleika, t. d. mislangra kennslustunda eftir eðli námsefnis, að um yrði að ræða 20 mínútna grunneiningar, sem yrðu ýmist einar sér, einkum í yngri bekkjum, eða tengdar saman í 40, 60 eða 80 mínútna samfelldar kennslustundir.

Mjög erfitt er að koma við hlutlægri rannsókn á því, hver sé heppilegust lengd frímínútna á hverju aldursstigi, og virðist ekki liggja fyrir nokkur fræðileg niður-

staða um það, hver reglan ætti að vera um þetta efni, enda í hæsta máta ólíklegt, að öllum börnum muni henta bezt hið sama, jafnvel þótt þau séu á svipuðum aldri. Nefndin reyndi af þessum sökum að finna skynsamlega heildarreglu til viðmiðunar, en gerði ráð fyrir, að síðan réðu skólastjórar — innan heildarmarkanna — skiptingu stundahléstímans og lengd einstakra frímínútna í hverjum aldursflokki. Viðmiðunin 15 mínútna stundahlé á móti hverjum 100 mínútum í kennslu jafngildir því, að 9 mínútur komi á hvern kenndan klukkutíma, eða því, að á hverja 40 mínútna kennslustund, sem ekki er síðasta kennslustund skóladags, komi rúmlega 7 mínútna stundahlé. Þess skal getið, að eiginlegt stundahlé, þ. e. hinn raunverulegi tími milli þess, að kennslu lýkur og kennsla hefst, er jafnan nokkru lengri en kennsluhléið er samkvæmt stundatöflu og skólabjöllu, þar sem það tekur auðvitað nokkurn tíma að komast úr kennslustofunni og í hana aftur o. s. frv.

Um 46. gr.

Samkvæmt þessum ákvæðum fækkar leyfisdögum í grunnskóla talsvert frá því, sem nú er, og á þetta einkum við um 1.—6. bekk. Jólaleyfi verður svipað því, sem það er nú í gagnfræða- og framhaldsskólum, en um viku skemmra en í barnaskólum nú. Páskaleyfi styttist um einn dag í 7.—9. bekk, en um þrjá daga í 1.—6. bekk. Hin svonefndu mánaðarleyfi leggjast niður samkvæmt ákvæðum gr., svo og leyfi á öskudag. Um aðra leyfisdaga eru ákvæðin svipuð og núgildandi reglur.

Tilgangurinn með fækkun leyfisdaga er bætt nýting skólaársins. Nefndin taldi, að umrædd fækkun og sú kennsluaukning í 1.—6. bekk, sem felst í 45. gr., ætti ekki að skapa hættu á of miklu vinnuálagi á nemendur. Í því sambandi er vert að benda á þá 15 (eða 10) daga á skólaárinu, sem verja má til annarra þarfa skólans en kennslu og prófa, sbr. 42. gr.

Um 47. gr.

Gera verður ráð fyrir því, að í framtíðinni muni smátt og smátt verða dregið úr hinu hefðbundna bekkjarkennslufyrirkomulagi og í þess stað muni aukast, að bekkjardeildir verði sameinaðar í stærri hópa eða skipt í smærri hópa til kennslu, allt eftir rökum námsefnisins og þroskastigi nemenda, sbr. 2. og 3. mgr. þessarar gr., þar sem slík tilhögun er heimiluð.

Þrátt fyrir umrædda þróun verður að ætla, að hið hefðbundna fyrirkomulag verði enn um sinn allmjög ríkjandi í landinu, og valda þessu m. a. kennsluvenjur og skólahúsnæði. Því þótti eðlilegt að tiltaka hámarksfjölda nemenda í bekkjardeild til að koma í veg fyrir óeðlilega mikinn fjölda. Öll önnur Norðurlandaríki hafa einhver slík ákvæði í fræðslulögum sínum, eða reglugerðum, og miða almennu reglurnar þessu aðlútandi við 24 nemendur lægst (í 8.—10. bekk í Danmörku), en 32 hæst (í öllum bekkjum grunnskóla í Finnlandi). Í Noregi er miðað við, að „eigi skuli vera fleiri en 30 nemendur í einni bekkjardeild", sbr. 1. tölulið 5. gr. norsku grunnskólalaganna frá 13. júní 1969. Grunnskólanefnd ákvað að miða við það, að eftir að frá hefðu verið taldir sérbekkir fyrir nemendur, sem ekki stunda nám í almennum bekkjum (deildum) grunnskóla, skyldi meðaltal nemenda í bekkjardeildum hvers grunnskóla að jafnaði ekki fara yfir 28, né nemendafjöldi í einstakri bekkjardeild að jafnaði yfir 30.

Vert er að geta þess, að nefndin taldi útilokað að miða hér við lægri tölur. Annars vegar verða dæmigerðar bekkjarstærðir jafnan nokkru lægri í reynd en slíkar hámarksreglur tiltaka, enda eru meðalstærðir bekkjardeilda sennilega hvergi í heiminum minni en á Norðurlöndum, einkum í Danmörku og Svíþjóð. Hins vegar benda erlendar rannsóknir til þess, að mjög óvíst sé, hvort eins náið samband sé á milli bekkjarstærðar og námsárangurs og ýmsir aðilar hafa talið. Allmargar rannsóknir benda raunar til þess, að hér sé um sáralítið samband að ræða, a. m. k. innan þeirra stærðarmarka, sem hefðbundnar bekkjardeildir norrænna grunnskóla venjulega falla í (sjá t. d. Marklund, Sixten: Skolklassens storlek och struktur. Studier rörande elevernas kunskaper i relation till klassens storlek och homogenitet. Stockholm:

Almqvist & Wiksell, 1962). Jafnvel þótt þetta atriði hafi enn ekki verið fullrannsakað í íslenzku umhverfi, virðist vel mega draga þá ályktun af hinum erlendu rannsóknarniðurstöðum, að sú dýra skipulagsaðgerð að minnka meðalfjölda nemenda í bekkjardeildum grunnskóla í íslenzku þéttbýli um t. d. 2—3 nemendur frá því, sem nú er, sé sýnu ólíklegri til að bæta kennslu og námsárangur að marki en t. a. m. skipting bekkjardeilda í tvo hópa, þegar vissir námsþættir eru kenndir. Slíkar skiptireglur telur nefndin mjög brýnt að athuga í sambandi við gerð nýrrar aðalnámsskrár, og er 2. mgr. ætlað að tryggja menntamálaráðuneytinu möguleika til að heimila skólum slíkt, sbr. einnig síðustu mgr. 79. gr. Er ekki ólíklegt, að þetta atriði verði talið koma að einhverju marki til greina í öllum bekkjum grunnskóla, en sennilega mest í 1.—2. bekk og 8.—9. bekk.

Þá skal það að lokum nefnt, að meginrökin fyrir því að nefndin taldi þó rétt að fara ekki hærra en í hámarkstölur gr., þ. e. 28 og 30, voru annars vegar þau, að slík regla ætti að geta dregið úr misrétti milli kennara varðandi starfsaðstæður, og svo hitt, að með því að æskilegt er talið að draga úr röðun nemenda í bekkjardeildir eftir námsárangri eða mati á námsgetu, sbr. 43. gr., verður jafnframt að viðurkenna, að slík kennsla með mjög breytilegri námsgetu innan sömu bekkjardeildar hlýtur að verða afar örðug í mjög stórum deildum.

Um 48. gr.

Gera verður ráð fyrir því, að á einstökum stöðum í strjálbýli verði áfram við lýði litlir skólar, þar sem tveimur eða jafnvel fleiri aldursárgöngum nemenda 1.—6. bekkjar verði kennt saman. Einkum mun slík tilhögun að líkindum verða höfð á kennslu 7—10 ára barna eða þ. u. b. Af augljósum ástæðum verður kennsla í slíkum tilvikum erfiðari en ella, og taldi nefndin því rétt að kveða á um hámarksfjölda nemenda í bekkjardeild í umræddum skólum.

Samkvæmt ákvæðum greinarinnar verður kennsla fjögurra aldursárganga saman aðeins heimil í því undantekningartilviki, að 12 eða færri börn í 1.—4. bekk séu saman í skóla. Að öðru leyti er við það miðað, að hámarksfjöldi nemenda sé 17, ef þrír aldursflokkar eru saman, en 22, ef tveir aldursflokkar eru saman. Eru þessar reglur svipaðar t. d. norsku ákvæðunum, en í grunnskólalögunum norsku segir (sbr. 2. tölulið 5. gr. þeirra), að í engu tilviki skuli nemendafjöldi vera meiri en „12, þegar fjórir aldursflokkar eða fleiri eru í deildinni, 18, þegar þrír aldursflokkar eru í deildinni, og 24, þegar tveir aldursflokkar eru í deildinni".

Loks segir í greininni, að fræðslustjóri geti aukið, þegar sérstaklega stendur á, tilgreindan nemendafjölda um allt að fjóra nemendur í bekkjardeild, enda komi þá tilsvarandi aukið kennslumagn skólanum til góða.

Um 49. gr.

Fyrri mgr. greinarinnar fjallar um það, að í 7.—9. bekk grunnskóla skuli deildir eigi vera færri en aldursflokkar þeir, sem skólann sækja. Þegar komið er upp í 7. bekk, er námsefnið orðið með þeim hætti í flestum greinum, að mjög óheppilegt verður að telja, að tveimur aldursárgöngum sé kennt saman að staðaldri. Af þessum sökum þótti þetta nauðsynlegt ákvæði.

Síðari mgr. setur það lágmark, að meðalfjöldi nemenda í deild megi ekki vera minni en 15, til þess að 8.—9. bekk grunnskóla verði haldið uppi í skólahverfi. Þetta atriði er hliðstætt ákvæði í lögum nr. 48/1946, um gagnfræðanám, en þar segir í upphafi 59. gr.: „Eigi skal starfrækja miðskóla né gagnfræðaskóla með færri nemendum en svo, að 15 nemendur séu í ársdeild að jafnaði." Reglu þessari hefur þó ekki verið stranglega framfylgt, enda er raunar viss undanþáguheimild veitt í framhaldi sömu lagagreinar.

Rökin fyrir því, að nefndin ákvað að halda fastri lágmarkstölu, 15 nemendum, varðandi starfrækslu 8.—9. bekkjar grunnskóla, en setja ekki ákvæði um slíkt viðvíkjandi 7. bekk, voru fyrst og fremst þau, sem hér greinir:

a) Mörg fámenn skólahverfi, þ. á m. kauptún, sækja það mjög fast að fá að halda nemendum heima fram yfir 6. bekk grunnskóla, jafnvel þótt nemendafjöldi í ársdeild sé innan við 15 manns að jafnaði. Þótti rétt að koma til móts við þessar óskir, að því er 7. bekk varðar, enda virðist það oft vera heppilegt fyrirkomulag í dreifbýli, að skóli tiltölulega fámenns byggðarlags sameinist ekki öðrum grunnskóla fyrr en að loknu fermingarári nemenda, sem samsvarar 7. bekk.
b) Nefndin leggur mjög ríka áherzlu á það, að í efstu bekkjum grunnskóla skapist möguleikar á námsaðgreiningu og valfrelsi um ýmsar námsgreinar, verklegar sem bóklegar, sbr. 43. gr. Verður að líta á 15 nemenda meðalfjölda í bekk (ársdeild) sem algert lágmark, eigi nokkuð að vera unnt að framfylgja þessari meginstefnu í 8.—9. bekk grunnskóla.

Um 50. gr.

Grein þessi ákveður það sem aðalreglu, að skólaskylda barns hefjist við byrjun skólaárs á því almanaksári, sem það verður sjö ára, og er þetta óbreytt frá núgildandi reglum. Hitt er nýmæli, að greinin tiltekur að börn, sem verða sex ára gömul á fyrri hluta árs, geti hafið grunnskólanám það ár, og að barn, sem verður sjö ára á seinni hluta árs, geti frestað námi um ár, hvort tveggja að því tilskildu, að forráðamenn barnsins sæki um eða samþykki slíkt og sálfræðiþjónusta skólans mæli með því. Jafnframt gerir greinin ráð fyrir því, að heimilt verði í undantekningartilvikum að barn, sem nær sex ára aldri á síðari hluta almanaksárs, hefji grunnskólanám það ár, enda er þess þá krafizt, að sálfræðiþjónusta skólans og skólalæknir mæli með slíku hvor fyrir sitt leyti.

Umrædd heimildarákvæði um flýtingu og seinkun nemenda eru sett til þess að auðvelda það, að grunnskóli geti betur en ella komið til móts við mismunandi aldursþroska og námshæfileika nemenda.

Um 51. gr.

Grein þessi er í samræmi við 2. gr. frv. og þá almennu stefnu, að hvert barn fái kennslu í samræmi við þroska sinn og hæfileika.

2. Fjölda aldursárganga, er sækja skólann, sem getur verið misjafnt eftir aðstæðum.
3. Kennslumagni á hvern bekk í samræmi við þau ákvæði frumvarpsins, er að því lúta.
4. Samkennslu aldursárganga, þar sem þeir eru fámennir, innan þeirra marka, sem frumvarpið setur, og jafnframt miðað við, að samkennsla verði að jafnaði ekki í 5. bekk eða ofar í grunnskóla.
5. Viðbót við kennslumagn, sbr. tölulið 3, vegna verklegrar kennslu, allt að 3 stundir til jafnaðar á 3.—9. bekk grunnskóla, þar sem árgangar eru svo stórir, að skipting þeirra við þessa kennslu, umfram bekkjarskiptingu, er nauðsynleg.
6. Til viðbótar kennslustundum samkvæmt tölulið 3 og 5, er gert ráð fyrir hjálpar- og stuðningskennslu, er nemur 4 stundum á viku á hverja fullskipaða bekkjardeild, en er að öðru leyti breytileg eftir nemendafjölda, bekkjarstærð og því, hvort um samkennslu árganga er að ræða eða ekki.
7. Gert er ráð fyrir, að með valgreinakennslu á 8. og 9. námsári, verði nemendur, er sitja hverja kennslustund, að jafnaði nokkru færri en í almennri bekkjarkennslu.

Þegar tekið er tillit til framangreindra atriða, ræður fjöldi aldursárganga, er sækja skóla, mestu um kennslustundaþörfina. Sá fjöldi getur verið misjafn eftir aðstæðum, en ræðst í höfuðatriðum af fjölda í aldursárgangi og möguleikum til samvinnu við aðra um efri bekki skólans, sem háð er staðháttum, fjarlægðum og vegasambandi á hverjum stað. Einkum er miðað við þessar tegundir skóla:

a) Skóla fyrir 1. og 2. aldursárgang sem útibú frá aðalskóla.
b) Skóla fyrir 1.—4. aldursárgang, þar sem unnt er að aka daglega 5—11 nemendum til jafnaðar úr hverjum aldursárgangi, í undantekningartilfellum færri.
c) Skóla fyrir 1.—7. aldursárgang, þar sem unnt er að ná saman með akstri og/eða heimavist (einkum fyrir nemendur á 5.—7. námsári) um 10 nemendum í aldurs-

árgangi eða fleiri, í undantekningartilfellum færri. Skóli af þessari tegund gæti einnig verið þunnskipaðri í neðri bekkjum eða hliðstætt við staflið b).

d) Skóla fyrir 1.—9. árgang, þar sem miðað er fyrst og fremst við það, að á 8. og 9. námsári sé unnt að skipta hvorum aldursárgangi í bekkjardeildir með tilliti til þeirrar námsaðgreiningar, sem gert er ráð fyrir að verði á þessum námsáfanga grunnskólans. Þar sem víða, m. a. í minni kaupstöðum, verður ekki hægt að uppfylla þessi skilyrði, er gert ráð fyrir námsaðgreiningu með þeim hætti, að hluti námsefnisins verði sameiginlegur kjarni fyrir alla, í öðrum hluta námsefnis verði árgangi skipt í bekkjardeildir og í þriðja hluta, einkum í valgreinum, verði bekkjarskipan leyst upp og kennsla verði sameiginleg fyrir stærri eða smærri hópa úr báðum aldursárgöngum. Skóli af þessari tegund gæti einnig verið þunnskipaðri í neðri bekkjunum eða hliðstætt við stafliði b) og c).

Ljóst má vera, að skólaskipan sem þessi getur leitt til fjölmargra tilbrigða, allt eftir stærð og öðrum aðstæðum þeirra sveitarfélaga, sem í hlut eiga. Eins kunna aðstæður að vera þannig, að skólaskipan utan þessa ramma sé nauðsynleg. Almenn viðmiðunarregla eins og ákvæði um hámarksstundafjölda, getur ekki náð til slíkra undantekninga, og verða þær því að metast hverju sinni.

Ákvæði stafliða a—d í þessari grein eru við það miðuð, að þau veiti framangreindum tegundum skóla nægilegt kennslumagn, þegar nemendafjöldinn er jafn, eða meiri en sá lágmarksfjöldi, sem eðlilegt virðist að miða við, og unnt á að vera að ná með því samstarfi sveitarfélaga, sem farið hefur vaxandi að undanförnu. Hjá því verður þó ekki komizt, að sum skólahverfi munu ekki ná þeim stærðum, sem við er miðað, einkum þar sem byggð er dreifðust, eða í smáum kauptúnum, sem þó hafa þann nemendafjölda, að annað en að ætla þeim skóla fyrir allt að 7 aldursárganga væri óréttlætanlegt með tilliti til félagslegra aðstæðna, svo og óhagkvæmt, þar sem ella yrði heimavist að koma í stað heimangöngu. Gagnvart slíkum aðstæðum verður að beita undanþáguheimild næstsíðustu málsgreinar.

Í fjölmennari skólahverfum, með allt að fjórskiptum aldursárgöngum er fjöldi bekkjardeilda áætlaður og þá miðað við, að fjöldi bekkjardeilda væri innan þeirra marka, sem sett eru í 47. grein frumvarpsins. Er þá og tekið tillit til þeirrar óhagkvæmni, sem verður í skólahverfum þessum, þegar aldursárgangar ná þeirri stærð, að bæta verður við bekkjardeild.

Í stærstu skólahverfunum, þar sem margir skólar eru fyrir hvert aldursstig, gætir þessara áhrifa hins vegar í litlum mæli, og er þar miðað við, að til jafnaðar séu 24—25 nemendur í hverri deild, þegar með eru taldar hjálpardeildir. Sá fjöldi í deild er óbreyttur frá því sem nú er í skólum þessum. Þrátt fyrir, að heyrzt hafa raddir í þá átt, að lækka beri þessa tölu, taldi nefndin ekki rétt að gera það. Ekki hafa verið gerðar hér á landi athuganir á því, hvort árangur kennslu sé til muna betri í fámennum deildum en fjölmennum, (innan þeirra marka, sem hér um ræðir, þ. e. 20—30 nemendur), en erlendar athuganir, m. a. í hinum Norðurlandaríkjunum og í Englandi, hafa ekki getað leitt slíkan mun í ljós, þegar beitt er sambærilegum kennsluaðferðum.

Breyting í þá átt, að lækka meðaltal nemenda í deild, hefur mjög mikil áhrif á kennslulaunakostnað og húsnæðisþörf, eða um 4—5% til hækkunar fyrir lækkun meðaltals í deildum um einn nemanda. Í þeim skólahverfum, sem hér skipta máli, myndi launakostnaður því vaxa um ca. 20 millj. kr. á ári fyrir lækkun meðaltals um einn nemanda, auk þess sem það myndi auka á húsnæðisvanda, þar sem skólar eru þegar margsetnir.

Í ljósi framangreindra atriða og þess, að fjölmörg nauðsynleg, en kostnaðarsöm verkefni í skólamálum bíða úrlausnar, taldi nefndin rétt, að þau hefðu forgang umfram lækkun meðalfjölda í bekkjardeildum.

Í stafliðum a—d í þessari grein er miðað við, að kennslumagn á hvern nemanda sé svo sem hámark 45. gr. gerir ráð fyrir, eða um 32.22 stundir að meðaltali

á bekkjardeild. Þar sem skólar víkja frá því meðaltali, t. d. skóli sem eingöngu hefur 1.—4. árgang, eða skóli, sem hefur eingöngu eldri deildir, breytist stundafjöldinn til lækkunar eða hækkunar í hlutfalli við það frávik. Næst á þann hátt jöfnuður milli skóla með ólíka bekkjarskipan.

Þegar reiknað er út meðaltal kennslutíma á nemanda í bekkjardeildum skóla í því skyni að finna það frávik, sem um er rætt í síðustu málsgrein, skal einungis telja kennslustundir í þeim greinum, sem námsskrá kveður á um, og ekki fleiri en heimilaðar eru skv. 45. gr. laganna. Sé í skólahverfi haldið uppi kennslu umfram það, er ríkissjóði ekki skylt að greiða þá kennslu. Auk kennslustunda má þó í þessu sambandi telja sem venjulega kennslustund allt að eina stund á hverja 30 nemendur í 5.—9. bekk grunnskóla, sem varið er til hópnáms í bókasafni. Er þá miðað við, að hér sé ekki einfaldlega um yfirsetu í lesstofu að ræða, sem greiðist af fjárveitingu samkvæmt 80. gr., heldur raunverulegt verkefni fyrir kennara, er sé nemendum til leiðbeiningar og aðstoðar og skipuleggi starf þetta sem lið í kennslunni.

Þá er og heimilt að lengja vikulegan kennslutíma um allt að 15% fyrir þá nemendur, sem eru í víxlkennslu (skiptikennslu), þ. e. fyrst og fremst í heimavistarskólum, þar sem á skiptist dvöl í skóla og á heimili, og fær skólinn þá aukið kennslumagn í samræmi við það. Hins vegar er sú breyting gerð frá gildandi skólakostnaðarlögum, að ekki er heimilað aukið álag á nemendur á þeirri forsendu, að árlegur starfstími skólans sé skemmri en 9 mánuðir, sbr. 42. gr.

Gert er ráð fyrir, að fullskipuðum bekkjardeildum sé skipt í tvennt í kennslu verklegra greina í samtals 21 stund á viku í 3.—9. bekk grunnskóla, sem veldur því, að 2.33 stundir til jafnaðar á hvern hinna 9. bekkja grunnskólans bætast við þann kennslutíma, sem ákveðinn er í 45. grein. Er ætlað fyrir þessari viðbót í hámarksstundafjölda þeim, sem tiltekinn er í stafliðum a—d þessarar greinar. Sé nauðsynlegt, að skipta bekkjum meir en hér greinir, vegna sérstakra aðstæðna eða í samræmi við ákvæði 47. greinar, 2. málsgreinar, bætist sá stundafjöldi, sem af því leiðir, við hámarksstundafjöldann.

Auk þeirra kennslustunda, sem fjallað hefur verið um, greiðir ríkissjóður kennslulaun fyrir sundkennslu, sem ekki er talin með í kennslutíma skv. 45. gr., sjúkrakennslu, sem skipulögð er af viðkomandi skólahverfi, og forfallakennslu, og er það í engu breyting frá núgildandi ákvæðum.

Ákvæði næstsíðustu málsgreinar um frávik frá hámarksákvæðum hafa þegar verið skýrð. Athygli skal þó vakin á því, að í skólakostnaðarlögum er um heimild að ræða, en hér um skyldu í þeim tilfellum, að samþykkt hafi verið af menntamálaráðuneytinu skólaskipan og kennslufyrirkomulag, sem ekki gerir kleift að halda uppi fullri kennslu samkvæmt námsskrá innan hámarksákvæðanna.

Í síðustu málsgrein er ákvæði, sem heimilar skólastjórum að ráðstafa eftir eigin mati til kennslu eða annarra þarfa skólans, ¾ hlutum þess stundafjölda, sem á kann að vanta að fullnotaður sé hámarksstundafjöldinn, en þó mest 1% af honum. Er ákvæði þetta hugsað sem örvun til skólastjóra til alúðar og ráðdeildar við skipulagningu skólastarfs.

Í lok umsagnar um 80. gr. verður með nokkrum dæmum gerð nánari grein fyrir útreikningi stundafjölda.

Um 80. gr.

Í þessari grein er fjallað um þann launakostnað, sem ríkissjóður greiðir fyrir reglubundin störf í grunnskóla, önnur en kennslu. Er þar um að ræða stjórnun, störf við bókasöfn og kennslutæki, svo og störf að félagslífi nemenda.

Í skólakostnaðarlögunum er gert ráð fyrir þessum störfum innan kvótans fyrir reiknaðar stundir.

Hér er þessum störfum haldið utan kennslustundakvótans og til þeirra ætlaður ákveðinn stundafjöldi, er miðast við hámark kennslustundafjöldans eða við fjölda nemenda.

Þessi stundafjöldi kemur til greiðslu úr ríkissjóði á tvennan hátt. Annars vegar sem lækkun kennsluskyldu skólastjóra og aðstoðarskólastjóra vegna stjórnunarstarfa og leggst þá reikningslega að jöfnu klukkustund samkvæmt kvótanum og kennslustund til lækkunar kennsluskyldu, án þess þó, að þar með sé nokkuð sagt um mat á þeim starfstíma, sem koma skal í stað kennslustundar, ef ekki er um kennslu að ræða. Hins vegar greiðir ríkissjóður til sveitarfélaga allt að þeirri fjárhæð, sem fæst með því að margfalda kvótana (stjórnun að frádreginni lækkun kennsluskyldu) með dagvinnutímakaupi í meðallaunaflokki kennara á grunnskólastigi. Sveitarfélögum eða skólum er þá heimilt, að ráðstafa þeirri fjárhæð til hinna tilgreindu starfa með því starfsfyrirkomulagi og þeim starfskröftum, sem bezt verður talið á hverjum stað. Skólastjóri og sveitarstjórnir gera grein fyrir ráðstöfun fjárins í sinni árlegu fjárhagsáætlun og þarf hún að hljóta samþykki ráðuneytisins, enda sé hún í samræmi við reglugerð, sem setja skal um störf samkvæmt þessari grein. Með þessum hætti ætti að skapast meiri sveigjanleiki í framkvæmdum og verða auðveldara að tengja þessi störf innan skólans skyldri starfsemi, sem e. t. v. er rekin á viðkomandi stað. Ekki er gert ráð fyrir, að störfin séu ætíð í höndum starfsmanna skólans, þ. e. fyrst og fremst kennara, heldur er einnig unnt að fela aðilum utan skólans að annast þau eða hluta þeirra, t. d. almenningsbókasöfnum bókasafnsstörfin og félagsstörfin þeim aðila, sem annast almenna æskulýðsstarfsemi í bæjar- eða sveitarfélaginu, ef einhver er.

Sú vinna, sem ætluð er til stjórnunar, er að mestu miðuð við núverandi ástand. Lækkun kennsluskyldu skólastjóra er nú 5.2% af reiknuðum stundum allt að 400 stundum á mánuði, en 1.5% eftir það. Auk þess hafa flestir stærri skólar yfirkennara með hálfa kennsluskyldu og greiða laun fyrir skrifstofustörf.

Hér er gert ráð fyrir stighækkandi stundakvóta, sem skóli hafi til ráðstöfunar til skrifstofustarfa, þegar frá hefur verið dregin lækkun kennsluskyldu skólastjóra og aðstoðarskólastjóra, en hann má ráða þegar fjöldi kennara er 10 eða fleiri. Eðlilegt virðist, að það sé nokkuð á valdi skólans, hve miklum hluta kvótans verður varið til lækkunar á kennsluskyldu og hve miklu til skrifstofustarfa, en setja þarf í reglugerð ákvæði um hámark og lágmark í þeim efnum og önnur atriði, er framkvæmd þessara starfa snerta.

Þær fjárhæðir, sem frv. ætlar til starfa við bókasöfn og félagsstörf, fela í sér miklar breytingar frá því sem er. Hvað störf við bókasöfn varðar, er nú ekki í lögum tilgreind sérstök skuldbinding ríkissjóðs, en skólum er heimilt að nota hluta reiknaðra stunda í því skyni, ef slíkt rúmast innan kvótans, og hefur það verið gert, þó í mismiklum mæli sé. Hér er skólunum hins vegar tryggt fjármagn til þeirra starfa, óháð því, hvort þeir fullnota kennslumagnskvótann eða ekki.

Fjárhæð til greiðslu á störfum við bókasafn er miðuð við kennslumagnskvótann og fá því hinir smærri skólar að þessu leyti fjárhæð á nemanda umfram stærri skóla í sama hlutfalli og kennslumagn.

Sú fjárhæð, sem hér er um fjallað, nær eingöngu til daglegra starfa við bókasafn, svo sem útlána, skráningar, eftirlits í lesstofum o. s. frv. Annar þáttur bókasafnsstarfa, sem er leiðbeining um notkun bókasafns við nám, sbr. umsögn um 79. gr., og hinn þriðji, þ. e. sérfræðileg þjónusta vegna skipulagningar bókasafna, er eðlilegt, að verði unnin af eða á vegum hlutaðeigandi fræðsluskrifstofu og fjárframlög til þeirra starfa innifalin í framlögum til þeirra.

Fjárhæð til félagsstarfa er aftur á móti miðuð við nemendafjölda og er mismunandi eftir stærð skóla. Ræður því sú skoðun nefndarinnar, að sérstök þörf sé á slíkri starfsemi í hinum smærri skólum úti um land, þar sem nemendur eru í heimavistum og aðild heimilanna í uppeldinu hlýtur því að vera takmörkuð, einnig þar sem nemendur eru í heimanakstri og félagsleg þátttaka þeirra takmörkuð og loks þar sem um heimangöngu nemenda er að ræða, einkum í kauptúnum, þar sem „sjoppan“ er tíðast eina athvarf nemenda til samveru, er æskilegt að skólinn geti orðið það í ríkara mæli.

Þar sem hér er um allverulegar fjárhæðir að ræða, er nauðsyn að sett verði í reglugerð ákvæði, er tryggi sem bezt nýtingu þessara fjármuna. Án þess er hætta á, að litið verði á þetta sem dulbúnar launahækkanir til kennara og ekki náist þau starfsmarkmið, sem í frumvarpinu eru sett. Þá þarf og í hinni árlegu starfsáætlun skólans að gera grein fyrir fyrirhugaðri starfsemi á þessu sviði á þann hátt, að hlutlægu mati verði við komið, og sé hún ekki fullnægjandi, falla þessar greiðslur að sjálfsögðu niður.

Þá skal og reglugerðin kveða á um, hvenær ákvæði þessi skuli koma til fullra framkvæmda, sem er eðlilegt, þar sem aðstæður í skólum og undirbúningur starfsliðs skóla eru ekki allsstaðar þannig, að búast megi strax við fullum árangri af þessum störfum. Skólabókasöfn eru víðast af skornum skammti og reynsla kennara í notkun þeirra við kennslu því lítil. Annars staðar í frumvarpi þessu er gert ráð fyrir því, að uppbyggingu skólabókasafna verði dreift á 10 ára tímabil og virðist eðlilegt, að miða fulla framkvæmd d) liðar þessarar greinar við sama tíma.

Svipað má segja um félagsstörf. Þar skortir mjög á um aðstöðu í skólunum, undirbúning leiðbeinenda og verkefni, sem hæfa. Á því sviði þarf að gera átak og rétt að full framkvæmd c) liðar miðist við það, hversu hratt vinnst á þeim vettvangi.

Önnur ákvæði þessarar greinar þarfnast ekki skýringa og fer hér á eftir yfirlit yfir þá vinnu, sem skólum af ýmsum stærðum er ætluð samkvæmt frumvarpi þessu og samanburður við hliðstæð ákvæði gildandi skólakostnaðarlaga.

Í útreikningi stundafjölda skv. ákvæðum frumvarpsins er miðað við kennslumagn á deild í samræmi við 45. grein frumvarpsins og þá aldursárganga, sem lagðir eru til grundvallar í hverjum stærðarflokki. Er hér miðað við eftirfarandi meðaltal á deild:

1.—4. ár	27	st.
1.—6. ár	30	—
1.—7. ár	30.3	—
1.—9. ár	32.2	—

Þá er skipting stunda til stjórnunar áætluð þannig, að lækkun kennsluskyldu skólastjóra er höfð sem næst því sem nú er, og lækkun kennsluskyldu aðstoðarskólastjóra, eftir að þeir koma til greina, er miðuð við um helming þess stundafjölda, sem til ráðstöfunar er, umfram lækkun kennsluskyldu skólastjóra, en þó mest sem svarar til hálfrar kennsluskyldu. Aðrar forsendur útreikninga liggja ljóst fyrir.

Samanburður við gildandi skólakostnaðarlög er nokkrum annmörkum háður. Þar verður m. a. að taka til greina breytingu á kennslutíma, sem er mjög misjafn eftir aldri nemenda, og deildaskipan skólans. Gengið er út frá, að kennslustundafjöldi, sem ákvæði skólakostnaðarlaga miðast við, sé annars vegar miðaður við „Námsskrá fyrir nemendur á fræðsluskyldualdri“ frá 16. sept. 1960, svo langt sem hún nær, og hins vegar við þann kennslutíma, sem var í skólum um það leyti, sem lögin tóku gildi. Á það einkum við gagnfræðastigið, en þar ná ákvæði námsskrár einungis til 1. og 2. bekkjar og eru þess utan óljós að því er tímafjölda varðar. Hér er miðað við það, að að baki hámarksákvæða skólakostnaðarlaganna liggi þessi kennslutími:

Í barnaskólum 1.—6. ár, 26 stundir á deild á viku og er þá miðað við lágmark námsskrár, í gagnfræðastigsskólum 7. ár, 36 stundir (40 mín., er svara til 32 st., 45 mín.), sem er nærri lágmarksákvæðum námsskrár, í gagnfræðastigsskólum með 3 eða fleiri aldursárganga, 38 stundir, sem er miðað við meðalkennslu í gagnfræðaskólum í Reykjavík skólaárið 1968—69.

Fjöldi reiknaðra stunda samkvæmt skólakostnaðarlögunum er síðan hækkaður hlutfallslega við þá vikulegu kennslutíma, sem frumvarpið gerir ráð fyrir og samanburðurinn á því að gefa nokkuð góða mynd af fyrirhugaðri starfsaukningu þegar sami kennslutími er í bæði skipti lagður til grundvallar.

Aukningin er tvíþætt. Annars vegar er um að ræða rýmri stundakvóta til þess að anna sömu kennslu, þ. e. minnka samkennslu og auka deildaskiptingu, sem einkum kemur fram í smærri skólum, og hins vegar aukið starfsmagn til annarra starfa en kennslu og er sú aukning einnig hlutfallslega mest í smáum skólahverfum, þar sem slíkir möguleikar voru vart fyrir hendi. Í stóru skólahverfunum á ekki að vera um að ræða aukningu af fyrrnefndu ástæðunum, þar sem þar er ekki gert ráð fyrir breytingum á deildaskipan, en hækkun á að öllu leyti að stafa af viðbót til starfa við bókasöfn og félagsmál.

Í tveimur stærstu flokkunum kemur þessi starfsaukning þó ekki fram sem skyldi. Ástæðan er sú, að í skólahverfum þessum er nú hluta af reiknuðum stundum varið til starfa, svo sem starfa á fræðsluskrifstofu, námseftirlits og leiðbeininga, sjúkrakennslu o. fl., sem samkvæmt frumvarpinu á ekki að greiða af þeim stundafjölda, sem í töflunum er fjallað um. Samkvæmt áætlun fyrir skólana í Reykjavík fyrir yfirstandandi skólaár er gert ráð fyrir því, að u. þ. b. 4% reiknaðra stunda fari til þessara nota. Þegar það er tekið til greina, er breytingin í þessum skólahverfum um 3—7% til hækkunar, miðað við sama kennslumagn.

Störf á viku samkvæmt 79. og 80. gr.

Nem. í skólahverfi	Árg. í skóla	Fjöldi deilda	Hámark st. fj. skv. 79. grein.	Stjórnun Lækkun kennslu skyldu	Fjárhæð	Bókasafn kr.	Félagsst. kr.
20	1.—4.	2	50	4	210	630	1 205
25	1.—4.	2	59	4	210	743	1 244
40	1.—4.	2—3	84	4	439	1 058	1 361
40	1.—6.	3—4	93	4	527	1 134	1 361
60	1.—7.	5	132	6	680	1 663	1 516
100	1.—7.	7	207	10	943	2 608	1 827
150	1.—7.	7	282	14	1 205	3 553	2 216
200	1.—7.	8—10	357	17	1 678	4 498	2 604
200	1.—9.	9	380	20+ 3	756	4 788	2 604
250	1.—7.	14	433	21+ 5	905	5 456	2 993
250	1.—9.	11—13	460	22+ 5	1 092	5 796	2 993
350	1.—9.	18	620	24+ 7	1 562	7 812	3 770
500	1.—9.	18	830	27+13	2 407	10 458	4 935
700	1.—9.	27	1 110	46+14	1 852	16 317	6 468
1000	1.—9.	36—40	1 530	53+26	3 330	22 491	9 240
2000	1.—9.	ca. 80	2 930	106+52	4 969	43 071	18 480
15000	1.—9.	ca. 600	21 130	660+378	57 132	310 611	138 600

Samanburður.

Nem. í skólahv.	Reikn.[1]) st. skv. l. 49/1967	Reikn.[2]) st. skv. frumvarpi
20	38	62
25	45	71
40[3])	69	98
40[3])	89	108
60	134	152
100	207	236
150	288	321
200[4])	363	407
200[4])	396	433
250[4])	430	493
250[4])	476	524
350	610	700
500	843	936
700	1 136	1 261
1000	1 619	1 739
2000	3 238	3 334[5])
15000	24 261	24 043[5])

1) Hækkað með tilliti til lengingar á vikulegum kennslutíma.
2) Fjárhæðir umreiknaðar í stundir miðað við stundakennaralaun.
3) Annars vegar í skóla með 1.—4. aldursárgang og hins vegar í skóla með 1.—6. aldursárgang.
4) Annars vegar í skóla með 1.—7. aldursárgang og hins vegar í skóla með 1.—9. aldursárgang.
5) Þessar tölur eru ekki fyllilega sambærilegar við aðrar, þar sem hluta af reiknuðum stundum í skólahverfum af þessari stærð var ráðstafað til verkefna, sem ekki eru talin með í kvóta samkv. frumvarpinu, en greiðist á annan hátt úr ríkissjóði, t. d. framlag til fræðsluskrifstofu, námsstjórn, sjúkrakennsla o. fl. Hækkun ætti því að vera ca. 4% meiri en taflan sýnir, þegar það er tekið til greina.

Um 81. gr.

Efnislega eru ákvæði þessarar greinar óbreytt tekin úr skólakostnaðarlögum, að því undanskildu, að farið er með laun vegna gæzlu og mötuneytis nemenda, sem eru í heimanakstri, á sama hátt og um heimavistir væri að ræða. Er það til samræmis við það, sem þegar er fyrir hendi og nauðsynlegt hefur verið að framkvæma.

Um 82. gr.

Efnislega er hér ákvæðið um skólabókasöfn nýjung, sem ekki þarfnast frekari skýringa, og ákvæði um aksturskostnað eru hér nákvæmari en í skólakostnaðarlögunum og í samræmi við reglugerð samkvæmt þeim, nr. 26 frá 28. janúar 1971.

Um 83. gr.

Efnislega óbreytt frá gildandi ákvæðum.

Um 84. gr.

Hér er m. a. átt við skóla fyrir nemendur, sem búa við sérlega erfiðar heimilisástæður, sækja illa skóla eða eiga örðugt með reglulegt grunnskólanám af öðrum skyldum sökum. Sérskólar af þessu tagi, sem að jafnaði yrðu heimavistarskólar, teljast til hins almenna grunnskóla, og yrði eftir föngum stefnt að því, að nám í þeim gæti verið tímabundin ráðstöfun.

Hér er um að ræða nánari útfærslu á efnislega sama ákvæði skólakostnaðarlaga og í samræmi við reglugerð nr. 26/1971. Orðið gæzla er hér notað yfir þá umsjón með nemendum, sem eru í skólum af þessu tagi, og nauðsynleg er umfram þá vörzlu, sem almennt er, vegna nemenda í heimavist og greidd er samkvæmt þar að lútandi samningi.

Um 85. gr.

Í grein þessari er það nýmæli, að starfsáætlun skólans skuli miða við tímabilið 1. júlí til 30. júní. Er það tímabil að vísu hvorki í samræmi við reikningsár skólanna né fjárlagaár, en ekki þarf það að valda örðugleikum. Þetta tímabil er hins vegar hentugra með tilliti til þess, að hvert skólaár um sig er hið eðlilega skipulagningar- og áætlunartímabil og einnig vegna þess, að gert er ráð fyrir í frv., að greiðsluháttum verði breytt í það horf, að hlutdeild ríkissjóðs í rekstri skóla verði að mestu greidd mánaðarlega samkvæmt fyrirfram gerðri áætlun, en endanlegt uppgjör framkvæmt árlega.

Þá er og það nýmæli, að áætlanir úr hverju fræðsluumdæmi fara um hendur fræðslustjóra sem gerir heildaráætlun fyrir svæðið og sendir menntamálaráðuneytinu.

Um 86. gr.

Í grein þessari er kveðið á um greiðslumáta og greiðslutíma þess kostnaðar, sem í hlut ríkissjóðs kemur. Nýmæli er það, að hluti ríkissjóðs í rekstrarkostnaði skuli inntur af hendi mánaðarlega samkvæmt áætlun, sem gera skal í upphafi skólaárs og ná þá ákvæði um mánaðarlega endurgreiðslu, ef þetta verður samþykkt, til alls rekstrarkostnaðar, í stað þess að nú eru eingöngu kennslulaun og laun vegna mötuneytis og heimavista greidd með þeim hætti. Um fyrra atriðið, þ. e. greiðslur samkvæmt áætlun, þarf ekki að fjölyrða. Þetta fyrirkomulag er nú þegar að nokkru í framkvæmd og hefur í för með sér hagræði og vinnusparnað, auk þess sem það á að tryggja, að sá aðili, sem fjármál og reikningshald skóla annast, fái til rekstrarins fjármagn úr ríkissjóði jafnóðum og á þarf að halda.

Síðara atriðið, þ. e. mánaðarleg endurgreiðsla á hluta ríkissjóðs í rekstrarkostnaði, öðrum en launum vegna kennslu og heimavista, er veigamikil breyting. Hér er fyrst og fremst um að ræða aksturskostnað og kostnað af heilbrigðisþjónustu. Aksturskostnaður er orðinn mikill liður í skólaútgjöldum hjá ýmsum sveitarfélögum, bæði þar sem daglega er ekið til skóla og vegna aksturs til og frá heimavistum um helgar. Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1973 er þessi kostnaður áætlaður um 44 millj. kr. vegna ársins 1972, að því er ríkissjóð varðar. Kostnaður þessi skiptist þó afar misjafnt á einstök sveitarfélög, þar sem fjöldi þeirra hefur engan slíkan kostnað, en hjá öðrum nemur hann hundruðum þúsunda á ári og veldur það þeim miklum örðugleikum að fá ekki endurgreiðslu úr ríkissjóði fyrr en við ársreikningsskil. Fyrir ríkissjóð hefði þessi breyting í för með sér, að greiðslum yrði flýtt til jafnaðar um hálft ár og útgjöld ríkissjóðs því á fyrsta ári breytingarinnar u. þ. b. helmingi hærri vegna þessa en ella. Eftir það yrðu útgjaldaáhrif breytingarinnar lítil.

Ákvæði um greiðslumáta viðhaldskostnaðar eru óbreytt frá gildandi lögum.

Um 87. gr.

Efni þessarar greinar er að mestu óbreytt frá 25. og 26. grein skólakostnaðarlaga. Menntamálaráðuneytið fer nú með fjármálaeftirlit skóla og er ætlað að svo verði framvegis og gert ráð fyrir, að unnt sé að fela það verk þeim fræðslustjóra, sem í hlut á.

Um 88. gr.

Grein þessi kveður á um framlag ríkissjóðs til rekstrar fræðsluskrifstofu. Meginforsenda ákvæðanna er sú, að ríkissjóður greiði að fullu föst laun fræðslustjóra, en annan kostnað að hálfu á móti hlutaðeigandi sveitarfélögum. Framlag ríkissjóðs getur þó ekki farið yfir ákveðið hámark, sem miðað er við nemendafjölda, þegar um er að ræða almennan skrifstofukostnað og námseftirlit og háð samþykki menntamálaráðuneytisins hvað varðar kostnað við ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu. Hámarksframlagið er við það miðað, að af því og mótframlagi landshlutasamtaka sveitarfélaga verði unnt að greiða laun starfsliðs, skrifstofu- og ferðakostnað, og er þá gert ráð fyrir, að í minnstu fræðsluskrifstofunum starfi, auk fræðslustjóra, einn

fulltrúi og ein skrifstofustúlka. Fyrir umdæmið með mestum nemendafjölda, þ. e. Reykjavík, er gert ráð fyrir, að framlagið verði sem næst óbreytt frá því sem nú er, en samningur milli Reykjavíkurborgar og menntamálaráðuneytisins heimilar í þessu skyni notkun á allt að 1% reiknaðra stunda.

Framlag samkvæmt staflið c) þessarar greinar er ætlað til greiðslu á almennu náms- og skólaeftirliti, sbr. 14. gr. 4. tölulið, svo og til fagnámsstjórnar innan einstakra fræðsluumdæma.

Þá greiðir ríkissjóður og helming af kostnaði við ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu, enda sé til hans stofnað með samþykki menntamálaráðuneytisins. Er þar fyrst og fremst um launakostnað að ræða, þar sem starfsemin mun annaðhvort fara fram í húsnæði fræðsluskrifstofu eða viðkomandi skólum.

Ríkisframlag samkvæmt stafliðum b) til d) tekur til alls rekstrarkostnaðar, utan húsaleigu, sem eðlilegt þótti að greidd yrði að hálfu af ríkissjóði í samræmi við þátttöku í stofnkostnaði.

Um 89. gr.

Stofnkostnaður fræðsluskrifstofu greiðist til helminga af ríkissjóði og landshlutasamtökum sveitarfélaga, að undanskildum 2 millj. kr., sem ríkissjóður leggur fram í upphafi, án mótframlags. Er tilgangurinn með því annars vegar sá, að jafna nokkuð milli landshluta, þar sem þessi kostnaður verður hlutfallslega meiri í fámennari umdæmum, og hins vegar að tryggja fjármagn til undirbúningsframkvæmda. Rétt þótti að hafa framlag þetta bundið við vísitölu, þar sem æskilegt er, að ekki verði alls staðar lagt í byggingar þegar í stað, en leiguhúsnæði nýtt, ef fyrir hendi er, án þess þó að sú bið skerði raungildi ríkisframlagsins.

Um 90. gr.

Ýmis ákvæði laganna kunna að þurfa frekari skýringa við, auk þess sem kveða þarf nánar á um önnur atriði, þegar lögin koma til framkvæmda. Af þessum sökum þótti nauðsynlegt að hafa í lögunum almenna heimild um setningu reglugerða.

Auk þessarar almennu heimildar er í einstökum greinum frumvarpsins tekið fram sérstaklega, að settar skuli námsskrár, erindisbréf eða ákvæði í reglugerð. Þau atriði, sem hér er um að ræða, eru þessi:

1. Fundarseta fulltrúa kennarasamtaka og framkvæmdastjóra landshlutasamtaka, svo og annarra aðila í fræðsluráðum (sbr. 11. gr.)
2. Störf skólanefnda (sbr. 17. gr.)
3. Hvernig háttað skuli kosningu kennarafulltrúa í skólanefndir (sbr. 18. gr.)
4. Framkvæmd 20. greinar (sbr. 20. gr.)
5. Endurmenntun kennara (sbr. 40. gr.)
6. Framkvæmd orlofs kennara (sbr. 41. gr.)
7. Aðalnámsskrá fyrir grunnskóla (sbr. 43. gr.)
8. Sérstakar námsskrár fyrir nemendur, sem njóta sérkennslu (sbr. 43. gr.)
9. Sérkennsla (sbr. 53. gr.)
10. Tilhögun námsmats (sbr. 62. gr.)
11. Námsstjórn (sbr. 64. gr.)
12. Starfstilhögun og starfssvið grunnskólaráðs (sbr. 66. gr.)
13. Viðbótarnám og starfsþjálfun skólaráðgjafa (sbr. 73. gr.)
14. Framkvæmd og verksvið ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu (sbr. 74. gr.)
15. Verksvið starfsmanna sálfræðideildar (sbr. 74. gr.)
16. Starfsemi og starfslið skólabókasafna (sbr. 75. gr.)
17. Kennsla óskólaskyldra barna (sbr. 77. gr.)
18. Skipting stunda (sbr. 80. gr.)
19. Hluti ríkissjóðs í aksturskostnaði (sbr. 82. gr.)
20. Greiðsla úr ríkissjóði vegna námshjálpar o. fl. (sbr. 84. gr.)

Um 91. gr.

Nefndin taldi rétt, að lög um grunnskóla kæmu öll til framkvæmda á 10 árum frá gildistöku þeirra, og er þetta í samræmi við 11. gr. frumvarps til laga um skólakerfi. Eru og sérstakar framkvæmdaáætlanir um einstaka þætti frv. að jafnaði miðaðar við þetta, en slíkar áætlanir eru tilgreindar í 23. gr. (skólabyggingar), 53. gr. (sérkennslustofnanir), 68. gr. (ráðgjafar- og sálfræðiþjónusta) og 82. gr., sbr. og 75. gr. (skólabókasöfn).

Þrátt fyrir þetta er að sjálfsögðu til þess ætlazt, að undirbúningur framkvæmda hefjist hið fyrsta og verði haldið reglulega áfram, þannig að markmiði laganna verði að fullu náð á ofangreindum tíma. Er afar mikilvægt, að menntamálaráðuneytinu og samstarfsaðilum þess verði sköpuð viðhlítandi skilyrði til þeirrar áætlanagerðar og heildarstjórnar, sem nauðsynlegar eru til farsællar mótunar grunnskóla á Íslandi.

Að öðru leyti þarfnast greinin ekki skýringa.

KOSTNAÐARÁHRIF

Hér á eftir verður leitazt við að gera grein fyrir þeim breytingum á launakostnaði við skólahald, sem ætla má að leiði af framkvæmd frumvarpsins, ef að lögum verður. Ekki er þó hægt að telja allar þessar breytingar til afleiðinga af grunnskólahaldi. Nokkur hluti þeirra leiðir af breytingum á skólahaldi, sem geta orðið og eru sífellt að verða innan núverandi laga og ekki er ætíð unnt að greina þar á milli.

Hér verður gengið út frá þeirri forsendu, að lagasetningin hafi ekki veruleg áhrif á launakjör kennara, en að þeim undanskildum eru helztu orsakaþættir launakostnaðar nemendafjöldi, árlegur og daglegur starfstími skóla, kennsluskipan, m. a. bekkjarstærðir, og sá tími, sem varið er til ýmissa starfa við skóla.

Fjöldi nemenda.

Eftirfarandi töflur sýna fjölda nemenda í barna- og gagnfræðastigsskólum á liðnum árum samanborið við fjölda barna og unglinga í viðkomandi aldursárgöngum. Einnig er sýndur sérstaklega fjöldi nemenda í 3. og 4. bekk gagnfræðastigs, en ákvæði frumvarpsins snerta þann nemendafjölda sérstaklega.

	Fjöldi		
Barnastig:	1.	2.	2. sem
Ár.	7—12 ára barna	nemenda í barnaskólum	hundraðshluti af 1.
1930	13 659	8 265	60.6
1940	14 993	12 831	85.6
1950	15 020	14 216	94.6
1960	23 407	22 795	97.4
1969	27 375	27 050	98.8
1972	27 450	27 217	99.2

Gagnfræðastig:	1.	2. nemenda í gagnfræðastigsskólum	2. sem
Ár.	unglinga 13—16 ára		hundraðshluti af 1.
1930	8 370	2 700	32.3
1940	9 532	4 096	43.0
1950	9 404	5 509	58.6
1960	13 139	9 019	68.6
1965	15 450	11 849	76.8
1967	16 150	12 782	79.1
1969	17 047	14 380	84.4
1972	18 000	15 589	86.6

3. og 4. bekkur gagnfræðastigs:		Nemendur 3. bekkjar			Nemendur 4. bekkjar	
Ár.	15 ára árgangur		%	16 ára árgangur		%
1964	3 705	2 540	68.7	3 675	1 137	30.9
1965	3 917	2 777	70.8	3 705	1 278	34.5
1966	3 870	3 057	78.9	3 917	1 403	35.8
1967	3 930	3 197	81.2	3 870	1 566	40.5
1968	4 037	3 569	86.3	3 930	1 691	43.0
1969	4 170	3 875	92.9	4 137	1 891	45.7
1972	4 530	4 291	94.7	4 400	2 310	52.5

Hundraðshlutar þeir, sem sýndir eru hér að ofan, mega þó ekki skoðast sem hlutfallsleg skólasókn viðkomandi aldursárganga, þar sem seinkun í námi veldur ætíð

nokkurri fjölgun nemenda, og ekki eru sérstofnanir meðtaldar. Ætla má, að seinkun í námi hafi orsakað 2—3% aukningu nemendafjölda í heild, en þó nokkuð meir í einstökum bekkjum, fyrst og fremst 3. bekk þar sem hún mun vera ca. 8%, aðallega vegna endursetu í landsprófsdeildum.

Ætla má að 2—3% af börnum og unglingum þurfi að stunda nám í sérstofnunum. Með tilliti til þess og seinkunarinnar má því áætla fjölda nemenda í almennum grunnskólum, sem 100% af stærð viðkomandi aldursárganga.

Samkvæmt þjóðskrá var fjöldi barna og unglinga eftir fæðingarárum þessi í árslok 1970:

Fæðingarár	Fjöldi	Fæðingarár	Fjöldi
1956	4 405	1964	4 601
1957	4 534	1965	4 574
1958	4 445	1966	4 511
1959	4 628	1967	4 251
1960	4 649	1968	4 072
1961	4 405	1969	4 101
1962	4 559	1970	3 873
1963	4 668	(1971) ca.	4 150

Samkvæmt þessu áætlast fjöldi nemenda á almennu grunnskólastigi svo:

1972/73	(41 000)	1975/76	40 300
1973/74	41 000	1976/77	39 750
1974/75	40 850	1977/78	39 200

Fremur er að búast við fjölgun fæðinga á næstu árum, en nemendum á grunnskólastigi fari þó vart að fjölga fyrr en um og eftir 1985, en yrði til þess tíma væntanlega milli 39 og 40 þús. Lenging skólaskyldunnar, bæði 9. árið og afnám undanþágu, hvað snertir yngstu árganga, mun því væntanlega auka fjölda nemenda um ca. 400, en niðurfelling 4. bekkjar núverandi gagnfræðastigs fækkar nemendum um ca. 2 300.

Í heild yrði því um ca. 1 900 nemenda fækkun að ræða eða um 4.4%.

Hér á eftir verður sú fækkun nemenda, sem stafar af niðurfellingu fjórða bekkjar, látin vega á móti aukningu á öðrum sviðum og því metin til lækkunar á kostnaði. Í fljótu bragði virðist það umdeilanlegt frá því sjónarmiði, að reikna megi með því, að þessir nemendur stundi nám 10. skólaárið, hvort sem er grunnskóli eða ekki. Það er að vísu rétt að gera ráð fyrir lengri skólagöngu þessara nemenda, en það skiptir þó ekki meginmáli í þessu sambandi.

Eðlilegt er að gera ráð fyrir að velflestir nemendur leggi stund á 1—4 ára nám á framhaldsskólastigi að loknum grunnskóla. Verði svo, sem nefndin gerir ráð fyrir, að aukin og bætt kennsla á grunnskólastigi skili nemendum betur undirbúnum undir framhaldsnám að loknum 9 námsárum, en nú er, ætti það að leiða til þess, að við nauðsynlega endurskipulagningu framhaldsstigsins, verði unnt að hafa námsbrautir þar styttri en ella yrði. Er þá um raunverulegan sparnað að ræða, sem rétt er að reikna grunnskólanum til tekna. Má og í því sambandi minna á þá staðreynd, að hlutverk 4. bekkjar nú sem námsárs í framhaldsnámi er næsta lítið. Hvort, sem um er að ræða iðnnám eða nám á bóklegu sviði, hafa þeir nemendur, sem í gegnum 4. bekk fara, að jafnaði lagt að baki einu ári fleira í námi en þeir, sem í sama nám fara að loknu miðskólaprófi eða landsprófi.

Stundafjöldi og kennsluskipan.

Í núgildandi lögum eru ákvæði 19. gr. laga nr. 49/1967, um skólakostnað, að mestu ákvarðandi um þann stundafjölda, sem notaður er í skólum í dag, bæði til kennslu og annarra starfa og ráða þau því óbeint kennsluskipan. Þessi ákvæði eru, í ljósi þeirrar reynslu, sem fengizt hefur af notkun þeirra, m. a. við undirbúning fjárlaga, haldgóður mælikvarði á það starfsmagn, sem skólarnir nota í dag. Sambærileg ákvæði frumvarpsins, þ. e. 79. og 80. gr. verða á sama hátt notuð sem mælikvarði á það starfsmagn, sem gert er ráð fyrir að grunnskólar noti og hefur með því verið tekið tillit til ráðgerðrar lengingar vikulegs kennslutíma, aukins starfs við bókasöfn og félagsstörf og rýmri möguleika smærri skóla til skipunar í námshópa.

Reynsla síðustu ára hefur sýnt, að nauðsynlegt hefur verið að nýta að fullu heimild skólakostnaðarlaganna um 2% frávik til hækkunar. Þar sem ákvæði þessa frumvarps eru til muna rýmri, er ástæða til að ætla, að með framkvæmd þeirra verði slík frávik í minna mæli nauðsynleg. Til þess þó, að ofmeta fremur en vanmeta líklegan kostnaðarauka verður ekki reiknað með slíkum frávikum hér á eftir. Miðað verður við þá skólaskipan, sem nú er fyrir hendi og þá litið fram hjá því, að ýmis ákvæði frumvarpsins eru til þess fallin að örva til samvinnu sveitarfélaga og stuðla að hagkvæmari skólarekstri, sem haft gæti veruleg áhrif til lækkunar á launakostnaði.

Samanburður stundafjölda, áætluð hækkun kennslulauna.

Á yfirstandandi skólaári eru 27.251[1]) nemendur í almennum barnaskólum (án forskóla og sérstofnana), sem skiptist svo eftir stærð skólahverfis og starfstíma skóla.

	Starfstími skóla í mánuðum.							
Fjöldi nem. í skólahv.	9	8	7	6	5	4	3	Samtals
að 10		10			8	30	13	61
11— 20		33	151	135	22	13		354
21— 40		599	480	68				1 147
41— 60		1 195	264					1 459
61— 80		774	63					837
81— 120		1 567						1 567
121— 160	143	1 416						1 559
161— 200	169	727						896
201— 300	474	461						935
301— 500	1 108	317						1 425
501—1000	2 882							2 882
1001—2000	4 639							4 639
Yfir 2000	9 490							9 490
	18 905	7 099	958	203	30	43	13	27 251

1) Fjöldi nemenda er hér örlítið annar en talið er í yfirliti um fjölda skóla, nemenda o. fl. sem fylgir greinargerðinni. Ástæðan er sú, að þetta yfirlit var gert áður en borizt höfðu skýrslur frá öllum skólunum og var í þeim tilfellum beitt ágizkun. Munurinn er þó minni en svo að hann skipti máli.

Í 1.—4. bekk gagnfræðastigsskóla eru á yfirstandandi skólaári 15 741 nemendur og skiptast þeir svo eftir stærð skólahverfis og starfstíma[1]).

	Starfstími skóla í mánuðum.			
Fjöldi nem. í skólahv.	8,5	8	7	Samtals
að 10		32	57	89
11— 20		260	19	279
21— 40		756	112	868
41— 60	60	649		709
61— 80		496		496
81— 120	89	475		564
121— 160	428	253		681
161— 200		349		349
201— 300	261			261
301— 500	748	702		1 450
501—1000	3 118			3 118
Yfir 1000	5 857			5 857
Samtals	10 561	3 995	188	14 721

Auk þeirra nemenda, sem taflan nær til, voru 1020 nemendur í þessum bekkjum í héraðsskólunum og Hlíðardalsskóla.

Miðað við hámarksákvæði 19. gr. laga nr. 49/1967 yrði fjöldi reiknaðra stunda yfir landið allt á ári, sem hér segir:

Barnaskólar	1 340 þús. st. (40 mín.)
Gagnfræðastigsskólar	1 070 þús. st. (40 mín.)
Samtals	2 410 þús. st.

Sé ekki gert ráð fyrir neinum breytingum á skólahverfum og nemendafjölda, að öðru leyti en því, að 4. bekkur falli burt, yrðu nemendur alls 40 680 og kennslumagn og framlag til annarra starfa á ári sem hér segir:

Kennslumagn	2 279 þús. st.
Skólastjórn	103 — —
og að auki	9 120 — kr.
Til félagsstarfa	17 440 — —
Til starfa við bókasöfn	28 640 — —

Séu fjárhæðir reiknaðar til stunda á grundvelli skólakostnaðarlaganna, svara þær til um 204 þús. stunda og starfsmagnið því samtals 2 580 þús. stundir.

Sé einnig gert ráð fyrir árlegri lengingu skólatímans í þá átt, að hann sé að jafnaði 7—8 mánuðir í skólum með undir 40 nemendum, 8—9 mánuðir í skólum með 40—120 nemendur, en 9 mán. í stærri skólum, verður starfsmagn reiknað á sama hátt um 2 700 þús. stundir á ári.

Sé að lokum gert ráð fyrir fullri skólasókn í grunnskóla með um 41 þús. nemendum yrði kennslumagn og framlög til annarra starfa sem hér segir:

Kennslumagn	2 400 þús. st.
Skólastjórn	108 — —
og að auki	9 625 — kr.
Til félagsstarfa	18 100 — —
Til starfa við bókasöfn	30 245 — —

eða umreiknað í stundir sem fyrr, samtals um 2 723 þús. st.

1) Nokkrir unglingaskólar starfa 7½ mánuð, en eru hér yfirleitt taldir hafa 8 mánaða starfstíma eins og viðkomandi barnaskóli.

Hér að framan var skólatími nemenda miðaður við skráðan starfstíma skóla og ekki tekið tillit til þess, að allstór hópur nemenda býr við svokallaða víxlkennslu. Nú munu um 2 000 börn búa við slíkt kennslufyrirkomulag, þar sem skóladvöl þeirra er aðeins hluti af árlegum starfstíma viðkomandi skóla, að jafnaði ekki minna en helmingur, nema fyrir 7 og 8 ára börn, og þá fyrst og fremst í heimavistarskólum og oft eru eldri börnin ⅔ til fullan skólatíma. Í flestum tilfellum er reynt að bæta upp þessa skerðingu skólagöngu með auknu kennsluálagi þann tíma, sem börnin eru í skólanum og hefur kennslukvóti þeirra skóla verið hækkaður á þeim forsendum. Er því ekki raunhæft að líta á afnám víxlkennslu sem tvöföldun á árlegu kennslumagni. Nær lagi er að áætla aukninguna um 2 mánuði á hvert barn. Með afnámi víxlkennslu hjá um 2000 börnum ykist kennslumagn þá árlega um ca. 30 þús. stundir á ári miðað við núverandi skólahald.

Fjallað hefur verið um öll helztu atriði, sem áhrif hafa á launakostnað, og að einhverju leyti má rekja til frumvarps þessa, og skulu þau nú dregin saman til yfirlits og reynt að gera grein fyrir áhrifum hvers og eins. Af þeim tölum, sem nefndar hafa verið hér að framan má ráða eftirfarandi breytingar í hundraðshlutum og krónutölu, þegar miðað er við áætlaðan launakostnað barna- og gagnfræðastigsskóla eins og hann er í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1973.

a)	Afnám víxlkennslu	ca. + 1.2%
b)	Brottfall 4. bekkjar	— ÷ 5.4%
c)	Lenging vikulegs kennslutíma, aukin störf að félagsmálum og bókasöfnum, rýmkun kvóta fyrir smærri skóla	— + 13.2%
d)	Lenging árlegs skólatíma	— + 4.6%
e)	Fjölgun nemenda	— + 0.9%

Í heild er hækkun stundafjöldans um 14.5%, en þar sem um er að ræða allverulega færri nemendur, er fjölgun starfsstunda á nemanda nokkru meiri eða um 19%.

Ætla má, að launakostnaður fylgi stundafjöldanum að mestu. Þó skal bent á og tekið tillit til tveggja atriða í gildandi kjarasamningum, sem valda frávikum:

1) Laun kennara breytast um 1/12 eða 8.33% af fullum árslaunum, sem miðuð eru við 9 mánaða skóla, fyrir hvern mánuð, sem starfstíminn breytist. Þar sem lenging skólatíma um mánuð veldur minnst 12.5% fjölgun stunda, kemur einungis um 75% af fjölgun stunda fram í launagreiðslum, ef um skyldukennslu fastra kennara er að ræða.
2) Í kjarasamningunum er kveðið svo á, að laun fastra kennara séu miðuð við 9 mánaða kennslutíma, og heimilt sé að lengja starfstíma skóla um allt að einn mánuð án breytinga á launum þeirra kennara, er þegar taka laun sem miðuð eru við 9 mánaða kennslu, þótt starfstími skóla sé styttri. Gildir þetta um alla fasta kennara á gagnfræðastigi.

   Fjölgun stunda vegna lengingar árlegs starfstíma er áætluð um 120 þús. stundir á ári.

   Með tilliti til framangreindra atriða ætti hækkun launakostnaðar aðeins að svara til u. þ. b. 65 þús. stunda og til magnaukningar 4.6%, sem talin var leiða af lengingu árlegs starfstíma myndi svara til um 2.7% hækkunar launakostnaðar.

Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1973 eru laungagreiðslur vegna kennslu og annara starfa, sem hér er fjallað um áætlaðar um 1 000 000 þús. kr. og er þá miðað við barnaskóla án forskóladeilda og gagnfræðastigsskóla án framhaldsdeilda.

Samkvæmt því og þeim breytingum á starfsmagni, sem fjallað hefur verið um, áætlast breytingar á launakostnaði sem hér segir:

a) Afnám víxlkennslu	+ 1.2%	+ 12	millj. kr.
b) Brottfall 4. bekkjar	÷ 5.4%	÷ 54	— —
c) Lenging vikulegs kennslutíma, aukin störf að félagsmálum og bókasöfnum, rýmkun kvóta fyrir smærri skóla	+ 13.2%	+ 132	— —
d) Lenging árlegs starfstíma	+ 2.7%	+ 27	— —
e) Fjölgun nemenda	+ 0.9%	+ 9	— —
Samtals		126	millj. kr.

Stærstu orsakaþættir breytinga á launakostnaði eru þannig breytingar á starfsmagni til hækkunar og niðurfelling 4. bekkjar gagnfræðastigs til lækkunar. Um réttmæti þess að meta niðurfellinguna til lækkunar í launakostnaði hefur þegar verið drepið á og verður ekki fjölyrt um það hér.

Aukið starfsmagn á viku hverja veldur um 132 millj. kr. hækkun á launakostnaði. Lauslega má áætla einstaka þætti sem hér segir: Störf að félagsmálum eru áætluð alls um 18 millj. kr. Í skólakostnaðarlögunum er nú heimilað að verja mest 2% reiknaðra stunda á gagnfræðastigi til þessara starfa, sem svara til u. þ. b. 6 millj. kr. Hækkun á þessum lið er því um 12 millj. kr.

Ekki er nú í lögum ákvæði um störf við bókasöfn, en heimilt er þó að verja hluta reiknaðra stunda til þeirra starfa, rúmist þær stundir innan kvóta skólans. Ekki liggja fyrir upplýsingar um kostnað við þessi störf, en það mun ekki fjarri lagi að áætla, að ríkissjóður greiði nú til þeirra álíka fjárhæð og til félagsmálastarfa, þ. e. um 6 millj. kr. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir um 30 millj. kr. framlagi, þannig að hækkun nemur um 24 millj. kr.

Lenging vikulegs kennslutíma til jafnaðar á nemanda í grunnskóla skv. frumvarpinu annars vegar og í barna- og gagnfræðastigsskóla, að meðtöldum 4. bekk, hins vegar, verður um 5—6%, eða um 60 millj. kr. á ári.

Það sem eftir er af umræddri 132 millj. kr. hækkun, þ. e. 36 millj. kr., stafar fyrst og fremst af rýmri ákvæðum um stundafjölda í smáum og miðlungsstórum skólahverfum, þar sem ekki var gert ráð fyrir verulegum breytingum í stærri skólahverfum.

Þegar þessi áætlun um hækkun launakostnaðar er borin saman við greinargerð með fyrra frumvarpi um grunnskóla, vekur það athygli, að þessi hækkun er nú áætluð verulega lægri en þá var gert, þrátt fyrir þá staðreynd, að nú er gert ráð fyrir meiri aukningu starfa, annarra en kennslu, og rýmri kostnaðarákvæðum. Skýringar á þessum mismun eru allmargar og skal drepið á þær helztu.

a) Gert er ráð fyrir minni kennslu en í fyrra frumvarpi. Er sú breyting ein stund til jafnaðar á hvern aldursárgang, sem svarar til um 3% lækkunar á kennslumagni.

b) Skólasókn hefur aukizt all mikið frá því að fyrra frumvarp var lagt fram. Er þar bæði um að ræða aukna sókn á núverandi skyldunámsstigi og að því loknu. Fjölgun nemenda veldur því minni hækkun nú en þá var gert ráð fyrir, en niðurfelling 4. bekkjar hefur meiri áhrif til lækkunar.

c) Árlegur starfstími hefur aukizt mjög verulega á þessu árabili, einkum á gagnfræðastigi, þar sem um 70% nemenda sækja skóla nú í 8½ mánuð, sem var ekki til fyrir 3 árum og flestir unglingaskólar hafa nú 8 mánaða starfstíma. Einnig hefur orðið nokkur breyting í þessa átt á barnastigi, aðallega hjá þeim skólum, sem haft hafa stytztan starfstíma. Þannig sóttu haustið 1969 565 nemendur barnaskóla með 6 mánaða starfstíma eða minna og 1692 skóla með 7 mánaða starfstíma eða minna. Samsvarandi tölur eru nú 289 og 1247. Í þessum tölum eru ekki meðtaldir nemendur í víxlkennslu, sem hafa styttri kennslutíma en þetta, en í þeim efnum hefur þróunin verið í þá átt að draga úr víxlkennslunni og lengja skólatíma nemenda. Með tilliti til þessarar þróunar, sem orðið hef-

ur, virðist ekki ástæða til annars en að ætla að unnt verði að uppfylla ákvæði 42. gr. á fáum árum.

d) Þróun kjaramála kennara, svo sem minnzt hefur verið á. Ekki verður gerð hér tilraun til þess að áætla, hve mikinn hluta hækkunar á launakostnaði má rekja beint til grunnskólafyrirkomulags og hve mikinn til breytinga, sem komið gætu innan núverandi skólakerfis. Þróun síðustu ára bendir til þess, að ekki má vanmeta þær breytingar og kostnað af þeim, sem orðið getur án nýrrar lagasetningar. Það kann því í reynd að verða dýrt að draga lengur en orðið er að gera þær breytingar á skólahaldinu, sem, ef vel tekst til, geta orðið til aukins árangurs af skólastarfinu og meiri arðs af þeim fjármunum, sem til þess er varið, gera framkvæmanlegri breytingar á skólahaldi, sem aukið geta hagkvæmni í rekstri og eru forsendur þess, að unnt verði að hefjast handa við endurskoðun skólaskipunar á framhaldsskólastigi á traustum grundvelli.

Um stofnkostnað og skólabókasöfn.

Þar sem lenging skólaskyldunnar mun ekki orsaka verulega fjölgun nemenda, þó litið sé fram hjá fækkun þeirri, sem leiðir af niðurfellingu 4. bekkjar gagnfræðastigs, er ekki að búast við aukinni húsnæðisþörf af þeim sökum.

Það ákvæði frumvarpsins, sem beint snertir húsnæðisþörfina, og er nýmæli, er í 25. gr., þar sem kveðið er svo á, að við gerð skólahúsnæðis skuli framvegis gert ráð fyrir aðstöðu nemenda til undirbúnings undir næsta dag.

Lausleg athugun byggingardeildar menntamálaráðuneytisins bendir til þess, að ákvæði þetta auki húsnæðisþörf skóla í þéttbýli um 10% frá „normum“ um skólabyggingar, er svarar til um 20 þús. kr. á nemanda. Í dreifbýli er þessi viðbót mjög háð öllum aðstæðum, stærð skóla, heimavist og heimanakstri, þar sem þegar er gert ráð fyrir þessari aðstöðu að einhverju leyti. Í raun er kostnaður við skólabyggingar í dreifbýli í heild aðeins að litlu leyti háður ákvæðum frumvarpsins. Hann ræðst að verulegu leyti af skólaskipan þeirri, sem komið verður á og því óraunhæft að áætla hann á öðrum grundvelli. Tillögur hafa verið gerðar um skólaskipan fyrir mest allt landið. Þegar þær tillögur hafa verið ræddar og ákvarðanir á grundvelli þeirra verið teknar, er fyrst hægt að gera raunhæfa áætlun um þennan þátt skólamála. Eins og nú horfir gætu fyrstu drög slíkrar áætlunar legið fyrir að u. þ. b. tveimur árum liðnum.

Gert er ráð fyrir, að bókastofni skólabókasafna verði komið upp á 10 árum og verði hann þá um 10 eintök bóka á hvern nemanda. Má því reikna með kaupum um 40 þús. eintaka á ári og kostnaður þá væntanlega um 20 millj. kr., sem skiptast að jöfnu á milli ríkis og sveitarfélaga.

Annar rekstrarkostnaður.

Hér að framan hefur eingöngu verið miðað við launakostnað vegna kennslu og þeirra starfa annarra, sem sérstaklega eru tilgreind í 79. og 80. gr. frumvarpsins. Ríkissjóður greiðir einnig hlut í öðrum rekstrarkostnaði og er sú fjárhæð í fjárlagafrumvarpi áætluð um 144 millj. kr. Er þar um að ræða hlutdeild í aksturskostnaði um 44 millj., laun vegna heimavista 34 millj., forfallakennsla 26 millj. og heilbrigðisþjónusta og fleira um 40 millj.

Ekki er unnt að meta áhrif grunnskóla á þessa kostnaðarliði með neinni vissu. Aksturskostnaður hefur aukizt mjög á síðustu árum, samfara auknu skólahaldi í dreifbýli. Sama er um kostnað vegna heimavista að segja. Þróun þessara útgjaldaliða framvegis er og verður að mestu leyti háð, hvernig tekst til við skipulagningu skólamála í dreifbýli. Aukning, sem stafar beinlínis af ákvæðum þessa frumvarps, kann því að verða lítil, og verður hér áætluð um 10% eða um 15 millj. með hliðsjón af lengingu árlegs skólahalds.

Hlutur sveitarfélaga í rekstri skóla hefur á síðustu árum verið um 30% af heildarrekstrarkostnaði, og má því áætla, að sem stendur sé hann um 550 millj. kr. Er þar fyrst og fremst um rekstur húsnæðis að ræða, sem ekki ætti að verða fyrir verulegum áhrifum af frumvarpinu. Þó má ætla, að lenging árlegs kennslutíma og aukið húsnæði, sem gert er ráð fyrir, verði til nokkurs kostnaðarauka, sem og akstur. Verður hér mjög lauslega reiknað með 40—50 millj. kr. hækkun.

Endurmenntun kennara.

Samkvæmt 40. og 41. grein frumvarpsins verður endurmenntun kennara kostuð á tvennan hátt, annars vegar með veitingu orlofs og styrkja, hins vegar með skipulögðu námskeiðahaldi innanlands.

Ekki er gert ráð fyrir, að framlag til orlofs og styrkja verði bundið í lögum, en verði ákveðið í fjárlögum hverju sinni, en vegna ákvæða um hámarksfjárhæð á hvern kennara, þ. e. ein og hálf embættislaun á starfsævi, má reikna með, að til lengdar geti þessi fjárhæð ekki farið fram úr 5% launa fastra kennara og skólastjóra, eða 40—45 millj. kr. á ári miðað við launakjör nú. Í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 1973 er gert ráð fyrir um 9.7 millj. kr. til þessara nota.

Skipulögð endurhæfing kennara í samræmi við nýjungar í námsefni og kennsluháttum er brýnt nauðsynjamál, sem þegar er komið allverulega af stað, einkum í sambandi við skólarannsóknir menntamálaráðuneytisins. Þannig er í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 1973 gert ráð fyrir um 6.9 millj. kr. í þá starfsemi. Með ákvæðum 33. greinar um að verja megi í þetta 1% skólastjóra- og kennaralauna gæti sú fjárhæð hækkað í 11—12 millj. kr. á ári hverju.

Skólarannsóknir og fagnámsstjórn.

Samkv. 64. grein frumvarpsins er ætlað að varið verði til námsstjórnar í einstökum fögum fjárhæð, er nemi minnst sjö námsstjóralaunum, eða um 4.5 millj. kr. á ári, miðað við launakjör nú.

Til rannsóknarverkefna á sviði skóla- og uppeldismála er gert ráð fyrir árlegum fjárveitingum, er svari til 1% af fjárframlögum til stofn- og rekstrarkostnaðar grunnskóla og framhaldsskóla. Miðað við frumvarp til fjárlaga fyrir árið 1973 yrði hér um ca. 25 millj. kr. að ræða, sem m. a. yrði varið til endurskoðunar námsefnis og námsskrár.

Í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 1973 er áætlað að verja 10.9 millj. kr. til endurskoðunar á námsefni. Þar af var áætlað, að 2.4 millj. yrðu laun til námsstjóra, sem ásamt námsstjórastarfinu vinna að endurskoðun námsefnisins. Um 8.5 millj. voru ætlaðar til greiðslu á öðrum kostnaði við endurskoðunina. Aðrar fjárveitingar til verkefna á þessu sviði áætlast um ein millj. kr., og er þar fyrst og fremst fjárveiting til Kennaraháskóla Íslands vegna þýðingar og stöðlunar á hópgreindarprófi.

Fræðsluskrifstofur, námseftirlit, ráðgjafar og sálfræðiþjónusta.

Í 88. gr. frumvarpsins er ákvæði um framlag ríkissjóðs til rekstrar á fræðsluskrifstofum og þeirri starfsemi, sem tengd verður þeim, þ. e. námseftirliti og námsstjórn innan umdæmisins, svo og ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu. Einnig kemur fram í sömu grein, hvað gert er ráð fyrir, að viðkomandi fræðsluumdæmi leggi af mörkum. Hvað framlag ríkissjóðs til fræðsluskrifstofa varðar, þá er þar um hámarksfjárhæð að ræða, en það verður á valdi hlutaðeigandi landshlutasamtaka, hvort þau leggja fram meira fé í þessu skyni, en hér er ráð fyrir gert.

Taflan hér á eftir sýnir áætlaðan rekstrarkostnað ríkis og landshlutasamtaka sveitarfélaga af þessari starfsemi miðað við sjö fræðsluskrifstofur sbr. frumgerð þessa frv.

Í hlut ríkissjóðs. Fræðsluumdæmi	Laun fræðslustj. og framlag til skrifstofu, þús. kr.	Námsstjórn, þús. kr.	Ráðgjafar- og sálfr.þjónusta, laun, þús. kr.	Samtals þús. kr.
Reykjavík	2 350	2 410	5 930	10 690
Reykjanes	1 860	1 420	3 420	6 700
Vesturland	1 390	470	1 180	3 040
Vestfirðir	1 300	350	1 030	2 680
Norðurland	1 690	1 060	2 670	5 420
Austurland	1 360	400	1 030	2 790
Suðurland	1 470	630	1 490	3 590
Samtals	11 420	6 740	16 750	34 910

Í hlut landshlutasamtaka sveitarfélaga Fræðsluumdæmi	Þús. kr.	Þús. kr.	Þús. kr.	Þús. kr.
Reykjavík	1 650		5 900	7 550
Reykjanes	1 160		3 420	4 580
Vesturland	690		1 180	1 870
Vestfirðir	600		1 030	1 630
Norðurland	990		2 670	3 660
Austurland	660		1 030	1 690
Suðurland	770		1 490	2 260
Samtals	6 520		16 720	23 240

Til viðbótar ofangreindum kostnaði kemur hreinn húsnæðiskostnaður, þ. e. leigugjöld eða byggingarkostnaður. Gera má ráð fyrir að húsnæðisþörf hjá skrifstofunum verði um 150—250 m² eftir stærð umdæmanna.

Leigugjöld samkvæmt því áætlast um 220 þús. á hverja skrifstofu á Vesturlandi, Vestfjörðum, Austurlandi og Suðurlandi, um 300 þús. á Norðurlandi og í Reykjanesumdæmi og um 400 þús. í Reykjavík. Kostnaður þessi skiptist að jöfnu á milli ríkissjóðs og landshlutasamtakanna.

Verði af byggingarframkvæmdum, má gera ráð fyrir um 5 millj. kr. á Vesturlandi, Vestfjörðum, Austurlandi og Suðurlandi. Þar myndi ríkissjóður greiða um 3.5 millj. kr. hverju umdæmi, en landshlutasamtökin um 1.5 millj. hvert um sig. Á Norðurlandi og á Reykjanesi áætlast stofnkostnaður um 6.4 millj. kr., þar af greiddi ríkissjóður 4.2 millj. kr., en landshlutasamtök 2.2 millj. kr. á hvorum stað. Í Reykjavík áætlast stofnkostnaður um 8 millj. kr. með um 5 millj. kr. í hlut ríkissjóðs og um 3 millj. í hlut borgarsjóðs.

Sem stendur er áætlaður árlegur kostnaður ríkissjóðs vegna sambærilegra verkefna þessi.

Framlag til fræðsluskrifstofu í Reykjavík, Kópa- Kópavogi og Hafnarfirði	ca.	4	millj.	kr.
Námsstjórar (sveðisnámsstjórar)	—	3	—	—
Eftirlit og kennsluleiðbeiningar	—	3	—	—
Samtals	ca.	10	millj.	kr.

Um kostnað sveitarfélaga vegna sambærilegra verkefna nú voru ekki handbærar fullnaðar upplýsingar, en helztu þættir hans munu vera:

Kostnaður Reykjavíkur, Kópavogs og Hafnarfjarðar af fræðsluskrifstofum, sem lauslega má áætla 6 millj. kr., er ekki fyllilega sambærilegur þeim verkefnum, sem fræðsluskrifstofum eru ætluð í frumvarpinu, þar sem þessar stofnanir eru öðrum

þræði hluti stjórnunarkerfis viðkomandi bæjarfélaga og annast sem slíkar störf, sem ekki eru í verkahring fyrirhugaðra fræðsluskrifstofa. Einnig fjalla þessar stofnanir nú um málefni annarra skóla en barna- og gagnfræðastigsskóla. Hæfilegt þykir að áætla, að um helmingur framlags þessara sveitarfélaga nú, eða um 3 millj. kr., teljist sem framlag til fræðsluskrifstofu vegna barna- og gagnfræðastigsskóla.

Kostnaður Reykjavíkurborgar vegna sálfræðideildar skóla var á árinu 1971 um 2.7 millj. kr. og verður hér gert ráð fyrir 3.5 millj. með tilliti til verðlagsbreytinga. Sveitarfélögin í Reykjanesumdæmi reka og sálfræðiþjónustu og er árlegur kostnaður nú áætlaður um 2.5 millj. króna.

Breytingar á kostnaði áætlast vera þessar.

Ríkissjóður:

Kostnaður samkvæmt yfirliti	34 910	þús. kr.
Helmingur leigugjalda	940	— —
Samtals	35 850	þús. kr.
Kostnaður nú áætlaður	10 000	— —
Mismunur	25 850	þús. kr.
verði af byggingu húsnæðis í öllum fræðsluumdæmum, áætlast hlutur ríkissjóðs í stofnkostnaði um	27 400	— —

Landshlutasamtök sveitarfélaga:

Kostnaður samkvæmt yfirliti	23 240	þús. kr.
Helmingur leigugjalda	940	— —
Samtals	24 180	þús. kr.
Kostnaður nú áætlaður	9 000	— —
Mismunur	15 180	þús. kr.
Af áætluðum byggingarkostnaði kæmu í hlut landshlutasamtaka sveitarfélaga samtals	13 400	— —

Fæðiskostnaður, sem ríkissjóður greiðir, þegar 3 eða fleiri systkin dveljast í heimavist.

Athugaður var fjöldi systkina á aldrinum 9—16 ára, þ. e. þeirra aldursflokka á grunnskólastigi, sem ætla verður dvöl í heimavist, þegar önnur úrræði til skólagöngu eru ekki fyrir hendi.

Athugunin náði til 2149 barna í dreifbýli. Af þessum fjölda voru 326 börn, sem áttu a. m. k. 2 yngri systkin, en þó innan tilgreindra aldursmarka. Svarar það til 15.2% af heildarfjöldanum.

Gera má ráð fyrir að samtals verði nemendur í heimavist á grunnskólastigi 2—3000 talsins. Þar af mun stór hluti eingöngu verða í heimavist í tvö ár, en aðrir í sjö ár, og eru það aðeins þeir sem skipta máli. Hér verður reiknað með, að fjöldi þeirra verði um 2000. 300 þeirra fengju efniskostnað fæðis greiddan úr ríkissjóði. Miðað við 100 kr. á dag og að jafnaði 200 dvalardaga á nemanda yrði fjárhæð þessi um 6 millj. kr. á ári.

Samandregið yfirlit.

Að lokum skal hér dregið saman í yfirlit sá kostnaðarauki við skólarekstur, sem fjallað hefur verið um, og kostnaðarauki áætlaður.

Kostnaðarauki í millj. kr.

	Hluti ríkissjóðs	Hluti sveitarsj.	Samtals
Laun vegna kennslu og annarra skyldra starfa innan skóla	126		126
Þar af vegna:			
— félagsstarfa	(12)		(12)
— bókasafna	(24)		(24)
— kennslu	(90)		(90)
Annar rekstrarkostnaður	15	45	60
Endurmenntun kennara	38		38
Fræðsluskrifstofur	26	15	41
Þar af vegna:			
— ráðgjafar og sálfr.þjón.	(17)	(11)	(28)
— námsstjórnar	(1)		(1)
— fræðsluskrifstofu	(8)	(4)	(12)
Kostnaðarþátttaka ríkissjóðs vegna þriggja eða fleiri systkina í heimavist	6		6
Rannsóknarstarfsemi	16		16
Fagnámsstjórn	2		2
Samtals	229	60	289

Um gildistöku og framkvæmdatíma.

Frv. þetta mun, ef að lögum verður, hafa í för með sér verulega gjaldaaukningu fyrir ríkissjóðs og sveitarfélög og þar sem erfitt er að færa í dálka í krónum og aurum hagnaðinn af því, sem varið er til menntamála, þá hættir mönnum til að horfa of fast á útgjöldin ein. Vissulega þarf að gera sér glögga grein fyrir fjárhagshlið skólamála og hvernig þar verði hyggilegast haldið á málum. Grunnskólanefnd hefur reynt að gera sér og öðrum ljóst með þeim upplýsingum og útreikningum, sem frumvarpinu fylgja, hver kostnaðaráhrif frv. verða. Aukið skólastarf, lenging skólaskyldunnar um eitt ár og árleg lenging hefur í för með sér verulegan kostnaðarauka, einnig störf fræðslustjóra og fræðsluskrifstofa, sálfræðiþjónusta, sérstofnanir, sem gert er ráð fyrir að komið verði á fót fyrir þá nemendur, sem ekki geta fylgt öðrum í námi og sem stofnanir eru ekki þegar til fyrir, aukið framlag til félagsstarfs skólanna, stórefling skólabókasafna o. m. fl., allt þetta og aðrar nýjungar frumvarpsins er talið að kosti ríkissjóð um kr. 229 millj. kr. á ári og sveitarfélög kr. 60 millj. á ári til viðbótar því sem nú er greitt. Á móti vænta menn betri kennsluhátta og betri kennsluárangurs. En eins og áður segir, þá er erfitt að færa slíkt í dálk og benda á hagnað í krónum og aurum, og því finnst sumum sem ekkert komi á móti nema óvissan ein.

Útgjaldaaukinn kemur ekki allur fram þegar í stað og ber margt til þess. Mótun sálfræðiþjónustu og sérkennslustofnana, sem frv. gerir ráð fyrir, tekur langan tíma, bæði vegna skorts á sérfræðingum og starfsaðstöðu, en lögð er áherzla á að ekki sé hrapað að neinu. Þannig er um fleiri atriði. Hefur nefndin því talið, að ekki sé raunhæft að ætla skemmri tíma en tíu ár til þess að koma hinni nýju löggjöf í fulla framkvæmd. Af þessu leiðir, að kostnaðurinn fellur á smám saman á þessu tíu ára bili, en engan veginn allur á fyrsta eða fyrstu árum. Ýmsum kann að virðast þetta langur tími og seint að bíða árangurs, og nefndin væntir þess, að framkvæmdir gangi hratt, þótt hraðinn megi ekki vera á kostnað vandaðs undirbúnings.

Gert er ráð fyrir, að kostnaðaraukinn, annar en stofnkostnaður, sem af frv. leiðir, ef að lögum verður, falli á frá og með árinu 1974 sem hér segir:

a) Laun vegna kennslu og annarra starfa innan skóla, svo og annar almennur rekstrarkostnaður á 6 árum.
b) Endurmenntun kennara á 4 árum.

c) **Rannsóknarstarfsemi á 8 árum.**
d) Fagnámsstjórn á fyrsta ári.
e) **Ráðgjafar- og sálfræðiþjónusta á 10 árum en þó hægar fyrstu 3—5 árin.**
f) **Rekstur fræðsluskrifstofu og námstjórn í umdæmum á 3 árum.**
g) **Fæðiskostnaður vegna 3 eða fleiri systkina í heimavist á öðru ári.**

Samkvæmt þessu myndi útgjaldaukningin dreifast svo:

	Millj. kr.		
	Ríki	Sveitarfélög	Samtals
1974	41.5	8.5	50
1975	44.5	8.5	53
1976	38.5	8.5	47
1977	37.5	8.5	46
1978	27.5	8.5	36
1979	27.5	9.5	37
1980	4	2	6
1981	4	2	6
1982	2	2	4
1983	2	2	4

Fylgiskjal I.

ÚTDRÁTTUR ÚR UMSÖGNUM.

Menntamálaráðuneytinu hafa borizt allmargar umsagnir um grunnskólafrumvarpið og frumvarp til laga um skólakerfi. Grunnskólanefnd hefur gert útdrátt úr þessum umsögnum og birtist hann hér sem fylgiskjal.

Umsagnirnar eru 39 alls, þar af bárust 12 umsagnir vegna auglýsingar, er grunnskólanefnd setti í dagblöðin 18. júlí 1972.

Flestar dagsetningar miðast við umsagnirnar sjálfar, en nokkrar (er komu ódagsettar) við þann dag, er þær bárust ráðuneytinu. Örfáar eru ódagsettar (skammst. óds.).

I. Frá sveitarfélögum:

óds.	1.1.	Sambandi íslenzkra sveitarfélaga.
10.6. 72	1.2.	Menntamálanefnd Fjórðungssambands Norðlendinga.
4.10.71	1.3.	Bæjarstjóranum í Neskaupstað.
10.12.71	1.4.	Oddvita Aðaldælahrepps, S.-Þing. (fundarsamþykkt hreppsnefndar).
28.1. 71	1.5.	Oddvita Saurbæjarhrepps, Eyjafirði (ályktun fundar oddvita, skólanefndarformanns og kennara).
4.12.71	1.6.	Oddvita Dyrhólahrepps, V-Skaft., f. h. hreppsnefndar.
29.6. 72	1.7.	Oddvita Stöðvarhrepps, S.-Múl.
6.7. 72	1.8.	Oddvita Bæjarhrepps, Strand.

II. Frá samtökum bænda:

5.3. 71	2.1.	Búnaðarfélagi Íslands (Ályktun Búnaðarþings 1971).
19.1. 71	2.2.	Stéttarsambandi bænda.

III. Frá kirkjunni:

13.1. 71	3.1.	Kirkjuráði.
óds.	3.2.	Prestastefnu Íslands 1970.

IV. Frá kennurum, skólastjórum, námsstjórum o. fl.:

15.1. 71	4.1.	Stjórn Félags háskólamenntaðra kennara (F.H.K.).
26.3. 71	4.2.	Ráðstefnu F.H.K. um frumvarp til laga um grunnskóla og Kennaraháskóla.
11.7. 72	4.3.	Sambandi íslenzkra barnakennara (S.Í.B.).
26.6. 71	4.4.	Fundi skólastjóra gagnfræða-, héraðs- og miðskóla í Héraðsskólanum að Reykjum.
22.2. 71	4.5.	Skólastjórafélagi Íslands.
6.1. 71	4.6.[1])	**Námsstjórunum Þórleifi Bjarnasyni, Valgarði Haraldssyni, Helga** Jónassyni og Karli Guðjónssyni.
24.2. 71	4.6.[2])	Karli, Helga, Valgarði og Þórleifi. (Endurskoðað álit þeirra, fyrri breytingartillögur dregnar til baka). Undirritað af Karli Guðjónssyni og Helga Jónassyni.
17.1. 71	4.7.	Samtökum íslenzkra kennaranema.
1.2. 71	4.8.	Kennarafélagi Kennaraskóla Íslands.
15.12.71	4.9.	Kennarafélagi barnaskóla Kópavogs.

V. Frá öðrum aðilum:

10.1. 71	5.1.	Sálfræðingafélagi Íslands.
21.1. 71	5.2.	Kvenfélagasambandi Íslands.
11.12.70	5.3.	Verzlunarráði Íslands.
25.11.71	5.4.	Landssambandinu gegn áfengisbölinu.

7.4. 71 5.5. Verkfræðingafélagi Íslands.
23.3. 71 5.6. Stúdentaráði Háskóla Íslands.
6.7. 72 5.7. Kvenfélagasambandi Strandasýslu.

Umsagnir:

I. Frá sveitarfélögum:

1.1. Harmað, að sveitarfélögin voru ekki með í ráðum. Höfuðatriði að tryggja fjárhagslegan grundvöll fyrir framkvæmd laganna.

Athugasemdir við einstakar greinar:

10. gr. Fráleitt er að skylda sveitarfélög til að greiða helming stofnkostnaðar við sérstofnanir og skóla fyrir afbrigðileg börn.

Ákvæði 30. gr. mega ekki útiloka möguleika til að reka fámenna skóla.

38. og 39. gr. Lögð áherzla á náin tengsl sveitarstjórna og skólanefnda. Oddviti og bæjarstjóri í skólanefnd.

49.—51. gr. Fræðslustjórar og starfslið þeirra sé ráðið af landshlutasamtökunum.

69. gr. Ekki samkennslu margra aldursflokka.

71. og 72. gr. Víða verður að leggja niður fámennar deildir og af því kostnaður, ef ákvæðunum verður framfylgt.

93. gr. Greininni fagnað, en skýr ákvæði séu um, að ríkissjóður greiði öll laun þeirra, sem starfa í forskóla.

Ákvæði XIV. kafla um sálfræðiþjónustu verði heimildarákvæði.

1.2. Taka ber fullt tillit til álits starfandi skólamanna í dreifbýli. Slæmt, að enginn fulltrúi frá skólum dreifbýlisins skyldi vera í nefndinni.

Um 1. kafla:

Stuðningi lýst við álit kirkjuþings og Félags skólastjóra gagnfræðastigsins (sjá 4.4.).

Um 2. kafla:

Lenging skólaskyldunnar í 9 mánuði óframkvæmanleg í dreifbýli, einkum í sveitum, því „varhugaverð mismunun“, ef starfstími þéttbýlisskóla verður lengdur.

Um 3. kafla:

Endurskoða ber norm byggingardeildar ráðuneytisins. Minnzt á þröngan fjárhag litilla sveitarfélaga. Fræðsluumdæmin verði ákveðin í samráði við samtök sveitarfélaga.

Um 4. kafla:

Rýmka ber reglur 30. gr. aðallega vegna smærri sveitarfélaga. — Taka ber tillit til stærðar skóla og ýmissa tilgreindra þarfa, þegar þátttökuhlutur ríkisins er ákveðinn.

Um 5. kafla:

Atriðin í 35., 36. og 37. gr. verði í reglugerð. Einfalda stjórnun grunnskóla. Hvert fræðsluumdæmi hafi sem mesta sjálfstjórn.

Um 6. kafla:

Starfstími skóla ekki einskorðaður. Fjöldi nemenda í deild ekki meiri en 25. Leyfa ber stundum að starfrækja skóla, þótt meðalfjöldi nái ekki 15 nemendum, sbr. 72. gr.

Nefndin samþykk atriðum 7., 8. og 9. kafla.

Um 10. kafla:

91. gr. falli niður, verði sett í reglugerð.

Nefndin samþykk 11., 12., 13. og 14. kafla.

Samræma ber allt skólakerfið, ljóst sé, hvaða námsbrautir opnist að grunnskóla loknum.

1.3. Bæjarstjórn Neskaupstaðar samþykk umsögn stjórnar sambandsins, (sjá 1.1.), utan það, að oddviti verði sjálfkjörinn í skólanefnd og bæjarstjóri sé í skólaráði, því er bæjarstjórnin andvíg, og ekki tekur hún undir þá kröfu, að fræðslustjórar og starfslið þeirra sé ráðið af landshlutasamtökunum.

1.4. Greiðslugetu sveitarfélaga sé ekki ofboðið. Gætt verði jafnréttis dreifbýlis og þéttbýlis.

1. Kostnaður við stofnanir fyrir afbrigðileg börn greiðist úr ríkissjóði.
2. Réttur skóla til starfsfólks verði sveigjanlegri. Gæzla fyrir heimavistarskóla.
3. Breyttar reglur um kjör í skólanefnd, ef tvö sveitarfélög eru um skólahverfi.
4. Kostnaður á hvern nemanda verði sem jafnastur í dreifbýli og þéttbýli.
5. Sett verði inn í 62. gr. heimild til styttingar námstíma í 7 mánuði fyrir 9—16 ára og í allt að 2 mánuði fyrir 7—8 ára börn. — Ósannað mál að 9 mánaða skólatími skili meiri árangri en 7 mánaða skólatími. — Varhugavert að 7—8 ára börn séu fjarri heimilum sínum í 9 mánaða skóla.
6. Hámark 2—3 aldursflokkar í sömu bekkjardeild.
7. 71. og 72. gr. verði felldar niður.
8. Störf prófdómara ekki lögð niður.
9. Kostnaður við sálfræðiþjónustu greiðist úr ríkissjóði.

1.5. Ekki verði sama skólaskylda í dreifbýli og þéttbýli, nema með undanþágu fyrir dreifbýlið. Börn í dreifbýli hafa ekki orðið á eftir, þótt þau hafi fengið færri kennslustundir. — 7 ára börn fari ekki í heimavist. — Tími til stjórnunar sé utan við kennsluskyldu í skólunum. — Fyrsti og annar bekkur fræðsluskyldunnar verði bara í skóla annan hvern dag, annars ber á þreytu.

1.6. Skilja á milli fræðsluskyldu og skólaskyldu, sjá 2. gr. Ákvæði 62. gr. lítt framkvæmanleg í sveitum. Betra: Ákvæði um skólatíma 7—9 mánuðir, sveitarfélög taki ákvörðun innan þess ramma. — Skólaskylda má ekki hefta „starfrænt uppeldi". Þátttaka í atvinnulífinu er mikilvæg.

1.7. Hreppsnefndin telur, að við endurskoðun frumvarpsins beri að stefna að því, að öll unglingafræðsla verði látin fara fram í heimahéraði nemendanna alls staðar þar sem þéttbýliskjarnar eru.

Varðandi einstakar greinar tekur hreppsnefndin fram m. a.:

Menntamálaráðuneytinu er fengið of mikið vald í 13. gr., þar sem segir, að það ákveði skiptingu alls landsins í skólahverfi. 30. gr. er torskilin, nema fyrir liggi útreikningar skóla og samanburður við gildandi skólakostnaðarlög.

Hreppsnefndin leggur til, að lágmark vegna starfrækslu 7. og 8. bekkjar verði miðað við töluna 10 í stað 15, sbr. 72. gr.

Hreppsnefndin treystir sér ekki til að leggja endanlegan dóm á frumvarpið fyrr en fyrir liggi upplýsingar um, hvernig reksturs- og stofnkostnaður skiptist milli ríkissjóðs og sveitarfélaga, en slíkar upplýsingar eru ekki í frumvarpinu.

Áður en frumvarpið verður lagt fyrir Alþingi, ber að kynna það og ræða á fundum um allt land að dómi hreppsnefndarinnar.

1.8. Hér er um að ræða tillögu, sem samþykkt var í einu hljóði á almennum sveitarfundi, er haldinn var á Borðeyri 2. júlí 1972.

Kjarni tillögunnar er þessi:

Numið verði burtu úr frumvarpinu ákvæðið um lengingu hvers skólaárs, til þess að unglingarnir geti verið þátttakendur í árstíðabundnum sveitastörfum og unnið fyrir sínum skólakostnaði.

II. Frá samtökum bænda:

2.1. Ályktun Búnaðarþings 1971.

Höfuðatriði: Sett verði heimildarákvæði til að stytta árlegan námstíma 9—16 ára í 7 mánuði, 7—8 ára í allt að 2 mánuði. — Ekki fleiri en 2 árgangar í bekkjardeild. — Störf prófdómara áfram. — Gæzlulið fyrir heimavistarskóla. — Heildarútgjöld á hvern nemanda ekki meiri í sveitum en þéttbýli.

2.2. Talin „eðlileg þróun“, að skólaganga sveitabarna lengist, en það kallar á stóraukna fjármuni. — Heimild til að stytta skólavist yngstu barnanna, án þess að slaka á námskröfum. — Aukin fjárframlög til skólahalds í deifbýli. — Sérstakir námsstyrkir. — Ekki nema 2 aldursflokkar í bekkjardeild. — Gæzlulið fyrir heimavistarskóla. — Fastráðið starfsfólk fræðsluskrifstofu og þeir, sem gegna ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu taki laun hjá ríkinu. Prófdómarar verði áfram. Aðstaða víða um land ónóg til að fullnægja ákvæðum frumvarpsins.

III. Frá kirkjunni:

3.1. Annmarkar eru á frumvarpi um grunnskóla hvað snertir stöðu kristinna fræða. Ákvæði í frumvarpinu kveði skýrt á um fræðslu í kristnum lífsviðhorfum og siðgæði. Krafizt breytinga á 1. gr. og 63. gr. í samræmi við ofannefnt.

3.2. Ítarlegur formáli um móðurhlutverk kirkjunnar. Fræðsla hennar lengst af talin vera uppistaðan í þjóðaruppeldinu. Hættur efnishyggju steðja að, þess vegna ennþá brýnna að kenna kristin fræði og siðfræði. Auka ber kristna fræðslu og koma henni sem víðast inn í skólakerfið. Áherzla lögð á vel menntaða kennara. Krafa um stofnun námsstjóraembættis í kristnum fræðum. Áherzla lögð á hentugar kennslubækur og fjölbreytt hjálpargögn.

IV. Frá kennurum, skólastjórum, námsstjórum o. fl.:

4.1. Helztu atriði þessarar umsagnar koma fram í 4.2.

4.2. Ítarleg ályktun frá ráðstefnu F.H.K. um grunnskóla og K.H.Í. — Mörgum ákvæðum frumvarpsins fagnað. — Grunnskóli geti skipzt í barna- og gagnfræðaskóla. — Markmiðsgreinin gagnrýnd fyrir „afstæða og óljósa siðferðilega viðmiðun“ ,krafizt hlutlægrar skilgreiningar. — Önnur helztu atriði ályktunarinnar:

1. Áherzla lögð á aukið lýðræði í stjórnun skólamála, á hlutdeild kennara og nemenda í stjórnun. — Fulltrúar kennara í skólanefndir og skólaráð (2 í skólanefndir og skólaráð og 4 fulltrúar kennara í fræðsluráð Reykjavíkur, sem verði skipað 11 mönnum). — Skólastjóri og kennarafundur stjórni starfi hvers skóla eða kennararáð fái úrskurðarvald í hverjum skóla til jafns við skólastjóra. — Skólastjóri sé ráðinn til fjögurra ára í senn.
2. Fræðsluumdæmin og sérstök fræðslumálaskrifstofa fái traust framkvæmdavald að mestu óháð ráðuneytinu. Aðgreina skal kennslufræðileg mál og pólitísk mál (t. d. fjármál).
3. Námsstjórn í kennslugreinum verði efld.
4. Óheppilegt að rígskorða starfstíma grunnskóla eins og gert er í 62. gr.
5. Skólarannsóknir heyri undir rannsóknarstofnun í uppeldis- og kennslufræðum, en nýjungar í skólastarfi undir fræðslumálaskrifstofu.
6. Tryggja þarf betur en gert er í frumvarpinu, að skólabókasöfn verði virkur þáttur í starfi skólanna.
7. Ráðgjafar- og sálfræðiþjónusta sé í tengslum við heilbrigðisþjónustuna.
8. Frumvarpið er of langt, ýmislegt ætti betur heima í reglugerð.
9. Endurskoðun skólakerfisins handahófskennd, ekki endurskoðað í rökréttri röð.
10. Mælt með lengingu skólaskyldunnar.

4.3. Í þessu áliti er engin veruleg gagnrýni eða miklar breytingartillögur, heldur fyrst og fremst tillögur um minni háttar orðalagsbreytingar.

Breytingartillaga við 30. gr.:

Liður d) 10 ára breytist í 9 ára.
— f) Niður falli skrifstofustörf.
— e) bb) breytist í 3,5%.
— **cc) breytist í 4%.**
— **ee) breytist í 2%.**

Ákvæði 30. gr. nái ekki til stofnana fyrir afbrigðileg börn, sbr. 9. og 10. gr. — Stefna ber að 5 daga vinnuviku, sbr. 62. gr. — Færri nemendur séu í bekkjardeild en 68. gr. og 69. gr. gera ráð fyrir. —Breytingartillaga við 91. gr., stytting.

4.4.

Um 1. kafla:

Bent á að framvarpið þurfi frekari athugunar við, sumt ætti fremur að standa í reglugerð. — Tekið undir kröfu Kirkjuráðs og Prestastefnu 1970 um „siðgæðislegt og félagslegt uppeldi byggt á kristnum grunni".

Um 2. kafla:

Skólaskylda verði 7—15 ára, þ. e. óbreytt frá því sem nú er. — Ef misbrestur verður á skólahaldi vegna vanrækslu eða vangetu sveitarfélags, sé menntamálaráðuneytið skylt að sjá um úrbætur.

Um 3. kafla:

Endurskoða ber norm byggingardeildar ráðuneytisins. Meta ber þátttökuhlutfall ríkissjóðs í byggingarframkvæmdum. Einsett húsnæði. Í sambandi við 17., 18. og 58. gr. komi ætíð til álit skólastjóra.

Um 4. kafla:

Yfirkennarar verði fastráðnir ríkisstarfsmenn. — 30. gr. verði endurskoðuð frá grunni.

Um 5. kafla:

Yfirstjórn skólamála verði ætíð í höndum menntaðra og reyndra skólamanna, fræðslustjóraembættið nefnt í þessu sambandi. — 35. og 36. gr. verði reglugerðaratriði og 37. gr. falli niður. Fræðslustjóri sé ráðinn til 6—9 ára í senn. — Engin sérákvæði vegna fræðslustjóra fyrir Reykjavík.

Um 6. kafla:

Starfstími skóla verði ekki einskorðaður. — Nemendafjöldi í bekkjardeild verði ekki of hár.

Um 7. kafla:

Ánægja með hann.

Engar athugasemdir um 8. og 9. kafla.

Aðeins athugasemd við 91. gr. í 10. kafla.

Ánægja með 11. og 12. kafla.

Um 14. kafla:

Félags- og skólaráðgjafar verði starfsmenn skólans.

4.5. Sagt í formála, að frumvarpið sé í heild fagnaðarefni. Fræðsluskrifstofurnar verði nokkuð sjálfstæðar í starfi. Fræðslumálaskrifstofu sé komið á fót eða deild í ráðuneytinu, sem fari með öll kennslumál og hafi fólki á að skipa, sem hefur sérþekkingu á þeim málum.

Aðrar athugasemdir:

Um 2. kafla:

Ákvæðum í 10. gr. fagnað.

Um 4. kafla:

Skólastjóra sé heimilt að sitja fundi skólanefnda, sbr. 24. gr. — Svo vel verði um hnútana búið í sambandi við 30. gr., að enginn ágreiningur verði um túlkun hennar.

Endurskoða ber liði:

e) aa)

bb) ákvæði hans talin alveg út í hött, þ. e. þessi 1.0%, cc) „6—9" falli niður,

ee) algert lágmark.

Lögð er mikil áherzla á, að 80% ákvæðið í 30. gr. falli niður, þ. e. „Eigi skal að jafnaði skipa fleiri kennara en sem nemur ...". Ákvæðið í fyrri skólakostnaðarlögum talið bezt (núverandi 19. gr. fordæmd). Að lokum segir, um 30. gr. „að framkvæmd laganna sé algerlega undir því komin, hvernig hún sé túlkuð".

Um 5. kafla:

Hvert foreldrafélag setji sér sjálft lög.

Um 6. kafla:

Tekin verði upp 5 daga skólavika og þá gerð breyting á 62. gr. Í sambandi við 65. gr. þá séu kennslustundir lengstar 80 mín. og eigi styttri en 20 mín. — Nemendafjöldi fari ekki fram úr 30 í bekk, sbr. 68. gr. — Lögð til orðalagsbreyting á 70. gr. svo hljóðandi: „Fræðslustjóri eða skólafulltrúi leggur fyrir skólastjóra o. s. frv.“.

Um 8. kafla:

Í 81. gr. falli „Reykjavíkurborg“ brott, en í stað komi fulltrúi frá samtökum skólastjóra og kennara.

Um 10. kafla:

Athuga ber 91. gr.

Um 14. kafla:

Kaflinn þarfnast nánari athugunar. Við síðustu málsgrein 98. gr. bætist: „í samráði við skólastjóra“. — Þessari umsögn fylgir ítarlegt álit um skólabókasöfn eftir Vilberg Júlíusson. — Lokaorð álitsins eru þessi: „Til bókasafnsstarfa og kennslutækja skal ætla af hámarki reiknaðra stunda í grunnskóla (ekki hverfi) 5.5%“.

4.6.[1]) Frumvarpið talið miða í rétta átt og boða miklar framfarir. Athugasemdir bundnar við fræðslustjóra og fræðsluskrifstofur svo til eingöngu. — Breytingartillaga í þessu skyni, þ. e. varðandi fræðslustjóra og fræðsluskrifstofur, gerðar við eftirtaldar greinar, 15., 39., 40. og 47., þar sem lögð er áherzla á, að Reykjavík, Kópavogur og Hafnarfjörður séu hvert um sig sérstök fræðsluumdæmi, en fræðslustjórum þar heimilt að starfa á stærri svæðum. — Einnig athugasemdir við 51. og 52. gr. — Stutt greinargerð fylgir.

4.6.[2]) Endurskoðað álit fræðslustjóranna, sbr. 4.6.[1]). — Nákvæmlega sömu athugasemdir við 15., 39. og 40. gr. og í 4.6.[1]). — Sami kjarni í 47. gr. og í 4.6.[1]). — Sama athugasemd við 51. gr. og í 4.6.[1]). — Athugasemd við 52. gr. engin.

4.7. Engin umsögn, en sagt að starfshópur á vegum samtakanna muni fjalla um frumvörpin.

4.8. Athugasemdir gerðar við eftirfarandi greinar:

49. gr. Menntamálaráðherra ráði vali allra fræðslustjóra, líka í Reykjavík.

81. gr. Mjög óeðlilegt að Reykjavíkurborg tilnefni fulltrúa í uppeldisrannsóknanefnd.

93. gr. Ekki slíkan forgangsrétt, sem um ræðir í greininni, þar sem slíkur réttur til starfs er ekki nefndur annars staðar.

101. gr. Kemur ekki til mála, að fræðslustjóri geti upp á sitt eindæmi hafnað starfskrafti með tilskilda menntun og starfsreynslu.

67. gr. Óheppilegt að skerða jólaleyfi 7—12 ára barna. Orðalag um námsefni í 63. gr. þótti loðið. Sumir óánægðir með nafnið grunnskóli. Engin gagnrýni kom fram á aðalefni og stefnumið frumvarpsins.

4.9. Ítarlegt álit um grunnskólafrumvarpið. — Lögð áherzla á mikilvægi markmiðs kaflans, ætti að orðast skýrar og undirstrika sjálfstæði í hugsun, dómgreind og þor til að gagnrýna svo og virka þátttöku í þjóðfélaginu.

Um 2. kafla:

Áherzla skal lögð á fræðsluskyldu, ekki þvinga til náms. Óæskilegt talið, að börn innan 10 ára séu í heimavistarskólum. Ríkið taki meiri þátt í fæðiskostnaði í heimavistarskólum.

Um 3. kafla:

Miðstjórnarvald talið of mikið. Sjálfstæði einstakra skóla og frumkvæði kennara of takmarkað. — Ekki sitji eingöngu stjórnmálamenn í fræðsluráðunum, heldur líka fulltrúar kennara (undirstrikað aftur í sambandi við 52. gr.). —

Ekki tvö nöfn skólanefnd og skólaráð. — Kennarar og skólastjórar hafi tillögurétt um gerð skólahúsnæðis.

Um 4. kafla:

Talið, að í 24. gr. komi fram lítilsvirðing á hinum almenna kennara. Kennarar í grunnskóla fái aðild að stjórn síns skóla. Félagsstarfsemi nemenda sé ekki einungis bundin við 6.—9. bekk. Ákvæðum um orlof í 32. gr., fagnað.

Um 5. kafla:

Kennararáð í þessari mynd talið gagnslítið. — Sbr. 34. gr. — Kennarar séu gerðir ábyrgir með aðild að stjórn skóla. — Ekki að fastmóta um of í lögum þátttöku foreldra, sbr. 35. gr. — Menntamálaráðuneytið skipti sér ekki af nemendaráðum, sbr. 36. gr. — Samstarfsnefnd óþörf, sbr. 37. gr. — Í sambandi við 38. og 39. gr. er sett fram krafa um, að kennarar eigi sæti í skólanefndum. — Í 49. gr. vantar ákvæði um menntun og starfssvið fræðslustjóra. — Getur Kópavogur ekki verið sérstakt fræðsluumdæmi?

Um 6. kafla:

Ákvæði í 63. gr. um, að ekki skuli krefjast hins sama af öllum nemendum, er ekki nógu vel orðað. Hvernig verður framkvæmdin? — Allir skólar verði einsetnir. — Í 64. gr. ætti að kveða á um vikulegan kennslutíma kennara. Ekki fleiri nemendur í bekk en 20—25. — 71. og 72. gr. hljóta að koma illa við dreifbýlið.

Um 7. kafla:

Ánægja með hann.

Um 8. kafla:

Ein rannsóknastofnun uppeldismála. Ekki rétt, að Reykjavíkurborg eigi aðild að uppeldisrannsóknarnefnd, sbr. 81. gr.

Um 10. kafla:

Breyta 91. gr., sbr. álit uppeldismálanefndar S.Í.B.

Um 11. kafla:

Athuga um tengsl grunnskóla við dagheimili og leikskóla.

Um 12. kafla:

94 gr. fagnað.

Um 14. kafla:

Ánægjulegt ákvæði, tengja umrædda starfsemi heilbrigðisþjónustunni.

V. Frá öðrum aðilum:

5.1. Lýst yfir ánægju með ákvæðin um sálfræðiþjónustu í þágu skóla. — Athugasemdir helztar: Kostnaður af ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu skiptist milli ríkis og sveitarfélaga á sama hátt og annar skólakostnaður, sbr. 96. gr. — Félags- og skólaráðgjafar og skólasálfræðingar fái einnig orlof, sbr. 32. gr. — Setja ber bein ákvæði í 101. gr. þess efnis, að B.A.-gráða í uppeldissálarfræði sé lágmarksmenntun til að vera ráðinn skólaráðgjafi. Hætta á misnotkun hinna óljósu ákvæða í greininni um hæfni starfsmanna. — Nauðsynlegt er, að einhver ákvæði séu sett um lágmarkssérmenntun stjórnunarmanna skóla og fræðslustjóra.

5.2. Lýst er ánægju í heild með efni frumvarpanna. — Skólastarfi sé hagað þannig, að æskufólki gefist kostur á að taka þátt í atvinnulífinu. — Lögð áherzla á fræðslu fullorðinna.

5.3. Gerð athugasemd við 6. gr. í frumvarpi til laga um skólakerfi. Greinin orðist þannig: „Kennsla er veitt ókeypis í öllum opinberum skólum“ (vegna einkaskóla eins og Verzlunarskóla Íslands).

5.4. Skipaður verði sérstakur fulltrúi bindindisfræðslu. — Gildandi reglugerð um bindindisfræðslu verði endurskoðuð.

5.5. Látin í ljós ánægja með frumvörpin í heild. — Athugasemd við 5. og 6. gr. í frumvarpi til laga um skólakerfi. — Viðvíkjandi 5. gr. er það sjónarmið undirstrikað, að um margs konar stúdentspróf geti verið að ræða. — Áherzla lögð

á „nauðsyn þess, að tryggja iðnlærðum mönnum tæknilega framhaldsmenntun með eðlileg tengsl við háskólastig“. — Lagt til að 6. gr. falli niður, ef ákvæðið stendur áfram getur svo farið að leggja verði niður ýmis námskeið vegna fjárskorts, svo sem námskeiðshald Stjórnunarfél. Íslands. — Engar athugasemdir við grunnskólafrumvarpið.

5.6. Allítarlegar athugasemdir um frumvarp til laga um skólakerfi, einkum tengsl framhaldsskólastigs og háskólastigs. Kjarninn er þessi: Allir framhaldsskólar ættu að geta veitt a. m. k. hluta af undirbúningsmenntun undir háskólanám. — Kröfur um undirbúningsmenntun ætti að miða við það, að menn kæmu í háskóla á aldursbilinu 17—20 ára, flestir 18—19 ára. — Um frumvarp til laga um grunnskóla segir, að það sé of ítarlegt, ýmislegt eigi heima í reglugerð.

5.7. Aðalfundur Kvenfélagasambands Strandasýslu gerir ályktun gegn lengingu hvers skólaárs. Í ályktuninni segir m. a., að lengingin muni stuðla að búferlaflutningi úr sveitum í þéttbýli.

VI. Umsagnir, er bárust v/auglýsingar grunnskólanefndar í dagblöðunum 18. júlí 1972.

óds. 6.1. Frá Landssambandi framhaldsskólakennara (L.S.F.K.).
16.8. 72 6.2. — Fræðsluráði Kópavogs.
17.8 72 6.3. — starfsfólki sálfræðideildar skóla í Reykjavík og Geðdeildar Barnaspítala Hringsins.
21.8. 72 6.4. — skólastjóra Lýðháskólans í Skálholti.
17.8. 72 6.5. — Friðbirni Gunnlaugssyni.
72 6.6. — Þórgný Guðmundssyni, skólastjóra, Sandi, Aðaldal.
17.8. 72 6.7. — Ólafíu E. Steinadóttur.
16.8. 72 6.8. — Ásu Stefánsdóttur, Mýrum, Miðfirði.
9.9. 72 6.9. — aðalfundi Búnaðarsambands Strandamanna.
14.9. 72 7.0. — Fjórðungssambandi Vestfirðinga.
14.8. 72 7.1. — Rannsóknastofnun vitundarinnar.
19.10.72 7.2. — Bókavarðafélagi Íslands.

6.1. Í þessari umsögn eru allmargar tillögur um orðalagsbreytingar, en engin veruleg gagnrýni á grundvallarstefnuna, sem birtist í frumvarpinu.

Lenging skólaskyldunnar er talin æskileg og tímabær, ef vissum skilyrðum er fullnægt t. d. að sérhæfðir starfskraftar séu fyrir hendi og stofnanir, sem geta veitt hverjum nemanda viðfangsefni við sitt hæfi.

Bent er á misræmi það, sem nú er á menntunaraðstöðu eftir búsetu. Skólaskylda verði ekki lengd í einstökum skólahéruðum, nema lengingin komi til framkvæmda um allt land á fáum árum.

Önnur helztu atriði umsagnarinnar:

1. Óæskilegt, að grunnskóli hafi allt að 9 aldursflokka samtímis undir sama þaki.
2. Ákvæðin um árlegan hundraðshluta af brunabótamati til viðhalds skólahúsa þarfnist endurskoðunar.
3. Ákvæði 19. greinar um skilyrði í lögum um kennaramenntun nái ekki til þeirra sem settir eru eða skipaðir, þegar lög um grunnskóla komi til framkvæmda.
4. Kennarar fái aðild að stjórn skóla, sbr. 34. gr.
5. Verksvið fræðslustjóra og fræðsluráða ákveðist með reglugerð.
6. Námsstjórar skulu einungis ráðnir úr hópi kennara og hafa 6—8 ára starfsferil að baki.
7. Vinnutími nemenda áætlaður of langur, sbr. 69. gr.
8. Ákvæði 91. gr. séu í reglugerð, er menntamálaráðuneytið setji í samráði við kennarasamtökin og ráðgjafar- og sálfræðideild skóla.
9. Nauðsynlegt er, að starfsmenn ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu hafi kennarareynslu.

6.2. Í þessari umsögn eru engar breytingartillögur við einstakar greinar.

Helztu ábendingar eru þessar:

1. Vafasamt að lengja skólaskylduna, en tryggja þarf fræðsluskyldu ríkis og sveitarfélaga.
2. Fræðsluráðið krefst þess, að fræðsluskrifstofurnar í Kópavogi og Hafnarfirði starfi áfram.
3. Skólahúsnæði sé þannig gert, að í því geti farið fram félagsstarfsemi eða kvöldkennsla í afmörkuðum hlutum húsnæðisins.
4. Skýr ákvæði um, að í stórum skólum sé yfirkennari.
5. Talan 30 nem. í bekkjardeild, sem nefnd er í frumvarpinu, er of há.
6. Tryggja þarf skólum haldgóð úrræði og áfrýjanlegt úrskurðarvald í meðferð afbrigðilega erfiðra nemenda.

6.3. Helztu athugasemdir og breytingartillögur eru þessar:

1. Eiga börnin að vera fyrir kerfið eða kerfið fyrir börnin? Mjög vel gefin börn virðast ekki fá kennslu við sitt hæfi í núverandi kerfi. Barnið fái kennslu við sitt hæfi með jafnöldrum í stað þess að raska eðlilegri skólagöngu þess. Flýting gáfaðra barna því hæpin ráðstöfun. Athugasemdir þessar komu fram við 8. og 9. gr.
2. Algjörlega óviðunandi, að engin ákvæði séu í frumvarpinu um menntun fræðslustjóra.
3. Fulltrúi sálfræðideildar skóla í Reykjavík eigi sæti í uppeldisrannsóknanefnd.
4. Það, sem um er rætt í 91. gr., á fremur heima í reglugerð.
5. Skólaráðgjafar hafi sálfræðimenntun. Sálfræðingafélag Íslands sé umsagnaraðili við ráðningu skólaráðgjafa.
6. Það þarf að gera endurbætur á 97. gr., einkum með tilliti til rannsóknastarfa á vegum sálfræðideildar skóla, almenns leiðbeiningarstarfs og samvinnu við kennara og skólastjóra.
7. Krafizt breytingar á 101. gr. þar sem stendur: „Nú getur fræðslustjóri . . . ". Þessum athugasemdum og tillögum fylgir greinargerð.

Í greinargerðinni er m. a. lögð áherzla á nána samvinnu ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu í skólum við skólastjóra, kennara og foreldra og að endurskipuleggja beri starfsemi sálfræðideilda að nokkru marki vegna aðlögunar skólanna að síbreytilegu þjóðfélagi og nýrra sjónarmiða varðandi meðferð afbrigðilegra barna og „venjulegra" barna.

6.4. Í þessari umsögn er eingöngu fjallað um 1. gr. frumvarps til laga um skólakerfi.

Þar segir m. a., að umrædd lagagrein opni fyrir nokkra aðstoð við lýðháskóla á Íslandi, en girði hins vegar fyrir, að stuðningurinn komi að verulegum notum með því að skera honum svo þröngan stakk og binda hann í þeim skorðum svo lengi sem lögin eru í gildi. — Stuðningur, sem nemur helmingi útgjalda hrekkur skammt. — Beðið er um stuðning, er nemi allt að 85—100% allra útgjalda við stofnun og starfrækslu skólans og til stuðnings þessari ósk er vitnað til þess, hve rífleg framlög opinberra aðila séu til lýðskóla á Norðurlöndum.

6.5. Þessi umsögn beinist gegn skólaskyldu, en hún styður fræðsluskyldu, þ. e. skyldu ríkis og sveitarfélaga, til að halda skóla fyrir öll börn á aldrinum 6—16 ára.

Í umsögninni segir m. a.:

Réttur einstaklingsins til náms á að vera viðurkenndur, en honum hins vegar í sjálfsvald sett, hvort hann neytir hans.

6.6. Í þessari umsögn er snúizt gegn lengingu skólaskyldunnar. Talið er fráleitt að ætla sveitabörnum jafnlangan skólatíma árlega og börnum í höfuðborginni og öðrum þéttbýlissvæðum. Dreifbýlið hefur sérstöðu. — Ef lenging skólaskyldunnar bætist við löggjöf um 40 stunda vinnuviku og laugardagsfrí, sem nýlega

er gengið í gildi, þá hefur það óhjákvæmilega þær afleiðingar í för með sér að flóttinn úr sveitunum yrði meiri en nokkru sinni fyrr. Það eru ósannaðar fullyrðingar, að sveitabörn séu eftirbátar jafnaldra sinna í þéttbýli hvað námsárangur snertir. Í umsögninni er lagt til, að kannað verði gaumgæfilega, hvort sveitabörn séu eftirbátar þéttbýlisbarna í námi og miða þá t. d. við landspróf. Rétt er talið að verja nokkru fé og fyrirhöfn til að gera þessa könnun. — Sveitabörn og unglingar, hafa nóg verkefni á heimilum sínum í maí og september, sem jafngilda e. t. v. verklegu námi barna og unglinga í þéttbýli á þessu tímabili. — Varað er eindregið við því, að lögfesta 9 mánaða skólaskyldu ár hvert, 7 mánuðir talið hámark.

6.7. Í þessari umsögn, sem að meginhluta er formáli og greinargerð, segir m. a.:

Skólarnir þurfa að vinna að öllu, sem stuðlar að heilbrigði, lífsgleði og hamingju. Þroska þarf sjálfstæðan skilning á bókmenntum og listum. —

Til þess að komast í kennaranám þyrftu umsækjendur að vera 18 ára og hafa gott barnapróf. Kennarar útskrifist eftir tveggja ára nám. —

Að formála loknum koma nokkrar tillögur: Þessar eru helztar:

Í tengslum við hvern barnaskóla sé leikskóli, dagheimili og vinnuskóli. — Börnin verði í skóla 7 til 15 ára tvær til sjö klst. á dag.

6.8. Í þessari umsögn er m. a. lagt til, að enginn sé skyldaður til að sitja í skóla, heldur komið á prófskyldu. Það er talin fásinna, að skylda sveitabörn til að sitja í heimavistarskóla í 9 mánuði. Eindregið er mælt með heimanakstri. Árlegur skólatími sé ekki lengri en 7½—8 mánuðir. — Langur skólatími slævir námsáhugann.

6.9. Úr aðalfundargjörð Búnaðarsambands Strandamanna 8. og 9. sept. 1972:

„Aðalfundur Búnaðarsambands Strandamanna haldinn á Hólmavík dagana 8. og 9. sept. 1972, vill vekja athygli fræðsluyfirvalda á þeirri staðreynd, að aðstaða sveitafólks versnar að mun, ef grunnskólafrumvarp það, sem nú er á dagskrá verður óbreytt að lögum. Má í því sambandi nefna að þar er fyrirhugað að lengja verulega árlega skólagöngu. Mjög bagalegt er að missa unglinga frá bústörfum vor og haust. — Fundurinn telur að æskilegt væri að barna- og unglingaskólar væru 7 mánaða skólar og hæfust ekki fyrr en um 10. okt. og lyki eigi síðar en 10. maí. — Lenging skólatímans hjá börnum og unglingum sveitanna stuðlar að upplausn sveitaheimilanna og er því andstæð ákvæðum stjórnarsáttmálans um viðhald og eflingu sveitanna."

7.0. Hér á eftir er dregið saman í stutt mál, það sem Vestfirðingar leggja sérstaka áherzlu á að tekið verði til greina við endurskoðun grunnskólafrumvarpsins:

1. Það hefur komið skýrt fram í viðtölum við sveitarstjórnarmenn, að þeir telja skólamálin mikilvægari og valda meira um búsetu eða brottflutning fólks, en heilbrigðismálin. Sé aðstaða til skólahalds ekki fyrir hendi, flytji foreldrar með börn sín, fremur en vista þau í heimavistarskóla. Það sé því höfuðatriði, að hin væntanlega grunnskólalöggjöf auðveldi, fremur en torveldi, skólahald í fámennum héruðum, sem mörg hver eiga í vök að verjast.
2. Að ekki komi til greina, að börn í 1. námsáfanga (1. til 4. námsári) dveljist í heimavistarskóla, nema engir aðrir möguleikar séu fyrir hendi. Heimanakstur barna verði því að taka upp, hvar sem mögulegt er, og ríkið styrki rekstur og kaup snjóbíla, þar sem talið er nauðsynlegt að nota slíka bíla til akstursins.
3. Í öðrum námsáfanga (5. til 7. námsári) komi til greina að nemendur séu í heimavist, ef það er óhjákvæmilegt, en þá sé þeim ekið heim um helgar (t. d. síðdegis á föstudegi og í skóla á mánudagsmorgun) svo þau rofni ekki úr tengslum við heimili sín.
4. Fimm daga kennsluvika verði í öllum heimanakstursskólum og þeim heimavistarskólum, þar sem mögulegt er að aka börnum heim um helgar, enda verði námsyfirferð ekki skert.

5. Ríkissjóður greiði a. m. k. 85% af kostnaði við akstur barna til og frá skóla og auk þess styrk til snjóbíla, sbr. lið 2.
6. Unnið verði að því, að nám nemenda í heimavistarskólum sé ekki kostnaðarsamara fyrir heimilin en þeirra nemenda, sem stundað geta nám við heimangöngu- eða heimanakstursskóla.
7. Að ekki verði skert þátttaka ríkissjóðs í kostnaði skóla fyrir 1.—7. námsár, þótt þeir verði fámennari en almennar reglur mæla fyrir um. Verði í þessum efnum farið eftir áliti fræðslustjóra umdæmisins.
8. Veittar verði nokkrar undanþágur frá almennum ákvæðum laganna, þar sem aðstæður eru á þann veg, að ekki er unnt að framfylgja lögunum til hlítar, enda verði tryggt, að viðunandi árangur náist við námið.
9. Í heimanakstursskólum verði börnum, sem bíða þurfa heimferðar, sköpuð aðstaða til lestrar, meðan beðið er.
10. Í hverju sýslufélagi verði a. m. k. einn skóli, þar sem hægt sé að ljúka skyldunámi. Skólar, sem starfa á 1. og 2. námsáfanga, séu undir eftirliti og njóti stuðnings þess skóla í sýslufélaginu, sem starfar á 3. námsáfanga (8. og 9. námsvetri) til að tryggja, svo sem föng eru á, að námsyfirferð og undirbúningur barnanna sé sem jafnastur í skólunum.
11. Yfirhöfuð verði tryggt að ekki falli aukakostnaður á sveitarsjóðina, umfram það, sem nú er, vegna þeirra breytinga, sem gerðar kunna að verða á skólalöggjöfinni.

Helztu athugasemdir og breytingartillögur Fjórðungssambands Vestfirðinga við einstakar greinar frumvarps til laga um grunnskóla:

1. gr. Allir sammála um markmið grunnskólafrumvarpsins, hvað snertir jafnan rétt nemenda og tækifæri til menntunar. Menn greinir fremur á um, hvert samspil skóla, heimila og félagslegra kringumstæðna sé heppilegast til að þegnarnir verði nýtir og víðsýnir.

3. gr. Lenging skólaskyldunnar hefur almennt fallið Vestfirðingum vel í geð, en lenging árlegs námstíma mælist ekki eins vel fyrir.

5. gr. Nauðsynlegt að veita undanþágu í nokkrum skólahverfum á Vestfjörðum frá ákvæðum í 2. og 62. gr.

10. gr. Sveitarfélög greiði ekki helming stofnkostnaðar skóla og sérstofnana fyrir afbrigðileg börn, skv. 9. gr. Stofnkostnaður slíkra stofnana falli undir heilbrigðismál.

14. gr. Stærð fræðsluumdæmanna verði miðuð við núverandi mörk landshlutasamtaka sveitarfélaga.

30. gr. Erfitt fyrir fámenna skóla að samhæfast þessu útreikningskerfi.

38.—39. gr. Sveitarstjórar og oddvitar eigi sæti í skólanefndum og bæjarstjórar og bæjarritarar í skólaráðum kaupstaða.

49.—51. gr. Fræðslustjóri verði ráðinn af landshlutasamtökum sveitarfélaga með samþykki menntamálaráðuneytisins og starfsfólk fræðsluskrifstofanna af stjórnum landshlutasamtakanna.

53. gr. Fræðslustjóri fái vald til að úrskurða og greiða kostnaðarreikninga vegna skólahalds í umdæmi sínu, innan þeirra marka, sem lögin kunna að ákveða og í samræmi við fyrirframgerðar áætlanir.

71.—72. gr. Ákvæði þessara greina verði aðeins látin gilda um 8.—9. bekk grunnskóla.

80 gr. Aftan við greinina bætist: Enn fremur hafi skólarannsóknadeildin með höndum frumkvæði að tilraunum á notkun sjónvarps við kennslu og rannsóknir á gildi þess sem kennslumiðils, í samvinnu við fræðslustjóra og námsstjóra.

Grunnskólanefnd bárust einnig tillögur Fjórðungssambands Vestfirðinga um skólaskipan á Vestfjörðum.

7.1. Tillaga um, að 1. gr. verði aukin þannig, að fyrsta málsgrein hljóði svo: Grunnskólinn skal í samvinnu við heimilin veita nemendum siðgæðislegt og félagslegt uppeldi, sem miði að því að efla sjálfsþekkingu þeirra og að því að gera þá að nýtum og viðsýnum samfélagsþegnum í þjóðfélagi, sem er í sífelldri þróun.

Til samræmis við þetta verði svo bætt inn í 63. gr. liðnum: Kennslu í eflingu sjálfsþekkingar. — Þessari tillögu fylgir greinargerð. Þar er lögð áherzla á lífsspekina: „Þekktu sjálfan þig“, og tekið fram, að „starf íslenzkra skóla einkennist nær eingöngu af meðhöndlun ytri (hlutlægrar) þekkingar“ — þess vegna sé „brýn þörf á því að beina athygli grunnskólans að sjálfsþekkingu, þ. e. að þekkingu á hinum innra, sálræna heimi nemandans sjálfs“.

Tillögur varðandi skólasöfn.

Hlutverk.

7.2. 1. Að vera miðstöð, sem sér öllum nemendum og starfsliði skólans fyrir bókum og öðrum kennslugögnum.
2. **Að veita leiðbeiningar og þjálfun í að afla vitneskju úr bókum og í notkun annarra kennslugagna.**
3. Að gefa öllum nemendum kost á þroskandi lesefni til tómstundalestrar.

Húsrými.

Skólasafn skal gera ráð fyrir húsrými fyrir eftirfarandi starfsemi:

1. Grunnsafn, sem rýmir bækur og önnur kennslugögn, lestraraðstöðu fyrir 10% af nemendum skólans, útlánsaðstöðu og aðstöðu til bókasýninga.
2. Stofa til hóp- og/eða bekkjarvinnu (í beinum tengslum við grunnsafn).
3. Vinnuherbergi safnvarðar.

Safnkostur.

a. Bókakostur.
Lágmarksbókakostur fyrir skóla með færri nemendur en 200 skal vera 20 bókarheiti á nemanda, en skóli með 1000 nemendur eða fleiri skal hafa sem lágmark 10 bókarheiti á nemanda. Lágmarksbókakostur fyrir skóla með fleiri en 200 nemendur skal vera 6—10 000 bindi.

b. Önnur kennslugögn.
Hvert skólasafn skal hafa filmur, filmuræmur, tónbönd, plötur, litskuggamyndir, glærur og ýmist myndaefni, svo sem eftirprentanir og fjölritað efni.

Starfslið í skólasöfnum.

1. Allir skólar, sem hafa fleiri en 250 nemendur skulu hafa skólasafnvörð í fullu starfi. Í stærri skólum skal miða við einn safnvörð á hverja 500 nem.
2. Aðstoðarfólk skal vera í safni, sem svarar einn aðstoðarmaður fyrir hverja 250 nemendur.

Menntun skólasafnvarðar.

Skólasafnvörður skal hafa kennsluréttindi (kennarapróf og/eða B.A.-próf), svo og lágmarksmenntun í bókasafnsfræðum, sem er 250 kennslustundir í þeirri grein, með áherzlu á skólasöfnum. Auk þess 8 vikna vinnu á skólasafni undir tilsögn menntaðs skólasafnvarðar.

Í greinargerð með tillögunum segir m. a.: Börnin læri að líta á safnið sem sjálfsagðan þátt námsins allt frá byrjun skólagöngunnar. — Í grunnsafni má reikna með 3 m² fyrir hvern nemanda. — Stofa til hópvinnu þarf að rúma eina bekkjardeild og vera tengd aðalsafni. Í stofunni þarf að vera aðstaða til kvikmyndasýninga, tónlistarflutnings og bókmenntakynninga. — Hlutföllin milli

skáldrita og fagrita skulu vera 30% skáldrit og 70% fagrit fyrir gagnfræðaskóla og 40% skáldrit og 60% fagrit fyrir barnaskóla. — Til viðhalds og endurnýjunar á bókakostinum verður að reikna með 10% af safnstofni. — Skólabókavörður sé starfsmaður skólans, ráðinn af skólastjóra og fræðsluyfirvöldum. — Nauðsynlegt er að reka skólasöfn út frá miðstöð, er annist innkaup, flokkun, skráningu, plöstun og frágang allan á bókum og efni til safnsins. — Félagið leggur til að ráðinn verði skólasafnafulltrúi, sem annist uppbyggingu og eftirlit með rekstri allra skólasafna í landinu.

Fylgiskjal II.

HLUTFALLSLEG SKÓLASÓKN EFTIR SVEITARFÉLÖGUM, KJÖRDÆMUM OG ÞÉTTBÝLISSTIGUM

Nefndin gerði könnun á hlutfallslegri skólasókn eftir sveitarfélögum, kjördæmum og þéttbýlisstigum, og verða niðurstöður hennar birtar hér á eftir. Var könnunin unnin á vegum Skýrsluvéla ríkisins og Reykjavíkurborgar, en upplýsingar í hana fengnar úr íbúaskrá 1. desember 1967 og úr nemendaskrá Hagstofu Íslands.

Könnunin var þannig gerð, að valinn var einn fæðingarárgangur ungmenna, þ. e. unglingar fæddir 1953, sem reyndust vera 4155 talsins samkvæmt íbúaskrá 1. desember 1967. Var skólasókn þessa hóps síðan athuguð í fimm ár, þ. e. frá skólaárinu 1967/68, þegar hópurinn hefði miðað við aldur sinn átt að vera í lokabekk núverandi skyldunáms (2. bekk gagnfræðastigs), til skólaársins 1971/72. Skólasókn var eingöngu við það miðuð, hvort unglingarnir voru í skóla eða ekki á hverju því skólaári, sem kannað var; ekki var tekið tillit til þess um hvaða eða hvers konar skóla var að ræða.

Könnunin var gerð í tveimur hlutum, 1. og 2., svo sem hér greinir:

— Í 1. hluta var flokkun unglinganna eftir lögheimilissveitarfélagi miðuð algerlega við íbúaskrána 1. desember 1967, en ekki tekið tillit til flutninga á því tímabili, sem rannsakað var (1967—1972). Niðurstöður þessa hluta könnunarinnar eru birtar í töflum I og II, er sýna hlutfallslega skólasókn nemenda miðað við búsetu í upphafi tímabilsins, þ. e. 1. desember 1967.

— Í 2. hluta könnunarinnar var tekið tillit til flutninga á könnunartímabilinu, þ. e. nemendur flokkaðir eftir lögheimilissveitarfélagi, eins og það var á hverju skólaári samkvæmt nemendaskrá. Niðurstöður þessa hluta könnunarinnar eru birtar í töflu III, er sýnir hlutfallslega skólasókn miðað við búsetu á hverju skólaári.

Nánar tiltekið birta töflurnar eftirfarandi niðurstöður:

I. Tafla I sýnir hlutfallslega skólasókn eftir sveitarfélögum, og kemur þar fram skólasókn þessa aldursárgangs — bæði fjöldi nemenda í skóla og hundraðshluti þeirra af heildarfjölda í árganginum í viðkomandi sveitarfélagi — fyrir öll sveitarfélög í landinu. Auk þess eru til glöggvunar birtar nokkrar samanteknar tölur fyrir landssvæði, og er þá að jafnaði um að ræða kjördæmin.

— á Varmá í Mosfellssveit	7							68			5	
— á Akranesi	7½							163			3	
— í Borgarfirði	7							100			4	
— í Stykkishólmi	7							38			2	
— í V.-Barðastrandarsýslu	7½							53			1	
— í Bolungarvík	8							58			2	
— á Ísafirði	8							100			11	
— á Hvammstanga	7							38			1	
— á Sauðárkróki	8							25			2	

Nöfn skóla	Starfstími skóla í mán.	Breytilegur námst. nem.	Nemendafjöldi: Nem á 1. ári	Nem. á 2. ári	Nem. á 3. ári	Nem. á 4. ári	Nem ekki flokkaðir eftir árum	Alls nem. í skólanum	Kennarar: Stöður	Fastir	Stunda	Ath.
Tónlistarsk. á Siglufirði	7½							48			2	
— á Dalvík	8							35			2	
— á Akureyri	8							234			12	
— á Húsavík	7½							98			4	
— á Egilsstöðum	8							50			3	
— í Neskaupstað	8							40			3	
— á Höfn í Hornafirði	7							34			1	
— í Árnessýslu	7½							170			6	
— í Vestmannaeyjum	7½							79			2	
								3129			190	
Myndlista- og handíðaskólar												
Myndlista- og handíðask. í Rvík	8							73	6 1/6	8	21	21 nem færður með kennaraskólum.
Myndlistarsk. í Reykjavík	7							120			6	
								193	6 1/6	8	27	
Leiklistarskóli Ævars Kvaran								10				
Íþróttaskóli Jóns Þorsteinssonar							550	550		4	4	
Flugskólar												
Flugstöðin, Reykjavík							150	150				
Flugskóli Helga Jónssonar, Rvík							60	60		3	3	
Flugskóli Suðurflugs, Keflavík							18	18			1	
							228	228		3	4	
Ýmsir sérskólar												
Bankamannaskólinn								81			10	
Loftskeytaskólinn				13				13				
Lögregluskólinn								22			12	
Póst- og símaskólinn			10	17			17	44			30	Kennarar við Loftskeytask. taldir með.
Tannsmíðaskólinn								11			2	
Tollskóli ríkisins								50			10	
			10	30			17	221			64	

Tafla III. Yfirlit yfir fjölda nemenda og kennara í ýmsum námsbrautum.

Námsflokkar og fullorðinnafræðsla	3887			156
„Öldungadeild" við Menntaskólann Hamrahlíð	320			20
Nám til undirbúnings iðnnámi	84			
Tónlistarskólar	3129			190
Myndlista- og handíðaskólar	193	6 1/6	8	27
Leiklistarskóli Ævars Kvaran	10			
Íþróttaskóli Jóns Þorsteinssonar	550		4	4
Flugskólar	228		3	4
Ýmsir sérskólar	221			64
	8622	6 1/6	15	465

Skýringar og ábendingar.

Skrá þessi er tekin saman að fengnum upplýsingum frá skólum og fræðslustofnunum í nóvember 1972. Skráin sýnir fjölda nemenda og kennara hvers skóla, skólahverfis og sýslu. Enn fremur starfstíma skóla í mánuðum. Þeir skólar, sem eigi hafa alla nemendur samtímis, eru einkenndir með x. Mismunandi háttur er á um skólasókn nemenda þessara skóla, svo sem að nemendur sæki skóla annan hvern dag, aðra hverja viku eða hálfan mánuð í einu.

Skammstafanir í 1. dálki skrárinnar tákna tegund skóla og merkir:

B barnaskóla,
U unglingaskóla,
M miðskóla,
G gagnfræðaskóla,
H heimavistarskóla fyrir meiri hluta nemenda,
h heimavistaraðstaða fyrir hluta nemenda,
f farskóla.

Í skránni undir liðnum kennarar eru þrír dálkar. Hinn fyrsti sýnir í hve margar kennarastöður er ráðið og næsti dálkur sýnir fjölda þeirra kennara, sem skipa þessar stöður. Í aftasta dálki er svo tala stundakennara og mun sú tala í einstaka tilviki eigi vera fullnægjandi, vegna þess að á skorti um nákvæmar upplýsingar.

Þrjár yfirlitstöflur eru í skránni, þar sem saman eru dregnar upplýsingar um eftirtalda skólaflokka:

1. barna- og gagnfræðastigsskóla,
2. framhalds- og sérskóla,
3. ýmsar námsbrautir, þar sem eigi er fullt eða samfellt nám.

Það skal tekið fram til skýringar, að hluti þeirra nemenda, sem skráðir eru í töflu 3, eru einnig nemendur skóla, sem falla undir yfirlit 1 og 2. Hins vegar er eigi vitað hve margir þeir eru. Hið sama gildir um talningu stundakennara, þeir geta kennt við fleiri en einn skóla.

YFIRLIT, ER SÝNA SAMSVÖRUN LAGAFRUMVARPS ÞESSA VIÐ FRUMVARP TIL LAGA UM GRUNNSKÓLA, SEM LAGT VAR FYRIR ALÞINGI Á 91. LÖGGJAFARÞINGI, 1970—71.

I. Yfirlit yfir samvörun þessa lagafrumvarps við greinar eldra frumvarps til laga um grunnskóla.

A. Númer greina í þessu frv.	B. Samsvörun við eldra frv.	C. Athugasemdir
I. KAFLI		
1. gr.	2. gr.	
2. gr.	1. gr.	
3. gr.	3. gr., 4. gr.	
4. gr.	Ný gr.	
5. gr.	5. gr.	
6. gr.	6. gr.	
7. gr.	7. gr.	
8. gr.	11. gr.	
II. KAFLI		
9. gr.	34. gr.	9. gr. er ný að mestu leyti.
10. gr.	14. gr., 47. gr., 48. gr.	
11. gr.	52. gr.	11. gr. er ný að verulegu leyti.
12. gr.	52. gr., 53. gr.	Hluti 12. gr. er nýr; sjá einkum 3.—5. lið.
13. gr.	49. gr., 51. gr.	Hluti 13. gr. er nýr; sjá 3. mgr.
14. gr.	49. gr., 52. gr., 53. gr., 54. gr., 55. gr., 56. gr., 58. gr.	
15. gr.	49. gr.	15. gr. er ný að verulegu leyti; sjá 1. og 3. mgr.
16. gr.	13. gr., 15. gr.	16. gr. er ný að verulegu leyti.
17. gr.	15. gr., 38. gr., 39. gr., 46. gr.	
18. gr.	15. gr., 24. gr., 38. gr., 39. gr., 40. gr.	18. gr. er ný að verulegu leyti.
19. gr.	41. gr., 45. gr.	19. gr. er ný að verulegu leyti.
20. gr.	34. gr.	Hluti 20. gr. er nýr; sjá 4. mgr.
21. gr.	35. gr.	
22. gr.	36. gr.	
III. KAFLI		
23. gr.	13. gr., 16. gr.	Hluti 23. gr. er nýr; sjá lokamálsgrein.
24. gr.	Ný gr.	
25. gr.	Ný gr.	
26. gr.	Ný gr.	
27. gr.	Ný gr.	
28. gr.	17. gr.	
29. gr.	18. gr.	29. gr. er ný að verulegu leyti; sjá 2. og 3. mgr.

A. Númer greina í þessu frv.	B. Samsvörun við eldra frv.	C. Athugasemdir
IV. KAFLI		
30. gr.	19. gr., 20. gr.	Hluti 30. gr. er nýr.
31. gr.	25. gr., 31. gr.	
32. gr.	19. gr.	
33. gr.	42. gr., 43. gr., 44. gr.	
34. gr.	24. gr.	34. gr. er að langmestu leyti ný.
35. gr.	20. gr., 21. gr.	
36. gr.	23. gr.	Hluti 36. gr. er nýr.
37. gr.	26. gr.	Hluti 37. gr. er nýr; sjá lokamálsgrein.
38. gr.	27. gr.	
39. gr.	28. gr.	
40. gr.	33. gr.	
41. gr.	32. gr.	
V. KAFLI		
42. gr.	62. gr.	Hluti 42. gr. er nýr; sjá einkum 1. mgr. og tvær síðustu málsgr.
43. gr.	63. gr.	Hluti 43. gr. er nýr.
44. gr.	Ný gr.	
45. gr.	64. gr., 65. gr., 66. gr.	
46. gr.	67. gr.	
47. gr.	68. gr.	Hluti 47. gr. er nýr; sjá 2. mgr.
48. gr.	69. gr., 70. gr.	
49. gr.	71. gr., 72. gr.	
VI. KAFLI		
50. gr.	2. gr., 88. gr.	
51. gr.	8. gr.	
52. gr.	9. gr.	
53. gr.	10. gr.	
54. gr.	89. gr.	
55. gr.	90. gr., 91. gr.	
56. gr.	92. gr.	
VII. KAFLI		
57. gr.	74. gr.	
58. gr.	76. gr., 77. gr.	
59. gr.	78. gr.	Hluti 59. gr. er nýr.
60. gr.	75. gr.	
61. gr.	74. gr.	
62. gr.	79. gr.	62. gr. er að verulegu leyti ný; sjá 1.—3. mgr.
VIII. KAFLI		
63. gr.	80. gr.	
64. gr.	59. gr.	
65. gr.	82. gr.	
66. gr.	85. gr.	
67. gr.	84. gr.	

A. Númer greina í þessu frv.	B. Samsvörun við eldra frv.	C. Athugasemdir
IX. KAFLI		
68. gr.	96. gr.	Hluti 68. gr. er nýr.
69. gr.	97. gr.	Hluti 69. gr. er nýr; sjá b- og g-lið.
70. gr.	98. gr.	
71. gr.	99. gr.	
72. gr.	100. gr.	
73. gr.	96. gr., 101. gr.	Hluti 73. gr. er nýr.
74. gr.	102. gr.	
X. KAFLI		
75. gr.	94. gr.	Hluti 75. gr. er nýr; sjá einkum 2. og 3. mgr.
XI. KAFLI		
76. gr.	95. gr.	
XII. KAFLI		
77. gr.	87. gr., 93. gr.	
XIII. KAFLI		
78. gr.	86. gr.	
XIV. KAFLI		
79. gr.	30. gr., 73. gr.	Hluti 79. gr. er nýr.
80. gr.	30. gr., 31. gr.	80. gr. er ný að verulegu leyti.
81. gr.	30. gr.	81. gr. er ný að verulegu leyti.
82. gr.	Ný gr.	
83. gr.	Ný gr.	
84. gr.	Ný gr.	
85. gr.	46. gr., 53. gr.	85. gr. er ný að verulegu leyti.
86. gr.	Ný gr.	
87. gr.	Ný gr.	
88. gr.	51. gr., 56. gr.	88. gr. er að verulegu leyti ný.
89. gr.	Ný gr.	
XV. KAFLI		
90. gr.	Ný gr.	
91. gr.	12. gr., 103. gr.	

II. Yfirlit yfir samsvörun eldra frumvarps til laga um grunnskóla við greinar þessa frumvarps.

A. Númer greina í eldra frv.	B. Samsvörun við þetta frv.
I. KAFLI	
1. gr.	2. gr.
II. KAFLI	
2. gr.	1. gr., 50. gr.
3. gr.	3. gr.
4. gr.	3. gr.
5. gr.	5. gr.
6. gr.	6. gr.
7. gr.	7. gr.
8. gr.	51. gr.
9. gr.	52. gr.
10. gr.	53. gr.
11. gr.	8. gr.
12. gr.	91. gr.
III. KAFLI	
13. gr.	16. gr., 23. gr.
14. gr.	10. gr.
15. gr.	16. gr., 17. gr., 18. gr.
16. gr.	23. gr.
17. gr.	28. gr.
18. gr.	29. gr.
IV. KAFLI	
19. gr.	30. gr., 32. gr.
20. gr.	30. gr., 35. gr.
21. gr.	35. gr.
22. gr.	
23. gr.	36. gr.
24. gr.	18. gr., 34. gr.
25. gr.	31. gr.
26. gr.	37. gr.
27. gr.	38. gr.
28. gr.	39. gr.
29. gr.	
30. gr.	79. gr., 80. gr., 81. gr.
31. gr.	31. gr., 80. gr.
32. gr.	41. gr.
33. gr.	40. gr.
V. KAFLI	
34. gr.	9. gr., 20. gr.
35. gr.	21. gr.
36. gr.	22. gr.
37. gr.	

A. Númer greina í eldra frv.	B. Samsvörun við þetta frv.
38. gr.	17. gr., 18. gr.
39. gr.	17. gr., 18. gr.
40. gr.	18. gr.
41. gr.	19. gr.
42. gr.	33. gr.
43. gr.	33. gr.
44. gr.	33. gr.
45. gr.	19. gr.
46. gr.	17. gr., 85. gr.
47. gr.	10. gr.
48. gr.	10. gr.
49. gr.	13. gr., 14. gr., 15. gr.
50. gr.	
51. gr.	13. gr., 88. gr.
52. gr.	11. gr., 12. gr., 14. gr.
53. gr.	12. gr., 14. gr., 85. gr.
54. gr.	14. gr.
55. gr.	12. gr., 14. gr.
56. gr.	14. gr., 88. gr.
57. gr.	
58. gr.	14. gr.
59. gr.	64. gr.
60. gr.	
61. gr.	
VI. KAFLI	
62. gr.	42. gr.
63. gr.	43. gr.
64. gr.	45. gr.
65. gr.	45. gr.
66. gr.	45. gr.
67. gr.	46. gr.
68. gr.	47. gr.
69. gr.	48. gr.
70. gr.	48. gr.
71. gr.	49. gr.
72. gr.	49. gr.
73. gr.	79. gr.
VII. KAFLI	
74. gr.	57. gr., 61. gr.
75. gr.	60. gr.
76. gr.	58. gr.
77. gr.	58. gr.
78. gr.	59. gr.
79. gr.	62. gr.

A. Númer greina í eldra frv.	B. Samsvörun við þetta frv.
VIII. KAFLI	
80. gr.	63. gr.
81. gr.	
82. gr.	65. gr.
83. gr.	
84. gr.	67. gr.
85. gr.	66. gr.
IX. KAFLI	
86. gr.	78. gr.
87. gr.	77. gr.
X. KAFLI	
88. gr.	50. gr.
89. gr.	54. gr.
90. gr.	55. gr.
91. gr.	55. gr.
92. gr.	56. gr.
XI. KAFLI	
93. gr.	77. gr.
XII. KAFLI	
94. gr.	75. gr.
XIII. KAFLI	
95. gr.	76. gr.
XIV. KAFLI	
96. gr.	68. gr., 73. gr.
97. gr.	69. gr.
98. gr.	70. gr.
99. gr.	71. gr.
100. gr.	72. gr.
101. gr.	73. gr.
102. gr.	74. gr.
103. gr.	91. gr.

Skrá um nokkur helztu atriðisorð frumvarps til laga um grunnskóla.

(Vísað er í greinar).

Aðalkennari 38, 50.
Aðalskóli 4, 15, 79.
Aðild að grsk.:
— jöfn 18, 24.
— ójöfn 18, 24.
Aðlögunarvandamál nemenda 52.
Aðstoðarskólastjóri 31.
Afbrigðilegur þroskaferill:
— afbrigði nemenda 51.
— skólar og stofnanir fyrir börn, sem víkja frá eðlilegum þroskaferli 53.
Agabrot 55.
Aldursflokkar saman í deild 49.
Aldursár 1, 50.
Atvinnulíf 73.
Ágreiningur skólastjóra og kennara 14.
Barnaverndarnefnd 6, 54.
Bekkjardeild 38, 47, 48.
Blinda 14.
Bókasöfn 75, 80, 82, 88.
Byggingarkostnaður grsk. 24.
Dagleg umsjón og yfirráð skólamannvirkja 29.
Einkaskólar, viðurkenndir, 7, 78.
Einkunnir 58.
Endurmenntun kennara 40.
Endurskoðun reikninga grunnskóla 87.
Félag háskólamenntaðra kennara 66.
Félag menntaskólakennara 66.
Fagnámsstjórn 39.
Félagsráðgjafar 68, 73.
Félagsstarf nemenda. Sjá einnig tómstundastarf 24, 44, 80.
Félagsstarfsemi, aðstaða í skólahúsi 24.
Fjármál grunnskóla 79—89.
Foreldrafélög 21.
Foreldrafundur 21.
Foreldrar 6, 21, 38, 50, 54, 55, 56.
Forfallakennari 34.
Forfallakennsla 79.
Forskólakennarar 77.
Forskóli 77.
Fóstrur 37, 77.
Framhaldsnám (-menntun) 60, 73.
Framhaldsskólastig 50.
Framkvæmdaáætlun um skólabyggingar 23.
Fræðsluráð 10, 11, 12, 13, 14, 15, 16, 18, 19, 20, 23, 42, 56, 68, 70, 74.
Fræðsluskrifstofa 10, 15, 55, 66, 68, 88, 89.
Fræðslustjóri 5, 6, 8, 13, 14, 15, 19, 20, 30, 32, 33, 39, 44, 45, 53, 55, 56, 62, 68, 70, 76, 79, 85, 87, 88.
Fræðsluumdæmi 10, 42, 51, 53, 67, 76, 85, 88.
Gildistaka laganna og reglugerð 90—91.
Grunnskólaráð 66.
Hámarksfjöldi kennslustunda á kennsluviku 79.
Háskóli Íslands 66.
Heilsuvernd (Heilbrigðisþjónusta) 76, 82.
Heimanakstur 4, 81, 82.
Heimavistarskóli (-vist) 17, 20, 23, 25, 34, 35, 81, 84.
Heyrnargallar 14.
Hjálparkennsla 79.
Hjúkrunarkona 76.
Hljómplötur (hljómbönd) 75.
Hlutverk grunnskóla. Sjá Markmið 2, 43.
Hópnám í bókasafni 79.
Húsaleiga 82, 88.
Húsmæðraskólar 14.
Húsmæður, orlof 29.
Húsvörður 34.
Hæfnisprófanir 69.
Hönnun skólabygginga 26.
Iðnfræðsluskólar 14.
Innanstokksmunir 19.
Innritun nemenda 6.
Kennaraháskóli Íslands 66.
Kennarapróf 32, 76.
Kennarar 14, 20, 32, 33, 35, 36, 37, 39, 40, 41, 44, 55, 56, 57, 68, 70, 73, 78, 86, 88.
Kennarafulltrúar 18.
Kennarafundur 14, 20.
Kennararáð 14, 20, 22.
Kennarasamtök — fulltrúar hjá fræðsluráðum 11.
Kennslubækur 63.
Kennsludagar 42.
Kennslumagn grunnskóla 42, 48, 53, 67.
Kennsluskylda grunnskólakennara 44, 79.
Kennslustundir 45, 79, 80.
Kennslutími grunnskóla, vikulegur 45.
Kennslutæki 19, 28, 80.
Kennsluvika grunnskóla 42, 84.
Könnunarpróf, samræmd 62.
Landshlutasamtök sveitarfélaga 11, 15, 88.
Landssamband framhaldsskólakennara 66.
Launakostnaður grunnskóla 81.
Lausráðið starfsfólk grunnskóla 34.
Leikvellir 19.
Leyfisdagar 46.
Listskreyting skólamannvirkja 27.

Lokapróf samræmd 60.
Læknar 68.
Markmið grunnskóla. Sjá Hlutverk grsk. 2, 44.
Málhelti 14.
Málleysi 14.
Menntamálaráðuneytið (ráðuneytið) 4, 5, 9, 13, 14, 16, 19, 20, 23, 24, 26, 28, 29, 31, 32, 33, 35, 37, 40, 41, 42, 44, 45, 47, 53, 59, 61, 62, 63, 64, 65, 66, 67, 68, 71, 72, 73, 74, 75, 76, 79, 81, 85, 86, 87, 88, 90, 91.
Nafngift skóla 23.
Námsbrautir 60, 73.
Námsefni grunnskóla 43, 63.
Námseftirlit 88.
Námsmat. Sjá einnig Próf. 57—62.
Námsskrár 24, 43, 47, 63, 67, 79.
Námsstjórar 64.
Nemendafjöldi 48, 88.
Nemendaráð 22.
Orlof kennara 40, 41.
Óskólaskyld börn (forskóli) 77.
Próf. Sjá einnig Námsmat. 42, (57), 58, 59, 60, 61, 62.
Prófdagar, fjöldi 42, 61.
Prófdómarar 62, 81.
Rannsóknar- og tilraunastarf á sviði uppeldismála 65.
Ráðgjafar- og sálfræðiþjónusta. Sjá einnig Sálfræðiþjónusta 68—74.
Reikningshald 87.
Rekstrarár grunnskóla 85.
Rekstraráætlanir 14, 85.
Rekstrarkostnaður vegna skólahúsnæðis 83.
Reykjavík, borgarstjórn 11.
Ríkisútgáfa námsbóka 63, 66.
Sálfræðingar 68.
Sálfræðiþjónusta. Sjá einnig Ráðgjafar- og sálfræðiþjónusta 14, 50, 53, 55, 66, 68—74.
Samband íslenzkra barnakennara 66.
Samband íslenzkra sveitarfélaga 9.
Samstarfsnefnd ríkis og sveitarfélaga 9.
Sérbekkir 47, 51.
Sérkennsla 43, 51, 52, 53.
Sérskólar 51, 53. 84.
Sjóndepra 14.
Sjúkrakennsla, viðurkennd, 79.
Skiptitímar 48.
Skírteini 60.
Skólabyggingar, framkvæmdaáætlun 5, 23.
Skólabókasöfn 75.
Skólafulltrúi 17.
Skólahús (-húsnæði) 19, 23, 24, 25, 28, 29, 53.
Skólahverfi 15, 16, 17, 18, 19, 23, 24, 33, 49, 50, 67, 79, 91.
Skólalóð 19.
Skólalæknir 52, 54, 76.
Skólamannvirki 23, 26, 27, 29.
Skólanefnd 5, 8, 16, 17, 18, 19, 20, 23, 24, 29, 30, 32, 34, 42, 62, 85.
Skólarannsóknardeild menntamálaráðuneytisins 14, 43, 63, 64.
Skólaráðgjafar 68, 70, 73.
Skólaráðskona 34.
Skólareglur 55.
Skólasálfræðingur 50, 73.
Skólaskyld börn 18.
Skólasókn 6, 7.
Skólaskylda 1, 5, 7, 8, 50, 62.
Skólastjóri 6, 8, 14, 18, 19, 20, 30, 31, 33, 34, 35, 39, 41, 42, 44, 45, 50, 54, 55, 56, 62, 70, 76, 86.
Skyldunám 60.
Starfsdagar, er grunnskóli má nota til annars en kennslu og prófa, 42.
Starfsskylda kennara 36.
Starfstími grunnskóla 42, 43.
Starfsval 69.
Stjórnun grunnskóla, stundafjöldi til 80.
Stofnkostnaður 24, 89.
Strjálbýli 4.
Stundahlé 45.
Stundakennari 34.
Stöðluð próf 59, 63.
Sundkennsla 79.
Sveitarstjórn 19, 23, 24, 34.
Tannlæknar 76.
Tilraunaskólar 67.
Tornæmi 14.
Tómstundastarf nemenda. Sjá Félagsstörf.
Umsögn um nemanda 58.
Undirbúningur nemenda í skólahúsnæði undir næsta skóladag („Heimanám“) 25.
Undanþága skólahverfis frá fullri framkvæmd ákvæða um grunnskóla 5, 7.
Útibú frá aðalskóla 4, 16, 79.
Valgreinar 60.
Vanvitaháttur 14.
Veðurfar 4.
Vegakerfi 4.
Vegalengdir 4.
Viðhald skólahúsnæðis, tækja, búnaðar, o. fl. 28, 82, 86, 89.
Vikulegur kennslutími í grunnskóla 45.
Vinnuveitandi 54.
Vixlkennsla (skiptikennsla) 79.
Vorskóli 50.
Örnefnanefnd 23.

Kynning frumvarpsins og breytingar.

Frv. til laga um grunnskóla og frv. til laga um skólakerfi voru fullprentuð 18. desember 1972, og var fyrirhugað að leggja þau fyrir Alþingi áður en jólahlé yrði á störfum þess. Vegna mikils annríkis þá við afgreiðslu mála, var ákveðið að leggja frumvörpin ekki fram fyrr en eftir jólahlé. Hinsvegar voru alþingismönnum send frumvörpin áður en þingi var frestað. Jafnframt var ákveðið að senda frumvörpin ýmsum landssamtökum og stofnunum til umsagnar og efna til kynningarfunda um þau víðsvegar um land.

Frumvörpin voru send þessum aðilum til umsagnar:

1. Alþýðusambandi Íslands.
2. Bandalagi háskólamanna.
3. Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja.
4. Barnaverndarráði Íslands.
5. Búnaðarfélagi Íslands.
6. Félagi háskólamenntaðra kennara.
7. Félagi menntaskólakennara.
8. Félagi ísl. sálfræðinga.
9. Félagi skólastjóra gagnfræðastigsins.
10. Háskólaráði.
11. Húsmæðrakennaraskóla Íslands.
12. Íþróttasambandi Íslands.
13. Íþróttakennaraskóla Íslands.
14. Kennarafélagi Kennaraháskóla Íslands.
15. Kennaraháskóla Íslands.
16. Kirkjuráði Þjóðkirkjunnar.
17. Kvenfélagasambandi Íslands.
18. Kvenréttindafélagi Íslands.
19. Landshlutasamtökum sveitarfélaga.
20. Landssamb. framhaldsskólakennara.
21. Landssambandi iðnaðarmanna.
22. Landssambandi íslenzkra menntaskólanema.
23. Menntaskólanum á Akureyri.
24. Menntaskólanum við Hamrahlíð.
25. Menntaskólanum á Ísafirði.
26. Menntaskólanum að Laugarvatni.
27. Menntaskólanum í Reykjavík.
28. Menntaskólanum við Tjörnina.
29. Myndlista- og handíðaskólanum.
30. Sambandi íslenzkra barnakennara.
31. Sambandi íslenzkra námsmanna erlendis.
32. Sambandi íslenzkra samvinnufélaga.
33. Sambandi íslenzkra sveitarfélaga.
34. Samtökum íslenzkra kennaranema.
35. Skólastjórafélagi Íslands.
36. Stéttarsambandi bænda.
37. Stórstúku Íslands.
38. Stúdentaráði Háskóla Íslands.
39. Tónlistarskólanum í Reykjavík.
40. Ungmennafélagi Íslands.
41. Verzlunarráði Íslands.
42. Vinnuveitendasambandi Íslands.
43. Æskulýðsráði ríkisins.
44. Æskulýðssambandi Íslands.

Enn fremur hafa skólanefndum, sveitarstjórnum og mörgum öðrum verið send frumvörpin. Samtals hefur þeim verið dreift í um það bil 3 þúsund eintökum.

Menntamálaráðherra átti fund með fréttamönnum þriðjudaginn 9. janúar og var þar greint frá efni frumvarpanna.

Þá hefur menntamálaráðuneytið efnt til kynningarfunda um frumvörpin svo sem hér segir:

1) **Höfn** í Hornafirði fimmtudaginn 11. janúar 1973.
2) **Neskaupstað** föstudaginn 12. s. m.
3) **Egilsstöðum** laugardaginn 13. s. m.
4) **Kópaskeri** sunnudaginn 14. s. m.
5) **Patreksfirði** þriðjudaginn 16. s. m.
6) **Ísafirði** miðvikudaginn 17. s. m.

Á framangreindum fundum voru þeir framsögumenn Ingólfur A. Þorkelsson og Kristján Ingólfsson.

7) **Húsavík** föstudaginn 12. janúar.
8) **Akureyri** laugardaginn 13. s. m.
9) **Varmahlíð** í Skagafirði sunnudaginn 14. s. m.

10) **Reykjaskóla** í Hrútafirði mánudaginn 15. s. m.
11) **Stykkishólmi** þriðjudaginn 16. s. m.
12) **Akranesi** þriðjudaginn 16. s. m.

Á þessum fundum voru þeir framsögumenn Birgir Thorlacius, Andri Ísaksson og Indriði H. Þorláksson, nema hvað Andri var ekki á Húsavíkurfundi. Páll Líndal ætlaði að sækja fundina á Húsavík og Akureyri, en gat ekki komið því við vegna sjúkrahúsvistar.

Ráðgerðir eru einnig fundir í Reykjavík, Reykjaneskjördæmi og Suðurlandskjördæmi.

Þeir tólf kynningarfundir, sem haldnir hafa verið, hafa verið vel sóttir og margir tekið þátt í umræðum. Meginefni frumvarpanna hefur verið vel tekið, en nokkrum atriðum telur grunnskólanefnd rétt að breyta nú þegar í framhaldi af fundunum og hefur menntamálaráðherra fallizt á það. Þessi atriði eru:

I. Norðurlandskjördæmi eystra og vestra verði hvort um sig fræðsluumdæmi. Voru allvíða uppi raddir um það norðanlands að breyta bæri í þetta horf og ályktanir samþykktar einróma í þessa átt á fundinum í Varmahlíð og að Reykjum, og bæjarstjórn Sauðárkróks hafði á fundi sínum 12. janúar einnig gert ályktun um málið. Fara allar þessar samþykktir hér á eftir:

a) „Bæjarstjórn Sauðárkróks mótmælir því ákvæði í frumvarpi til laga um grunnskóla, að ein fræðslustjórn sé ákveðin fyrir allt Norðurland.

Bæjarstjórn skorar á Alþingi að breyta umræddu ákvæði á þann veg, að sami háttur sé hafður á um allt land og hvert kjördæmi verði sérstakt fræðsluumdæmi.

Ályktun þessi verði send Alþingi, alþingismönnum og fundi þeim, sem boðaður hefur verið í Varmahlíð til kynningar á frumvarpinu."

Bæjarstjórinn á Sauðárkróki.
Hákon Torfason.

b) „Fundur skólamanna og áhugamanna um skólamál um frumvarp til laga um grunnskóla, haldinn að Varmahlíð 14. janúar 1973, lýsir undrun sinni yfir að ekki skuli gert ráð fyrir fræðslustjóra og fræðsluskrifstofu í Norðurlandskjördæmi vestra. Telur fundurinn fráleitt að ætla einum manni og einni skrifstofu að annast fræðslustjórn á öllu Norðurlandi, bæði vegna landshátta, veðurfars og samgönguerfiðleika í landsfjórðungnum."

Hlöðver Sigurðsson. Gunnar Rafn Sigurbjörnsson. Páll Helgason.
Birgir Schiöth. Hafliði Guðmundsson. Hinrik Aðalsteinsson.
Sigurður Hafliðason. Skúli Jónasson. Guðjón E. Jónsson.

c) „Fundur um frumvarp til laga um grunnskóla og frumvarp til laga um skólakerfi haldinn í Reykjaskóla 15. janúar 1973, leggur áherzlu á, að sérstök fræðsluskrifstofa verði sett fyrir Norðurlandskjördæmi vestra.

Engar umræður urðu um tillöguna og hún samþykkt einróma."

Eysteinn Ó. Jónasson. Ebenezer Jensson,
fundarritarar.

Ástæðan fyrir því að grunnskólanefnd gerði ráð fyrir að umdæmi Fjórðungssambands Norðlendinga yrði eitt fræðsluumdæmi, eru óskir í bréfi Fjórðungssambandsins, dagsettu 14. júlí 1972, er þannig hljóðar:

„Fjórðungssamband Norðlendinga,
Glerárgötu 24, Akureyri.
Pósthólf 354, sími 21614.

Akureyri, 14. júlí 1972.

Til endurskoðunarnefndar
grunnskólafrumvarps,
c/o Birgir Thorlacius,
ráðuneytisstjóri,
Menntamálaráðuneytinu,
Reykjavík.

Að gefnu tilefni er rétt að vekja athygli nefndarinnar á því, að sú skoðun á fylgi að fagna meðal landshlutasamtakanna, að fræðsluumdæmin verði þau sömu og svæði landshlutasamtakanna, að fræðsluráðin verði kosin af aðalfundum samtakanna, að fræðslustjórinn verði starfsmaður á vegum samtakanna með líkum hætti og staða fræðslustjórans í Reykjavík er nú.

Ofangreind meginsjónarmið komu fram á fundi framkvæmdastjóra landshlutasamtakanna í júnímánuði. Æskilegt er að þetta sjónarmið verði tekið til greina af hálfu nefndarinnar strax, svo að ekki þurfi að koma til átaka um þessi atriði, eftir að frumvarpið er komið fyrir Alþingi.

Um miðjan ágústmánuð munu landshlutamennirnir halda fund á ný og mun fyrir þann fund verða kannað á hvaða vegi endurskoðunin er stödd. Sá fundur er að sjálfsögðu reiðubúinn til viðræðu við nefndina.

F. h. Fjórðungssambands Norðlendinga,
Áskell Einarsson.“

II. Breytt er 50. gr. frumvarpsins í þá átt, að heimilt er að veita nemanda, sem lokið hefur 8. bekk grunnskóla, að gera allt að eins árs hlé á námi vegna þátttöku í atvinnulífinu og ef hann starfar þennan tíma á sviði valgreinar sinnar, þá ber að meta þann þátt til náms í grunnskóla. Þetta er gert til þess að gefa nemendum kost á að gera nokkurt hlé á náminu, ef þeir æskja, og einnig kynnu forráðamenn skóla í sumum tilfellum að ráða nemendum til þessa.

III. Í j)-lið 43. gr. er tekið fram til að taka af allan vafa, að verklegt nám skuli vera meðal valgreina, og að sjálfsögðu er ætlazt til að nemendum sé veittur fróðleikur um atvinnuhætti og helztu atvinnugreinar. Með „efstu bekkjum grunnskóla“ er átt við 7.—9. bekk.

IV. Í 49. gr. segir, að til þess að haldið verði uppi 8.—9. bekk grunnskóla í skólahverfi, megi meðalfjöldi nemenda í deild ekki vera lægri en 15. Við þetta ákvæði er bætt, „nema að fenginni heimild menntamálaráðuneytisins“. Aðstæður verða samkvæmt þessu metnar hverju sinni, en lágmarkstalan er fyrst og fremst sett til til þess að tryggja nemendur gegn því, að kennsla verði látin fara fram við ófullkomnar aðstæður og með óhæfilega miklum kostnaði sakir fámennis.

V. Þá er rétt að geta þess, að orðalagi 7. gr. frv. til laga um skólakerfi og 42. og 61. gr. frv. til laga um grunnskóla hefur verið breytt lítillega, en ekki er þar um efnisbreytingar að ræða.

VI. Prentvillur, sem slæðzt höfðu í fyrri prentun frumvarpsins, hafa verið leiðréttar.

Á kynningarfundum þeim, sem ráðuneytið hefur haldið um frumvörpin, hafa fjölmörg atriði verið rædd og voru menn hvattir til að athuga frumvörpin gaumgæfilega og senda ráðuneytinu og Alþingi ábendingar um það, sem betur mætti fara.

Ed. **282. Frumvarp til laga** [148. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja landspildu úr prestssetursjörðinni Bjarnanesi í Nesjahreppi.

Flm.: Páll Þorsteinsson, Helgi F. Seljan.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja Nesjahreppi í Austur-Skaftafellssýslu landspildu, allt að 8 ha. að stærð, úr prestssetursjörðinni Bjarnanesi í Nesjahreppi.

Söluverðið fer eftir samkomulagi, ef það næst. Náist ekki samkomulag um söluverð, skal það ákveðið að mati dómkvaddra manna.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í Nesjahreppi í Austur-Skaftafellssýslu er skammt á milli félagsheimilis og skóla.

Nokkrir menn, sem vilja stofna heimili í hreppnum, hafa farið þess á leit, að hreppsnefnd Nesjahrepps láti í té lóðir undir íbúðarhús í grennd við félagsheimilið.

Hreppsnefndin vill verða við þessum óskum, en hefur ekki umráð yfir landspildu til að ráðstafa í þessu skyni.

Spilda sú, sem valin hefur verið undir byggingarlóðir á þessum stað, er í landareign Austurhóls og norðan við þjóðveginn. Hún er óræktuð, en vel hæf til ræktunar. Austurhóll var hjáleiga frá Bjarnanesi, og sú jörð hefur mjög takmarkað landrými. Bóndinn á Austurhóli vill ekki láta af hendi spildu þá, sem hreppsnefndin sækist eftir, nema hann fái jafnstóra spildu á öðrum stað, þ. e. syðra megin við land Austurhóls, nálægt Hornafjarðarfljótum, en þá verður að skerða prestssetursjörðina Bjarnanes sem þessu nemur.

Verði frumvarp þetta samþykkt og landspilda þessi seld Nesjahreppi, hyggst hreppsnefndin ráðstafa henni til bóndans á Austurhóli í skiptum fyrir land, sem hann lætur hreppnum í té og notað verður sem lóðir undir íbúðarhús.

Umsögn prestsins í Bjarnanesi er birt hér sem fylgiskjal.

Fylgiskjal.

Bjarnanesi, Nesjahreppi, 12. maí 1972.

Hreppsnefnd Nesjahrepps hefur farið þess á leit við mig, að ég yrði henni hliðhollur í þeirri málaleitan, að Stjórnarráð Íslands veitti leyfi sitt til þess, að seldir yrðu úr landi prestssetursins Bjarnaness 4. ha. lands til Guðmundar Guðbjartssonar bónda á Austur-Hóli í stað lands, er hann lætur hreppsnefndinni í té til stofnunar byggðahverfis.

Þar eð land til byggðahverfisstofnunar fæst ekki átakalaust nema með þessum kostum, en spildan, sem um er beðið er prestssetrinu nytjalítil, hlýt ég að vera þessari beiðni meðmæltur.

Virðingarfyllst,

Skarphéðinn Pétursson.

Til Stjórnarráðs Íslands
Kirkjumálaráðuneytið
Arnarhvoli
Reykjavík.

Sþ. 283. Fyrirspurnir. [149. mál]

I. Til iðnaðarráðherra um dreifingu raforkuvera.

Frá Inga Tryggvasyni.

Er ekki nauðsynlegt frá sjónarmiði almenns öryggis og atvinnuþróunnar að dreifa byggingu hinna stærri orkuvera um landið fremur en reisa fleiri stór orkuver á mjög takmörkuðu landssvæði?

II. Til iðnaðarráðherra um rannsókn á virkjunarmöguleikum í Skjálfandafljóti.

Frá Inga Tryggvasyni.

a. Hefur farið fram rannsókn á virkjunarmöguleikum í Skjálfandafljóti?
b. Hversu ítarleg er sú rannsókn, ef gerð hefur verið, og hver er niðurstaða hennar?

III. Til iðnaðarráðherra um gufuaflsvirkjun til rafmagnsframleiðslu.

Frá Inga Tryggvasyni.

a. Hefur verið gerð könnun á hagkvæmni nýrrar gufuaflsvirkjunar á háhitasvæðum í Suður-Þingeyjarsýslu?
b. Hver er niðurstaða þeirrar könnunar, ef gerð hefur verið?

Nd. 284. Frumvarp til laga [150. mál]

um ítölu.

Flm.: Björn Pálsson.

1. gr.

Sveitarstjórn eða sveitarstjórnum, ef afréttarlönd eru sameiginleg fyrir fleiri en eitt sveitarfélag, er heimilt að gera samþykktir um ítölu í afrétti, ef ástæða er til að ætla, að búpeningur, sem á afrétt gengur, sé óeðlilega rýr vegna ofbeitar, eða ef gróðurverndarfulltrúi álítur, að viðkomandi afréttarlönd gangi úr sér vegna þess, að of mikill fénaður sé á afréttum. Þess skal gætt, að slíkar samþykktir brjóti eigi í bága við lög um sauðfjárveikivarnir.

2. gr.

Landbúnaðarráðherra skal skipa til þriggja ára í senn eftir tillögum Búnaðarfélags Íslands gróðurverndarfulltrúa, sem hafi sérþekkingu um gróðurfar og beitarþol afrétta og heimalanda. Gróðurverndarfulltrúi skal fylgjast með gróður- og beitarskilyrðum á þeim afréttum, þar sem ástæða er til að ætla, að um ofbeit geti verið að ræða, þannig að gróður eyðist eða skepnur verði óeðlilega rýrar, vegna þess að afréttur sé ofsetinn. Sé um ofbeit að ræða, ber gróðurverndarfulltrúa að hafa samband við viðkomandi sveitarstjórnir og tilkynna þeim álit sitt, ef hann álítur þörf á ítölu. Forráðamönnum viðkomandi sveitar eða upprekstrarfélags er þá skylt að boða til sameiginlegs fundar í upprekstrarfélaginu.

Nú álíta forráðamenn einhvers upprekstrarfélags, eða einstakir bændur, að afréttur sé ofsetinn, og ber þá að leita álits um það hjá gróðurverndarfulltrúa. Skal hann kynna sér allar aðstæður og skila álitsgerð. Álíti hann afrétt ofsetinn ber

viðkomandi sveitarstjórnum að boða til sameiginlegs fundar í upprekstrarfélaginu, eigi síðar en 4 vikum eftir að álitsgerð hefur borizt.

3. gr.

Fund skal boða með a. m. k. viku fyrirvara og þess gætt, að allir fái um hann að vita, sem þar hafa atkvæðisrétt. Hver búandi, sem heimilt er að reka búpening á viðkomandi afrétt, hefur einfaldan atkvæðisrétt. Skiptir eigi máli, hvort hann býr á hluta úr jörð eða fleiri en einni jörð. Eigi kauptún eða kaupstaður rétt til upprekstrar á sameiginlegan afrétt, hafa þau rétt til að senda á slíka fundi einn fulltrúa fyrir hverjar 400 vetrarfóðraðar kindur, samkvæmt síðasta framtali. Hver fulltrúi hefur eitt atkvæði. Þeir skulu kosnir af fjáreigendum í viðkomandi kauptúni eða kaupstað.

Skrá skal gera í byrjun fundar yfir þá, sem rétt hafa til að greiða atkvæði, og rita í fundargerð. Fundur er lögmætur, ef helmingur búenda er á fundi.

4. gr.

Nú samþykkir meiri hluti fundarmanna, sem atkvæði greiða, ítölu í afrétt, og skal þá kjósa 3—5 manna nefnd til að vinna að málinu, og kýs nefndin sér formann. Sé um fleiri en eitt hreppsfélag að ræða, skal þess gætt, að hvert hreppsfélag eigi a. m. k. einn fulltrúa í nefndinni. Hlutfallskosning skal viðhöfð, ef þess er óskað. Nefndin skal hafa samráð við gróðurverndarfulltrúa og fulltrúa frá Búnaðarfélagi Íslands. Skal nefndin hlutast til um, að þeir kynni sér víðáttu og gróðurfar viðkomandi afréttar, ef þeir hafa eigi gert það áður. Hún skal fá álit þeirra um, hve mikinn búpening megi reka á afrétt og hvort takmarka skuli upprekstur á hrossum eða sauðfé, enn fremur, hvort ráðlegt sé að girða af ákveðin svæði fyrir hross og hve mörg hross megi vera í slíkum hólfum. Að fengnu þessu áliti skal nefndin semja tillögur til samþykktar fyrir viðkomandi upprekstrarfélag, og er Búnaðarfélagi Íslands skylt að láta í té frumdrög að slíkum samþykktum. Sé tillaga um ítölu felld, er heimilt að taka málið upp eftir tvö ár.

5. gr.

Í samþykkt skal taka fram, ef ítala skal gilda fyrir sauðfé, hve margar kindur, veturgamlar og eldri, hver búandi má reka á afrétt. Ef upprekstur hrossa er leyfður, skal ákveða, hve mörg hross hver búandi má hafa á afrétt. Nú eiga fleiri aðilar kindur og hross en bændur, og skal þá hver bóndi hafa í sinni heildarítölu skepnur þeirra aðila, sem hjá honum eiga lögheimili, svo og annan fénað, sem hann hefur tekið í heimahaga, þó að eigandinn eigi ekki hjá honum lögheimili. Nú er kauptún eða kaupstaður í upprekstrarfélagi, og skal þá ákveða þá heildartölu, sem íbúar þar mega reka á afrétt, en hreppsnefnd kauptúnsins eða bæjarstjórn ákveður, hvað hver einstakur fjáreigandi má hafa á afrétt.

6. gr.

Þegar ítölunefnd metur, hve margar skepnur búandi má reka á afrétt, skal hún leggja til grundvallar eftirtalin atriði:

a) Hve margar skepnur hæfilegt er að hafa í heimalandi þeirrar jarðar, jarða eða jarðahluta, sem bóndinn býr á, og sé réttur til upprekstrar miðaður við beitarskilyrði heimalands.
b) Nauðsyn viðkomandi bónda til að fá leyfi til upprekstrar. Kemur þá til greina stærð fjölskyldu, aðstaða til að hafa annan búpening en þann, sem ítala gildir um, og önnur atriði, sem ítölunefnd metur gild.
c) Eigi búandi land utan heimalandagirðingar, þannig að afréttarpeningur hafi þar sumarhaga, eins og afréttarland væri, ber ítölunefnd að meta, hve hagi er þar fyrir margar skepnur. Þeirri tölu skal bæta við þá ítölu, sem viðkomandi aðila er að öðru leyti úthlutað.

d) Ítölunefnd skal kynna sér, áður en hún gengur frá tillögum sínum, hve margar skepnur hver aðili óskar eftir að fá að reka á afrétt, þannig að hægt sé að hafa hliðsjón af því, eftir því sem við verður komið.

7. gr.

Þegar ítölunefnd hefur samþykkt tillögur til samþykktar, skal formaður nefndarinnar boða til sameiginlegs fundar fyrir upprekstrarfélagið. Þar skulu tillögurnar ræddar og bornar upp til samþykktar. Ræður einfaldur meiri hluti úrslitum á lögmætum fundi. Nú eru tillögurnar samþykktar, og ber þá að senda Búnaðarfélagi Íslands samþykktina til umsagnar. Álíti Búnaðarfélagið þörf á því að breyta samþykktinni, sendir það rökstuddar tillögur um það til formanns ítölunefndar. Hann boðar þá til annars fundar, þar sem breytingartillögur Búnaðarfélagsins eru ræddar og samþykktar eða felldar. Samþykktina skal svo senda landbúnaðarráðuneytinu til staðfestingar.

8. gr.

Nú hefur ítala verið ákveðin og samþykkt staðfest, og skal þá sveitarstjórn eða sveitarstjórnir, ef fleiri en eitt sveitarfélag eru í upprekstrarfélaginu, kjósa á sameiginlegum fundi 3—5 manna ítölunefnd. Kosning skal fara fram eigi síðar en 4 vikum eftir sveitarstjórnarkosningar, og er kjörtími ítölunefndar hinn sami og sveitarstjórna. Ítölunefnd kýs sér formann. Nefndin skal hafa eftirlit með, að farið sé eftir ákvæðum samþykktar um ítölu. Henni er því heimilt að telja búpening í dilkum í skilaréttum, og er búendum skylt að gera grein fyrir eigendum. Nú kemur í ljós, að einhver búandi á fleiri skepnur á afrétt en heimilt er samkvæmt ítölu, og skal hann þá greiða tvöföld fjallskil af þeim skepnum, sem umfram eru, við fyrsta brot, en þreföld fjallskil við annað brot, fjórföld við þriðja brot og fimmföld við fjórða brot. Heimilt er að láta slík viðurlög niður falla, ef sönnur eru á það færðar, að eigi hafi verið um ásetning að ræða.

9. gr.

Nú er einn eða fleiri búendur óánægðir með ákvarðanir ítölunefndar, og geta þeir þá kært til yfirnefndar, sem skal vera skipuð 3 mönnum: einum frá Rannsóknastofnun landbúnaðarins, einum frá Búnaðarfélagi Íslands og einum skipuðum af sýslumanni þess lögsagnarumdæmis, sem sá á lögheimili í, sem kærir. Yfirnefnd þessi skal kynna sér, hvort slíkar kærur hafa við rök að styðjast, og kveða upp úrskurð. Þeim úrskurði er eigi hægt að áfrýja.

10. gr.

Ítölunefnd skal halda a. m. k. einn fund árlega. Formaður færir samþykktina og fundargerðir inn í gjörðabók. Í gjörðabókina skal árlega rita skýrslu um tölu þess fénaðar, sem hver búandi má reka á afrétt. Breytist gróðurfar eða aðrar aðstæður þannig, að ítölunefnd álíti ástæðu til að fækka eða fjölga búpeningi í afrétt, er ítölunefnd heimilt að ákveða breytingar í samráði við gróðurverndarfulltrúa. Verði breytingar á ábúð jarða, ber ítölunefnd að hækka að lækka þá búpeningstölu, sem ábúendum er heimilt að reka á afrétt, í samræmi við þær breytingar, sem verða á landsnytjum ábúenda.

11. gr.

Noti búandi eigi til fulls þá heimild, sem hann hefur til upprekstrar á afrétt, má hann leyfa öðrum aðilum í sama upprekstrarfélagi að fylla þá tölu, sem á vantar, en tilkynna skal hann það formanni ítölunefndar, áður en á afrétt er rekið. Einnig ber búendum að tilkynna ítölunefnd, ef þeir ætla eigi að nota að fullu rétt sinn til upprekstrar. Getur ítölunefnd þá leyft öðrum að fylla þá tölu.

12. gr.

Eigi er búendum skylt að greiða fjallskil af fleiri skepnum en þeim, sem heimilað er að reka á afrétt. Nú á búandi meiri fénað en hann má á afrétt reka, og skal hann þá hafa slíkan búfénað í vörzlu í heimalandi sínu eða í félagsgirðingu. Sé þess eigi gætt, má sá, sem fyrir ágangi verður, smala heimaland sitt og setja inn afbæjafénað, en tilkynna skal þá eigendum það án tafar. Ber þá hverjum fjáreiganda að sækja sínar skepnur og greiða sanngjarnan kostnað fyrir smölun og fyrirhöfn. Hirði eigendur eigi um að sækja skepnur sínar, skal tilkynna það hreppstjóra, sem ber þá að láta reka þær á kostnað eiganda heim til hans.

13. gr.

Upprekstrarfélag, sem komið hefur á hjá sér ítölu og fengið samþykkt staðfesta, hefur rétt til að krefjast girðinga á milli afrétta að einhverju eða öllu leyti, ef um verulegan ágang er að ræða af næsta afrétt, enda hafi eigi ítölu verið komið á í þau afréttarlönd, sem næst liggja. Kostnaður við slíkar girðingar skiptist að jöfnu milli afnotaaðila. Séu landamerki óljós eða óákveðin milli afrétta, skal leysa þau ágreiningsatriði á sama hátt og landamerki milli heimalanda í byggð.

14. gr.

Nú hefur upprekstrarfélag komið á hjá sér ítölu, og er þá ítölunefnd heimilt að veita einstökum búendum 1—2 ára aðlögunartíma, þannig að þeir hafi aðstöðu til að girða heimalönd eða breyta um búgreinar. Sækja skal um slíkar undanþágur til formanns ítölunefndar og beiðnin rökstudd.

15. gr.

Kostnað við að koma á ítölu og þóknun til ítölunefndar skal greiða úr viðkomandi fjallskilasjóði.

16. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Með lögum þessum eru felldar úr gildi 16.—27. gr. í lögum nr. 42 frá 12. maí 1969, um afréttamálefni, fjallskil o. fl.

Greinargerð.

Lög um ítölu hafa verið í gildi alllengi, en ítala hefur hvergi verið framkvæmd. Það er því annað tveggja, að ítölu er eigi þörf eða eitthvað er að löggjöfinni. Samkvæmt gildandi lögum eiga sýslunefndir og sveitarstjórnir að hafa frumkvæðið. Í þeim nefndum eiga oft sæti stærstu stóðbændurnir. Þeir hafa takmarkaðan áhuga fyrir að koma ítölu á. Þess ber að gæta, að reglur um ítölu eru misvinsælar hjá fjáreigendum. Hreppsnefndar- og sýslunefndarmenn hliðra sér gjarnan hjá að koma á slíkum samþykktum, því að á atkvæðum þurfa þeir að halda, er þeir leita endurkjörs. Í frv. þessu er gert ráð fyrir, að gróðurverndarfulltrúi geti haft frumkvæðið. Einnig er gert ráð fyrir því í frv., að einstakir bændur geti haft frumkvæði að ítölu, álíti þeir, að þess gerist þörf. Þess ber og að gæta, að hagkvæmara er allra hluta vegna, að frumkvæðið geti haft maður, sem hefur engra persónulegra hagmuna að gæta og verður því eigi vændur um hlutdrægni.

Í gildandi lögum er eigi gert ráð fyrir starfhæfri ítölunefnd heima í héraði og hóflegum viðurlögum, ef reglur eru brotnar, nema fjársektum fyrir lögbrot. Slíkt mundi kosta seinleg og dýr málaferli, sem enginn nennti að fást við. Í frv. er gert ráð fyrir, að greidd verði hærri fjallskil af fénaði, sem fer í óleyfi á afrétt. Það er sanngjarnari og kostnaðarminni aðferð og líklegri til árangurs en að standa í málaferlum. Í frv. er einnig gert ráð fyrir, að ítölunefnd sé starfandi í sérhverju upprekstrarfélagi, sem gert hefur samþykkt um ítölu. Þetta er nauðsynlegt til

eftirlits og breytinga á upprekstrarleyfum, sem árlega er þörf vegna breytinga á búsetu, skiptingar upprekstrarleyfa milli einstakra búenda o. fl.

Þar sem hjarðbúskapur er í öðrum löndum, eru heimalönd afgirt og skipt í hólf, þannig að beitilönd nýtist sem bezt, búfénaður rási minna og hægt sé að hafa vald á beitinni. Hér hefur þetta verið með öðrum hætti. Þó mun líða að því, að bændur girði lönd sín og skipti þeim í beitarhólf, eftir því sem við verður komið. Um afrétti höfum við hins vegar nokkra sérstöðu.

Hrossasala hefur nokkur verið til annarra landa undanfarin ár. Það getur leitt til þess, að einstakir bændur stórfjölgi hrossum. Hrossin rótnaga þurrlendi, því að þar er gróður kjarnmeiri. Sauðfé verður því að búa við minna og lakara haglendi, þar sem mikið er um hross án vörzlu. Úr þessu mætti eitthvað bæta með því að girða af í afréttum viss svæði fyrir hross. Líklegt er, að sauðfé fjölgi á næstu árum, a. m. k. í sumum byggðarlögum. Ég hygg því, að fáir, sem til þekkja, dragi í efa, að ítölu sé þörf í afrétti á vissum stöðum hér á landi. Það álit er líka staðfest af sérfróðum mönnum, sem athugað hafa gróðurfar á afréttum. Eigi er ágóðavænlegt eða viturlegt að láta hundruð og þúsund stóðhrossa ganga óhindrað í afréttum og hirða kjarnmesta gróðurinn frá sauðfénu. Takmarkaður hagur er einnig af stóðhryssum, sem ganga eftirlitslaust, fæða haustgot eða eru jafnvel algeldar. Hófleg hrossaeign getur átt rétt á sér, þar sem gróðurfar er hagkvæmt fyrir hross. Nauðsynlegt er því að skipuleggja betur en verið hefur beit á sameiginlegum afréttum og heimalöndum. Lög þau, sem í gildi eru um ítölu, eru þannig gerð, að erfitt er að koma samþykkt á, og þó að það takist, er ítalan gagnslaus sökum þess, að eigi er gert ráð fyrir eðlilegu og nauðsynlegu eftirliti og hæfilegum viðurlögum, ef reglur eru brotnar. Með þessu frv. er gerð tilraun til úrbóta.

Nd. 285. Frumvarp til laga [151. mál]

um neyðarráðstafanir vegna jarðelda á Heimaey.

Flm.: Eysteinn Jónsson, Jóhann Hafstein, Lúðvík Jósepsson, Gylfi Þ. Gíslason, Hannibal Valdimarsson, Ingólfur Jónsson, Halldór E. Sigurðsson.

1. gr.

Í lögum þessum er mælt fyrir um sameiginlegt átak íslenzku þjóðarinnar til þess að veita Vestmanneyingum stuðning vegna eldgossins á Heimaey og draga úr þeim búsifjum, sem jarðeldarnir valda þeim og þjóðinni í heild.

2. gr.

Stofna skal Viðlagasjóð vegna náttúruhamfaranna í Vestmannaeyjum.

3. gr.

Hlutverk Viðlagasjóðs er:

1. Að tryggja hag Vestmanneyinga og stuðla að vernd og endurreisn byggðar þeirra.
2. Að greiða kostnað vegna björgunarstarfs, flutninga og röskunar á högum vegna eldsumbrotanna í Vestmannaeyjum.
3. Að bæta tekjumissi og eignatjón af völdum eldgossins á Heimaey.
4. Að draga úr áhrifum náttúruhamfara í Vestmannaeyjum á afkomu og atvinnulíf Vestmanneyinga og þjóðarheildarinnar og gera hvers konar fjárhagsráðstafanir í þessu skyni.

4. gr.

Í Viðlagasjóð renna allar tekjur samkvæmt lögum þessum. Heimilt er Viðlagasjóði að taka bráðabirgðalán í því skyni að standa undir nauðsynlegum greiðslum, þar til tekjur berast sjóðnum.

Til Viðlagasjóðs skulu og renna óafturkræf framlög, sem berast kunna frá innlendum og erlendum aðilum og eigi er beint til Rauða kross Íslands, Hjálparstofnunar þjóðkirkjunnar, bæjarstjórnar Vestmannaeyja eða annarra tilgreindra aðila. Sama máli gegnir um aðstoð, sem boðin kann að vera fram í öðru formi.

5. gr.

Stjórn Viðlagasjóðs skipa sjö menn, sem kosnir skulu til eins árs með hlutfallskosningu af sameinuðu Alþingi ásamt jafnmörgum til vara. Forsætisráðherra skipar formann og varaformann.

Stjórn sjóðsins getur ráðið honum sérstakan framkvæmdastjóra ásamt því starfsliði, sem nauðsynlegt er.

Stjórn sjóðsins skal í öllu starfi sínu hafa náið samráð við bæjarstjórn Vestmannaeyja og aðra opinbera aðila, sem um málefni Vestmanneyinga fjalla.

Stjórn Viðlagasjóðs skal, eftir því sem unnt er og við getur átt, setja fastar reglur um bætur þær, styrki og lán, sem veitt eru úr sjóðnum, og skulu reglurnar birtar almenningi.

6. gr.

Skylt er öllum opinberum aðilum að veita stjórn Viðlagasjóðs hvers konar aðstoð og upplýsingar, sem nauðsynlegar eru vegna starfsemi hans.

7. gr.

Seðlabanki Íslands varðveitir Viðlagasjóð og annast bókhald hans. Um endurskoðun reikninga sjóðsins fer eftir ákvæðum laga um endurskoðun ríkisreiknings og reikninga ríkisstofnana.

8. gr.

Fjár til Viðlagasjóðs skal afla með sérstöku gjaldi, viðlagagjaldi, sem hér segir:

1) Á tímabilinu 1. marz 1973 til 28. febrúar 1974 skal leggja 2% viðlagagjald á söluskattsstofn allra sömu aðila og lög nr. 10/1960, um söluskatt, taka til, og gilda ákvæði þeirra og reglugerða settra samkvæmt þeim að fullu um álagningu og innheimtu þessa gjalds, svo og um aðra framkvæmd. Hækkun sú á útsöluverði vöru og þjónustu, sem hlýzt af 2% viðlagagjaldi á söluskattsstofn, skv. þessum tölulið, skal ekki valda hækkun á kaupgreiðsluvísitölu. Kauplagsnefnd skal meta hverju sinni, hve miklu þessi hækkun nemur.
2) Á gjaldárinu 1973 skal leggja 30% viðlagagjald á álagðan eignarskatt skv. 26. gr. laga nr. 68/1971, um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. 12. gr. laga nr. 7/1972, um breyting á þeim lögum, og skulu sömu reglur gilda um álagningu og innheimtu þessa gjalds og eignarskatts.
3) Á gjaldárinu 1973 skal leggja viðlagagjald í hverju sveitarfélagi á gjaldstofn aðstöðugjalds, sbr. V. kafla laga nr. 8/1972, sem nemur 35% þess hundraðshluta, sem þar var á lagður sem aðstöðugjald á árinu 1971. Um álagningu og innheimtu þessa gjalds skulu gilda sömu reglur og gilda um aðstöðugjöld, og skulu sveitarstjórnir skila gjaldinu til Viðlagasjóðs á gjalddögum, sem félagsmálaráðuneytið ákveður.
4) Á gjaldárinu 1973 skal leggja 1% viðlagagjald á útsvarsskyldar tekjur, sbr. 23. gr. laga nr. 8/1972. Um álagningu og innheimtu þessa gjalds skulu gilda sömu reglur og gilda um útsvör, og skulu sveitarstjórnir skila gjaldinu til Viðlagasjóðs á gjalddögum, sem félagsmálaráðuneytið ákveður.
5) Á gjaldárinu 1973 skal leggja 10% viðlagagjald á álagt landsútsvar, sbr. III. kafla laga nr. 8/1972, þeirra landsútsvarsskyldu aðila, sem bera ekki aðstöðugjald. Um álagningu og innheimtu þessa gjalds skulu gilda sömu reglur og um landsútsvör.

Ríkissjóður skal leggja til Viðlagasjóðs 160 milljónir króna, og er ríkisstjórninni heimilt að draga úr útgjöldum ríkisins sem þessari fjárhæð nemur.

Heimilt er stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs að leggja til Viðlagasjóðs 160 milljón króna óafturkræft framlag.

9. gr.

Forsætisráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara, og skal þar m. a. kveða nánar á um mat eigna og greiðslu bóta fyrir eignatjón. Þá er heimilt að veita með reglugerð þessari Viðlagasjóði forkaupsrétt að fasteignum í Vestmannaeyjum.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Hinn 29. janúar samþykkti Alþingi með samhljóða atkvæðum tillögu til þingsályktunar um neyðarráðstafanir vegna jarðelda í Vestmannaeyjum. Í þingsályktuninni er svofellt ákvæði:

„Alþingi ályktar að kjósa nefnd sjö þingmanna til þess að gera tillögur um neyðarráðstafanir vegna eldgossins í Heimaey og um fjáröflun þeirra vegna. Skal hún þegar hefja starf og skila tillögum sínum í frumvarpsformi svo fljótt sem nokkur kostur er. Tillögur nefndarinnar skulu við það miðaðar, að búsifjar af völdum náttúruhamfaranna séu bornar af þjóðinni allri sameiginlega."

Flm. þessa frumvarps voru kosnir í nefndina. Hefur nefndin unnið að þessu verkefni síðan, og er þetta frv. ávöxturinn af starfi hennar og byggist á samkomulagi.

Þeir Jóhannes Nordal seðlabankastjóri og Jón Sigurðsson hagrannsóknastjóri hafa unnið fyrir nefndina. Nefndin hefur fengið vitneskju um það undirbúningsstarf, sem unnið hafði verið að málinu á vegum ríkisstj. og ráðunauta hennar. Enn fremur lá fyrir nefndinni bráðabirgðaskýrsla nefndar þeirrar, sem ríkisstjórnin skipaði til þess að rannsaka afleiðingar náttúruhamfaranna í Vestmannaeyjum og úrræði til þess að draga úr þeim.

Nefndin hefur að sjálfsögðu fylgt þeirri stefnu í starfi sínu, sem mótuð er í ályktun Alþingis. Var reynt að gera sér grein fyrir stærð þess vandamáls, sem við er að etja. Reyndist raunar ókleift að komast að niðurstöðu um það, jafnvel ekki tóm til að meta það tjón, sem þegar er orðið, og afleiðingar þess, hvað þá að geta sér til um, hversu stórfellt áfall þetta getur orðið, ef hamfarirnar halda áfram. Nefndin sér þó, eftir eins vandlega athugun og unnt er við að koma nú, að tjónið nemur þegar milljörðum króna, og telur hún því þjóðarnauðsyn bera til að stofna án tafar myndarlegan sjóð, sem þjóðin öll leggi fé til. Telur nefndin, að sjóðurinn verði að nema í upphafi 2 milljörðum króna, að viðbættu því, sem komið getur til í gjöfum innanlands og utan.

Sjálfsagt er að taka með þökkum þeim gjöfum, sem berast innanlands og utan, og má minnast sérstaklega stórgjafa frá frændþjóðum á Norðurlöndum. Lán koma einnig til greina, tengd þeirri uppbyggingu og endurreisn byggðar í Vestmannaeyjum, sem kemur til framkvæmda svo fljótt, sem kostur er.

Nefndin telur, að þessara 2 milljarða verði að afla á næstu 12 mánuðum, og eru tillögur um fjáröflun til sjóðsins við það miðaðar. Eru fjáröflunarleiðir byggðar á því sjónarmiði að dreifa byrðinni.

Um 1. gr.

Í þessari grein er sett fram meginstefna laganna.

Um 2.—5. gr.

Þessar greinar kveða á um stofnun Viðlagasjóðs vegna náttúruhamfaranna í Vestmannaeyjum og hlutverk hans, sem rakið er í 3. gr. Er þar um víðtækar heimildir að ræða, enda verður ekki hjá slíku komizt vegna þess, hve margt er á þessu

stigi óljóst um framkvæmd málsins. Verður valdið hjá stjórn sjóðsins, sem lagt er til að verði skipuð 7 mönnum þingkjörnum.

Þá eru í 4. gr. ákvæði um gjafafé og annað fé, sem renna skal til sjóðsins, ef því er ekki beint til annarra aðila.

Í 5. gr. er ákvæði um, að stjórn sjóðsins skuli í öllu starfi sínu hafa náið samráð við bæjarstjórn Vestmannaeyja og aðra opinbera aðila, sem um málefni Vestmanneyinga fjalla.

Margir þættir og málaflokkar koma til, þegar meta á, hvað gera skal í þessum mikla vanda, og þá m. a. þessir:

1. Flutningar frá Vestmannaeyjum:
   a) fólksflutningar,
   b) búslóðarflutningar,
   c) birgðaflutningar,
   d) véla- og tækjaflutningar.
2. Starfsemi Almannavarnaráðs.
3. Björgunarstarf annarra aðila.
4. Starfsemi Vestmannaeyjakaupstaðar og stofnana hans heima fyrir og í Reykjavík.
5. Húsnæðiskostnaður og geymslukostnaður í landi.
6. Félagsmálaútgjöld ýmiss konar, skólahald o. fl.
7. Kostnaður í Vestmannaeyjum við vernd mannvirkja.
8. Hreinsunarkostnaður, gosefnisflutningur úr bænum o. fl.
9. Lagfæringar á eignum og mannvirkjum, sem orðið hafa fyrir skemmdum, og bætur vegna eignatjóns.
10. Kostnaður útgerðarmanna við að koma fiskiflota Vestmannaeyja og búnaði hans í aðstöðu í öðrum verstöðvum.
11. Kostnaður vegna sérstakra aðgerða í fiskvinnslustöðvum í Vestmannaeyjum.
12. Aukning viðlegurýmis og hafnarbætur í landi vegna Vestmannaeyjabáta. (Skyndiframkvæmdir).
13. Kostnaður við fiskflutninga.
14. Bætur fyrir tekjumissi á árinu 1973:
   a) einstaklinga,
   b) fyrirtækja.
15. Vextir og afborganir af eignum, sem verða óarðgæfar um sinn.
16. Heimflutningar til Vestmannaeyja.
17. Uppbygging í Vestmannaeyjum.

Ekki má telja, að hér sé tæmandi upp talið. T. d. eru skattgreiðslur Vestmanneyinga vandamál, sem verður að athuga sérstaklega.

Annars verður að þreifa sig áfram við framkvæmd þessara mála allra. En miklu skiptir, að þjóðin búist strax í stakk fjárhagslega til þess að mæta í sameiningu áfallinu og vinna að endurreisn byggðar í Vestmannaeyjum.

Um 6. og 7. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 8. gr.

Þessi grein fjallar um tekjuöflun til Viðlagasjóðs. Koma þar til þessir liðir:

Sérstakt viðlagagjald 2% á söluskattsstofn, sem gildir frá 1. marz 1973 til 28. febr. 1974. Fylgir það ákvæði, að verðhækkunaráhrif gjaldsins komi ekki inn í kaupgreiðsluvísitölu. Verður svo að vera, því að annars yrði þessi fjáröflun til að kosta neyðarráðstafanir vegna jarðeldanna grundvöllur að almennri kauphækkun.

Viðlagagjald verði 30% á álagðan eignarskatt á gjaldárinu 1973.

Viðlagagjald verði á árinu 1973 innheimt á gjaldstofn aðstöðugjalds, sem nemi 35% þess hundraðshluta, sem á var lagður sem aðstöðugjald á árinu 1971.

Þá verði 1% gjald lagt á tekjur á árinu 1972, eins og þær verða ákvarðaðar til grundvallar útsvarsálagningu á þessu ári, og er gert ráð fyrir, að þetta viðlaga-

gjald sé lagt á og innheimt um leið og útsvörin. Þetta er framlag einstaklinganna, en innheimt af sveitarstjórnum með útsvörunum.

Viðlagagjald þeirra, sem greiða landsútsvör, nemi 10% af fjárhæð þeirra á þessu ári.

Ákveðið er, að ríkissjóður leggi Viðlagasjóði 160 milljónir króna, og ríkisstjórninni heimilað að lækka ríkisútgjöldin sem því svarar.

Stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs er heimilað að leggja til Viðlagasjóðs 160 milljón króna óafturkræft framlag.

Tekjur Viðlagasjóðs eru áætlaðar þessar:	Millj. kr.
Viðlagagjald á söluskattsstofn	900
Viðlagagjald á aðstöðugjaldsstofn	300
Viðlagagjald lagt á eignarskatt	80
Viðlagagjald miðað við tekjur við útsvarsálagningu og álag á landsútsvar	400
Frá ríkissjóði	160
Frá atvinnuleysistryggingasjóði	160
Samtals	2 000

Um 9. gr.

Greinin kveði á um, að forsætisráðherra setji reglugerð um framkvæmd laganna, m. a. ákvæði um mat eigna og greiðslu bóta fyrir eignatjón. Þá er heimild til að veita með reglugerð þessari Viðlagasjóði forkaupsrétt að fasteignum í Vestmannaeyjum.

Um 10. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Nd. 286. Frumvarp til laga [152. mál]

um skipulag ferðamála.

(Lagt fyrir Alþingi á 93. löggjafarþingi, 1972—1973).

I. KAFLI
Tilgangur og yfirstjórn.

1. gr.

Tilgangur laga þessara er að stuðla að þróun ferðamála og skipulagningu ferðaþjónustu fyrir íslenzkt og erlent ferðafólk, sem mikilvægs þáttar í íslenzku atvinnulífi, bæði með hliðsjón af þjóðhagslegri hagkvæmni og umhverfisvernd.

2. gr.

Samgönguráðuneytið fer með yfirstjórn mála þeirra, sem lög þessi taka til.

II. KAFLI
Um Ferðamálastofnun Íslands.

3. gr.

Ferðamálastofnun Íslands fer með stjórn ferðamála undir yfirstjórn samgönguráðuneytisins.

4. gr.

Stjórn Ferðamálastofnunar Íslands skal skipuð fimm mönnum til þriggja ára í senn.

Skulu þrír skipaðir af samgönguráðherra, og skal einn þeirra vera úr hópi fastra starfsmanna samgönguráðuneytisins, en tveir skipaðir eftir tilnefningu Ferðamálaráðs.

Varastjórn er skipuð á sama hátt.
Ráðherra skipar formann og varaformann stjórnarinnar.
Ráðherra ákveður þóknun stjórnarinnar og setur henni starfsreglur.

5. gr.

Ráðherra skipar ferðamálastjóra, sem annast daglega stjórn Ferðamálastofnunar Íslands, samkvæmt því sem stjórn stofnunarinnar ákveður.
Ferðamálastjóri skal ekki vera í stjórn Ferðamálastofnunar Íslands, en situr stjórnarfundi með málfrelsi og tillögurétti.

6. gr.

Verkefni Ferðamálastofnunar Íslands eru:

I. **Skipulagning ferðamála:**

1) Áætlanagerð og heildarskipulagning.
2) Markaðskannanir.
3) Landkynningarstarfsemi, þ. á m. aðild að rekstri kynningarskrifstofa erlendis.
4) Fjárfestingaráætlanir og fjármögnun.
5) Þátttaka í fjölþjóðlegu samstarfi um ferðamál.

II. **Þjónustustarfsemi:**

1) Að efla og styrkja starfsemi ferðamálafélaga og aðstoða Ferðamálaráð við dagleg störf, undirbúning og framkvæmd árlegs Ferðamálaþings.
2) Að skipuleggja og sjá um námskeið fyrir leiðsögumenn samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð, er ráðherra setur.
3) Að veita almennar upplýsingar í sambandi við ferðir innanlands.
4) Að vinna að því, að starfrækt sé miðstöð fyrir pantanir á gistihúsnæði í samráði við samtök gistihúsaeigenda.
5) Að vinna að því, að starfrækt sé miðstöð fyrir sölu veiðileyfa í ám og vötnum í samráði við samtök veiðiréttareigenda.
6) Að veita aðstoð í sambandi við fjölþjóðaráðstefnur á Íslandi og vinna að því í samráði við flutningafyrirtæki og eigendur gistihúsa, að slíkar ráðstefnur séu haldnar.
7) Að vinna að því, að hópferðir fyrir almenning til öræfa landsins verði samræmdar og skipulagðar.

III. **Eftirlit og umhverfisvernd:**

1) Að stuðla að því, að umhverfi, fornminjar eða önnur náttúru- eða menningarverðmæti spillist ekki af starfsemi þeirri, sem lög þessi taka til. Skal stofnunin hafa náið samstarf við náttúruverndarráð og aðra þá aðila, sem um slík mál fjalla.
2) Að líta eftir, að uppfylltar séu nauðsynlegar hreinlætiskröfur, sér í lagi á stöðum utan alfaraleiða, sem fjölsóttir eru af ferðafólki.
3) Að stuðla að fegrun umhverfis og snyrtilegri umgengni á viðkomu- og dvalarstöðum ferðafólks.
4) Að kanna, eftir því sem ástæða er til, réttmæti kvartana, sem berast um það, sem ábótavant kann að þykja í starfi þeirra aðila, sem veita ferðafólki þjónustu.

IV. **Sölustarfsemi:**

1) Að annast skipulagningu orlofsferða og orlofsdvala með sem hagkvæmustum kjörum fyrir orlofsfólk með eigin ferðum eða í samvinnu við starfandi

ferðaskrifstofur. Skal stofnunin í þessu skyni leita samvinnu við stéttasamtök og önnur almannasamtök.
2) Að hafa með höndum fyrirgreiðslu innlendra og erlendra ferðamanna, sem almenn ferðaskrifstofa.
3) Að starfrækja sumarhótel í húsnæði heimavistarskóla, eftir því sem um kann að semjast við forráðaaðila skólanna.

V. Önnur verkefni:

Að inna af hendi annað það, sem stofnuninni er falið með lögum þessum eða á annan hátt.

III. KAFLI
Um ferðamálafélög, Ferðamálaþing og Ferðamálaráð.

7. gr.

Ferðamálafélög eru samtök einstaklinga, sveitarfélaga og annarra aðila, sem hafa það markmið að vinna að bættri aðstöðu fyrir ferðafólk á félagssvæðinu.

Ferðamálafélög skulu leitast við að hafa sem nánasta samvinnu við sveitarstjórnir og náttúruverndarnefndir um framkvæmd þeirra mála, sem félögin vinna að.

8. gr.

Ferðamálaþing skal halda í septembermánuði ár hvert. Ráðherra ákveður með reglugerð, hvaða aðilar, samtök og stofnanir, er hafa hagsmuna að gæta, hafa rétt til að senda fulltrúa á Ferðamálaþingið, svo og hverjir hafa rétt til að sitja þingið án atkvæðisréttar.

Í reglugerðinni skal kveðið á um aðild ferðamálafélaga að Ferðamálaþingi og hámarkstölu fulltrúa ferðamálafélaga úr hverju kjördæmi.

Hlutverk Ferðamálaþings er að fjalla um ferðamál og þróun þeirra og gera tillögur um þau, miðað við heildarstefnu laga þessara.

9. gr.

Ferðamálaþing kýs, til eins árs í senn, sjö manna Ferðamálaráð og jafnmarga til vara. Þingið kýs formann og varaformann Ferðamálaráðs úr hópi aðalmanna í ráðinu.

Hlutverk Ferðamálaráðs skal vera að fylgja eftir ályktunum Ferðamálaþings, ræða ný viðhorf í ferðamálum og bera fram tillögur um þær aðgerðir, sem það telur nauðsynlegar, vera ríkisstjórn og Ferðamálastofnun Íslands ráðgefandi í ferðamálum og inna af höndum annað það, sem því er sérstaklega falið með lögum þessum eða á annan hátt.

10. gr.

Ferðamálaráð boðar til Ferðamálaþings, undirbýr dagskrá þess og leggur fyrir það skýrslu um störf sín. Formaður ráðsins setur þingið og stýrir því, unz það hefur kosið fundarstjóra.

IV. KAFLI
Almennar ferðaskrifstofur.

11. gr.

Ferðaskrifstofa merkir í lögum þessum fyrirtæki, sem tekur að sér að veita í atvinnuskyni, að einhverju eða öllu leyti, eftirgreinda þjónustu fyrir almenning:
a. Upplýsingar, í einhverri mynd, um innlend eða erlend ferðamál.
b. Hvers konar farmiðasölu með skipum, bifreiðum, flugvélum eða járnbrautum.
c. Útvegun herbergja eða húsnæðis til gistingar, langan eða skamman tíma.

d. Skipulagningu og sölu hópferða, innanlands eða erlendis og móttöku erlendra ferðamanna.

Samgönguráðuneytið sker úr, ef ágreiningur verður um, hvort starfsemi telst falla undir a.—d.-lið hér að framan, svo og um það, hvort um ferðaskrifstofustarfsemi sé að ræða í skilningi laga þessara.

12. gr.

Óheimilt er að stunda störf þau, er greind eru í 11. gr. svo og að nota í nafni eða auglýsingum einstaklinga, félaga eða fyrirtækja orðið ferðaskrifstofa eða hliðstæð erlend heiti, nema hafa til þess leyfi samgönguráðuneytisins.

13. gr.

Hver sá, sem vill reka ferðaskrifstofu, skal sækja um leyfi til ráðuneytisins. Leitað skal umsagnar stjórnar Ferðamálastofnunar Íslands og Ferðamálráðs um allar slíkar umsóknir.

14. gr.

Skilyrði til að geta öðlazt leyfi til reksturs ferðaskrifstofu er, að forstöðumaður hennar uppfylli eftirtalin skilyrði:

a. 25 ára aldur.
b. Verzlunarskólapróf eða hliðstæð menntun eða meiri, að dómi ráðuneytisins.
c. Að minnsta kosti 5 ára starf við almennan ferðaskrifstofurekstur, eða 3 ár sem forstjóri ferðaskrifstofu. Störfin skulu vera þess eðlis, að þau geti, að dómi ráðuneytisins, veitt alhliða þekkingu á ferðaskrifstofurekstri.

Ráðuneytið getur ákveðið, að 5 ára störf við farþegaafgreiðslu í millilandaferðum hjá flugfélagi eða skipafélagi teljist jafngilda starfstíma á ferðaskrifstofu samkvæmt þessari grein.

d. Fjárræði og forræði á búi sínu.
e. Búseta á Íslandi.

Leyfi má veita félagi eða fyrirtæki, enda sé stjórnin innlend og aðsetur hér á landi, og skal þá sá maður, sem hefur með höndum daglega stjórn ferðaskrifstofu, uppfylla skilyrði a.—e.-liða þessarar greinar.

Nú telur ráðuneytið að málavöxtum athuguðum, að ekki sé unnt að reka starfsemi þá, sem sótt er um leyfi fyrir samkvæmt lögum þessum, á viðunandi hátt, og skal þá umsókninni synjað.

15. gr.

Leyfi til reksturs ferðaskrifstofu má því aðeins veita, að umsækjandi setji bankatryggingu, sem eigi sé lægri en 3.0 millj. kr. Ráðuneytið getur ákveðið almenna hækkun tryggingarfjárins, svo og sérstaka hækkun hjá einstökum ferðaskrifstofum, ef rekstur þeirra gefur tilefni til.

Ráðuneytið setur nánari reglur um á hvern hátt trygging samkvæmt 1. mgr. skal sett, um ávöxtun, viðhald og varðveizlu tryggingarfjár, svo og um endurgreiðslu og brottfall tryggingar, ef starfsemi hættir.

16. gr.

Ekki má greiða af tryggingarfé samkvæmt 15. gr. aðrar kröfur en þær, sem aðfararhæfur dómur er fenginn fyrir eða viðurkenning skiptaréttar, enda séu kröfurnar sprottnar af ferðaskrifstofurekstri tryggingarfáreiganda.

17. gr.

Ferðaskrifstofur, sem öðlast leyfi til reksturs samkvæmt lögum þessum, skulu árlega, eigi síðar en 1. maí, senda ráðuneytinu reksturs- og efnahagsreikning undanfarandi árs, endurskoðaðan af löggiltum endurskoðanda. Skylt skal þeim að veita ráðuneytinu frekari upplýsingar, ef það æskir.

18. gr.

Ákvæði þessa kafla taka ekki til Ferðamálastofnunar Íslands.

Ráðuneytið setur reglur um á hvern hátt eigendum og umráðamönnum samgöngutækja er heimilt að skipuleggja og selja farseðla í ferðir með slíkum samgöngutækjum, þannig að fæði eða næturgisting fylgi. Binda má slíka heimild tilteknum skilyrðum um hreinlætisaðstöðu og annan aðbúnað, svo og tryggingarfé.

Ráðuneytið ákveður einnig, hvaða ferðafélög eru undanþegin ákvæðum laga þessara, að því er lýtur að ferðum innanlands.

19. gr.

Leyfi til reksturs ferðaskrifstofu fellur niður:

a. Ef leyfishafi verður gjaldþrota eða er sviptur fjárræði.
b. Ef trygging sú, sem sett er samkvæmt 15. gr., rýrnar, fellur niður eða fullnægir ekki þeim reglum, sem ráðuneytið setur.
c. Ef leyfishafi hættir að hafa búsetu hér á landi.

Ráðuneytið getur afturkallað leyfið fyrirvaralaust, ef það telur sannað, að um sé að ræða hjá ferðaskrifstofu meiri heildarvanskil en tryggingarfé samkvæmt 15. gr. nemur eða ef slík vanskil eru fyrirsjáanleg. Einnig getur ráðuneytið afturkallað leyfið, ef skuldir eru hærri en eignir, að viðbættu tryggingarfé, en að frádregnu firmavirði, svo og ef ársreikningi ekki er skilað samkv. 17. gr.

Ef félag er leyfishafi eða annar en leyfishafi veitir daglegum rekstri ferðaskrifstofunnar forstöðu, fellur leyfið niður, ef forstöðumaður missir einhvers þeirra skilyrða, sem leyfishafi verður að uppfylla samkvæmt lögum þessum, eða andast, enda sé ekki ráðinn nýr forstöðumaður, sem uppfylli skilyrði laga þessara, innan þess frests, sem ráðuneytið setur.

20. gr.

Nú andast leyfishafi, og er þá ekkju hans, ef hún situr í óskiptu búi, heimilt að halda áfram rekstrinum í eitt ár, enda sé fullnægt hinum almennu skilyrðum um ábyrgð, og ekki ástæða til afturköllunar leyfis samkvæmt 19. gr.

V. KAFLI

Ferðamálasjóður.

21. gr.

Ferðamálasjóður er eign ríkisins og lýtur stjórn samgönguráðherra.

Ferðamálasjóður er stofnlánasjóður þeirra starfsgreina, sem ferðaþjónusta einkum byggist á. Hlutverk sjóðsins er að stuðla að þróun íslenzkra ferðamála með lán- og styrkveitingum.

22. gr.

Fé Ferðamálasjóðs má ráðstafa á eftirgreindan hátt:

1. Sjóðurinn veitir einkaaðilum og opinberum aðilum lán til framkvæmda við gisti- og veitingastaði gegn fullnægjandi tryggingum.
2. Sjóðnum er heimilt að veita einkaaðilum og opinberum aðilum, gegn fullnægjandi tryggingum, lán til annarra þátta ferðamála en í 1. lið greinir, svo framarlega sem með lánveitingunni er stuðlað að þróun íslenzkra ferðamála.
3. Sjóðnum er heimilt að veita Ferðamálastofnun Íslands framlag til að koma upp eða endurbæta hreinlætis- og snyrtiaðstöðu á fjölsóttum ferðamannastöðum utan alfaraleiða, svo og til annarrar umhverfisverndar, sem nauðsynleg er vegna ferðamanna, samanber 6. gr. III. lið þessara laga. Styrkveitingar mega þó aldrei nema hærri fjárhæð en 10% af árlegum tekjum sjóðsins samkvæmt 23. gr.

23. gr.

Tekjur ferðamálasjóðs eru þessar:

1. Árlegt framlag úr ríkissjóði, eigi lægra en 10 millj. kr.

2. Hluti tekna af aðgöngumiðagjaldi að vinveitingahúsum samkvæmt lögum.
3. Tekjur af starfsemi sjóðsins.

24. gr.

Ferðamálasjóði er heimilt, að fengnu samþykki ríkisstjórnarinnar, að taka allt að 200 milljón króna lán eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt, ef árlegt ráðstöfunarfé sjóðsins nægir ekki til, að hann geti á viðunandi hátt gegnt hlutverki sínu.

Fjármálaráðherra er heimilt að ábyrgjast slík lán fyrir hönd ríkissjóðs.

25. gr.

Fela skal bankastofnun að annast umsjón Ferðamálasjóðs, vörzlu hans, bókhald, innheimtu og útborganir.

26. gr.

Umsóknir um lán úr Ferðamálasjóði eða framlag til Ferðamálastofnunar Íslands, samkvæmt 22. gr. laga þessara, skulu sendar samgönguráðuneytinu.

Umsóknunum skulu fylgja þær upplýsingar, sem máli skipta og ráðuneytið kann að óska eftir.

Ráðherra skipar þrjá menn til fjögurra ára í senn til að fjalla um málefni Ferðamálasjóðs. Skulu þeir gera rökstuddar tillögur um lán eða framlög úr sjóðnum. Ferðamálaráð tilnefnir tvo fulltrúanna.

Ráðherra ræður útlánum og styrkjum af fé Ferðamálasjóðs.

27. gr.

Til engrar einstakrar framkvæmdar má á sama ári veita hærra lán en sem nemur ⅕ hluta þess fjármagns, sem Ferðamálasjóður getur haft til umráða til útlána á árinu að lánsfé meðtöldu.

28. gr.

Lán úr Ferðamálasjóði skulu veitt til allt að 15 ára. Lán má veita afborgunarlaust fyrstu tvö árin.

Ráðherra ákveður vexti og önnur kjör þeirra lána, er sjóðurinn veitir, með tilliti til þess, að sjóðurinn sé skaðlaus af starfsemi sinni.

Lánin skulu tryggð með veði í fasteign eða á annan jafntryggan hátt og vera með vísitölukjörum, þannig að greiðslur afborgana og vaxta séu bundnar vísitölu byggingarkostnaðar.

Nú tekur Ferðamálasjóður erlent lán, og skal það þá endurlánað með gengistryggingu, en eigi vera vísitölubundið.

29. gr.

Við afgreiðslu lána skal þess gætt, að lánveiting valdi ekki óheilbrigðri eða óeðlilegri samkeppni við fyrirtæki, sem starfandi eru fyrir.

30. gr.

Ferðamálasjóður er undanþeginn öllum sköttum til ríkis og sveitarfélaga, svo og stimpilgjöldum af lánsskjölum varðandi eigin lántökur sjóðsins, en ekki útlánsskjölum.

31. gr.

Reikningar Ferðamálasjóðs skulu endurskoðaðir af ríkisendurskoðuninni.

VI. KAFLI
Ýmis ákvæði.

32. gr.

Ráðherra er heimilt að ákveða, að fenginni umsögn stjórnar Ferðamálastofnunar Íslands og Ferðamálaráðs, að greiddur skuli aðgangseyrir að fjölsóttum ferðamanna-

stöðum, sem eru eign ríkisins, enda sé fé það, sem þannig safnast, að frádregnum innheimtukostnaði, eingöngu notað til fegrunar og snyrtingar viðkomandi staðar, og til að bæta aðstöðu til móttöku innlendra og erlendra ferðamanna, sem þangað koma.

33. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, allt að 50 000.00 kr., nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

Með brot gegn lögunum skal farið að hætti opinberra mála.

34. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júní 1973.

Jafnframt falla úr gildi lög um ferðamál nr. 4 14. febrúar 1969.

Ákvæði til bráðabirgða I.

Við gildistöku laga þessara tekur Ferðamálastofnun Íslands við öllum eignum, réttindum og skuldbindingum Ferðaskrifstofu ríkisins og Ferðamálaráðs þess, er starfaði samkvæmt lögum nr. 4/1969.

Á sama hátt kemur Ferðamálasjóður samkvæmt lögum þessum í stað samnefnds sjóðs samkvæmt eldri lögum og tekur við eignum hans og skuldbindingum.

Ákvæði til bráðabirgða II.

Ferðamálaráð samkvæmt lögum nr. 4/1969 skal boða til Ferðamálaþings eigi síðar en 30. september 1973. Þar til nýtt Ferðamálaráð er kosið, fer eldra Ferðamálaráð með þau mál, sem undir Ferðamálaráð eru lögð samkvæmt lögum þessum.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið af nefnd, sem ráðuneytið skipaði 2. febrúar 1972 til að endurskoða gildandi lög um ferðamál nr. 4/1969, með sérstöku tilliti til endurskipulagningar á uppbyggingu og starfsemi Ferðamálaráðs og Ferðaskrifstofu ríkisins. Í nefndina voru skipaðir Brynjólfur Ingólfsson, ráðuneytisstjóri, formaður, Heimir Hannesson, lögfræðingur og Lúðvík Hjálmtýsson, framkvæmdastjóri. Starfsmaður nefndarinnar var Ólafur S. Valdimarsson, skrifstofustjóri, sem sat alla fundi nefndarinnar og tók virkan þátt í störfum hennar.

Frumvarpið er flutt óbreytt frá tillögum nefndarinnar. Hún lét eftirfarandi greinargerð og fylgiskjöl fylgja tillögum sínum:

„Það er tilgangur frumvarps þessa að koma á skipulegri vinnubrögðum en áður í ferðamálum Íslendinga, bæði vegna ferðalaga landsmanna sjálfra og útlendinga, sem til landsins koma, svo og að auka hlutdeild Íslendinga í alþjóðlegum ferðamálum, að því marki, sem þjóðhagsleg hagkvæmni og umhverfisverndarsjónarmið leyfa.

Af margvíslegum orsökum hafa ferðalög aukizt mjög ört síðustu áratugina og eru enn í örum vexti. Batnandi lífskjör og aukinn frítími almennings víða um heim hafa gert fleira fólki fært að ferðast meira og lengra en áður þekktist. Skipulagning ferðamála, sérfargjöld og hópdvalir hafa gert almenningi fjárhagslega kleift að njóta ferðalaga, sem fyrr voru aðeins á færi hinna efnuðustu. Aukinni verzlun, þekkingu á högum annarra þjóða og náinni fjölþjóðlegri samvinnu hefur fylgt mjög aukin þörf á ferðalögum landa á milli, í viðskipta-, embættis- og stjórnmálaerindum.

Öll þessi aukning byggist þó á þeirri byltingu, sem orðið hefur síðasta aldarfjórðunginn í flutningamálum, fyrst og fremst með tilkomu reglubundinna, tíðra og öruggra flugsamgangna um allan heim, en einnig með bættum samgöngum á landi og sjó.

Hér hefur skapazt markaður með fjármagni, sem skiptir geysilegum fjárhæðum. Nefna má sem dæmi, að samkv. opinberum skýrslum notuðu bandarískir ferðamenn erlendis 2.335 millj. dollara árið 1971 eða tæplega 190 milljarða ísl. kr., þar af 1.373 millj. dollara í Evrópu eða liðlega 120 milljarða ísl. kr.

Sé litið á ferðaþjónustu sem útflutning hefur árleg aukning í heiminum undanfarna tvo áratugi orðið að meðaltali 12%, en á sama tímabili hefur annar útflutningur aukizt um 7.7% að meðaltali árlega. Það er því orðinn þýðingarmikill þáttur í efnahagslífi margra þjóða að fullnægja hinni sívaxandi eftirspurn eftir ferðamannaþjónustu og keppikefli þeirra að eiga þar sem stærstan hlut.

Aukinn straumur erlendra ferðamanna til hvaða lands sem er hefur fjölþætt áhrif. Ber þá fyrst að nefna hina beinu viðskiptahagsmuni, þ. e. auknar tekjur flugfélaga, skipafélaga, gisti- og veitingastaða, svo og bætta gjaldeyrisstöðu almennt. Hins vegar hefur ferðamannastraumurinn örvandi áhrif langt út fyrir það á óbeinan hátt á framleiðendur alls þess, sem ferðamaðurinn þarfnast, meðan hann dvelur í landinu. Þannig má nefna framleiðendur hvers konar matvæla, framleiðendur og seljendur minjagripa og fatnaðar, svo og leigubifreiðastjóra, sérleyfis- og hópferðabifreiðastjóra, rakara og snyrtistofur, eigendur veiðiréttar og þannig mætti lengi telja. Mætti geta þess hér til frekari skýringar, að samkvæmt bandarískum rannsóknum eru margfeldisáhrif hvers dollara, sem ferðamaðurinn eyðir, sjöföld í efnahagskerfinu.

Loks má ekki gleyma því atriði, sem ef til vill er þyngst á metunum frá sjónarhóli Íslendinga, að erlent ferðafólk, sem fer um Ísland, með eða án dvalar, gerir Íslendingum kleift að halda uppi betra og fullkomnara samgöngukerfi við umheiminn en nokkur kostur væri á, ef einungis væri um íslenzkan heimamarkað að ræða.

Nú skal því ekki neitað, að miklum straumi erlendra ferðamanna getur fylgt ýmislegt miður æskilegt og jafnvel varasamt, einkum fyrir fámenna þjóð.

Þó er málið þannig vaxið, að sýnu hættulegra er að opna allar gáttir fyrir óskipulögðum ferðamannastraumi eftirlitslaust, en að vinna skipulega að hæfilegri þróun og aukningu á hlutdeild Íslands í hinum mikla alþjóðlega ferðaþjónustumarkaði, því að naumast aðhyllast margir þá skoðun að loka eigi Íslandi fyrir útlendingum með einhvers konar Kínamúr af ótta við mengun og menningarspjöll.

Frumvarp þetta hvílir á þeirri meginskoðun, að Íslendingar eigi að vera stoltir af að sýna erlendu ferðafólki náttúruundur landsins og leyfa því að njóta töfra íslenzkrar náttúru, að því marki sem eðlileg umhverfisvernd setur.

Hafa verður í huga að íslenzkt atvinnulíf er mjög einhæft og ólíklegt, að hinir hefðbundnu atvinnuvegir geti til frambúðar tekið við öllum hinum mikla fjölda fólks, sem árlega bætist við á íslenzkum vinnumarkaði. Hins vegar er tækifæri fyrir verulegan hóp fólks til að finna margs konar störf í ferðamannaþjónustu, ef að henni er hlúð.

Eins og áður er að vikið, eru ferðamálin orðin þýðingarmikill þáttur í efnahagslífi margra þjóða. Hér á landi hafa þessir möguleikar alls ekki verið nýttir til fullnustu enn, og enda þótt stefnt hafi í rétta átt undanfarin ár virðist mikið skorta á, að menn átti sig nægilega á því, að hér er um atvinnuveg að ræða, sem á rétt á stuðningi ríkisvaldisins til jafns við aðra eldri atvinnuvegi landsmanna.

Á árinu 1971 komu hingað tæplega 61.000 ferðamenn (farþegar skemmtiferðaskipa ekki taldir með), og var aukningin frá árinu 1970 14.8%. Fram til loka október 1972 nam tala erlendra ferðamanna, sem hingað komu á sama hátt 63 802, sem er 13.4% aukning, miðað við fyrstu 10 mánuði ársins 1971. Meðalaukningin síðustu árin, hefur verið um 15% árlega. Beinar og óbeinar gjaldeyristekjur af ferðamannaþjónustu námu árið 1971 alls 1 223 millj. kr., sem 9.3% af heildarútflutningsverðmæti Íslendinga, sem nam það ár tæplega 13 200 millj. kr. Í fskj. III. er að finna frekari upplýsingar um gjaldeyristekjur af ferðamönnum. Ferðamálin eru þannig nú þegar orðin verulegur þáttur í efnahagslífi okkar, og ber því að veita þeim viðurkenningu og stuðning, sem einum af atvinnuvegum Íslendinga.

Það er ríkisvaldsins að sjá svo um, að atvinnugreinum sé ekki mismunað innbyrðis og að fjárfestingarsjóðir þeirra verði ekki undir í kapphlaupinu við einkaneyzlu, heldur sé þannig að þeim búið, að nægileg uppbygging geti orðið innan atvinnugreinanna. Eins og nánar verður vikið að hér á eftir, í skýringum í kafla þeim, sem fjallar um Ferðamálasjóð, hefur opinber stuðningur við þennan unga atvinnuveg ekki verið fullnægjandi til að skapa honum viðunandi vaxtarskilyrði.

Með frumvarpi þessu er stefnt að því að aðskilja og skilgreina betur en nú er annars vegar hlutverk hinnar opinberu hliðar á stjórn ferðamálanna og hins vegar hlutverk og stöðu samtaka þeirra aðila, sem ferðamálin snerta á margvíslegan hátt, án þess að þeir séu beinlínis hluti af þeim þætti stjórnkerfis ríkisins, sem ferðamálin lúta.

Með lögum nr. 29/1964 var komið nýrri og fastari skipun á íslenzk ferðamál en áður hafði verið, en fram að þeim tíma hafði Ferðaskrifstofa ríkisins einkarétt á almennri ferðaskrifstofustarfsemi, enda þótt ekki hefði þá um skeið verið haldið fast á þeim einkarétti. Með lögum nr. 29/1964 var almennur ferðaskrifstofurekstur leyfður með tilteknum skilyrðum. Þessi stefnubreyting var skýrð þannig í athugasemdum við frumvarpið:

„Í þriðja kafla frv. er skilgreint, hvert vera skuli hlutverk Ferðaskrifstofu ríkisins. Um hana hafa gilt lög nr. 33, 1. febrúar 1936, en þeim var breytt í nokkrum atriðum með lögum nr. 20 12. marz 1947. Samkvæmt lögunum frá 1936 hafði Ferðaskrifstofan ein rétt til þess að hafa með höndum móttöku erlendra ferðamanna, en heimilt var þá ráðherra að leyfa erlendum ferðaskrifstofum, sem áður höfðu starfað hér á landi, að hafa umboðsmenn hér á landi.

Meginrökin fyrir einkarétti til handa Ferðaskrifstofunni voru þau, að ella væri hætta á óeðlilegri samkeppni um viðskipti við erlenda ferðamenn, sem meðal annars gæti komið fram í því, að þeim yrði veitt lakari þjónusta en efni stæðu til, að tiltölulega fáir menn hefðu reynslu af þeim störfum, sem unnin eru á almennum ferðaskrifstofum og að ferðamannastraumur erlendra manna til landsins væri enn eigi svo mikill að til skipta væri fyrir margar ferðskrifstofur. Að því er varðar tvennt hið síðartalda, hefur mikil breyting orðið á síðustu árum. Upp hafa risið ferðaskrifstofur, sem skipulagt hafa fjölmargar ferðir til útlanda, og starfsmenn þeirra öðlast nokkra reynslu. Ferðamannastraumurinn vex hröðum skrefum og gistimöguleikar hafa aukizt verulega, bæði með byggingu nýrra hótela og með því að gerð hafa verið veruleg átök til nýtingar skólahúsnæðis. Að öllu þessu athuguðu er talið tímabært, að einkaréttur Ferðaskrifstofunnar verði afnuminn, en jafnframt gerðar strangar kröfur til hæfni forstöðumanna almennra ferðaskrifstofa og þess freistað að tryggja hagsmuni hinna fjölmörgu viðskiptamanna slíkra ferðaskrifstofa, með skyldu til setningar tryggingarfjár. Eru allir þeir aðilar, sem lagt hafa hönd á plóg um samningu frumvarps þessa sammála því meginefni þessa frumvarps, sem hér um ræðir. Mun það og mála sannast, að Ferðaskrifstofa ríkisins hafi eigi haldið fast á þessum einkarétti sínum hin síðari ár".

Síðan lög nr. 29/1964 tóku gildi hefur Ferðaskrifstofa ríkisins haldið áfram starfsemi sinni líkt og fyrir gildistöku laganna og annast ýmis verkefni almenns eðlis, þar á meðal landkynningu.

Í frumvarpi að lögum nr. 29/1964 var lagt til, að tryggingarfé ferðaskrifstofa væri 200 þús. kr., en Alþingi taldi það of lágt og hækkaði í 350 þús. kr. Kom í ljós þegar árið 1968, að uggur Alþingis var ekki ástæðulaus, en það ár urðu tvær íslenzkar ferðaskrifstofur gjaldþrota, og hafði það mjög slæm áhrif erlendis á íslenzk ferðamál og rýrði traust á íslenzkum ferðaskrifstofum erlendis. Það var því horfið að því þegar á næsta Alþingi, haustið 1968, að hækka tryggingarféð verulega eða í 1.5 millj. kr. og jafnframt auka möguleika á eftirliti með fjárhag ferðaskrifstofa.

Hér er lagt til, að tryggingarféð verði hækkað nokkuð og möguleikar samgönguráðuneytisins til að stöðva rekstur ferðaskrifstofa verði rýmkaðir. Opinber afskipti af þessari starfsgrein umfram aðrar eru fyrst og fremst byggð á eðli starf-

seminnar, en að því er vikið í athugasemdum við frumvarp til laga nr. 29/1964 með eftirfarandi orðum:

„Rekstur ferðaskrifstofa er að því leyti frábrugðinn flestri annarri atvinnustarfsemi, að viðskiptamaðurinn greiðir þar oft fyrirfram þá þjónustu, sem ferðaskrifstofan veitir. Af því leiðir, að viðskiptavinurinn á það þá undir heiðarleika ferðaskrifstofunnar fyrst og fremst, hvort hann fær þá þjónustu fyrir greiðslu sína, sem til er ætlazt og um var samið. Þegar við þetta bætist, að ferðaskrifstofur fá í langflestum eða öllum tilfellum gjaldfrest hjá skipafélögum, flugfélögum, hótelum og greiðasölustöðum liggur í augum uppi, að starfsemi ferðaskrifstofa krefst ekki mikils rekstursfjár. Nokkur freisting er því fyrir hendi fyrir einstaklinga til þess að hefja rekstur ferðaskrifstofa í skjóli þessa, án þess að ráða yfir nægilegu fjármagni til þess að mæta óvæntum áföllum".

Samkvæmt gildandi lögum um ferðamál er starfandi níu manna Ferðamálaráð annars vegar og Ferðaskrifstofa ríkisins hins vegar, en mörk milli þessara tveggja aðila eru að ýmsu leyti óljós.

Lagt er til að árlegt Ferðamálaþing komi í stað ferðamálaráðstefna þeirra, sem haldnar hafa verið árlega frá því Ferðamálaráð var stofnað 1964, en ákveðið verður með reglugerð, hverjir hafa þar rétt til setu. Í fskj. VII eru tillögur nefndarinnar um aðila, sem nefndin telur að eiga ættu sæti á Ferðamálaþingi með fullum réttindum, en tekið skal fram, að hér er ekki um tæmandi upptalningu að ræða. Að sjálfsögðu er erfitt eðli málsins vegna að sjá fyrir, hverjir eðlilegt er að sitji Ferðamálaþing. Þar geta ávallt bætzt nýir aðilar við og aðrir horfið af sviðinu. Því er talið rétt, að ákvæði um þetta efni séu fremur í reglugerð en lögum. Líklegt er þó, að á Ferðamálaþingi ættu sæti eigi færri en um 60 atkvæðisbærir fulltrúar auk áheyrnarfulltrúa.

Lagt er til, að Ferðamálaþing kjósi sjö manna Ferðamálaráð, sem er sá hluti hagsmunasamtakanna, sem hefur beint samband við stjórnkerfi ríkisins. Í þessu felst engan veginn vantraust á núverandi Ferðamálaráð, sem ólaunað hefur unnið ágætt starf um margra ára skeið, og með því fyrirkomulagi, sem frumvarpið gerir ráð fyrir, er síður en svo ástæða til að ætla, að ráðið verði verkefnalítið. Lagt er til, að Ferðamálaráð kjósi tvo af fimm mönnum í stjórn Ferðamálastofnunar Íslands og tvo af þremur í Ferðamálasjóðsnefnd, auk þess sem ráðið á að fylgja eftir ályktunum og áhugamálum Ferðamálaþinga.

Samkvæmt frumvarpinu eru Ferðamálaþing og Ferðamálaráð tengiliður milli þeirra fjölmörgu aðila, stofnana og samtaka, sem ferðamálaþjónustuna varðar á einhvern hátt, og þess hluta af stjórnkerfi ríkisins, sem þessi starfsemi lýtur. Lagt er til, að slík yfirstjórn verði áfram hjá samgönguráðuneytinu, en framkvæmd verði falin stofnun, Ferðamálastofnun Íslands, sem kemur í stað Ferðaskrifstofu ríkisins og núverandi skrifstofu Ferðamálaráðs.

Ferðamálaráð fær aðild að stjórn stofnunarinnar, enda þótt opinberir aðilar skipi meiri hluta stjórnarinnar. Rétt er að leggja áherzlu á, að með þessu er ekki stefnt að aukningu á starfsmannahaldi.

Í fskj. I er skipurit, þar sem sýnt er skipulag ferðamála samkv. frv. þessu.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Rétt hefur þótt að skipa efni frv. í eftirgreinda kafla:

I. kafli. — Tilgangur og yfirstjórn.
II. kafli. — Um Ferðamálastofnun Íslands.
III. kafli. — Um ferðamálafélög, Ferðamálaþing og Ferðamálaráð.
IV. kafli. — Almennar ferðaskrifstofur.
V. kafli. — Ferðamálasjóður.
VI. kafli. — Ýmis ákvæði.

Auk þess eru í frumvarpinu ákvæði til bráðabirgða I og II.

I. KAFLI
Um tilgang og yfirstjórn.

Um 1. gr.

Í gr. er almennt lýst tilgangi frumvarpsins og tekið fram, að við þróun og skipulagningu ferðamála skuli bæði hafa hliðsjón af þjóðhagslegri hagkvæmni og umhverfisvernd. Greinin skýrir sig að öðru leyti sjálf.

Um 2. gr.

Gert er ráð fyrir, að eins og áður fari samgönguráðuneytið með yfirstjórn ferðamála.

II. KAFLI
Um Ferðamálastofnun Íslands.

Um 3. gr.

Eins og komið hefur fram í hinni almennu greinargerð hér á undan, er gert ráð fyrir því, að sérstök stofnun, Ferðamálastofnun Íslands, fari með stjórn ferðamála undir yfirstjórn samgönguráðuneytisins. Stofnunin verður til við sameiningu Ferðaskrifstofu ríkisins og starfsliðs Ferðamálaráðs þess, sem nú starfar. Verkaskipting milli þessara tveggja aðila hefur ekki verið nægilega skýr, og er hér reynt að bæta úr því, svo og stuðla að aukinni hagkvæmni í störfum með þessari sameiningu. Auk þeirra verkefna, sem þessum tveimur stofnunum eru nú falin með gildandi lögum um ferðamál, er gert ráð fyrir ýmsum nýjum verkefnum, sem rakin verða nánar hér á eftir, sbr. aths. við 6. gr. frv. Rétt er að leggja áherzlu á, að þrátt fyrir aukin verkefni er ekki að sinni gert ráð fyrir auknu starfsmannahaldi, frá því sem nú er við Ferðaskrifstofu ríkisins og Ferðamálaráð, nema eftir því sem ný sérverkefni kunna að gefa tilefni til síðar.

Um 4. gr.

Lagt er til, að Ferðamálastofnun Íslands verði sett sérstök stjórn, sem í skulu vera 5 menn. Skulu 3 þeirra skipaðir af samgönguráðherra, og er gert ráð fyrir því, að einn þeirra sé úr hópi fastra starfsmanna samgönguráðuneytisins. Tilgangurinn er að tryggja sem nánast samband og samstarf milli ráðuneytis og stofnunar. Tveir stjórnarmanna skulu skipaðir eftir tilnefningu Ferðamálaráðs, en um skipun þess er rætt í aths. við 9. gr. frv.

Um 5. gr.

Í embætti ferðamálastjóra eru samkvæmt greininni sameinuð núverandi störf forstjóra Ferðaskrifstofu ríkisins og framkvæmdastjóra Ferðamálaráðs, auk nýrra verkefna. Rétt þykir að taka fram í lögum, að ferðamálastjóri geti ekki átt sæti í stjórn Ferðamálastofnunarinnar, en almennt er talið stjórnunarlega rangt, að forstöðumenn stofnana eigi jafnframt sæti í stjórnum þeirra. Hins vegar er nauðsynlegt, að ferðamálastjóri sitji stjórnarfundi og þá með málfrelsi og tillögurétti.

Um 6. gr.

Í þessari grein er leitazt við að skilgreina sem bezt verkefni Ferðamálastofnunar Íslands. En verkefnunum er skipt í eftirtalda 5 flokka:

I. Skipulagning ferðamála.
II. Þjónustustarfsemi.
III. Eftirlit og umhverfisvernd.
IV. Sölustarfsemi.
V. Önnur verkefni.

Þessir aðalflokkar eru síðan skilgreindir nánar.

Í aðalatriðum er hægt að segja, að verkefnum þeim, sem Ferðaskrifstofu ríkisins og Ferðamálaráði eru falin með gildandi lögum, er haldið í þessari upptalningu, en auk þess koma ýmis ný verkefni til, auk verkefna, sem leiðir beint af nýjum ákvæðum í frv. þessu. Skulu verkefnin skýrð hér frekar:

I. Skipulagning ferðamála. Auk landkynningarstarfsemi og þátttöku í fjölþjóðlegu samstarfi um ferðamál, sem nú er meðal verkefna bæði Ferðaskrifstofu ríkisins og Ferðamálaráðs, er hér gert ráð fyrir skipulagningu íslenzkra ferðamála til langs tíma, meðal annars með áætlunargerð, markaðskönnun og fjárfestingaráætlunum. Landkynningarstarfsemin er að sjálfsögðu nátengd þessum þáttum. Fyrstu skrefin í skipulagningu þessara mála með langtímasjónarmið í huga hafa þegar verið stigin, og hafa Sameinuðu þjóðirnar veitt til þess fjárstyrk. Bandarískt fyrirtæki vinnur nú að gerð áætlunar um ýmis viðfangsefni, sem til þess væru fallin að lengja ferðamannatímabilið vor og haust. Skýrsla um þessar athuganir er væntanleg í marz 1973. Um þetta mikilsverða mál er fjallað frekar í fskj. VIII.

II. Þjónustustarfsemi. Af nýjum verkefnum samkvæmt þessum lið má nefna, að frv. gerir ráð fyrir, að Ferðamálastofnunin efli og styrki starfsemi ferðamálafélaga og aðstoði hið nýja Ferðamálaráð. Ekki er þó kveðið nákvæmlega á um það, á hvern hátt stofnunin styrki ferðamálafélögin eða aðstoði Ferðamálaráð. Hér er að sjálfsögðu fyrst og fremst um að ræða fjárhagslegan stuðning, og verður að gera ráð fyrir að Ferðamálastofnuninni verði árlega ætlað nokkurt fé til að styrkja starfsemi ferðamálafélaga og taka þátt í kostnaði við Ferðamálaþing.

Ferðamálaþing og Ferðamálaráð eru tengiliðir milli hinnar opinberu yfirstjórnar ferðamálanna og hinna fjölmörgu aðila í þjóðfélaginu, sem ferðamálin snerta ýmist sem neytendur, framleiðendur og þjónustuaðilar eða fulltrúar samtaka og starfsemi, sem tengd er ferðamálunum óbeint og á þar hagsmuna að gæta.

Þar sem gott og greitt samband milli yfirstjórnar ferðamálanna og þeirra aðila, sem skipa Ferðamálaþing og — ráð er fyrir sem forsenda hagstæðrar þróunar í þessum málum, er sjálfsagt að tryggja fjárhagslegan grundvöll þessara samtaka. Svipað er um ferðamálafélögin að segja. Bæði þau, Ferðamálaþing og Ferðamálaráð eru ómissandi leiðarvísir fyrir yfirstjórn ferðamálanna, enda er þeim í frv. þessu ætlað tækifæri til beinnar þátttöku í yfirstjórninni í miklu ríkari mæli en nú er. Fjárstuðningur við þessi samtök verður því að vera á þann hátt, að þau verði ekki of háð Ferðamálastofnuninni og glati ekki því skoðanalega sjálfstæði, sem á að vera styrkur þeirra og höfuðkostur.

Þá er einnig gert ráð fyrir því, að Ferðamálastofnunin vinni að því, að starfrækt sé miðstöð fyrir pantanir á gistihúsnæði og hafi um það samráð við samtök gistihúsaeigenda. Slíkar miðstöðvar eru algengar erlendis og til mikils hagræðis, bæði fyrir gistihúsaeigendur og ferðafólk. Einnig er Ferðamálastofnuninni falið að vinna að því að starfrækja miðstöð fyrir sölu veiðileyfa í ám og vötnum, og skal stofnunin hafa um það samráð við samtök veiðiréttareigenda. Hingað til hefur vantað heildarskipulagningu á þessum málum, að því leyti sem að ferðafólki snýr. Þá er og gert ráð fyrir að Ferðamálastofnunin veiti aðstoð í sambandi við ráðstefnuhald á Íslandi og vinni að fjölgun slíkra ráðstefna.

Síðast nefndir þrír liðir eru raunar sérstaklega til athugunar, bæði ástand mála nú og hugsanleg þróun þeirra, hjá fyrirtæki því, sem nú vinnur að áætlanagerð um ferðamál á Íslandi, sbr. fskj. VIII.

Loks er í þessum lið gert ráð fyrir, að Ferðamálastofnunin vinni að því að samræma og skipuleggja hópferðir fyrir almenning um öræfi landsins. Eins og nú er, eru þessar hópferðir í höndum ýmissa aðila, og er lítið sem ekkert samstarf milli þeirra innbyrðis um dreifingu ferðanna. Er því ekki óalgengt, að margir hópar séu á ferð samdægurs um sömu slóðir og gisti á sömu áningarstöðum, en aðra daga er enginn hópur á ferð. Bæði frá náttúruverndarsjónarmiði og almennu ferðamanna-

sjónarmiði er nauðsynlegt að á þessu verði breyting og heildarskipulag þessara ferða verði í höndum eins aðila, ekki síst þar sem ör fjölgun ferðafólks verður ár frá ári einmitt í þessum ferðum.

III. Eftirlit og umhverfisvernd. Í gildandi lögum um ferðamál eru engin ákvæði um þau verkefni, sem talin eru í þessum lið. Þessi verkefni eru umhverfis- og náttúruvernd, vernd fornminja og annarra menningarverðmæta, svo og nauðsynlegar hreinlætiskröfur. Á síðustu árum hafa augu heimsins opnast fyrir þeim geigvænlega vanda, sem ógætileg skipti mannanna við náttúruna hafa stofnað til. Hvarvetna er rætt um nauðsyn breyttrar stefnu. Það er, eins og í 1. gr. frv. segir, stefna þessa frv., að ferðamannaþjónustan verði skipulögð í fullu samræmi við raunsæ umhverfisverndarsjónarmið.

Loks er gert ráð fyrir, að Ferðamálastofnunin kanni kvartanir, sem berast kunna um ófullnægjandi þjónustu þeirra aðila, sem veita ferðafólki fyrirgreiðslu, en svokallaðar kvartananefndir hafa t. d. verið settar á stofn á Norðurlöndum til að fjalla um slík mál, og starfa þær ekki síst fyrir tilverknað ferðaskrifstofanna sjálfra eða heildarsamtaka þeirra.

IV. Sölustarfsemi. Þau verkefni, sem getið er um í þessum lið, eru í verkahring Ferðaskrifstofu ríkisins samkvæmt gildandi lögum, en orðalag frv. er þó nokkuð breytt frá þeim. Að sjálfsögðu orkar tvímælis, hvort rétt sé, að hin nýja stofnun haldi áfram þeim almenna ferðaskrifstofurekstri, sem Ferðaskrifstofa ríkisins nú heldur uppi. Hér er þó ekki lagt til, að breytt verði um stefnu, enda ljóst, að þessi starfsemi leggur að verulegu leyti grundvöll að fjárhag stofnunarinnar.

V. Önnur verkefni. Rétt þykir að gera ráð fyrir, að Ferðamálastofnuninni megi fela önnur verkefni en talin eru upp í I.—IV. lið 6. gr.

III. KAFLI

Um ferðamálafélög, Ferðamálaþing og Ferðamálaráð.

Um 7. gr.

Síðan gildandi lög um ferðamál voru samin, hafa allvíða risið upp sérstök ferðamálafélög, sem eru samtök einstaklinga, sveitarfélaga og annarra aðila, sem vinna að bættri aðstöðu fyrir ferðafólk á svæði því, sem undir hvert félag heyrir, svo og að kynningu svæðisins sem ferðamannasvæðis. Af þessum félögum eru þó tvö stofnuð fyrir allmörgum árum, en það eru félögin í Reykjavík og á Akureyri. Fyrirsjáanlegt er, að ferðamálafélögum á eftir að fjölga allmjög á næstu árum, enda er starfsemi þeirra til mikils gagns fyrir ferðamál.

Um 8. gr.

Hér er gert ráð fyrir að árlega séu haldnar ráðstefnur um ferðamál, er nefndar eru Ferðamálaþing. Koma þau í stað ferðamálaráðstefna þeirra, sem haldin hafa verið á ári hverju undanfarin ár á vegum Ferðamálaráðs. Af ferðamálaráðstefnunum hefur fengizt allmikil reynsla um það, hvernig Ferðamálaþing ætti að vera skipulagt, og er stuðzt við hana hér. Í greininni segir, að í reglugerð skuli ákveðið hvaða aðilar, samtök og stofnanir skuli hafa rétt til að senda fulltrúa á Ferðamálaþingið. Rétt þykir, að um þetta gildi reglugerðarákvæði en ekki lagaákvæði, meðal annars þar sem nýir aðilar geta bætzt við, sem erindi eiga á þingið, og aðrir fallið út, og er þá eðlilegra, að um þátttökurétt sé fjallað í reglugerð fremur en í lögum. Í fskj. VII hér á eftir eru þeir aðilar taldir upp, sem rétt þykir, að hafi rétt til fundarsetu og atkvæðagreiðslu á Ferðamálaþingi. Þó er rétt að leggja áherzlu á, að upptalningin er ekki tæmandi.

Einnig er gert ráð fyrir, að í reglugerð verði á einhvern hátt takmörkuð tala fulltrúa ferðamálafélaganna, þannig að einstakir landshlutar fái ekki óeðlilega mikil áhrif á þinginu.

Loks er gert ráð fyrir, að í reglugerðinni verði taldir þeir aðilar, sem rétt eiga á þingsetu án atkvæðisréttar. Á þetta m. a. við um ferðamálastjóra, sem að sjálfsögðu verður að sitja Ferðamálaþing og gefa upplýsingar um störf og fyrirætlanir Ferðamálastofnunarinnar.

Um 9. gr.

Í greininni er gert ráð fyrir, að Ferðamálaþing kjósi til eins árs í senn sjö fulltrúa til setu í Ferðamálaráði og jafnmarga til vara. Er þetta veruleg breyting á skipun Ferðamálaráðs, frá því sem nú er, en ráðið er skipað samkvæmt tilnefningu 8 aðila, sem taldir eru upp í lögunum, en formaður ráðsins er skipaður án tilnefningar af ráðherra.

Gert er ráð fyrir, að formaður og varaformaður ráðsins séu kosnir af Ferðamálaþingi úr hópi aðalmanna í ráðinu. Samkvæmt frumvarpinu er hlutverk Ferðamálaráðs að nokkru leyti svipað og hlutverk ráðsins er samkvæmt gildandi lögum, en þó yrði Ferðamálaráð ekki beint ráðgefandi fyrir yfirstjórn ferðamálanna, eins og nú er, heldur myndi skoðana þess og áhrifa gæta fyrir atbeina fulltrúa þeirra, sem lagt er til að ráðið eigi í stjórn Ferðamálastofnunar Íslands, sbr. 4. gr.

Ferðamálaráð það, sem nú starfar, hefur unnið þarft verk og stuðlað mjög að réttri þróun ferðamála hér á landi síðustu árin. Þó verður að telja, að skipun þess sé of einhliða bundin við tiltölulega lítinn hluta þeirra stétta, sem hlut eiga að máli, og neytendur eiga engan fulltrúa í ráðinu. Það er því nauðsynlegt annað hvort að fjölga mikið í ráðinu, eða fara þá leið sem frumvarpið gerir ráð fyrir.

Um 10. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

IV. KAFLI

Almennar ferðaskrifstofur.

Um 11. gr.

Greinin er óbreytt frá lögum um ferðamál nr. 4/1969, 1. gr., að öðru leyti en því, að í d-lið er skotið inn orðunum „og sala.“ Í skýringum við frumvarp til núgildandi laga var eftirfarandi tekið fram um 1. gr.:

„Hér er hugtakið ferðaskrifstofa skilgreint á sama hátt og í þeirri fyrirmynd OEEC að löggjöf um ferðaskrifstofur, er áður getur, að því viðbættu, sem segir í síðustu málsgrein varðandi úrskurð í vafatilfellum. Þess má geta, að t. d. Norðmenn fylgja þessari fyrirmynd allnákvæmlega. Ætti þar með að vera allvel fyrir því séð, að einkaaðilar, sem hyggjast gera fyrirgreiðslu fyrir ferðamenn að atvinnu sinni, þyrftu ekki að vera í vafa um í hverju starfsemin ætti að vera fólgin til þess að hún fengist viðurkennd sem ferðaskrifstofurekstur.

Sú þjónusta, sem um ræðir í liðum a—d, verður að vera innt af hendi í atvinnuskyni til þess að teljast veitt af ferðaskrifstofu. Orðin „ að einhverju eða öllu leyti“ lúta að því, að starfsemin geti talizt vera innt af hendi af ferðaskrifstofu, þótt hún nái aðeins til hluta af því, sem talið er í greininni.“

Um 12. gr.

Greinin er óbreytt frá 2. gr. gildandi laga að öðru leyti en því, að bætt er í greinina ákvæði um, að óheimilt sé að stunda störf þau, sem greind eru í 11. gr., nema hafa til þess leyfi samgönguráðuneytisins, en það er hvergi beinlínis tekið fram í gildandi lögum, þótt þau hafi ætíð verið túlkuð á þann veg.

Um 13. gr.

Greinin er hliðstæð og 3. gr. gildandi laga, að öðru leyti en því að auk Ferðamálaráðs er hér gert ráð fyrir að leitað sé umsagnar Ferðamálastofnunar Íslands um umsóknir.

Um 14. gr.

Greinin er óbreytt frá 4. gr. gildandi laga, en rétt þykir að taka hér upp skýringar við hana í frumvarpinu til þeirra:

„Leyfi til reksturs ferðaskrifstofu er fyrst og fremst bundin við persónu. Kemur hér til, að sú tegund þjónustu, sem veitt er á ferðaskrifstofum, verður eigi innt af hendi svo vel sé, nema forstöðumaður, sem væntanlega er þá leyfishafi, hafi til að bera staðgóða þekkingu á ferðamálum, enda er svo til ætlazt, að hann hafi með höndum daglega stjórn. Í e- lið er svo fyrir mælt, að leyfishafi verði að hafa alllanga starfsreynslu. Í fyrirmynd OEEC er þó kveðið allmiklu fastar að orði, en þar er til þess ætlazt, að viðkomandi hafi hlotið alhliða þjálfun og reynslu í öllum þeim störfum, sem fyrir koma í rekstri ferðaskrifstofu.

Þrátt fyrir þetta þykir þó sjálfsagt að halda opnum þeim möguleika, að veita félagi eða fyrirtæki heimild til reksturs ferðaskrifstofu enda sé dagleg stjórn í höndum manns, sem uppfyllir skilyrði. . .“

Um 15. gr.

Er frumvarp til gildandi laga um ferðamál var lagt fyrir Alþingi, var gert ráð fyrir, að trygging sú, sem sett væri fyrir ferðaskrifstofurekstri, yrði 200 þús. kr., en Alþingi hækkaði tryggingarféð við meðferð málsins í 300 þús. kr., eins og vikið er að áður. Síðar kom í ljós, að sú tryggingarfjárhæð var alltof lág, og var hún árið 1968 hækkuð í 1.5 millj. kr., sem hún er nú. Er ljóst, að þessi fjárhæð nægir ekki nú orðið til að tryggja viðskiptaaðila ferðaskrifstofu nægilega, enda er einnig gert ráð fyrir því, að unnt sé að hafa tryggingarféð hærra en þessu nemur hjá einstökum ferðaskrifstofum, ef rekstur þeirra gefur tilefni til. Um þetta segir meðal annars í skýringum við 5. gr. í áðurnefndu frumvarpi:

„Það ákvæði, sem hér um ræðir, er sett af tveimur ástæðum fyrst og fremst. Hin fyrri er sú, að eðlilegt þykir að veita viðskiptamönnum ferðaskrifstofu fjárhagslega tryggingu þ. e. þeim sem greiða fyrirfram fyrir veitta þjónustu fyrir hennar milligöngu. Hin ástæðan er sú, að grípa þurfi til tryggingarfjárins til þess að mæta réttmætum kröfum erlendra aðila, sem skipta við íslenzkar ferðaskrifstofur. Sennilega yrði í framkvæmd algengast að sett yrði bankatrygging.“

Um 16. gr.

Ákvæði þessarar greinar er óbreytt frá gildandi lögum og er sett til tryggingar því, að eigi sé gripið til greiðslu krafna af tryggingarfé, nema enginn minnsti vafi leiki á réttmæti þeirra, og þá því aðeins, að kröfurnar séu sprottnar af ferðaskrifstofurekstri tryggingarfjáreiganda.

Um 17. gr.

Ákvæði þessarar greinar eru nokkuð hert frá því sem nú er, þar sem ferðaskrifstofunum yrði gert að skila reksturs- og efnahagsreikningi undanfarandi árs fyrir ákveðinn tíma eða fyrir 1. maí. Veitir fresturinn ferðaskrifstofum aukið aðhald, sem ekki er fyrir hendi nú.

Um 18. gr.

Í 8. gr. gildandi laga er að finna hliðstæð ákvæði, en samkvæmt þeim er Ferðaskrifstofa ríkisins undanþegin því að setja tryggingu eða öðlast leyfi til ferðaskrifstofureksturs, enda hér um að ræða ríkisfyrirtæki og ríkissjóður því ábyrgur fyrir skuldbindingum skrifstofunnar. Hliðstæð rök hníga og að því, að ákvæði 4. kafla frv. taki ekki til Ferðamálastofnunar Íslands.

Í 2. mgr. gr. er gert ráð fyrir því, að ákveðið verði nánar í reglugerð á hvern hátt eigendum og umráðamönnum samgöngutækja sé heimilt að skipuleggja og selja farseðla í eigin ferðir með slíkum tækjum, þannig að fæði eða næturgisting fylgi. Ákvæði um þetta efni eru í 8. gr. gildandi laga, en eðlilegra þykir, að þau verði framvegis í reglugerð, svo sem hér er lagt til. Nýmæli er það í gr., að heimild þessi geti náð bæði til eigenda og umráðamanna samgöngutækja. Þykir ekki ástæða til að binda heimildina við, að viðkomandi aðili, hvort sem um er að ræða eiganda samgöngutækja eða ferðahönnuð (tour operator) sé raunverulegur eigandi allra samgöngutækja þeirra, sem notuð eru, heldur nægi að hann sé umráðamaður þeirra og myndi hann þá í flestum tilvikum vera eigandi þeirra að hluta. Þá er það nýmæli í gr., að heimilt er í reglugerð, að binda heimild þá, sem hér um ræðir tilteknum skilyrðum varðandi hreinlætisaðstöðu og annan aðbúnað, svo og um tryggingarfé. Mál varðandi hreinlæti, einkum í öræfaferðum, sem er algengust þeirra tilvika, sem falla undir þessa gr., verður að taka föstum tökum og hafa um þau náið samráð við Náttúruverndarráð, Heilbrigðiseftirlit ríkisins og aðra slíka aðila.

Vel virðist koma til greina að setja það skilyrði fyrir slíkum ferðum, ef um er að ræða stórfellda starfsemi, að tryggingarfé sé þá sett, ekki síður en í almennum ferðaskrifstofurekstri. Myndi slíkt væntanlega verða ákveðið í hverju einstöku tilfelli, svo og upphæð tryggingarfjárins.

Ákvæði 3. mgr. eru ný að því leyti, að í 8. gr. gildandi laga er talað um „viðurkennd ferðafélög", en hér er gert ráð fyrir, að ákveðið verði í reglugerð, hvaða ferðafélög skuli undanþegin ákvæðum laganna. Í framkvæmd hafa tvö félög notið slíkrar viðurkenningar hingað til, þ. e. Ferðafélag Íslands og Bandalag íslenzkra farfugla.

Um 19. gr.

Í greinina eru sett fyllri ákvæði en nú gilda um afturköllun leyfis til reksturs ferðaskrifstofu. Reynsla undanfarinna ára hefur sýnt, að nauðsynlegt er að hafa þessa heimild rýmri en verið hefur, enda þótt hún verði að sjálfsögðu aldrei notuð, nema brýna nauðsyn beri til.

Að öðru leyti eru í greininni taldar ástæður þess, að leyfi falli niður. Frumskilyrði þess, að leyfi sé veitt, er að umsækjandi uppfylli þau persónulegu skilyrði að hafa forráð bús síns og að hann sé búsettur í landinu (14. gr.), og að hann setji tryggingu fyrir rekstrinum (15. gr.). Það er því eðlilegt, að skilyrði fyrir því, að leyfi viðhaldist, séu þau, að ekki verði grundvallarbreyting á högum leyfishafa að þessu leyti. Þetta þýðir, að leyfið hlýtur að falla niður, ef leyfishafi hættir að vera fjár síns ráðandi, en sviptur lögræði, flytzt af landinu eða trygging samkvæmt 15. gr. fellur niður eða hættir að fullnægja settum reglum.

Um 20. gr.

Greinin er óbreytt frá gildandi lögum.

Almenn þekking á ferðamálum og starfsreynsla á þeim vettvangi er eitt af skilyrðunum fyrir því, að leyfi sé veitt til reksturs ferðaskifstofu. Af því leiðir, að almenna reglan hlýtur að vera sú, að leyfi til rekstursins falli niður við andlát leyfishafa.

Í greininni er gert ráð fyrir því, að ekkju leyfishafa, sem situr í óskiptu búi, sé heimilt að halda rekstrinum áfram í eitt ár. Vilji hún hins vegar halda rekstrinum lengur áfram, þarf hún að sækja um rekstrarleyfi, og þarf þá sá, er veita skal fyrirtækinu forstöðu, að uppfylla skilyrði til leyfisveitingar, en auk þess þarf að sjálfsögðu að fullnægja almennum skilyrðum um tryggingarfé. Eins árs frestur inn er hugsaður til þess að veita ekkjunni eða dánarbúinu frest til búskipta, til sölu á fyrirtækinu eða þess háttar aðgerða, sem eru afleiðingar af fráfalli leyfishafa. Almennt er ekki talin þörf á að hafa þennan frest lengri en eitt ár.

V. KAFLI
Ferðamálasjóður.

Um 21.—22. gr.

Samkvæmt þessum greinum er gert ráð fyrir nokkuð víðtækara starfssviði Ferðamálasjóðs, en er samkvæmt gildandi lögum. Samkvæmt þeim má sjóðurinn eingöngu lána til framkvæmda við gisti- og veitingastaði og er því í reynd ekki almennur Ferðamálasjóður, heldur hótelsjóður.

Í ljós hefur komið, að með þessu móti verða vissir þættir ferðamála útundan, þar sem Ferðamálasjóður hefur ekki heimild til að lána til þeirra og aðrir aðilar telja sér það ekki skylt. Auk þess er enginn aðili til, sem hefur aðstöðu til þess að leggja fjármagn í að endurbæta hreinlætis- og snyrtiaðstöðu á fjölsóttum ferðamannastöðum utan alfaraleiða, svo og til annarrar umhverfisverndar vegna umferðar ferðafólks. Er því gert ráð fyrir því, að sjóðurinn megi veita Ferðamálastofnun Íslands framlag, sem Ferðamálastofnunin geti síðan notað í þessu skyni. Rétt þykir hins vegar að takmarka þetta óafturkræfa framlag verulega, þannig að það verði ekki hærra en 10% af árlegum tekjum sjóðsins. Er þá ætlazt til þess, að styrkveitingar Ferðamálastofnunarinnar gangi fyrst og fremst til endurbóta á þeim stöðum, þar sem engum öðrum opinberum aðila teldist skylt að koma til, svo sem á öræfum landsins, en þar sem um nauðsynlega umhverfisvernd eða endurbætur á aðstöðu fyrir ferðafólk væri að ræða í byggð, væri heimilt að lána viðkomandi bæjar- eða sveitarfélagi úr sjóðnum til þeirra hluta.

Í fskj. VI eru upplýsingar um fjármálalega fyrirgreiðslu við ferðamál í nokkrum löndum.

Um 23. gr.

Í fskj. V hér á eftir kemur fram, að þau ár, sem Ferðamálasjóður hefur starfað, hefur hann lánað til gisti- og veitingahúsa samtals um 84 millj. króna. Enda þótt sjóðurinn hafi þannig stuðlað töluvert að framkvæmdum í þessum efnum, ekki hvað minnst í sveitum og kauptúnum landsins, hefur hann þó einatt haft yfir alltof litlu fjármagni að ráða, og lánin, sem hann hefur þurft að taka til endurlána, hafa verið of dýr. Eigið fé sjóðsins er því mjög lítið.

Til þess að geta gegnt víðtækara hlutverki, eins og gerð er grein fyrir hér að framan, eflt stöðu sína og komizt til jafns við aðra fjárfestingarsjóði aðalatvinnuveganna, verður því að gera ráð fyrir allmjög aukinni tekjuöflun Ferðamálasjóðs.

Talið er eðlilegt, að tekna til sjóðsins sé aflað með skatti, sem lagður sé á atvinnuveginn sjálfan, í þessu tilviki með hluta tekna af aðgöngumiðagjaldi af vínveitingahúsum. Til þess að þetta sé framkvæmanlegt þarf að breyta lögum um söluskatt, og fylgir frekari greinargerð um málið hér með í fylgiskjali IX. Að öðru leyti er gert ráð fyrir óverulegri hækkun á framlagi ríkissjóðs.

Um 24. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 25. gr.

Rétt er að geta þess hér, að Búnaðarbanki Íslands hefur frá upphafi annazt um Ferðamálasjóð á sama hátt og gert er ráð fyrir í greininni.

Um 26. gr.

Samkvæmt 29. gr. gildandi laga um ferðamál skulu umsóknir um lán úr Ferðamálasjóði sendar Ferðamálaráði, sem gerir rökstuddar tillögur til samgönguráðherra um lánveitingar, en hann ræður útlánum af fé sjóðsins.

Fyrirkomulag þetta hefur þótt nokkuð þungt í vöfum, og hefur því verið reynt að einfalda það með því að fela sérstakri nefnd, sem í eiga sæti tveir fulltrúar frá Ferðamálaráði og einn frá ráðuneytinu, að fjalla um allar umsóknir um lán úr sjóðnum og segja álit sitt á þeim. Er með tillögunni í 3. mgr. verið að lögfesta þetta

fyrirkomulag, en Ferðamálaráð fylgist eins og áður með umsóknunum og hefur áhrif á afgreiðslu þeirra.

Um 27. gr.

Ákvæðið í þessari gr. er ætlað til þess að tryggja, að fjármagni Ferðamálasjóðs verði ekki varið til örfárra staða, enda er talið með tilliti til þess hversu almenn þörfin sé fyrir fjármagn úr sjóðnum að farsælla sé að dreifa því nokkuð, og muni það á þann hátt koma að betri notum.

Um 28. gr.

Hér er um óbreytt fyrirkomulag að ræða frá því, sem verið hefur. Allflest lán hafa verið veitt til 15 ára. Í nokkrum tilvikum hefur verið veittur afborgunarfrestur fyrstu 2 árin, enda greiðast þá lánin upp á næstu 13 árum. Vextir hafa verið ákveðnir með hliðsjón af vöxtum á því lánsfé, sem sjóðurinn hefur haft til endurlána. Aldrei hefur verið um að ræða nema í mesta lagi ½% vaxtamun.

Samkvæmt ákvæðum í reglugerð eru lánin bundin framfærsluvísitölu. Eðlilegra er, að þau séu bundin vísitölu byggingarkostnaðar, og því er þessi breyting gerð. Haldið er óbreyttu ákvæði um, að erlent lánsfé sé endurlánað með gengistryggingu.

Um 29.—31. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

VI. KAFLI
Ýmis ákvæði.

Um 32. gr.

Ákvæðið í þessari grein um greiðslu aðgangseyris að fjölsóttum ferðamannastöðum er í 36. gr. gildandi laga um ferðamál.

Enda þótt þessi heimild hafi lítið verið notuð, þykir sjálfsagt að hafa þennan möguleika opinn áfram. Gjöld sem þessi eru algeng í öðrum ferðamannalöndum, og ekki er óeðlilegt, að fjár til uppbyggingar og viðhalds viðkomandi staðar verði aflað hjá þeim, sem þangað koma, í stað þess að verja til þess almannafé. Innheimta slíks gjalds er tiltölulega auðveld og færi þá ýmist fram á staðnum sjálfum eða væri innheimt sem hluti af fargjaldi fyrir hópa, sem til staðarins koma.

Um 33.—34. gr.

Þarfnast ekki skýringa.


Um ákvæði til bráðabirgða I—II.

Þessi bráðabirgðaákvæði þarfnast ekki sérstakra skýringa.

Listi yfir fylgiskjöl.

Fylgiskjal I. Skipulag ferðamála (skipurit).
Fylgiskjal II. Töflur um fjölda erlendra ferðamanna til Íslands.
Fylgiskjal III. Gjaldeyristekjur af erlendum ferðamönnum.
Fylgiskjal IV. Hótelrými á Íslandi 1972.
Fylgiskjal V. Lánveitingar úr Ferðamálasjóði.
Fylgiskjal VI. Fjármálaleg fyrirgreiðsla við ferðamál í nokkrum löndum.
Fylgiskjal VII. Tillögur um aðila að Ferðamálaþingi.
Fylgiskjal VIII. Ferðamálakönnun á vegum Sameinuðu þjóðanna.
Fylgiskjal IX. Greinargerð um fastan tekjustofn fyrir Ferðamálasjóð.

Fylgiskjal I.



Fylgiskjal II.

Fjöldi erlendra ferðamanna til Íslands árið 1971.
Sundurliðun eftir mánuðum og flutningsmáta.

	Fjöldi ferðamanna með			Hlutfallsleg skipting eftir mán
	Flugvélum	Skipum	Samtals	
Janúar	2 371	30	2 401	4.0
Febrúar	2 048	6	2 054	3.4
Marz	2 549	45	2 594	4.3
Apríl	3 395	64	3 459	5.7
Maí	5 458	42	5 500	9.1
Júní	7 946	268	8 214	13.5
Júlí	11 923	407	12 330	20.3
Ágúst	10 368	281	10 649	17.5
September	5 228	103	5 331	8.8
Október	3 678	42	3 720	6.1
Nóvember	2 194	10	2 204	3.6
Desember	2 260	3	2 263	3.7
Árið allt	59 418	1 301	60 719	100.0
Tímabilið:				
Júní—ágúst	30 237	956	31 193	51.3%
Maí—september	40 923	1 101	42 024	69.2%

Fjölgun erlendra ferðamanna 1971—1972 eftir mánuðum.

	Fjöldi ferðamanna			Aukning			
	1970	1971	1972	1970—71	'71—'72	'70—'71 í %	'71—'72 í %
Janúar	1 999	2 401	2 030	402	÷ 371	20.1	÷ 15.5
Febrúar	2 066	2 054	2 447	÷ 12	393	÷ 0.6	19.1
Marz	1 994	2 594	2 829	600	235	30.1	9.0
Apríl	3 428	3 459	3 758	31	299	0.9	8.6
Maí	3 724	5 500	5 000	1 776	÷ 500	47.7	÷ 9.1
Júní	6 986	8 214	10 178	1 228	1 964	17.6	23.9
Júlí	11 774	12 330	16 128	556	3 798	4.7	30.8
Ágúst	8 733	10 649	11 494	1 916	845	21.9	7.9
September	4 829	5 331	5 894	502	563	10.4	10.6
Október	3 330	3 720	4 044	390	324	11.7	8.7
Nóvember	1 991	2 204		213		10.7	
Desember	2 054	2 263		209		10.2	
Allt árið	52 908	60 719		7 811		14.8	

Þar sem ekki liggja fyrir tölur um fjölda erlendra ferðamanna nema fyrir fyrstu 10 mánuði ársins 1972, er samanburður fyrir það ár ekki endanlegur. Sé hins vegar miðað við fyrstu 10 mánuði ársins 1971, er aukning fyrir sama tímabil árið 1972 um 13.4%.

Fjöldi erlendra ferðamanna 1970 og 1971.
Sundurliðun eftir þjóðerni.

		Fjöldi ferðamanna		Hlutfallsleg skipting	
		1970	1971	1970	1971
1.	Danir	4 694	4 223	8.9	7.0
2.	Norðmenn	2 277	2 018	4.3	3.3
3.	Svíar	2 681	3 304	5.1	5.5
4.	Finnar	948	818	1.8	1.4
	(Samtals Norðurl.búar)	(10 600)	(10 363)	(20.0)	(17.0)
5.	Bretar	5 295	5 785	10.0	9.5
6.	Írar	138	130	0.3	0.2
7.	Þjóðverjar	5 497	6 460	10.4	10.6
8.	Frakkar	1 894	2 375	3.6	3.9
9.	Hollendingar	922	1 090	1.7	1.8
10.	Belgar	626	567	1.2	0.9
11.	Svisslendingar	1 070	1 230	2.0	2.0
12.	Austurríkismenn	527	643	1.0	1.1
13.	Ítalir	469	630	0.9	1.0
14.	Grikkir	69	48	0.1	0.0
15.	Luxemborgarar	127	233	0.2	0.4
16.	Spánverjar	114	198	0.2	0.3
17.	Portúgalir	25	60	0.0	0.1
18.	Aðrir Evrópubúar	717	615	1.4	1.0
	(Samtals Evrópubúar)	(28 090)	(30 427)	(53.1)	(50.1)
19.	Kanadabúar	1 035	1 283	2.0	2.1
20.	Bandaríkjamenn	22 352	27 588	42.2	45.5
21.	Suður-Ameríkubúar	482	416	0.9	0.7
22.	Aðrir	949	1 005	1.8	1.7
	Ferðamenn samtals	52 908	60 719	100.0	100.0

Fylgiskjal III.

Yfirlit yfir fjölda erlendra ferðamanna til Íslands og innkomnar gjaldeyristekjur af þeim frá 1950.

Erlendir ferðamenn			Gjaldeyristekjur á gengi hvers tíma		Gjaldeyristekjur fast gengi: $ 1969		Árleg aukn. í %	
Ár	Tala	Árleg aukning í %	Alls í þús. kr.	Á ferðamann í kr.	Alls í þús. kr.	Á ferðamann í kr.	Alls	Á ferðamann
1950	4 383		845	193	4 564	1 041		
1951	4 084	÷ 6.8	1 073	263	5 795	1 419	27.0	36.3
1952	4 823	18.1	1 571	326	8 484	1 759	46.4	24.0
1953	6 380	32.3	2 846	446	15 370	2 409	81.2	37.0
1954	6 847	7.3	2 437	356	13 160	1 992	÷ 14.4	÷ 20.2
1955	9 107	33.0	2 208	242	11 925	1 309	÷ 9.4	÷ 31.9
1956	9 607	5.5	2 106	219	11 371	1 184	÷ 4.7	÷ 9.6
1957	9 279	÷ 3.4	4 869	525	26 295	2 834	131.2	139.4
1958	10 111	9.0	2 988	296	16 137	1 596	÷ 38.7	÷ 43.7
1959	12 296	21.6	3 042	247	16 426	1 336	1.8	÷ 16.3
1960	12 806	4.1	17 208	1 344	39 751	3 104	142.0	132.3
1961	13 629	6.4	25 890	1 900	53 074	3 894	33.5	25.5
1962	16 835	23.5	42 497	2 524	87 119	5 175	64.1	32.9
1963	17 360	3.1	56 326	3 245	115 468	6 651	32.5	28.5
1964	22 383	28.9	81 722	3 651	167 530	7 485	45.1	12.5
1965	28 879	29.0	82 108	2 943	168 321	5 828	0.5	÷ 22.1
1966	34 733	20.3	94 513	2 721	193 752	5 660	15.1	÷ 2.9
1967	37 728	8.6	97 415	2 582	199 701	5 293	3.1	÷ 6.5
1968	40 447	7.2	147 727	3 652	227 499	5 625	13.9	6.3
1969	44 099	9.0	274 372	6 222	272 372	6 222	20.6	10.6
1970	52 908	20.0	379 715	7 177	379 715	7 177	38.4	15.3
1971	60 719	14.8	466 210	7 678	466 210	7 678	22.8	7.0

Ath. Gjaldeyristekjur eru innkomnir ferðatékkar og peningar. Ekki eru meðtalin fargjöld milli landa og tekjur af Fríhöfninni í Keflavík, sbr. næstu töflu.

Beinar og óbeinar gjaldeyristekjur vegna erlendra ferðamanna árin 1969—1971. (Í millj. kr.)

	1969	1970	1971
Innlend flugfélög	341.2	531.9	665.3
Erlend flugfélög	10.6	9.6	9.6
Fríhöfnin í Keflavík	53.7	69.3	82.1
Íslenzkur markaður h.f.	–	23.8	75.4
Ferðaskrifstofur	71.8	97.3	104.7
Hótel	21.6	43.4	54.7
Ferðamenn	181.0	215.2	231.3
	679.9	990.5	1 223.1
Í % af heildarútflutningsverðmæti ...	7.2 %	7.8 %	9.3 %

Fylgiskjal IV.

Heildarhótelrými á Íslandi sumarið 1972.

Svæði	Herbergjastærð 1 m	2 m	3 m	4 m	Herb. alls	Rúm alls	Þar af sumarhótel Herb.	Rúm
I. Reykjavík og nágr.	137	603	10	–	750	1373	113	194
II. Borgarfjörður	8	62	22	25	117	298	75	218
III. Snæfellsn.- og Dalas.	5	45	2	2	54	109	46	91
IV. Vestfirðir	15	55	9	2	81	160	33	69
V. Norðurl. vestra	17	80	11	9	117	246	69	149
VI. Akureyri	10	125	19	–	154	317	70	140
VII. Norðurl. eystra	27	52	6	4	89	165	55	96
VIII. Austurland	28	165	24	8	225	462	91	201
IX. Suðurland	48	203	24	8	285	562	241	476
X. Vestmannaeyjar	3	9	–	–	12	21	–	–
Alls	298	1399	127	58	1884	3713	793	1634

Fylgiskjal V.

Lánveitingar Ferðamálasjóðs frá stofnun til 30. nóvember 1972.

	Tala lána	Tala staða	Lánsfjárhæð í þús. kr.
Reykjavík	10	6	12 900
Kaupstaðir	24	13	18 680
Kauptún	38	14	29 075
Sveitir	34	16	21 570
Annað	3	3	1 500
Samtals	109	52	83 725

Fylgiskjal VI.

FJÁRMÁLALEG FYRIRGREIÐSLA VIÐ FERÐAMÁL Í NOKKRUM LÖNDUM

Þýtt úr „Report on international tourism and tourism policy in OECD member countries, 1972".

Opinber lán og ríkisábyrgð.

Lán, með allt frá 4% upp í 9½% vexti til 10—20 ára eru fáanleg í flestöllum löndum OECD. Eru þessi lán einungis hugsuð til eflingar ferðamála, og þá sérstaklega á þróunarsvæðum.

Enn fremur er ríkisábyrgð fáanleg allt upp í 90% af fjárfestingunni, t. d. vegna hótelbygginga í Danmörku.

Opinberir styrkir og vaxtastyrkir.

Austurríki:

Iðnaðar- og viðskiptamálaráðuneytið stjórnar vaxtastyrkjakerfi, sem greiðir lánsvexti af fjárfestingu í ferðamálum umfram 3% vexti.

Sama er að segja í **Belgíu**, þar sem styrkir eru veittir af hinu opinbera til endurnýjunar hótela og gistirýmis. Þessir styrkir eru þannig, að þeir lækka vexti niður í 2% fyrstu 3 árin og síðan í 3% vexti næstu 5 ár.

Danmörk:

Þar er hægt að fá opinbera styrki, sem nema um 10—20% af heildarfjárfestingarkostnaði við byggingu nýrra hótela.

Frakkland:

Opinber sjóður, sem hefur til ráðstöfunar 1.7 milljón dollara veitir styrki til fjárfestingar í almennum ferðamálum.

Sjóður, er veitir styrki til innri uppbyggingar ferðamála (t. d. samgöngubóta og almennt bættrar þjónustu við ferðamenn), er enn fremur starfandi með um 5.9 milljón dollara fjármagn.

Sérstakir 10% styrkir eru fáanlegir fyrir fjárfestingu, sem fer yfir 137 000 dollara, á svæðum, þar sem skortur er á hótelrými eða vinnu. Þessir styrkir eru fáanlegir til hótela með a. m. k. 20 herbergi og a. m. k. 10 fastráðna starfsmenn eða 20 árstíðabundna starfsmenn. Enn fremur eru þessir styrkir veittir við stækkun gistihúsa, sem eru með yfir 40 herbergi og sem a. m. k. tvöfalda herbergjafjölda.

Framkvæmdir við áningastaði ferðamanna og bætta aðstöðu þar, sem kostaðar eru af samtökum, fá styrk er nemur 20—25% af kostnaðarverði.

Noregur:

Hótel og önnur mannvirki, sem einungis eru byggð til að bæta þjónustu við ferðamenn, fá fjárfestingarstyrki, sem nema allt að 35% af heildarbyggingarkostnaði og tækjakaupum. Þessir styrkir eru þó einungis fyrir þjónustufyrirtæki í ferðamálum, sem byggja á upp á svæðum, þar sem skortur er á slíkri þjónustu.

Japan:

Ríkisstyrkir eru veittir yfirvöldum þeirra héraða, eða þeim samtökum, sem vinna að varðveitingu menningarlegra og sögulegra minja. Enn fremur má veita opinbera styrki til uppbyggingar á ferðaaðstöðu æskufólks í Japan.

Finnland:

Varðandi fjárfestingar í Finnlandi á þróunarsvæðum í ferðamálum eru til svo kölluð þróunarsvæðaframlög (1969) sem skiptast í svæði I og svæði II, þar sem hið opinbera veitir einkafyrirtækjum fjárstyrk á eftirfarandi hátt:

Svæði I. Fyrstu 2 árin eftir að fjárfestingum er lokið greiðir hið opinbera alla vexti af lánum. Næstu 2 ár þar á eftir greiðir hið opinbera 50% vaxtakostnaðar.

Svæði II. Fyrstu 2 árin eftir að viðkomandi fjárfestingu er lokið greiðir ríkið 80% vaxtakostnaðar, en næstu 2 ár 40%.

Undanþágur og tilslakanir frá skatti.

Austurríki:

4/5 af innkomnum tekjum af seldu gistirými til ferðamanna eru undanþegnir veltuskatti og afgangurinn (1/5) er skattlagður eftir almennum reglum. Kostnað vegna uppsetningar hitakerfis, hreinlætistækja og lyftu má afskrifa algjörlega á því ári, sem lagt var í viðkomandi kostnað.

Frakkland:

Flokkuð hótel greiða 17.6% virðisaukaskatt.

Hins vegar er þessi skattprósenta lögð á fullt gjald fyrir gistiherbergi, en aftur á móti aðeins á 3/4 af fæðisgjaldi.

Írland:

Árleg skattalækkun um 10% er leyfð á öllum fjárfestingum til hótela (til endurbóta), mótela, og sumarbúða. Ný hótel geta enn fremur fengið um 20% skattafrádrátt á fjárfestingu í nýjum tækjum og munum.

Ítalía:

Eignarskattur nýbyggðra hótela á Ítalíu er lækkaður úr almennt gildandi 7% í 4%.

Portúgal:

Eignar- og iðnaðarskattar eru felldir niður í 10 ár og ýmsir staðbundnir skattar (aðstöðugjöld) eru felldir niður í allt að 15 ár, þegar um er að ræða stofnanir, sem taldar eru vera mikilvægar fyrir ferðamál landsins. Þær eiga þar á eftir kröfu um allt að 50% lækkun á ýmsum öðrum skattliðum.

Fylgiskjal VII.

Tillögur um aðila að Ferðamálaþingi.

1. Alþýðusamband Íslands.
2. Bandalag íslenzkra farfugla.
3. Búnaðarfélag Íslands.
4. Eimskipafélag Íslands.
5. Félag hópferðamanna.
6. Félag íslenzkra ferðaskrifstofa.
7. Félag leiðsögumanna.
8. Félag sérleyfishafa.
9. Félag veiðiréttareigenda.
10. Ferðafélag Íslands.
11. Ferðamálafélög.
12. Flugfélag Íslands h. f.
13. Flugmálastjórn.
14. Fríhöfnin í Keflavík.
15. Gjaldeyrisdeild bankanna.
16. Heilbrigðiseftirlit ríkisins.
17. Hótel- og veitingaþjónaskólinn.
18. Íslenzkur markaður.

19. Landssamband leigubifreiðastjóra.
20. Landssamband stangveiðimanna.
21. Loftleiðir h. f.
22. Náttúruverndarráð.
23. Neytendasamtökin.
24. Samtök íslenzkra ferðaskrifstofa.
25. Samband íslenzkra samvinnufélaga.
26. Samband íslenzkra sveitarfélaga.
27. Samband veitinga- og gistihúsaeigenda.
28. Seðlabanki Íslands.
29. Vegagerð ríkisins.
30. Veiðimálastofnunin.
31. Verzlunarráð Íslands.

Fylgiskjal VIII.

Ferðamálakönnun á vegum Sameinuðu þjóðanna.

Strax eftir að Ferðamálaráð var stofnað eða á árinu 1964 fóru ráðsmenn að ræða um möguleika á því að gera áætlun um framtíðarþróun íslenzkra ferðamála. Átti ráðið vegna þessa máls í bréfaskiptum við aðila á Norðurlöndum og Írlandi. Varð það úr að prófessor við Verzlunarháskólann danska, prófessor Ejler Alkjær var ráðinn til að gera stutta áætlun um þróun íslenzkra ferðamála. Þetta var á árinu 1965 og kom Alkjær hingað á vegum Ferðamálaráðs. Benti Alkjær þá jafnframt á þann möguleika, en hann hafði unnið sem ferðamálasérfræðingur fyrir Sameinuðu þjóðirnar, að þær hefðu í einstökum tilvikum styrkt gerð slíkra ferðamálaáætlana.

Í framhaldi af þessu voru teknar upp viðræður við Sameinuðu þjóðirnar um styrkveitingu til könnunar á eflingu íslenzkra ferðamála, og samþykktu þær að senda prófessor Alkjær hingað til lands til að gera úttekt á ferðamálum á Íslandi og koma fram með hugmyndir um þróun þeirra. Var þá jafnframt ákveðið, að yrði athugun prófessor Alkjærs jákvæð, gæti hún orðið grundvöllur fyrir frekari styrkveitingu frá Þróunarsjóði Sameinuðu þjóðanna (UNDP). Prófessor Alkjær kom svo hingað sumarið 1969 og skilaði skýrslu til Sameinuðu þjóðanna í september sama ár og var skýrslan samin í nánu samstarfi við formann Ferðamálaráðs. Athuganir Alkjærs eru byggðar á eins traustum tölulegum upplýsingum og hægt var að fá um fjölda ferðamanna, þjóðerni þeirra, gjaldeyristekjur og aðrar tekjur af ferðamönnum, hótelrými o. s. frv.

Alkjær er á þeirri skoðun, að Ísland eigi mikla framtíðarmöguleika sem ferðamannaland. Hann leggur þó aðaláherzlu á að eins og nú sé háttað, sé ferðamannatímabilið of stutt, og beri því fyrst og fremst að stefna að því að lengja ferðamannatímann. Leggur hann til, að ferðamálaáætlun, sem gerð yrði, væri fyrst og fremst miðuð við fjóra þætti, þ. e. ráðstefnuhald, stangveiði í ám og vötnum, uppbyggingu heilsuhæla og skíðaíþróttir, enda væru þessir þættir heppilegir til að lengja ferðamannatímabilið. Raunverulega kemur prófessor Alkjær þarna ekki með hugmyndir, sem eru nýjar af nálinni, nema þá ef vera skyldi að gera Ísland að ráðstefnulandi. Hinar þrjár tillögurnar voru fram komnar löngu áður. Út frá þessum grundvallartillögum áætlar Alkjær síðan kostnað við áætlunargerð að þróun þessara fjögurra þátta. Er þá miðað við, að ferðamálaáætlunin sé bæði skammtímaáætlun til tveggja ára og langtíma áætlun til átta ára, eða samtals tíu ára áætlun. Er niðurstaða hans sú, að til slíkrar áætlunargerðar myndi þurfa að veita frá Sameinuðu þjóðunum 140 þús. dollara styrk. Allt það, sem síðar hefur verið gert í þessu máli er í meginatriðum byggt á tillögum prófessors Alkjærs, þótt eðlilega hafi þurft að gera á þeim ýmsar breytingar.

Skömmu eftir áramót 1970 óskaði samgönguráðuneytið eftir því við utanríkisráðuneytið, að sendinefnd Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum legði fram umsókn um aðstoð til áætlunargerðar um ferðamál, sem byggð væri á tillögum Alkjærs eða 140 þús. dalir. Var þá gert ráð fyrir, að kostnaður við íslenzkt starfslið, við skrifstofuaðstöðu og ferðalög hér innanlands væri greiddur af Íslendingum sjálfum.

Í ágúst 1971 staðfesti Þróunarsjóður Sameinuðu þjóðanna, að hann væri tilbúinn að leggja fram aðstoð til gerðar ferðamálaáætlunar, sem ekki væri lægri en 140 þús. dalir.

Í janúar 1972 dvaldist hér á landi ferðamálasérfræðingur frá Sameinuðu þjóðunum. Kynnti hann sér íslenzk ferðamál, ferðaðist nokkuð um landið, átti fjölda funda með innlendum aðilum varðandi ýmsa þætti ferðamálanna og samdi svo að lokum í samráði við samgönguráðuneytið útboðslýsingu á hinu fyrirliggjandi verkefni vegna forvals á ferðamálafyrirtækjum.

Í fyrsta kafla útboðslýsingarinnar er talað um takmark það, sem ætlað er að ná með skýrslugerðinni, og tekið er fram að athugunin skuli ná yfir:

1. notkun heita vatnsins til heilsuhæla;
2. notkun á vötnum, ám og sjó til sportveiði;
3. notkun skíðalanda;
4. notkun fundaaðstöðu fyrir minni fundi, ráðstefnur og því um slíkt, stundum í sambandi við vörusýningar.

Skammtímaáætlunin er að lengja ferðamannatímann, bæði vor og haust og hefja aukna móttöku ferðamanna að vetrarlagi, en langtímamarkið er að auka straum erlendra ferðamanna til Íslands með því að þróa íslenzk ferðamál á kerfisbundnari hátt en gert hefur verið.

Í þriðja kafla útboðsins er komið frekar að hlutverki ferðamálafyrirtækisins. Það er í fyrsta lagi að ákveða nánar þá möguleika, sem Ísland hefur yfir að ráða til þróunar og uppbyggingar heilsuhæla, skíðaíþróttar, stangveiði og ráðstefnuhalds, í öðru lagi að ákveða markaðsmöguleika Íslands erlendis vegna þessara fjögurra greina og í þriðja lagi að gera tillögur um þá heildarstefnu sem íslenzka ríkið ætti að marka í þróun þessara fjögurra greina og þá með tilliti til annarra þátta ferðamálanna. Síðan er í smáatriðum lýst, hvernig unnið skuli að þessum þáttum.

Í fjórða kafla útboðsins er lýst hinum einstöku þáttum í áætlunargerðinni, og er þar að mestu leyti byggt á tillögum Alkjærs. Í fyrsta hluta áætlunargerðarinnar er gert ráð fyrir rannsókn þeirri, sem þegar hefur verið lýst og nær útboðið aðeins til þessa hluta hennar. Annar hluti áætlunargerðarinnar felst í undirbúningi og vinnu að framkvæmdaáætlun fyrir þessar fjórar greinar, þar sem jafnframt verður tekið tillit til annarra greina ferðamálanna. Í þessum hluta fer einnig fram val á ákveðnum framkvæmdum. Í þriðja hluta er gert ráð fyrir, að gerðar verði nákvæmar áætlanir um fyrstu framkvæmdir og jafnframt fjárfestingaráætlanir og fjármögnunaráætlanir. Annar hluti á að hefjast strax og fyrsta hluta er lokið og þriðji hluti strax að loknum öðrum hluta.

Næsti kafli útboðslýsingarinnar fjallar um skýrslu þá, sem fyrirtækið á að skila, og síðan koma ákvæði um að fyrirtækið leggi til að minnsta kosti einn sérfræðing fyrir hverja af hinum fjórum greinum, einn markaðskönnuð og einn hagfræðilega menntaðan mann, sem stjórnar verkinu og hefur milligöngu milli starfsliðs síns og samgönguráðuneytisins. Þessu næst koma ákvæði um þátttöku íslenzka ríkisins. Þar er fyrst gert ráð fyrir því, að samgönguráðuneytið ráði einn íslenzkan starfsmann fyrir hvern af hinum fjórum erlendu sérfræðingum og í fimmta lagi íslenzkan markaðskönnuð til að starfa með erlenda markaðskönnuðinum. Sjötti íslenzki starfsmaðurinn sér um öll dagleg störf viðvíkjandi rannsókninni og samræmingu á störfum íslenzku sérfræðinganna.

Störfum Íslendinganna er frekar lýst í útboðinu og er sú lýsing í meginatriðum þannig:

1. að sjá um að koma á sambandi milli erlendu sérfræðinganna og ríkisstofnana og annarra aðila og að útvega sérfræðingunum allar þær upplýsingar, sem þeir kunna að óska eftir
2. að fá þjálfun í verki, sem þessu með daglegu samstarfi við erlendu sérfræðingana og
3. að ræða og endurskoða með erlendu sérfræðingunum allt það sem fram kemur við rannsóknina, áður en skýrslu er skilað til ríkisstjórnarinnar.

Sameinuðu þjóðirnar munu styrkja íslenzku starfsmennina til kynnisferða og námsferða erlendis í allt að tvo mánuði hvern mann. Er þá gert ráð fyrir því að þeir kynni sér sérgrein sína.

Í störf íslenzku sérfræðinganna var ráðið strax síðastliðið vor og hófu þeir þegar undirbúningsvinnu. Tóku þeir saman skýrslu um viðkomandi greinar, og söfnuðu tölulegum upplýsingum. Jafnframt gerðu þeir tillögur um þá staði, sem erlendu sérfræðingarnir skyldu heimsækja og skipulögðu á annan hátt starf þeirra fyrirfram, eftir því sem unnt var.

Í byrjun marz 1972 sendu Sameinuðu þjóðirnar útboðsgögnin til sex fyrirtækja og voru þau valin úr á milli 150—200 fyrirtækjum, sem starfa að ferðamálarannsóknum.

Fyrirtækið, sem endanlega var valið til starfsins, er bandarískt, Checchi & Co. Komu starfsmenn þess hingað til lands í ágústlok s. l. Dvöldust flestir þeirra hér á landi fram í september, ferðuðust um landið, söfnuðu upplýsingum og ræddu við fjölda manna hér á landi, sem starfa að ýmsum þáttum ferðamála. Skýrslu sinni mun fyrirtækið skila í lok marz 1973.

Íslenzku sérfræðingarnir störfuðu allan tímann með erlendu aðilunum, meðan þeir voru hér á landi, og skiluðu síðan skýrslu til ráðuneytisins um þau störf sín. Þeir munu flestir fara í náms- og kynnisferðir þær, sem áður getur, fyrrihluta árs 1973. Að loknum ferðunum munu þeir skila skýrslu um þær til Sameinuðu þjóðanna og samgönguráðuneytisins.

Þegar þessum fyrsta hluta áætlunargerðarinnar er lokið mun, eins og áður getur, annar hluti áætlunargerðarinnar hefjast, en hann felst í undirbúningi og vinnu að framkvæmdaáætlun fyrir þær fjórar greinar, sem hér um ræðir. Mun sú vinna að sjálfsögðu byggjast á niðurstöðum erlenda fyrirtækisins, en ekkert verður sagt um það að svo stöddu, hverjar þær verða.

Fylgiskjal IX.

Greinargerð um fastan tekjustofn fyrir Ferðamálasjóð.

Það fer vart á milli mála, að ferðamál og þá fyrst og fremst móttaka erlendra ferðamanna verður æ þýðingarmeiri atvinnugrein hér á landi. Þannig mun láta nærri, að gjaldeyristekjur af erlendum ferðamönnum hafi á síðastliðnu ári numið 9.3% af útflutningsverðmætinu í heild eða 1223.1 millj. kr. Sambærileg tala fyrir árið 1970 var 990.5 millj. kr. Heildarfjöldi erlendra ferðamanna var árið 1971 tæplega 61 þúsund, auk gesta frá erl. skemmtiferðaskipum um 10 þús. Árleg fjölgun ferðamanna síðustu árin hefur verið 14—20%.

Samkvæmt spá, sem gerð hefur verið um árlega aukningu erlendra ferðamanna fram til ársins 1980, má ætla, að það ár verði fjöldi þeirra orðinn um 150 þús. Þá eru ekki meðtaldir farþegar af erlendum skemmtiferðaskipum, enda þarf ekki að sjá þeim fyrir gistirými.

Við þessa fjölgun myndu gjaldeyristekjur af ferðamönnum aukast um 100—150%. Það er þó naumast kleift, nema búið verði sæmilega að fjárfestingarmálum

þessa unga atvinnuvegar og hann njóti stuðnings ríkisvaldsins til jafns við hina eldri, hefðbundnu atvinnuvegi.

Við móttöku erlendra ferðamanna skiptir góð gisti- og veitingaþjónusta höfuðmáli, auk þess sem nauðsynlegt er, að jafnan sé nægilegt gistirými fyrir hendi, svo að ekki þurfi að synja um móttöku erlendra ferðamanna af þeim sökum. Með þetta í huga var Ferðamálasjóður stofnaður árið 1964. Farið var hóflega í sakirnar í byrjun, en komið hefur í ljós, að æ brýnni þörf hefur orðið fyrir starfssemi sjóðsins og lánveitingar úr honum.

Eins og lögin um Ferðamálasjóð eru nú, er sjóðurinn raunverulega aðeins lánasjóður fyrir gisti- og veitingahús, en með hverju árinu verður ljósara, að þörf er fyrir lánveitingar og jafnvel styrkveitingar til að koma upp hreinlætisaðstöðu fyrir innlenda og erlenda ferðamenn, bæði í byggðum og óbyggðum.

Þá má einnig benda á það, að með síauknum ferðalögum Íslendinga um eigið land, skapast æ meiri þörf fyrir tjaldsvæðaaðstöðu og nauðsynlegan aðbúnað í sambandi við hana, svo og aðra þá aðstöðu, sem teljast verður sjálfsögð á fjölsóttum ferðamannastöðum.

Engum aðila er eins og nú standa sakir skylt að hafa frumkvæði um fjáröflun til slíkra hluta, enda enginn aðili heldur til, sem skylt er að veita lán eða styrki í þessu skyni.

Ferðamálasjóður hefur alla tíð haft litlu eigin fé úr að spila. Meiri hluti lánveitinga hans til gisti- og veitingastaða hefur verið í formi endurlána, ýmist af gengistryggðu erlendu lánsfé eða vísitölutryggðu innlendu fé. Fyrst framan af var árlegt framlag ríkissjóðs á fjárlögum til sjóðsins 1 millj. kr. árlega, en nú tvö síðustu árin hefur verið um að ræða 5 millj. króna framlag. Sýnt var fram á það í sérstöku nefndaráliti um Ferðamálasjóð frá árinu 1970, að hann gæti engan veginn gegnt hlutverki sínu, nema að gerðar yrðu verulegar breytingar á eigin fjáröflun sjóðsins.

Í 4. mgr. 27. gr. laga um ferðamál segir svo:

„Ferðamálaráð skal leita annarra fjáröflunarleiða og vera ráðgefandi um slík mál gagnvart ráðherra.“

Löggjafinn hefur þannig miðað við, að sjóðurinn ætti sér fjáraflavon annars staðar en í ríkisframlagi og framkvæmdalánum.

Ferðamálaráð og samgönguráðuneytið hafa á undanförnum árum athugað og kannað fjölda margar leiðir til að afla slíks fjár til Ferðamálasjóðs.

Nýlega hefur komið fram tillaga um varanlega fjáröflun í sjóðinn. Tillagan hefur verið könnuð rækilega og borin undir ýmsa þá aðila, sem málið snertir, og er það almennt álit flestra, að hér sé á ferðinni sjálfsögð fjáröflunaraðferð.

Fyrir tæpum áratug reyndist nauðsynlegt að gera breytingar á lögunum um skemmtanaskatt, þar sem sýnt þótti, að skatturinn innheimtist ekki sem skyldi. Vegna galla á innheimtunni misstu félagsheimilasjóður og Þjóðleikhús af tekjum, sem skemmtanaskattslögin gerðu ráð fyrir. Með breytingunni var ákveðið að taka upp svokallað rúllugjald í þeim veitinga- og samkomuhúsum, þar sem vínveitingar voru um hönd hafðar. Rúllugjaldið var ákveðið 25 krónur, og skiptist þannig, að krónur 8.00 fóru í skemmtanaskatt, krónur 2.00 í menningarsjóð og krónur 15.00 runnu til veitingahússins sem fatagjald og þóknun fyrir innheimtu. Þetta gjald hefur nú verið óbreytt í nær áratug.

Hér er lagt til, að gjaldið verði hækkað í kr. 100.00, sem skiptist þannig:

Skemmtanaskattur hækki um helming og verði kr. 16.00. Gjald í menningarsjóð hækki um helming og verði kr. 4.00. Hluti veitingahússins hækki um helming og verði kr. 30.00. Í Ferðamálasjóð renni kr. 50.00.

Hér að framan hefur verið gerð grein fyrir þörf Ferðamálasjóðs fyrir þessa gjaldheimtu og er ekki ástæða til að rekja það mál frekar.

Einungis skal undirstrikað, að með þessari fjáröflun opnast leið til þess að gera Ferðamálasjóð starfhæfan, en það getur hann tæplega talizt í dag. Einnig er hægt að víkka starfssvið hans verulega frá því, sem nú er og gera honum kleift að veita

lán til annarra þátta ferðamálanna en gisti- og veitingahúsaframkvæmda, en einmitt nú að undanförnu hefur mjög verið rætt um brýna þörf á bættri aðbúð á fjölsóttum ferðamannastöðum. Á ýmsum fallegustu og fjölsóttustu ferðamannastöðunum á Íslandi er ástandið að verða algjörlega óviðunandi fyrir innlenda og erlenda ferðamenn.

Framangreind atriði hafa verið rædd ítarlega í nefnd þeirri, sem starfar að endurskoðun laga um ferðamál. Er það samhljóða álit nefndarmanna, að efling Ferðamálasjóðs sem stofnlánasjóðs þessarar atvinnugreinar sé forsenda þess, að ferðamálin geti þróast eðlilega, miðað við félagslegar kröfur almennings og þjóðhagslega hagkvæmni.

Með hliðsjón af framanrituðu leggur nefndin til, að núgildandi lögum um skemmtanaskatt og Þjóðleikhús verði breytt eins og að framan greinir og þar með skapaður grundvöllur fyrir fjárfestingarsjóð ferðamálanna."

Ed. 287. Frumvarp til laga [153. mál]

um breyting á lögum nr. 4 28. febrúar 1966 um útflutningsgjald af sjávarafurðum.

(Lagt fyrir Alþingi á 93. löggjafarþingi, 1972—1973).

1. gr.

2. gr. laganna orðist svo:

Útflutningsgjald af sjávarafurðum samkvæmt lögum þessum greiðist sem hér segir:

1. Kr. 1 700.00 á hvert útflutt tonn greiðist af frystum karfa- og ufsaflökum og þurrkuðum saltufsa.
2. Kr. 3 000.00 á hvert útflutt tonn greiðist af saltfiski — öðrum en þurrkuðum ufsa —, saltfiskflökum, söltuðum þunnildum, saltfiskbitum og söltuðum gellum,
3. Kr. 3 400.00 á hvert útflutt tonn greiðist af freðfiskflökum — öðrum en karfa- og ufsaflökum —, frystum hrognum, söltuðum hrognum ót. a., frystum gellum, skreið, hertum þorskhausum og niðursoðnum og niðurlögðum sjávarafurðum.

   Nemi gjald samkvæmt töluliðum 1—3 meiru en svarar 4½% af fob-verðmæti útfluttrar sjávarvöru, er heimilt að fella niður þann hluta gjaldsins, sem er umfram þetta mark.
4. 4% gjald af fob-verðmæti greiðist af heilfrystum fiski, frystum fiskúrgangi, frystum humar, frystri rækju og hertum sjávardýraolíum.
5. 5% gjald af fob-verðmæti greiðist af hvalafurðum, öðrum en niðursoðnum og niðurlögðum.
6. 6% gjald af fob-verðmæti greiðist af þorskalýsi, karfalýsi, heilfrystri síld, frystum síldarflökum, frystri loðnu, skelfiski, saltsíld og saltsíldarflökum, söltuðum grásleppuhrognum og öðrum þeim sjávarafurðum, sem eru ekki sérstaklega taldar í þessari grein. Heimilt er að draga frá fob-verðmæti saltsíldar og saltaðra grásleppuhrogna vegna umbúðakostnaðar kr. 500.00 fyrir hver 100 kg innihalds.
7. 7% gjald af fob-verðmæti greiðist af nýjum og ísvörðum fiski, fiskimjöli, karfamjöli, lifrarmjöli, rækjumöli og humarmjöli.

   Þó getur sjávarútvegsráðuneytið ákveðið, að útflutningsgjald af nýrri og ísaðri síld skuli vera allt að því eins hátt og greiða bæri af síldinni við sams konar verkun hennar hér á landi og hún fer til erlendis, sbr. 6. tl. þessarar greinar.
8. 8% gjald af fob-verðmæti greiðist af loðnumjöli, loðnulýsi, síldarmjöli, síldarlýsi og síldarsoðkjarna.
9. Útflutningsgjald greiðist ekki af selafurðum.

Niðurlagðar vörur, sbr. 3. tl. 1. mgr., skulu teljast vörur, sem lagðar eru niður tilbúnar til neyzlu og hafa innihald 10 kg nettó eða minna. Þó skulu vörur taldar niðurlagðar, sem lagðar eru fullverkaðar niður í stærri ílát, ef útflytjandi sannar, að hráefnisverðmæti hinnar útfluttu vöru sé minna en ⅓ hluti útflutningsverðmætisins.

Þegar íslenzk fiskiskip selja gjaldskyldar sjávarafurðir í erlendri höfn, nýjar eða unnar, hvort heldur er af eigin afla eða annarra skipa, skulu ofangreind gjöld af verðmæti reiknast af heildarsöluverðmæti í erlendri höfn (brúttósöluverðmæti) að frádregnum tollum og öðrum kostnaði við löndun og sölu eftir nánari reglum, sem sjávarútvegsráðuneytið setur.

2. gr.

1. málsgr. 3. gr. orðist svo:

Ríkissjóður annast innheimtu útflutningsgjalds samkvæmt 2. gr. og skiptast tekjur af því sem hér segir:

1.	Til greiðslu á vátryggingariðgjöldum fiskiskipa samkvæmt reglum, sem sjávarútvegsráðuneytið setur	85.0%
2.	Til Fiskveiðasjóðs Íslands	9.4%
3.	Til Fiskimálasjóðs	2.5%
4.	Til smíði haf- og fiskirannsóknaskips	1.5%
5.	Til byggingar í þágu rannsóknastofnana sjávarútvegsins	0.6%
6.	Til Landssambands ísl. útvegsmanna	0.5%
7.	Til samtaka sjómanna samkvæmt reglum, sem sjávarútvegsráðuneytið setur	0.5%

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og skulu ákvæði þeirra taka til útflutnings sjávarafurða framleiddra eftir 1. janúar 1973. Jafnframt eru felld úr gildi lög nr. 4 30. marz 1971 og lög nr. 17 4. maí 1972 um breytingar á lögum nr. 4 1966.

Ákvæði til bráðabirgða.

Heimilt er að endurgreiða útflutningsgjald skv. lögum þessum af frystum karfaflökum, sem framleidd voru á tímabilinu 1. júní—30. sept. 1972. Einnig er heimilt að endurgreiða útflutningsgjald af saltsíld framleiddri á árinu 1972.

Heimilt er að greiða kostnað af framkvæmd laga nr. 102/1972, um skipulag á löndun á loðnu til bræðslu, af því fé, sem renna skal til greiðslu á vátryggingariðgjöldum fiskiskipa sbr. 1. tl. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 4/1966.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi þessu er lagt til, að gerðar verði all-verulegar breytingar á útflutningsgjöldum af sjávarafurðum. Hækkun gjaldanna er öll við það miðuð að auka tekjur Tryggingasjóðs fiskiskipa, en hann hefur verið rekinn með verulegum halla á árunum 1971 og 1972. Talið er, að halli sjóðsins á þessum árum muni nema um 150 milljónum króna. Ljóst er, að þrátt fyrir þá hækkun útflutningsgjalda, sem frumvarpið gerir ráð fyrir, verður áfram halli á rekstri Tryggingasjóðsins á árinu 1973, ef miðað er við óbreyttar greiðslur úr sjóðnum. Þær breytingar á útflutningsgjöldunum, sem ráðgerðar eru með frumvarpinu, eru aðallega miðaðar við eftirfarandi:

Í fyrsta lagi að magngjald, sem verið hefur, verði hækkað til samræmis við verðhækkanir, þannig að greiðsluhlutfall af þeim vörum, sem magngjöld er greitt af, breytist ekki miðað við aðrar vörur.

Í öðru lagi að hækka gjaldaprósentu af fiskimjöli og loðnuafurðum, en verðlag á þessum vörum hefur hækkað mjög mikið. Áður var útflutningsgjald af loðnuafurðum lágt vegna óhagstæðs útflutningsverðs á afurðunum, en nú þótti rétt að hækka þetta gjald verulega vegna mjög hagstæðs útflutningsverðs á þeim.

Í þriðja lagi er nú lækkað nokkuð magngjald á ufsa- og karfaafurðum, þar sem verðlag á þessum afurðum er óhagstætt. Einnig má í þessu sambandi benda á, að á undanförnum árum hefur magngjald einkum verið hækkað til samræmis við almennar verðhækkanir á magngjaldsskyldum afurðum. Ufsa- og karfaafurðir hafa hins vegar mjög lítið hækkað í verði undanfarin tvö ár.

Breytingar á gjaldskránni, sem í frumvarpinu felast, eru þessar:

1. Magngjald af vörum, sem taldar eru undir 1. tl. 1. gr., lækkar úr 2 300 í 1 700 kr. á tonn.
2. Magngjald af vörum, sem taldar eru undir 2. tl. 1. gr., hækkar úr 2 300 í 3 000 kr. á tonn.
3. Magngjald af vörum, sem taldar eru undir 3. tl. 1. gr., hækkar úr 2 300 í 3.400 kr. á tonn.
4. Gjald af loðnumjöli og loðnulýsi hækkar úr 4% í 8% af fob-verði.
5. Gjald af fiskimjöli, karfamjöli, humarmjöli, rækjumjöli og lifrarmjöli hækkar úr 6% í 7% af fob-verði.
6. Gjald af skelfiski breytist úr 2 300 kr. á tonn í 6% af fob-verði.
7. Gjald af frystri loðnu hækkar úr 4% í 6% af fob-verði.

Við ákvörðun fiskverðs í ársbyrjun 1973 var gert ráð fyrir þeim breytingum útflutningsgjalda, sem í frumvarpinu greinir.

Gert er ráð fyrir, að breytingar þessar auki tekjur af útflutningsgjöldum um nálægt 177 millj. kr. miðað við útflutningsframleiðsluspá 1973.

Breyting á skiptingu teknanna, sjá 2. gr. frumvarpsins, miðar að því, að nær öll hækkunin renni til Tryggingasjóðs. Þetta nægir þó ekki alveg til að tryggja hallalausan rekstur sjóðsins árið 1973, þó að allar áætlanir standist. En áætlanir eru mjög óvissar, bæði um tekjugrundvöll, ekki síst að því er snertir loðnuafla, og útgjöld.

Við fiskverðsákvörðun í júníbyrjun 1972 var talið, að afkoma karfafrystingar væri það slæm, að nauðsyn bæri til að bæta hag þeirrar vinnslu með einhverjum hætti. Til þess að greiða fyrir fiskverðsákvörðun, var því þess vegna heitið, að höfðu samráði við samtök frystiiðnaðarins, að fella niður útflutningsgjöld af frystum karfaflökum. Undanþága þessi náði yfir framleiðslutímabilið frá 1. júní til 30. september 1972, og má áætla, að fjárhæð undanþága nemi um 13 milljónum króna.

Niðurfelling útflutningsgjalda af saltsíld framleiddri á árinu 1972 er gerð til þess að stuðla að heimflutningi síldar af Hjaltlandseyja- og Norðursjávarmiðum.

Heimild 2. mgr. í ákvæði til bráðabirgða er í samræmi við samhljóða vilja yfirnefndar Verðlagsráðs sjávarútvegsins við ákvörðun verðs á loðnu til bræðslu á loðnuvertíð 1973. Hér er væntanlega um lága fjárhæð að ræða, sem lög nr. 102/1972 gera ráð fyrir að seljendur og kaupendur beri sameiginlega. Með tilliti til hinna miklu hækkana á útflutningsgjöldum á loðnu þótti þetta heppilegt fyrirkomulag. Lög nr. 102/1972 gilda til ársloka 1973.

Nd. 288. Frumvarp til laga [154. mál]

um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1970.

(Lagt fyrir Alþingi á 93. löggjafarþingi, 1972—1973).

Ríkisreikningurinn fyrir árið 1970 samþykkist með eftirgreindum niðurstöðutölum í þús. kr.:

	Gjöld:	Áætlun:	Reikningur:
00	Æðsta stjórn ríkisins	68 194	79 585
01	Forsætisráðuneytið	17 446	20 816
02	Menntamálaráðuneytið	1 440 075	1 656 151
03	Utanríkisráðuneytið	128 762	206 485
04	Landbúnaðarráðuneytið	603 309	676 265
05	Sjávarútvegsráðuneytið	202 722	221 860
06	Dóms- og kirkjumálaráðuneytið	429 348	515 702
07	Félagsmálaráðuneytið	447 980	507 860
08	Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið	2 591 525	2 807 208
09	Fjármálaráðuneytið	421 980	575 905
10	Samgönguráðuneytið	1 016 778	1 226 130
11	Iðnaðarráðuneytið	199 784	243 888
12	Viðskiptaráðuneytið	598 658	590 129
13	Hagstofa Íslands	10 696	10 539
14	Ríkisendurskoðun	10 127	12 974
	Mismunur	209 589	448 017
	Samtals	8 396 973	9 799 514

	Tekjur:	Áætlun:	Reikningur:
11	Skattar	8 305 098	9 560 662
12	Arðgreiðslur frá fyrirtækjum og sjóðum í ríkiseign fluttar úr B-hluta ríkisreiknings	55 858	62 831
13	Ýmsar tekjur	36 017	176 021
	Samtals	8 396 973	9 799 514

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarpið er samið eftir ríkisreikningi fyrir árið 1970, sem lagður verður fyrir þingið samtímis frumvarpinu.

Sþ. 289. Frumvarp til fjáraukalaga [155. mál]

fyrir árið 1970.

(Lagt fyrir Alþingi á 93. löggjafarþingi, 1972—1973).

Til viðbótar við gjöldin í 2. gr. fjárlaga 1970 er veitt:

		Þús. kr.
00	Æðsta stjórn ríkisins að undanskyldu Alþingi	4 439
01	Forsætisráðuneytið	3 370
02	Menntamálaráðuneytið	216 076
03	Utanríkisráðuneytið	77 723
04	Landbúnaðarráðuneytið	72 956
05	Sjávarútvegsráðuneytið	19 138

		Þús. kr.
06	Dóms- og kirkjumálaráðuneytið	86 354
07	Félagsmálaráðuneytið	59 880
08	Heilbrigðis- og tryggingarmálaráðuneytið	215 683
09	Fjármálaráðuneytið	153 925
10	Samgönguráðuneytið	209 352
11	Iðnaðarráðuneytið	44 104
14	Ríkisendurskoðun	2 847
	Samtals	1 165 847

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Yfirskoðunarmenn ríkisreikninganna hafa afhent ráðuneytinu tillögur sínar til fjárveitinga í fjáraukalögum fyrir árið 1970. Þeir leggja til, að aukafjárveitingar séu veittar fyrir öllum umframgjöldum, sem ríkisreikningurinn 1970 sýnir.

Sþ. 290. Fyrirspurn [156. mál]

til landbúnaðarráðherra um fjölda og ráðstöfun ríkisjarða.

Frá Helga F. Seljan.

a. Hver er fjöldi bújarða í eigu ríkisins í hverju kjördæmi?
b. Á hve mörgum þeirra er búið sjálfstæðu búi?
c. Hve margar jarðanna eru nytjaðar frá öðrum bújörðum?
d. Hve margar ríkisjarðir eru leigðar öðrum en bændum?
e. Til hve langs tíma eru jarðirnar að jafnaði leigðar, og eftir hvaða reglum er farið við ákvörðun um það, hverjum skuli leigja þær jarðir, er losna á hverjum tíma?

Nd. 291. Nefndarálit [25. mál]

um frv. til laga um dvalarheimili aldraðra.

Frá heilbrigðis- og tryggingnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og fyrirliggjandi umsagnir. Leggur hún til, að frumvarpið verði samþykkt með svofelldri

BREYTINGU:

Við 11. gr. Greinin orðist svo:
Lög þessi öðlast þegar gildi.

Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til þess að flytja eða fylgja öðrum breytingartillögum, ef fram koma.

Alþingi, 7. febr. 1973.

Jón Skaftason, form., frsm. — Ragnhildur Helgadóttir, fundaskr. — Sverrir Hermannsson.
Stefán Gunnlaugsson, — Jónas Árnason, — Ingvar Gíslason,
Bjarni Guðnason.

Nd. 292. Breytingartillaga [151. mál]

við frv. til laga um neyðarráðstafanir vegna jarðelda á Heimaey.

Frá Bjarna Guðnasyni.

Á eftir 9. gr. komi ný grein, 10. gr., er orðist svo:
Þegar hlutverki Viðlagasjóðs er lokið, skal fé hans leggjast í Bjargráðasjóð.

Ed. 293. Lög [151. mál]

um neyðarráðstafanir vegna jarðelda á Heimaey.

(Afgreidd frá Ed. 7. febr.)

Samhljóða þskj. 285.

Sþ. 294. Tillaga til þingsályktunar [157. mál]

um mörkun almennrar stefnu í byggðamálum.

Flm.: Steingrímur Hermannsson, Vilhjálmur Hjálmarsson, Stefán Valgeirsson.

Alþingi ályktar að fela 7 manna nefnd þingmanna, sem kosin er hlutfallskosningu af sameinuðu Alþingi, að gera tillögur um markmið og leiðir og mörkun almennrar stefnu til jafnvægis í byggð landsins. Skal að því stefnt, að markviss starfsemi á því sviði verði viðurkenndur og fastur þáttur í íslenzkri stjórnsýslun.

Í því skyni skal nefndin m. a.:

1. Kanna, hvaða atriði valda fyrst og fremst mismunun á milli landsmanna eftir búsetu, bæði fjárhagslegri og félagslegri.
2. Kanna og meta eins og unnt er hin þjóðhagslegu áhrif þeirrar þróunar í byggðamálum, sem átt hefur sér stað á undanförnum áratugum.
3. Kanna, hvaða ráðstafanir nágrannaþjóðirnar hafa gert á þessu sviði og hvaða almenna stefnu þær hafa markað.
4. Athuga, hvað unnt er að gera af opinberri hálfu til þess að jafna metin á milli landsmanna, og gera tilraun til að meta áhrif slíkra aðgerða og kostnað.
5. Gera tillögur um markmið í byggðamálum.
6. Gera tillögur um leiðir til þess að ná fyrrgreindum markmiðum.
7. Leggja fram drög að almennri stefnu í byggðamálum.

Forsætisráðherra skipar formann nefndarinnar. Í samráði við forsætisráðuneytið skal nefndin fá eðlilega starfsaðstöðu, og henni skal heimilt að leita álits sérfróðra manna. Framkvæmdastofnun ríkisins skal skylt að veita nefndinni nauðsynlegar upplýsingar og aðstoð. Kostnaður við störf nefndarinnar greiðist úr Byggðasjóði.

Greinargerð.

Á undanförnum árum og áratugum hafa orðið tíðar umræður á Alþingi um jafnvægi í byggð landsins. Hafa margir varað við þeirri þróun, sem orðið hefur á undanförnum árum og leitt hefur til óeðlilegrar röskunar á byggðajafnvægi. Minna hefur þó orðið úr framkvæmdum til þess að spyrna fæti við þeirri þróun. Einstakir þingmenn hafa hreyft mikilvægum málum í þessu sambandi, og af opinberum aðgerðum má nefna eflingu Byggðasjóðs. Einnig eru miklar vonir bundnar við þá

athugun, sem nú fer fram á staðsetningu opinberra stofnana. Hins vegar fer því víðs fjarri, að um almenna heildarstefnu sé að ræða.

Flestum mun vera orðið ljóst, hve geigvænleg hætta fylgir þróun undanfarinna ára. Stefnir óðfluga að því, að landið byggist sem eitt borgarríki á suðvesturhluta þess. Náttúruauðæfin, sem eru grundvöllur efnahagslífsins, eru hins vegar dreifð um allt landið og í kringum það. Til þess að þau verði nýtt, verður að vera öflug byggð í öllum landshlutum.

Þessari þróun hefur valdið mikil mismunun á milli landsmanna eftir byggðarlögum. Svo er á fjölmörgum sviðum.

Nefna má heilbrigðisþjónustuna sem dæmi. Hún er ein af grundvallarnauðsynjum nútíma þjóðfélags. Víðast hvar býr dreifbýlið að þessu leyti við stórum lakari aðstöðu en þéttbýlið. Þótt unnið sé að endurbótum á þessu sviði, vantar mikið á, að jafnræði sé náð, og líklega næst það aldrei til fullnustu. Hins vegar er nauðsynlegt að viðurkenna þá staðreynd bæði í orði og verki, að verja ber miklu meira fjármagni í dreifbýlinu en í þéttbýlinu til þess að tryggja eins og bezt verður gert þessi frumskilyrði nútíma þjóðlífs.

Svipað má segja um menntun barna og unglinga. Á því sviði þarf að gera sérstakt átak fyrir dreifbýlið, bæði með tilliti til skipulags þeirra mála og námskostnaðar.

Talsíminn er enn eitt dæmi um mismunun. Opinberar stofnanir eru flestar í Reykjavík. Til þeirra þurfa allir landsmenn að leita. Þar eru einnig flestöll innflutningsfyrirtæki, og svo mætti lengi telja. Þeir, sem búa í dreifbýlinu, hafa, eins og nú er háttað, langtum meiri talsímakostnað þegar þeir leita símleiðis til slíkra aðila, en þeir, sem í þéttbýlinu búa. Á síðasta þingi lagði fyrsti flutningsmaður þessarar tillögu fram þingsályktunartillögu ásamt nokkrum öðrum alþingismönnum um meiri jöfnun á talsímakostnaði en verið hefur. Það vakti vonbrigði og furðu, að tillaga sú fékkst ekki afgreidd frá nefnd. Nauðsynlegt er að fá viðurkennt, að létta ber þessari byrði af íbúum dreifbýlisins. Kanna verður, á hvern hátt það verður bezt gert.

Flutningskostnaður á nauðsynjum út í dreifbýlið veldur miklum ójöfnuði. Að vísu er upplýst, að í gangi mun vera einhver athugun á þessu sviði. En allt bendir til þess, að sú athugun sé mjög takmörkuð og nái fyrst og fremst, ef ekki eingöngu, til flutningakerfisins sem slíks. Það er að vísu góðra gjalda vert, en margt fleira veldur mismunun á flutningskostnaði. Nefna má þá furðulegu staðreynd, að söluskattur er krafinn bæði af útskipun og uppskipun og af flutningskostnaði á nauðsynjum í bifreiðum. Þetta veldur að sjálfsögðu verulegri hækkun á vöruverði í dreifbýlinu. Það gerir einnig þungaskattur á flutningabílum, og fleira mætti nefna. Sú spurning hlýtur að vakna, hvort það sé eðlilegt, að hið opinbera stuðli þannig að hærra vöruverði í dreifbýli en í þéttbýli. Þetta þarf að athuga og marka ákveðna stefnu til úrbóta.

Á sviði íbúðabygginga hefur dreifbýlið farið mjög halloka. Jafnvel miðað við íbúafjölda hafa lán til húsnæðismála verið töluvert minni til íbúa dreifbýlisins en þéttbýlisins. Er skortur á íbúðarhúsnæði einhver mesti þrándur í götu eðlilegrar þróunar í flestum byggðarlögum. Á þessu verður að ráða bót. Líklega er rétt að veita viðbótarlán til íbúðabygginga í þeim landshlutum, sem verst eru settir að þessu leyti, eins og Norðmenn gera, og fleiri leiðir til úrbóta þarf að kanna.

Á sviði atvinnumála hefur mikilvægt átak verið gert með stofnun Byggðasjóðs, en betur má, ef duga skal. Athuga þarf, hvort ekki sé rétt að veita atvinnufyrirtækjum í ákveðnum landshlutum skattaívilnanir, flutningastyrki og aðra sérstaka fyrirgreiðslu.

Fjölmörg önnur svið mætti nefna, þar sem ójöfnuður er milli íbúa dreifbýlis og þéttbýlis, en ofangreind dæmi verða að nægja. Hins vegar er í þingsályktunartillögu þessari lagt til, að sett verði á fót 7 manna nefnd, sem fái það verkefni að draga fram í dagsljósið sem flest atriði, sem mismunun valda. Nefndinni er ætlað

að meta þessi atriði. Henni er ætlað að kanna, hvaða ráðstafanir aðrar þjóðir hafa gert til þess að spyrna við fótum. Og loks er nefndinni ætlað að gera tillögu til ríkisstjórnar og Alþingis um mörkun heildarstefnu á þessu sviði.

Slík heildarstefna ætti að geta orðið að leiðarljósi við opinberar ákvarðanir, sem áhrif hafa á byggðaþróun. Er þess vænzt, að jafnvægi í byggð landsins verði fastur liður í stjórnsýslun og þannig meira en slagorð ein.

Lyfjastofnun ríkisins er ríkisstofnun með sjálfstæðan fjárhag og reikningshald og lýtur sérstakri stjórn, samkvæmt lögum þessum, undir yfirstjórn heilbrigðisráðherra.

2. gr.

Hlutverk og markmið Lyfjastofnunar ríkisins er: að annast innflutning, útflutning og heildsölu lyfja og skyldra vara og stuðla að hagsýnni notkun þeirra. Í því skyni skal stofnunin meðal annars:

1. Flytja inn hráefni og umbúðir til lyfjagerðar, sérlyf, eiturefni og hættuleg efni, hjúkrunar- og sjúkragögn og aðrar skyldar vörur, sem lyfjabúðir og sjúkrahús samkvæmt eðli slíkra stofnana selja eða nota.
2. Selja í heildsölu vörur, sem taldar eru í lið 1. og auk þess innlenda framleiðslu sömu vöru.
3. Annast útflutning á lyfjum.
4. Vinna með stöðugum athugunum gegn hvers konar óhóflegri notkun lyfja og stuðla að hagsýni í lyfjanotkun meðal almennings og á sjúkrahúsum.
5. Safna og vinna úr upplýsingum varðandi lyfjanotkun í samráði við heilbrigðisráðuneytið.
6. Stuðla með fjárframlögum í mennta- og rannsóknaskyni, að framförum í lyfjafræði, lyfjaframleiðslu og skyldum greinum.

3. gr.

Hinn 1. janúar 1975 fer fram skipulagsbreyting samkvæmt lögum þessum og tekur Lyfjastofnun ríkisins þá við eignum og skuldum Lyfjaverzlunar ríkisins.

4. gr.

Lyfjastofnun ríkisins hefur einkarétt á Íslandi til:

1. Að selja sérlyf, bóluefni og ónæmisefni í heilsölu.
2. Að flytja inn og út og selja í heildsölu hráefni til lyfjagerðar.
3. Að flytja inn og út og selja í heildsölu lyf samkvæmt löggiltri lyfjaskrá, lyfseðlasöfnum og forskriftum.

Heilbrigðisráðuneytinu er heimilt að veita einstakar undanþágur frá einkarétt-inum, að fengnum tillögum stjórnar stofnunarinnar.

5. gr.

Ráðherra getur heimilað umboðsmönnum erlendra sérlyfjaframleiðenda að flytja inn skráð sérlyf umbjóðenda sinna, enda uppfylli þeir kröfur um geymslu lyfja eins og þær eru á hverjum tíma, og séu háðir almennu lyfjaeftirliti.

Umboðsmaður sækir til ráðherra um heimild til að flytja inn lyf sbr. 1. málsgr. Ráðherra leitar umsagnar stjórnar Lyfjastofnunarinnar um slíkar umsóknir.

Óski umboðsmaður að hætta að nýta heimild til innflutnings skal það tilkynnt með minnst fjögurra mánaða fyrirvara.

6. gr.

Umboðsmaður, sem flytur inn lyf samkvæmt heimild 5. greinar skal afla áritunar Lyfjastofnunar ríkisins á aðflutningsskjöl og er óheimilt að tollafgreiða lyf til annarra aðila en stofnunarinnar nema slík áritun sé fyrir hendi.

Lyfjastofnunin kaupir birgðir af umboðsmanni, gegn staðgreiðslu, á kostnaðarverði, þar með talin umboðslaun. Stofnunin skal halda innlendri heildsöluálagningu óskertri.

7. gr.

Lyfjastofnunin skal láta umboðsmanni í té mánaðarlega upplýsingar um sölu og birgðir lyfjavöru þeirrar, sem hann er umboðsmaður fyrir. Jafnframt skal umboðsmaður, sem flytur inn lyf láta Lyfjastofnun ríkisins í té upplýsingar um lyfjabirgðir sínar mánaðarlega. Verði óvænt og ófyrirséð aukning á notkun lyfs, skal Lyfjastofnunin greiða aukinn flutningskostnað ef nauðsynlegt reynist að panta lyfið flugleiðis.

8. gr.

Erlendir sérlyfjaframleiðendur með skráð sérlyf á markaði hérlendis skulu hafa íslenzkan umboðsmann.

Starfandi læknar (dýralæknar, tannlæknar), lyfsalar, aðrir starfsmenn lyfjabúða og lyfjaframleiðenda, eða samtök þessara aðila mega ekki vera umboðsmenn fyrir erlenda sérlyfjaframleiðendur.

9. gr.

Lyfjastofnun ríkisins er skylt að sjá svo um, að jafnan sé á boðstólum skráð sérlyf, hráefni og umbúðir til lyfjagerðar, eiturefni og hættuleg efni til sjúkrahúsa og lyfjabúða og hjúkrunar- og sjúkragögn eins og nauðsyn krefur hverju sinni. Skylt er stofnuninni einnig að sjá um að ávallt séu til í landinu öryggisbirgðir mikilvægra lyfja, samkvæmt nánari fyrirmælum þar að lútandi í reglugerð.

Skylt er stofnuninni að hafa jafnan ákveðnar birgðir bóluefna og ónæmisefna og útvega eftir þörfum bóluefni og hvers konar ónæmisefni í samráði við landlækni.

Stofnunin skal flytja inn óskráð sérlyf samkvæmt undanþágulista, sem heilbrigðisráðuneytið gefur út, og öðrum undanþágum, er ráðuneytið veitir, að fenginni umsögn lyfjaskrárnefndar og landlæknis.

10. gr.

Leitast skal við að gera hin hagstæðustu innkaup á hverjum tíma enda sé jafnframt gætt fyllstu krafa um gæði.

Þegar aðstæður leyfa skal afla hráefna og umbúða til lyfjagerðar, svo og hjúkrunar- og sjúkragagna með útboðum.

Ef um sérstök vörukaup er að ræða í verulegu magni til innlends lyfjaframleiðanda getur Lyfjastofnunin veitt framleiðanda leyfi til takmarkaðs tíma, þó mest 1 árs, til þess að flytja inn hráefni til lyfjagerðar, enda skrái hann innflutning sinn hjá Lyfjastofnuninni. Að öðru leyti skal ákvörðun um kaup hráefna til lyfjagerðar tekin í samráði við kaupanda.

Lyfjastofnunin gerir eða lætur gera nauðsynleg próf á aðkeyptum hráefnum enda sé ekki um innflutning samkvæmt 3. málsgr. að ræða.

Hráefni sem stofnunin selur þarf að jafnaði ekki að prófa hjá framleiðanda. Þó er framleiðanda skylt að gæta þess að umbúnaður vöru sé, þannig að enginn grunur leiki á að hún hafi skemmzt í flutningi eða geymslu.

11. gr.

Ráðherra skipar stofnuninni 5 manna stjórn til 3ja ára í senn, 1 starfandi lyfsala samkvæmt tilefningu Apótekarafélags Íslands, 1 starfandi lækni samkvæmt tilnefningu Læknafélags Íslands, 1 fulltrúa samkvæmt tilnefningu fjármálaráðuneytisins, og 2 án tilnefningar og skal annar þeirra vera lyfjafræðingur að mennt. Ráðherra skipar formann og varaformann stjórnarinnar. Varamenn skulu tilnefndir á sama hátt. Ráðherra setur stjórninni erindisbréf og ákveður laun hennar. Til að skuldbinda Lyfjastofnunina þarf undirskrift þriggja stjórnarmanna.

12. gr.

Stjórn Lyfjastofnunarinnar ræður framkvæmdarstjóra, er sé lyfjafræðingur að mennt, skal hann annast daglega stjórn og rekstur stofnunarinnar og sitja stjórnarfundi.

Stjórnin setur framkvæmdastjóra erindisbréf, þar sem kveðið er nánar á um skyldur hans.

13. gr.

Stjórn Lyfjastofnunar ríkisins skiptir starfseminni í deildir. Stjórnin ákveður einnig fjölda starfsmanna einstakra deilda og ef við á skilyrði um menntun til að gegna ákveðnum störfum.

Framkvæmdastjóri ræður í stöður forstöðumanna starfsdeilda að höfðu samráði við stjórn stofnunarinnar. Forstöðumenn deilda skuli sitja stjórnarfundi, ef einkum er fjallað um málefni viðkomandi deildar.

14. gr.

Lyfjastofnun ríkisins er skylt að kaupa til endursölu framleiðslu viðurkenndra lyfjaframleiðslufyrirtækja, samkvæmt eftirspurn.

15. gr.

Ríkisendurskoðun annast endurskoðun á rekstri Lyfjastofnunar ríkisins.

Stjórnin skal gefa ráðherra árlega skýrslu um starfsemi stofnunarinnar á liðnu starfsári. Skýrslunni fylgi endurskoðaður ársreikningur, sem skal birtur í B-deild Stjórnartíðinda.

16. gr.

Við Lyfjastofnunina skal skipuð samstarfsnefnd skipuð þrem fulltrúum frá frá stjórn stofnunarinnar, 4 fulltrúum frá starfsliði hennar og að auki skal framkvæmdastjóri eiga sæti í nefndinni. Hlutverk nefndarinnar er að efla samvinnu stofnunarinnar við starfslið hennar, og m. a. gera tillögur varðandi starfsskilyrði, enn fremur um hagkvæmni í rekstri stofnunarinnar.

Nánari ákvæði um samstarfsnefnd skulu sett í reglugerð.

17. gr.

Lyfjastofnun ríkisins leggst til stofnfé af ríkissjóði að upphæð 25 milljónir króna, sem endurgreiðist með jöfnum ársgreiðslum á 5 árum. Auk þess er ríkissjóði heimilt að ábyrgjast fyrir hönd stofnunarinnar lán, sem nemur allt að 100 milljónum króna.

18. gr.

Lögð skulu 2% af brúttóársveltu í þróunar- og vísindasjóð. Stjórn stofnunarinnar fer jafnframt með stjórn sjóðsins. Sjóðinn skal nota sem varasjóð og til uppbyggingar á stofnuninni. Enn fremur er skylt að veita einstaklingum eða samtökum styrki, í samræmi við lið 6. í 2. grein, sem nema samtals allt að helmingi upphæðar þeirrar, er rann til sjóðsins næstliðið starfsár.

19. gr.

Ráðherra ákveður með auglýsingu álagningarreglur stofnunarinnar, að fengnum tillögum stjórnarinnar og samkvæmt umsögn viðskiptaráðuneytisins. Sama heildsöluverð skal gilda á öllu landinu miðað við heimsendingu og tryggingu vörusendinga, enda sé um hæfilegan fjölda sendinga að ræða.

20. gr.

Heildsöluverð skal ákveðið í verðlista, sem gefinn er út af stofnuninni ársfjórðungslega. Heildsöluverð ákveðst af kostnaðarverði að viðbættri álagningu samkvæmt 19. gr.

Nú verður almenn og veruleg breyting á innkaupsverði lyfja sökum gengisbreytinga eða af öðrum orsökum og er stofnuninni þá heimilt að flýta útgáfu verðlista.

Lyfjastofnunin skal gefa út lyfjaverðskrá í samræmi við lagaákvæði um rekstur lyfjabúða og skulu þær að jafnaði gefnar út um leið og nýr heildsöluverðlisti er gefinn út.

21. gr.

Stjórn Lyfjastofnunarinnar skal setja ákvæði um greiðslukjör til handa viðskiptaaðilum stofnunarinnar enda sé þess gætt að þau séu eigi lakari en almenn viðskiptakjör á hverjum tíma.

22. gr.

Nánari ákvæði um rekstur Lyfjastofnunar ríkisins setur heilbrigðisráðherra með reglugerð.

23. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi:

1. 51. gr. lyfsölulaga nr. 30/29. apríl 1963 svo og önnur ákvæði sömu laga, sem fara í bága við lög þessi.
2. II. kafli, 9.—13. gr. laga nr. 63/28. maí 1969 um verzlun ríkisins með áfengi, tóbak og lyf, eftir því sem við getur átt.

Ákvæði til bráðabirgða:

1. Gert skal ráð fyrir að skipulagsbreyting, samkvæmt lögum þessum taki gildi 1. janúar 1975 og Lyfjastofnun ríkisins hefji þá rekstur sinn. Þangað til er þeim aðilum, sem nú annast lyfjaheildsölu heimilt að stunda hana á sama hátt og nú. Hins vegar er lyfjabúðum ekki heimilt að flytja inn lyf né hráefni eftir 1. júní 1974.
2. Lyfjaverzlun ríkisins skal annast sín fyrri verkefni að því er varðar innflutning lyfja og hráefna þar til skipulagsbreytingin fer fram. Skal Lyfjaverzlunin annast fyrirgreiðslu og útvegun lyfja umfram það, sem áður var ef þörf þess rís.
3. Lyfjastofnun ríkisins kaupi lyfjabirgðir lyfjaheildsala á matsvirði.

Greinargerð.

I. Sköpunarsaga.

Í meginatriðum er frumvarp þetta samið af nefnd, til að gera tillögur á grundvelli stefnumarks ríkisstjórnarinnar um „að endurskipuleggja lyfjaverzlunina með því að tengja hana við heilbrigðisþjónustuna og setja hana undir félagslega stjórn."

Nefnd þessi — „Lyfjamálanefnd" — var skipuð af heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra Magnúsi Kjartanssyni 3. febrúar 1972. Í henni eiga sæti:

Almar Grímsson, deildarstjóri, formaður,
Árni Einarsson, framkvæmdastjóri,
Einar Benediktsson, lyfjafræðingur,
Kjartan Jóhannsson, verkfræðingur,
Steingrímur Kristjánsson, lyfsali.

Í skipunarbréfi var tekið fram að ráðuneytið vænti þess, að nefndin tæki hið fyrsta til starfa og hraðaði störfum eftir föngum, en frekari fyrirmæli voru ekki gefin á grundvelli þess stefnumarks, sem fyrr er greint.

Hinn 3. nóvember 1972 skilaði nefndin skýrslu til ráðherra, um innflutning, heildsölu og framleiðslu lyfja. Kom þar fram, að hún hefði deilt verkefni sínu í 3 meginþætti:

1. Innflutningur og heildsala lyfja.
2. Lyfjaframleiðsla.
3. Smásöluverzlun með lyf.

Þessir þættir lyfjamála eru aðgreinanlegir vegna sérstöðu hvers og eins, en verða hins vegar að tengjast í skipulegu kerfi. Fjórði þáttur lyfjamála er hin eiginlega lyfjalöggjöf, sem fjallar um skilgreiningar, skráningu lyfja, auglýsingar og fleiri faglegar kröfur um lyf. Þessi þáttur er ekki háður verzlun með lyf enda taldi lyfjamálanefnd hann ekki innan síns verkahrings.

Samhliða frumvarpi til laga um Lyfjastofnun ríkisins er lagt fram frumvarp til laga um lyfjaframleiðslu. Með þessum tveim frumvörpum eru gerð skil tveim hinum fyrstu af ofangreindum þáttum, en starf nefndarinnar að hinum þriðja stendur nú yfir sbr. fylgiskjal með frumvarpi til laga um lyfjaframleiðslu.

Skýrsla lyfjamálanefndar var send nokkrum aðilum til kynningar, en ekki hafa borizt athugasemdir frá þeim.

Skýrslan hefur verið til athugunar í vinnuhópi heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins og landlæknis. Í vinnuhópnum voru:

Páll Sigurðsson, ráðuneytisstjóri,
Adda Bára Sigfúsdóttir, aðstoðarmaður ráðherra,
Ólafur Ólafsson, landlæknir,
Jón Ingimarsson, skrifstofustjóri,
Almar Grímsson, deildarstjóri.

Gerðar voru ýmsar breytingar og lagfæringar, en meginefnið stendur óbreytt frá skýrslu lyfjamálanefndar.

II. Almenn greinargerð.

Sérlyf.

Um innflutning og heildsölu sérlyfja gilda ýmis sjónarmið, sem ekki á við um þá grein iðnaðar sem lyfjaframleiðsla er.

Tímabil hinna mikilvægustu lyfjauppgötvana síðari tíma og framfara í lífrænni efnafræði hófst fyrir um það bil 50 árum, en á þeim tíma var m. a. insulínhormónið einangrað til notkunar gegn sykursýki.

Frá þeim tíma hefur tíðni uppgötvana margfaldast. Lyfjaverksmiðjur hafa sprottið upp um heim allan, íbúatala heimsins um það bil tvöfaldaðist og almennari velmegun og tækniþróun hefur skapað hlutfallslega margaukna lyfjanotkun.

Íslandi hefur fram að þessum tíma verið algerlega séð fyrir lyfjum og hráefnum til lyfjagerðar erlendis frá. Í upphafi voru lyf flutt inn af lyfsölum sjálfum, þá voru aðeins fáar lyfjabúðir í landinu og lyfin voru fábreytt og oftast lítilvirk miðað við það sem nú er. Síðan hefur þróun orðið sú, að lyfsalar hafa stofnsett heildsölur, einnig hafa aðrir aðilar komið til og haslað sér völl við lyfjainnflutning og heildsölu og er nú svo komið, að auk nokkurra lyfsala, sem flytja inn lyf vegna eigin þarfa, eru nálega 15 aðilar sem annast innflutning sérlyfja og heildsölu til lyfjabúða, sjúkrahúsa, héraðslækna (og dýralækna), sem rétt hafa til lyfjasölu.

Sé hinn eiginlegi sérlyfjainnflutningur tekinn til athugunar kemur í ljós, að í flestum tilvikum eru fleiri en einn innflytjandi frá sömu verksmiðju. Þetta getur e. t. v. við fyrstu sýn virzt hentugt, en við nánari athugun kemur í ljós að borið hefur á skorti sérlyfja, einkum þeirra, sem flutt eru inn af mörgum aðilum. Þetta byggist líklega á því, að enginn hefur skyldum að gegna vegna birgðahalds lyfja nema hann sé einkaumboðsmaður.

Þeim mun viðkvæmara er þetta skipulag, sem nú tíðkast hér á landi í lyfjainnflutningi og heildsölu, að engin trygging er fyrir því, að þau lyf, sem kann að skorta, séu ekki einmitt þau mikilvægustu.

Ekkert verulegt samstarf milli lyfjaheildsala í hagræðingarskyni hefur átt sér stað og raunveruleg samkeppni er ekki fyrir hendi milli þeirra í þeim skilningi, sem talin er samkeppni í venjulegri verzlun og viðskiptum. Ástæða þess er einfaldlega sú, að þeir, sem einkum stjórna notkun lyfja, eru læknar. Læknar skrifa lyfseðla á þau lyf, sem þeir telja bezt við hæfi hverju sinni. Þekkingu sína og vitneskju um ný lyf að þessu leyti hafa þeir að sjálfsögðu úr ýmsum áttum, fagbókum, fagtímaritum, bæklingum verksmiðja og einnig frá sérstökum kynningaraðilum frá lyfjaverksmiðjum.

Verð sérlyfja er fyrirfram ákveðið sem hluti af skráðningarmeðferð sérlyfja, þannig að um beina samkeppni á verðgrundvelli er heldur ekki um að ræða.

Á Íslandi sem og í flestum öðrum löndum eru sérlyf skráð með þeirri aðferð, að nefnd sérfræðinga fjallar um hvert sérlyf og tilskilin gögn, er fylgja skráningarumsóknum sérlyfja. Þegar sérlyf hefur hlotið skráningu þýðir það, að um nauðsynlegt lyf sé að ræða og er skilyrði að lyfið fáist á markaði innan ákveðins tíma þegar það hefur hlotið skráningu.

Hráefni til lyfjagerðar.

Núverandi hættir við innflutning hráefna eru í samræmi við það ástand, sem er í framleiðslumálum. Lyfsalar og lyfjagerðir flytja inn hráefni vegna eigin þarfa, en lyfjaheildsalar telja sér yfirleitt ekki hag í að flytja þau inn og selja í heildsölu.

Innkaup hráefna eru á öðrum grundvelli en innkaup sérlyfja að því leyti að hráefni fást á frjálsum markaði og eru þannig undirorpin samkeppnislögmálum að því er varðar t. d. verðtilboð og magnafslátt.

Eins og málum er háttað er ljóst að innkaup hráefna til landsins eru mjög óhagkvæm. Séu kröfur um gæðapróf þeirra einnig teknar til greina eykst enn á óhagkvæmni, með fjölda rannsókna á smáinnkaupum sama efnis, í stað einnar rannsóknar á samsvarandi magni sé um heildarinnkaup að ræða.

Um lyfjaumbúðir gilda í mörgu, sömu sjónarmið og hráefni hvað snertir innkaup erlendis frá. Þá þarf einnig að taka til sérstakrar meðferðar innlenda framleiðslu lyfjaumbúða og kanna notagildi hennar.

Hjúkrunar- og sjúkragögn.

Séu hjúkrunar- og sjúkragögn tekin til meðferðar hefur athugun leitt í ljós, að lyfjabúðum reynist mjög erfitt að afla slíkra gagna frá innlendum heildsölum og er talið að innflytjendur þessa varnings telji sér engan hag í slíkum innflutningi og heildsölu. Nefndin telur sér skylt að benda á leið í meðfylgjandi frumvarpi til að gera hagkvæm innkaup til landsins á slíkum varningi til endursölu í lyfjabúðum og ef þörf er á samkvæmt ósk og nauðsyn sjúkrahúsa.

Eftirlit með lyfjainnflutningi.

Eftirlit með innflutningi lyfja er mjög vandasamt af ýmsum ástæðum. Innflutningshafnir eru margar og innflytjendur sömuleiðis.

Heiti lyfja og hráefna eru mörg og margvísleg og er ekki á færi nema sérfróðra aðila að henda reiður á allt slíkt. Af þessum sökum hefur farið inn í landið ýmis lyfjavarningur, sem ekki er lögmætur og upptökuákvæði lyfsölulaga virðast svo veik, að ekki hefur verið rönd við reist.

Ekki hefur verið komið upp viðamiklu og kostnaðarsömu eftirliti með lyfjainnflutningi margra aðila víðsvegar um landið. Slíkt eftirlit þarf að vera svo virkt að ekki sé unnt að fá tollafgreidda lyfjavöru nema öll skilyrði séu fyrir hendi. Þetta atriði kemur að því leyti inn í þessa mynd að eftirlit með lyfjainnflutningi verður miklum mun einfaldara með því skipulagi, sem kæmi með Lyfjastofnun ríkisins.

Í þessu sambandi er og nauðsynlegt að geta eiturefna og hættulegra efna, sem yfirvöld þurfa að hafa öflugt eftirlit með.

Norsk Medicinal Depot.

Í Noregi hefur starfað í 15 ár ríkisfyrirtækið Norsk Medicinal Depot, sem hefur einkarétt á innflutningi, útflutningi og heildsölu lyfja og hráefna. Eftir því sem næst verður komizt er reynslan af því fyrirtæki góð. Bent skal á, að nokkur munur er á formi Norsk Medicinal Depot og þess fyrirtækis, sem lagt er til að verði stofnað hér á landi. Þessi munur felst í því, að með Lyfjastofnun ríkisins er gert ráð fyrir, að að því er sérlyf varðar, að einungis sé um einkarétt í heildsölu að ræða, en innflutningur sérlyfja geti, að einhverju leyti, eftir sem áður farið fram í gegnum umboðsmann sérlyfjaframleiðandans.

Lokaorð.

Ýmsar nánari skýringar er að finna með athugasemdum við einstakar greinar frumvarpsins, en til undirstrikunar skal bent á eftirfarandi:

Lyfjastofnunin skal hafa miklum skyldum að gegna, sem eru skýrðar í frumvarpinu. Henni er gert að vinna að þeim markmiðum, sem hin almenna heilsugæzla

krefst í meðferð lyfja og skyldra vara og fara með þann ábyrgðarhluta, sem heilbrigðisyfirvöldum er skylt.

Lagt er til að Lyfjastofnun ríkisins sé sjálfstæð ríkisstofnun og að 2 stjórnarmanna af 5 séu tilnefndir af hálfu lyfsala annars vegar og lækna hins vegar. Leggja ber mikla áherzlu á þetta atriði, sem einmitt er til þess fallið, að tengja þennan þátt lyfjaverzlunar við heilbrigðisþjónustuna, jafnframt sem það án alls efa er í grundvallaratriðum gott aðhald fyrir ríkisfyrirtæki af þessari gerð.

Verzlun með lyf er annars eðlis en önnur verzlun og lýtur ekki lögmálum samkeppni sem önnur verzlun eða iðngreinar, og í samræmi við það stefnumark, sem frumvarpið byggist að verulegu leyti á, þ. e. að tengja lyfjaverzlunina við heilbrigðisþjónustuna, er grundvallarforsenda að heilbrigðisyfirvöld landsins öðlist með nýrri skipan mála betra stjórnunar- og skipulagsvald, þannig að samræmis sé að vænta við aðra þætti heilbrigðisþjónustunnar.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Greinin fjallar um skilgreiningu á stöðu stofnunarinnar.

Um 2. gr.

Í þessari grein eru rakin hlutverk og markmið stofnunarinnar. Eins og fram kemur í töluliðum greinarinnar er gert ráð fyrir að verkefni séu í stórum dráttum þríþætt.

Í fyrsta lagi verzlun í heildsölu með lyf og skyldar vörur, bæði að því er varðar inn- og útflutning. Útflutningur er sem stendur enginn, en sjálfsagt þykir rétt að gera ráð fyrir honum hér.

Í öðru lagi skal stofnunin vera upplýsingagjafi um lyfjanotkun og er hugmynd þar að baki að stuðla að hagsýnni og réttri lyfjanotkun. Með því er átt við hvort tveggja, að vara við hvers konar hættum, er stafað geti af rangri notkun lyfja og ekki síður að veita tilsögn um rétta notkun þeirra. Einnig má hér taka til mjög mikilvægan þátt, sem er notkun ávana- og fíknilyfja. Hugmyndin er að stofnunin sjái um alla skýrslugerð varðandi innflutning og notkun þeirra. Þá má og nefna skráningu á aukaverkunum lyfja, sem sívaxandi nauðsyn er á að stjórna skipulega.

Í þriðja lagi er gert ráð fyrir, að stofnunin veiti fé til framfara í lyfjafræði, lyfjaframleiðslu og skyldum greinum. Einkum er þar átt við að fé sé veitt til eftirmenntunar og jafnframt veitt fé til einstaklinga eða samtaka til ákveðinna verkefna, sem talin eru til framfara.

Um 3. gr.

Þessi grein gerir ráð fyrir, að hin nýja stofnun taki við vörubirgðum og öðrum eignum Lyfjaverzlunar ríkisins, og sömuleiðis taki hún við skuldum hennar.

Um 4. gr.

Í þessari grein er fjallað um einkarétt Lyfjastofnunarinnar. Hann takmarkast af því, í fyrsta lagi að selja hvers konar lyf í heildsölu og er þar átt við sérlyf, lyf samkvæmt löggiltri lyfjaskrá eða löggiltum lyfseðlasöfnum og forskriftum eða hvert það efni, sem er fullmótað til afhendingar sem lyf, svo og bóluefni og ónæmisefni.

Í öðru lagi nær einkarétturinn til að flytja inn og út og selja í heildsölu hráefni til lyfjagerðar. Hráefnainnkaup er sá liður, sem hvað mest er háður magninnkaupum. Enn fremur er augljóst hagræði að því að framkvæma öll þau próf, sem skylt er að gera á hverri innkeyptri vöru í einu lagi.

Gert er ráð fyrir undanþágum, sem veita megi frá einkaréttindum, t. d. ef um er að ræða efni, sem notað er sem lyf, eða nota má sem hjálparefni við lyfjagerð, en jafnframt er notað í verulegu magni í öðrum iðngreinum eða í rannsóknaskyni, eða af lyfjaframleiðanda gegn sérinnkaupum sbr. 10. gr. frumvarpsins.

Um 5., 6. og 7. gr.

Eins og fram kom í athugasemdum um 4. gr. nær einkaréttur stofnunarinnar ekki til innflutnings sérlyfja þótt einkaréttur sé á sölu þeirra í heildsölu. Til að ná sem beztu samstarfi milli Lyfjastofnunarinnar og umboðsmanna er talið skynsamlegt að umboðsmenn geti öðlast heimild til innkaupa frá umbjóðendum sínum, enda gert ráð fyrir ýmsum ráðstöfunum í 6. og 7. gr. til samstarfs þessara aðila á sem traustustum grundvelli. Í 7. grein er einnig gert ráð fyrir að Lyfjastofnunin greiði aukinn kostnað af flutningi ef lyf skortir skyndilega.

Um 8. gr.

Greinin skýrir sig sjálf og hefur að geyma sams konar ákvæði og í lyfsölulögum nr. 30 29. apríl 1963 að því er þessi atriði varðar.

Um 9. gr.

Þessi grein er mjög veigamikil og fjallar um skyldur stofnunarinnar. Samkvæmt lyfsölulögum nr. 30/1963 eru ekki skyldur á innflytjendum í þeim mæli, sem er í þessari grein, nema um einkaumboðsmenn hafi verið að ræða.

Með öryggisbirgðum er átt við birgðir, sem komið verði fyrir á sérstökum stöðum, öðrum en aðalbirgðageymslu stofnunarinnar. Þannig kæmi fyllilega til greina að velja sérstakri birgðastöð stað á Norðurlandi, t. d. Akureyri. Þar sem geymsla lyfja er yfirleitt háð tímatakmörkunum þarf að vera hreyfing á slíkum öryggisbirgðum og mætti því hugsa sér ef slík birgðastöð yrði á Akureyri að hún yrði hönnuð með það fyrir augum, að þjóna lyfjabúðum og sjúkrahúsum á ákveðnu svæði, t. d. Norður- og Austurlandi.

Flest lyf má telja mikilvæg, en með fyrrgreind öryggissjónarmið í huga þarf ákveðin fyrirmæli í reglugerð um þetta atriði, bæði að því er varðar gerð og magn lyfja.

Nýmæli er ákvæði um skyldur innlends aðila til að eiga birgðir bóluefna og ónæmisefna. Að öðru leyti er ákvæðið hliðstætt gildandi ákvæði að þessu lútandi.

Óskráð sérlyf þarf að flytja inn þegar sérstakar ástæður mæla með, svo sem þegar einstakir sjúklingar þurfa á sérstöku lyfi að halda og framleiðandi hefur ekki gert ráðstafanir til að fá lyfið skráð eða skráningarumsókn er til meðferðar.

Gert er ráð fyrir að lyfjaskrárnefnd, sem fjallar um skráningu sérlyfja fjalli að jafnaði um undanþágur, en gefa megi út undanþágulista fyrir óskráð sérlyf, sem stöðug þörf er fyrir um nokkurn tíma.

Um 10. gr.

Greinin skýrir sig að miklu leyti sjálf. Rétt er að taka fram, að verð sérlyfja er í rauninni hluti af mati lyfjaskrárnefndar á sérlyfi, þannig að sé sérlyf skráð felst einnig í því viðurkenning á því verði, sem lagt hefur verið fram með skráningargögnum.

Öðru máli gegnir með hráefni, umbúðir, hjúkrunar- og sjúkragögn, sem eru á frjálsum markaði, en í slíkum innkaupum þarf að rannsaka gæði og leggja þau til grundvallar áður en verðtilboð eru rannsökuð.

Um 11. gr.

Greinin fjallar um stjórn stofnunarinnar. Leitast er við að skapa tengsl milli lyfsölu og læknisþjónustu með því að samtök lyfsala og lækna tilnefni hvort sinn fulltrúa í stjórn stofnunarinnar. Þá þykir rétt að fjármálaráðuneytið tilnefni einn fulltrúa í stjórn. Heilbrigðisráðherra skipar svo tvo stjórnarmenn án tilnefningar og skal annar þeirra vera lyfjafræðingur með það fyrir augum að tryggja fagleg sjónarmið í stjórn stofnunarinnar.

Um 12. gr.

Kveðið er á um að framkvæmdastjóri sé lyfjafræðingur að mennt, enda talið eðlilegt miðað við þær faglegu kröfur, sem gerðar eru til stofnunarinnar.

Um 13. gr.

Ekki þykir rétt að afmarka með lögum deildarskiptingu stofnunarinnar, heldur yrði slíkt að þróast með uppbyggingu hennar. Hins vegar má benda á, að augljóst er að sjúkrahúsþjónustan verði í sérstakri deild, til að tryggja að sérstöðu sjúkrahúsa í lyfjainnkaupum og lyfja- og rannsóknanefnanotkun sé gætt til fullnustu.

Um 14. gr.

Með þessari grein er ætlunin að tryggja, að önnur framleiðslufyrirtæki en þau sem eru í eigu ríkisins að hluta eða fullu, njóti fyllsta réttar við afhendingu framleiðslu á markað.

Um 15. gr.

Greinin skýrir sig sjálf.

Um 16. gr.

Hér er um að ræða ákvæði um áhrif starfsmanna og rekstur stofnunarinnar og tengsl þeirra við stjórn og stjórnendur.

Um 17. gr.

Í þessari grein er gert ráð fyrir hæfilegu afturkræfu stofngjaldi vegna fyrirtækisins og umframfjárþörf við upphaf reksturs fyrirtækisins verði leyst með lántöku á ábyrgð ríkisins.

Um 18. gr.

Samkvæmt þessari grein yrði framlagið 5 milljónir króna miðað við 250 milljón kr. ársveltu.

Af því gæti allt að 2.5 milljónir veitzt til framfara í lyfjafræði, lyfjaframleiðslu og skyldum greinum.

Hugmynd er að sýkla- og ónæmisfræði, fái sinn skerf miðað við það að stofnunin selur í heildsölu öll slík efni og því eðlilegt að ætla að þeirri grein verði gerð góð skil að hálfu þróunar- og vísindasjóðs.

Um 19. gr.

Hér er um nýmæli að ræða að því er varðar sama heildsöluverð á öllu landinu, miðað við heimsendingu og tryggingu fyrir hæfilegan fjölda heimsendinga. Nú greiðir lyfsali utan Reykjavíkursvæðisins allan sendingarkostnað. Þannig er þetta ákvæði eindregin viðleitni til að minnka aðstöðumun milli lyfsala í Reykjavík annars vegar og lyfsala í öðrum landshlutum hins vegar. Ætlazt er til að stofnunin setji sjálf reglur um hæfilegan fjölda sendinga, t. d. einu sinni eða tvisvar í viku en lyfsalar greiði kostnað af sendingum, sem yrðu umfram það.

Um 20. gr.

Í þessari grein er fjallað um útgáfu verðlista og er um nýmæli að ræða, að fastákveða heildsöluverð og gefa út smásöluverðskrá um leið og heilsöluverð breytist. Þó ber að sjálfsögðu að taka tillit til hæfilegs tíma, sem tekur að selja í smásölu birgðir á eldra verði.

Um 21. gr.

Þessi grein er sett til tryggingar því, að greiðslukjör séu ekki lakari en almennt gerist af stofnunarinnar hálfu.

Um 22. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 23. gr. og ákvæði til bráðabirgða.

Gildistökuákvæði. Gert er ráð fyrir að lögin taki þegar gildi, þannig að undirbúningur að rekstri stofnunarinnar geti hafizt.

Skipulagsbreyting gæti líklega farið fram 1. janúar 1975 ef um það bil árs fyrirvari væri gefinn.

Gert er ráð fyrir að nústarfandi lyfjaheildsalar haldi sinni starfsemi áfram þar til breytingin fer fram og Lyfjaverzlun ríkisins annist sín fyrri verkefni og önnur í sambandi við innkaup og heildsölu lyfja. Enn fremur að Lyfjaverzlun ríkisins, sem leggst niður við skipulagsbreytinguna taki á sig umfram skyldur ef þörf rís, t. d. ef einhver aðili hættir innflutningi og/eða heildverzlun, á tímabilinu.

Nd. 309. Frumvarp til laga [168. mál]

um lyfjaframleiðslu.

(Lagt fyrir Alþingi á 93. löggjafarþingi, 1972—1973).

1. gr.

Íslenzka ríkinu er heimilt að gerast stofnaðili að fyrirtæki um lyfjaframleiðslu ásamt lyfsölum og lyfjafræðingum.

Fyrirtækið skal vera sjálfstæður réttaraðili með sjálfstæðan fjárhag og reikningshald.

2. gr.

Ríkið skal eiga helming fyrirtækisins. Lyfsalar og lyfjafræðingar, sem óska að vera aðilar að fyrirtækinu mynda félag, sem leggur sameiginlega fram hinn eignarhelming fyrirtækisins.

Hvor aðili um sig, ríkið og félagið er í einfaldri ábyrgð fyrir öllum skuldbindingum fyrirtækisins.

Hvorugur aðili má ganga úr fyrirtækinu án samþykkis hins.

3. gr.

Tilgangur fyrirtækisins skal vera:

1. Að starfrækja meiriháttar lyfjaframleiðslu, samkvæmt löggiltri lyfjaskrá og löggiltum lyfseðlasöfnum og lyfjaforskriftum.
2. Að stunda tilraunir og rannsóknir með það fyrir augum að framleiða sérlyf.

4. gr.

Stjórn fyrirtækisins skal skipuð 5 mönnum til þriggja ára í senn. Félagið kýs tvo stjórnarmenn á aðalfundi sínum og skal a. m. k. annar þeirra vera lyfjafræðingur að mennt, og ráðherra skipar tvo stjórnarmenn. Aðilar skipa sameiginlega fimmta manninn. Skal hann vera lyfjafræðingur að mennt, og má hann ekki vera hagsmunaaðili í lyfjaframleiðslu sé lyfsölu.

Nái aðilar ekki samkomulagi um skipun hans skal hann skipaður af þeirri deild Háskóla Íslands, sem annast kennslu í lyfjafræði lyfsala.

Jafnmargir varamenn skulu skipaðir á sama hátt.

Stjórnin kýs formann og varaformann stjórnar.

5. gr.

Stjórn fyrirtækisins skal hafa á hendi yfirstjórn á rekstri fyrirtækisins. Hún ræður framkvæmdastjóra, er sé lyfjafræðingur að mennt og skal hann annast daglega stjórn og rekstur fyrirtækisins.

Framkvæmdastjóri skal sitja stjórnarfundi.

6. gr.

Eignaraðilar hvor um sig tilnefna einn endurskoðanda, til að endurskoða reikninga fyrirtækisins. Stjórnin ræður jafnframt löggiltan endurskoðanda til að endurskoða og staðfesta reikninga fyrirtækisins.

Ársskýrsla fyrirtækisins skal lögð fyrir eignaraðila til staðfestingar innan þriggja mánaða frá lokum hvers reikningsárs, að því búnu skulu reikningar birtir í B-deild Stjórnartíðinda.

7. gr.

Við fyrirtækið skal skipuð samstarfsnefnd skipuð tveim fulltrúum frá stjórn fyrirtækisins, 4 fulltrúum frá starfsliði þess og að auki skulu framkvæmdastjóri og einn af lyfjafræðingum fyrirtækisins eiga sæti í nefndinni. Hlutverk nefndarinnar er að efla samvinnu fyrirtækisins við starfslið þess, og m. a. gera tillögur varðandi starfsskilyrði, enn fremur um hagkvæmni í rekstri fyrirtækisins.

Nánari ákvæði um samstarfsnefnd skulu sett í reglugerð.

8. gr.

Stjórn fyrirtækisins skiptir starfseminni í deildir. Stjórnin ákveður einnig fjölda starfsmanna einstakra deilda, og ef við á, skilyrði um menntun, til að gegna ákveðnum störfum.

9. gr.

Framkvæmdastjóri ræður í stöður forstöðumanna starfsdeilda að höfðu samráði við stjórn fyrirtækisins. Forstöðumenn deilda skulu sitja stjórnarfundi ef einkum er fjallað um málefni viðkomandi deildar.

10. gr.

Fyrirtækinu er skylt að framleiða þau lyf samkvæmt löggiltri lyfjaskrá og löggiltum lyfseðlasöfnum og forskriftum, sem eftirspurn er eftir á hverjum tíma, og telst vera verksmiðjuframleiðsla.

Fyrirtækið framleiðir öll vínandalyf, en Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins fer að öðru leyti með einkarétt ríkisins að því er varðar innflutning og sölu vínanda til lyfja og afgreiðslu vínanda til lækninga og rannsóknastofa.

Framleiðslan skal vera pökkuð í staðlaðar neytendaumbúðir og auðkennd með firmanafni eða merki fyrirtækisins.

Framleiðsluhættir fyrirtækisins skulu standast fyllstu kröfur gildandi lyfjaskrár og alþjóðasamþykkta eins og þær eru á hverjum tíma og skulu gæðapróf framkvæmd á hverri framleiðslulotu.

11. gr.

Verð á framleiðslunni skal vera kostnaðarverð með hæfilegu tilliti til rannsókna- og þróunarkostnaðar. Stjórnin gerir tillögu um verðlagningu, sem skal staðfest af heilbrigðisráðherra. Framleiðslan skal seld af Lyfjastofnun ríkisins.

12. gr.

Verði ekki samkomulag milli ríkisins annars vegar og lyfsala og lyfjafræðinga hins vegar um stofnun lyfjaframleiðslufyrirtækis samkv. 1.—11. grein laga þessara, er ríkinu samt heimilt að stofnsetja og starfrækja lyfjaframleiðslufyrirtæki svo sem greinir í lögum þessum. Skal það fyrirtæki rekið sem deild í Lyfjastofnun ríkisins, undir stjórn þeirrar stofnunar, en með sérstökum framkvæmdastjóra skv. 5. grein.

13. gr.

Önnur fyrirtæki, mega því aðeins framleiða lyf, þar með talin sérlyf, að þau hafi til þess leyfi ráðherra, enda uppfylli þau eftirfarandi skilyrði:

1. Framleiðslunni sé stjórnað af lyfjafræðingi og gegni hann fullu starfi við fyrirtækið.

2. Framleiðsluhættir skulu vera í samræmi við kröfur gildandi lyfjaskrár og alþjóðasamþykkta.
3. Framkvæmd séu gæðapróf á allri framleiðslu. Gæðapróf skulu framkvæmd á sérstakri rannsóknastofu undir stjórn lyfjafræðings, sem gegnir fullu starfi við rannsóknir.

Lyfjaeftirlitið metur aðstæður samkvæmt þessari grein. Leyfisveiting er háð jákvæðri umsögn þess og skal tekið fram ef aðeins er um að ræða framleiðslu á sérstöku lyfjaformi eða lyfjum.

Lyfjaframleiðslustaðir eru háðir lyfjaeftirliti heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins.

Um réttindi lyfjabúða og skyldur við lyfjaframleiðslu fer eftir gildandi laga- og reglugerðarákvæðum um rekstur lyfjabúða.

14. gr.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið getur heimilað, að lyf samkvæmt löggiltri lyfjaskrá og lyfseðlasöfnum og forskriftum séu seld undir sérheiti. Skilyrði er þó að löggilta heitið sé jafnframt á merkimiða lyfsins.

Ráðuneytinu er jafnframt heimilt að leyfa, að almennar notkunarreglur eða aðrar leiðbeiningar séu prentaðar á merkimiða lyfs ef um er að ræða lyf, sem selja má án lyfseðils eða lyf þar sem um óvenjulegar notkunarreglur er að ræða.

15. gr.

Að öðru leyti gilda almenn lagaákvæði um sérlyf að því er varðar skráningu og annað er að sérlyfjum lýtur.

16. gr.

Ráðherra mælir fyrir í reglugerð um nánari tilhögun og rekstur lyfjaframleiðslufyrirtækja samkvæmt lögum þessum.

17. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi:

1. 50. grein lyfsölulaga nr. 30/29. apríl 1963.
2. II. kafli 9.—13. gr. laga nr. 63/28. maí 1969 um verzlun ríkisins með áfengi, tóbak og lyf, eins og við getur átt.
3. Önnur lagaákvæði lyfsölulaga nr. 30/29. apríl 1963 og annarra laga, sem fara í bága við þessi lög.

Greinargerð.

I. Sköpunarsaga.

Í meginatriðum er frumvarp þetta samið af nefnd, til að gera tillögur á grundvelli stefnumarks ríkisstjórnarinnar um „að endurskipuleggja lyfjaverzlunina með því að tengja hana við heilbrigðisþjónustuna og setja hana undir félagslega stjórn".

Nefnd þessi — „Lyfjamálanefnd" — var skipuð af heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra Magnúsi Kjartanssyni 3. febrúar 1972. Í henni eiga sæti:

Almar Grímsson, deildarstjóri, formaður,
Árni Einarsson, framkvæmdastjóri,
Einar Benediktsson, lyfjafræðingur,
Kjartan Jóhannsson, verkfræðingur.
Steingrímur Kristjánsson, lyfsali.

Í skipunarbréfi var tekið fram að ráðuneytið vænti þess, að nefndin tæki hið fyrsta til starfa og hraðaði störfum eftir föngum, en frekari fyrirmæli voru ekki gefin á grundvelli þess stefnumarks, sem fyrr er greint.

Hinn 3. nóvember 1972 skilaði nefndin skýrslu til ráðherra, um innflutning heildsölu og framleiðslu lyfja. Kom þar fram, að hún hafði deilt verkefni sínu í 3 meginþætti:

1. Innflutningur og heildsala lyfja,
2. Lyfjaframleiðsla,
3. Smásöluverzlun með lyf.

Þessir þættir lyfjamála eru aðgreinanlegir vegna sérstöðu hvers og eins, en verða hins vegar að tengjast í skipulegu kerfi. Fjórði þáttur lyfjamála er hin eiginlega lyfjalöggjöf, sem fjallar um skilgreiningar, skráningu lyfja, auglýsingar og fleiri faglegar kröfur um lyf. Þessi þáttur er ekki háður verzlun með lyf enda taldi lyfjamálanefnd hann ekki innan síns verkahrings.

Samhliða frumvarpi til laga um lyfjaframleiðslu er lagt fram frumvarp til laga um Lyfjastofnun ríkisins og lýtur það að innflutningi og heildsölu lyfja o. fl. Með þessum tveim frumvörpum eru gerð skil tveim hinum fyrstu af ofangreindum þáttum, en starf nefndarinnar að hinum þriðja stendur nú yfir. Í fylgiskjali eru frumhugmyndir nefndarinnar um skipulag þess þáttar.

Skýrsla lyfjamálanefndar var send nokkrum aðilum til kynningar, en ekki hafa borizt athugasemdir frá þeim.

Skýrslan hefur verið til athugunar í vinnuhópi heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins og landlæknis. Í vinnuhópnum voru:

Páll Sigurðsson, ráðuneytisstjóri,
Adda Bára Sigfúsdóttir, aðstoðarmaður ráðherra,
Ólafur Ólafsson, landlæknir,
Jón Ingimarsson, skrifstofustjóri,
Almar Grímsson, deildarstjóri.

Gerðar voru ýmsar breytingar og lagfæringar, en meginefnið stendur óbreytt frá skýrslu lyfjamálanefndar.

II. Stutt forsaga.

Hinn 26. júlí 1968 skilaði „nefnd til að rannsaka og gera tillögur um skipulagningu og fjölda lyfjabúða og hagræðingu í rekstri þeirra“ skýrslu sinni. Sú nefnd var skipuð af þáverandi heilbrigðismálaráðherra Jóhanni Hafstein. Í nefndinni áttu sæti Árni Vilhjálmsson, prófessor, sem var formaður nefndarinnar, Guðmundur Einarsson, verkfræðingur, Guðmundur Steinsson, lyfjafræðingur, Oddur C. Thorarensen, lyfsali, Akureyri og Jón Thors, deildarstjóri í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu. Skýrsla þessarar nefndar fjallar að langmestu leyti um lyfjabúðir, reglur um stofnun þeirra, verðlagningu lyfja og fjármögnunarvandamál lyfjabúða, en einnig um miðskipun lyfjaframleiðslu.

Fram kemur í bréfi undirbúningsnefndar Apótekarafélags Íslands ásamt bráðabirgðagreinargerð, dags. 19. des. 1967, stílað til fjármálaráðherra og heilbrigðisráðherra, að lyfsalar töldu þá, að framleiðsla lyfjabúða væri þjóðhagslega óhagkvæm. Lögðu lyfsalar til að ríkið og lyfsalar sameinuðust um stofnun hlutafélags um lyfjaverksmiðju, þar sem ríkið ætti 20% hlutafjár, en lyfsalar 80%. Um sama leyti og þetta mál var á döfinni kom til landsins að tilhlutan Apótekarafélags Íslands dr. Charles Summer og gerði hann „Case study“ á lyfjaiðnaðinum byggð á viðtölum við ýmsa kunnáttuaðila um þetta málefni. Komu þar fram ýmsar skoðanir varðandi lyfjaframleiðslu, en hér skal látið nægja að vísa til þeirra skýrslu, en er hún ekki birt hér hvorki í greinargerð nefndarinnar né sem fylgiskjal, enda er skýrsla dr. Summer afar viðamikil, en tekur enga eindregna afstöðu í málinu. Ekki fóru neinar formlegar viðræður fram svo kunnugt sé, milli Apótekarafélags Íslands og viðkomandi yfirvalda, en svar dóms- og kirkjumálaráðuneytisins við bréfi og bráðabirgðagreinargerð Apótekarafélags Íslands er dagsett 11. júní 1968.

Í svarinu er meðal annars tekið fram, að bæði dóms- og kirkjumálaráðuneytið og fjármálaráðuneytið voru reiðubúin, að athuga frekar tillögur, sem fram kynnu að koma af hálfu lyfsala, um að stofnsetja lyfjaverksmiðju, sem hefði möguleika til fullkominnar lyfjaframleiðslu og gæti að einhverju, eða að öllu leyti annað þörfum Lyfjaverzlunar ríkisins fyrir lyf, sem unnt er að framleiða innanlands.

III. Núverandi ástand lyfjaframleiðslu.

Ríkjandi ástand í lyfjaframleiðslu getur hvorki talizt svara til þess öryggis um gæði og eftirlit, sem gera verður, né heldur tryggja hagkvæmni í framleiðslu.

Framleiðendur eru bæði lyfjabúðir og lyfjagerðir þar með talin Lyfjaverzlun ríkisins (L.R.).

Segja má, að það sem telja megi meiriháttar lyfjaframleiðslu fari nú fram hjá a. m. k. 10 aðilum. Í velflestum tilvikum er þar um að ræða samskonar framleiðslu eftir sömu forskrifum löggiltrar lyfjaskrár eða öðrum forskriftum, nema að því er tekur til dreypilyfjaframleiðslu L. R. og annarrar sérstakrar framleiðslu þess fyrirtækis fyrir sjúkrahús. Oft má þá finna mismunandi útlit og gerð lyfs, sem ber sama heitið, en þar er um óstaðlaða framleiðslu að ræða og er sú framleiðsla þannig vafasöm bæði faglega og lagalega.

Lyfjaeftirlitið lét framkvæma í maímánuði 1972, rannsókn á tveim töflutegundum, sem framleiddar eru hér á landi. Var leitast við að ná sýnishornum frá öllum framleiðendum og úr öllum framleiðslulotum. Var niðurstaða mjög neikvæð samkvæmt upplýsingum eftirlitsins. Í öðru tilvikinu stóðust 15% sýna ekki kröfur um innihaldsmagn og var umbúðum mjög ábótavant. Hér var um að ræða lyf, sem er mjög viðkvæmt í geymslu. Í hinu tilvikinu stóðust 58% sýna ekki kröfur um innihaldsmagn, hreinleika efnis eða þungapróf (flest stóðust ekki kröfur um innihaldsmagn), 16% sýna sýndu vafasama niðurstöðu innihaldsmagns, þ. e. voru á mörkum leyfilegs innihaldsmagns, en 26% eða aðeins um fjórðungur sýna stóðst próf. Hér var um óstaðlað lyf að ræða og lék því mikill vafi á framleiðsluaðferð og nafngift lyfsins.

Ljóst er, að þessar niðurstöður lyfjaeftirlitsins eru íslenzkri lyfjaframleiðslu mjög óþægilegar og krefjast viðeigandi úrbóta. Á sama hátt liggur ljóst fyrir, að ákvæðum um rannsóknir á hráefnum og lyfjaframleiðslu hefur ekki verið fylgt eftir og eftirlit með lyfjaframleiðslustöðum hefur verið lítið.

Þeim kröfum, sem gerðar eru til lyfjaframleiðslu verður bezt lýst með því að vísa í gildandi samþykkt EFTA-ríkja um gagnkvæmt eftirlit með lyfjaframleiðslu, svo og grundvallarstaðla EFTA-ríkja um góða framleiðsluhætti. Taka ber fram að samningur sá, sem vísað er í, er opinn öðrum þjóðum en EFTA-þjóðum til staðfestingar. Má í því sambandi einnig geta þess, að hafin er mjög náin samvinna EFTA við Efnahagsbandalagið varðandi samræmdar kröfur um gæði lyfja og samræmi í eftirliti með framleiðslu lyfja. Einnig hafa fulltrúar Bandaríkjanna og Kanada tekið þátt í viðræðum um slíkar kröfur með það fyrir augum, að ná samræmi í öllum aðgerðum að þessu lútandi. Staðlar EFTA um góða framleiðsluhætti eru aðallega grundvallaðir á ályktun þings Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar (WHA 22.50 25. júlí 1969).

Samkvæmt þessum ákvæðum er gert ráð fyrir, að sá aðili, sem framkvæmir eftirlit og gæðamat sé óháður framleiðslunni. Þessi krafa um að sá, sem stundar framleiðslu eða hefur umsjón með framleiðslu megi ekki framkvæma eftirlit með eigin framleiðslu, nema einstakar athuganir á millistigum hennar, er mjög eðlileg frá öryggissjónarmiði. Aðili utan framleiðsludeildar verður þannig að samþykkja framleiðsluna á öllum stigum þ. e. allt frá gæðaprófun hráefnis og þar til lyfið er komið í endanlegar umbúðir með áletrun.

Er þannig ætlazt til, að starfræktar séu innan fyrirtækisins sjálfstæðar deildir, sem annizt prófun og eftirlit. Þó er gert ráð fyrir að nota megi þjónustu rannsóknar-

stofu utan fyrirtækisins, en í slíku tilviki ber framleiðanda að hafa hæfan mann til þess að bera ábyrgð á ákvæðum varðandi sendingu framleiðslu á markað.

Þessum ákvæðum er engan veginn fullnægt nú, nema hjá einu fyrirtæki, Pharmaco h.f., sem hinn 15. febrúar 1972 kom upp rannsóknastofu í þessu skyni.

Ljóst er, að hinir smærri framleiðendur hafa tæpast bolmagn til þess, að koma sér upp eigin rannsóknastofum. Auk þess yrði nýting margra rannsóknastofa mjög léleg. Rekstrarlegt óhagræði og aukinn tilkostnaður yrði líka samfara því, að annast þessar rannsóknir fyrir marga aðila á rannsóknarstofu utan fyrirtækjanna. Sem dæmi má nefna, að rannsóknastofa Pharmaco h.f. mun hafa kostað um 5 millj. króna og ætlað er, að hún mundi geta annað öllum lyfjarannsóknum öðrum en biologiskum í sambandi við hráefni, framleiðslu og lyfjaeftirlit a. m. k. næstu 5 ár, ef framleiðslulotur og hráefnakaup væru nægilega stór eða samsvarandi því, að öll lyfjaframleiðsla í landinu væri á einni hendi. Séu framleiðslulotur smáar, t. d. vegna þess að framleiðsla skiptist á marga staði eins og nú, yrði að taka svo mörg próf, að rannsóknastofan mundi tæpast nægja einu sinni fyrir núverandi framleiðslumagn.

Hið margskipta framleiðslukerfi, sem nú ríkir, heftir hagkvæmni. Með stærri framleiðslulotum má lækka tilkostnað í framleiðslunni og ná betri nýtingu á öllum framleiðsluþáttum, þar með talið rannsóknastofum, sbr. íhuganir hér að framan. Mælir þetta með því að framleiðslustöðum fækki og miðskipun aukizt.

Þess er áður getið að framleiðendur séu um 10 talsins. Flestir búa við mjög ófullkomna aðstöðu. Skal það ekki rakið nánar, en aðeins vikið að tveimur stærstu framleiðendunum.

Lyfjaverzlun ríkisins rekur lyfjagerð að Borgartúni 6. Framleiðsluaðstæður þar eru mjög slæmar og ekki til bóta nema í nýju húsnæði.

Lyfjaverzlun ríkisins hefur einkum skyldum að gegna við sjúkrahús og starf framleiðsludeilda fyrirtækisins því sniðið eftir þeim hætti.

Í Lyfjaverzlun ríkisins eru framleidd dreypilyf (infundibilia) innspýtingarlyf, töflur og ýmis önnur galenika einkum miðað við þarfir sjúkrahúsa og héraðslækna eins og áður greinir. Lyfjaverzlunin er eini dreypilyfjaframleiðandinn á landinu og fer með einkarétt Áfengis- og tóbaksverzlunar ríkisins að því er varðar vínanda til lyfja og vínandalyf.

Sérstök rannsóknadeild er ekki starfrækt hjá Lyfjaverzlun ríkisins.

Pharmaco h.f. er hlutafélag lyfsala og lyfjafræðinga og eru 20 af 31 lyfsala í landinu meðal hluthafa. Á undanförnum árum hefur fyrirtækið verið í örum vexti. Auk þeirrar rannsóknastofu, sem áður er getið, hafa framleiðsludeildir fyrirtækisins verið í uppbyggingu. Nýinnréttuð töfludeild er þar tekin til starfa, en stungulyfjadeild og deild fyrir aðra galenska lyfjagerð er í smíðum. Frá því að rannsóknastofan var stofnsett hafa þær lyfjavörur, sem Pharmaco h.f. framleiðir verið prófaðar eftir ströngustu kröfum.

Ljóst er að mikla fjármuni þarf til þess að endurbyggja bæði Lyfjaverzlun ríkisins og aðrar lyfjagerðir, til þess að framleiðsluaðstaða gæti orðið viðunandi.

Af þeim rökum, sem hér hafa verið rakin, er einsýnt að til þurfi að koma stærri framleiðslueiningar og færri en verið hefur.

Markmið lyfjaframleiðslunnar má draga saman á eftirfarandi hátt:

1. Að bæta framleiðsluhætti og þar með framleiðsluna, þannig að hún standist fyllstu kröfur á alþjóðamælikvarða.
2. Að gera framleiðsluna jafnframt hagfellda með stærri framleiðslulotum.
3. Að stunda grundvallar- og þróunarrannsóknir þannig að hérlendis verði framleidd sérlyf.

Þótt telja megi að framleiðslufyrirtækjum verði að fækka, er einkaréttur ekki æskilegur í þessu tilviki.

Verkefni innan lyfjaframleiðslu eru svo mörg og margvísleg, að ekki er rétt að binda hendur annarra aðila, sem áhuga hafa og getu til framleiðslu lyfja á góðan hátt og með hæfilegum kostnaði. Ýmsir möguleikar felast hér á landi í sérlyfjafram-

leiðslu samkvæmt leyfum (license) frá erlendum verksmiðjum og er vart ætlandi einum aðila að nýta þá möguleika, sem fyrir hendi yrðu.

Á hinn bóginn fullnægja flestar lyfjagerðir, sem nú eru starfræktar, ekki þeim kröfum, er gera verður og mundu hætta starfrækslu í samkeppni við öflugri fyrirtæki.

Ríkið hefur miklum skyldum að gegna í viðleitni til þess að efla innlenda framleiðslu. Liggja til þess bæði félagsleg sjónarmið og öryggissjónarmið svo og krafa um aukna hagkvæmni í rekstri til þess að lækka lyfjaverð. Ríkið hefur einnig frumskyldum að gegna við sjúkrastofnanir landsins og sú röksemd ein nægir til þess að styðja framangreint álit. Hlýtur ríkið því að láta málefni lyfjaframleiðslunnar mjög til sín taka og er eðlilegt að það sé þátttakandi í uppbyggingu hennar.

IV. Ýmsar athugasemdir.

Lyfjamálanefnd átti viðtöl við forsvarsmenn Apótekarafélags Íslands, Lyfjafræðingafélags Íslands og Pharmaco h.f. Létu þessir aðilar í ljós áhuga á miðskipun lyfjaframleiðslu. Í framhaldi af þessu sendi nefndin Pharmaco h.f. og Apótekarafélagi Íslands skrifleg erindi þar sem óskað var eftir viðhorfum þessara aðila til stofnunar sameiginlegs fyrirtækis lyfsala og ríkisins, sem ríkið ætti meirihluta í eða minnst 51% og stjórnaraðild væri í samræmi við það. Pharmaco h.f. vísaði m. a. til bráðabirgðagreinargerðar undirbúningsnefndar Apótekarafélags Íslands frá 1967, þar sem gert er ráð fyrir að ríkið ætti 20% hlutafjár.

Í svarbréfi Apótekarafélags Íslands fólust jákvæðar undirtektir, en tekið fram „... að algert skilyrði slíkrar félagsstofnunar yrði að vera, að enginn einstakur aðili eignist meirihluta í félaginu, þannig að tryggð sé á hverjum tíma lýðræðisleg stjórn félagsins".

Þannig er ljóst, að lyfsalar, sem eru ásamt ríkinu þeir einu sem fást við lyfjaframleiðslu hérlendis, hafa enn áhuga á samstarfi við ríkið, þótt skilyrði séu af þeirra hálfu sett.

Eigi þannig að vera um samvinnu þessara aðila í formi sameiginlegs fyrirtækis að ræða, yrðu eignarflutföll og stjórnarhlutföll að líkindum eini veigamikli þátturinn, sem valda mundi ágreiningi.

Með þessu frumvarpi er farið bil beggja, þannig að ríkið eigi helming í sameiginlegu fyrirtæki en lyfsalar og e. t. v. lyfjafræðingar hinn eignarhelminginn. Er gert ráð fyrir að hlutföll aðila í stjórn yrðu jöfn, tveir stjórnarmenn frá hvorum aðila. Fimmta stjórnarmanninn skyldu aðilar svo skipa sameiginlega og ætti hann að vera lyfjafræðingur, en hann mætti ekki hafa hagsmuna að gæta í lyfjaframleiðslu né lyfsölu. Er gert ráð fyrir að kennsludeild í lyfjafræði lyfsala við Háskóla Íslands skipi þennan oddamann, ef ekki yrði samkomulag milli aðila. Telur nefndin þann aðila hæfastan til að tilnefna hlutlausan fagmann.

Ekki verður fullyrt að aðilar geti náð samstöðu um þá hugmynd, sem felst í þessari tillögu. Á hinn bóginn fjallar 12. gr. um það, að náist ekki samningar um sameiginlegt fyrirtæki þessara aðila, skuli ríkið stofna og starfrækja eigin lyfjaverksmiðju sem deild í Lyfjastofnun ríkisins.

Ýmis vandkvæði eru á því, að tryggja fyllilega hagsmuni ríkisins í fyrirtæki, sem það á ekki að meirihluta og á þetta einkum við varðandi þjónustu við sjúkrahúsin. Þetta má tryggja með skuldbindandi samningum varðandi flest atriði, en hins vegar er eðlilegt, að ríkið hafi full yfirráð yfir þeim þætti lyfjaframleiðslunnar, er miðast við sjúkrahúsin.

Lyfjagerð sjúkrahúsa mætti þá reka undir yfirstjórn ríkisspítalanna. Hún ætti að framleiða dreypilyf, sótthreinsunarlyf og enn fremur ýmis lyf og efni, sem eru sérstaklega tilreidd fyrir sjúkrahús. Þá ætti hún að hafa einhverja aðstöðu til töflugerðar, einkum vegna tilraunaframleiðslu á sérstökum töflum í litlu magni.

Önnur framleiðsla yrði í hinu sameiginlega fyrirtæki. Yrði það einkum sniðið að þörfum apótekanna, en hefði auk þess t. d. a. m. k. mikinn hluta töflufram-leiðslu til sjúkrahúsa þar sem koma má við verksmiðjuháttum í framleiðslu.

Þessi verkaskipting er að ýmsu leyti eðlileg. Yrði þá annars vegar sérhæfð sjúkra-húsaframleiðsla, sem ekki gæti talizt á verksmiðjuskala nema varðandi dreypilyf og hins vegar sérhæfð verksmiðjuframleiðsla.

Með þessu móti yrði heldur ekki um tvískiptingu á sömu framleiðslu að ræða, þar eð starfssvið yrðu skipt. Í þessu fælist hins vegar nokkuð aukið öryggi.

Varðandi verksmiðjuframleiðsluna, sem einkum miðast við þarfir apóteka, er á margan hátt eðlilegt að ríkið eignist þar aðild og áhrif og þá ekki síst þ. e. innspýt-inga- og töfluframleiðsla til sjúkrahúsa yrði að miklu leyti falin því fyrirtæki, enda æskilegt að ríkið stuðli að örri og markvissri uppbyggingu fyrirtækis af þessu tagi, til þess að auka veg lyfjagerðar í landinu.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í þessari grein er heimildarákvæði um stofnaðild ríkisins að lyfjaframleiðslu-fyrirtæki ásamt lyfsölum og lyfjafræðingum og jafnframt er réttarstaða þess skýrð. Gert er ráð fyrir, að væntanlegur samningur milli þessara aðila kveði nánar á um allt fyrirkomulag fyrirtækisins og er það því ekki skýrt nánar í þessu frumvarpi.

Um 2. gr.

Í þessari grein er m. a. sett skilyrði um eignarhlutföll aðila.

Um 3. gr.

Tilgangssetningar. Fyrsta tilgangssetning þýðir að fyrirtækið skuli annast meiri-háttar lyfjaframleiðslu, þ. e. framleiðslu á innspýtingarlyfjum, töflum, augndropum og fleiru eftir þeim forskriftarbókum, sem löggiltar eru hér á landi. Önnur framleiðsla en sú, sem getið er um í fyrstu tilgangssetningu mundi falla undir skilgreiningu sér-lyfja og er gert ráð fyrir grundvallar- og þróunarrannsóknum m. a. í því augna-miði að framleiða hérlendis sérlyf fyrir innlendan og jafnvel erlendan markað.

Um 4. gr.

Í þessari grein er fjallað um skipun stjórnarmanna. Gert er ráð fyrir að heil-brigðisráðherra skipi 2 og lyfsalar (og lyfjafræðingar) 2 stjórnarmenn. Þá er gert ráð fyrir að aðilar skipi sameiginlega 5. manninn, en ef ekki næst samkomulag sé hann skipaður af kennsludeild í lyfjafræði lyfsala við Háskóla Íslands.

Oddamaður skal vera lyfjafræðingur að mennt og má ekki hafa hagsmuna að gæta í lyfjaframleiðslu eða lyfsölu. Gert er ráð fyrir að stjórnin kjósi sjálf formann og varaformann.

Um 5. gr.

Með þessari grein er gert ráð fyrir að framkvæmdastjóri sé lyfjafræðingur að mennt.

Um 6. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 7. gr.

Hér er um að ræða ákvæði um áhrif starfsmanna á rekstur stofnunarinnar og tengsl þeirra við stjórn og stjórnendur.

Um 8. gr.

Ekki þykir rétt að afmarka deildaskiptingu með lögum. Frumskilyrði er þó að sérstök rannsókna- og þróunardeild, er framkvæmi gæðapróf, sé starfandi, og sé

hún ákvarðandi aðili innan fyrirtækisins um gæði hráefna og lyfja á öllum stigum framleiðslunnar.

Aðrar deildir yrðu starfandi allt eftir stærð og eðli verkefna.

Um 9. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 10. gr.

Greinin fjallar um skyldur fyrirtækisins. Í fyrstu málsgrein felst mjög yfirgripsmikil skylda um að framleiða lyf, sem eftirspurn er eftir og eru skráð í löggiltri lyfjaskrá eða löggiltum lyfseðlasöfnum og forskriftum.

Í annari málsgrein er ákvæði um stöðlun umbúða og í 3. málsgr. eru fyrirmæli um góða framleiðsluhætti.

Um 11. gr.

Greinin fjallar um verðlagningu framleiðslunnar. Gert er ráð fyrir að þróunarkostnaður þ. e. kostnaður við grundvallarrannsóknir og uppbyggingu sé tekinn inn í framleiðsluverðið. Verðlagning fyrirtækisins skal staðfest af heilbrigðisráðherra og framleiðslan seld af Lyfjastofnun ríkisins.

Um 12. gr.

Þessi grein tekur tillit til þeirrar stöðu ef samkomulag verður ekki milli ríkisins annars vegar og lyfsala og lyfjafræðinga hins vegar. Er ríkinu þá heimilt að starfrækja lyfjaframleiðslufyrirtæki sem deild í Lyfjastofnun ríkisins og með sérstökum framkvæmdastjóra.

Um 13. gr.

Þessi grein fjallar um almennar kröfur til lyfjaframleiðslufyrirtækja. Til að starfrækja lyfjaframleiðslufyrirtæki þarf leyfi ráðherra, sem fær umsögn lyfjaeftirlitsins.

Kröfur um stjórn framleiðslunnar, framleiðsluhætti og gæðapróf eru í samræmi við grundvallarstaðla um góða framleiðsluhætti og hliðstæðar þeim kröfum, sem gerðar eru til lyfjaframleiðslufyrirtækis sbr. 1.—12. gr.

Gera má ráð fyrir að nota megi þjónustu rannsóknastofu utan fyrirtækis, en þá ber framleiðanda að hafa hæfan mann til að bera ábyrgð á ákvæðum varðandi sendingu framleiðslu á markað.

Gert er ráð fyrir að um leyfisveitingar fyrir sérstök lyfjaform eða lyf geti verið að ræða t. d. eingöngu töflur almennt eða ákveðnar töflutegundir.

Framleiðsla lyfjabúða er að sjálfsögðu háð ákvæðum um gæðamat, en réttur þeirra til lyfjaframleiðslu fylgir ákvæðum um rekstur lyfjabúða, enda uppfylli þau skilyrði um framleiðsluaðstæður eins og þau eru á hverjum tíma fyrir hvert einstakt lyfjaform.

Um 14. gr.

Í þessari grein felst heimild til að selja framleiðslu undir sérheiti t. d. ef um óþjált nafn er að ræða. Þá er gert að skyldu að hið latneska heiti samkvæmt forskrift sé ávallt á merkimiða lyfs.

Þá felst einnig í greininni heimild til að prenta notkunarreglur eða aðrar leiðbeiningar á merkimiða lyfs, til hagræðis og öryggis fyrir neytendur, ef sérstakar ástæður mæla með því.

Um 15. gr.

Vísað er til ákvæða löggjafar um sérlyf að því er varðar skráningu, skilgreiningar og fleira.

Um 16. og 17. grein.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

5. KAFLI ÚR SKÝRSLU LYFJAMÁLANEFNDAR 3. NÓV. 1972.

Almenn sjónarmið nefndarinnar um smásöluverzlun með lyf.

5.1. Með vísan til þess sjónarmiðs nefndarinnar, sem fram kemur í 2. kafla lið 2.2 og víðar, að hún telji það óhjákvæmilegt, að í þessari skýrslu komi fram grundvallarskoðanir hennar, að því er varðar smásöluverzlun með lyf, vill lyfjamálanefnd taka fram eftirfarandi og telst það skoðun hennar í stórum dráttum að því er varðar skipulag þessa málaflokks.

5.2. Nefndin hefur einkum í huga, að:

1. Tryggja staðsetningu lyfjabúða í samræmi við áætlun um almenna heilsugæzlu héraða. Í því sambandi er sérstaklega til athugunar að skipta landinu í lyfsölusvæði í fullu samræmi við læknishéraðaskipan í landinu. Hefur nefndin í huga frumvarp til laga um heilbrigðisþjónustu, sem lagt var fyrir Alþingi á vorþingi 1972.

   Hverju lyfsölusvæði yrði skipt í umdæmi, sem hver lyfjabúð skuli gegna og skal gert ráð fyrir undirstofnunum frá lyfjabúðum í tveim gerðum, þ. e. lyfjaútibú og lyfjaforði.

   a. **Lyfjabúðir** skulu að jafnaði vera á stöðum þar sem eru heilsugæzlustöðvar. Sé ekki lyfjabúð á slíkum stað skal vera lyfjaútibú í heilsugæzlustöð.

   b. **Lyfjaútibú** sé í þéttbýlli byggðakjörnum. Venjulegur verzlunartími gildi fyrir sölu lausasölulyfja, hjúkrunar- og sjúkragagna og enn fremur séu ákveðnir afgreiðslutímar á lyfseðlum, allt eftir hvernig læknisþjónustu viðkomandi staðar sé háttað.

   c. **Lyfjaforði** skuli vera í byggðakjörnum með íbúafjölda t. d. innan við 400 manns. Lyfjaforða sé gætt af umboðsmanni og sé í honum helztu lausasölu-lyf, hjúkrunar- og sjúkragögn, enn fremur nauðlyfjaforði lyfseðilsskyldra lyfja, sem umboðsmaður afhendir úr samkvæmt tilvísun læknis.

2. Með því að hafa lyfjabúðaþjónustuna í svo nánum tengslum við heilsugæzlustöðvar héraða, má ætla að skapist tengsl við heilbrigðisþjónustuna, sem verulega hefur skort á hingað til. Nefndin telur að með slíku fyrirkomulagi taki lyfsalar við, að gegna umdæmum, og lyfjasala héraðslækna í núverandi mynd falli að mestu niður.

3. Til þess að gera kleift að veita dreifbýlli héruðum landsins viðunandi þjónustu á þessu sviði þarf aukið starfslið og betur menntað aðstoðarfólk í þjónustu lyfjabúða. Til þessa tíma hafa lyfjabúðir utan stærstu kaupstaða landsins verið svo verkefnalitlar á hinu faglega sviði, að ekki hefur verið raunhæft að ætla, að þær hefðu lyfjafræðingsvinnukraft umfram sjálfan lysalann. Með stækkuðu umdæmi er þessa þó strax kostur, en þess ber þó að gæta að lítið framboð er nú á lyfjafræðingum og aðstoðarlyfjafræðingum.

   Meðal annars til að mæta þörfum dreifbýlis við rekstur lyfjaútibúa og lyfjaforða, þarf að dómi nefndarinnar að tæknimennta aðstoðarfólk við lyfjaafgreiðslu. Heimild er í gildandi lyfsölulögum fyrir setningu reglugerðar, um nám, próf og starfsréttindi, aðstoðarfólks við lyfjagerð, annars en aðstoðarlyfjafræðinga, sbr. og lög um tæknimenntaðar heilbrigðisstéttir nr. 64/1971. Nefndinni er kunnugt um að slík reglugerð er í undirbúningi í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu og fagnar hún því.

4. Annað meiriháttar nýmæli, sem nefndin hefur haft í huga varðandi rekstur lyfjabúða, er að koma á fót stofnlána- og jöfnunarsjóði lyfjabúða.

Hlutverk hans skulu vera:

a. Að greiða fyrir með lánum við nýstofnun, eigendaskipti, nýbúnað og breytingar lyfjabúða.

b. Að styrkja í undantekningartilvikum lyfjabúð, sem af eðlilegum orsökum skilar leyfishafa ekki lágmarkslaunum lyfsala.

c. Að annast framkvæmdir, er heilbrigðisyfirvöld hafa ákveðið að flytja eða leggja niður lyfjabúð.

Tekna til sjóðsins yrði að jafnaði aflað með iðgjaldagreiðslum lyfjabúða.

5.3. Á þessu stigi telur nefndin sér ekki fært að koma með ítarlegri tillögur á þessu sviði. Hún mun vinna að slíkri tillögugerð í framhaldi af þessari skýrslu og væntanlega getað skilað endanlegum tillögum að þessu lútandi innan fjögurra mánaða.

Nd. 310. Frumvarp til laga [169. mál]

um heilbrigðisþjónustu.

(Lagt fyrir Alþingi á 93. löggjafarþingi, 1972—1973).

1. gr.

1.1. Allir landsmenn skulu eiga kost á fullkomnustu heilbrigðisþjónustu, sem á hverjum tíma eru tök á að veita til verndar andlegri, líkamlegri og félagslegri heilbrigði.

1.2. Heilbrigðisþjónusta tekur til hvers kyns heilsugæzlu, heilbrigðiseftirlits, læknisgarannsókna, lækninga í sjúkrahúsum og endurhæfingarstarfs.

1.3. Ráðherra heilbrigðis- og tryggingamála sér um, að heilbrigðisþjónusta sé eins góð og þekking og reynsla leyfir og í samræmi við lög og reglugerðir.

I. KAFLI

Yfirstjórn.

2. gr.

2.1. Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið fer með yfirstjórn heilbrigðismála.

2.2. Ráðuneytisstjóri stýrir ráðuneytinu undir yfirstjórn ráðherra. Hann skal vera sérmenntaður embættislæknir eða hafa menntun í félagslækningum og heilbrigðisfræðum, sem telst jafngild.

3. gr.

3.1. Landlæknir er ráðunautur ráðherra og ríkisstjórnar um allt, er varðar heilbrigðismál, og annast framkvæmd tiltekinna málaflokka f. h. ráðherra samkvæmt lögum, reglum og venjum, er þar um gilda. Hann hefur eftirlit með starfi og starfsaðstöðu heilbrigðisstétta.

3.2. Forseti skipar landlækni. Hann skal vera sérmenntaður embættislæknir eða hafa jafngilda menntun til starfsins.

4. gr.

4.1. Ráðuneytið annast framkvæmd mála fyrir hönd ráðherra og hefur eftirlit með því, að lögum og reglugerðum um framkvæmd heilbrigðismála sé framfylgt.

5. gr.

5.1. Ráðherra skal setja á stofn ráðgjafarnefnd um heilbrigðis- og almannatryggingamál: Heilbrigðisráð Íslands. Ráðuneytisstjóri er formaður ráðsins, en þessir aðilar tilnefna menn í það: læknadeild Háskóla Íslands, Læknafélag Íslands, Tannlæknafélag Íslands, Hjúkrunarfélag Íslands, Samband ísl. sveitarfélaga,

tryggingaráð og stjórn atvinnuleysistryggingasjóðs. Samtök heilbrigðisstétta tilnefni 2 menn í ráðið og ráðherra skipar 3 menn án tilnefningar.

5.2. Skipun í ráðið er til þriggja ára. Í fyrsta sinn skal þó skipa 6 fyrsttöldu til fjögurra ára.

5.3. Ráðið er ráðgjafar- og umsagnaraðili um heilbrigðis- og almannatryggingamál. Heimilt er að skipta ráðinu í deildir eftir sérverkefnum. Ráðið setur sér starfsreglur, sem ráðherra staðfestir.

6. gr.

6.1. Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið skiptist í starfsdeildir í samræmi við ákvörðun ráðherra hverju sinni, en jafnan skal fylgt eftirfarandi heildarskiptingu málefna:

1. Sjúkrahúsmál og heilsugæzla.
2. Heilbrigðiseftirlit.
3. Lyfjamál.
4. Tryggingamál.
5. Áætlanir, rannsókn, skýrslugerð.

6.2. Sérmenntað starfslið skal ráða til að veita forustu heildarstarfsemi og annað starfslið eftir ákvörðun ráðherra.

II. KAFLI
Um læknishéruð.

7. gr.

7.1. Á Íslandi skulu vera læknishéruð svo sem hér greinir:

1. **Reykjavíkurhérað** tekur yfir lögsagnarumdæmi Reykjavíkur og Seltjarnarneshrepp. Aðsetur héraðslæknis í Reykjavík.
2. **Suður- og Vesturlandshérað** tekur yfir svæðið frá Skeiðará að Kollafirði á Barðaströnd. Aðsetur héraðslæknis í Hafnarfirði.
3. **Vestfjarðahérað** tekur yfir svæðið frá Kollafirði að Geirólfsgnúpi á Ströndum. Aðsetur héraðslæknis á Ísafirði.
4. **Norðurlandshérað** tekur yfir svæðið frá Geirólfsgnúpi á Ströndum að Kollumúla. Aðsetur héraðslæknis á Akureyri.
5. **Austurlandshérað** tekur yfir svæðið frá Kollumúla að Skeiðará. Aðsetur héraðslæknis á Egilsstöðum.

8. gr.

8.1. Héraðslæknar skulu vera sérmenntaðir embættislæknar eða hafa menntun í félagslækningum og heilbrigðisfræðum, sem telst jafngild.

8.2. Þeir eru skipaðir í embætti af forseta að fenginni umsögn nefndar, sbr. 34. gr.

9. gr.

9.1. Héraðslæknar annast embættisstörf hver í sínu héraði undir umsjá landlæknis og í samvinnu við viðkomandi deildir ráðuneytis. Landlæknir skipuleggur skýrslugerðir héraðslækna, annarra lækna og heilbrigðisstofnana, innheimtir fyrirskipaðar skýrslur frá þessum aðilum og annast útgáfu heilbrigðisskýrslna landsins í samvinnu við viðkomandi deildir ráðuneytisins. Héraðslæknar hafa ekki skyldu til almennra læknisstarfa, nema svo sé fyrir mælt í skipunarbréfi, en heimild hafa þeir til slíkra starfa, ef sérstaklega stendur á og leyfi landlæknis kemur til.

10. gr.

10.1. Héraðslæknir sér um, að framfylgt sé lögum og reglum um heilbrigðismál í héraðinu. Hann hefur í héraðinu yfirumsjón með öllu heilbrigðisstarfi í umboði ráðuneytis, bæði á sjúkrahúsum, heilsugæzlustöðvum og annars staðar, þar sem

slíkt starf fer fram. Hann annast samræmingu heilbrigðisstarfa í héraðinu og er ráðunautur ríkisvaldsins um öll heilbrigðismál héraðsins.

10.2. Ráðherra setur héraðslæknum erindisbréf, þar sem nánar er kveðið á um störf þeirra, réttindi og skyldur.

11. gr.

11.1. Kostnaður við embætti héraðslækna skal greiddur úr ríkissjóði.

11.2. Þeim skal tryggð starfsaðstaða fyrir sig og starfslið sitt á heilsugæzlustöð, þar sem þeir hafa aðsetur, og þeir skulu eiga kost á embættisbústað.

11.3. Ráðherra setur með reglugerð ákvæði um starfsaðstöðu og starfslið héraðslækna.

12. gr.

12.1. Héraðslæknar taka laun eftir launakerfi opinberra starfsmanna. Þeir skulu eiga rétt á staðaruppbót, þannig að laun þeirra séu á hverjum tíma í samræmi við laun lækna við sjúkrahús og heilsugæzlustöðvar.

13. gr.

13.1. Héraðslæknar skulu eiga rétt á 6 vikna leyfi annað hvert ár til rannsóknarstarfa og námsferða. Í slíku leyfi skulu þeir halda fullum launum og staðgengill vera launaður úr ríkissjóði. Þeir skulu og eiga rétt á að fá greiddan kostnað vegna ferða og námsdvalar á sama hátt og gildir um ferðir ríkisstarfsmanna erlendis og dvöl þeirra þar.

13.2. Læknaþing erlend og innlend skulu héraðslæknar sækja í samráði við landlækni og þá á kostnað ríkisins.

III. KAFLI
Um heilsugæzlu.

14. gr.

14.1. Heilsugæzla merkir í þessum lögum heilsuverndarstarf og allt lækningastarf, sem unnið er vegna heilbrigðra og sjúkra, sem ekki dveljast í sjúkrahúsum.

15. gr.

15.1. Setja skal á stofn heilsugæzlustöðvar til þess að annast heilsugæzlu samkvæmt lögum þessum.

15.2. Þar sem aðstæður leyfa, skal heilsugæzlustöð vera í starfstengslum við sjúkrahús og þá ávallt rekin sem hluti af því, og í sömu byggingu, sé þess kostur.

15.3. Þar sem sjúkrahús er fyrir og afráðið er, að stofna skuli heilsugæzlustöð, skal byggja stöðina í starfstengslum við sjúkrahúsið, þannig að þjónustudeildir og starfslið nýtist fyrir hvort tveggja.

15.4. Þar sem afráðið verður samkvæmt lögum þessum að reisa heilsugæzlustöð og ekki er sjúkrahús á staðnum fyrir, skal kanna þörf héraðsins (umdæmisins) fyrir sjúkrahús, sbr. 36. gr., og hvort þörf sé fullnægt, einkum hvað viðvíkur hjúkrunarheimilum, og haga framkvæmdum í samræmi við það.

16. gr.

16.1. Heilsugæzlustöðvar geta verið með tvennu móti: Heilsugæzlustöð I (H 1) þar sem starfar einn læknir hið minnsta og annað starfslið samkvæmt reglugerð sbr. grein 22.2, svo og heilsugæzlustöð II (H 2) þar sem starfa 2 læknar hið minnsta ásamt öðru starfsliði samkvæmt reglugerð.

16.2. Starfslið heilsugæzlustöðvar getur að hluta verið sameiginlegt með annarri heilbrigðisstofnun í starfstengslum við stöðina.

16.3. Lyfjaútibú eða lyfjaútsala samkv. 43. og 44. gr. lyfsölulaga eða lyfjasala undir stjórn lækna stöðvarinnar skal jafnan vera á heilsugæzlustöð, ef lyfjabúð er ekki á staðnum.

17. gr.

17.1. Heilsugæzlustöðvar ein eða fleiri skulu vera í héruðum skv. 7. gr. Héruðum skal skipt í heilsugæzluumdæmi og skulu stöðvar innan sama umdæmis hafa samstarf og veita hver annarri aðstoð og þjónustu eftir því, sem við verður komið. Heilsugæzluumdæmi og heilsugæzlustöðvar skulu vera í héruðum svo sem hér greinir:

17.2. **Reykjavíkurhérað.**

1. Í Reykjavík, H 2, starfssvæði Reykjavík og Seltjarnarneshreppur.

17.3. **Suður- og Vesturlandshérað.**

1. **Víkurumdæmi.**
   a) Vík í Mýrdal, H 1, starfssvæði Hvammshreppur, Dyrhólahreppur og Austur-Eyjafjallahreppur.
   b) Kirkjubæjarklaustur H 1, starfssvæði Hörgslandshreppur, Kirkjubæjarhreppur, Skaftártunguhreppur, Leiðvallahreppur og Álftavershreppur.
2. **Hvolsvallarumdæmi,** H 2 á Hvolsvelli, starfssvæði Vestur-Eyjafjallahreppur, Austur-Landeyjahreppur, Vestur-Landeyjahreppur, Fljótshlíðarhreppur, Hvolhreppur, Rangárvallahreppur, Landmannahreppur, Holtahreppur, Ásahreppur og Djúpárhreppur.
3. **Selfossumdæmi.**
   a) Laugarás H 2, starfssvæði Gnúpverjahreppur, Hrunamannahreppur, Skeiðahreppur, Biskupstungnahreppur, Laugardalshreppur og Grímsneshreppur.
   b) Selfoss H 2, starfssvæði Villingaholtshreppur, Hraungerðishreppur, Gaulverjabæjarhreppur, Sandvíkurhreppur, Selfosshreppur, Grafningshreppur, Stokkseyrarhreppur, Eyrarbakkahreppur, Ölfushreppur, Hveragerðishreppur og Selvogshreppur.
4. **Vestmannaeyjaumdæmi.** Vestmannaeyjar H 2, starfssvæði Vestmannaeyjar.
5. **Keflavíkurumdæmi.** Keflavík H 2, starfssvæði Keflavíkurkaupstaður, Njarðvíkurhreppur, Gerðahreppur, Miðneshreppur, Hafnahreppur, Grindavíkurhreppur og Vatnsleysustrandarhreppur.
6. **Hafnarfjarðarumdæmi.** Hafnarfjörður H 2, starfssvæði Hafnarfjarðarkaupstaður, Garðahreppur og Bessastaðahreppur.
7. **Kópavogsumdæmi.** Kópavogur H 2, starfssvæði Kópavogskaupstaður.
8. **Álafossumdæmi.** Reykjalundur H 2, starfssvæði Þingvallahreppur, Mosfellshreppur, Kjalarneshreppur og Kjósarhreppur.
9. **Akranesumdæmi.** Akranes H 2, starfssvæði Akraneskaupstaður, Hvalfjarðarstrandarhreppur, Skilmannahreppur, Innri-Akraneshreppur og Leirár- og Melahreppur.
10. **Borgarnesumdæmi.** Borgarnes H 2, starfssvæði Andakílshreppur, Skorradalshreppur, Lundarreykjadalshreppur, Reykholtsdalshreppur, Hálsahreppur, Hvítársíðuhreppur, Þverárhlíðarhreppur, Norðurárdalshreppur, Stafholtstungnahreppur, Borgarhreppur, Borgarneshreppur, Álftaneshreppur, Hraunhreppur, Kolbeinsstaðahreppur og Eyjahreppur.
11. **Ólafsvíkurumdæmi.** Ólafsvík H 2, starfssvæði, Staðarsveit, Breiðuvíkurhreppur, Neshreppur, Ólafsvíkurhreppur og Fróðárhreppur.
12. **Stykkishólmsumdæmi.**
   a) Stykkishólmi H 2, starfssvæði Miklaholtshreppur, Eyrarsveit, Helgafellssveit, Stykkishólmshreppur, Skógarstrandarhreppur og Flateyjarhreppur.

b) Búðardal H 1, starfssvæði Hörðudalshreppur, Miðdalahreppur, Haukadalshreppur, Laxárdalshreppur, Hvammshreppur, Fellsstandarhreppur, Klofningshreppur, Skarðshreppur, Saurbæjarhreppur, Geiradalshreppur, Reykhólahreppur og Gufudalshreppur.

17.4. **Vestfjarðahérað.**

1. **Patreksfjarðarumdæmi.** Patreksfjörður H 2, starfssvæði Patrekshreppur, Tálknafjarðarhreppur, Ketildalahreppur, Suðurfjarðahreppur, Múlahreppur, Barðastrandarhreppur og Rauðasandshreppur.
2. **Ísafjarðarumdæmi.**
   a) Ísafjörður H 2, starfssvæði Ísafjarðarkaupstaður, Súðavíkurhreppur, Ögurhreppur, Reykjarfjarðarhreppur, Nauteyrarhreppur, Snæfjallahreppur og Suðureyrarhreppur.
   b) Á Þingeyri, H 1, starfssvæði Þingeyrarhreppur, Mýrahreppur og Auðkúluhreppur.
   c) Flateyri H 1, starfssvæði Mosvallahreppur og Flateyrarhreppur.
   d) Í Bolungarvík, H 1, starfssvæði Hólshreppur.

17.5. **Norðurlandshérað.**

1. **Hvammstangaumdæmi.**
   a) Í Hólmavík H 1, starfssvæði Kaldrananeshreppur, Hrófbergshreppur, Hólmavíkurhreppur, Kirkjubólshreppur, Fellshreppur, Óspakseyrarhreppur og Árneshreppur.
   b) Hvammstanga H 2, starfssvæði Bæjarhreppur, Staðarhreppur, Fremri-Torfustaðahreppur, Ytri-Torfustaðahreppur, Hvammstangahreppur, Kirkjuhvammshreppur, Þverárhreppur og Þorkelshólshreppur.
2. **Blönduósumdæmi.** Blönduós H 2, starfssvæði Áshreppur, Sveinstaðahreppur, Torfulækjarhreppur, Blönduóshreppur, Svínavatnshreppur, Bólstaðarhlíðarhreppur, Engihlíðarhreppur, Vindhælishreppur, Höfðahreppur og Skagahreppur
3. **Sauðárkróksumdæmi.** Sauðárkróki H 2, starfssvæði Sauðárkrókur, Skefilsstaðahreppur, Skarðshreppur, Staðarhreppur, Seyluhreppur, Lýtingsstaðahreppur, Akrahreppur, Rípurhreppur, Viðvíkurhreppur, Hólahreppur, Hofshreppur, Hofsóshreppur og Fellshreppur.
4. **Siglufjarðarumdæmi.** Siglufirði H 2, starfssvæði Siglufjörður, Haganeshreppur og Holtshreppur.
5. **Dalvíkurumdæmi.**
   a) Á Ólafsfirði H 1, starfssvæði Ólafsfjarðarkaupstaður.
   b) Á Dalvík H 2, starfssvæði Hríseyjarhreppur, Dalvíkurhreppur, Svarfaðardalshreppur og Árskógshreppur.
6. **Akureyrarumdæmi.** Akureyri H 2, starfssvæði Akureyrarkaupstaður, Arnarneshreppur, Skriðuhreppur, Öxnadalshreppur, Glæsibæjarhreppur, Hrafnagilshreppur, Saurbæjarhreppur, Öngulsstaðahreppur, Svalbarðsstrandarhreppur, Grýtubakkahreppur, Hálshreppur og Grímseyjarhreppur.
7. **Húsavíkurumdæmi.** Húsavík H 2, starfssvæði Ljósavatnshreppur, Bárðdælahreppur, Skútustaðahreppur, Reykdælahreppur, Aðaldælahreppur, Reykjahreppur, Húsavíkurkaupstaður, Tjörneshreppur, Kelduneshreppur, Öxarfjarðarhreppur, Fjallahreppur og Presthólahreppur.
8. **Þórshafnarumdæmi.**
   a) Á Þórshöfn H 2, starfssvæði Raufarhafnarhreppur, Skeggjastaðahreppur, Sauðaneshreppur, Þórshafnarhreppur og Svalbarðshreppur.
   b) Á Vopnafirði H 1, starfssvæði Vopnafjarðarhreppur.

17.6. **Austurlandshérað.**

1. **Egilsstaðaumdæmi.**
   a) Á Egilsstöðum H 2, starfssvæði Hlíðarhreppur, Jökuldalshreppur, Eiðahreppur, Vallahreppur, Egilsstaðahreppur, Skriðudalshreppur, Hjaltastaðahreppur, Borgarfjarðarhreppur, Loðmundarfjarðarhreppur, Tunguhreppur, Fellahreppur og Fljótsdalshreppur.
   b) Á Seyðisfirði H 1, starfssvæði Seyðisfjarðarhreppur og Seyðisfjarðarkaupstaður.
2. **Norðfjarðarumdæmi.**
   a) Í Neskaupstað H 2, starfssvæði Neskaupstaður, Mjóafjarðarhreppur og Norðfjarðarhreppur.
   b) Á Eskifirði H 1, starfssvæði Helgustaðahreppur, Eskifjarðarhreppur og Reyðarfjarðarhreppur.
   c) Á Fáskrúðsfirði H 1, starfssvæði Fáskrúðsfjarðarhreppur, Búðahreppur og Stöðvarhreppur.
3. **Hafnarumdæmi.**
   a) Á Djúpavogi H 1, starfssvæði Beruneshreppur, Búlandshreppur, Geithellnahreppur og Breiðdalshreppur.
   b) Á Höfn í Hornafirði H 2, starfssvæði Bæjarhreppur, Hafnarhreppur, Nesjahreppur, Mýrahreppur, Borgarhafnarhreppur og Hofshreppur.

18. gr.

18.1. Flokkun stöðva samkvæmt 17. grein er ráðherra heimilt að breyta með reglugerð, ef aðstæður breytast svo að þess sé talin þörf.

19. gr.

19.1. Þrátt fyrir skiptingu landsins milli heilsugæzlustöðva, svo sem rakið er í 17. gr., skulu íbúar einstakra sveitarfélaga og byggðarlaga jafnan eiga rétt á að leita læknishjálpar til þeirrar heilsugæzlustöðvar eða læknismóttöku, sem þeir eiga auðveldast með að ná til hverju sinni.

20. gr.

20.1. Ráða skal héraðshjúkrunarkonur til starfa með héraðslæknum, sbr. 7. gr. — Héraðshjúkrunarkonur skulu hafa yfirumsjón með hjúkrunarstarfi í héraðinu í samráði við héraðslækni og hjúkrunarstjóra ráðuneytisins.

20.2. Ráða skal heilsugæzluhjúkrunarkonur til starfa við heilsugæzlustöðvar í samráði við héraðslækni og héraðshjúkrunarkonu, sbr. 22.2. gr.

20.3. Allar hjúkrunarkonur, sem hér um ræðir, skulu skipaðar af ráðherra og taka laun úr ríkissjóði.

20.4. Stefnt skal að því, að héraðshjúkrunarkonur hafi sérmenntun í heilsuvernd og stjórnunarstörfum á sviði hjúkrunar og að heilsugæzluhjúkrunarkonur á heilsugæzlustöðvum hafi sérmenntun í heilsuverndarstarfi, fæðingarfræði eða starfi hjúkrunarkonu á göngu- og slysadeildum.

21. gr.

21.1. Kostnaður við byggingu og búnað heilsugæzlustöðva svo og vegna aðstöðu til móttöku sjúklinga utan stöðva greiðist að 85% úr ríkissjóði, en að 15% af viðkomandi sveitarfélögum.

21.2. Íbúðarhúsnæði lækna og hjúkrunarkvenna stöðvanna telst hluti stöðvanna utan Reykjavíkurlæknishéraðs.

21.3. Ríkissjóður og sveitarfélag eru eigendur heilsugæzlustöðva í hlutfalli við fjárframlög, sbr. 21.1.

22. gr.

22.1. Á heilsugæzlustöð skal veita þjónustu, eftir því sem við á, svo sem hér segir:

1. Almenna læknisþjónustu, vaktþjónustu og vitjanir til sjúklinga.
2. Lækningarannsóknir.
3. Sérfræðilega læknisþjónustu og tannlækningar.
4. Heilsuvernd, svo sem:

a) Mæðravernd.
b) Ungbarna- og smábarnavernd.
c) Heimahjúkrun.
d) Skólaeftirlit.
e) Íþróttaeftirlit.
f) Atvinnusjúkdómaeftirlit.
g) Berklavarnir.
h) Kynsjúkdómavarnir.
i) Geðvernd og áfengisvarnir.
j) Félagslega aðstoð.
k) Hópskoðanir og skipulagða sjúkdómaleit.

22.2. Ráðherra setur með reglugerð ákvæði um fjölda heilsugæzlustöðva, stærð þeirra og fyrirkomulag, læknafjölda og sérmenntað starfslið, tækjabúnað og starfsháttu og fyrirkomulag heilsuverndarstarfs á hverjum stað, þar á meðal um móttöku sjúklinga utan stöðva.

23. gr.

23.1. Rekstrarkostnaður heilsugæzlustöðva svo og kostnaður vegna aðstöðu lækna utan stöðva, annar en launakostnaður lækna og hjúkrunarkvenna, greiðist af þeim sveitarfélögum, sem hlut eiga að máli, í hlutfalli við íbúafjölda.

24. gr.

24.1. Stjórn Heilsugæzlustöðvar 1 er þannig skipuð, að starfslið stöðvarinnar kýs einn mann en tveir skulu kosnir af hlutaðeigandi sveitastjórnum. Á heilsugæzlustöð 2 kýs starfslið tvo menn og sveitastjórnir þrjá menn í stjórn stöðvarinnar.

24.2. Þegar heilsugæzlustöð er í starfstengslum við sjúkrahús, fer sjúkrahússtjórn, sbr. 33. gr., með stjórn allrar stofnunarinnar. Séu fleiri en ein stöð í sama sveitarfélagi, skulu þær vera undir sameiginlegri stjórn. Í Reykjavík skal Heilbrigðismálaráð fara með stjórn stöðva.

25. gr.

25.1. Læknar, sem starfa við heilsugæzslustöðvar skulu skipaðir af ráðherra. Þeir skulu taka laun með tvennu móti:

a) Föst laun fyrir gegningaskyldu, vaktþjónustu og heilsuverndarstarf.
b) Laun samkvæmt samningi stéttarfélags lækna og Tryggingastofnunar ríkisins fyrir almenn læknisstörf.

IV. KAFLI
Um sjúkrahús.

26. gr.

26.1. Sjúkrahús er í lögum þessum hver sú stofnun, sem ætluð er sjúku fólki til dagvistunar eða fullrar vistunar og þar sem læknishjálp, hjúkrun og allur aðbúnaður er í samræmi við það, sem þessi lög og reglugerðir þar að lútandi krefjast.

27. gr.

27.1. Sjúkrahús skiptast í eftirfarandi flokka eftir tegund og þjónustu:

1. Svæðissjúkrahús er sjúkrahús, sem eitt sér eða í samvinnu við önnur veitir sérfræðiþjónustu í öllum eða nær öllum greinum læknisfræði, sem viðurkenndar eru hérlendis, og hefur aðgang að stoðdeildum og rannsóknardeildum til þess að annast þetta hlutverk.
2. Deildasjúkrahús er sjúkrahús, sem veitir sérhæfða meðferð í helztu greinum lyflæknisfræði, skurðlæknisfræði og geðsjúkdómafræði og hefur aðgang að stoðdeildum til að rækja það starf, svo sem röntgendeild, svæfingardeild, rannsóknadeild og endurhæfingardeild.
3. Almennt sjúkrahús er sjúkrahús, sem ekki hefur sérdeildir, en hefur á að skipa sérfræðingum eða almennum læknum og tekur við sjúklingum til rannsóknar og meðferðar, en hefur einnig aðstöðu til vistunar langlegusjúklinga.
4. Hjúkrunar- og endurhæfingarheimili er vistheimili fyrir sjúklinga, sem búið er að sjúkdómsgreina, en þarfnast meðferðar, sem hægt er að veita utan almennra og sérhæfðra sjúkrahúsa.
5. Sjúkraskýli er húsrými í heilsugæzlustöð eða annars staðar, sem eingöngu er ætlað til gæzlu eða athugunar sjúklinga um skamman tíma.
6. Vinnu- og dvalarheimili eru stofnanir, sem taka til vistunar geðsjúklinga, drykkjusjúklinga, líkamlega bæklaða eða fávita, til dvalar eða starfs.
7. Gistiheimili er dvalarstaður sjúklinga, sem eru til meðferðar á öðru sjúkrahúsi, en geta eigi dvalizt í heimahúsum.

27.2. Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um flokkun sjúkrahúsa samkvæmt þessari grein og ákveður jafnframt starfssvið og verkaskiptingu þeirra sjúkrahúsa, er nú starfa.

28. gr.

28.1. Þegar bygging eða starfræksla nýs sjúkrahúss er ákveðin, skal starfssvið þess ákveðið í samræmi við ákvæði 27. greinar.

29. gr.

29.1. Enginn má setja á stofn eða reka undir neinu nafni sjúkrahús samkv. 27. gr., nema með leyfi ráðherra. Sama máli gegnir um hvers konar aðra starfsemi, sem talin er vera í lækningaskyni.

29.2. Sama máli gegnir um allar meiri háttar breytingar á húsakynnum og starfsemi slíkra stofnana.

30. gr.

30.1. Beiðni til ráðherra um rekstrarleyfi samkvæmt 29. gr. skulu fylgja upplýsingar um verksvið stofnunar, hvar henni er ætlaður staður, uppdrættir af byggingum, lóðum og umhverfi og afstöðu til nágrennis, ásamt lýsingu á húsakynnum. Enn fremur fylgi greinargerð um eigendur stofnunar og fjárhagsástæður og loks skýrsla um starfsáætlun, um stjórn, starfsfólk og rekstrarfyrirkomulag, hve mörgum sjúklingum stofnun þessari er ætlað að sinna eða hve mörgum vistmönnum að anna og með hvaða kjörum.

30.2. Ráðherra veitir því aðeins leyfið, að stofnunin fullnægi heilbrigðiskröfum og ætla megi, að hún geti leyst verkefni sitt á viðunandi hátt. Ætíð skal leita álits viðkomandi héraðslæknis á nauðsyn og gagnsemi stofnunar.

31. gr.

31.1. Heilbrigðisyfirvöld skulu eiga greiðan aðgang til eftirlits að stofnunum, sem um ræðir í þessum lögum.

32. gr.

32.1. Við hvert sjúkrahús samkvæmt 27. gr. skal starfa sérstakur sjúkrahúslæknir eða yfirlæknir og hjúkrunarmenntuð forstöðukona.
32.2. Á svæðis- og deildasjúkrahúsum skulu vera yfirlæknar sérgreina og yfirhjúkrunarkonur deilda.
32.3. Formaður læknaráðs svæðis- eða deildasjúkrahúss skal vera yfirlæknir allrar stofnunarinnar, nema stjórn sjúkrahúss ákveði annað.
32.4. Ráðherra setur með reglugerð, sbr. 27. gr., ákvæði um starfslið sjúkrahúsa í samræmi við starfssvið þeirra.

33. gr.

33.1. Sjúkrahús þau, er ríkið á eða starfrækir, skulu vera undir yfirstjórn sjúkrahúsmáladeildar ráðuneytis, en stjórn þeirra að öðru leyti falin 5 manna stjórnarnefnd. Nefndin skal skipuð þannig, að starfsmannaráð ríkisspítala, sbr. 35.3. gr., tilnefnir 2 menn, en ráðherra skipar 3 án tilnefningar og einn þeirra formann. Nefndin er skipuð til 4 ára, þó þannig að aldrei gangi nema 3 úr nefndinni í einu.
33.2. Öðrum sjúkrahúsum skal stjórnað af 5 manna stjórnum. Starfsmannaráð sjúkrahúsa kjósa 2 menn í stjórn og hlutaðeigandi sveitastjórnir eða eigendur 3. Ef heilsugæzlustöð er í starfstengslum við sjúkrahús, á héraðslæknir sæti í stjórninni, en sveitastjórnir kjósa þá aðeins 2 fulltrúa.
33.3. Yfirlæknar og forstöðukonur sjúkrahúsa skulu sitja stjórnarfundi og hafa þar tillögurétt og málfrelsi og yfirlæknar sérgreina, þegar málefni þeirra eru rædd.
33.4. Stefnt skal að því að ráða sérmenntaða sjúkrahússtjóra sem framkvæmdastjóra allra stærri sjúkrahúsa.

34. gr.

34.1. Ráðherra skipar 3 lækna í nefnd, er metur hæfni umsækjenda um stöðu landlæknis, stöður yfirlækna, sérfræðinga, héraðslækna og lækna heilsugæzlustöðva. Nefndin skal þannig skipuð: 1 tilnefndur af Læknafélagi Íslands, 1 tilnefndur af læknadeild Háskóla Íslands og 1 skipaður af ráðherra án tilnefningar og er hann jafnframt formaður nefndarinnar. Sömu aðilar tilnefni varamenn. Nefndin skal skipuð til þriggja ára. Umsögn nefndarinnar fer síðan til stjórnarnefndar viðkomandi sjúkrahúsa og heilsugæzlustöðva.
34.2. Yfirlæknar við sjúkrahús ríkisins og aðrar heilbrigðisstofnanir skulu skipaðir af ráðherra að fenginni umsögn nefndar, sbr. 34.1, og læknaráðs viðkomandi sjúkrahúss. Um ráðningarkjör yfirlækna fer eftir samningum milli stéttarfélags lækna og viðkomandi stofnana eða samningum um kjör opinberra starfsmanna.
34.3. Yfirlæknar annarra sjúkrahúsa skulu ráðnir af viðkomandi sjúkrahússtjórn að fenginni umsögn nefndar, sbr. 34.1, og læknaráðs viðkomandi sjúkrahúss, sé slíkt fyrir hendi.
34.4. Ráða má eða skipa hvern þann lækni til starfa samkvæmt þessari grein, sem hæfur hefur verið talinn.
34.5. Forstöðukonur við sjúkrahús ríkisins skulu skipaðar af ráðherra að fenginni umsögn sjúkrahússtjórnar. Forstöðukonur annarra sjúkrahúsa skulu ráðnar að fenginni umsögn hjúkrunarstjóra ráðuneytisins.

35. gr.

35.1. Við öll sjúkrahús, þar sem 3 læknar eða fleiri starfa og a. m. k. 2 eru í fullu starfi, skal starfa læknaráð. Læknaráð skal vera stjórnendum til ráðuneytis um öll læknisfræðileg atriði í rekstri sjúkrahússins, og ber stjórnendum að leita álits læknaráðs um allt, sem varðar læknisþjónustu sjúkrahússins.
35.2. Læknaráð setja sér starfsreglur, sem sjúkrahússtjórnir staðfesta.
35.3. Stofna skal við sjúkrahús sérstök starfsmannaráð sjúkrahúsa, þar sem starfshópar eiga fulltrúa.

35.4. Sjúkrahússtjórnir setja starfsmannaráðum starfsreglur og reglur um fulltrúakjör.

36. gr.

36.1. Ráðherra lætur gera áætlun um heilbrigðisstofnanir samkvæmt 17. og 27. grein. Gera skal áætlun til 10 ára í senn og endurskoða hana á tveggja ára fresti. Gera skal áætlun til 10 ára í senn og endurskoða hana á tveggja ára fresti. Leita skal umsagnar landlæknis um áætlunina.

36.2. Framkvæmdaáætlun byggð á heildaráætlun skal árlega lögð fyrir Alþingi við gerð fjárlaga.

37. gr.

37.1. Ráðuneytið sér um framkvæmd áætlunar þeirrar, er um getur í 36. gr.

37.2. Ef einstök sveitarfélög eða aðrir aðilar óska eftir, getur ráðherra gert við þá samning um að taka að sér ákveðnar framkvæmdir eða annast rekstur ákveðinna stofnana.

37.3. Framlag ríkisins til sjúkrahúsbygginga, sem þannig er stofnað til, skal nema 85% af kostnaði við byggingu og búnað.

37.4. Ríkissjóður, sveitarfélög og aðrir eignaraðilar eru eigendur sjúkrahúss í réttu hlutfalli við framlög hvers og eins.

38. gr.

38.1. Þau sjúkrahús í eigu sveitarfélaga eða einkaaðila, sem starfandi eru við gildistöku þessara laga, skulu í hvívetna fylgja þeim starfsreglum, er þeim verða settar. Að öðru leyti verður rekstur þeirra óbreyttur, verði ekki um annað samið milli eigenda og ríkisins.

V. KAFLI
Ýmis ákvæði.

39. gr.

39.1. Ráðuneytið skal í samvinnu við menntamálaráðuneytið, Háskóla Íslands, landlækni og hin ýmsu stéttarsamtök heilbrigðisstarfsmanna, eftir því sem við á, stuðla að aukinni þekkingu og endurbótum á grunn- og framhaldsmenntun heilbrigðisstarfsmanna í samræmi við þarfir landsmanna á hverjum tíma. Skal það enn fremur í samvinnu við ofangreinda aðila stuðla að viðhaldsmenntun heilbrigðisstarfmanna. Óski menntamálaráðuneytið og Háskóli Íslands eftir, skal heimilt að binda kennsluskyldu við Háskóla Íslands við ákveðnar stöður innan ráðuneytisins.

40. gr.

40.1. Ráðherra skal gera samkomulag við rannsóknarstofnanir í sýkla- og veirufræði, eðlis- og efnafræði og lyfjafræði, svo að stofnanir heilbrigðiseftirlits, sem ekki reka eða hafa beinan aðgang að slíkum stofnunum, geti notið fullnægjandi rannsóknarþjónustu.

40.2. Verði ekki séð fyrir nefndri þjónustu með þessu móti á fullnægjandi hátt, skal ráðuneytið hafa forgöngu um lausn málsins með byggingu og starfrækslu slíkra rannsóknastofnana.

41. gr.

41.1. Ráðuneytið skal í samvinnu við landlækni hafa forgöngu um samvinnu þeirra aðila innanlands, sem starfa að heilbrigðis- og almannatryggingamálum, í samráði við utanríkisráðuneytið um eflingu samstarfs á sviði þessara mála við Norðurlönd, þjóðir Evrópu og á alþjóðavettvangi.

42. gr.

42.1. Öll ferðalög þeirra starfsmanna, sem um ræðir í 2., 5., 6., 8., 11., 20., 25. og 34. grein, skulu vera þeim að kostnaðarlausu, séu þau starfsins vegna.

42.2. Ríkissjóður gerir samning við þá fastráðna starfsmenn, sem hér eiga hlut að máli, um bílakostnað þeirra vegna starfsins.

42.3. Ákvæði 13. greinar skulu, eftir því sem við getur átt, einnig taka til þeirra starfsmanna, sem um ræðir í þessari grein.

43. gr.

43.1. Ráðuneytið gerir í samráði við samgönguráðuneyti og dóms- og kirkjumálaráðuneyti (vegamálastjóra, landhelgisgæzlu, flugmálastjóra) og landlækni áætlun um, hvernig bezt og öruggast verði séð um, að læknar komist frá heilsugæzlustöðvum til móttökustaða innan starfssvæðis.

43.2. Ráðuneytið getur í þessu skyni gert samning við flugfélög um slíkar ferðir eða gerzt aðili að rekstri flugvélar eða þyrlu til þessara nota.

43.3. Á sama hátt gerir ráðuneytið í samráði við samgönguráðuneytið (póst- og símamálastjóra) áætlun um fjarskipta- og símaþjónustu í héruðum landsins, svo að tryggt sé, að landsmenn geti náð til læknis án tafar.

44. gr.

44.1. Heimilt er ráðuneytinu að fenginni umsögn læknadeildar Háskóla Íslands og landlæknis að veita læknastúdentum ríkisstyrki til náms gegn skuldbindingum um læknisþjónustu í strjálbýli að loknu námi. Nánari ákvæði um styrki þessa skal setja í reglugerð.

45. gr.

45.1. Læknishéraðasjóðum samkv. lögum nr. 82/1970, Bifreiðalánasjóði, samkv. 14. gr. laga nr. 43/1965, svo og ónotuðum fjárveitingum samkv. 15. og 16. gr. sömu laga, skal slá saman í einn sjóð, Læknishéraðasjóð og skal ríkissjóður leggja honum til við stofnun 5 milljónir króna.

45.2. Hlutverk sjóðsins skal vera að bæta læknisþjónustu í dreifbýli með þeim ráðum, sem tiltæk eru hverju sinni. Ráðherra veitir lán og styrki úr sjóðnum að fengnum tillögum landlæknis.

45.3. Árlegar tekjur sjóðsins skulu vera þau embættislaun héraðslækna og lækna við heilsugæzlustöðvar, sem ekki koma til greiðslu, vegna þess að læknar hafa ekki fengizt til starfanna, og auk þess skal árlega leggja sjóðnum fé á fjárlögum.

45.4. Ráðherra setur sjóðnum reglugerð.

46. gr.

46.1. Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru felld úr gildi sjúkrahúsalög nr. 54/1964, læknaskipunarlög nr. 43/1965, með áorðnum breytingum, heilsuverndarlög nr. 44/1955 og lög um læknishéraðasjóði nr. 82/1970 svo og önnur ákvæði laga, er fara í bág við þessi lög.

Ákvæði til bráðabirgða.

1. Til að koma á þeirri heilbrigðisþjónustu, sem ráðgerð er, skal úr ríkissjóði bjóða fram námsstyrki til lækna og hjúkrunarkvenna til að afla sér sérmenntunar á þessum sviðum.

   Námsstyrkir skulu nægja fyrir skólagjöldum og dvalarkostnaði erlendis í 1 ár.

2. Héraðslæknar á læknissetrum, sem leggja á niður, skulu flytjast til heilsugæzlustöðva, þegar aðstaða er fengin, en ella sitja á núverandi aðsetri. Meðan lögin eru að komast til fullra framkvæmda, er heimilt að ráða lækna að heilsugæzlustöð með búsetu og starfsstað til bráðabirgða utan stöðvar.

3. Heilsuverndarstarf skv. lögum nr. 44/1955, sbr. lög nr. 28/1957, skal haldast óbreytt frá því, sem er við gildistöku laganna, þar til heilsugæzlustöðvar hafa verið skipulagðar til að annast það.

Greinargerð.

INNGANGUR

Frumvarp þetta var lagt fram til kynningar á síðasta þingi og fylgdi því sú greinargerð, sem hér á eftir hefst með kaflanum I. Sköpunarsaga.

Nú hafa hins vegar verið gerðar veigamiklar breytingar á frumvarpinu, einkum á II. kafla: Um læknishéruð og III. kafla: Um heilsugæzlu.

Skulu nú breytingar skýrðar, en að öðru leyti vísast til upphaflegrar greinagerðar, sem hér fylgir örlítið breytt frá síðasta þingi.

1. Í 2. gr. 2. er tekið upp orðalag laga nr. 73 frá 16. maí 1969 um Stjórnarráð Íslands en þar segir í 10. gr.: „Ráðuneytisstjórar og hagstofustjóri stýra ráðuneytum undir yfirstjórn ráðherra".

Rétt þykir að hafa samræmi í orðalagi laga að svo miklu leyti, sem þau kveða á um sömu skipan stjórnsýslu.

2. Orðalagsbreyting er gerð á 3. gr. 1., þar sem áður stóð, að landlæknir annaðist framkvæmd tiltekinna málaflokka f. h. „ráðuneytis" kemur nú f. h. „ráðherra". Þetta er að sjálfsögðu aðeins orðalagsbreyting, sbr. upphaflegar athugasemdir við þessa grein. Landlæknir og embætti hans heyrir eftir sem áður undir heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, sbr. rgj. nr. 96 frá 31. desember 1969, 7. grein.

3. Nú er lagt til að læknishéruð verði 5 í stað 8 eins og í upphaflegum tillögum var gert ráð fyrir. Er þetta gert samkvæmt tillögum, sem ráðuneytinu hafa borizt um fækkun héraðslækna. Ekki var talið ráðlegt að hafa færri en 5 héraðslækna bæði af landfræðilegum og faglegum ástæðum. Verða þó sum héruð æði stór, svo sem Suður- og Vesturlandshérað, en góðar samgöngur þar ættu að valda því, að héraðslæknir þar geti orðið virkur stjórnandi lækningastarfsins í héraðinu.

4. Segja má að III. kafli um heilsugæzlu sé skrifaður um. Meginbreytingar eru þær, að heilsugæzlustöðvum er nú skipt í 2 flokka: H 1, þar sem a. m. k. 1 læknir skal starfa og H 2, þar sem a. m. k. 2 læknar skulu starfa, í báðum tilfellum með nauðsynlegu starfsliði. — Þetta þýðir í raun að einstök „læknissetur" samkvæmt eldri tillögum verða nú heilsugæzlustöðvar 1 og verða varanlegur liður í kerfi heilbrigðisþjónustunnar. Þá er einnig bætt inn stöðvum í einstaka stöðum, sem ekki voru taldir í fyrri gerð frumvarpsins.

Skipulagið yrði þá þannig, að hvert læknishérað skiptist í umdæmi. Í umdæmi geta svo verið ein eða fleiri heilsugæzlustöðvar, en nú yrði boðið að stöðvar innan umdæmisins beri saman ábyrgð á framgangi heilbrigðisþjónustu í umdæminu.

Umræddar breytingar á þessum kafla, og einkum **algjör uppstokkun 17. greinar og niðurfelling 18. greinar**, eru gerðar í samræmi við óskir ýmissa þingmanna, sveitarstjórnarmanna svo og lækna. Má segja, að hér liggi fyrir meðalvegur þessara óska í mynd, sem virðist geta orðið brúkleg í reynd.

5. Að síðustu er þess að geta að ofangreindar breytingar hafa leitt til þess að breyta hefur þurft einstaka greinum öðrum þ. á m. 24. grein um stjórn stöðva. Þessar breytingar skýra sig sjálfar og verða ekki raktar frekar.

I. Sköpunarsaga.

Að meginstofni er frumvarp þetta samið af nefnd, sem skipuð var af fyrrverandi heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, Eggert G. Þorsteinssyni, í samræmi við þingsályktun frá 22. apríl 1970, en í þeirri þingsályktun sagði svo:

„Alþingi ályktar að fela heilbrigðismálaráðherra að skipa nú þegar nefnd til að endurskoða ýmsa þætti heilbrigðislöggjafarinnar og sérstaklega um læknaskipan

og sjúkrahús með það fyrir augum, að komið verði á betri heilbrigðisþjónustu í landinu, m. a. með það fyrir augum, að læknar fáist til starfa í þeim héruðum, sem nú eru læknislaus. Nefndin skal skipuð 5 mönnum: landlækni eða ráðuneytisstjóra heilbrigðismálaráðuneytisins, er vera skal formaður nefndarinnar, tveim mönnum tilnefndum af Læknafélagi Íslands og skulu þeir vera héraðslæknir og sjúkrahúslæknir, einum manni tilnefndum af læknadeild Háskóla Íslands, og einum af Sambandi íslenzkra sveitarfélaga. Nefndin hefji þegar störf og skili tillögum sínum til úrbóta eigi síðar en 1. marz n. k.“

Í nefndinni áttu sæti Páll Sigurðsson, ráðuneytisstjóri, formaður, Ásmundur Brekkan, yfirlæknir og Brynleifur Steingrímsson, héraðslæknir, tilnefndir af Læknafélagi Íslands, Tómas Helgason, prófessor, tilnefndur af læknadeild Háskóla Íslands og Magnús E. Guðjónsson, framkvæmdastjóri, tilnefndur af Sambandi íslenzkra sveitarfélaga. Jón Ingimarsson, skrifstofustjóri ráðuneytisins var ritari nefndarinnar.

Nefndin starfaði frá því í október 1970 og þar til í byrjun apríl 1971 að hún sendi til ráðherra tillögur sínar og greinargerð.

Þær tillögur voru síðan sendar fjölmörgum aðilum til umsagnar og athugunar og bárust athugasemdir frá um það bil 30 einstaklingum og félagasamtökum.

Á síðastliðnu hausti var málið tekið upp að nýju og skipaði núverandi heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra Magnús Kjartansson nýja nefnd, sem fékk það hlutverk að endurskoða upphaflegu tillögurnar og taka til athugunar þær breytingartillögur, sem borizt höfðu.

Í þessari vinnunefnd, sem var undir forustu Páls Sigurðssonar, ráðuneytisstjóra í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, áttu sæti Adda Bára Sigfúsdóttir, aðstoðarmaður ráðherra, Ingibjörg R. Magnúsdóttir, hjúkrunarkona, deildarstjóri í ráðuneytinu, Garðar Sigurðsson, alþingismaður, Þórarinn Guðnason, læknir á Borgarspítala og Guðmundur Helgi Þórðarson, héraðslæknir í Stykkishólmi. Ritari var eins og áður Jón Ingimarsson, skrifstofustjóri ráðuneytisins.

Nefndin hafði nýjar heildartillögur tilbúnar um síðastliðin áramót og voru þau drög send Sigurði Sigurðssyni, landlækni og Benedikt Sigurjónssyni, hæstaréttardómara. Gerðu þeir báðir athugasemdir og gáfu umsagnir um einstök atriði frumvarpsins, sem þeir töldu að betur mættu fara.

II. Veigamestu nýmæli frumvarpsins.

1. Mótuð er almenn stefnuyfirlýsing um, að landsmenn skuli allir eiga kost á eins fullkominni heilbrigðisþjónustu og tök eru á að veita hverju sinni.

2. Ákvæði eru um yfirstjórn heilbrigðismála og gert ráð fyrir deildaskiptingu ráðuneytisins eftir verkefnum.

3. Gert er ráð fyrir að setja á stofn ráðgjafarnefnd, Heilbrigðisráð Íslands, sem sé tillögu- og umsagnaraðili til ráðherra og ráðuneyta um ýmis mál.

4. Gerð er tillaga um nýja og mjög breytta skipan læknishéraða í landinu og fylgir í kjölfar þeirrar breytingar breyting á störfum og stöðum héraðslækna. Gert er ráð fyrir, að læknishéruð verði framvegis 5 og að héraðslæknar verði eingöngu eða nær eingöngu embættislæknar, sem annist skipulagningu og framkvæmd heilbrigðisþjónustu hver í sínu héraði.

5. Ákveðin er staðsetning 38 heilsugæzlustöðva utan Reykjavíkur og er gert ráð fyrir, að þær verði miðstöðvar almennra lækninga og heilsuverndarstarfs á nánar tilteknum svæðum. Hér er komið fast mótuðu skipulagi á hugmyndir, sem uppi hafa verið um læknamiðstöðvar, en þær hugmyndir telja flestir að geti stuðlað að bættri læknisþjónustu í dreifbýli. Einkum hefur það verið skoðun yngri lækna, að auðveldara yrði að fá lækna til hópstarfs í slíkum stöðvum en til þess að vera í einmenningshéruðum.

6. Gert er ráð fyrir, að annars vegar verði starfandi héraðshjúkrunarkonur, sem starfi með héraðslæknum og hins vegar heilsugæzluhjúkrunarkonur, sem starfi á heilsugæzlustöðvum og verði hjúkrunarkonur þessar ríkisstarfsmenn.

7. Gert er ráð fyrir, að ríkisframlag verði hið sama við byggingu heilsugæzlustöðva og sjúkrahúsa og verði 85 af hundraði af kostnaði við byggingu og búnað stofnananna.

8. Skilgreint er hvaða þjónustu heilsugæzlustöð á að veita, en í aðalatriðum er það þannig:

1. Almenn læknisþjónusta, vaktþjónusta og vitjanir til sjúklinga.
2. Lækningarannsóknir.
3. Sérfræðileg læknisþjónusta og tannlækningar.
4. Heilsuvernd, sem skiptist í 14 sérgreinar.

9. Skilgreint er hvað sé átt við með sjúkrahúsi. Er það í lögunum hver sú stofnun, sem ætluð er sjúku fólki til dagvistunar eða fullrar vistunar og þar sem læknishjálp, hjúkrun og allur aðbúnaður er í samræmi við það, sem lögin og reglugerðir, er um verða settar, krefjast. Sjúkrahúsum er síðan skipt í flokka eftir tegund og þjónustu og er um 7 flokka að ræða, svæðissjúkrahús, deildasjúkrahús, almenn sjúkrahús, hjúkrunar- og endurhæfingarheimili, sjúkraskýli, vinnu- og dvalarheimili og gistiheimili fyrir sjúklinga.

10. Gert er ráð fyrir að ráðherra skipi þriggja lækna nefnd, sem hefur það hlutverk að meta hæfni umsækjenda um stöður yfirlækna, sérfræðinga og héraðslækna.

11. Gera skal áætlun um þörf landsmanna fyrir heilbrigðisstofnanir til 10 ára í senn og skal áætlunin endurskoðuð á tveggja ára fresti.

12. Kveðið er á um skyldu ríkisins til að sjá um byggingu stofnana samkvæmt áætlun, en heimilt er að semja við sveitarfélög eða einstaklinga um framkvæmdir innan ramma áætlunar.

13. Gert er ráð fyrir læknaráðum við öll sjúkrahús þar sem 3 læknar eða fleiri eru starfandi og skulu læknaráðin vera stjórnendum til ráðuneytis um öll læknisfræðileg atriði í rekstri sjúkrahússins.

14. Við sjúkrahús skal stofna sérstök starfsmannaráð sjúkrahúsa þar sem starfshópar eiga fulltrúa og er gert ráð fyrir því að starfsmannaráð kjósi menn í stjórnir sjúkrahúsanna.

15. Í lokagreinum frumvarpsins er rætt um ýmis málefni, svo sem samvinnu heilbrigðisráðuneytisins og menntamálaráðuneytis um framhalds- og viðhaldsmenntun heilbrigðisstétta, forgöngu ráðuneytisins um samvinnu þeirra aðila, sem starfa að heilbrigðis- og almannatryggingamálum, svo og um ferðalög lækna, fjarskiptaþjónustu og fleira.

III. Almenn greinargerð.

Frumvarpið skiptist í 5 kafla að lokinni inngangsgrein og eru heiti kaflanna þessi:

1. Yfirstjórn.
2. Um læknishéruð.
3. Um heilsugæzlu.
4. Um sjúkrahús.
5. Ýmis ákvæði.

Verða nú stuttlega rakin efnisatriði hvers kafla fyrir sig og gerð grein fyrir þeim breytingum, sem ætlaðar eru frá núgildandi lögum:

1. Yfirstjórn.

Frumvarpið gerir ráð fyrir uppbyggingu deildaskipts ráðuneytis eftir málaflokkum og er málefnum á sviði heilbrigðismála skipt í 3 flokka, en síðan verði sérstök deild fyrir tryggingamál og sérstök deild, sem þjónar bæði heilbrigðis- og tryggingamálum og sér um áætlanir, rannsóknir og skýrslugerð.

Heilbrigðismálum er skipt samkvæmt frumvarpinu í eftirfarandi deildir:

1. Sjúkrahúsmál og heilsugæzla. Þessi deild hefur yfirstjórn sjúkrahúsa ríkisins og eftirlit með öllum öðrum sjúkrahúsum landsins. Deildin hefur forgöngu um verkaskiptingu og samstarf sjúkrahúsa. Hún er framkvæmdaaðili við undirbúning og byggingu nýrra sjúkrahúsa ríkisins. Í samráði við héraðslækna skipuleggur deildin starf heilsugæzlustöðva og er framkvæmdaaðili um undirbúning og byggingu nýrra stöðva. Ásamt landlækni hefur þessi deild eftirlit með öllum læknum og heilbrigðisstarfsmönnum.

2. Heilbrigðiseftirlit. Heilbrigðiseftirlit ríkisins verður með þessu móti deild í ráðuneytinu.

3. Lyfjamáladeild. Þessi deild annast eftirlit með lyfjum, lyfjagerðum og lyfjabúðum samkv. lyfsölulögum. Deildin er framkvæmdaaðili fyrir lyfjaskrárnefnd og lyfjaverðlagsnefnd, sér um útgáfu og dreifingu lyfjaskrár og sérlyfjaskrár.

4. Tryggingamáladeild. Þessi deild annast annars vegar eftirlit og yfirstjórn Tryggingastofnunar ríkisins, hins vegar eftirlit með annarri tryggingastarfsemi í landinu eftir því sem hún fellur undir ráðuneytið. Deildin annast einnig samvinnu við erlenda aðila í almannatryggingamálum, bæði á Norðurlöndum og á alþjóðavettvangi.

5. Áætlana- og rannsóknardeild. Þessi deild skipuleggur og sér um skýrslusöfnun, bæði um heilbrigðis- og almannatryggingamál og mun annast útgáfu heilbrigðisskýrslna. Deildin annast áætlanir um þörf heilbrigðisþjónustu í landinu og heilbrigðisstarfsliðs á grundvelli fyrirskipaðra skýrslna og sérstakra rannsókna, er deildin stjórnar og annast.

Með þessu fyrirkomulagi er gert ráð fyrir að ráðuneytið verði virk stjórnunarstofnun og að til ráðuneytisins flytjist ýmis starfsemi, sem utan þess hefur verið, svo sem Heilbrigðiseftirlit ríkisins, embætti berklayfirlæknis, embætti skólayfirlæknis. Hins vegar er ekki gert ráð fyrir því í þessu lagafrumvarpi, að embætti landlæknis og ráðuneytisstjóra verði sameinað, eins og gert var ráð fyrir í upphaflegum tillögum frá apríl 1971, heldur er gert ráð fyrir því, að embætti landlæknis verði óbreytt og eru því tekin upp í 3. grein frumvarpsins óbreytt gildandi ákvæði um verksvið landlæknis.

Þrátt fyrir þetta, er gert ráð fyrir því að ráðuneytisstjóri sé læknir.

2. Um læknishéruð.

Reynslan hefur sýnt, að núverandi skipting landsins í læknishéruð með sérstökum embættislækni fyrir hvert hérað þarfnast breytingar. Ekki hefur reynzt unnt að fá lækna til þess að gegna hinum fámennari héruðum, og hafa því embættisstörf orðið útundan þar og almennar lækningar að nokkru. Þar sem héruð eru nægjanlega fjölmenn, er embættisstarf læknisins, þ. e. starf hans að heilbrigðiseftirliti og skipulagi læknisþjónustunnar í héraðinu, ærið nóg. Til þess að slíkt starf verði rækt vel, er æskilegast að viðkomandi læknir hafi sérmenntun á sviði heilbrigðisfræði og félagslegrar læknisfræði, og geti auk hinna venjulegu embættis-læknisstarfa, eins og þau hafa verið skilgreind hingað til, tekið að sér nokkuð af þeim verkefnum í héraði sínu, sem áður hafa heyrt til landlækni í Reykjavík. Sérstaklega mundi þá verða hægt að flytja út í héruðin hluta af ráðleggingarstarfsemi og framkvæmdavaldi, sem landlæknirinn hefur haft á hendi hingað til. Héraðslæknar í slíkum stórhéruðum mundu að verulegu leyti annast yfirumsjón og skipulagningu heilsu-

gæzlustarfsins, í samráði við ráðuneyti og landlækni annars vegar og einstaka lækna í heilsugæzlustöðvunum hins vegar. Þá kann og að vera, að það hafi verið mörgum ungum læknum nokkur þyrnir í augum að þurfa að helga sig tveimur nokkuð ólíkum sérsviðum læknisfræðinnar, annars vegar þeim, sem falla undir embættislækningar, og hins vegar þeim, sem falla undir almennar heimilislækningar. Til þess að leysa þennan margþætta vanda, virðist heppilegast að skilja að störf embættislækna (héraðslækna) og almennra starfandi lækna. Er það ekki hægt með öðru móti en því að stækka læknishéruðin svo að starfsaðstaða verði fyrir a. m. k. einn embættislækni, sem annist störf svipað því sem borgarlæknir hefur gert í Reykjavík og héraðslæknir á Akureyri á undanförnum árum.

Við ákvörðun á stærð héraðanna varð að taka meira tillit til hinnar landfræðilegu stærðar heldur en til mannfjöldans í öllum héruðum nema Reykjavíkurhéraði. Var þó alls staðar miðað við að starfsaðstaða og verkefni í hinum stækkuðu héruðum yrðu næg fyrir a. m. k. einn héraðslækni. Með tilliti til þessara aðstæðna, er lagt til að landinu verði skipt í fimm læknishéruð og gert ráð fyrir embættissetri héraðslæknis miðsvæðis í byggðakjarna hvers héraðs.

Þessir nýju héraðslæknar mundu yfirleitt ekki stunda almenn lækningstörf, heldur vera fyrst og fremst embættislæknar og að nokkru leyti stjórnendur og skipuleggjendur læknisstarfs þess, sem fram fer í héraðinu, og bera ábyrgð á því gagnvart heilbrigðisstjórn, að íbúar héraðsins njóti þeirrar heilbrigðisþjónustu er lög og reglugerðir segja fyrir um.

3. Um heilsugæzlustöðvar.

Innan hvers læknishéraðs, eins og lýst er í 2. kafla, er gert ráð fyrir að ákveða staði, þar sem rísa eiga heilsugæzlustöðvar, sem nánar eru skýrgreindar í frumvarpinu. Gert er ráð fyrir, að ákveða nú þegar hvaða landssvæði heilsugæzlustöðvar eigi að annast og hverju héraði skipt í umdæmi, sem ein eða fleiri heilsugæzlustöð annast. Skoðanakannanir meðal yngri lækna hafa yfirleitt bent til, að þeir mundu fleiri fúsir til þess að kjósa störf að almennum lækningum úti á landi, ef þeir ættu kost á hópvinnu. Er því nú horfið að þessu ráði, að ákveða nýja héraðaskipan og umdæmaskipan innan héraðanna milli heilsugæzlustöðva, þar sem læknar geti unnið fleiri saman. Þegar frumvarp til læknaskipunarlaga var lagt fyrir Alþingi 1964—1965, var talið, að þau læknishéruð, sem þá væru laus, væru ekki laus vegna læknaskorts, þar sem þá voru 149 læknar og læknakandidatar við framhaldsnám eða störf erlendis og við framhaldsnám og bráðabirgðastörf hérlendis. Um s. l. áramót var þessi fjöldi kominn upp í 196, þrátt fyrir þær endurbætur, sem gerðar voru á læknaskipunarlögunum 1965. Þar var ekki kveðið eins fast á um stofnun læknamiðstöðva eins og gert er um stofnun heilsugæzlustöðva í þessu frumvarpi.

Gert er ráð fyrir mismörgum heilsugæzlustöðvum í hverju héraði, samtals 38 á landinu, utan Reykjavíkur.

Kostnaður við byggingu og búnað heilsugæzlustöðva greiðist úr ríkissjóði að 85%. Einnig er gert ráð fyrir, að laun héraðslækna og hjúkrunarkvenna, sem starfa í læknishéruðum, greiðist að fullu úr ríkissjóði, en annar rekstrarkostnaður heilsugæzlustöðva af viðkomandi sveitarstjórnum.

Sé þess kostur, skulu heilsugæzlustöðvar vera í tengslum við sjúkrahús, þannig að sú aðstaða, sem sjúkrahúsið hefur, nýtist að fullu fyrir heilsugæzlustöðina og öfugt. Einnig er gert ráð fyrir því, að þar sem ekki eru sjúkrahús, verði tekið til athugunar, hvort ekki sé heppilegt að gera ráð fyrir sjúkrastofnun, svo sem hjúkrunarheimili, í tengslum við heilsugæzlustöð, er hún rís.

4. Um sjúkrahús.

Í núgildandi sjúkrahúsalögum eru sjúkrahús ekki skilgreind nánar og ekki er lögð skylda á neinn til þess að hafa forgöngu um byggingu sjúkrahúsa. Hins vegar er lögð áherzla á að leyfi ráðherra þurfi að koma til, áður en hafin sé bygging sjúkrahúss eða annarra heilbrigðisstofnana, sem um ræðir í 1. gr. þeirra laga.

Nú er hins vegar skýrgreint hvað sjúkrahús sé og síðan eru taldir upp 7 flokkar sjúkrahúsa, eftir verkefnum og þjónustumagni. Gera skal áætlun um nauðsynlegan sjúkrahúskost til 10 ára, en endurskoða áætlunina annað hvert ár. Á grundvelli þessara áætlana skal gera framkvæmdaáætlun á hverju ári.

Lögð er skylda á ríkissjóð að sjá um byggingu sjúkrahúsa skv. þessari áætlun, en gert ráð fyrir að ríkissjóður geti samið við sveitarfélög eða aðra aðila um ákveðnar framkvæmdir, og greiði ríkissjóður þá 85% af kostnaði. Á það má benda í þessu sambandi, að í greinargerð Sambands íslenzkra sveitarfélaga um verkefnaskiptingu ríkis og sveitarfélaga er lagt til, „að ríkisvaldið láti gera áætlun um sjúkrahúsaþörfina í landinu og byggi og reki sjúkrahús, sem ætluð eru heilum landshlutum eða landinu í heild. Hins vegar tækju sveitarfélögin eða samtök þeirra þátt í byggingu og rekstri hjúkrunarheimila".

Í frumvarpi þessu eru ekki gerðar tillögur um staðsetningu og stærð sjúkrahúsa, þó að þegar liggi fyrir nokkrar upplýsingar um sjúkrahúsþörfina. Hins vegar er ætlazt til að kveðið verði nánar á um staðsetningu og verkefni sjúkrahúsa í reglugerðum. Gerð þeirra reglugerða mótast óhjákvæmilega af þeim áætlunum, sem gerðar verða um uppbyggingu sjúkrahúsa í framtíðinni, í tengslum við þá þróun, sem gert er ráð fyrir að verði í byggð landsins.

Nauðsynlegt er að kveða á í lögum um stofnun læknaráða við sjúkrahús, og gera ráð fyrir, að settar verði reglugerðir um á hvern hátt þau skuli vera stjórnendum og eigendum sjúkrahúsanna til ráðuneytis. Eins og í gildandi lögum verður yfirlæknir við hvert sjúkrahús og auk þess yfirlæknir deilda. Þeir eru stjórnunarlega í forsvari fyrir starfinu gagnvart sjúkrahússtjórnum, heilbrigðisyfirvöldum, læknum og öðru starfsfólki.

Þá er og gert ráð fyrir því nýmæli að stofna starfsmannaráð sjúkrahúsa, sem hafi viss áhrif á stjórn sjúkrahússins.

5. Ýmis ákvæði.

Í lokakafla frumvarpsins er gert ráð fyrir þátttöku ráðuneytisins í bættri menntun heilbrigðisstarfsmanna og gefinn kostur á þátttöku í kennslu við Háskóla Íslands, ef menntamálaráðuneyti og læknadeild óska eftir. Ætti slík samvinna ráðuneytisins við læknadeildina mjög að geta stuðlað að bættri menntun til héraðslæknisstarfa og til almennra læknisstarfa. Gera má ráð fyrir að bætt menntun á þessum sviðum stuðli að auknum áhuga lækna fyrir störfunum og aðsókn að þeim. Einkum má hugsa sér að báðir aðilar geti haft gott af samvinnu á sviði félagslækninga og heilbrigðisfræði og í sambandi við fyrirhugaða kennslu í heimilislækningum. Hana væri væntanlega hægt að tengja heilsugæzlustöð, eins og þeim, sem ráðgert er að koma upp samkvæmt frumvarpinu, í Reykjavík og nágrenni.

Nauðsynlegt er að heilbrigðisþjónustan ráði yfir möguleikum til þess að framkvæma ýmsar rannsóknir á sýklum, veirum, lyfjum og ýmsum efnum vegna smithættu og mengunarvandamála, sem upp kunna að koma. Að svo miklu leyti sem unnt er, er sjálfsagt að nota þær rannsóknarstofur, sem þegar eru til í landinu, ef þær geta annað verkefnum þeim, sem heilbrigðisstjórnin þarf að sinna.

Hefð hefur skapazt um að landlæknir annaðist samvinnu við erlendar þjóðir um heilbrigðismál, en rétt þykir að kveða nánar á um forgöngu ráðuneytisins í þessum efnum, svo og um samvinnu á sviði almannatryggingamála, og síðast en ekki sízt er nauðsynlegt að einhver hafi forgöngu um eflingu samvinnu innanlands á

milli þeirra aðila, sem um heilbrigðismál fjalla, og er ráðuneytið að sjálfsögðu eðlilegur aðili þar.

Öll ferðalög heilbrigðisstarfsmanna starfsins vegna, hvort sem það eru héraðslæknar eða læknar á heilsugæzlustöðvum, hjúkrunarkonur eða aðrir skulu vera þeim að kostnaðarlausu, og er gert ráð fyrir sérstökum samningi ríkissjóðs við hvern starfsmann um bílakostnað, og er það í samræmi við reglur ríkisins um bílamál.

Ráðuneytið skal hafa forgöngu um áætlanagerð í samráði við viðkomandi önnur ráðuneyti um það, hvernig auðveldast sé að flytja lækna frá heilsugæzlustöðvum og til móttökustaða, þar sem gert er ráð fyrir, að þeir hafi móttöku utan heilsugæzlustöðva, og einnig er gert ráð fyrir, að ráðuneytið hafi forgöngu um, að síma- og fjarskiptaþjónusta innan héraða og frá héruðum til sjúkrahúsa komist í sem bezt lag.

Gert er ráð fyrir, að læknishéraðasjóðum, bifreiðalánasjóði og ýmsum ónotuðum fjárveitingum verði steypt saman í einn sjóð, Læknishéraðasjóð, og leggi ríkissjóður honum ákveðna upphæð. Sé þessi sjóður til þess að grípa til, ef ráðherra telur, að sérstakar aðgerðir eða framkvæmdir séu nauðsynlegar til að bæta læknisþjónustu dreifbýlisins án tafar. Reynslan sýnir, að nauðsynlegt getur verið fyrir ráðuneytið að hafa handbært fé, ef ekki fást læknar til starfa í héruðum og með bráðabirgðaúrræðum þarf að leysa úr bráðri neyð.

Lög þessi geta ekki komið til framkvæmda að fullu strax við gildistöku. Því eru bráðabirgðaákvæði, sem annars vegar eiga að stuðla að því, að reyndir læknar fáist sem héraðslæknar í hin nýju héruð. Hins vegar er bráðabirgðaákvæðum ætlað að fyrirbyggja að svo miklu leyti sem unnt er að nokkuð af því starfi, sem þegar er unnið, falli niður, fyrr en lögin komi að fullu til framkvæmda.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

[Sjá að öðru leyti inngang hér að framan].

Um 1. gr.

Hér er um að ræða stefnuyfirlýsingu þess eðlis, að landsbúar allir skuli eiga kost á eins fullkominni heilbrigðisþjónustu og kostur er að veita á hverjum tíma. Skilgreiningin er í samræmi við skilgreiningu Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar á heilbrigði.

Um 2. gr.

Greinin er í samræmi við gildandi lög um Stjórnarráð Íslands. Ákvæði um að ráðuneytisstjóri sé sérmenntaður er ekki til um nein önnur ráðuneyti.

Um 3. gr.

Gert er ráð fyrir að landlæknir starfi, að heita má, á þann hátt, sem hann gerir nú.

Um 4. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Um 5. gr.

Greinin gerir ráð fyrir sérstakri ráðgjafarnefnd, sem ráðherra setur á stofn, um heilbrigðis- og almannatryggingamál, Heilbrigðisráð Íslands. Ráðuneytisstjóri er formaður ráðsins, en átta aðilar tilnefna menn í ráðið, en ráðherra skipar síðan þrjá án tilnefningar.

Meginhugsunin bak við skipun þessarar ráðgjafarnefndar er sú, að ráðherra geti, auk þess, sem hann getur leitað til landlæknis um sérfræðilegt álit, leitað til stofnunar sem hefur á að skipa fulltrúum sem flestra heilbrigðisstétta og þeirra aðila, sem mest fjalla um almannatryggingamál.

Læknaráð var á sínum tíma hugsað sem aðili þessu líkur, en ráðið hefur ekki verið notað sem slíkt, auk þess sitja þar eingöngu læknar.

Skipan þessa ráðs er nýmæli, sem ætlað er að stuðla að víðtækari og lýðræðislegri athugun og tillögugerð á sviði heilbrigðis- og almannatryggingamála.

Um 6. gr.

Í greininni er rakin deildaskipting ráðuneytisins í 5 deildir, þrjár á sviði heilbrigðismála, ein á sviði tryggingamála og ein, sem er ætluð sem stoðdeild hinna fjögurra. Greinin skerðir í engu rétt ráðherra til víðtækari deildaskiptingar svo sem lög um stjórnarráð gera ráð fyrir.

Um 7. gr.

Hér er gert ráð fyrir gjörbreytingu á læknishéraðaskipan landsins. Í stað þeirra 55 (57) læknishéraða, sem núgildandi læknaskipunarlög gera ráð fyrir, þá er hér gert ráð fyrir 5 læknishéruðum og að héruðin stækki, sem því nemur.

Skiptingin er fyrst og fremst landfræðileg og miðað við núverandi samgöngukerfi, en þó reynt að haga skiptingunni þannig, að mannfjöldi og verkefni í minnsta læknishéraðinu verði þannig, að nægileg embættisstörf verði fyrir a. m. k. einn héraðslækni.

Um 8. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Um 9. gr.

Hér er undirstrikað að hlutverk héraðslæknis sé fyrst og fremst að annast embættisstörf, en hins vegar er gert ráð fyrir því, að þeir geti annazt almenn læknisstörf, ef sérstaklega stendur á og þörf krefur, enda þótt þeir hafi ekki skyldu til slíkra starfa.

Um 10. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Um 11. gr.

Gert er ráð fyrir því, að embættiskostnaður héraðslækna sé greiddur úr ríkissjóði og jafnframt gert ráð fyrir því, að ákveðið sé hvaða starfslið og starfsaðstöðu hver héraðslæknir hefur. Það er gert ráð fyrir, að héraðslæknir starfi á heilsugæzlustöð á þeim stað þar sem hann er búsettur og að hann eigi kost á embættisbústað eins og núgildandi lög gera ráð fyrir.

Um 12. gr.

Eins og kunnugt er, er stór hluti launa héraðslækna í dag laun fyrir læknisstörf. Það er gert ráð fyrir því að héraðslæknar samkv. nýju kerfi taki laun eftir launakerfi opinberra starfsmanna, en fái jafnframt staðaruppbót þannig að þeir fái á hverjum tíma laun, sem eru í samræmi við laun lækna við sjúkrahús og heilsugæzlustöðvar, því ella mundu þeir hafa mun lægri laun en þessir starfsbræður þeirra og þá útilokað að fá lækna til þessara starfa.

Um 13. gr.

Greinin er sett til að undirstrika nauðsyn þess, að þessir embættislæknar fái aðstöðu til rannsóknastarfa og viðhaldsmenntunar og að þeir njóti að þessu leyti sömu réttinda eins og sjúkrahúslæknar njóta í dag.

Um 14. gr.

Greinin er skilgreining á því hvað átt sé við með orðinu heilsugæzla, en hér er orðið heilsugæzla notað um allt lækningastarf og heilsuverndarstarf, sem unnið er vegna heilbrigðra og sjúkra, sem ekki dveljast á sjúkrahúsum.

Um 15. gr.

Í hinum nýju læknishéruðum skal setja á stofn stöðvar, heilsugæzlustöðvar til þess að annast heilsugæzlu skv. skilgreiningu 14. greinar. Þar sem aðstæður leyfa skulu slíkar stöðvar vera í starfstengslum við sjúkrahús og áætlun um byggingaframkvæmdir hagað í samræmi við það.

Um 16. gr.

Hér ræðir um lágmarksstarfslið á heilsugæzlustöð, það er gert ráð fyrir að þar starfi minnst 1 læknir, heilsuverndarhjúkrunarkona, meinatæknir og ritari, auk héraðslæknis og héraðshjúkrunarkonu, þar sem svo á við. Þó er ekki nauðsynlegt að starfsliðið sé allt fullt starfslið heilsugæzlustöðvar, heldur að einhverju leyti starfslið annarrar heilbrigðisstofnunar, sem rekin er í tengslum við stöðina. Þá er gert ráð fyrir að lyfjaútibú eða lyfjasala eða lyfjasala læknis sé jafnan í heilsugæzlustöð, ef ekki er lyfjabúð á staðnum.

Um 17. gr.

Greinin telur upp hvar í hverju héraði, samkv. 7. grein, heilsugæzlustöðvar eiga að vera og jafnframt tiltekið hvaða landssvæði hver stöð eigi að þjóna. Við ákvörðun um staðsetningu heilsugæzlustöðva er haft í huga, að stöðin sé miðsvæðis í fjölbýliskjarna, að stöðin sé í tengslum við sjúkrahús, að starfsfólkið hafi verkefni á því starfssvæði, sem stöðinni er ætlað.

Einnig hefur verið reynt að taka tillit til byggðaþróunar undanfarinna ára og til þess hvar vísir að heilsugæzlustöðvum hefur risið upp á undanförnum árum. Um skiptingu einstakra hreppa milli heilsugæzlustöðvasvæða hefur að mestu verið fylgt gildandi læknaskipunarlögum.

Um 18. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 19. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 20. gr.

Greinin tiltekur að annars vegar skuli starfa í héruðum héraðshjúkrunarkonur með héraðslæknum og hafi þær umsjón með hjúkrunarstarfi í héraði, hins vegar heilsugæzluhjúkrunarkonur, sem starfi á heilsugæzlustöðvum.

Um 21. gr.

Í greininni eru ákvæði um kostnaðarþátttöku ríkissjóðs, 85 af hundraði, við byggingu og búnað heilsugæzlustöðva. Hér er um að ræða mjög mikla breytingu frá því, sem er í gildandi lögum. Það ósamræmi er í gildandi lögum, að læknamiðstöð, sem tekur til eins héraðs, er styrkt af ríkissjóði með 60 af hundraði, en allur kostnaður greiddur, ef fleiri en eitt hérað standa að stöðinni. Er hér bæði um að ræða kostnað við byggingu og búnað. Greinin eins og hún er nú gerir ráð fyrir að kostnaðarþátttaka ríkisins verði ávallt 85 af hundraði af heildarkostnaði, og er gert ráð fyrir að íbúðarhúsnæði lækna og hjúkrunarkvenna teljist hluti stöðvanna, utan Reykjavíkurlæknishéraðs.

Um 22. gr.

Í greininni er skilgreint hvaða þjónustu heilsugæzlustöð eigi að veita og þarfnast greinin ekki frekari skýringa.

Um 23. gr.

Greinin ræðir um rekstrarkostnað heilsugæzlustöðva og er hér um að ræða óbreytt ákvæði frá núgildandi reglum um læknamiðstöðvar.

Um 24. gr.

Greinin fjallar um stjórn heilsugæzlustöðva. Hér er vikið nokkuð frá gildandi reglum og er stjórnin gerð fjölmennari. Þá er einnig gert ráð fyrir því, að þegar heilsugæzlustöð er í starfstengslum við sjúkrahús, þá fari sjúkrahússtjórn með stjórn stöðvarinnar eins og sjúkrahússins, þetta er í samræmi við það að líta á starfsemina sem eina heild.

Um 25. gr.

Greinin fjallar um laun lækna við heilsugæzlustöðvar. Greinin gerir ekki ráð fyrir breytingum frá því sem nú er um laun héraðslækna, þ. e. að þeir fái annars vegar föst laun og hins vegar laun samkv. samningi fyrir einstök læknisverk.

Um 26. gr.

Greinin er skilgreining á því hvað átt sé við með orðinu sjúkrahús í lögunum.

Um 27. gr.

Sjúkrahús samkv. 26. grein eru flokkuð í þessari grein í 7 flokka eftir tegund og þjónustu. Tilgangur með flokkun sjúkrahúsa er fyrst og fremst að reyna að afmarka starfssvið ákveðinna sjúkrahúsa og verkaskiptingu þeirra og er gert ráð fyrir því, að með reglugerð verði starfandi sjúkrahúsum markað starfssvið samkvæmt þessari flokkun.

Um 28. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 29. gr.

Greinin er að mestu í samræmi við 1. grein núgildandi sjúkrahúslaga og þarfnast ekki skýringa.

Um 30. gr.

Greinin er að mestu í samræmi við 2. grein núgildandi sjúkrahúslaga, en benda má á að auk þessa verður að gera ráð fyrir að gildandi lög um opinberar framkvæmdir taki til þessara stofnana, þegar það á við.

Um 31. gr.

Greinin er samhljóða 3. grein núgildandi sjúkrahúslaga og þarfnast ekki skýringa.

Um 32. gr.

Greinin er að nokkru í samræmi við 4. grein núgildandi sjúkrahúslaga. Gert er ráð fyrir, að við hvert sjúkrahús sé sérstakur sjúkrahúslæknir eða yfirlæknir og hjúkrunarmenntuð forstöðukona. Þá er það nýmæli, að á svæðis- og deildasjúkrahúsum skuli vera yfirlæknir sérgreina, en auk þess skuli formaður læknaráðs svæðis- og deildasjúkrahúss vera yfirlæknir allrar stofnunarinnar.

Um 33. gr.

Greinin fjallar um yfirstjórn sjúkrahúsa ríkisins og hér er um breytingu að ræða frá núgildandi reglum. Það er gert ráð fyrir að starfsmannaráð, sbr. 35. grein, tilnefni 2 menn í stjórn en ráðherra skipi 3 án tilnefningar, á sama hátt er gert ráð fyrir að öðrum sjúkrahúsum sé stjórnað af 5 manna stjórnum þar sem starfsmannaráð kjósi 2 menn, en hlutaðeigandi sveitarstjórn 3.

Um 34. gr.

Þessi grein er nýmæli. Gert er ráð fyrir sérstakri ráðherraskipaðri nefnd, sem metur hæfni umsækjenda til ýmissa læknisstarfa. Gert er ráð fyrir að nefndin fjalli

jafnt um stöður hjá ríki og sveitarfélögum. Auk þess er gert ráð fyrir umsögn læknaráðs viðkomandi sjúkrahúss eða heilbrigðisstofnunar um umsækjanda. Þá er ákvæði um skipun forstöðukvenna við sjúkrahús ríkisins og forstöðukonur annarra sjúkrahúsa.

Um 35. gr.

Greinin kveður á um læknaráð við sjúkrahús. Gert er ráð fyrir læknaráðum við öll sjúkrahús, þar sem 3 læknar eða fleiri starfa og a. m. k. tveir eru í fullu starfi. Auk þess er gert ráð fyrir að við sjúkrahús séu stofnuð sérstök starfsmannaráð, þar sem starfshópar við sjúkrahúsið eigi fulltrúa og er gert ráð fyrir að sjúkrahússtjórn setji sérstakar starfsreglur og reglur um fulltrúakjör.

Um 36. gr.

Greinin leggur ráðherra þær skyldur á herðar að gera áætlun um heilbrigðisstofnanir, þ. e. sjúkrahús og heilsugæzlustöðvar, og er gert ráð fyrir að gerð sé 10 ára áætlun, sem endurskoðast á tveggja ára fresti.

Um 37. gr.

Greinin er nýmæli, því hér er gert ráð fyrir að sú skylda sé lögð á ríkissjóð að framkvæma áætlun um byggingu sjúkrahúsa og heilsugæzlustöðva. en samkv. núgildandi lögum er hvergi að finna ákvæði um hverjum beri að sjá um byggingu sjúkrahúsa. Hér eru tekin af tvímæli og ráðuneytið skyldað til frumkvæðis. Heimilt er þó að gera samninga við aðra aðila, að þeir taki að sér ákveðnar framkvæmdir og mundi þar fyrst og fremst vera um að ræða hinar ódýrari sjúkrahúsbyggingar, svo sem hjúkrunarheimili.

Um 38. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 39. gr.

Greinin fjallar um þátt heilbrigðisráðuneytisins í því að stuðla að aukinni þekkingu og endurbótum á grunn- og viðhaldsmenntun heilbrigðisstarfsmanna í samræmi við þarfir landsmanna á hverjum tíma. Þá er gert ráð fyrir því að ákveðnar stöður við ráðuneytið verði kennslustöður við háskólann, ef menntamálaráðuneytið og háskólinn óska eftir því.

Um 40. gr.

Vegna framkvæmda heilbrigðiseftirlitsins og lyfjaeftirlits, þá er nauðsynlegt fyrir ráðuneytið og deildir þess að hafa aðgang að rannsóknastofnunum, eins og greinin kveður á um og verður að koma þeim á stofn ef ekki reynist unnt að fá þessa þjónustu hjá þeim stofnunum, sem fyrir hendi eru.

Um 41. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 42. gr.

Það þykir eðlilegt að ferðalög lækna og annarra heilbrigðisstarfsmanna skuli vera þeim að kostnaðarlausu þegar þau eru starfsins vegna, og í samræmi við það er gert ráð fyrir þeirri framkvæmd, sem greinin tiltekur, sem er í samræmi við gildandi reglur ríkisins um bílakostnað.

Um 43. gr.

Talið er nauðsynlegt að kveða á um samráð milli ráðuneytisins og aðila annarra ráðuneyta (póst- og símamálastjóra, vegamálastjóra og forstjóra landhelgisgæzlu),

til þess að hægt sé að tryggja að það náist til læknis, þegar á þarf að halda, og að læknir komist leiðar sinnar eins og þarfir krefjast á hverjum tíma.

Um 44. gr.

Greinin er breyting frá núgildandi lögum, þannig að í stað þess að lána, þá á að veita læknastúdentum styrki gegn skuldbindingu um læknisþjónustu í strjálbýli. Greinin er sett í samráði við félag læknanema við Háskóla Íslands.

Um 45. gr.

Hér er gert ráð fyrir að stofna öflugan læknishéraðasjóð, sem sé ráðuneytinu tiltækur til að bæta læknisþjónustu í dreifbýli með hverjum þeim ráðum, sem tiltæk eru hverju sinni. Gert er ráð fyrir, að ráðherra hafi heimild til að veita bæði lán og styrki úr þessum sjóði.

Um 46. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Ákvæði til bráðabirgða.

Bráðabirgðaákvæðin eru öll sett til þess að stuðla að sem fljótastri og virkastri framkvæmd laganna.

Nd. 311. Frumvarp til laga [170. mál]

um breyting á lögum nr. 53 29. apríl 1967, orkulögum.

(Lagt fyrir Alþingi á 93. löggjafarþingi, 1972—1973).

1. gr.

9. gr. orðist svo:

Með jarðhitasvæði er í lögum þessum átt við uppstreymissvæði frá rennsliskerfi heits grunnvatns. Jarðhitasvæði skiptast í háhitasvæði og lághitasvæði. Jarðhitasvæði telst háhitasvæði í lögum þessum, ef innan þess finnst 200° C hiti ofan 1000 metra dýpis. Önnur jarðhitasvæði nefnast lághitasvæði. Meðal háhitasvæða eru þessi svæði: Reykjanes, Svartsengi, Krísuvík, Brennisteinsfjöll, Hengill, Geysir, Kerlingafjöll, Hveravellir, Torfajökull, Vonarskarð, Grímsvötn, Kverkfjöll, Askja, Fremrinámur, Námafjall, Krafla, Þeistareykir og önnur jarðhitasvæði með sömu eiginleikum.

Ríkið á allan rétt til umráða og hagnýtingar jarðhita á háhitasvæðum og uppleystra efna og gastegunda, sem háhitavatni og gufu fylgja, þó með takmörkunum, sem í lögum þessum greinir.

Ríkisstjórnin lætur með rannsóknum ákveða mörk háhitasvæða Íslands. Meðan sú rannsókn fer fram, skal Orkustofnun gera ríkisstjórninni grein fyrir því árlega, hver séu þekkt háhitasvæði á landinu og hvaða svæði eru líkleg háhitasvæði, en óvissa ríkir um. Með þau svæði, sem óvissa ríkir um, skal farið sem háhitasvæði, þar til rannsókn leiðir annað í ljós.

Landareign hverri fylgir réttur til umráða og hagnýtingar jarðhita á lághitasvæðum og hvera og náttúrulegs jarðhita á yfirborði landareignar á háhitasvæði.

Landeiganda er rétt að hagnýta sér jarðhita á lághitasvæði og hveri og annan náttúrulegan jarðhita á yfirborði lands á háhitasvæði, eins og honum þykir bezt henta til heimilisþarfa, framleiðslu og iðnaðar, sbr. þó ákvæði þessa kafla og VII.

kafla laganna. Hann hefur rétt til að stífla frárennsli frá jarðhitasvæðum, hlaða bakka eða garða um þau, ræsa fram ofanjarðar eða neðan, ef ekki stafar hætta af eða veruleg óþægindi eða spjöll á eign annars manns, sem ekki er skylt að hlíta samkvæmt sérstakri heimild. Landeiganda er einnig rétt að bora á landareign sinni á lághitasvæði eftir jarðhita og vinna hann til hvers konar nota. Landeiganda er óheimilt að bora á landareign sinni á háhitasvæði eftir jarðhita.

2. gr.

10. gr. orðist svo:

Til vinnslu jarðhita með borunum á háhitasvæði þarf leyfi Alþingis. Þó er ráðherra heimilt að veita leyfi til minni háttar vinnslu jarðhita á háhitasvæði til þarfa býla og annarra notenda, er á háhitasvæði kunna að vera eða í næsta nágrenni við það, þó ekki yfir 50 kg/sek. hámarksafköst á hverjum stað og því aðeins, að sú vinnsla torveldi ekki aðra nýtingu háhitasvæðis síðar að dómi Orkustofnunar. Í leyfi skal greina þau skilyrði, sem leyfi er háð, svo og gjald fyrir vinnsluna, sem renni í Orkusjóð.

Umsóknir um leyfi til vinnslu jarðhita með borunum á háhitasvæði og til stækkunar leyfðs jarðhitavers skulu sendar til ráðherra ásamt uppdráttum og öðrum þeim upplýsingum um fyrirhugað jarðhitaver, sem ráðherra krefst. Ráðherra sendir gögn þessi Orkustofnun til umsagnar, áður en hann afgreiðir málið endanlega eða fær það Alþingi til meðferðar.

Sá, sem borað hefur eftir jarðhita á háhitasvæði og byrjað vinnslu hans við gildistöku laga þessara, skal hafa rétt til vinnslu þess jarðhita áfram án sérstaks leyfis.

Sá, sem borað hefur eftir jarðhita á háhitasvæði, en ekki byrjað vinnslu hans við gildistöku laga þessara, á ekki rétt til frekari borunar eða hagnýtingar jarðhitans, nema til komi leyfi skv. 1. mgr., en ríkinu er skylt að greiða honum kostnaðarverð borunarinnar, ef þess er óskað og hún hefur verið framkvæmd árið 1965 eða síðar, enda verði borholurnar þá eign ríkisins.

Komi í ljós, að við borun eftir jarðhita á háhitasvæði hefur dregið úr magni þess jarðhita, er áður kom úr hverum eða öðrum náttúrulegum jarðhita á yfirborði landareignar, skal sá, sem lætur bora, greiða landeiganda bætur fyrir varmamissinn eftir mati, ef samkomulag næst ekki. Sama gildir, ef dregur úr magni þess jarðhita á háhitasvæði, sem byrjað var að vinna fyrir gildistöku laga þessara, sbr. 3. mgr.

3. gr.

15. gr. orðist svo:

Ríkið hefur rétt til að láta rannsaka eða leyfa rannsókn á jarðhita með borun eða á annan hátt, hvar sem er á landi hér. Er landeigandi eða umráðamaður skyldur að leyfa mönnum þeim, er ríkið eða leyfishafi gerir út í þeim tilgangi, óhindraðan aðgang að landareigninni. Verði landið fyrir einhverjum skemmdum við rannsóknina, eða bíði landeigandi eitthvert tjón af henni, skal það bætt að fullu eftir mati, náist ekki samkomulag.

Leyfi, er ráðherra veitir öðrum til rannsókna á jarðhita, skal bundið þeim skilyrðum, að Orkustofnun eigi kost á að fylgjast með rannsókninni og leyfishafi láti ráðherra í té, að rannsókn lokinni, skýrslu um niðurstöður hennar.

4. gr.

Upphaf 16. gr. orðist svo:

Nú er jarðhiti á lághitasvæði tekinn eignarnámi eða leyfi veitt til borunar og vinnslu jarðhita á háhitasvæði, ...

5. gr.

Á eftir 2. mgr. 49. gr. komi ný mgr., svo hljóðandi:

Skylt er að tilkynna Orkustofnun allar boranir eftir jarðhita dýpri en 100 metra og leita úrskurðar hennar um, hvort borstaður er á háhitasvæði eða ekki.

6. gr.

Á eftir staflið d. í 1. mgr. 68. gr. komi ný setning, svo hljóðandi:

e. Gjöld fyrir leyfi til vinnslu jarðhita skv. 10. gr.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

I.

Í lagafrumvarpi þessu er greint á milli umráða- og hagnýtingarréttar á jarðhita eftir því, hvort hann er að finna á háhitasvæðum eða lághitasvæðum.

Allur jarðhiti á lághitasvæðum, svo og hverir og annar náttúrulegur jarðhiti á yfirborði háhitasvæða, er háður einstaklingseignarrétti landeiganda, en annar jarðhiti á háhitasvæðum er í almannaeign og í umráðum ríkisins. Þó skulu þeir, sem borað hafa eftir jarðhita á háhitasvæðum og byrjað vinnslu hans við gildistöku laganna, hafa þann rétt óskertan áfram.

Óheimilt er, að aðrir aðilar en ríkið og þeir, sem leyfi ríkisvaldsins fá, bori eftir jarðhita á háhitasvæðum.

Ráðherra hefur heimild til að leyfa vinnslu jarðhita á háhitasvæðum til minni háttar nota, en að öðru leyti skal skipa hagnýtingu háhita framvegis með löggjöf hverju sinni og er með því tryggt, að nýting þessara orkulinda verði sem hagkvæmust fyrir þjóðina.

Þess má vænta, að Alþingi heimili þeim sveitarfélögum, sem keypt hafa lönd og lagt í verulegan kostnað við að búa sig undir vinnslu jarðhita á háhitasvæðum, að nýta þau jarðhitasvæði framvegis, ef þess verður óskað.

Í samræmi við 2. gr. orkulaganna er Orkustofnun ætlað það hlutverk, að ákveða nánar mörk háhitasvæða og segja álit sitt á, hvernig nýtingu háhitasvæðanna verður bezt hagað á hverjum tíma. Til að auðvelda Orkustofnun eftirlit með hagnýtingu jarðhitans er ákveðið, að skylt sé að tilkynna henni allar boranir eftir jarðhita dýpri en 100 metra.

Þá eru og sett skýr ákvæði um heimild til eignarnáms á aðstöðu vegna borunar og vinnslu jarðhita á háhitasvæðum.

Með lögum þessum eru eignarrétti einstaklinga sett tiltekin almenn takmörk án þess að bætur komi fyrir, en heimild löggjafarvaldsins til að setja eignarréttinum almennar takmarkanir er fyrir löngu viðurkennd af dómstólum.

Ekki eru í íslenzkum lögum ákvæði um takmörk eignarráða landeiganda niður á við, en talið hefur verið, að eignarráð landeiganda nái svo langt niður, sem nauðsynlegt er að leyfa honum þau, til þess að hann geti haft þau not af landi sínu, sem heyra til venjulegrar hagnýtingar á eignarrétti yfir fasteign. (Ólafur Lárusson: Eignarréttur, bls. 46.)

Um afstöðu löggjafans til eignarréttar yfir jarðhita þykir rétt að benda á eftirfarandi:

Í 9. og 10. gr. vatnalaga nr. 15 frá 1923 er á því byggt, að hverir og laugar fylgi landareign þeirri, sem hver eða laug er á, en nokkrar takmarkanir eru þó á umráðarétti landeiganda.

Í lögum nr. 98 frá 1940, um eignar- og notkunarrétt jarðhita, segir, að landareign hverri fylgi réttur til umráða og hagnýtingar á hverum og laugum (jarðhita),

sem á henni eru. Skv. lögunum er landeiganda rétt að hagnýta sér hveri og laugar, eins og honum þykir bezt henta, til heimilisþarfa, framleiðslu og iðnaðar. Þá segir og í lögunum, að ef landamerki liggi um hverasvæði þannig, að einhver hluti hveragufunnar eða lofsins eða laugarvatns liggi svo í landareign tveggja eða fleiri landeigenda, að ekki verði aðskilið, þegar hagnýtt er, þá skuli skorið úr því með mati, hvern hlutfallslegan rétt hver hefur til jarðhitaorkunnar. Ekki er í lögunum almenn eignarnámsheimild jarðhitaréttinda, en í þeim er þó gert ráð fyrir eignarnámi hvera eða laugarvatns.

Í lögunum nr. 98 frá 1940 og öðrum lagafrumvörpum, sem fyrr höfðu verið lögð fyrir Alþingi, en eigi voru afgreidd, kemur fram sú meginstefna, að landeigandi hafi eignar- og afnotarétt á jarðhita á landareign sinni með nokkrum takmörkunum þó.

Þessi afstaða kemur og fram í lögum nr. 11 frá 1936, l. nr. 38 frá 1940, l. nr. 101 frá 1940, l. nr. 114 frá 1943 um breytingu á lögum nr. 98 frá 1940, l. nr. 40 frá 1948, 47. gr. l. nr. 102 frá 1962, l. nr. 36 frá 1961, l. nr. 55 frá 1961, l. nr. 28 frá 1963 og l. nr. 23 frá 1966 og e. t. v. víðar.

Árið 1954 skipaði landbúnaðarráðherra nefnd til að undirbúa löggjöf um jarðhita og jarðhitarannsóknir. Í nefndina voru skipaðir Jakob Gíslason, Ólafur Jóhannesson og Gunnar Böðvarsson, en auk þess starfaði Baldur Líndal með nefndinni. Nefnd þessi samdi frumvarp til laga um jarðhita í 66 greinum. Með greinargerð frumvarpsins fylgdi ritgerð eftir Ólaf Jóhannesson „Um eignar- og umráðarétt jarðhita“.

Í frumvarpi þessu var svo hljóðandi ákvæði:

„Ríkið á allan rétt til umráða og hagnýtingar jarðhita, sem liggur dýpra eða sóttur er dýpra en 100 metra undir yfirborð jarðar.“

Er frumvarpið var lagt fyrir Alþingi 1956 komu ekki fram athugasemdir þess efnis, að sú almenna takmörkun eignarréttarins, sem fyrr greinir, bryti í bága við 67. gr. stjórnarskrárinnar. Frumvarpið varð ekki útrætt á því þingi né hinu næsta.

Með lögum nr. 58 frá 1967, orkulögum, III. kafla, voru l. nr. 98 frá 1940 leyst af hólmi, en í 9. og 10. gr. laganna, sem lagt er til að breytt verði með frumvarpi þessu, eru ákvæði efnislega samhljóða 1. og 3. gr. l. nr. 98 frá 1940, um eignar- og notkunarrétt jarðhita. Í 14. gr. orkulaga er almenn heimild til eignarnáms á jarðhitaréttindum og jarðhitaorku, en það var nýmæli, þar sem lögin frá 1940 gerðu ráð fyrir, að Alþingi fjallaði hverju sinni um nauðsyn eignarnáms jarðhita.

Enda þótt Alþingi hafi þannig byggt á þeirri meginstefnu í löggjöf, að landeigendur hefðu umráða- og eignarrétt á jarðhita bæði á og í jörðu, þá setur það löggjafarvaldinu engar skorður við því, að ákveða nú með löggjöf hverjum almennum takmörkunum eignarréttur á jarðhita skuli háður.

Áður hefur verið vikið að þeirri almennu reglu, að eignarráð landeiganda nái svo langt niður, sem nauðsynlegt er að leyfa honum, til þess að hann geti haft þau not af landi sínu, sem heyra til venjulegrar hagnýtingar á eignarrétti yfir fasteignum.

Frá þessari almennu reglu verða gerðar undantekningar, bæði á þann hátt að ákveða, að einstök efni undir yfirborði jarðar skuli vera algerlega undanskilin eignarráðum landeiganda eða þau skuli vera undanskilin eignarráðum neðan við tiltekið dýpi.

Í löggjöf margra ríkja, sem veita eignarréttindum sömu vernd og 67. gr. stjórnarskrárinnar, eru ákvæði um eignar- og umráðarétt ríkisins á ýmsum verðmætum jarðefnum og í jarðhitalöndum eins og Nýja Sjálandi og Ítalíu teljast landeigendur ekki eigendur jarðhita, sem sækja þarf í jörð niður. Er slíkur jarðhiti í umráðum ríkisins.

Ákvæði 67. gr. stjórnarskrárinnar um friðhelgi eignarréttarins á sér fyrirmynd í 87. gr. dönsku stjórnarskrárinnar frá 1849, sem byggð er á belgisku stjórnarskránni frá 1831 og mannréttindayfirlýsingunni frönsku frá 1789.

Í dönsku námulögunum nr. 181 frá 1950, Lov om efterforskning og indvinding af råstoffer i Kongeriget Danmarks undergrund, segir í 1. gr., að efni í jörðu, sem ekki höfðu verið nýtt að einkarétti fyrir árið 1923, séu í umráðum ríkisins, sem getur veitt einkaleyfi til rannsókna og vinnslu þeirra. Hefur löggjöf þessi ekki verið talin brjóta í bága við ákvæði dönsku stjórnarskrárinnar um friðhelgi eignarréttarins.

Í fyrrgreindri ritgerð Ólafs Jóhannessonar, sem fylgdi frumvarpi til laga um jarðhita, er ýtarlega fjallað um það, hvort sú almenna takmörkun á eignarrétti á jarðhita, sem lögð var til í frumvarpinu, bryti í bága við ákvæði 67. gr. stjórnarskrárinnar. Var niðurstaða hans sú, að heimilt væri að setja eignarrétti landeiganda á jarðhita slík almenn takmörk án þess að það bryti í bága við eignarréttarvernd stjórnarskrárinnar.

Dr. Bjarni Benediktsson flutti á Alþingi 1945 frumvarp til laga um viðauka við l. nr. 98 frá 1940 (Alþt. 1945 A, þskj. 200). Var þar lagt til, að jarðboranir, er ná dýpra en 10 metra, megi ekki framkvæma án leyfis ráðherra, sem skyldi synja leyfis, ef hætta kynni að vera á því, að með jarðborun væri spillt hagnýtingu jarðhita á eign annars manns, sem þegar er hafin, eða hagnýtingu síðar meir, enda sé sú hagnýting jarðhitans mun verðmeiri en sú hagnýting, sem stefnt er að með hinni fyrirhuguðu jarðborun. Ekki var í frumvarpinu ákvæði um bætur í því tilviki að leyfis væri synjað, enda segir í greinargerð með frumvarpinu m. a.: „Hér er aðeins um almenna takmörkun á eignarréttinum að ræða, sem löggjafarvaldinu er heimilt að setja, þrátt fyrir ákvæði stjórnarskrárinnar um friðhelgi eignarréttarins.“ Það hefur því verið skoðun dr. Bjarna Benediktssonar, að slík almenn takmörkun væri heimil án bóta, enda þótt henni væri eingöngu ætlað að vernda byrjaða nýtingu eða væntanlega nýtingu jarðhita á landareign granna.

Ekki er í frumvarpi þessu gengið svo langt í almennri takmörkun á eignarrétti á jarðhita sem í frumvarpi dr. Bjarna Benediktssonar eða frumvarpinu frá 1956.

Ljóst er, að það er þjóðarheill fyrir bestu, að hin mikla orka, sem bundin er í háhitasvæðum, verði nýtt á skipulegan hátt, en ekki látin ónotuð, eins og verið hefur að mestu fram til þessa.

Nýting háhitaorkunnar telst ekki til þeirra nota af landi, sem heyra til venjulegrar hagnýtingar á eignarrétti yfir fasteignum. Verðmæti hennar í jörðu hafa ekki orðið til fyrir mannlega starfsemi. Landeigendur almennt hafa hvorki yfir að ráða þeirri tæknilegu þekkingu né tækjabúnaði, sem þarf til víðtækra rannsókna á háhitasvæðum, til borunar og vinnslu jarðhitans.

Til rannsókna á hagnýtingargildi hinna einstöku háhitasvæða þarf að kosta miklu fé, en þar sem niðurstöður slíkra rannsókna hljóta ávallt að vera óvissar, er ekki við því að búast, að einstakir landeigendur hætti fé sínu til slíkra rannsókna. Fjárfesting í tækjum til rannsókna og vinnslu jarðhitans á háhitasvæðum hlýtur og að verða einstökum landeigendum ofviða. Nýting jarðhita á hverju einstöku háhitasvæði þarf að lúta stjórn eins aðila, þar sem skipulagslausar boranir á sama svæði af hálfu fleiri aðila mundu leiða til óþarfrar sóunar verðmæta og árekstra, þar sem síðari boranir gætu raskað vinnslu jarðhita úr borholum, sem áður hafa verið boraðar.

Af þessum ástæðum þykir rétt að tryggja með lögum þessum, að jarðhiti á háhitasvæðunum verði nýttur á þjóðhagslega hagkvæman hátt, án þess þó að koma í veg fyrir eðlileg not landeiganda af fasteignum sínum. Að svo miklu leyti, sem landeigandi verður fyrir takmörkunum á eignarrétti sínum á landi vegna borunar og vinnslu jarðhita á háhitasvæði, bera honum fullar bætur fyrir.

II.

Með jarðhitasvæði er í frumvarpinu átt við uppstreymissvæði frá rennsliskerfi heits grunnvatns. Rannsóknir hafa sýnt, að slíkum svæðum má skipta í tvo flokka. Annars vegar eru lághitasvæði, sem oft einkennast af vatnsmiklum laugum og sjóðandi hverum og eru yfirleitt á láglendi. Hins vegar eru háhitasvæði, sem einkennast af gufuaugum, leirhverum og ummynduðu bergi. Við boranir í fimm háhitasvæði hefur fundizt yfir 200° C hiti á minna en 1000 m dýpi, og efnarannsóknir á öðrum háhitasvæðum benda til, að þar megi vænta svipaðs ástands. Virðist eðlilegt að miða skilgreiningu háhitasvæða við þetta ástand.

Nýtanlegt varmaafl háhitasvæðanna er talið vera um 90 af hundraði alls varmaafls jarðhitasvæða landsins. Telja má líklegt, að háhitasvæðin verði á næstu áratugum nýtt fyrst og fremst til stóriðju, raforkuvinnslu og hitaveitu í þéttbýli. Slík nýting yrði ekki á færi einstaklinga, heldur í höndum ríkis, sveitarfélaga eða stórra fyrirtækja.

Dreifing háhita- og lághitasvæða er nátengd jarðfræði landsins. Háhitasvæðin finnast eingöngu í gosbeltum, sem liggja yfir landið frá SV—NA og eru hluti af gos- og jarðsprungubelti Mið-Atlantshafshryggjarins, sem liggur eftir Atlantshafinu endilöngu. Lághitasvæðin eru aftur á móti í eldri bergmyndunum utan gosbeltanna. Þau gosbelti, sem hér er átt við, eru sýnd á meðfylgjandi mynd, fskj. I. Innan þeirra eru merkt háhitasvæði, sem kunnugt er um, og önnur jarðhitamerki, þar sem líklegt er talið, að háhiti leynist undir.

Þekkt háhitasvæði eru: Reykjanes, Svartsengi, Krísuvík, Brennisteinsfjöll, Hengill, Geysir, Kerlingafjöll, Hveravellir, Torfajökull, Vonarskarð, Grímsvötn, Kverkfjöll, Askja, Fremrinámur, Námafjall, Krafla, Þeistareykir.

Líkleg svæði eru (yfirborðseinkenni í svigum):

Prestahnúkur (einungis laugar allt að 40° C).

Mýrdalsjökull (undir jökli, íblöndunar jarðhitavatns verður vart í ám).

Tindafjallajökull (einungis laugar um 50° C).

Blautakvísl (kalkhrúður útbreitt, en enginn hiti á yfirborðinu).

Nauthagi (einungis laugar allt að 68° C).

Kaldakvísl (einungis laugar og hverir, minna en 100° C).

Hrúthálsar (skellur og gipsútfellingar, en enginn hiti á yfirborði).

Auk þess er líklegt, að finnast muni fleiri háhitasvæði innan gosbeltanna, sem mörkuð eru á kortinu, þótt ekki hafi enn fundizt merki um þau á yfirborði. Jarðfræðilegar aðstæður mæla hins vegar sterklega gegn því, að háhitasvæði finnist utan þessara gosbelta.

Háhitasvæðin eru flest allhátt yfir sjó og heitt djúpvatn þeirra nær yfirleitt ekki til yfirborðs. Af heitu djúpvatninu stígur gufa og gas og mynda á yfirborði gufuaugu og leirhveri. Yfirborðsvatn getur hitnað af snertingu við gufuna og bergið og myndað minni háttar hveri og laugar á háhitasvæðunum og jöðrum þeirra.

Á tveimur þekktum háhitasvæðum, Reykjanesi og Svartsengi, er djúpvatnið sjór, en annars staðar ósalt grunnvatn, sem hitnað hefur við djúpa hringrás í jörðu.

Hvert háhitasvæði er sjálfstætt rennsliskerfi og getur vinnsla á einum stað raskað rennsli á öðrum stöðum í kerfinu. Af þessum sökum er mikilvægt, að vinnsla jarðhita á hverju svæði sé í höndum eins aðila.

Varmavinnsla úr háhitasvæði er mun erfiðari en vinnsla lághita. Vegna gufuþrýstings og mikils magns uppleystra efna í háhitavatni krefst virkjun þess vandaðri og viðameiri borholubúnaðar, flóknari tækjabúnaðar og meiri tækniþekkingar.

Af þessum sökum m. a. er nýting varma á háhitasvæðum svo vandasöm, að einstaklingar hafa ekki sótzt eftir henni. Helzt hefur verið um að ræða nýtingu vatns við jaðra svæðanna með svipuðum hætti og nýting lághitavatns.

Á undanförnum árum hefur verið unnið nokkuð að áætlunum um nýtingu háhitasvæða. Einn þröskuldur í vegi slíkra áætlana hefur verði óvissa um umráðarétt á jarðhita, sem unnin er með borunum djúpt í jörðu. Tilgangur þessara laga er að ákveða skýrar en verið hefur eignarrétt slíks jarðhita.

Athugasemdir við einstakar greinar.

Um 1. gr.

Um 1. mgr. Í grein þessari er að finna skilgreiningu á háhitasvæðum og jafnframt eru talin upp þau jarðhitasvæði, sem víst er, að eru háhitasvæði. Þau jarðhitasvæði, sem ekki falla undir þessa skilgreiningu, eru lághitasvæði.

Um 2. mgr. Í málsgrein þessari er ákveðið, að umráða- og hagnýtingarréttur jarðhita á háhitasvæðum, eins og þau eru skilgreind í 1. málsgrein, tilheyri ríkinu og eru rök fyrir þeirri skipan rakin í greinargerð.

Heitu vatni og gufu á háhitasvæðum fylgir jafnan nokkurt magn af uppleystum steinefnum og gastegundum. Þessi efni eru óaðskiljanlegur hluti jarðhitavinnslunnar og er því eðlilegt, að þau séu látin fylgja með jarðhitanum að því er varðar umráða- og hagnýtingarrétt.

Um 3. mgr. Í almennum lið greinargerðar eru talin upp svæði, sem fullvíst er talið, að séu háhitasvæði, og enn fremur þau svæði, sem líkleg teljast. Árið 1969 gerði Orkustofnun áætlun um rannsókn 11 háhitasvæða og hefur verið unnið samkvæmt þeirri áætlun að rannsókn Reykjaness, Svartsengis, Krísuvíkur, Hengils, Námafjalls, Kröflu og Þeistareykjasvæðis. Á sumum þessara svæða er rannsókn og skýrslugerð að mestu lokið, en rannsókn verður haldið áfram eftir því, sem fé er veitt til.

Um 4. og 5. mgr. Réttur landeiganda til umráða og hagnýtingar lághita er í engu skertur frá fyrri lögum, og heldur ekki réttur til hvera og annars náttúrulegs jarðhita á yfirborði háhitasvæðis. Mjög lítið er um nýtingu háhitasvæða á þennan hátt, einna helzt smávægileg not til hitunar íbúðarhúsnæðis, fjallaskála, baða og ræktunar í heitum jarðvegi. Gróðurhús eru nær eingöngu hituð með lághitavatni, ef undan er skilið Hveragerði, sem nýtir afrennsli frá háhitasvæði í eigu ríkisins.

Landeiganda er samkvæmt lögum þessum óheimilt að bora eftir jarðhita í háhitasvæði.

Um 2. gr.

Um 1. mgr. Meginstefna þessa ákvæðis er, að Alþingi ákveði með löggjöf, hvernig skipa skal hagnýtingu einstakra háhitasvæða. Í slíkri löggjöf yrðu væntanlega ákvæði um mörk vinnslusvæðis, hvaða aðili hafi leyfi til að bora eftir háhita og vinna hann, tímalengd sérleyfis til vinnslu, að frumdrætti að fyrirhuguðum mannvirkjum skuli leggja fyrir ráðherra til samþykktar, hvenær vinnslu skuli hefja í síðasta lagi, að leyfi falli niður, ef vinnsla er stöðvuð um tiltekið tímabil, að bannað sé að framselja vinnsluleyfi án samþykkis ráðherra, um greiðslur fyrir vinnsluna, að leyfishafi greiði landeiganda bætur skv. 15. og 16. gr. laganna, hvernig ráðstafa skuli vinnslumannvirkjum að vinnslutíma loknum, um ráðstafanir gegn hættu, sem af vinnslunni kann að stafa og gegn spjöllum á umhverfi svo og önnur skilyrði, sem ástæða er til að setja hverju sinni. Enn fremur ákvæði um gjald það, sem leyfishafi skal greiða, en við ákvörðun þess hlýtur að gæta margvíslegra sjónarmiða og erfitt að marka í þessum lögum ákveðna stefnu, sem fylgja skal við ákvörðun gjaldsins. Þess eru dæmi, að sveitarfélög eigi land á háhitasvæðum og hafi látið framkvæma rannsóknir á þeim með vinnslu fyrir augum eða byrjað vinnslu á háhitasvæðum og má vænta þess, að þau verði látin njóta þess, er ákvarðanir verða teknar um nýtingu háhitasvæða og við ákvörðun gjalds.

Ráðherra er heimilt með vissum takmörkunum að veita leyfi til minni háttar vinnslu jarðhita á háhitasvæðum og koma þá sömu sjónarmið til greina við ákvörðun skilyrða, sem setja skal í leyfi.

Grundvallarsjónarmið við nýtingu háhitasvæða er, að aðeins einn aðili hafi á hendi vinnslu varmans á hverju svæði. Leyfi Alþingis þarf til slíkrar vinnslu. Hvert háhitasvæði er sérstakt rennsliskerfi og vinnsla á einum stað hefur meiri og minni áhrif á kerfið í heild. Árekstrarhættu væri boðið heim með því að leyfa fleiri óháðum aðilum að vinna varma úr sama háhitasvæðinu. Þó er gert ráð fyrir, að ábúendur og aðrir, sem búa í nágrenni háhitasvæða, kunni að óska eftir leyfi til borunar vegna minni háttar nýtingar og getur ráðherra veitt slíkt leyfi. Þessi minni háttar nýting mun ekki hafa áhrif á jarðhitasvæðin, en líklegt er, að stórfelld varmavinnsla á svæðinu gæti valdið truflun á henni. Leyfi til minni háttar nýtingar yrðu því að vera háð því skilyrði, að hún víki, ef hagsmunir hennar og meginnýtingar svæðisins fara ekki saman. Hámarksrennsli, sem minni háttar nýting mætti draga úr svæðinu á hverjum stað, er 50 kg/sek., en það er svipað rennsli og búast mætti mest við úr einni borholu.

Eðlilegt er, að gjald komi fyrir vinnslu varma úr háhitasvæðum og renni það gjald til Orkusjóðs, sem kostar rannsóknir á þeim. Gjald þetta mætti tilgreina sem ákveðinn hundraðshluta, t. d. 1—2% á ári af stofnkostnaði eða endurnýjunarverðmæti borhola, sem notaðar eru til vinnslu varmans.

Um 2. mgr. Upplýsingar, sem ráðherra þarf að krefjast, eru m. a., að uppdrættir og áætlanir séu tæknilega rétt, vinnslan verði fjárhagslega hagkvæm og að tryggður sé eðlilegur og truflanalaus rekstur. Vinnsluaðili skal haga rekstrinum þannig, að óþægindi og spjöll á umhverfi verði sem minnst. Enn fremur þarf vinnsluaðili að tryggja, að tæknilegum frágangi og eftirliti sé svo hagað, að Orkustofnun geti fylgzt með vinnslunni og áhrifum hennar á jarðhitasvæðið.

Um 3. mgr. Gert er ráð fyrir því, að sú vinnsla, sem byrjuð er á háhitasvæði, megi haldast óbreytt án þess að vinnsluaðili þurfi að sækja um leyfi til áframhaldandi vinnslu. Til frekari borunar og vinnslu þarf þó að sækja um leyfi.

Um 4. mgr. Hugsanlegt er, að einkaaðili eða bæjar- og sveitarfélag, sem borað hefur á síðustu árum á háhitasvæði, með einhverja nýtingu í huga, geti nú vegna þessarar lagabreytingar hætt við þá fyrirætlun og vilji selja ríkinu borholurnar. Ekki þykir þó ástæða til að láta þetta ná til eldri borhola en frá árinu 1965.

Um 5. mgr. Í þessum tilvikum eru sett ákvæði um bætur til þeirra, sem verða fyrir tjóni vegna borunar eftir jarðhita á háhitasvæði, en þeir aðilar, sem verndaðir eru af bótaákvæðinu, eru eigendur lands á háhitasvæði, þar sem er að finna hveri eða annan náttúrulegan jarðhita á yfirborði, svo og þeir, sem byrjað hafa vinnslu jarðhita á háhitasvæði.


Stórfelld og langvarandi varmavinnsla úr háhitasvæði getur lækkað vatnsborð heita grunnvatnsins. Afrennsli nær þá ekki lengur til yfirborðs, svo að hverir þorna, eða breytast í gufuaugu. Vinnslan getur einnig leitt til þess, að kalt yfirborðsvatn brjótist inn á svæði, sem áður var heitt. Lækkun á heitu grunnvatni og minnkun á gufustreymi upp til yfirborðs getur orðið til þess, að vatn nálægt yfirborði, sem áður hitnaði við rennsli um efstu jarðlög, fari kólnandi, þar sem minni varmi berst að neðan.


Um 3. gr.

Orðalagi greinarinnar er breytt til að taka af öll tvímæli um, að ráðherra sé heimilt að leyfa öðrum en ríkisstofnunum að framkvæma rannsóknir á jarðhita hvar sem er á landinu. Nýtt ákvæði er um að binda skuli slíkt leyfi skilyrðum þess efnis, að Orkustofnun gefist kostur á að fylgjast með rannsóknum leyfishafa og leyfishafi skuli láta ráðherra í té skýrslu um niðurstöður rannsóknar að henni lokinni.

Um 4. gr.

Á þessari grein er gerð breyting þess efnis, að landeigendum og leiguliðum er skylt að þola þær kvaðir, sem í greininni eru taldar, einnig í þeim tilvikum, þegar leyfi er veitt til borunar og vinnslu á háhitasvæði og komi fullt endurgjald fyrir.


ORKUSTOFNUN
Jarðhitadeild
Þekkt og líkleg háhita
Reykjanes
Svartsengi
Krísuvík
Brennisteinsfjöll
Hengill
Geysir
Prestahnúkur
Karlingarfjöll
Hveravellir
Tindfjallajökull


ði á Íslandi
Þeistareykir
Krafla
Námafjall
Fremrinámur
Hrúthálsar
Askja
Vonarskarð
Kverkfjöll
Kaldakvísl
Grímsvötn
SKÝRINGAR:
Gosbelti
Háhitasvæði
0
50
100 km
B - Ým. Tnr. 342 _ Fnr. 10933

Um 5. gr.

Þetta er nýtt ákvæði, sem ætlað er að tryggja, að Orkustofnun geti fylgzt með öllum borunum á meira dýpi en 100 metra. Gefst þá Orkustofnun kostur á að tilkynna þeim, sem hyggst bora, hvort um háhita- eða lághitasvæði er að ræða.

Orkustofnun er skylt að fylgjast með vinnslu jarðhita og nýtingu hans. Nær allar boranir eftir jarðhita eru nú gerðar með vitund Orkustofnunar og eru þær borholur yfirleitt dýpri en 100 m. Vinnsla jarðhita með grynnri borholum kemur helzt til greina, þegar borað er rétt við hveri í þeim tilgangi að auðvelda beizlun þess vatns, sem í hverunum er.

Um 6. gr.

Þar sem lagt er til í 2. gr., að gjöld fyrir leyfi til varmavinnslu renni í Orkusjóð, er nauðsynlegt að taka upp nýtt ákvæði um þennan tekjulið.

Um 7. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Nd. 312. Frumvarp til laga [171. mál]

um breyting á lögum nr. 29 7. apríl 1956 um atvinnuleysistryggingar.

(Lagt fyrir Alþingi á 93. löggjafarþingi, 1972—1973).

1. gr.

Á eftir 23. gr. laganna komi ný grein svo hljóðandi, sem verði 24. gr. og breytist greinatala laganna í samræmi við það:

Stjórn sjóðsins er heimilt að veita þátttakendum í viðurkenndum starfsþjálfunarnámskeiðum styrk, sem nema má allt að því jafnhárri fjárhæð og atvinnuleysisbætur eru samkvæmt 18. gr. a fyrir hvern þátttakanda í slíkum starfsþjálfunarnámskeiðum að viðbættri þátttöku í ferðakostnaði og öðrum óhjákvæmilegum útgjöldum þátttakenda.

Stjórn sjóðsins setur nánari reglur um veitingu framangreindra styrkja.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta var að ósk iðnaðarráðherra samið af Hjálmari Vilhjálmssyni, formanni Atvinnuleysistryggingasjóðs. Hefur iðnaðarráðuneytið síðan fjallað um efni þess. Frumvarpinu fylgdu eftirfarandi athugasemdir:

Með frumvarpi þessu er lagt til, að stjórn atvinnuleysistryggingasjóðs verði heimilað að veita eins konar námstyrki til þeirra, sem taka þátt í viðurkenndum starfsþjálfunarnámskeiðum. Er þá gert ráð fyrir, að annar aðili annist námskeiðið og beri allan kostnað af því.

Með „viðurkenndum starfsþjálfunarnámskeiðum“ er átt við námskeið, sem aukið gætu verulega verkkunnáttu þátttakenda, að mati þar til kvaddra aðila. Fyrst um sinn — meðan ekki hefur verið komið fastri skipan á námskeiðahald og endurmenntun þá, sem hér um ræðir, er nauðsynlegt, að stofnanir þær (iðnfræðsluskólar, Iðnþróunarstofnun, tæknistofnanir atvinnuveganna, o. fl.), sem falið yrði að halda þessi námskeið, hafi sem nánast samstarf við samtök launþega og atvinnurekenda í hlutaðeigandi starfsgrein um mótun þessarar starfsemi. Tillögur þessara aðila um tilhögun og námsefni á hverju námskeiði fyrir sig skulu sendar sjóðstjórn ásamt beiðni um, að hlutaðeigandi námskeið sé styrkhæft.

Reglur þær, sem gert er ráð fyrir, að sjóðstjórn setji um veitingu styrkjanna, þurfa að geyma ákvæði, sem jafna aðstöðumun þeirra, sem námskeiðin sækja t. d. vegna ferðakostnaðar og uppihalds á meðan námskeiðið stendur. Þá verður og í reglum þessum að kveða á um nánari framkvæmd styrkveitinga, svo sem um umsóknir, sem veiti upplýsingar um þau atvik, sem áhrif hafa á þörf styrks. Enn fremur þarf í reglum þessum að kveða á um með hverjum hætti styrkir verða greiddir. Þörf kann að vera á ákvæðum í reglunum um ýmis önnur atriði varðandi framkvæmd málsins.

Það er kunnara en frá þurfi að segja, að með vaxandi iðnaði og fjölbreyttara atvinnulífi ryður ný tækni sér æ meira til rúms í þjóðlífinu, tækni, sem krefst breyttra starfshátta og þjálfunar þeirra, sem störfin annast. Þá mun í auknum mæli verða þörf fyrir algera endurmenntun fyrir þá, sem stunda vilja störf, sem þeir hafa ekki áður fengizt við.

Þessum þætti í fræðslumálum okkar hefur til þessa verið of lítill gaumur gefinn, og því er nú brýn þörf á að stórauka starfsþjálfun í hinum ýmsu greinum atvinnulífsins. Hér er um sameiginlega hagsmuni launþega og atvinnurekenda að ræða, því að afkoma beggja veltur, þegar til lengdar lætur, á því, að atvinnureksturinn verði svo hagkvæmur og arðsamur, sem kostur er.

Góð starfsmenntun er ekki aðeins frumskilyrði þess, að góður árangur náist í starfi, heldur einnig skilyrði þess, að sérhver starfandi maður njóti sín í starfi.

Tilgangurinn með því að veita mönnum styrk til þess að taka þátt í starfsþjálfunarnámskeiðum er sá að auðvelda þeim aðgang að aukinni þekkingu og betri hæfni til þess að leysa störf sín vel af hendi.

Málefni þetta snertir á þann hátt markmið atvinnuleysistryggingasjóðs, að menn geta auðveldlega orðið atvinnulausir aðeins vegna þess, að þá skortir kunnáttu til þess að vinna störf, sem bjóðast. Kemur þá á daginn, að fleiri eða færri menn ganga atvinnulausir og njóta bóta úr sjóðnum á sama tíma og vissar greinar atvinnulífsins eru lamaðar vegna skorts á starfshæfu vinnuafli. Slíkt óefni verður að fyrirbyggja, og sá er tilgangurinn með lagabreytingu þeirri, sem felst í frumvarpi þessu.

Ed. 313. Frumvarp til laga [172. mál]

um heimild til þess að setja á fót vinnslustöðvar á sviði sjávarútvegs.

Flm.: Steingrímur Hermannsson.

1. gr.

Óheimilt skal að setja á fót vinnslustöðvar á þeim sviðum sjávarútvegs, sem háð eru aflatakmörkunum, sem sjávarútvegsráðuneytið setur, án leyfis sama ráðuneytis. Þess skal gætt, að fyrirhuguð framleiðsluaukning rúmist innan þeirra aflamarka, sem ákveðin hafa verið á viðkomandi sviði og fyrir viðkomandi svæði.

2. gr.

Opinberum sjóðum og öðrum lánastofnunum skal óheimilt að veita lán til umræddra framkvæmda eða rekstrar, fyrr en leyfi, sbr. 1. gr., liggur fyrir.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með stóraukinni sókn á flestum eða öllum sviðum sjávarútvegs hefur reynzt nauðsynlegt að takmarka veiðar eftir ýmsum leiðum. Við rækju- og humarveiðar hefur t. d. bæði aflatími og aflamagn verið ákveðið af sjávarútvegsráðuneytinu, og

svipað má segja um veiðar á hörpudiski á ákveðnum svæðum. Ljóst virðist jafnframt, að takmarkanir á afla af krabbadýrum og skelfiski munu færast í vöxt. Heimild til veiða á þessum sviðum er jafnframt háð leyfum, sem sama ráðuneyti veitir, og eru þau leyfi bundin við ákveðin svæði.

Við fiskveiðar eru friðunaraðgerðir aðrar. Þar er lögð áherzla á að friða hrygningar- og uppeldisstöðvar. Beinar takmarkanir á aflamagni eða leyfisveitingar, þar sem veiðar eru á annað borð leyfðar, virðast fremur ósennilegar við slíkar veiðar.

Ljóst er, að ofangreindar aflatakmarkanir, einkum í sambandi við veiðar á skelfiski og krabbadýrum, hljóta að hafa bein áhrif á eðlilega afkastagetu í landi og arðsemi vinnslufyrirtækja. Með of mörgum slíkum fyrirtækjum á ákveðnu svæði má auðveldlega kippa rekstrargrundvellinum undan atvinnurekstrinum á svæðinu öllu með stóralvarlegum afleiðingum fyrir viðkomandi byggðarlag.

Sjávarútvegsráðuneytið ákveður með reglugerðum umræddar aflatakmarkanir. Hins vegar hefur virzt lítil eða engin samræming á byggingu vinnslustöðva og þess háttar aflatakmarkana á viðkomandi sviðum. Um það má nefna ýmis dæmi, sem ekki verða þó rakin í þessari greinargerð. Á þessu þarf að verða breyting. Með tilvísun til þess, að umræddar aflatakmarkanir og veiðileyfi eru ákveðin af sjávarútvegsráðuneytinu, þykir eðlilegast, að sama ráðuneyti ákveði fjölda vinnslustöðva. Áður en leyfi er veitt til þess að setja á fót vinnslustöð, er að sjálfsögðu gert ráð fyrir því, að leitað sé álits Hafrannsóknastofnunarinnar, Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins eða annarra sérfróðra aðila á viðkomandi sviði. Ekki þykir þó nauðsynlegt að binda slíkt í lögum.

Sþ. 314. Nefndarálit [8. mál]

um till. til þál. um endurskoðun laga um kosningar til Alþingis.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað tillöguna og mælir með samþykkt hennar.

Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja breytingartillögum, sem fram kunna að koma.

Alþingi, 10. febr. 1973.

Björn Fr. Björnsson, form., frsm.	Jónas Árnason, fundaskr.	Jón Skaftason.
Stefán Gunnlaugsson.	Bjarni Guðnason.	Ragnhildur Helgadóttir.
	Lárus Jónsson.	

Sþ. 315. Nefndarálit [45. mál]

um till. til þál. um útgáfu lagasafns í lausblaðabroti.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin leitaði álits á tillögu þessari hjá Lögfræðingafélagi Íslands, Dómarafélagi Íslands og dóms- og kirkjumálaráðuneytinu. Aðalatriðin úr svörum þeirra birtast hér fyrir neðan.

Úr svari stjórnar Lögfræðingafélagsins:

„Lögfræðingafélagið mælir með því, að rækilega sé kannað fyrirkomulag á útgáfu lagasafns, svo að bætt verði úr þeim erfiðleikum, sem lýst er í greinargerð

flutningsmanns þingsályktunartillögunnar. Komi þá til athugunar sá útgáfuháttur, sem um ræðir í henni.“

Úr svari stjórnar Dómarafélagsins:

„Stjórnin hefur kynnt sér þingsályktunartillögu þessa og röksemdir fyrir henni. Fagnar stjórnin þessari tillögu. Telur hún, að sú framkvæmd á útgáfu lagasafns, sem þar er lagt til, muni verða til mikils hægðarauka og vinnusparnaðar fyrir lögfræðinga og aðra og vera til þess fallin að draga úr réttaróvissu. Mælir stjórnin því eindregið með þessari þingsályktunartillögu.“

Úr svari ráðuneytisins:

„Prentun lagasafns, sem nú er unnið að, er það langt komið, að ekki kemur til greina að breyta um form á lagasafninu að þessu sinni. Vinna og pappír a. m. k. að verðmæti mörg hundruð þúsund krónur yrðu ónýt og tímatöf a. m. k. margir mánuðir. Nokkurn tíma þyrfti til tæknilegs undirbúnings að slíkri breytingu á formi lagasafns, en með hliðsjón af framansögðu mætti ætla, að tími gefist til slíkrar athugunar, þar sem nýtt lagasafn liggur fyrir á næstunni. Það er augljóst, að matsatriði er, hvort fullnægjandi þykir, að lagasafn sé einungis gefið út í lausblaðaformi. Mundi því fylgja mjög aukin þörf á útgáfu fullkomins efnisyfirlits slíks sundurlauss lagasafns. — Sýnist æskilegt, að öll þessi atriði yrðu metin í samhengi, jafnframt því, að endurskoðaðar yrðu lagareglur um efni og útgáfu Stjórnartíðinda.“

Nefndin mælir með samþykkt tillögunnar.

Alþingi, 15. febr. 1973.

Björn Fr. Björnsson, form.	Jónas Árnason, fundaskr., frsm.	Bjarni Guðnason.
Stefán Gunnlaugsson.	Lárus Jónsson.	Ragnhildur Helgadóttir.

Sþ. 316. Nefndarálit [28. mál]

um till. til þál. um kennslu í fjölmiðlun við Háskóla Íslands.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað þetta mál, leitað umsagnar nokkurra aðila og fengið þar jákvæðar undirtektir. Er nefndin sammála um að leggja til, að tillagan verði samþykkt með breyttu orðalagi.

BREYTINGARTILLAGA:

Tillögugreinin orðist svo:

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta kanna, hvort eigi séu tök á, að Háskóli Íslands hefji og haldi uppi kennslu í fjölmiðlun, og ef svo reynist, þá með hverjum hætti hún skuli vera.

Alþingi, 15. febr. 1973.

Björn Fr. Björnsson, form.	Jónas Árnason, fundaskr.	Stefán Gunnlaugsson, frsm.
Lárus Jónsson.	Ragnhildur Helgadóttir.	Bjarni Guðnason.

Ed. 317. Frumvarp til laga [173. mál]

um verkfræðiþjónustu á vegum landshlutasamtaka sveitarfélaga.

Flm.: Alexander Stefánsson, Steingrímur Hermannsson.

1. gr.

Óski landshlutasamtök sveitarfélaga að koma á fót verkfræðiþjónustu í viðkomandi landshluta, sbr. 2. gr., sem þau hyggjast starfrækja á eigin vegum eða í samvinnu við starfandi verkfræðinga eða aðra aðila, skal ríkisvaldið veita aðstoð við stofnsetningu og rekstur slíkrar starfsemi, eins og segir í lögum þessum, enda sé viðunandi verkfræðiþjónusta að öðrum kosti ekki fáanleg í þeim landshluta.

2. gr.

Verkfræðistofur á vegum landshlutasamtaka skulu hafa í þjónustu sinni verkfræðinga, tæknifræðinga og annað starfslið í því skyni að veita sveitarfélögum, fyrirtækjum og einstaklingum í landshlutanum þá verkfræðiþjónustu, sem fært þykir, sem og opinberum framkvæmdaaðilum, enda er þeim skylt að leita þjónustu slíkra verkfræðistofa, eins og frekast er unnt, við undirbúning og eftirlit með opinberum framkvæmdum. Enn fremur er heimilt að fela slíkri verkfræðistofu að vinna skipulagsstörf í viðkomandi landshluta í samráði við skipulagsstjórn ríkisins. Opinber framkvæmdaaðili, sem hefur á sínum vegum eigin starfsmann staðsettan í landshluta, skal fá aðstöðu fyrir slíkan starfsmann á verkfræðistofu, sem landshlutasamtök koma á fót samkvæmt lögum þessum.

3. gr.

Fyrir þá verkfræðiþjónustu, sem veitt er, skal greiða samkvæmt viðurkenndri gjaldskrá fyrir slíka starfsemi.

4. gr.

Verði komið á fót verkfræðiþjónustu, eins og um ræðir í þessum lögum, getur hún tekið að sér áætlanagerð fyrir Framkvæmdastofnun ríkisins gegn hæfilegri greiðslu eftir samkomulagi aðila, enda greiði stofnunin þá sem svarar ¾ hlutum af árslaunum starfsmanns, sbr. lög um Framkvæmdastofnun ríkisins, nr. 93 frá 24. desember 1971, 31. gr.

5. gr.

Ríkisvaldið veitir fjárhagsaðstoð við stofnsetningu og rekstur slíkrar verkfræðistofu, eins og hér segir:

1. 500 000 kr. vegna stofnkostnaðar, í eitt skipti fyrir öll, hverjum þeim landshlutasamtökum, sem koma á fót verkfræðistofu.
2. Ábyrgist greiðslu á hálfum hluta rekstrarhalla verkfræðistofu, en þó aldrei meira en nemur hálfum hluta af launum og kostnaði við einn verkfræðing.

6. gr.

Landshlutasamtök, sem hyggjast koma á fót verkfræðiþjónustu samkvæmt lögum þessum, skulu gera félagsmálaráðuneytinu grein fyrir fyrirætlun sinni og láta ráðuneytinu í té áætlun um stofn- og rekstrarkostnað. Rekstraráætlun skal árlega senda félagsmálaráðuneytinu, ásamt endurskoðuðum rekstrarreikningi fyrra árs. Skal rekstrarstyrkur sá, sem um ræðir í 5. gr., 2. lið, greiddur að fengnum slíkum ársreikningi.

Félagsmálaráðuneytið áætlar árlegan kostnað hins opinbera vegna stofnsetningar og rekstrar verkfræðiþjónustu á vegum landshlutasamtaka og fær á fjárlögum hvers árs fjárveitingu í samræmi við það.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er hér endurflutt frá síðasta þingi, þar sem það varð ekki endanlega afgreitt. Í efri deild var það samþykkt og vísað samhljóða til neðri deildar með breytingum, sem flutningsmenn hafa nú tekið inn í frumvarpið óbreyttar.

Heilbrigðis- og félagsmálanefnd neðri deildar skilaði samhljóða nefndaráliti og mælti með samþykkt frumvarpsins með þeim breytingum, er efri deild hafði samþykkt.

Flutningsmenn vænta þess, að þar sem þetta frumvarp fékk vandlega skoðun þingnefnda á síðasta þingi, fáist það nú endanlega samþykkt sem lög á þessu þingi.

Með stöðugt vaxandi verklegum framkvæmdum veldur það sveitarfélögum, fyrirtækjum og íbúum dreifbýlisins auknum erfiðleikum, óþægindum og kostnaði að þurfa að leita nánast því allrar verk- og tæknifræðiþjónustu utan síns byggðarlags. Þær eru ekki ófáar ferðirnar, sem fulltrúar sveitarfélaga, fyrirtækja og einstaklinga þurfa að fara til höfuðborgarinnar til þess að fá gerðan nauðsynlegan undirbúning fyrir ýmiss konar framkvæmdir á vegum slíkra aðila. Verkfræðiþjónusta staðsett í byggðarlaginu eða landshlutanum mundi spara ótalin skref og kostnað.

Einnig má ætla, að tæknimenn, sem búsettir eru í viðkomandi landshluta, fái smám saman ómetanlega yfirsýn og þekkingu á hinum ýmsu vandamálum og viðfangsefnum viðkomandi svæðis. Þannig geta þeir að ýmsu leyti veitt betri þjónustu en fáanleg er hjá ókunnugum aðilum.

Allt það, sem nú hefur verið talið, o. fl. mælir með því, að hið opinbera stuðli á einhvern máta að því, að verkfræðiþjónustu sé komið á fót í hinum ýmsu landshlutum, þar sem slík þjónusta er ekki fáanleg nú. Þessu hafa þingmenn lengi gert sér grein fyrir, enda hafa verið lögð fram á Alþingi allmörg frumvörp um slíka verkfræðiþjónustu. Í flestum tilvikum hefur verið gert ráð fyrir því, að hið opinbera komi á fót og starfræki slíka þjónustu. Í þessu frumvarpi er hins vegar farin nokkuð önnur leið. Er gert ráð fyrir því, að landshlutasamtök viðkomandi svæðis hafi veg og vanda af stofnsetningu og rekstri verkfræðiþjónustunnar.

Landshlutasamtökum hefur alls staðar verið komið á fót, og hafa þau eflzt mjög verulega upp á síðkastið. Að þessu leyti hefur ástandið því breytzt, og virðist flutningsmönnum eðlilegra, að þau hafi veg og vanda af slíkri starfsemi, fremur en ríkisvaldið.

Hins vegar er vafasamt, að slík verkfræðiþjónusta beri sig, a. m. k. fyrst um sinn. Því er nauðsynlegt, að hið opinbera hlaupi undir bagga við stofnun og rekstur, þegar og þar sem nauðsynlegt reynist.

Fyrst og fremst mundi slík verkfræðiþjónusta fá tekjur með greiðslum fyrir hin ýmsu verkefni, sem hún tekur að sér. Tryggja verður, að fyrir þau sé greitt skv. viðurkenndri gjaldskrá. Sömuleiðis er nauðsynlegt, að opinberir aðilar noti slíka þjónustu eins og þeir frekast geta. Vissulega getur í einstökum tilfellum verið um svo viðamikil og flókin verkefni að ræða, að slík verkfræðiþjónusta eða stofa geti ekki sinnt þeim, en í flestum tilvikum ættu verkfræðingar eða tæknifræðingar á viðkomandi landssvæði að geta veitt ómetanlega þjónustu við undirbúning opinberra framkvæmda. Þetta er nauðsynlegt, að opinberir aðilar skilji og noti sér umrædda þjónustu eins og frekast er kostur á.

Vegagerð ríkisins hefur staðsett verkfræðinga á sínum vegum í landshlutum og sýnt þannig virðingarverðan skilning á því máli, sem hreyft er með þessu frumvarpi. Það er ómetanlegt fyrir slíkan starfsmann að hafa aðgang að víðtækari verkfræðistarfsemi.

Í lögum um Framkvæmdastofnun ríkisins, sem samþykkt voru á síðasta Alþingi, er gert ráð fyrir því, að Framkvæmdastofnun ríkisins greiði ¾ hluta af launum starfsmanns, enda vinni hann að áætlanagerð fyrir stofnunina. Með þessu ákvæði er stefnt að aukinni tækniþjónustu í dreifbýlinu.

Í þessu frumvarpi er gerð tilraun til að efla slíka starfsemi, þannig að um alhliða þjónustu geti orðið að ræða.

Sþ. 318. Fyrirspurnir. [174. mál]

I. Til iðnaðarráðherra um fyrirgreiðslu vegna hitaveituframkvæmda.

Frá Matthíasi Á. Mathiesen.

1. Hyggst ríkisstjórnin veita bæjarstjórn Hafnarfjarðar umbeðna heimild til rekstrar hitaveitu?
2. Hyggst ríkisstjórnin beita áhrifum sínum til þess, að samningar geti tekizt og komið til framkvæmda milli sveitarfélaganna í nágrenni Reykjavíkur og Hitaveitu Reykjavíkur um hitaveituþjónustu, eða hyggst ríkisstjórnin að öðrum kosti veita þessum sveitarfélögum fyrirgreiðslu til sérstakra hitaveituframkvæmda hverju fyrir sig?

II. Til samgönguráðherra um hafnargerð í Dyrhólaey.

Frá Bjarna Guðnasyni.

1. Hversu miðar rannsóknum á hafnarstæði við Dyrhólaey? Liggja fyrir nokkrar bráðabirgðaniðurstöður?
2. Er áformað að hefja framkvæmdir í nánustu framtíð?

Sþ. 319. Tillaga til þingsályktunar [175. mál]

um endurskoðun á tryggingakerfinu.

Flm.: Björn Pálsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta endurskoða tryggingakerfið í heild í þeim tilgangi að gera það einfaldara, ódýrara og réttlátara. Eftirfarandi atriða sé einkum gætt:

1. Afnumið sé hið tvöfalda, lögboðna örorku- og lífeyrissjóðakerfi, þannig að einn sameiginlegur lífeyrissjóður sé fyrir alla landsmenn. Miðað skal við, að upphæð fullra örorku- og lífeyrisbóta eftir 67 ára aldur geti numið allt að ⅔ af venjulegum starfslaunum, hafi bótaþegi engar aðrar tekjur, en lífeyrir sé lægri ef um aðrar tekjur er að ræða.
2. Tryggingakerfið sé fjármagnað annað tveggja af ríkissjóði að öllu leyti eða af ríkissjóði og iðgjöldum einstaklinga og fyrirtækja, hliðstætt því, sem er í Noregi og Svíþjóð. Verði síðari kosturinn valinn, sem hagkvæmara mun reynast, greiða atvinnurekendur ákveðna prósentu af nettótekjum, en launþegar og vinnuveitendur sameiginlega tiltekna prósentu af vinnulaunum og sé miðað við dagvinnu og kauptryggingu sjómanna.
3. Lífeyrissjóði þá, sem nú eru lögboðnir, sé heimilt að hafa í vörzlu þeirra aðila eða stéttarsamtaka, sem sjá um þá nú, og skal ávaxta þá og nýta á hagkvæman hátt fyrir viðkomandi aðila. Ríkisvaldið skal hafa eftirlit með starfrækslu þeirra og verðtryggja, ef unnt er.
4. Sé álitið ógerlegt að afnema iðgjöld til lögboðinna lífeyrissjóða stéttarfélaga, vegna þess að þeir séu álitnir nauðsynlegir til öflunar lánsfjár, þá verði frekar horfið að þeirri leið af afla lánsfjár á þann hátt að skylda einstaklinga á aldrinum 37—62 ára til að kaupa sparimerki, hliðstætt því, sem ungt fólk verður að gera nú. Miðað sé við 4—6% af venjulegum vinnulaunum. Sparimerkin skal verðtryggja og endurgreiða eftir ákveðnum reglum eigendum þeirra, eftir að þeir

hafa náð 67 ára aldri. Sé eigandi sparimerkja látinn, áður en þau eru að fullu greidd, skal innstæða hans ganga til erfingja eftir sömu reglum og aðrar eignir.

Greinargerð.

Árið 1968 voru samþykkt lög um lífeyrissjóði aldraðra félaga í stéttarfélögum. Litlar deilur urðu um þá löggjöf, því að samið hafði verið um þá lausn í sambandi við vinnudeilur. Þingmenn munu hafa litið á það sem samningsrof, væri frv. eigi samþykkt.

Í árslok 1970 var samþykkt lagafrv. á Alþingi um lífeyrissjóð bænda. Umræður urðu miklar um það frv., sem enduðu með því, að ákvæði var sett í lögin, að þau skyldu endurskoðuð innan tveggja ára. Sú endurskoðun hefur eigi verið framkvæmd enn, þannig að gagn hafi verið að. Ég minnist þessi eigi, að svo stuttur reynslutími hafi verið ákveðinn áður í lögum. Það bendir til þess, að þm. hafi álitið lögin gölluð. Hannibal Valdimarsson taldi frv. hafa alla þá ókosti, sem lögin um eftirlaun aldraðra félaga í stéttarfélögum höfðu. En komið hafði í ljós, að samkvæmt þeim lögum fengu þeir flestar krónur, sem minnsta höfðu þörfina. Hannibal sagði enn fremur, að fulltrúar launþega hefðu samið um lífeyrissjóði, af því að vinnuveitendur voru fáanlegir að fara þá leið, en eigi að greiða hærra kaup. Iðgjöld lífeyrissjóða þýða, að tekin eru 10% af dagkaupi allra launþega og lögð í óverðtryggða sjóði, því að eigi skiptir máli fyrir vinnuveitendur, hvort þeir greiða 6% af kaupi til launþega eða til lífeyrissjóða. Vegna þessa ákvæðis hækkuðu útgjöld vinnuveitenda, en tekjur launþega lækkuðu um 4%. Ljóst er, að fyrrverandi ríkisstjórn hefur hér átt hlut að máli. Það var gildur þáttur í stefnu hennar og störfum að skattleggja atvinnuvegi og einstaklinga um framlög til sjóða. Endurteknar gengislækkanir hafa upprætt sparnaðarviðleitni fólks, en aukið þörf fyrir fleiri krónur til útlána. Hvert tækifæri var því notað til að stofna sjóði og einstaklingar og atvinnuvegir skattlagðir í þeim tilgangi. Sjóðir þessir eru svo notaðir öðrum þræði til útlána og einstaklingar og atvinnurekendur þannig óbeint látnir greiða vexti af eigin fé. Margbætt útgjöld valda því, að atvinnurekstur ber sig verr, og stuðla þannig óbeint að minni getu til að greiða hærri vinnulaun. Þessi aukagjöld nema nú í iðnaði og sjávarútvegi ca: 42 kr. af hverjum 100 kr., sem greiddar eru í vinnulaun. Ljóst er, að væru þessi óbeinu skattar færri og smærri, væri að því vinnuhagræðing og aukin geta til að greiða hærri laun.

Ég hef kynnt mér tryggingamál í nágrannalöndum okkar. Þar er kerfið einfalt, en eigi tvöfalt og þrefalt eins og hér. Um það er talað í þessum löndum, að heildarlífeyrir þurfi að vera ⅔ af venjulegum vinnutekjum, ef eigi er um aðrar tekjur að ræða. En lífeyrir er eigi greiddur í Noregi og Danmörku fyrr en eftir 69 ára aldur.

Í Noregi greiða atvinnurekendur, þar á meðal bændur, 7.8% af nettótekjum sínum í tryggingagjöld, launþegar 4% af launum, en atvinnurekendur 8.8% á móti. Ríki og sveitarfélög greiða lítið. Í Svíþjóð er svipað kerfi, en í Danmörku greiðir ríkið mun meira, en iðgjöld einstaklinga eru lægri. Þessar tryggingar svara til almannatrygginga hér, og verðgildi elli- og örorkubóta er svipað og er hjá okkur. Lögboðnir lífeyrissjóðir eru eigi í þessum löndum, hvorki fyrir launþega né bændur, nema hjá Finnum. Þeir hafa sérstakan lífeyrissjóð fyrir bændur. Þar greiðir ríkið 50% iðgjalda og bændur 50%, og er miðað við matsverð jarða. Það er viturlegri, heiðarlegri og einfaldari innheimtuaðferð en hér á landi.

Ríkið greiðir hér allan kostnað við almannatryggingar og nær allan sjúkrakostnað. Til tryggingamála er varið nær ⅓ af ríkisútgjöldum. Þar sem ⅘ hluta ríkistekna er aflað með óbeinum sköttum, er því ljóst, að allir þurfa að greiða verulegar fjárhæðir til tryggingamála. Auk þess þurfa félagar stéttarfélaga innan Alþýðusambands Íslands að greiða 10% af dagvinnukaupi í lífeyrissjóði. Vinni gift kona úti, þarf hún í flestum tilfellum einnig að greiða 10% af vinnulaunum. Ungmenni, 16 ára og eldri eru látin greiða til lífeyrissjóða, en séu þau í skóla meira en

6 mánuði á ári, fá þau 4% endurgreidd, en þau 6%, sem talið er, að atvinnuveitandinn greiði, hirðir sjóðurinn. Þær prósentur eru vitanlega greiddar fyrir vinnu viðkomandi aðila. Þessar reglur hafa einnig verið notaðar við sjómenn.

Félagar í stéttarfélögum og bændur munu því greiða, þegar kerfið er komið í fullan gang, yfir 20% af dagvinnukaupi sínu til tryggingamála, sé tillit tekið til þess, sem greitt er í gegnum ríkiskerfið. Auk þess eru greiðslur atvinnurekenda til slysa-, atvinnuleysis- og sjúkratrygginga. Þetta er miklum mun meira en nágrannaþjóðir okkar greiða. Samkvæmt þessu ætti að vera hægt að greiða hærri lífeyri eftir 67 ára aldur en venjuleg vinnulaun eru, ef eigi væri um verulega lækkun á verðgildi peninga að ræða. Enginn veit fyrir vist, hvað lífeyrissjóðir stéttarfélaga eru margir, en álitið er, að þeir séu 27. Lítið eftirlit er með fjárreiðum þeirra, en allir hljóta þeir að hafa stjórnir og framkvæmdastjóra. Kerfið er allt tvöfalt eða þrefalt og fáránlegt í framkvæmd. Túnaðarmenn verkalýðsfélaga hlaupa um og innheimta iðgjöld hjá atvinnurekendum, greiða gamalmennum nokkrar krónur ársfjórðungslega, sem lækka bætur almannatrygginga í mörgum tilfellum hliðstætt. Kaupfélagsstjórar taka ákveðnar prósentur af innleggi hvers bónda auk ákveðinnar prósentu af heildarinnlegginu, nema ríkið greiði þann hluta af niðurgreiðslufé. Mun hér vera um heimsmet að ræða hvað innheimtuaðferðir snertir. Örorkubætur og sennilega mat á örorku eiga að vera í tvennu lagi, sjúkrabætur í sumum tilfellum í þrennu lagi, því að ýmis stéttarfélög hafa sérstaka sjúkrasjóði, sem atvinnurekendur verða að borga í. Hér er því um tvöfalt og þrefalt innheimtukerfi að ræða og tvöfalt eða jafnvel þrefalt greiðslukerfi. Öllu þessu fylgir mikil skriffinnska og kostnaður.

Önnur hlið tryggingamálanna eru lífeyrisbætur. Opinberir starfsmenn hafa verðtryggð eftirlaun, þannig að lífeyrissjóður þeirra greiðir ákveðna prósentu launa miðað við það ár, sem þeir hættu störfum. Eftir 30—35 ára starfsaldur getur sú upphæð orðið ⅔ launa. Verði verðbreytingar eða launahækkanir, greiðir ríkissjóður mismuninn. Sú fjárhæð hefur farið vaxandi og nemur nú ca. 200 milljónum. Auk þess hafa opinberir starfsmenn lífeyri frá almannatryggingum, þannig að þeir eru á fullum launum, eftir að þeir hætta störfum. Þeir eru því á vissan hátt betur settir fjárhagslega en á fyrri starfsárum sínum, þegar þeir þurftu að stofna heimili, ala upp börn og greiða námsskuldir.

Ráðherrar og þingmenn hafa nokkra sérstöðu. Hafi þeir gegnt störfum um árabil, fá þeir í fyrsta lagi eftirlaun sem ráðherrar eða þingmenn. Sé um embættismenn eða bankastjóra að ræða, hafa þeir eftirlaun sem slíkir. Sé um bændur eða félaga í stéttarfélögum að ræða, fá þeir væntanlega eftirlaun þannig, þegar þeir sjóðir taka til starfa til fulls að 12 árum liðnum. Eiga þær bætur að nema ⅔ hlutum af venjulegum vinnulaunum. Í briðja lagi eiga þeir að fá bætur frá almannatryggingum. Sennilega nema þessar bætur samanlagt hærri fjárhæð en tekjur viðkomandi aðila voru, meðan þeir voru í starfi.

Félagar í stéttarfélögum og bændur eiga að fá tvöfaldan lífeyri, þ. e. frá almannatryggingum og hinum lögboðnu lífeyrissjóðum, þegar þeir taka til starfa. Sé gert ráð fyrir, að bætur almannatrygginga nemi allt að ⅔ af venjulegum vinnulaunum, eins og stefnt virðist að, og bætur sérsjóða nemi ⅔ hluta vinnulauna, ættu aldraðir lífeyrisþegar að hafa meiri tekjur en þeir höfðu af vinnu sinni, meðan þeir voru ungir. Auk þess hafa margir aldraðir menn tekjur af eignum, og ýmsir geta haft einhver störf með höndum. Er það meira virði fyrir gamalt fólk en hárar bætur.

Rétt er að gera sér ljóst, að ýmsir standa enn utan við þessa margbættu tryggingalöggjöf og eiga eigi von annarra ellibóta en frá almannatryggingum. Ég lít svo á, að tryggingakerfi okkar sé orðið frumskógarkennt og ástæða sé til að gera það ódýrara og einfaldara í framkvæmd. Einhverjir verða að borga til allra þessara sjóða og greiða kostnaðinn við hið margbætta og rangláta tryggingakerfi. Eigi þeir, sem hæstir eru störfum að meira eða minna leyti, eru búnir að ala upp börn sín og eiga í mörgum tilfellum verulegar eignir, að hafa hærri árstekjur en ung hjón, sem þurfa að stofna heimili og ala upp nýja borgara, þá tel ég, að stefnt sé í öfuga átt. Það er hliðstætt og að bera á túnin, þegar grösin eru að fella fræ.

Hið mikla ranglæti.

Starfsaldur þeirra, sem stunda langt nám, er styrri en bænda og almennra launþega. Þetta atriði hafa þeir athugað, sem sömdu lögin um lífeyrissjóð sjómanna, þótt illa hafi verið með sjómenn farið. Þar er hámark iðgjaldatímabils 30 ár. Almennir launþegar eiga nú að greiða iðgjald til lífeyrissjóða frá 16—67 ára aldurs, en það getur orðið 51 ár. Bændur eiga að greiða frá 20—67 ára, eða í 47 ár, búi þeir svo lengi. Ég lét reikna út fyrir tveimur árum, hve miklar fjárhæðir þetta yrðu miðað við verðlag 1970. Launþegi eða bóndi, sem hefur 330 þús. kr. á ári í tekjur, þarf að greiða 33 þús. kr. árlega, en það gerir í 30 ár með 10% vöxtum og vaxtavöxtum 5 971 133 kr., en í 40 ár 16 066 109 kr. Upphæðin nær þrefaldast á fjórða áratugnum og vex mun hraðar á þeim fimmta. Sá, sem greiðir iðgjald í 50 ár, mun því greiða allt að því sjö sinnum hærri upphæð með vöxtum og vaxtavöxtum en sá, sem greiðir iðgjald í 30 ár. Þetta er tilfinnanlegt ranglæti í lífeyrissjóðalöggjöfinni. Það væri til mikilla bóta, ef tryggingakerfið væri aðeins 30 ár og iðgjaldagreiðslur hæfust eigi fyrr en eftir 35 ára aldur.

Laun og afurðaverð hefur hækkað mikið í krónutölu síðan 1970. Hjón, sem vinna bæði úti, hafa gjarnan 600 þús. kr. í dagvinnukaup, iðgjöld af því eru 60 þús. á ári. Það gerir með 10% vöxtum og vaxtavöxtum í 40 ár 29 211 107 kr. Hliðstætt munu stærri bændur eiga að greiða, því að iðgjöld þeirra eiga að vera 50% hærri en bænda, sem hafa meðalbú. Ljóst er, að iðgjaldagreiðslur félaga í stéttarfélögum og bænda eru allt of háar, nema reiknað sé með miklum gengislækkunum. Vera má, að rétt sé að reikna með slíku, en í því tilfelli er viturlegast að reikna dæmið til enda. Niðurstaðan mundi þá verða sú, að hagkvæmast væri fyrir flesta að ráða yfir krónum sínum. Þeir gætu oftast verndað verðgildi þeirra. Fólk þarf á fé sínu að halda, meðan það er að stofna heimili eða hefja atvinnurekstur. Misskilningur er að halda því fram, að atvinnurekendur þurfi hærri eftirlaun en launþegar. Atvinnureksturinn krefst þess, að þeir eigi verulegar eignir. Atvinnurekendur þurfa því á meira fé að halda, þegar þeir eru í starfi, en þeir hafa í flestum tilfellum minni þörf fyrir háan lífeyri. Vera má, að einhverjir bendi á, að iðgjöld séu undanþegin skattgreiðslu. Því er til að svara, að þegar nær allir greiða iðgjöld, skiptir slíkt engu. Ríkið heimtar sitt, og álögurnar verða þeim mun meiri í því tilfelli á aðra gjaldstofna.

Meðalaldur karla á Íslandi er 71 ár, en konur verða lítið eitt eldri. Margir deyja, áður en lífeyrisgreiðslur hefjast. Í fæstum tilfellum auka þeir að mun útgjöld almannatrygginga eða lífeyrissjóðanna. Ráðamenn stéttarfélaga og þjóðfélagsins ætla þegnunum því að leggja allvel á borð með sér eftir 67 ára aldur. Í sérflokki eru bændur, sem hafa meira en meðalbú, þeir eiga að greiða 50% meira, án tillits til þess, hvort þeir hafa meiri eða minni nettótekjur. Sú lagasetning er næsta frumleg.

Ég hef við engan talað, sem eigi vill, að gömlu fólki líði vel. Það bætir eigi líðan þeirra öldnu og veiku, þó að tekið sé meira af vinnulaunum launþega og bænda en þörf er á og því fé safnað í sjóði, sem verðfelldir verða öðru hvoru. Aldrað fólk hefur takmarkaða ánægju af því að eyða fjármunum.

Í lífeyrissjóði stéttarfélaga og bænda greiða 40—50 þús. manns 10% af vinnulaunum. Iðgjöld hafa sennilega numið árið 1972 nær 2 milljörðum, en nálgast sennilega 3 milljarða í ár, ef iðgjöld innheimtast. Úr sjóðum þessum á engu að eyða næstu 12 árin. Allir sjá, hversu óhemju miklir fjármunir þetta verður með vöxtum og vaxtavöxtum. Peningar skapa vald. Hvert stéttarfélag mun vilja ráða yfir sínum sjóði. Bankastarfsemi myndast þá um hvern sjóð með tilheyrandi kostnaði. Deilur munu verða milli ríkisvalds og sjóðsstjórna um yfirráða þessara fjármuna. Þetta fé mun verða lánað út, eftirlitið verður misjafnt og fénu misvel varið. Eftir nokkra áratugi munu þessir sjóðir eiga verulegan hluta af eignum landsmanna og sjóðsfélagar strita við að greiða vexti af eigin fé. Á þann hátt mun skapast öflugra auðvald en kaþólska kirkjan var á sínum tíma.

Tryggingakerfi okkar er nú tvöfalt eða jafnvel þrefalt og fáránlegt í framkvæmd. Þessu þarf að breyta, gera það einfaldara, réttlátara og framkvæmanlegra. Ég hef eigi trú á, að það takist, nema horfið sé að því að taka upp svipað kerfi og Norðmenn og Svíar hafa. Sjúkratryggingar ættu einstaklingar og sveitarfélög að greiða að hálfu og eftirlitið að vera í heimabyggðum. Það mundi spara mikla fjármuni. Í því sambandi vil ég benda á, að daggjöld á sjúkrahúsum úti á landsbyggðinni eru sums staðar þrefalt lægri en í Reykjavík. Væri þetta gert, gætu útgjöld ríkisins til tryggingamála lækkað um allt að 5 milljarða. Hægt væri þá að stórlækka tekjuskatt, afnema launaskatt og jafnvel lækka eða afnema fleiri skatta. Bættur hagur ríkissjóðs mundi einnig treysta verðgildi peninga, því eigi þyrfti þá að lækka verðgildi krónunnar til að fá fleiri krónur í ríkiskassann. Iðgjöld til lögboðinna lífeyrissjóða þarf að afnema, en leyfa stéttarfélögum að eiga og starfrækja þá sjóði, sem þegar eru til. Ólögbundnir lífeyrissjóðir gætu að sjálfsögðu starfað áfram og þeir tryggt sig þar, sem vildu.

Sparifé þjóðarinnar á og þarf að auka með því að hætta þeirri fjármálaiðju að vera alltaf að fella gengið, skattleggja svo einstaklinga og atvinnuvegi um framlög til óteljandi sjóða. Slík útgjöld þrengja hag atvinnufyrirtækja og stuðla þannig að því að rýra verðgildi peninga. Á það má einnig benda, að háir skattar til ríkisins hækka vísitölu og þar með kaupgjald, en það getur haft þær afleiðingar, að atvinnuvegirnir beri sig verr, og samkvæmt venju leiðir það til gengisbreytinga.

Nd. 320. Frumvarp til laga [176. mál]

um Fræðslustofnun alþýðu.

Flm.: Stefán Gunnlaugsson, Pétur Pétursson.

1. gr.

Setja skal á stofn Fræðslustofnun alþýðu. Skal starf hennar vera grundvöllur fyrir skipulegri eflingu almenningsmenntunar í landinu (fullorðinsmenntunar).

2. gr.

Stofnunin hefur fjórþætt markmið:

A. Hún skal veita fjárhagslegan stuðning þeim fjölskyldumönnum, körlum og konum, er til hennar leita um slíkt, í því skyni að afla sér menntunar eða auka þegar fengna þekkingu, menntun eða réttindi — þó ekki þeim, er stunda nám í hinu almenna skólakerfi, né þeim, er eiga aðgang að Lánasjóði íslenzkra námsmanna. Stuðningur þessi skal vera í mynd fræðslubóta. Skulu beiðnir um þær metnar eftir þörfum umsækjenda (fræðsluþega), efnahag, fjölskyldustærð o. fl. þ. h., skv. reglugerð þar um, er ráðherra setur.

B. Hún skal, skv. nánar settum reglum, veita fjárhagslegan stuðning þeim aðilum, er gefa almenningi kost á sjálfsmenntun, enda leiði slíkt til þess, að hún verði mönnum mun ódýrari og auðfengnari en nú er. Heimilt skal stofnuninni sjálfri að efna til slíkrar fræðslustarfsemi. Setja skal reglur, er tryggi þeim, sem lokið hafa prófum eða náð tilskildum áföngum á vegum slíkrar starfsemi, aðgang að öðrum námsbrautum í eða til hliðar við hið almenna skólakerfi.

C. Hún skal standa fyrir og kosta námskeið, er haldin séu fyrir vinnandi fólk því til endurhæfingar og þjálfunar vegna starfa þess í atvinnulífinu. Heimilt er stofnuninni að kosta slík námskeið á vegum annarra aðila.

D. Hún skal leggja fram fé til að kosta þjálfunar- og fræðslunámskeið fyrir fólk, er gegnir trúnaðarstörfum í launþegasamtökunum. Heimilt er stofnuninni sjálfri að efna til slíkra námskeiða.

3. gr.

Fé stofnunarinnar skal ráðstafa þannig í meginatriðum:

A. 40% árlegra tekna skal verja til að kosta þá starfsemi, er greinir í A-lið 2. gr. laga þessara.
B. 40% árlegra tekna skal verja í því skyni, er greinir í B-lið 2. gr.
C. 10% árlegra tekna skal verja til þess, er greinir í C-lið 2. gr.
D. 10% árlegra tekna skal verja til að kosta það starf, er greinir í D-lið 2. gr. laga þessara.

4. gr.

Stjórn stofnunarinnar skipa 7 menn. Skulu 5 þeirra kjörnir hlutbundinni kosningu á Alþingi, einn skal tilnefndur af miðstjórn Alþýðusambands Íslands og annar af stjórn Bandalags starfsmanna ríkis og bæja. Fræðslunefnd skal vera stjórninni til ráðuneytis. Skal hún skipuð 9 manns, er tilnefndir séu af aðilum vinnumarkaðarins, skv. reglugerð. Ráðherra skipar formann sjóðsstjórnar og formann fræðslunefndar.

5. gr.

Allan kostnað við rekstur stofnunarinnar skal greiða úr ríkissjóði.

6. gr.

Menntamálaráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara að fengnum tillögum stjórnar og fræðslunefndar stofnunarinnar.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Þetta frumvarp, sem hér liggur fyrir, er endurflutt, en það var fyrst borið fram haustið 1971. Fyrsti flutningsmaður var Sigurður E. Guðmundsson, sem þá átti sæti á Alþingi um skeið sem varaþingmaður Alþýðuflokksins; meðflutningsmenn voru Stefán Gunnlaugsson og Pétur Pétursson. Svofelld greinargerð fylgdi frumvarpinu:

„Með frumvarpi því, sem hér er lagt fram, er stefnt að því fyrsta sinni að mynda grundvöll til skipulegrar eflingar almenningsmenntun á Íslandi (fullorðinsmenntun), utan hins almenna skyldunámskerfis. Er tilgangurinn sá að gera því fólki fært að stunda nám og efla menntun sína og þekkingu, er einhverra hluta vegna hefur að meira eða minna leyti farið á mis við hana á yngri árum sínum eða vill auka við hana. Þá er einnig gert ráð fyrir því, að með lögum þessum geti fólk öðlazt endurhæfingu í starfi eða frekari þjálfun. Loks er einnig ráðgert, að skv. lögum þessum verði unnt að fjármagna og efna til fræðslunámskeiða fyrir trúnaðarmenn launþegasamtakanna.

Um áratugaskeið hefur háttað svo til á hinum Norðurlöndunum, að veitt hefur verið mikið fjármagn af hálfu hins opinbera til eflingar fræðslustarfi meðal almennings. Þar sem hér hefur sú stefna verið ríkjandi, að hver sá, sem afla vildi sér menntunar, skyldi eiga hennar kost án þess að þurfa að greiða fyrir hana. Og í öllum löndunum hafa starfað öflug og víðtæk skyldunámskerfi fyrir unga fólkið. En sá hefur þó verið munurinn á framkvæmd þessarar stefnu, að þar ytra hefur verið grundvöllur fyrir almennri fullorðinsmenntun, þar hafa starfað öflug frjáls fræðslusamtök almennings, er notið hafa svo ríkulegra fjárframlaga úr hendi hins opinbera, bæði ríkis og sveitarfélaga, að fræðslustarfið hefur verið þeim afar ódýrt, er hafa notið þess. Hin mikla, öfluga og afar mikilvæga almenna fræðslustarfsemi þar á sér fyrst og fremst rætur í alþýðuhreyfingunni, þ. e. í verkalýðs- og launþegasamtökunum og jafnaðarmannaflokkunum. Á þeirra vegum hafa í öllum löndunum

fjórum verið byggð upp geysisterk fræðslusamtök, er ýmist nefnast Arbejdernes Oplysningsforbund (í Danmörku og Noregi) eða Arbetarnas Bildningsförbund (í Finnlandi og Svíþjóð). Auk þeirra eru þó mörg önnur almenn fræðslusamtök til í þessum löndum. En sammerkt þeim öllum er, að þau reka fræðslustarfsemi, sem stendur öllum til boða og allir geta tekið þátt í kostnaðarins vegna. Er þar fyrst og fremst um að ræða fólk, sem ýmist vill afla sér frekari þekkingar en það hefur þegar öðlazt, endurhæfa sig til nýrri og flóknari starfa eða læra eitthvað nýtt. Gjarnan er þá svo um hnútana búið, að þegar ákveðnum þekkingarstigum er náð, eiga menn þess kost að ganga með einum hætti eða öðrum inn í hið almenna menntunarkerfi og halda þar áfram námi sínu.

Enginn vafi er á því, að hér á landi er full þörf á að koma upp stofnun, er hefði það verkefni með höndum að opna dyr menntunar og fræðslu þeim, er einhverra hluta vegna hafa ekki getað aflað sér hennar í nægilega ríkum mæli á yngri árum. Þess eru fjölmörg dæmi, bæði fyrr og síðar, að þeir, sem ungir fóru á mis við skipulagða menntun, töldu sig hafa misst af tækifæri, er þeir hörmuðu síðan alla ævi. En svo hörmulegt sem það hefur verið fyrir þá einstaklinga, er hér hafa átt hlut að máli, er enginn vafi á því, að þar hefur þjóðfélagið í ótalmörgum tilfellum farið á mis við og misst af miklum hæfileikum og góðum gáfum, er hefðu þurft að öðlast fullan þroska. Slíka sóun getur þjóðin ekki leyft sér lengur. En þessu til viðbótar má benda á hið gífurlega misrétti, sem felst í því, að nokkur hluti þjóðarinnar skuli geta átt þess kost að öðlast alla þá menntun og þekkingu, sem skólakerfið getur boðið upp á, auk þess sem veitt er geysilegt fjármagn til þess, að sumt þessa fólks geti stundað nám erlendis, — en hinn hlutinn, sem vitaskuld greiðir allan þennan námskostnað að heita má, skuli eiga þess kost að öðlast með sæmilegu móti eða viðráðanlegum hætti þá þekkingu, menntun eða þjálfun, sem hugur þess stendur til og það fólk hefði gjarnan viljað öðlast. Sennilega er hér á ferðinni eitthvert mesta misréttið í þjóðfélaginu. Við þetta bætist síðan, að þeir, sem nú njóta menntunarinnar, fá að henni fenginni eftirsóttustu og bezt launuðu störfin, en hinir, sem námskostnaðinn greiddu með sköttum sínum og útsvörum, sitja eftir með sárt ennið og eiga aðeins aðgang að lökustu og verst launuðu störfunum. Sannarlega er hér mikið vandamál á ferðinni, sem brýna nauðsyn ber til að snúizt verði gegn sem allra fyrst.

Nú vantar ekkert á, að mönnum sé ekki smám saman að verða þetta ljóst. Á undanförnum árum hafa verið reknir hér ýmsir skólar, sem segja má að hafi veitt frjálsa fræðslu. Yfirleitt hafa þeir ekki notið neins stuðnings frá hinu opinbera og námið því verið afar dýrt. Fremstir í flokki hafa verið málaskólar ýmsir, námsflokkar nokkurra sveitarfélaga (sem oft hafa notið einhvers stuðnings frá viðkomandi sveitarfélagi), einn bréfaskóli — og þar með að mestu talið. Ekkert opið fræðslukerfi hefur verið til fyrir almenning, en þeir fáu skólar eða námskeið, er hann hefur átt kost á, hafa yfirleitt verið fremur óhentug og dýr. Ekki hefur ástandið verið betra, þegar í hlut hefur átt fólk, sem hefur viljað bæta við þekkingu sína eða rifja upp áður fengna þekkingu, t. d. giftar konur, er á rúmlega miðri ævi hafa á nýjan leik viljað leita til atvinnulífsins eftir áratuga vinnu á heimilunum. Þær hafa átt þess kost að leita sér endurhæfingar, kostirnir hafa gjarnan verið þeir, að þær gætu fengið lökustu og verst greiddu atvinnuna eða hefja ella margra ára nám. Þar hefur varla verið neitt millistig. — Síðast, en ekki sízt er að geta fræðslustarfs launþegasamtakanna. Enginn vafi er á því, að það er þjóðfélaginu afar mikils virði, að launþegasamtökin eigi þess kost, að innan þeirra vébanda starfi trúnaðarmenn, sem aðstöðu hafi til þess að afla sér sem mestrar og beztrar þekkingar á störfum sínum og þjóðfélagsins í heild. Þetta er skilið og metið að verðleikum í næstu nágrannalöndum okkar, en hér á landi hefur hið opinbera með öllu skort skilning eða getu á nauðsyn þess arna. Er með lagafrumvarpi þessu stefnt að því að bæta þar úr.

Um þetta skulu nú ekki höfð fleiri orð, en í þess stað vikið að sjálfu efni frumvarpsins.

Í 2. gr. frv. er rakið, með hverjum hætti stofnunin skuli veita þeim fjölskyldumönnum fjárhagslegan stuðning, er eftir slíku leita til öflunar menntunar eða þekkingar með skipulögðum hætti. Sannast sagna er hér um að ræða nýmæli, sem flm. er ekki kunnugt um að sé enn fyrir hendi í löggjöf nágrannaþjóðanna. Þar er það einmitt talið vera eitt af brýnustu verkefnum komandi tíma í þessum efnum að veita þeim mönnum, körlum og konum, fjárhagslegan stuðning, er leita vilja sér menntunar. Gefur það enda auga leið, að slíkt er óhjákvæmilegt fjölskyldumönnum, fáir eða engir hafa ráð á að fella niður vinnu sína að meira eða minna leyti, án þess að fé komi þá annars staðar frá í staðinn. Sjálfsagt er vitaskuld að miða fjárhæð fræðslubótanna við aðstæður og efnahag fræðsluþegans. Er gert ráð fyrir því, að sett verði ákvæði þar um í reglugerð. Ekki er gert ráð fyrir því, að þeir geti notið umræddra fræðslubóta, er stunda nám í hinu almenna skólakerfi eða fá stuðning frá Lánasjóði íslenzkra námsmanna.

Í B-lið 2. gr. frv. er gert ráð fyrir því, að stofnunin geti veitt þeim aðilum fjárhagslegan stuðning, er vilja beita sér fyrir eða standa fyrir frjálsri fræðslustarfsemi fyrir almenning. Er þá t. d. átt við starfsemi á borð við hinn nýstofnaða Kvöldskóla í Reykjavík, námsflokka hinna ýmsu sveitarfélaga, Bréfaskóla SÍS og ASÍ, tungumálaskóla, — svo og ýmislegt annað „léttara“ nám.

Í C-lið er gert ráð fyrir að stofnunin efni til námskeiða fyrir þá, er leita endurhæfingar eða aukinnar þjálfunar í störfum sínum. Slíkt hefur með öllu skort hér á landi, en með þessu ákvæði er slíkri starfsemi fenginn grundvöllur.

Í D-lið er stofnuninni gert að standa fyrir þjálfunar- og fræðslunámskeiðum fyrir trúnaðarmenn í launasamtökunum. Einnig er henni heimilt að greiða kostnað við slík námskeið, er aðrir halda. Á þessu sviði hefur verið mikil vöntun hér á landi. Launþegasamtökin hafa ekki haft neitt bolmagn til að standa fyrir dýrum og umfangsmiklum námskeiðum til fræðslu og þjálfunar fyrir trúnaðarmenn sína. Á því hefur löngu verið ráðin bót í nágrannalöndunum, m. a. á vegum hinna frjálsu fræðslukerfa. Er þá varið stórfé í þessu skyni árlega. Er sannarlega tímabært, að tekin verði upp slík starfsemi hér á landi.

Í 3. gr. frv. er tiltekið, hvernig ráðstafa skuli í meginatriðum því fjármagni, er stofnuninni verður fengið. Er því þar skipt í samræmi við áætlaðar þarfir. Að öðru leyti þarfnast sú grein ekki skýringa.

Önnur atriði frv. skýra sig sjálf.“

Sþ. 321. Tillaga til þingsályktunar [177. mál]

um undirbúning löggjafar um sjómannastofur.

Flm.: Vilhjálmur Hjálmarsson, Geir Gunnarsson, Karvel Pálmason.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta undirbúa löggjöf um þátttöku ríkissjóðs í stofnun og rekstri sjómannastofa.

Sjávarútvegsráðherra skipar til þess starfa þrjá menn, einn eftir tilnefningu Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, einn samkvæmt tilnefningu Sjómannasambandsins og einn án tilnefningar og skal hann vera formaður.

Kostnaður greiðist úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Sjómannastofur eru fáar hér á landi og stopull rekstur sumra. Reynsla þeirra, sem rekið hafa slíka starfsemi að staðaldri, er þó sú, að hún sé vel þegin og komi sjómönnum að góðu gagni, þegar þeir eru við land utan heimahafnar.

Sæmilega vel búin sjómannastofa getur veitt töluvert fjölbreytta fyrirgreiðslu, svo sem aðgang að blöðum og sjónvarpi, afdrep til bréfaskrifta, þægilegri bið eftir símtali en fæst á símstöðinni, dægradvöl t. d. við spil, tafl eða billjarð og veitingar.

Flutningsmenn taka fram, að fyrir þeim vakir ekki að kæfa með ríkisafskiptum lofsvert áhugastarf, sem unnið hefur verið á þessu sviði, að vísu á allt of fáum stöðum. Fyrir þeim vakir, að málið fái athugun og síðan verði formuð eðlileg aðstoð hins opinbera við þá starfsemi, sem hér um ræðir.

Eðlilegt er að kanna, hvernig þessum málum er fyrir komið annars staðar, t. d. í Noregi, um leið og leitazt er við að meta, á hvern hátt hagkvæmast yrði að reka sjómannastofur við íslenzkar aðstæður. Væri t. d. hugsanlegt að tengja starfsemi þeirra við félagsheimili sjávarplássanna eða hótel þeirra o. s. frv.

Það er skoðun flutningsmanna, að það sé skynsamlegt og blátt áfram hagkvæmt að leggja meira af mörkum til fyrirgreiðslu á því sviði, sem tillagan fjallar um, og að ástand þessara mála, eins og það hefur verið, sé ekki til sóma og raunar óviðunandi.

Ed. 322. Frumvarp til laga [178. mál]

um breyting á lögum nr. 3 31. jan. 1972, um bráðabirgðabreyting á dómsmálastjórn í Vestmannaeyjum, o. fl.

(Lagt fyrir Alþingi á 93. löggjafarþingi, 1972—1973).

1. gr.

Í stað „22. febrúar 1973“ í 1. málsgr. 3. gr. og 4. gr. komi: 22. marz 1973.
Í stað „23. febrúar 1973“ í 1. og 2. málsgr. 3. gr. og 4. gr. komi: 23. marz 1973.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með lögum um bráðabirgðabreyting á dómsmálastjórn í Vestmannaeyjum, o. fl., nr. 3 31. janúar 1973, var frestað til 23. febrúar 1973 ýmsum réttaráhrifum, sem að óbreyttu áttu að koma til framkvæmda á fyrstu dögunum eftir að jarðeldarnir á Heimaey hófust.

Eigi hefur tekizt að koma högum manna vegna atburða þessara í það horf, sem æskilegt má telja, og þykir eftir atvikum rétt að fresta réttaráhrifum enn um mánuð.

Sþ. 323. Tillaga til þingsályktunar [179. mál]

um sjónvarp á sveitabæi.

Flm.: Þorv. Garðar Kristjánsson, Matthías Bjarnason, Sverrir Hermannsson, Steinþór Gestsson, Friðjón Þórðarson, Ólafur G. Einarsson, Magnús Jónsson, Pálmi Jónsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hlutast til um, að Ríkisútvarpið komi upp endurvarpsstöðvum fyrir þá sveitabæi, sem nú njóta ónothæfra eða engra sjónvarpsskilyrða. Ríkisstjórnin afli sérstaks fjármagns í þessu skyni, og stefnt verði að því að ljúka framkvæmd þessari innan tveggja ára.

Greinargerð.

Óþarft er að fara orðum um mikilvægi sjónvarpsins og menningarlegt hlutverk þess í þjóðlífinu. En ekki er víst, að allir geri sér grein fyrir, að svo þýðingarmikið sem sjónvarpið er þéttbýlinu, er þjónustuhlutverk þess hvergi mikilvægara en í strjálbýlinu. Þar sem fásinni og einangrun er mest, hefur sjónvarpið mestu hlutverki að gegna. Af þessu leiðir, að sjónvarpið er eitt hið þýðingarmesta tæki til að stuðla að byggðajafnvægi. Hins vegar hefur það hinar alvarlegustu afleiðingar, ef sum byggðarlög eru afskipt sjónvarpinu. Svo er einmitt ástatt í dag í mesta strjálbýlinu. Þannig hefur tilkoma sjónvarpsins ekki orðið þessum byggðarlögum lyftistöng, en þvert á móti aukið á jafnvægisleysið milli þeirra og þéttbýlisins. Við svo búið má ekki standa.

Þar sem skórinn kreppir nú að í þessum efnum, eru þeir sveitabæir víðs vegar um landið, sem dreifikerfi sjónvarpsins nær ekki til. Samkvæmt yfirliti, sem Landssíminn hefur gert, voru í febrúar s. l. 472 sveitabæir, sem nutu ónothæfra eða engra sjónvarpsskilyrða. Þessum sveitabæjum var raðað saman til að sýna, hverjir þeirra gætu hugsanlega verið saman um endurvarpsstöð. Út frá þessari röðun má gera sér nokkra grein fyrir þeim fjölda endurvarpsstöðva, sem þarf til að koma þessum sveitabæjum í sjónvarpssamband og þar með ljúka sjónvarpsvæðingu landsins. Gerði Landssíminn eftirfarandi töflu um þetta efni:

Fjöldi sveitabæja pr. endurvarpsstöð	Fjöldi stöðva (svæða)	Fjöldi sveitabæja samtals	Eftirstöðvar Fjöldi sveitabæja
16	1	16	456
14	3	42	414
13	1	13	401
11	2	22	379
9	2	18	361
8	4	32	329
7	7	49	280
6	4	24	256
5	7	35	221
4	16	64	157
3	9	27	130
2	35	70	60
1	60	60	0
	151	472	

Tafla þessi sýnir niðurstöður af athugunum Landssímans, en samkvæmt henni mun þurfa um 150 endurvarpsstöðvar, til þess að allir sveitabæir í landinu verði í sjónvarpssambandi og þessi þjónusta nái til allra landsmanna. Síðan þetta yfirlit var gert, hafa nokkrir sveitabæir komizt í sjónvarpssamband. Samt sem áður má hafa niðurstöður þessarar athugunar til hliðsjónar, þegar metið er, hve umfangsmikið það verkefni er að búa þeim sveitabæjum sjónvarpsaðstöðu, sem nú njóta ónothæfra eða engra sjónvarpsskilyrða. Í þessu sambandi ber og að hafa í huga, að í bréfi til Ríkisútvarpsins hefur Landssíminn látið þess getið um þá áætlun sína, að um 150 endurvarpsstöðvar þurfi, að „að líkindum yrði þessi tala nokkuð hærri í raun, þar eð sumar endurvarpsstöðvarnar mundu verða að staðsetjast þar, sem sjónvarpsmerki eru ekki fyrir hendi, og þyrfti því tengistöð til viðbótar."

Þegar framangreind athugun Landssímans var gerð, var gert ráð fyrir, að hver endurvarpsstöð mundi kosta að meðaltali um 1 millj. kr., eða heildarkostnaður þessa verks verði um 150 millj. kr. Þó að hér sé um grófa áætlun að ræða og síðan hafi tilkomið tvær gengislækkanir, gefur þetta samt til kynna umfang þess verkefnis, sem hér er um að ræða.

Þess er enginn kostur, að Ríkisútvarpið geti ráðið við framkvæmd þessa, nema sérstakt fjármagn komi til. Ríkisútvarpinu er ætlað að standa undir stofnkostnaði

dreifikerfis sjónvarpsins með tolltekjum af sjónvarpstækjum. Þessar tolltekjur eru áætlaðar fyrir árið 1973 20 millj. kr. Á þessu ári þarf 35—40 millj. kr. í afborganir og vexti af skuldum, sem stofnað hefur verið til vegna dreifikerfis sjónvarpsins og nema nú rúmum 100 millj. kr. Augljóst er, að núverandi tekjustofn kemur ekki að haldi við að sjónvarpsvæða þá sveitabæi, sem enn liggja óbættir hjá garði.

Ekki hefur Ríkisútvarpið aðra sjóði til að grípa til í þessu skyni. Þannig er nú séð fyrir þörfum þessarar menningarstofnunar þjóðarinnar. Er skemmst að minnast meðferðarinnar á Ríkisútvarpinu við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1973. Sú afgreiðsla þýddi um 110 millj. kr. rekstrarhalla Ríkisútvarpsins á þessu ári, ef ekki verður úr bætt, auk þess sem stofnunin situr með um 20 millj. kr. rekstrarhalla frá árinu 1972 og kostnaðarauka af síðustu gengislækkun.

Það er heldur engin leið í þessu efni að ætla Ríkisútvarpinu að taka lán til þeirra framkvæmda, sem hér um ræðir. Raunar er hér svo háttað, að engum venjulegum arðsemissjónarmiðum verður komið við. Ef gengið er út frá áætlunum þeim, sem áður greinir, má gera ráð fyrir, að það kosti að minnsta kosti 320 þús. kr. að meðaltali að koma sjónvarpinu á hvern bæ. Tekjur sjónvarpsins af hverjum bæ nema um 10 þús. kr. í tolltekjur af einu sjónvarpstæki, og afnotagjaldið er nú 3 100 kr. Af þessum tekjum verður ekki staðið undir stofnkostnaði við að koma þeim bæjum í sjónvarpssamband, er ekki njóta þess nú. Af þessum tekjum þarf auk þess að standa undir rekstrarkostnaði endurvarpsstöðvanna, sem til þessa þurfa, og hafa verður í huga, að tæki þessara stöðva verður að afskrifta á 10 árum.

Með skírskotun til framanritaðs er hér lagt til, að sérstaks fjármagns, er verði óafturkræft framlag, verði aflað til að standa undir stofnkostnaði þeirrar framkvæmdar að koma í nothæft sjónvarpssamband innan tveggja ára öllum sveitabæjum, er ekki njóta þess nú. Hér er um að ræða verkefni sérstaks eðlis, sem varðar jafnvægi í byggð landsins.

Ekki mun af veita, þótt aflað sé fjármagns sérstaklega til þessara hluta, þar sem Ríkisútvarpsins bíður nú mikið átak við að koma upp örbylgjukerfi fyrir flutning dagskrár til aðalstöðva í sjónvarpskerfinu í stað endurvarpskerfisins, sem nú er. Auk þess má nefna það brýna verkefni við dreifikerfið að bæta sjónvarpsskilyrði á fiskimiðunum umhverfis landið.

Til frekari skýringar er hér fylgiskjal, sem sýnir skiptingu eftir kjördæmum á því verkefni að sjónvarpsvæða þá sveitabæi, er ekki njóta nú stjórnvarpsskilyrða. Er þetta yfirlit gert af framkvæmdastjóra fjármáladeildar Ríkisútvarpsins.

Fylgiskjal.

YFIRLIT

yfir:

1) Skiptingu þeirra sveitabæja eftir landshlutum, sem enn hafa ekki skilyrði til sjónvarpsmóttöku.
2) Fjölda sjónvarpsstöðva, sem þarf til að koma sjónvarpi til þessara bæja, ásamt upplýsingum um, hversu mörgum hver þeirra þjónar.

	Bæir með ófullnægjandi skilyrði			Tala stöðva, sem hver um sig koma sjónvarpi á													
	Engin	Ónothæf	Alls	1 bæ	2 bæi	3 bæi	4 bæi	5 bæi	6 bæi	7 bæi	8 bæi	9 bæi	11 bæi	13 bæi	14 bæi	16 bæi	Stöðv. alls
Reykjanes	3	–	3	3	–	–	–	–	–	–	–	–	–	–	–	–	3
Vesturland	17	22	39	10	7	1	3	–	–	–	–	–	–	–	–	–	21
Vestfirðir	27	82	109	17	11	4	3	2	1	2	2	–	–	–	–	–	42
Norðurland vestra	19	94	113	11	4	2	3	1	2	2	2	2	1	–	–	–	30
Norðurland eystra	14	52	66	3	4	–	4	2	–	–	–	–	1	–	1	–	16
Austfirðir	42	73	115	10	7	2	2	–	2	2	1	–	–	1	1	1	29
Suðurland	8	17	25	4	2	–	–	2	–	1	–	–	–	–	–	–	9
	130	340	470	58	35	9	16	7	5	7	5	2	2	1	2	1	150

Sþ. 324. Nefndarálit [20. mál]

um till. til þál. um vistheimili fyrir vangefna.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað till. og fellst á meginefni hennar. Hins vegar þykir rétt að taka inn í till. rannsóknarefni, sem varða rekstur vistheimila fyrir vangefna. Þannig verði kannað, hver sé fjöldi vangefinna í landinu og skipting þeirra eftir landshlutum, enn fremur, hver sé aðstaða til sérhæfingar fyrir það fólk, sem annast þjónustustörf á vistheimilum, þ. á m. nauðsynlegrar kennslu.

Nefndin var sammála um svofellda

BREYTINGU:

Tillgr. orðist svo:

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina:

1) Að kanna tölu vangefinna í landinu og skiptingu þeirra eftir landshlutum.
2) Að kanna aðstöðu til sérhæfingar fyrir það fólk, sem tekst á hendur þjónustustörf á vistheimilum fyrir vangefna, þ. á m. kennslu.
3) Að beita sér fyrir því í samráði við Styrktarfélag vangefinna, að komið verði upp vistheimilum fyrir vangefna, þar sem þeirra verður talin þörf.

Alþingi, 14. febr. 1973.

Björn Fr. Björnsson, form., frsm.	Jónas Árnason, fundaskr.	Bjarni Guðnason.
Ragnhildur Helgadóttir	Lárus Jónsson.	Stefán Gunnlaugsson.

Nd. 325. Lög [178. mál]

um breyting á lögum nr. 3 31. jan. 1973, um bráðabirgðabreyting á dómsmálastjórn í Vestmannaeyjum, o. fl.

(Afgreidd frá Nd. 21. febr.)

Samhljóða þskj. 322.

Nd. 326. Nefndarálit [23. mál]

um frv. til l. um framkvæmd eignarnáms.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur rætt frv. á nokkrum fundum. Umsagnir hafa borizt frá þremur aðilum: Búnaðarfélagi Íslands, Sambandi ísl. sveitarfélaga og Hús- og landeigendasambandi Íslands. Tveir hinir fyrstnefndu mæla með samþykkt frv., en hinn síðastnefndi gerir athugasemdir við einstakar greinar.

Nefndin samþykkti að mæla með samþykkt frv., en einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja breytingartillögum.

Alþingi, 22. febr. 1973.

Svava Jakobsdóttir, form.	Bjarni Guðnason, fundaskr.	Ólafur G. Einarsson, frsm.
Gísli Guðmundsson.	Stefán Valgeirsson.	Ellert B. Schram.
	Pétur Pétursson.	

Ed. 327. Frumvarp til laga [180. mál]

um breyting á lögum um stofnun og slit hjúskapar, nr. 60 29. maí 1972.

Frá allsherjarnefnd.

1. gr.

Í stað „1973“ í 1. mgr. 85. gr. komi: 1974.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt að beiðni dómsmálaráðuneytisins og fylgdi svofelld greinargerð.

Er frumvarp núgildandi laga um stofnun og slit hjúskapar var lagt fram á Alþingi vorið 1971, varð meðferð þess ekki lokið, og var frumvarpið þá lagt fram að nýju á næsta Alþingi. Við framlagninguna láðist að leiðrétta eitt ártal í lögunum, og er þeirri leiðréttingu komið hér á framfæri.

Nd. 328. Breytingartillögur [23. mál]

við frv. til l. um framkvæmd eignarnáms.

Frá Ellert B. Schram.

1. Við 12. gr. 3. mgr. falli niður.
2. 14. gr. falli niður.

Sþ. 329. Þingsályktun [11. mál]

um starfshætti skóla og aðstöðu til líkamsræktar.

(Afgreidd frá Sþ. 22. febr.)

Samhljóða þskj. 11.

Ed. 330. Nefndarálit [148. mál]

um frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja landspildu úr prestssetursjörðinni Bjarnanesi í Nesjahreppi.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin mælir með því, að frumvarpið verði samþykkt.
JÁ og BJ voru fjarstaddir, þegar málið var afgreitt í nefndinni.

Alþingi, 22. febr. 1973.

Páll Þorsteinsson, varaform., frsm. Helgi Seljan, fundaskr. Steinþór Gestsson.
Jón Árm. Héðinsson. Alexander Stefánsson.

Sþ. 331. Nefndarálit [158. mál]

um till. til þál. um heimild til fullgildingar á samningum Íslands við Efnahagsbandalag Evrópu og við Kola- og Stálbandalag Evrópu og enn fremur um samþykkt á breytingum á stofnsamningi Fríverzlunarsamtaka Evrópu.

Frá utanríkismálanefnd.

Á fundi nefndarinnar, þar sem tillagan var rædd, komu fram þær upplýsingar, að ríkisstjórnin hefði ákveðið að nota heimildina þegar eftir að Alþingi veitir hana. Á þeim grundvelli urðu nefndarmenn sammála um að mæla með samþykkt tillögunnar.

Alþingi, 23. febr. 1973.

Þórarinn Þórarinsson, form., frsm.	Gils Guðmundsson, fundaskr.	Bjarni Guðnason.
Eysteinn Jónsson.	Matthías Á. Mathiesen.	Geir Hallgrímsson.
	Benedikt Gröndal.	

Nd. 332. Frumvarp til laga [181. mál]

um, að gerð verði yfirlitsáætlun um fullnaðaruppbyggingu þjóðvegakerfisins samkv. vegalögum.

Flm.: Gísli Guðmundsson, Bjarni Guðnason, Jónas Árnason, Lárus Jónsson, Stefán Gunnlaugsson.

1. gr.

Vegagerð ríkisins skal á árinu 1973 láta gera lauslega yfirlitsáætlun um fullnaðaruppbyggingingu þjóðvegakerfisins og kostnað við hana, miðað við þá gerð vega, sem stefna ber að samkv. 12. og 13. gr. vegalaga, nr. 98/1970, og þá flokkun vega, sem upp var tekin í vegáætlun fyrir árin 1972—75.

2. gr.

Kostnaður við áætlunargerð samkv. 1. gr. greiðist úr ríkissjóði.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Hinn 16. maí 1972 samþykkti Alþingi þingsályktun þess efnis, að skorað væri á ríkisstjórnina að fela Vegagerð ríkisins að láta á árinu 1972 gera lauslega yfirlitsáætlun um fullnaðaruppbyggingu þjóðvegakerfisins í samræmi við vegalög og núgildandi vegaflokkun. Í svari við fyrirspurn 20. febr. s. l. kom það fram frá hlutaðeigandi ráðherra, að fyrrnefnd þingsályktun hefur ekki verið framkvæmd á árinu 1972, og er ástæðan talin sú, að Alþingi hafi ekki samþykkt sérstaka fjárveitingu til verksins. Nú eru að vísu fordæmi fyrir því, að ríkisstjórn hafi greitt fé úr ríkissjóði samkvæmt ályktunum Alþingis, þótt ekki væru í lagaformi. En rétt þykir eftir atvikum að freista þess að fá efni þingsályktunarinnar lögfest og þar með, að kostnaður við áætlunargerðina greiðist úr ríkissjóði. Því er frv. þetta flutt.

Þó að allmikið hafi verið unnið að vegagerð hér á landi síðustu 40—50 árin, er Ísland enn vanþróað í vegamálum, en bifreiðaeign landsmanna fer sívaxandi, og er bifreiðafjöldinn nú kominn yfir 50 þús. og miklu meira af þungum bifreiðum

en áður var. Fyrir mikinn hluta af þjóðvegakerfinu er álagið ofraun, og bifreiðar endast verr en skyldi á hinum vondu vegum.

Tímabært er að gera sér grein fyrir því, hve mikið af þjóðvegakerfinu þarf að byggja upp og hvað það kostar, til þess að hægt sé að gera raunverulega framkvæmdaáætlun, sem feli í sér heildaruppbyggingu á tilteknum tíma. Fyrsta skrefið í þessa átt er að gera þá lauslegu yfirlitsáætlun, sem frv. fjallar um, en sú áætlunargerð yrði fyrst og fremst í því fólgin að vinna úr þeim gögnum, sem þegar eru fyrir hendi hjá Vegagerðinni.

Þess má geta, að fyrrnefnd þingsályktunartillaga í því formi, sem hún var samþykkt var flutt af allherjarnefnd Sameinaðs þings í samræmi við álitsgerð, sem nefndinni barst frá vegamálastjóra um aðra tillögu, sem nefndin hefði fengið til meðferðar um þetta mál.

Lengd þjóðvegakerfisins var 1969 talin sem hér segir: Hraðbrautir 324.4 km, þjóðbrautir 2756.3 km, landsbrautir 5621 km og þjóðvegir í þéttbýli 97.8 km. Samtals 8 799.5 km.

Allir flutningsmenn þessa frumvarps áttu í fyrra sæti í allsherjarnefnd Sameinaðs þings og stóðu að fyrrnefndri þingsályktunartillögu, eins og hún var samþykkt á Alþingi 16. maí 1972.

Sþ. 333. Nefndarálit [48. mál]

um till. til þál. um fiskiðnskóla í Siglufirði.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað tillöguna og fengið umsagnir Sambands ísl. sveitarfélaga, Fjórðungssambands Norðlendinga, Fiskifélags Íslands og Fiskmats ríkisins. Umsagnir eru jákvæðar, og leggur nefndin til, að tillagan verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 18. febr. 1973.

Björn Fr. Björnsson, form.	Jónas Árnason, fundaskr.	Lárus Jónsson, frsm.
Bjarni Guðnason.	Jón Skaftason.	Ragnhildur Helgadóttir.

Sþ. 334. Þingsályktun [158. mál]

um heimild til fullgildingar á samningum Íslands við Efnahagsbandalag Evrópu og við Kola- og Stálbandalag Evrópu og enn fremur um samþykkt á breytingum á stofnsamningi Fríverzlunarsamtaka Evrópu.

(Afgreidd frá Sþ. 26. febr.)

Samhljóða þskj. 295.

Sþ. 335. Fyrirspurnir. [182. mál]

I. Til landbúnaðarráðherra um framkvæmd þingsályktunar um öflun skeljasands til áburðar.

Frá Vilhjálmi Hjálmarssyni.

Hvað líður framkvæmd ályktunar Alþingis frá 8. febr. 1972 um öflun skeljasands til áburðar?

II. Til menntamálaráðherra um væntanlegan Tækniháskóla Íslands.

Frá Lárusi Jónssyni

1. Hvað líður framkvæmd bráðabirgðaákvæðis laga nr. 66 frá 29. maí 1972 um könnun á að koma á fót Tækniháskóla Íslands og velja honum stað á Akureyri?
2. Hversu miklu landrými og aðstöðu þyrfti að gera ráð fyrir í aðalskipulagi fyrir slíkan skóla á Akureyri, en nú er unnið þar að gerð slíks skipulags, sem gilda á næstu 20 ár?

III. Til fjármálaráðherra um smíði skuttogara á Spáni.

Frá Lárusi Jónssyni.

1. Hve hárri upphæð nema kröfur skipasmíðastöðva á Spáni umfram upphaflegt umsamið verð hvers togara, sem þar er í smíðum fyrir ríkissjóð?
2. Hvert verður endanlegt smíðaverð hvers skips, ef gengið verður að þessum kröfum?
3. Hve hátt var tilboð Slippstöðvarinnar á Akureyri í smíði hliðstæðra skipa, reiknað á núgildandi verðlagi?

IV. Til fjármálaráðherra um afhendingu skuttogara fyrir Útgerðarfélag Akureyringa.

Frá Lárusi Jónssyni.

Er það rétt, sem komið hefur fram í fjölmiðlum, að skipasmíðastöðvarnar á Spáni muni ekki afhenda togara, sem ætlaðir voru Útgerðarfélagi Akureyringa? Ef svo er, hvaða ráðstafanir hyggst ríkisstjórnin gera til þess, að Akureyringar fái hliðstæð skip á viðráðanlegu verði?

V. Til iðnaðarráðherra um samkeppnishætti erlendra skipasmíðastöðva.

Frá Lárusi Jónssyni.

Hyggst ríkisstjórnin ekki láta rannsaka samkeppnishætti erlendra skipasmíðastöðva út af því, sem nú er að gerast í þessu efni á Spáni, og meta samkeppnishæfni íslenzka skipasmíðaiðnaðarins gagnvart erlendum stöðvum?

VI. Til sjávarútvegsráðherra um friðuð svæði á Breiðafirði.

Frá Jónasi Árnasyni.

Hefur verið gerð vísindaleg athugun á því, hvaða gagn hafi orðið að þeirri friðun stórra svæða á innanverðum Breiðafirði, sem komst á fyrir nokkrum árum að frumkvæði sjómanna og útgerðarmanna þar vestra og felst í því, að bannað er að nota þarna önnur veiðarfæri en handfæri og línu?

VII. Til samgönguráðherra um sjálfvirk radíódufl í íslenzkum skipum.

Frá Jónasi Árnasyni.

Hvað líður framkvæmd þingsályktunar frá 16. maí 1972 um, að sett verði í reglugerð, að öll íslenzk skip skuli hafa um borð sjálfvirk radíódufl til neyðarkallssendinga?

VIII. Til landbúnaðarráðherra um verðlagsgrundvöll landbúnaðarvara.

Frá Pálma Jónssyni.

1. Hvað líður gerð nýs verðlagsgrundvallar landbúnaðarvara, er upphaflega átti að taka gildi 1. sept. 1972?
2. Frá hvaða tíma er hinum nýja grundvelli ætlað að gilda?
3. Hverjar verða helztu breytingar á magntölum verðlagsgrundvallarins?

Sþ. 336. Breytingartillaga [8. mál]

við till. til þál. um endurskoðun laga um kosningar til Alþingis.

Frá Auði Auðuns.

Í stað orðanna „leggja fyrir næsta þing“ komi: leggja hið allra fyrsta fyrir þingið.

Ed. 337. Frumvarp til laga [183. mál]

um lögreglustjóra í Hafnarhreppi í Austur-Skaftafellssýslu.

(Lagt fyrir Alþingi á 93. löggjafarþingi, 1972—1973).

1. gr.

Í Hafnarhreppi í Austur-Skaftafellssýlu skal vera lögreglustjóri. Umdæmi hans er Hafnarhreppur.

Forseti Íslands veitir embætti þetta lögfræðingi, sem fullnægir lögmæltum skilyrðum til skipunar í héraðsdómaraembætti.

2. gr.

Lögreglustjórinn hefur á hendi dómsvald, lögreglustjórn, tollgæzlu og innheimtu á tollum og gjöldum þeim, sem innheimtumönnum ríkissjóðs er ætlað að innheimta, notarialgerðir, yfirfjárráð svo og önnur málefni, er ákveðin verða í reglugerð.

Í Hafnarhreppi skal eigi vera hreppstjóri og skal lögreglustjóri annast störf þau, sem heyrt hafa undir hann.

Nánari reglur um starfssvið lögreglustjórans skulu settar í reglugerð.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1974.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Á undanförnum árum hefur mikið verið rætt um það af íbúum Austur-Skaftafellssýslu, að nauðsyn beri til að fá sýslumann að Höfn í Hornafirði eða stofna sérstakt lögreglustjóraembætti fyrir Höfn. Einnig hefur verið rætt um að koma á fót sérstakri umboðsskrifstofu sýslumanns á Höfn, er löglærður fulltrúi veitti forstöðu. Um þetta mál hafa síðustu árin verið gerðar fjölmargar fundasamþykktir. Þar á meðal hefur hreppsnefnd Hafnarhrepps, svo og bændafundir í Austur-Skaftafellssýslu, samþykkt ályktanir þar að lútandi.

Sýslumaður Skaftafellssýslu hefur nú aðsetur í Vík í Mýrdal. Til þess að komast í austurhluta sýslunnar þarf sýslumaður því að fara fyrst til Reykjavíkur og þaðan

flugleiðis til Hafnar í Hornafirði. Augljóst er, að slíku fyrirkomulagi fylgir óhagræði, bæði fyrir sýslumann svo og fyrir íbúa austurhluta sýslunnar að þurfa að sækja þjónustu, er skrifstofa sýslumanns á að veita, til Víkur.

Eftir að vegasamband kemst á milli Víkur og Hafnar yfir Skeiðarársand verður vegalengd þar á milli um 300 km. Það er því ljóst, að þrátt fyrir þá vegabót verður erfiðleikum bundið fyrir íbúa í austustu hreppum Austur-Skaftafellssýslu að sækja þjónustu til Víkur.

Á undaförnum árum hefur átt sér stað ör fólksfjölgun á Höfn. Hinn 1. desember 1971 voru íbúar í Austur-Skaftafellssýlu 1 630, þar af í Hafnarhreppi 964, en í Vestur-Skaftafellssýslu voru íbúar 1 368, þar af 378 í Vík. Nú mun íbúatala á Höfn vera komin yfir 1 000 og allar líkur eru til þess, að íbúum fjölgi þar, ef svo heldur fram sem horfir.

Frumvarp þetta gerir ráð fyrir, að stofnað verði sérstakt lögreglustjóraembætti fyrir Hafnarhrepp. Þá er að sjálfsögðu gert ráð fyrir, að aðrir hreppar Austur-Skaftafellssýslu heyri áfram undir sýslumanninn í Vík. Það er ekkert því til fyrirstöðu, að lögreglustjórinn geti að einhverju leyti í umboði sýslumanns annazt ýmsa fyrirgreiðslu við íbúa þessara hreppa, er heyra áfram undir sýslumann.

Frumvarpið gerir ráð fyrir, að sett verði reglugerð, er kveði nánar á um starfssvið lögreglustjórans. Auk þeirra meginþátta, sem í frumvarpinu eru taldir upp, og lögreglustjórinn á að annast, er nauðsynlegt að taka fram nánar um ýmsa hina smærri þætti. Einnig er nauðsynlegt, að settar verði nánari reglur um starfsskiptingu milli sýslumannsembættisins og lögreglustjóraembættisins.

Sþ. 338. Tillaga til þingsályktunar [184. mál]

um gagngera rannsókn á íbúðum og sameignum í Breiðholti I.

Flm.: Bjarni Guðnason, Stefán Valgeirsson.

Alþingi ályktar að skora á félagsmálaráðherra að láta fara fram gagngera rannsókn á íbúðum og sameignum í Breiðholti I, þ. e. í fjölbýlishúsunum Ferjubakka 2—16, Grýtubakka 2—16 og 18—32 og Hjaltabakka 2—16 og 18—32.

Leiði sú rannsókn í ljós augljósa smíða- eða frágangsgalla á umræddum eignum, verði viðhlítandi lagfæringar gerðar, eigendum að kostnaðarlausu.

Jafnframt verði séð svo um, að íbúðaeigendum verði gefinn upp byggingarkostnaður ofangreindra húsa.

Greinargerð.

Svo sem kunnugt er, varð að ráði í júnísamkomulaginu svonefnda 1965 milli verkalýðsfélaga og ríkisvalds, að byggðar skyldu á árunum 1966—1970 1250 íbúðir í Reykjavík á vegum ríkisins og Reykjavíkurborgar í samvinnu við verkalýðsfélögin. Þessar byggingarframkvæmdir hafa átt sér stað í áföngum í Breiðholti, og er nú 4. áfangi í smíðum, enda komið fram á ár 1973.

Það mál, er hér er á dagskrá, varðar eingöngu 1. áfangann eða Breiðholt I, sem reistur var á árunum 1966—1969. Þó er undanskilinn sá hluti, er Reykjavíkurborg var aðili að, en hún leigir þær íbúðir út. Í ljós hefur komið, að bæði í íbúðum og sameign eru ýmsir smíða- og frágangsgallar, sem engan veginn geta talizt eðlilegir við sölu á nýjum íbúðum, og breytir þar engu, þótt ætlunin hafi verið, að íbúðir þessar yrðu sérlega ódýrar í byggingu, en sú varð þó ekki raunin á.

Fyrir framkvæmdum þessum í Breiðholti hefur staðið svonefnd framkvæmdanefnd byggingaráætlunar, og skipa hana tveir nefndarmenn af hálfu húsnæðismálastjórnar ríkisins, einn tilnefndur af Alþýðusambandi Íslands, einn tilnefndur

af fulltrúaráði verkalýðsfélaganna í Reykjavík og einn tilnefndur af Reykjavíkurborg.

Íbúðaeigendur í Breiðholti I hafa margsinnis farið þess á leit við framkvæmdanefndina, að hún léti gera nauðsynlegar lagfæringar á þeim göllum, er örugglega mega teljast smíðagallar. Að vísu hefur framkvæmdanefndin látið lagfæra sitthvað í þeim íbúðum, sem verst þóttu á sig komnar, en því fer víðs fjarri að dómi eigenda, að nóg sé að gert. Við þetta vilja íbúðareigendur að sjálfsögðu ekki una, og virðist framkvæmdanefndin ætla að smeygja sér undan allri ábyrgð í þessum efnum.

Þess má geta, að gerður var viðgerðarsamningur milli íbúðaeigenda og framkvæmanefndarinnar, þar sem taldir voru upp þeir ágallar, sem laga þyrfti. Við þennan samning hefur nefndin ekki staðið nema að litlu leyti (sjá fylgiskjöl I og II). Þá segir og bréf frá umsjónarmanni eldvarna til framkvæmdanefndar byggingaráætlunar sína sögu (sjá fylgiskjal III), en það hefur ekki borið árangur.

Íbúðaeigendur hafa reynt að ná rétti sínum með því að ræða við framkvæmdanefndina, rita henni ótal bréf og kynna mál sitt í blöðum. En árangur hefur ekki orðið sem erfiði. Og nú er ekki nema í eitt hús að venda, að hið háa Alþingi grípi í taumana og skori á félagsmálaráðherra að sjá til þess, að íbúðaeigendur nái rétti sínum.

Í reglugerð um íbúðabyggingar ríkisins og Reykjavíkurborgar, sem gefin er út af félagsmálaráðuneytinu 28. apríl 1967, segir m. a. svo í 12. gr.: „Félagsmálaráðherra skipar tvo trúnaðarmenn í samráði við borgarstjóra Reykjavíkur til þess að hafa eftirlit með öllum byggingarframkvæmdum og fjárreiðum vegna íbúðabygginga þeirra, sem um ræðir í reglugerð þessari.“ Það virðist því liggja í hlutarins eðli, að það komi í hlut félagsmálaráðuneytisins að sjá svo um, að íbúðakaupendur kaupi ekki svikna vöru.

Vert er að geta þess, að við byggingarframkvæmdir í Breiðholti I voru notaðar nýjar aðferðir við fjöldaframleiðslu íbúða og beitt fullkomnustu tækni og skipulagningu, sem kostur var á. Þetta leiddi til þess, eins og viðurkennt hefur verið af framkvæmdanefndinni, að fyrstu byggingarframkvæmdir í Breiðholti urðu með tilraunasniði. Menn voru að þreifa sig áfram með nýja byggingartækni. Þetta leiddi aftur af sér þá smíða- og frágangsgalla, sem hér um ræðir. Er sjáanlegt, að í síðari áföngum Breiðholtsframkvæmda hefur verið um miklar framfarir að ræða og þar hafa menn lært af fyrri reynslu. Getur talizt nokkur sanngirni í því, að kaupendur íbúða í Breiðholti I beri bótalaust þá annmarka, sem fram hefur komið í íbúðum þeirra vegna þessarar tilraunastarfsemi?

Reynt hefur verið að láta orð liggja að því, að ekki væri mark takandi á þessum kvörtunum íbúðaeigenda í Breiðholti I, þar sem um væri að ræða örfáa nöldurseggi, sem væru alltaf óánægðir, hvar sem þeir væru. Þessi málflutningur er engum til sóma. En til þess að taka af öll tvímæli, hafa um 243 íbúðaeigendur af 260 í ofangreindum fjölbýlishúsum eða rúm 93% skrifað undir skjal, þar sem farið er fram á sams konar beiðni og um getur í þingsályktunartillögunni. Meginástæðan fyrir því, að ekki skuli vera 100% þátttaka, er sú, að sumar íbúðanna eru leigðar út.

Rétt er að vekja athygli á, að í þingsályktunartillögu þessari er einungis farið fram á, að óhlutdrægur aðili kanni ástand íbúða og sameignar og láti í ljós álit sitt. Reynist berlegir ágallar, sem rætur eiga að rekja til smíðagalla eða vinnusvika, verði gerðar viðhlítandi lagfæringar íbúðaeigendum að kostnaðarlausu. Hér er auðvitað ekki átt við eðlilegt slit af nýtingu íbúðanna.

Íbúðaeigendur óska þess enn fremur, eins og fram kemur í þingsályktunartillögunni, að fá uppgefinn byggingarkostnað, þar sem þeir telja sig hafa ástæðu til að ætla, að íbúðarverð hafi verið of hátt. Í fyrrgreindri reglugerð segir, að söluverð hverrar íbúðar skuli vera kostnaðarverð. Hér verður vitaskuld enginn dómur lagður á það, hvort íbúðakaupendur hafi nokkuð fyrir sér í þessu efni eða ekki. En varla er þeim láandi, þótt þeir vilji fá uppgefinn byggingarkostnað, enda má það heita réttur þeirra, eins og staðið er að byggingu þessara íbúða.

Fylgisjal I.

FJÖLBÝLISHÚS, 1 ÁFANGI

VIÐGERÐIR

Framkvæmdanefnd byggingaráætlunar lætur fara fram lokayfirferð í blokkunum, þar sem ábyrgðarári verktaka er nú um það bil að ljúka. Ákveðið er, að eftirtalin atriði verði lagfærð, þar sem gallar hafa komið fram, enda stafi þeir ekki af óeðlilegri umgengni eða viðhaldsskorti. Einstakir gallar, aðrir en þeir, sem taldir eru upp hér á eftir, verða teknir til athugunar og lagfærðir, eftir því sem tilefni gefst til. Verkinu verður hraðað, eftir því sem veður og aðstæður leyfa.

Formanni hvers húsfélags verður gefinn kostur á að fylgjast með lagfæringunum, og haft verður samráð við hann um meðferð ágreiningsefna.

1. **ÚTVEGGIR OG ÞAK**
   - 1.1. Skipt verður um móðugler og sprungin gler.
   - 1.2. Gert verður við glerjun, þar sem lekar hafa komið fram.
   - 1.3. Gluggar og svalahurðir verða þéttaðar, þar sem þörf krefur.
   - 1.4. Gert verður við leka á útveggjum.
   - 1.5. Gert verður við leka á þaki og túðum.
   - 1.6. Svalahandrið verði máluð og þar sem málning hefur flagnað af.

2. **INNVEGGIR**
   - 2.1. Sprungur út af þensluraufum. Gert verður við sprungur í stigagangi og anddyri og í íbúðum á 2. og 3. hæð út frá þenslurauf. Settur breiðari listi yfir þenslurauf í forstofu og tróð undir og gengið betur frá henni í efstu plötu.
   - 2.2. Raufar milli íbúða við útveggi. (Hljómburður). Í svefnherbergjum verður sett kíttissnúra, strigastyrktur plastborði og trélisti yfir rauf gluggamegin og spartlað og málað yfir raufar hinum megin. Í stofum verður fyllt betur í rauf með steinull, milli veggenda og G8
   - 2.3. Raufar milli eldhúsa og eldhúss og stofu í úrtaki fyrir skólplögnum. Hljómburður verður lagfærður með því að spartla í raufina og mála eða setja somvyl á vegginn milli eldhúsborða í borðhæð.
   - 2.4. Í baðherbergjum verða límdar þær flísar, sem lausar eru eða los er á. Einnig verður handlaugum fest, þar sem los er á þeim.

3. **HURÐIR**
   - 3.1. Útihurðir. Skipt verður um skrá.
   - 3.2. Innihurðir. Los á lömum og hurðarkörmum verður lagfært.
   - 3.3. Athugað verður, hvort hljóðeinangrun í flekum yfir forstofuhurðum í hornstigahúsum er í lagi, og gert við, ef svo er ekki.

4. **GÓLF**
   - 4.1. Gerðar verða tilraunir með lagfæringu á parketti í samræmi við leiðbeiningar framleiðanda.
   - 4.2. Gólfdúkur á anddyrum verður lagfærður eða endurnýjaður, þar sem hann hefur skemmzt vegna vatnságangs.

5. **LAGNIR**

   Gert verður við skólplagnir, þar sem leki hefur komið fram.

6. **BÍLASTÆÐI**

   Gengið verður endanlega frá bílastæðum við blokkir 3 og 5.

7. **STÉTTAR**
Stéttar, sem sigið hafa, verða lagfærðar að vori.

8. **LÓÐIR**
Aðstoð verður veitt við lóðarlögun að vori með því að leggja fram mold til verksins.

Samþykkir 2. 12. 1969,

Framkvæmdanefnd byggingaráætlunar

Eyjólfur K. Sigurjónsson.
Ingólfur Finnbogason.
Guðm. J. Guðmundsson.
Gísli Halldórsson.
Ragnar Björnsson.
Óskar V. Friðriksson.
Jónatan Hall.
Árni Theodórsson.

Fylgiskjal II.

Viðgerðir.

Eins og byrjun þessa samnings ber með sér, þá er um miklu fleiri galla að ræða en þá, sem flokkaðir eru undir greinar 1—8. Þær greinar eru aðeins um galla, sem eru í öllum stigahúsum og öllum blokkunum, en ekki bundnir við einstakar íbúðir.

Hvað viðkemur því atriði að gefa formönnum húsfélaganna kost á því að fylgjast með lagfæringum og hafa samráð við þá um meðferð ágreiningsefna, hefur það aldrei verið gert.

1. **ÚTVEGGIR OG ÞAK**
1.1. Hefur verið gert í nokkrum tilfellum, en mikið ógert enn þá.
1.2. Hefur verið gert, en árangur lítill og verri en enginn í mörgum tilfellum.
1.3. Hefur verið gert, en mjög víða án nokkurs árangurs.
1.4. Hefur sums staðar verið reynt, en ekki náð árangri.
1.5. Hefur mikið verið kíttað, en ekki náð árangri.
1.6. Hefur aldrei verið reynt.

2. **INNVEGGIR**
2.1. Var framkvæmt.
2.2. Var framkvæmt með þeirri aðferð, sem greinin segir til um. Hefur víða borið árangur.
2.3. Var framkvæmt í mörgum tilfellum. Hér er um brandvegg að ræða, og var þessi vinnuaðferð viðhöfð, en dugði víða stutt. Margir hafa hins vegar veggfóðrað þessa veggi með góðum árangri.
2.4. Hefur verið framkvæmt mörgum sinnum, en án verulegs árangurs. Handlaugum ekki verið fest.

3. **HURÐIR**
3.1. Var gert.
3.2. Hefur sums staðar verið gert, en ekki borið árangur nema í einstaka tilfelli.
3.3. Var athugað á einum stað, en ekki lagfært.

4. **GÓLF**
   4.1. Voru negld niður á stöku stað, en árangur enginn.
   4.2. Var gert að nokkru leyti, en víða losnað aftur.

5. **LAGNIR**
   Hefur ekki verið gert.

6. **BÍLASTÆÐI**
   Ekki annað en að unglingar voru látnir raka af því mesta stórgrýtinu.

7. **STÉTTAR**
   Hefur verið gert á fjórum stöðum, en árangur ófullnægjandi. Annað ógert.

8. **LÓÐIR**
   Tvö húsfélög fengu einhverja mold.
   F. b. hefur aldrei viljað viðurkenna, að um ófullnægjandi frágang á lóðum og bílastæðum væri að ræða, og þess vegna voru þeir aldrei til viðræðna um lóðarlögun.
   Samkvæmt matsgerð hússins Grýtubakka 2—16, frá 27. júní 1972, og F. b. áfrýjaði ekki til yfirmats, er kostnaður við lóðarlögun og bílastæði metinn á kr. 1 179 250.00, og viljum við taka skýrt fram, að sú lóð var ekki á nokkurn hátt frábrugðin lóðum hinna húsanna, en þau eru þegar búin að leggja hundruð þúsunda í lóðarlögun.
   F. b. lofaði við undirskrift þessa samnings að athuga einangrun í undirgöngum, með tilliti til kulda í nærliggjandi íbúðum, en hefur ekki staðið við það.
   Enn fremur að setja opnanlegan glugga í svefnherbergjum, þar sem þeir voru ekki fyrir hendi. Þetta var gert á þann hátt, að glugga, sem nær frá lofti í gólf, var skipt í miðju og timburfleki settur í efri helming til opnunar.

Framanritað er árangur þess samkomulags, sem gert var milli húsfélaganna og Framkvæmdanefndar byggingaráætlunar 2. des. 1969.

Ferjubakki 2—16. Árni Theodórsson. Ari Jónsson.
Grýtubakki 2—16. Örn Egilsson. Loftur Hauksson.
Grýtubakki 18—32. Snjólfur Fanndal. Ragnar Sigurðsson.
Hjaltabakki 2—16. Steindór Úlfarsson. Ragnar Björnsson.
Hjaltabakki 18—32. Steingr. Guðbrandsson. Svanfríður Jónsdóttir.

Fylgiskjal III.

Reykjavík, 2. júlí 1971.

Framkvæmdanefnd byggingaráætlunar,
Lágmúla 9,
Reykjavík.

Við athugun á íbúðarhúsum að Grýtubakka 2—32 hefur komið í ljós, að ekki hefur verið farið eftir ákvæðum byggingarsamþykktar fyrir Reykjavík í nokkrum tilvikum.
Eftirtöldum atriðum er ábótavant frá sjónarmiði eldvarna og öryggis.

1. Í kjallara eru stigahús opin inn í geymslusvæði. Annars vegar er enginn dyraumbúnaður og hins vegar er stórt op yfir dyrum. Loka þarf stigahúsum í kjallara á eldtraustan og reykþéttan hátt.

2. Í kjallara þurfa að vera eldvarnarveggir með tilheyrandi eldvarnarhurðum með mest 50 m millibili.
3. Sorpgeymslur eru ekki eldtraustar í hólf og gólf. Hér er viðartenging í klæðningu yfir dyrum.
4. Samkvæmt byggingarsamþykkt á sorprenna að ganga með óbreyttu þverináli beint upp úr þaki. Í risinu er loftræsting frá snyrtiherbergjum og sorprennum tengd saman með pípum gegnum eldvarnarveggi. Í veggjunum er opið með pípunum og væntanlega engar eldvarnarlokur innan í pípunum.
5. Í risi ná eldvarnarveggir ekki þétt upp að yztu þakklæðningu. Viðarbönd liggja yfir og ofan á veggjunum undir þakklæðningunni.

Er þess vænzt, að framantalin atriði verði athuguð af yðar hálfu og fundin viðunandi lausn í samráði við eldvarnareftirlitið.

Athuga þarf einnig, hvort svipað er ekki ástatt með aðrar byggingar, sams konar, sem Framkvæmdanefnd byggingaráætlunar hefur reist í Breiðholtinu.

Virðingarfyllst,

Einar Eyfells, umsjónarm. eldvarna.

Nd. 339. Breytingartillögur [147. mál]

við frv. til l. um grunnskóla.

Frá Benedikt Gröndal.

1) Við 11. gr.
   a) 1. mgr. orðist svo:
      Fræðsluráð skal skipað 7 mönnum, og skulu 5 kjörnir af viðkomandi landshlutasamtökum, einn af skólastjórum og einn af kennarasamtökum landshlutans. Jafnmargir skulu kjörnir til vara. Um kosningu fer samkvæmt lögum og reglugerð um starfshætti landshlutasamtaka sveitarfélaga, svo og eftir reglugerð. Fræðsluráð kýs sér formann.
   b) Í stað 3. og 4. mgr. komi:
      Í reglugerð skal ákveða um fundarsetu framkvæmdastjóra landshlutasamtaka, fulltrúa sveitarfélaga eða annarra, sem sérstaklega eiga hlut að tilteknu máli.
2) Við 14. gr. Á eftir 1. lið komi nýr liður, svo hljóðandi:
   2. Hann skal koma upp og stjórna kennslufræðilegri miðstöð fyrir umdæmi sitt, þar á meðal kennslutækja- og nýsitæknimiðstöð, eftir því sem aðstæður leyfa.
3) Við 17. gr. Á eftir 3. mgr. komi ný gr., svo hljóðandi:
   Sveitarfélög með meira en 10 000 íbúa geta ráðið sér sérstaka fræðslufulltrúa, og er menntamálaráðuneytinu heimilt að setja reglur um framlög til þeirra og starfsemi þeirra.
4) Við 18. gr. Í stað 4. og 5. mgr. komi ný mgr., svo hljóðandi:
   Fastir kennarar í skólahverfi kjósa úr sínum hópi einn fulltrúa í skólanefnd til viðbótar þeim, sem áður eru nefndir. Séu kennarar við grunnskóla fleiri en 16, skulu þeir kjósa tvo fulltrúa í skólanefnd. Varafulltrúar skulu kosnir á sama hátt.
5) Við 23. gr. Í stað 2. og 3. málsgr. komi:
   Menntamálaráðuneytið leggur fyrir Alþingi framkvæmdaáætlun um skólabyggingar fyrir allt landið, er taki til 4 ára tímabils. Framkvæmdaáætlun þessa má endurskoða á tveggja ára fresti, ef ástæða þykir til. Í samræmi við þetta

og önnur lög skal gera áætlun um framkvæmdaáfanga hvers árs, er fylgi fjárlögum.

6) Við 25. gr. Í stað orðsins „bókasafni“ komi: safni bóka, kennslutækja og kennsluefnis ásamt nauðsynlegri aðstöðu til sjálfsnáms.

7) Við 32. gr. Fyrri mgr. orðist svo:
Fræðsluráð skipar eða setur kennara við skóla, sem starfa samkvæmt lögum þessum, að fengnum umsögnum skólanefndar og skólastjóra.

8) Við 33. gr.
a) Við 1. mgr. Síðari málsliður orðist svo: Fræðslustjóri auglýsir stöðuna, ef um kennarastöðu er að ræða, annars tilkynnir hann menntamálaráðuneyti, sem þá auglýsir stöðuna.
b) Við 3. mgr. Í stað orðsins „stöðuveitingar“ komi: veitingu á skólastjóra- eða aðstoðarskólastjórastöðum.
c) Við 5. mgr. Í stað orðanna „getur menntamálaráðuneytið“ komi: geta menntamálaráðuneytið eða fræðslustjórar.

9) Við 35. gr. 1. mgr. orðist svo:
Skólastjóri, sem skipaður er, settur eða ráðinn til starfs við grunnskóla, skal gegna því samkvæmt lögum og erindisbréfi, er menntamálaráðuneytið setur, en kennari samkvæmt erindisbréfi, er fræðslustjóri setur.

10) Við 43. gr.
a) Liður e orðist svo:
þroskun kristilegrar siðfræði með kennslu í kristnum fræðum, svo og fræðslu um önnur helztu trúarbrögð, almenna siðfræði og háttvísi.
b) Liður i orðist svo:
ástundun íþrótta, kennslu í líkams- og heilsurækt og hjálp í viðlögum.

11) Við 49. gr. Síðar mgr. falli niður.

12) Við 63. gr. Á eftir gr. komi ný gr., svo hljóðandi:
Skólarannsóknadeild skal enn fremur í samstarfi við Fræðslumyndasafn ríkisins styðja tilraunir með hvers konar kennslutæki og framleiðslu efnis í þau. Þá skal efna til rannsókna á aðbúnaði nemenda í skólum, svo sem skólahúsgögnum. Loks skal deildin gera tillögur varðandi forskriftir um teikningu nýrra skólamannvirkja, þannig að þau samrýmist heildarstefnu þessara laga.

13) Við 66. gr. 1. mgr. orðist svo:
Menntamálaráðherra skipar til fjögurra ára í senn 12 manna grunnskólaráð. Í því skulu eiga sæti fulltrúar fræðslumálastjórnar, skólastjóra og kennara, sálfræðideilda, kennslugagnastofnana og aðrir, sem ráðherra telur rétt að kalla til.

14) Við 75. gr. Í stað 2. og 3. mgr. komi ný mgr., svo hljóðandi:
Skólabókasafn má hafa filmur, filmuræmur, tón- og myndbönd, hljóm- og myndplötur, skuggamyndir, glærur annað hljóm- og myndefni ásamt viðeigandi tækjum og búnaði, svo og eftirprentanir og fjölritað efni, önnur nýsitæki og efni í þau, eftir því sem aðstæður leyfa. Að skólabókasöfnum skal þannig búið, að því er varðar húsnæði, efniskost og starfslið, að þau geti verið eitt af meginhjálpartækjum í skólastarfinu, aðgengileg til sjálfsnáms og eftir föngum reiðubúin að fylgjast með þróun kennslutækja og efnis í þau. Fela má skólabókasafni að hafa umsjá allra nýsitækja skólans.

15) Við 82. gr. Í stað orðanna „Stofnbúnað skólabókasafns og endurnýjun bókakosts greiðir ríkissjóður að hálfu á móti sveitarfélögum“ komi orðin: Nauðsynleg kaup og endurnýjun alls búnaðar skólabókasafns, hvers konar tæki og efni í þau, svo og bækur og endurnýjun bókakosts, greiðir ríkissjóður að hálfu á móti sveitarfélögum samkvæmt reglugerð.

Sþ. 340. Nefndarálit [44. mál]

um till. til þál. um leigu og sölu íbúðarhúsnæðis.

Frá minni hl. allsherjarnefndar.

Nefndin varð ekki sammála um afgreiðslu tillögunnar. Við undirritaðir mælum með samþykkt hennar. Aðrir nefndarmenn vilja láta vísa tillögunni til ríkisstjórnarinnar.

Alþingi, 28. febr. 1973.

Jónas Árnason, fundaskr., frsm. Bjarni Guðnason. Stefán Gunnlaugsson.

Nd. 341. Nefndarálit [60. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 12 1970, um menntaskóla.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og orðið sammála um að leggja til, að málinu verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Alþingi, 28. febr. 1973.

Bjarni Guðnason, form., frsm. Svava Jakobsdóttir, fundaskr. Ingvar Gíslason.
Benedikt Gröndal. Gunnar Gíslason. Ellert B. Schram.
Eysteinn Jónsson.

Nd. 342. Nefndarálit [2. mál]

um frv. til l. um Fósturskóla Íslands.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur rætt frv. og mælir með, að það verði samþykkt með svo hljóðandi

BREYTINGUM:

1. Við 5. gr. 2. málsl. orðist svo: Ráðherra er heimilt að ákveða með reglugerð, að skólinn haldi námskeið fyrir aðstoðarfólk, sem ráða þarf að dagvistunarheimilum, meðan skortur er á fóstrum.
2. Við 10. gr. Niður falli orðin „eða persónuleikapróf“ í síðustu málsgr.

Ingvar Gíslason var fjarstaddur við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 28. febr. 1973.

Bjarni Guðnason, form. Svava Jakobsdóttir, fundaskr., frsm. Eysteinn Jónsson.
Ellert B. Schram. Benedikt Gröndal. Gunnar Gíslason.

Sþ. 343. Þingsályktun [20. mál]

um vistheimili fyrir vangefna.

(Afgreidd frá Sþ. 1. marz.)

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina:

1) Að kanna tölu vangefinna í landinu og skiptingu þeirra eftir landshlutum.
2) Að kanna aðstöðu til sérhæfingar fyrir það fólk, sem tekst á hendur þjónustustörf á vistheimilum fyrir vangefna, þ. á m. kennslu.
3) Að beita sér fyrir því í samráði við Styrktarfélag vangefinna, að komið verði upp vistheimilum fyrir vangefna, þar sem þeirra verður talin þörf.

Sþ. 344. Tillaga til þingsályktunar [185. mál]

um endurskoðun á gjaldskrá Landssímans.

Flm.: Alexander Stefánsson, Steingrímur Hermannsson, Helgi F. Seljan, Matthías Bjarnason, Ólafur G. Einarsson, Ragnar Arnalds, Björn Fr. Björnsson, Karvel Pálmason.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta endurskoða gjaldskrá Landssímans þannig, að mismunur á gjaldi eftir fjarlægð verði minnkaður verulega og fyrir símtöl innan hvers svæðis verði krafizt eins gjalds og sé það hið sama innan allra svæða landsins.

Greinargerð.

Með útbreiðslu á sjálfvirku símakerfi hefur landinu verið skipt í 9 svæði. Hefur hvert svæði hlotið sérstakt svæðisnúmer, frá 91 til 99. Fyrir símtöl innan hinna 9 svæða gilda hins vegar mismunandi gjaldskrár.

Á Reykjavíkursvæðinu geta símnotendur hringt í öll númer í Reykjavík, Kópavogi, Garðahreppi, Bessastaðahreppi og Hafnarfirði á einu og lægsta gjaldi. Munu það vera nálægt 40 000 númer. Auk þess eru á þessu svæði flestar opinberar stofnanir og fyrirtæki, sem allur þorri landsmanna þarf að leita til.

Innan annarra svæða gildir allt önnur regla. Þar er gjald mjög breytilegt innan eins og sama svæðis. Víða getur símnotandi aðeins hringt í fáeina tugi númera á lægsta gjaldi, en verður víðast að greiða hærra gjald, þegar er hann hringir í næstu sveit.

Ört hækkandi gjald með fjarlægð veldur einnig íbúum dreifbýlisins miklum útgjöldum. Þeir þurfa að sjálfsögðu ekki síður að leita símleiðis til opinberra stofnana og fyrirtækja í Reykjavík en íbúar þess svæðis. Hins vegar er ljóst, að fyrir hina fyrrnefndu er slíkt langtum kostnaðarmeira en fyrir íbúa Reykjavíkursvæðisins.

Af því, sem hér hefur verið rakið, má ljóst vera, að landsmenn búa við afar mikinn ójöfnuð sem símnotendur. Markmiðið með þessari þingsályktunartillögu er að lagfæra þennan ójöfnuð að nokkru leyti. Er lagt til, að fjarlægðamismunun verði minnkuð verulega og innan sérhvers svæðis verði látið gilda eitt gjald fyrir símtöl um svæðið allt án tillits til fjarlægðar. Sömuleiðis er lögð á það áherzla, að gjald þetta verði hið sama fyrir öll svæðin.

Sþ. 345. Fyrirspurn [186. mál]

til félagsmálaráðherra um framkvæmd þingsályktunar um byggingu leiguhúsnæðis.

Frá Steingrími Hermannssyni.

Hvað líður framkvæmd þeirrar þingsályktunar um byggingu leiguhúsnæðis, sem samþykkt var á síðasta þingi, og þá sérstaklega:

1. samþykktri athugun á þörf fyrir leiguhúsnæði,
2. undirbúningi frumvarps um byggingu leiguhúsnæðis?

Sþ. 346. Tillaga til þingsályktunar [187. mál]

um rannsókn á reki gúmbjörgunarbáta o. fl.

Flm.: Pétur Sigurðsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta fara fram hið fyrsta ítarlega rannsókn á reki gúmbjörgunarbáta við mismunandi veðurskilyrði á hafinu umhverfis Ísland, enn fremur á búnaði bátanna, þar á meðal radíósenditækjum, sem staðsett væru í þeim. Skal Sjóslysanefnd hafa forgöngu um rannsókn þessa, en kostnaður allur greiðist úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Þegar eldur kom upp í útjaðri byggðar í Vestmannaeyjum, þótti ganga kraftaverki næst, að til lands tókst að flytja nær alla íbúa eyjanna á skömmum tíma, án þess að nokkur slys á fólki hlytust af.

Nokkrum vikum áður en náttúruhamfarir þessar hófust urðu miklar umræður á Alþingi um tryggingarmál sjómanna. Þótt fram kæmu í þeim umræðum mismunandi skoðanir á bótaupphæðum og fyrirkomulagi slíkra trygginga, dró enginn í efa þá sérstöku hættu, sem stétt sjómanna okkar býr við í starfi sínu. Enda hefur legið fyrir um langan tíma sem tölfræðileg staðreynd, að reikna megi með, að ákveðið hlutfall þeirra, sem sjómennsku stunda hér við land, láti líf sitt í starfi árlega.

En kaldhæðnisleg hlýtur sú staðreynd að vera fyrir þá, sem allar tryggingar sjómanna telja vera of góðar tryggingar, að þurfa að hafa í huga, að um líkt leyti og náttúruhamfarirnar miklu í Vestmannaeyjum standa yfir, eru íslenzkir sjómenn að láta líf sitt vegna náttúruhamfara, ekki langt undan.

Í janúar og febrúar í ár hafa 12 íslenzkir sjómenn látið líf sitt í starfi og 5 færeyskir. Af þeim fórust 9 íslenzkir og allir þeir færeysku með tveim skipum, sem fórust með allri áhöfn, einn féll útbyrðis og tveir drukknuðu í höfnum. Tala þeirra íslenzku sjómanna, sem farizt hafa frá síðasta sjómannadegi til loka febrúar í ár, er nú samtals 23.

Þrátt fyrir bættar líf- og örorkutryggingar sjómanna má að sjálfsögðu ekkert lát verða á, að áfram sé unnið að auknu öryggi sjófarenda. Sannleikurinn er líka sá, að í dag eigum við hina hæfustu menn, sem að þessu vinna, bæði hjá Slysavarnafélagi Íslands og Sjóslysanefnd. Þá er bæði rétt og skylt að geta þess, að flestir skipstjórar og útgerðarmenn kappkosta að hafa öryggisútbúnað skipanna í sem beztu lagi og nokkrir hafa sérstöðu um leitun slíkra hjálpartækja og búnað skipa sinna á þessu sviði fram yfir það, sem reglur segja um.

Flest sjóslys sýna fram á eitt og annað fyrir þá, sem áhuga hafa á, og lærdóm má draga af. Enn fremur vekja þau spurningar, sem nauðsynlegt er að fá svar við.

Síðasta sjóslysið hér við land, er v/s Sjöstjarnan fórst, og sú umfangsmikla leit, sem þá átti sér stað frá innlendum og erlendum skipum og flugvélum, segir okkur, að í ýmsu sé ábótavant um vitneskju okkar á því, hvaða áhrif vindar og straumar hafi á rek gúmbjörgunarbáta af ýmsum stærðum með mismunandi hleðslu.

Straumar eru mismunandi að stefnu og styrkleika, og liggur ekki of mikið af fróðleik þar um fyrir skipstjórnendum, þótt vel hafi verið að unnið hin síðari ár. Vindhraði og sjávarrót er breytilegt, en áhrif þessara afla sameiginlega á rek björgunarbáta hafa lítt verið könnuð hér við land við aðstæður, sem til verða, þegar þessir þættir, sem nefndir hafa verið, fara nokkrir eða allir saman. Þetta þarf að gera víða við landið, sérstaklega á hafsvæðum, þar sem einn þessara þátta hefur meiri áhrif en annar. Þess skal getið, að nú er álitið, að vindur hafi meiri áhrif á rek slíkra báta en almennt hefur verið talið til þessa, þótt hleðsla og djúprista hafi þar einhver áhrif á.

Gúmbjörgunarbátarnir hafa þegar bjargað fjölda mannslífa hér við land. En gerð þeirra og búnaður hlýtur að verða áfram sem hingað til undir gagnrýni og til endurskoðunar með frekara öryggi í huga.

Það, sem nú þarf sérstaklega að kanna, er, hvernig megi búa báta þessa, svo að þeir verði betur séðir í augnmáli en nú er. Enn fremur um ratsjárendurskinsmerki á bátana eða að hægt verði að gera þá sjálfa endurskinshæfa, að ekki sé talað um rannsókn á því, með hvaða hætti sé hægt að koma fyrir í bátunum sjálfvirkum radíó-sísendi á neyðarbylgju, sem fari af stað, þegar báturinn blæs upp. Fleira má að sjálfsögðu upp telja, og á það mun minnzt í framsögu fyrir tillögu þessari.

Þegar flm. þessarar tillögu flutti ásamt fleiri þingmönnum fyrir rúmum áratug hér á Alþingi þáltill. um daglegt eftirlit með fiskiskipum, að gefnu tilefni, þótti mörgum úr röðum sjómanna og þeirra, sem að slysavarnamálum unnu, seint ganga með framkvæmd till. Enda fór svo, að Slysavarnafélagið og samtök skipstjórnarmanna beittu sér fyrir framgangi málsins. Tilkynningarskyldan, sem nú starfar allan sólarhringinn og er rekin á vegum Slysavarnafélagsins, hefur stóreflzt á síðustu árum með heill og öryggi sjófarenda í huga auk mikilsháttar þjónustuhlutverks fyrir fjölskyldur sjómanna og útgerðarmanna.

Með þeirri till., sem hér er flutt, ef samþykkt verður, er verið að slá föstu um vilja Alþingis til að leggja í þann kostnað, sem af slíkri rannsókn leiðir. Ágreiningur verður ekki meðal sjómanna um forustu málsins. Þeir bera traust til Sjóslysanefndar og þeirra aðila sem að henni standa, en þar er Slysavarnafélag Íslands einn aðila, auk fulltrúa Siglingamálastofnunar, útgerðarmanna og sjómanna, bæði yfir- og undirmanna.

Þess er því að vænta, að aðilar þessir hefjist þegar handa um framkvæmd till. þessarar, ef Alþingi veitir samþykki sitt þar til.

Nd. 347. Breytingartillögur [25. mál]

við frv. til l. um dvalarheimili aldraðra.

Frá Pétri Sigurðssyni og Sverri Hermannssyni.

1. Við 2. gr. Fyrri málsl. orðist svo:
   Enginn má setja á stofn eða reka dvalarheimili fyrir aldraða nema með leyfi ráðherra, enda sé dvalarheimilið byggt með styrk úr ríkissjóði.

2. Við 3. gr. 2. málsl. 1. mgr. orðist svo:
   Enn fremur fylgi greinargerð um eigendur stofnunar og fjárhagsástæður og loks skýrsla um stjórn, byggingar- og starfsáætlun.

3. Við 4. gr. Greinin orðist svo:
   Heilbrigðisyfirvöld annast eftirlit með rekstri og fyrirkomulagi dvalarheimila, sem um getur í lögum þessum. Þau skulu eiga greiðan aðgang að reikningum viðkomandi stofnana og öðrum nauðsynlegum upplýsingum frá stjórnendum þeirra.

4. Við 5. gr. Niður falli orðin „svo og um starfslið dvalarheimilis“.

5. Við 6. gr.
   a. 2. málsl. breytist þannig, að á eftir orðunum „fundum stjórnarinnar“ bætist: þegar rædd eru mál, sem varða vistfólkið sérstaklega.
   b. Á eftir 2. málsl. komi nýr málsl., er orðist svo:
      Sama gildir um starfsfólk stofnunar, ef ekki er til staðar samningur um samstarfsnefnd.
   c. Í stað 3. og síðasta málsl. komi:
      Stjórnin ræður stjórnendur heimilisins og síðan aðra í samráði við forstöðumann eða -konu, enn fremur lækna, ef fastráðnir eru. Forstöðumanni eða -konu er heimilt að sitja stjórnarfundi með tillögurétti og málfrelsi.

6. Við 7. gr.
   a. Upphaf 1. málsl. orðist svo:
      Nú byggir sveitarfélag eða annar viðurkenndur aðili dvalarheimili o. s. frv.
   b. Í 2. málsl. falli niður orðin „en sveitarfélög“.
   c. Við greinina bætist:
      Frágangur lóðar, girðingar og skreyting listaverka á lóð og húsakynnum telst til byggingarkostnaðar. Síðastnefnda framkvæmdin skal þó háð sérstöku samþykki ráðuneytis. Ríkisframlag skal greitt sem ⅓ hluti eftirtalinna áfanga, þegar þeir eru tilbúnir: a. grunnur, b. 1. hæð er fokheld, c. 2. hæð er fokheld o. s. frv., enn fremur við lok annarra byggingaráfanga og frágangs lóðar, svo sem segir um í reglugerð ráðherra.

7. Við 8. gr.
   a. Aftan við fyrri málsgr. bætist nýr málsliður: Vistgjöld og sjúkragjöld, sem greidd eru af Tryggingastofnun ríkisins, skulu greiðast a. m. k. fjórum sinnum á ári.
   b. Síðari málsgr. orðist svo:
      Ársreikningar dvalarheimila skulu endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda og ætíð sendir ráðuneytinu.

8. Við 9. gr. Við greinina bætist: eða inntökunefndar.

Nd. 348. Frumvarp til laga [188. mál]

um breyting á l. nr. 62 18. maí 1967, um bann gegn veiðum með botnvörpu og flotvörpu, sbr. l. nr. 21/1969 og 50/1971.

Flm.: Pétur Sigurðsson, Þórarinn Þórarinsson, Svava Jakobsdóttir, Gylfi Þ. Gíslason, Ólafur G. Einarsson, Ellert B. Schram.

1. gr.

Á eftir 3. gr. komi ný grein, sem verði 4. gr. og orðist svo:

Þrátt fyrir ákvæði 3. gr. skal ráðherra veita leyfi til að veiða neyzlufisk í botnvörpu eða dragnót í Faxaflóa, sem hér segir:

Veiði er einungis heimil á tímabilinu 1. marz til 31. nóv. ár hvert og einungis innan svæðis, sem takmarkast af eftirtöldum línum:

Línu dreginni úr punkti 64°05′ n. br. og 22°21′ v. lg. í punkt 64°13′ n. br. og 22°06′v. lg. Þaðan í punkt 64°25′ n. br. og 22°30′ v. lg. Úr honum í réttvísandi vestur að mörkum þeim, sem ákveðin eru í 3. gr. (64°25′ n. br. 23°22′ v. lg.). Línu, sem dregin er úr punkti 64°05′ n. br. og 22°21′ v. lg. í punkt á 64°18′ n. br. og 22°33′ v. lg. og þaðan í réttvísandi vestur að mörkum þeim, sem ákveðin eru í 3. gr. (64°18′ n. br. og 23°13′ v. lg.).

Það hafsvæði, sem er austan línu, sem dregin er úr Þormóðsskeri í Hellnanes, skal alfriðað fyrir öllum veiðum. Bátar, sem leyfi fá, skulu ekki vera stærri en 75 brúttórúmlestir, og skal fjöldi þeirra vera þessi:

a. 9 vélbátar úr Reykjavík.
b. 1 vélbátur úr Hafnarfirði.
c. 1 vélbátur úr Keflavík.
d. 1 vélbátur úr Sandgerði.
e. 1 vélbátur frá Akranesi.

Afla þessara báta skal landað á viðkomandi stöðum til sérstakra dreifistöðva, sem eru undir sameiginlegri stjórn samtaka fisksala og borgar- eða bæjaryfirvalda.

Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um dreifistöðvar og meðferð afgangsfisks.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Við innanverðan Faxaflóa býr meira en helmingur þjóðarinnar. Að undanförnu hafa orðið miklar umræður meðal þessa fólks vegna hins mikla skorts á neyzlufiski, sem hefur þó löngum verið aðaluppistaðan í matarneyzlu landsmanna. Ýmsar tillögur hafa komið fram um lausn þessa vanda að undangengnum bollaleggingum um ástæður hans.

Flm. þessa frv. virðist þó ekki, að komið hafi verið inn á meginástæðu þessa vanda, en hana telja flm. vera hina einstrengingslegu lokun hefðbundinna fiskimiða fyrir hagnýtum veiðarfærum, sem sjómenn af framangreindu svæði og norðanverðum Suðurnesjum hafa nýtt um langan aldur. Á Alþingi veturinn 1970—'71 kom fram frv. þess efnis, að öll veiði með dragnót, flotvörpu eða botnvörpu skyldi bönnuð í Faxaflóa, án undantekningar, innan línu, sem dregin væri frá punkti 6 sjómílur í réttvísandi vestur frá Garðskaga og þaðan beint í Malarrif. Var frv. þetta samþykkt sem lög frá Alþingi 3. apríl 1971.

Töldu ýmsir, einkum þeir fiskimenn og útgerðarmenn, sem urðu fyrir stórfelldu fjárhagstjóni vegna þessara laga, að með samþykkt þeirra væri jafnvel svikið það samkomulag, sem gert hafði verið 1969 um nokkra skiptingu fiskveiðilögsögunnar til nýtingar skipa af breytilegum stærðum og með mismunandi gerðir veiðarfæra. Þá töldu þeir enn fremur, að miklum blekkingum hafi verið beitt í áróðrinum fyrir máli þessu, og reyndu m. a. á þeim grundvelli að fá fram nauðsynlegar leiðréttingar, svo að leggja mætti frekari grundvöll að reglum um hagkvæma og sanngjarna nýtingu þess hluta fiskveiðilögsögunnar sem til Faxaflóa telst.

Í grg. áðurnefnds frv., sem samþykkt var á Alþingi í apríl 1971, var því haldið fram, að tog- og dragnótaveiðibátar í Faxaflóa öfluðu svo mikillar smáýsu, að við borð lægi algjör eyðing ýsustofnsins við landið. Var í grg. m. a. stuðzt við athugun, sem Útvegsmannafélag Akraness kvaðst hafa látið fara fram um þetta efni og talin var sanna þetta atriði. Þetta er að sjálfsögðu ekki eina fullyrðingin, sem opinberlega hefur birzt og gengið í þessa átt. En þessi fullyrðing skapaði almennar

umræður um málið, og t. d. í tillögum og grg. hinna „bannfærðu“ fiskimanna komu fram veigamikil rök, sem voru í algerri mótsögn við áðurnefndar fullyrðingar.

Margir urðu til þess að benda á þá mjög almennu skoðun bæði vísindamanna og sjómanna, að ýsuafli og þorskafli ráðist meira af náttúrlegum orsökum, t. d. hvernig klak fisktegundanna heppnast vegna líffræðilegra skilyrða í hafinu, heldur en því, hvort tiltölulega fáum skipum sé heimiluð veiði á takmörkuðum svæðum, sem eru uppeldisstöðvar fiskstofna og göngufiskur fer um, skipum, sem vitað er að afla aðeins lítils prósentuhluta af þeirri mergð, sem allur árstofninn nemur. Vegna þessarar staðreyndar voru vísindamenn Hafrannsóknastofnunarinnar andvígir lokun Faxaflóa árið 1971.

Með frv. þessu, ef að lögum verður, vilja flm. stuðla að því, að nokkuð sé komið á móti sanngjörnum óskum þeirra fiskimanna, sem hafa stundað slíkar veiðar í Faxaflóa um langt árabil og urðu fyrir tilfinnanlegu efnahagslegu tjóni við setningu laganna í apríl 1971. Þeir telja þó, að fulla gát beri að hafa í Faxaflóa sem annars staðar á hvers konar ofveiði, drápi seiða og smáfisks, ef hjá því má komast. En hættan á slíku er ekki síður fyrir hendi víða annars staðar hér við land. Ef bannið í Faxaflóa er enn talið jafnnauðsynlegt og talið var kosningavorið 1971, er ekki síður brýnt að loka nú þegar ýmsum öðrum flóum og fjörðum fyrir öllum botnveiðarfærum.


Flutningsmenn telja, að allt eftirlit sé bezt komið annars vegar hjá Hafrannsóknastofnuninni, vísindamönnum okkar, og hins vegar hjá Fiskifélagi Íslands og trúnaðarmönnum þess. En það gætir hagsmuna útgerðarmanna og sjómanna alls staðar á landinu, sem telja sér hagkvæmt að vinna með hinum ýmsu veiðarfærum eftir því, hvað hentar á breytilegum veiðisvæðum, mismunandi árstíma, gerðum og aldri þeirra báta, sem veiðarnar stunda.

Flutningsmenn vilja enn fremur stuðla að því, að aðalþéttbýlisvæði landsins sé tryggður nýr neyzlufiskur meginhluta ársins og hann sé til frystur á svæðinu sjálfu þann fjórðung ársins, sem þessar veiðar yrðu ekki leyfðar. Er enginn vafi á, að allur almenningur mundi meta að verðleikum að geta fengið þetta holla nýmeti — fiskinn — eins og aðrir landsmenn við sjávarsíðuna og á sambærilegu verði.

Til þess að öruggt sé, að innlendir neytendur njóti fyrst og fremst afla þessara báta, eru ákvæði í frv. þess efnis, að honum sé landað hjá sérstökum dreifistöðvum í viðkomandi sveitarfélögum og séu þær undir stjórn samtaka fisksala og viðkomandi sveitarfélaga.

Þótt aðeins 40% af því svæði, sem lagt er til að verði opnað, sé nýtilegt fyrir botnvörpuveiðar, er lagt til, að allt svæðið austan línu, sem dregin er úr Þormóðsskeri í Hellnanes, verði alfriðað fyrir öllum veiðarfærum, enda mikið uppeldissvæði smáfisks.

Nánar í framsögu.


64°27'
23°52'
64°18'
23°13'

Nd. 349. Breytingartillaga [170. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 53 29. apríl 1967, orkulögum.

Frá Stefáni Gunnlaugssyni.

Við 1. gr. frumvarpsins bætist eftirfarandi málsgrein:
Sveitarfélög skulu eiga allan rétt til umráða og hagnýtingar jarðhita á háhitasvæðum, þar sem landareign er í eign sveitarfélagsins, þrátt fyrir önnur ákvæði laga þessara.

Sþ. 350. Fyrirspurnir. [189. mál]

I. Til samgönguráðherra um endurbætur á talsímasambandi milli Reykjavíkur og Vesturlands o. fl.

Frá Alexander Stefánssyni.

1. Hvenær má vænta endurbóta á talsímasambandi milli Reykjavíkur og Vesturlands, t. d. með fjölgun talrása?
2. Hvað eru margir símnotendur í Vesturlandskjördæmi utan sjálfvirka kerfisins, og eru til áætlanir um, hvenær allir símnotendur á Vesturlandi komast í sjálfvirka símakerfið?

II. Til félagsmálaráðherra um framkvæmd þingsályktunar um rannsókn á jafnrétti þegnanna í íslenzku þjóðfélagi.

Frá Svövu Jakobsdóttur.

Hvað líður framkvæmd þingsályktunar frá 5. apríl 1971 um rannsókn á jafnrétti þegnanna í íslenzku þjóðfélagi?

Ed. 351. Frumvarp til laga [190. mál]

um útflutningsgjald af sjávarafurðum.

Frá sjávarútvegsnefnd.

1. gr.

Greiða skal útflutningsgjald af íslenzkum sjávarafurðum, sem fluttar eru til útlanda, eins og nánar er kveðið á um í lögum þessum.
Til íslenzkra afurða telst afli, sem skip, skrásett hér á landi, veiða, þótt hann sé veiddur utan landhelgi og eigi verkaður í landi.

2. gr.

Útflutningsgjald af sjávarafurðum samkvæmt lögum þessum greiðist sem hér segir:

1. Kr. 1 700.00 á hvert útflutt tonn greiðist af frystum karfa- og ufsaflökum og þurrkuðum saltufsa.
2. Kr. 3 000.00 á hvert útflutt tonn greiðist af saltfiski — öðrum en þurrkuðum ufsa —, saltfiskflökum, söltuðum þunnildum, saltfiskbitum og söltuðum gellum.
3. Kr. 3 400.00 á hvert útflutt tonn greiðist af freðfiskflökum — öðrum en karfa-

og ufsaflökum —, frystum hrognum, söltuðum hrognum ót. a., frystum gellum, skreið, hertum þorskhausum og niðursoðnum og niðurlögðum sjávarafurðum.

Nemi gjald samkvæmt tölulið um 1—3 meiru en svarar 4½% af fob-verðmæti útfluttrar sjávarvöru, er heimilt að fella niður þann hluta gjaldsins, sem er umfram þetta mark.

4. 4% gjald af fob-verðmæti greiðist af heilfrystum fiski, frystum fiskúrgangi, frystum humar, frystri rækju, skelfiski og hertum sjávardýraolíum.
5. 5% gjald af fob-verðmæti greiðist af hvalafurðum, öðrum en niðursoðnum og niðurlögðum.
6. 6% gjald af fob-verðmæti greiðist af þorskalýsi, karfalýsi, heilfrystri síld, frystum síldarflökum, frystri loðnu, saltsíld og saltsíldarflökum, söltuðum grásleppuhrognum og öðrum þeim sjávarafurðum, sem eru ekki sérstaklega taldar í þessari grein. Heimilt er að draga frá fob-verðmæti saltsíldar og saltaðra grásleppuhrogna vegna umbúðakostnaðar kr. 500.00 fyrir hver 100 kg innihalds.
7. 7% gjald af fob-verðmæti greiðist af nýjum og ísvörðum fiski, fiskimjöli, karfamjöli, lifrarmjöli, rækjumjöli og humarmjöli.

Þó getur sjávarútvegsráðuneytið ákveðið, að útflutningsgjald af nýrri og ísaðri síld skuli vera allt að því eins hátt og greiða bæri af síldinni við samskonar verkun hennar hér á landi og hún fer til erlendis, sbr. 6. tl. þessarar greinar.

8. 8% gjald af fob-verðmæti greiðist af loðnumjöli, loðnulýsi, síldarmjöli, síldarlýsi og síldarsoðkjarna.
9. Útflutningsgjald greiðist ekki af selafurðum.

Niðurlagðar vörur, sbr. 3. tl. 1. mgr., skulu teljast vörur, sem lagðar eru niður tilbúnar til neyzlu og hafa innihald 10 kg nettó eða minna. Þó skulu vörur taldar niðurlagðar, sem lagðar eru fullverkaðar niður í stærri ílát, ef útflytjandi sannar, að hráefnisverðmæti hinnar útfluttu vöru sé minna en ⅓ hluti útflutningsverðmætisins.

Þegar íslenzk fiskiskip selja gjaldskyldar sjávarafurðir í erlendri höfn, nýjar eða unnar, hvort heldur er af eigin afla eða annarra skipa, skulu ofangreind gjöld af verðmæti reiknast af heildarsöluverðmæti í erlendri höfn (brúttósöluverðmæti) að frádregnum tollum og öðrum kostnaði við löndun og sölu eftir nánari reglum, sem sjávarútvegsráðuneytið setur.

3. gr.

Ríkissjóður annast innheimtu útflutningsgjalds samkvæmt 2. gr., og skiptast tekjur af því sem hér segir:

1.	Til greiðslu á vátryggingariðgjöldum fiskiskipa, samkvæmt reglum, sem sjávarútvegsráðuneytið setur	85.0%
2.	Til Fiskveiðasjóðs Íslands	9.4%
3.	Til Fiskimálasjóðs	2.5%
4.	Til smíði haf- og fiskirannsóknaskips	1.5%
5.	Til byggingar í þágu rannsóknastofnana sjávarútvegsins	0.6%
6.	Til Landssambands ísl. útvegsmanna	0.5%
7.	Til samtaka sjómanna skv. reglum, sem sjávarútvegsráðuneytið setur	0.5%

Í þeim reglum um greiðslu á vátryggingariðgjöldum fiskiskipa, er um getur í 1. tl. 1. mgr. þessarar greinar, má m. a. setja það sem skilyrði fyrir greiðslu iðgjalds, að hlutaðeigandi tryggingarfélag sé aðili að endurtryggingarsamtökum félaganna og hlíti tilteknum reglum um ákvörðun iðgjalda, tryggingarskilmála og vátryggingarfjárhæða.

Heimilt er að undanþiggja hvalveiðiskip þessum skilyrðum og jafnframt að endurgreiða til þeirra hlut Tryggingasjóðs fiskiskipa í útflutningsgjaldinu í stað greiðslu iðgjalda.

4. gr.

Gjald skv. 4.—8. tölulið 2. gr. skal miða við söluverð afurðanna með umbúðum, fluttra um borð í skip í þeirri höfn, er þær fyrst fara frá. Ef afurðir eru seldar cif eða með enn öðrum skilmálum, skal reikna söluverð til fob-verðs eftir reglum, sem viðskiptaráðuneytið setur.

Séu afurðir sendar úr landi óseldar, skal gjaldstofn útflutningsgjalds skv. 4.—8. tölulið 2. gr. ákveðinn skv. lágmarksútflutningsverði eins og það er tilgreint í útflutningsleyfi fyrir þeirri vöru.

Nú sannar sendandi, áður en 6 mánuðir eru liðnir frá útgáfudegi farmskírteinis, að verð það, sem lögreglustjóri eða innheimtumaður ríkissjóðs hefur sett á útfluttar óseldar sjávarafurðir, sé hærra en hann hefur selt þær fyrir, og er þá fjármálaráðuneytinu rétt að endurgreiða tilsvarandi mismun útflutningsgjaldsins, enda liggi fyrir staðfesting viðskiptaráðuneytisins á því, að leyfi til að selja við hinu lægra verði hafi verið veitt.

Gjald skv. 1.—3. tölul. 2. gr. miðast við nettóþunga hinnar seldu vöru, enda ber útflytjanda að geta hans í útflutningsskjölum.

5. gr.

Útflutningsgjald fellur í gjalddaga um leið og skip er afgreitt úr höfn eða áður en lagt er af stað til útlanda, ef engrar afgreiðslu er beiðzt. Sjávarútvegsráðuneytið getur þó ákveðið, að útflytjendur megi greiða gjaldið, þegar gjaldeyrisskil eru gerð, enda sé tryggt, að þau fari fram fyrir milligöngu íslenzks banka, og sé tollyfirvaldi fengin ávísun á væntanlegt gjaldeyrisandvirði fyrir gjaldinu.

6. gr.

Hver sem sendir vörur þær til útlanda, sem ræðir um í lögum þessum, er skyldur til að fá hlutaðeigandi lögreglustjóra eða innheimtumanni ríkissjóðs í hendur samrit eða staðfest eftirrit af farmskírteinum eða öðrum hleðsluskírteinum, útflutningsskýrslu, vörureikningi og matsvottorði, ef með þarf, svo og útflutningsleyfum, er út hafa verið gefin um farminn, og skal það gert áður en skip er afgreitt eða leggur frá landi. Ef engin hleðsluskjöl hafa verið gefin út, kemur í þeirra stað yfirlýsing sendanda um vörumagnið gefin af viðlögðum drengskap.

Ákvæði þessarar greinar um sendanda eiga einnig við um skipstjóra, ef sendandi er fjarverandi eða gætir eigi skyldu sinnar, og hið sama er um afgreiðslumenn skipa.

Gjaldið skal talið eftir skilríkjum þeim, er um getur í þessari grein.

7. gr.

Skip og farmur eru að veði fyrir útflutningsgjöldum.

8. gr.

Lögreglustjóri, tollstjóri eða aðrir innheimtumenn ríkissjóðs skulu gera reikningsskil fyrir útflutningsgjöldum skv. lögum þessum, eftir því sem fjármálaráðuneytið og reglur um opinber reikningsskil mæla fyrir.

9. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, nema þyngri refsing liggi við eftir öðrum lögum. Auk þess skal sendandi, skipstjóri eða afgreiðslumaður, sem verður sannur að sök um að hafa skýrt rangt frá farmi, greiða þrefalt það útflutningsgjald, sem reynt var að draga undan.

Sektir allar renna í ríkissjóð.

Ef lögreglustjóri eða innheimtumaður ríkissjóðs hefur grun um, að skilríki þau, sem um getur í 6. gr., séu röng, skal hann rannsaka farm skipsins, áður en það er

afgreitt eða það lætur frá landi, eða á annan hátt útvega þær skýrslur, sem með þarf í þessu efni. Kostnaðinn, sem af þessu leiðir, skal skipstjóri greiða, ef skilríkin reynast röng, en ella ríkissjóður.

10. gr.

Með mál út af brotum á lögum þessum skal farið að hætti opinberra mála.

11. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að innheimta gjald til Aflatryggingasjóðs sjávarútvegsins samkvæmt 9. og 16. gr. laga nr. 80 frá 16. sept. 1971 og gjald til ferskfiskeftirlits samkvæmt 18. gr. laga nr. 55 2. maí 1968 af vörum, sem taldar eru í 1.—3. tölulið 2. gr. þessara laga, sem magngjald.

12. gr.

Ráðherra er heimilt að setja með reglugerð frekari fyrirmæli um framkvæmd þessara laga.

13. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og skulu ákvæði þeirra taka til útflutnings sjávarafurða framleiddra eftir 1. janúar 1973. Jafnframt eru úr gildi felld lög nr. 4/1966, II. kafli laga nr. 79/1968, lög nr. 4/1971 og lög nr. 17/1972.

Ákvæði til bráðabirgða.

Heimilt er að endurgreiða útflutningsgjald samkvæmt lögum þessum af frystum karfaflökum, sem framleidd voru á tímabilinu 1. júní til 30. september 1972. Einnig er heimilt að endurgreiða útflutningsgjald af saltsíld og frystri síld framleiddri á árinu 1972.

Þá skal sjávarútvegsráðherra heimilt að ráðstafa útflutningsgjaldi af saltaðri síld og flökum úr saltaðri síld, sem flutt er út á árinu 1972, til síldarútvegsnefndar, m. a. vegna kostnaðar við öflun markaða fyrir saltaða síld af fjarlægðum miðum.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt í samráði við sjávarútvegsráðuneytið.

Á þskj. 287 var á yfirstandandi þingi flutt frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 4 28. febr. 1966, um útflutningsgjald af sjávarafurðum, stjórnarfrumvarp, og því frumvarpi vísað til sjávarútvegsnefndar efri deildar.

Þegar sjávarútvegsnefnd efri deildar fór að fjalla um frumvarpið, komu strax fram ábendingar og óskir um að færa í ein lög öll ákvæði varðandi útflutningsgjald af sjálfvarafurðum, en þau ákvæði eru í mörgum lögum. Enda þótt líklegt sé, að lögum um útflutningsgjald af sjávarafurðum verði nokkuð oft breytt, þykir mjög til bóta að færa nú í ein lög þau eldri ákvæði um útflutningsgjaldið, sem í gildi eru, og fella svo inn í þau lög þær breytingar, sem nú er talið nauðsynlegt að gera og fullt samkomulag milli aðila er um.

Hér á eftir eru prentaðar athugasemdir, sem fylgdu frumvarpi sjávarútvegsráðherra á þskj. 287, með þeim breytingum, sem leiðir af flutningi þessa frv. Greinatala er önnur en í hinu fyrra frv., hundraðshluta útflutningsgjalds af skelfiski er breytt þannig, að það verði 4% af fob-verði í stað 6%, felld er niður síðari málsgrein ákvæða til bráðabirgða, en við bætist hins vegar ný málsgrein varðandi heimild sjávarútvegsráðherra til að ráðstafa útflutningsgjaldi af saltaðri síld og flökum úr saltaðri síld til síldarútvegsnefndar.

Athugasemdir, er fylgdu lagafrumvarpi á þskj. 287, þannig breyttar, eru á þessa leið:

Með frumvarpi þessu er lagt til, að gerðar verði all-verulegar breytingar á útflutningsgjöldum af sjávarafurðum. Hækkun gjaldanna er öll við það miðuð að auka tekjur Tryggingasjóðs fiskiskipa, en hann hefur verið rekinn með verulegum halla á árunum 1971 og 1972. Talið er, að halli sjóðsins á þessum árum muni nema um 150 milljónum króna. Ljóst er, að þrátt fyrir þá hækkun útflutningsgjalda, sem frumvarpið gerir ráð fyrir, verður áfram halli á rekstri Tryggingasjóðsins á árinu 1973, ef miðað er við óbreyttar greiðslur úr sjóðnum. Þær breytingar á útflutningsgjöldunum, sem ráðgerðar eru með frumvarpinu, eru aðallega miðaðar við eftirfarandi:

Í fyrsta lagi, að magngjald, sem verið hefur, verði hækkað til samræmis við verðhækkanir, þannig að greiðsluhlutfall af þeim vörum, sem magngjald er greitt af, breytist ekki miðað við aðrar vörur.

Í öðru lagi að hækka gjaldaprósentu af fiskimjöli og loðnuafurðum, en verðlag á þessum vörum hefur hækkað mjög mikið. Áður var útflutningsgjald af loðnuafurðum lágt vegna óhagstæðs útflutningsverðs á afurðunum, en nú þótti rétt að hækka þetta gjald verulega vegna mjög hagstæðs útflutningsverðs á þeim.

Í þriðja lagi er nú lækkað nokkuð magngjald á ufsa- og karfaafurðum, þar sem verðlag á þessum afurðum er óhagstætt. Einnig má í þessu sambandi benda á, að á undanförnum árum hefur magngjald einkum verið hækkað til samræmis við almennar verðhækkanir á magngjaldsskyldum afurðum. Ufsa- og karfaafurðir hafa hins vegar mjög lítið hækkað í verði undanfarin tvö ár.

Breytingar á gjaldskránni, sem í frumvarpinu felast, eru þessar:

1. Magngjald af vörum, sem taldar eru undir 1. tl. 2. gr., lækkar úr 2 300 í 1 700 kr. á tonn.
2. Magngjald af vörum, sem taldar eru undir 2. tl. 2. gr., hækkar úr 2 300 í 3 000 kr. á tonn.
3. Magngjald af vörum, sem taldar eru undir 3. tl. 2. gr., hækkar úr 2 300 í 3 400 kr. á tonn.
4. Gjald af loðnumjöli og loðnulýsi hækkar úr 4% í 8% af fob-verði.
5. Gjald af fiskimjöli, karfamjöli, humarmjöli, rækjumjöli og lifrarmjöli hækkar úr 6% í 7% af fob-verði.
6. Gjald af skelfiski breytist úr 2 300 kr. á tonn í 4% af fob-verði.
7. Gjald af frystri loðnu hækkar úr 4% í 6% af fob-verði.

Við ákvörðun fiskverðs í ársbyrjun 1973 var gert ráð fyrir þeim breytingum útflutningsgjalda, sem í frumvarpinu greinir.

Gert er ráð fyrir, að breytingar þessar auki tekjur af útflutningsgjöldum um nálægt 177 millj. kr. miðað við útflutningsframleiðsluspá 1973.

Breyting á skiptingu teknanna, sjá 3. gr. frumvarpsins, miðar að því, að nær öll hækkunin renni til Tryggingasjóðs. Þetta nægir þó ekki alveg til að tryggja hallalausan rekstur sjóðsins árið 1973, þó að allar áætlanir standist. En áætlanir eru mjög óvissar, bæði um tekjugrundvöll, ekki síst að því er snertir loðnuafla, og útgjöld.

Við fiskverðsákvörðun í júníbyrjun 1972 var talið, að afkoma karfafrystingar væri það slæm, að nauðsyn bæri til að bæta hag þeirrar vinnslu með einhverjum hætti. Til þess að greiða fyrir fiskverðsákvörðun, var því þess vegna heitið, að höfðu samráði við samtök frystiiðnaðarins, að fella niður útflutningsgjöld af frystum karfaflökum. Undanþága þessi náði yfir framleiðslutímabilið frá 1. júní til 30. september 1972, og má áætla, að fjárhæð undanþága nemi um 13 milljónum króna.

Niðurfelling útflutningsgjalda af saltsíld framleiddri á árinu 1972 er gerð til þess að stuðla að heimflutningi síldar af Hjaltlandseyja- og Norðursjávarmiðum.

Nd. 352. Nefndarálit [74. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 67 10. maí 1966, um vélstjóranám.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin er sammála um að mæla með samþykkt frv. með þeirri viðbót, að umrædd vélstjóranámskeið megi halda í Ólafsvík auk þeirra staða, er í frumvarpinu getur.

Brtt. um þetta efni er flutt á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 28. febr. 1973.

Bjarni Guðnason, form.	Svava Jakobsdóttir, fundaskr.	Ingvar Gíslason, frsm.
Benedikt Gröndal.	Ellert B. Schram.	Eysteinn Jónsson.
	Gunnar Gíslason.	

Nd. 353. Breytingartillaga [74. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 67 10. maí 1966, um vélstjóranám.

Frá menntamálanefnd.

Við 1. gr. 1. efnismálsgr. orðist svo:

Námskeið, er veiti þá fræðslu, sem þarf til að ljúka 1. stigi vélstjóranáms, skal skólastjóri Vélskóla Íslands láta halda árlega á þessum stöðum: Reykjavík, Ólafsvík, Ísafirði, Akureyri, Höfn í Hornafirði og Vestmannaeyjum.

Sþ. 354. Nefndarálit [65. mál]

um till. til þál. um vegagerð yfir Sprengisand.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur rætt tillöguna og mælir einróma með samþykkt hennar.

Alþingi, 5. marz 1973.

Björn Fr. Björnsson, form., frsm.	Jónas Árnason, fundaskr.	Jón Skaftason.
Bjarni Guðnason.	Lárus Jónsson.	Stefán Gunnlaugsson.

Ed. 355. Frumvarp til laga [191. mál]

um Iðnrekstrarsjóð.

(Lagt fyrir Alþingi á 93. löggjafarþingi, 1972—1973).

1. gr.

Stofna skal sjóð til að stuðla að auknum útflutningi iðnaðarvarnings, breyttu skipulagi og aukinni framleiðni í íslenzkum iðnaði. Sjóðurinn skal vera sjálfstæð stofnun í eigu ríkisins.

2. gr.

Sjóðurinn er undir yfirstjórn iðnaðarráðherra. Heimilt er ráðherra að fela opinberri fjármálastofnun daglega afgreiðslu sjóðsins.

3. gr.

Stjórn sjóðsins skipa 5 menn og jafnmargir til vara skipaðir af iðnaðarráðherra til tveggja ára í senn.

Iðnaðarráðherra skipar formann sjóðsstjórnar án tilnefningar. Aðra stjórnarmenn skipar hann samkvæmt tilnefningu Sambands íslenzkra samvinnufélaga, Iðnþróunarsjóðs, Alþýðusambands Íslands og Félags íslenzkra iðnrekenda, er hvert tilnefni einn mann.

Varamenn skulu skipaðir á sama hátt til jafn langs tíma.

4. gr.

Stjórnin hefur með höndum starfsemi sjóðsins og ráðstöfun fjármagns hans. Iðnaðarráðherra ákveður þóknun fyrir störf sjóðsstjórnar.

5. gr.

Stofnfé sjóðsins er:

1. Gengishagnaður skv. 3. og 4. mgr. 2. gr. laga nr. 97/1972.
2. Gengishagnaður á sérstökum reikningi ríkissjóðs hjá Seðlabankanum skv. síðustu málsgrein 5. gr. laga nr. 74/1968.
3. Framlög ríkissjóðs.

Annað ráðstöfunarfé sjóðsins er:

1. Vaxtatekjur.
2. Afborganir af veittum lánum.
3. Lántökur.
4. Aðrar tekjur.

Allur kostnaður við starfsemi sjóðsins greiðist af tekjum hans. Sjóðurinn er undanþeginn sköttum til ríkis og sveitarfélaga. Fé sjóðsins skal geyma á sérstökum reikningi í vörzlu Seðlabanka Íslands.

6. gr.

Hlutverk sjóðsins skal vera að styrkja útflutningsstarfsemi og erlenda markaðsöflun í þágu iðnaðarins m. a. með eftirfarandi aðgerðum:

að stuðla að aukinni ráðgjöf, þjálfun og tækniþjónustu með framlögum eða lánum til stofnana, sem starfa einvörðungu í þágu iðnaðarins,

að auka framleiðni með stuðningi við aðgerðir, sem stefna að aukningu afkasta í iðnaði, meiri sérhæfingu í framleiðslu iðnfyrirtækja og virkari stjórnun þeirra,

að hvetja til samvinnu og samruna iðnfyrirtækja með lánum eða styrkjum, í þeim tilgangi að byggja upp stærri og hagkvæmari rekstrareiningar, þó þannig að ekki verði dregið úr eðlilegri samkeppni innanlands.

7. gr.

Sjóðurinn má kaupa hlutbréf í starfandi fyrirtækjum, taka þátt í stofnun nýrra hlutafélaga, sem og með öðrum hætti afla sér eignarhluta í starfandi eða nýjum fyrirtækjum, enda samrýmist slík ráðstöfun tilgangi sjóðsins.

Sjóðurinn má ekki afsala hlutabréfum eða eignarhlutum sínum til annarra, nema samþykki Alþingis komi til.

Einnig er sjóðnum heimilt að veita iðnfyrirtækjum ábyrgð fyrir lánum, sem tekin eru hjá öðrum lánastofnunum.

Stjórn sjóðsins ákveður skilyrði fyrir þátttöku sjóðsins hverju sinni, hvort sem um er að ræða hlutafjárkaup, fjárframlög, lánveitingar eða styrkveitingar. Sama gildir um lánskjör.

Við ákvörðun lánakjara og vaxta skal leita umsagnar Seðlabanka Íslands.

8. gr.

Stjórn sjóðsins er heimilt að taka lán, allt að 200 milljón krónur, fyrir hönd sjóðsins. Ekki er heimilt að veita styrki eða framlög nema af stofnfé sjóðsins.

9. gr.

Sjóðstjórn er skylt að birta árlega opinbera skýrslu um starfsemi sjóðsins, og skulu endurskoðaðir ársreikningar fylgja henni.

10. gr.

Ráðherra skal með reglugerð setja nánari ákvæði um starfsemi sjóðsins þar á meðal um reikningshald og endurskoðun og starfsfólk og stöðu þess.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falli niður úr 2. mgr. 4. gr. laga nr. 74 12. nóvember 1968 um ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabanka Íslands um nýtt gengi íslenzkrar krónu, orðin: „Fé, sem á reikninginn kemur, skal ráðstafað með sérstökum lögum í þágu þeirra atvinnuvega, sem eiga viðkomandi afurðaverðmæti.“

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp það um Iðnrekstrarsjóð, sem hér er lagt fram er hluti af umfangsmeiri lagasmíð, sem unnið hefur verið að í iðnaðarráðuneytinu að undanförnu. Stefnt er að því að leggja það frumvarp fyrir næsta Alþingi. Sú lagasmíð fjallar m. a. um iðjurekstur ríkisins og stjórnunarmál iðjufyrirtækja í ríkiseign.

Ljóst er, að iðnþróun Íslands verður ekki hraðað eins og nauðsynlegt er án þess að endurmeta hlutverk ríkisins í því verki og móta ný tæki, sem beita má til þess að örva iðnvöxt í landinu. Fátt undirstrikar betur nauðsyn þess en gosið á Heimaey og þær efnahagslegu afleiðingar, sem það hefur.

Síðustu ár hafa orðið miklar breytingar á ytri skilyrðum atvinnustarfsemi hérlendis, bæði að því er varðar öflun hráefna, úrvinnslu þeirra og ytri aðstæður. Staða atvinnuvega hefur breytzt vegna takmarkaðra auðlinda og breyttrar nýtingu þeirra.

Hefðbundnar auðlindir okkar eru mikið nýttar, en í því felst að áframhaldandi fjárfesting í þeim mun ekki að sama skapi auka atvinnumagn fram yfir það, sem nú er.

Nýting auðlinda, sem ekki kallast hefðbundnar, er enn sem komið er á byrjunarstigi. Þar er vatnsorkan efst á blaði, en ónýttar aðrar auðlindir eru t. d. gosefni og ýmis jarðefni.

Enn er mikið ónotað af vatnsorku og jarðhita í landinu og vaxtarbroddur atvinnulífsins mun því í vaxandi mæli beinast að hagnýtingu orkunnar. Það býður upp á margs konar iðjurekstur og skylda starfsemi, sem örva þarf eftir megni.

Verksmiðjuiðnaður er því sá atvinnuvegur, sem í vaxandi mæli sker úr um hagvöxt hérlendis og kjör landsmanna.

Alþjóðaviðskipti og breyttar aðstæður.

Inngangan í EFTA og viðskiptasamningurinn við EBE (sem þó er enn óstaðfestur) gjörbreyta aðstæðum fyrir íslenzkan iðnað. Verndaður innlendur markaður

minnkar að mun en í staðinn er okkur ætlað að keppa á stórum evrópskum markaði 16 þjóða, þar sem búa þrjú hundruð milljón manns.

Ótalmörg iðnfyrirtæki heyja þar mjög harða samkeppni við lík ytri rekstrarskilyrði, þar sem eru aðlöguð tolla- og skattakerfi og líkir fjármögnunarmöguleikar.

Gæði vörunnar, verð hennar og traustir viðskiptahættir munu skera úr um samkeppnishæfni íslenzkra iðnfyrirtækja og gera út um það, hvort þau lifa þessa þolraun af eða ekki. Vitað er að meiri hluti íslenzkra iðnfyrirtækja er ekki búinn undir þessar nýju aðstæður, en aðlögunartími þeirra er naumur og styttist óðum.

Ein afleiðing þessara nýju aðstæðna verður, að íslenzk iðnfyrirtæki munu tapa nokkrum hluta heimamarkaðsins í hendur erlendra fyrirtækja. Sú var reynslan bæði í Noregi og Belgíu við inngöngu þeirra í stærri markað. Á tímabilinu 1959 til 1970 minnkaði hlutdeild norskra iðnfyrirtækja í heimamarkaði frá 13% og allt að 41% eftir iðngreinum en hlutdeild belgíska heimaiðnaðarins minnkaði úr 58 í 38 af hundraði. Þetta bendir okkur á þau helztu vandamál, sem leysa þarf í sambandi við þróun verksmiðjuiðnaðarins hér á landi í náinni framtíð.

Ef starfandi iðnfyrirtæki eiga að halda áfram starfsemi er nauðsynlegt að vega upp minnkandi heimamarkað með auknum útflutningi iðnaðarvara og gera raunar miklu betur.

Til að afla útflutningsmarkaða fyrir iðnaðinn verður að bæta vörugæði, tryggja að staðið sé við samninga um afhendingartíma og lækka framleiðslukostnað að mun.

Af þessum ástæðum þarf að auka framleiðni iðnfyrirtækja hérlendis mjög verulega. Tvöfalda þarf afköst iðnaðarins frá því sem nú er. Ef það mistekst mun iðnaðinum ekki heppnast að halda hæfum starfskröftum eða greiða samkeppnishæf laun, en afleiðingar þess yrðu atvinnuleysi og allt það samfélagslega böl, sem því fylgir. Til að tryggja fulla atvinnu innanlands er auk þess þörf mikillar magnaukningar iðnaðarvöruframleiðslu, stofna þarf mörg ný iðnfyrirtæki, breyta þeim, sem fyrir eru og stækka þau.

Við eigum því ekki annars úrkostar en að stórauka iðnaðarframleiðslu á mannár og jafnframt útflutning iðnaðarvara eða sjá fram á lokun verksmiðja og verulegt atvinnuleysi.

Hamfarirnar í Vestmannaeyjum og útflutningstap landsins.

Enn er það eitt, sem gerir stórátak í útflutningsaukningu og almennri iðnþróun aðkallandi, en það eru náttúruhamfarirnar, sem dynja nú yfir Vestmannaeyjar, mestu verstöð landsins.

Nærri lætur að um 12% af heildarútflutningi sjávarafurða landsmanna hafi komið frá Vestmannaeyjum árið 1971 eða tæp 9% heildarútflutnings.

Þótt enn sé enganveginn ljóst hvort nýta megi Vestmannaeyjar að einhverju leyti á yfirstandandi vertíð er auðsætt að eldgosið hefur í för með sér verulegt útflutningstap og mikinn kostnaðarauka fyrir þjóðarbúið. Útflutningstapið mun vafalaust nema hundruðum milljóna króna.

Íslenzkur iðnaður er þess megnugur að tvöfalda útflutning sinn á næstu 12—18 mánuðum og hlaupa þannig í skarðið, sem myndaðist við ógnirnar í Eyjum. Sérfræðingar Sameinuðu þjóðanna, sem hér dvelja nú, eru sammála um þetta. Samkvæmt bráðabirgðatölum nam útflutningur iðnaðarvara — að undanskildu áli — árið 1972 um 1 200 m.kr., sem er 33% aukning frá árinu áður.

Raunhæft takmark fyrir næsta ár er að iðnaðarvöruútflutningurinn nemi um 2 400 m.kr.

En til að svo geti orðið er þörf bæði fjármagns, skipulagningar og stórhugar. Útflytjendur iðnaðarvara verða að gera sér ljósa skyldu sína á þessum erfiðu tímum og ríkisvaldið má ekki skorast undan að gera þær ráðstafanir, sem eru forsendur þess, að útflutningur iðnaðarvara aukizt verulega á yfirstandandi ári.

Vandi iðnaðarins og staða hans nú.

Stærð þess almenna vanda, sem við er að glíma má nálgast með því að bera saman vergt vinnsluvirði á mannár í verksmiðjuiðnaði í Noregi, Svíþjóð, Finnlandi og Íslandi árabilið 1968—1971.

	1968	%	1969	%	1970	%	1971	%
Svíþjóð	8500	100	9200	100	10000	100	11000	100
Noregur	5500	65	6300	69	8300	83	9300	85
Finnland	4300	51	5300	58	6100	61	6600	60
Ísland	3000	35	3700	40	4900	49		

(Heimild: iðnþróunaráætlunin).

Þótt ganga megi út frá því að tölfræðilegar upplýsingar milli landa séu aldrei fyllilega sambærilegar, gefa þessar tölur þó til kynna sterka tilhneigingu svo að ekki sé meira sagt. Af tölum þessum má sjá að þótt framleiðni okkar hafi aukizt að undanförnu erum við enn rétt hálfdrættingar á við Svía. Átakið til að minnka bilið gagnvart nágrannalöndunum þarf að verða stórt. Úttekt á ýmsum iðngreinum bendir til svipaðrar niðurstöðu þótt misjöfn sé. Samkeppnishæfni íslenzks iðnaðar stendur því greinilega höllum fæti.

Mannafli.

Í verksmiðjuiðnaði — en þá er fiskiðnaður ekki meðtalinn — störfuðu árið 1965 alls tæp 13 000 manns en árið 1970 um 14 200 manns. Á þessum 5 árum hafði heildarmannafli í iðnaði því aukizt um 10%. Þetta er um 16% af heildarvinnuafli þjóðarinnar. Framlag iðnaðar til þjóðarframleiðslu nam 15.6% árið 1969.

Mannaflaþróun innan einstakra iðngreina var þó afar misjöfn. Mest varð aukningin í efnaiðnaði, leðuriðnaði og ýmsum nýrri iðngreinum. Árið 1970 störfuðu í ýmis konar matvælaiðnaði (lagmeti undanskilið) 2 340 manns, í vefja-, fata- og skóiðnaði um 2 030 manns og í málmiðnaði og bifreiðaviðgerðum um 4 300 manns.

Í öðrum iðngreinum, s. s. mjólkur- og sláturiðnaði varð samdráttur í vinnuafli, en einnig í skóiðnaði og málmiðnaði, öðrum en smíði raftækja og samgöngutækja, þar sem mikil aukning varð.

Stærð fyrirtækja.

Verksmiðjuiðnaðurinn einkennist af mörgum litlum fyrirtækjum á tiltölulega lágu tækni- og vinnslustigi. Um stór fyrirtæki með sjálfvirkri framleiðslutækni er varla að ræða. Þetta kemur í veg fyrir nauðsynlega sérhæfingu, sem er forsenda mikillar framleiðni og samkeppnishæfni á mörkuðum.

Dreifing iðnfyrirtækja miðað við mannár árið 1969:

Mannár	Fjöldi fyrirtækja	%	Mannár í hverjum stærðarflokki	
0≥ 1	743	86.6	743	5125 eða 39.4%
1≥ 2	344		516	
2≥ 5	498		1743	
5≥10	283		2123	
10≥20	148	11.3	2220	4885 eða 37.6%
20≥30	66		1650	
30≥40	29		1015	
40≥60	20	2.1	1000	2990 eða 23.0%
60>	26		1990	
Fyrirtæki alls:	2157	Mannár alls:	13000	

Tafla þessi sýnir dreifingu vinnuafls á fyrirtæki. Hún sýnir annars vegar að vinnuafl í 86.6% allra iðnfyrirtækja er frá einu til tíu mannár, og í þeim vinna tæp 40% alls mannafla. 11.3% iðnfyrirtækja eru með vinnuafl sem jafngildir 10 til 20 mannárum en veita 37.6 af hundraði mannaflans atvinnu. Liðlega 2% stærstu fyrirtækjanna hafa 23% vinnuaflsins í þjónustu sinni.

Framleiðsla og forsendur iðjureksturs.

Framleiðsla fyrirtækjanna hefur verið svo til eingöngu fyrir heimamarkað. Innan við 10% iðnaðarframleiðslunnar er flutt út. Framleiðsla fyrirtækjanna er gerð eftir pöntunum en ekki er framleitt á lager eins og tíðkast í þróuðum iðnaði. Þetta bendir til lágrar nýtingar véla og mannafla. Iðnaðarhefð er hér hverfandi lítil og margar handiðnir týndar niður, þótt á síðustu árum hafi átt sér stað nokkur endurvakning þar.

Ungar iðnaðarþjóðir eiga alltaf í höggi við eitt vandamál, sem oft reynist örðugt fyrir þær að leysa, en það eru hvers konar aðstæður til iðjureksturs. Framboð hráefna, vélakosts og sérstakra tækja getur verið illa skipulagt; á vinnumarkaðinum er erfitt að fá nægilegt framboð sérhæfðs fólks, og fjármagnsmarkaðurinn býður ekki fram fjármagn til að fullnægja mismunandi og síbreytandi þörfum fyrirtækjanna.

Síðast en ekki sízt skortir mjög á ýmsa ráðgjöf og þjálfun á sviði hagfræði, stjórnunar, tækni og markaðsmála, sem sérhæfð framleiðsla þarfnast.

Þótt nokkur vísir sé hérlendis til að fullnægja þessum þörfum, skortir enn mikið á að nægilegt sé.

Af þessum ástæðum hefur nefnd á vegum iðnaðarráðuneytisins unnið að athugun á samhæfingu á tækniþjónustu iðnaðarins og hefur hún nýlega skilað áliti.

Er ráðgert að leggja fram frumvarp til laga um það efni á komandi þingi.

Eignarhald og eigið fé iðnfyrirtækja.

Flest íslenzk fyrirtæki eru í fjölskyldu- eða einstaklingseign, sum samvinnufyrirtæki og nokkur í ríkiseign. Eignarformin geta valdið sérstökum vandamálum, sem leysa verður hvert á sinn hátt.

Mjög mörg vandamál koma t. d. upp í fjölskyldufyrirtækjum við það að ný kynslóð tekur við fyrirtækjum, sem mótast hafa af stofnendum þeirra. Við það myndast vandamál bæði tæknilegs, stjórnunarlegs og fjárhagslegs eðlis. Stjórnun fyrirtækja beinist nú í ríkara mæli að markaðs- og hagræðingarmálum en áður var, meðan verið var að koma þeim á laggirnar.

Ýmsar meiriháttar skipulagsbreytingar þarf að framkvæma í þessum fyrirtækjum, en núverandi eigendur skortir oft bolmagn til og jafnvel skilning.

Hér þarf að koma til aðili, sem getur auðveldað hvers konar skipulagsbreytingar. Ýmsar breytingar þarf einnig að gera á rekstri og fjármögnun ríkisfyrirtækja og gera þeim kleyft að standa sig í samkeppni í stað þess að vera rekin sem nokkurs konar góðgerðarstofnanir.

Hluti eigin fjár í fjármögnun íslenzkra iðnfyrirtækja er skv. úrtali frá 1. janúar 1969 aðeins 26%, en það hlýtur að teljast mjög lágt, jafnvel þótt benda megi á, að eigið fé sé vanmetið vegna langvarandi verðbólgu og fasteignir lágt metnar að jafnaði, eins og gildandi reglur gera ráð fyrir.

Nauðsynlegt mun reynast í mörgum tilfellum að styrkja eigin fjárstöðu fjölmargra fyrirtækja, en fram til þessa hefur ekki verið neinn aðili til þess utan eigendur, sem ekki hafa ætíð haft bolmagn til þess.

Framtíðarhorfur og þörf skipulagsbreytinga í iðnaði.

Eins og að framan getur er þörf mikilla umbreytinga í iðnaði, til þess að hann geti tekið við þeim aukna mannafla, sem nauðsynlegur er, ef halda á áfram að keppa að fullri atvinnu handa landsmönnum.

Mjög skortir á, að útflutningsstarfsemi sé nægilegur gaumur gefinn og skortir fjármagn til þeirrar starfsemi. Auka þarf verulega fjárframlög til tæknistofnana iðnaðarins, sem til stendur að sameina í Iðnþróunarmiðstöð Íslands. Þótt stefna beri tvímælalaust að því, að iðnaðurinn geti greitt sjálfur í sem mestum mæli fyrir þá þjónustu, sem honum er veitt er ekki hægt að búast við því enn sem komið er, að hann greiði hana að fullu. Skilningur á þessari auknu þörf hefur enn ekki fengizt staðfestur á fjárlögum, og er því gert ráð fyrir að veita megi fjárframlög úr sjóðnum til þeirra stofnana, sem starfa í þágu iðnaðarins, hvort heldur er um að ræða aðstoð við þróun framleiðslunnar eða við að koma vörum á markað. Ber að undirstrika það síðarnefnda vegna þess mikilvægis, sem útflutningsverzlun er landsmönnum.

Iðnaðurinn þarf á mjög skömmum tíma að laga sig að markaðsaðstæðum í Evrópu, sem eru undirorpnar stöðugum breytingum. Stórir markaðir krefjast stórra framleiðslueininga á háu tæknistigi og með mikla sérhæfingu, þar sem knappar auðlindir hagnýtast sem bezt. Þess háttar framleiðslueiningar heyra hérlendis til undantekninga.

Ef fyrirtæki eða iðngrein eiga að geta staðið sig og aukið framleiðslu sína, verða þau að laga sig að þessum ytri aðstæðum, sem geta tekið á sig mörg misjöfn form.

Skipulagsbreytingar (strúktúrbreytingar) í fyrirtækjum munu oft hafa í för með sér verulega fjárfestingu s. s. breytingar á vélakosti, húsnæði, vinnutilhögun o. m. fl.

Þegar talað er um vandamál, sem tengd eru innri gerð (strúktúr) fyrirtækja, er verið að benda á margs konar aðstæður, sem hindra umbreytingar og aðlögun, sem í sífellu þurfa að eiga sér stað í atvinnulífinu. Breytingar eru í sjálfu sér ekki vandamál, heldur er aðlögun atvinnulífsins að ytri aðstæðum erfiðari og krefst stundum stærri fórna en æskilegt og nauðsynlegt er. Þetta gerist ef lögmál efnahagskerfisins eru látin ráða óheft. Ef leggja þarf niður fyrirtæki og stofna ný eða auka hagkvæmni í rekstri myndast mörg vandamál, ekki sízt félagsleg, sem ekki leysast af sjálfu sér og þarfnast utanaðkomandi afskipta.

Við samvinnu eða samruna margra fyrirtækja á að vera hægt að nýta sameinaðar auðlindir betur en einstakt fyrirtæki getur gert. Það er ekki kappsmál að fá stór fyrirtæki. Samruni tveggja eða fleiri minni fyrirtækja gerir hins vegar oft kleift að ná hærra hagkvæmnisstigi, en það getur leitt til lægri meðalkostnaðar eða til þess að meðalkostnaður hækki minna en annars hefði orðið.

Á þessu sviði er margt ógert hér, og það hlýtur að vera eitt af hlutverkum ríkisvaldsins að aðstoða við að framkvæma þessa aðlögun sem snurðulausast og án þess að valda samfélagslegu öngþveiti.

Á vegum iðnaðarráðuneytisins er nú verið að fullgera iðnþróunaráætlun fyrir Ísland fram til ársins 1980. Verður sú áætlun kynnt Alþingi, þegar hún er fullbúin.

Áætlunin á að gefa heildaryfirlit yfir stöðu iðnaðarins nú, vandamál hans og framtíðarþróunarmöguleika.

Líta má á þetta frumvarp, sem byrjunaráfanga í þeim aðgerðum, sem nauðsynlegar eru til þess að iðnþróunin geti orðið að veruleika.

Stofnun sjóðs til skipulagsbreytinga í iðnaði.

Hlutverk sjóðsins er, eins og segir í 1. gr., að stuðla að hagræðingu, tækniþróun og skipulagsbreytingum í iðnaði. Hann á að geta leyst vissa hlið fjármögnunarvandamála, sem hljótast af skipulagsbreytingum og örvað til átaka í þeim efnum. Í 6. gr. er nánar greint frá verkefnum sjóðsins.

Einnig var álitið nauðsynlegt að heimila hlutabréfakaup í starfandi fyrirtækjum eða taka þátt í stofnun nýrra, en það hefur iðulega sýnt sig hér — einkum á síðustu árum — að slík heimild er nauðsynleg.

Áætlaður gengishagnaður af iðnaðarvörum, sbr. lög nr. 97/1972, nemur trúlega 20—40 m.kr., þótt enn sé erfitt að gizka á þá upphæð.

Á reikningi í Seðlabankanum eru nú 15 m.kr. frá gengisfellingunni 1968, sem samkvæmt frumvarpinu eiga að renna í sjóðinni.

Ekki er gert ráð fyrir framlagi ríkisins til sjóðsins í þetta sinn. Hins vegar verður farið fram á það við Iðnþróunarsjóð, að hann veiti nokkrum fjármunum til sjóðsins í formi lána eða framlaga. Seinna er ætlunin að tryggja sjóðnum öruggan tekjustofn og yrði þá sjóðurinn felldur inn í þá heildar lagasmíð, sem getið var hér að framan.

Staðan gagnvart öðrum sjóðum.

Fyrir eru þrír fjárfestingasjóðir, sem auk viðskiptabankanna veita fjármagni til iðnaðarins. **Iðnlánasjóður** er þeirra elstur. Hann veitir einkum stofnlán til véla- og tækjakaupa svo og til byggingar verksmiðju- og iðnaðarhúsa.

Í lögum nr. 68/1967 er Iðnalánasjóði heimilt að veita lán til endurskipulagningar iðnfyrirtækja svo og til hagræðingar í iðnrekstri. Voru í þeim tilgangi boðin vaxtabréf til sölu. Alls á sjóðurinn nú 7.1 m.kr. útistandandi af hagræðingarlánum, þar af eru tæpar 5.0 m.kr. fjármögnuð með útgáfu vaxtabréfa. Reynt hefur verið að taka tillit til hagræðingaráforma við lán til vélakaupa og hagræðing orðið þannig tilefni til lánveitinga. Þetta er þó eingöngu við það bundið, að sótt sé um stofnlán til fjárfestingar í vélum eða tækjum.

Samkvæmt heimild í lögum skal veita allt að 10% af árlegu iðnlánasjóðsgjaldi til almennra hagsbóta og hagrannsókna í iðnaði. Hefur fé þessu verið veitt til ýmissa verkefna á vegum hagsmunasamtaka atvinnurekenda. Meðal verkefna má nefna fjármögnun hagsveifluvogar iðnaðarins. Á síðastliðnu ári nam framlagið til hagrannsókna 3.6 m.kr.

Iðnþróunarsjóði er í sérstökum tilvikum heimilt að veita lán með sérlega hagstæðum kjörum, eða framlög m. a. til tækniaðstoðar, rannsókna og markaðsathugana. Slíkt lán eða framlög mega samtals ekki nema meiru en 10% af stofnfénu, eða um 120 m.kr. alls. Af þessu hafa verið samþykktar um 14 m.kr., þar af útborgað 11.9 m.kr., sem skiptist á milli lána að upphæð 3.8 m.kr. og styrkja 5.1 m.kr.

Til þess að koma í veg fyrir skörun verkefna við Iðnþróunarsjóð er gert ráð fyrir, að hann tilnefni einn mann í stjórn Iðnrekstrarsjóðs.

Þriðji sjóðurinn, sem veitir lán til iðnaðarins er **Útflutningslánasjóður**, sem stofnaður var með lögum nr. 47/1970.

Hlutverk hans er fyrst og fremst að veita lán til að bæta samkeppnisaðstöðu íslenzks iðnaðar gagnvart erlendum iðnaði.

Minni hætta er á skörun verkefna eða ósamræmdri lánastefnu við hann.

Af þessu yfirliti má sjá að enginn þeirra sjóða, sem fyrir eru nú, gegnir sams konar hlutverki og ætlað er að Iðnrekstrarsjóður hafi.

Sérstaka aðstoð til rannsókna og markaðsathugana er samkvæmt framanskráðu hægt að veita úr Iðnþróunarsjóði, en bæði er að ekki er beinlínis gert ráð fyrir hagræðinga- eða framleiðniaukandi framlögum og einnig mun sjóðurinn aðallega miða við hóp fyrirtækja eða eina iðngrein þegar slík framlög eru veitt.

Vissulega hefði verið æskilegt að sameina eitthvað af fyrrnefndum sjóðum nú og verður að stefna að því mjög bráðlega.

Það þótti þó tæplega tímabært nú, enda þarf að athuga það mál betur. Gert er ráð fyrir, að það verkefni falli inn í þá heildarlöggjöf sem áformað er að leggja fyrir næsta þing, og getið var hér að framan.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Greinin kveður á um aðaltilgang sjóðsins. Aðalverkefnið er efling iðnaðarvöruútflutnings og megin leiðir taldar upp, en þær eru skipulagsbreytingar og aukning framleiðni. Útflutningsstarfsemi er að sjálfsögðu aðeins hluti almennrar iðnþróunar.

Nánar eru í 6. gr. talin upp þau meginsvið, sem starfsemi sjóðsins mun láta til sín taka og vísast til athugasemda við þá grein.

Sjóðurinn á hvorki að veita bein framkvæmdalán, sem fullnægt er af öðrum sjóðum, né rekstrarlán, heldur eingöngu lán, sem miða að skipulagsbreytingum og almennri framleiðniaukandi starfsemi, einkum í því skyni að auka útflutning, eða spara innflutning iðnaðarvara. Sjóðurinn skal vera sjálfstæð stofnun í eigu ríkisins.

Um 2. gr.

Eðlilegast er að sjóðurinn heyri undir iðnaðarráðuneytið vegna verkefna hans. Ekki er í lögum þessum fram tekið hvaða stofnun sé falin dagleg afgreiðsla sjóðsins, er ráðherra ætlað að ákveða það.

Um 3. gr.

Lagt er til að stjórn sjóðsins skipi 5 menn. Er þannig háttað tilnefningu í stjórnina að tvö helztu samtök útflutningsaðila iðnaðarvara eigi þar fulltrúa, enda var gengishagnaðurinn, sem er uppistaða sjóðsins aðallega tekinn af meðlimum þessara samtaka. Iðnþróunarsjóður hefur einn fulltrúa í stjórn, einkum með það fyrir augum að samræma starfsemi sjóðanna, þannig að betri yfirsýn fáist yfir vandamál iðnaðarins. Auk þess er gert ráð fyrir fulltrúa frá Alþýðusambandi Íslands. Að sjálfsögðu er sjóðnum heimilt að leita umsagnar annarra aðila vegna fyrirhugaðra lán- eða styrkveitinga.

Um 4. gr.

Stjórninni er ætlað að annast alla starfsemi sjóðsins, móta stefnu hans í samræmi við lögin og ráðstafa fjármagni hans. Hún ræður einnig starfsfólk sjóðsins, sem í samræmi við 1. gr. yrðu ríkisstarfsmenn og fengju laun skv. samningi þeirra. Iðnaðarráðherra skal ákveða þóknun sjóðsstjórnar.

Um 5. gr.

Samkvæmt lögum nr. 97/1972 var ríkisstjórninni veitt heimild til að taka gengishagnað af útfluttum iðnaðarvörum framleiddum fyrir 1. janúar 1973. Einnig er sams konar ákvæði um verktakasamninga. Var svo ákveðið að nota ætti fé þetta í þágu iðnaðarins í landinu. Áætlaðar tekjur af þessu eru á bilinu 20—40 m.kr.

Í lögum nr. 74/1968 var ákvæði, sem heimilaði að taka gengishagnað vegna verktakasamninga við erlenda aðila. Í síðustu málsgrein 4. gr. laganna var þó svo ákveðið að verja skuli því fé, sem þannig fæst samkvæmt sérstökum lögum, í þágu þeirra atvinnuvega, sem áttu viðkomandi afurðaverðmæti. Lagt er til að þetta ákvæði falli úr gildi, ef frumvarp þetta verður að lögum. Fé það, sem þannig fékkst, er enn óráðstafað á reikningi í Seðlabankanum. Með frumvarpi þessu er ákveðið að nota þetta fé í þágu iðnaðarins í landinu.

Í framtíðinni er sjóðnum fyrirhugaður sjálfstæður tekjustofn.

Í þessari grein er að lokum ákvæði, sem segir að geyma skuli fé sjóðsins á sérstökum reikningi í Seðlabankanum.

Um 6. gr.

Hér er kveðið á um helztu viðfangsefni sjóðsins. Aðaltilgangur sjóðsins er stuðningur við markaðsöflun og útflutningsefnandi starfsemi. Brýn nauðsyn er til þess nú eftir áfallið vegna gossins í Heimaey, þegar þjóðin kann að tapa nokkur hundruð milljón krónur af útflutningstekjum sínum.

Tekið er fram að sjóðurinn skuli með fjárframlagi stuðla að aukinni ráðgjöf, þjálfun og tækniþjónustu í þágu iðnaðarins. Er hér einkum átt við stuðning við stofnanir, s. s. væntanlega iðnþróunarmiðstöð, sem einvörðungu starfa fyrir iðnaðinn. Ekki er gert ráð fyrir að þessi framlög komi í staðinn fyrir fjárveitingar á fjárlögum, heldur þar að auki.

Framleiðniaukandi aðgerðir má efla með lánum eða styrkjum. Er það eitt helzta viðfangsefni sjóðsins. Það er nýmæli í lögum að sjóðurinn hafi það hlutverk að ýta undir samruna og samvinnu iðnfyrirtækja. Stærri markaðsheildir krefjast stærri framleiðslueininga, auk þess sem nýtingarstig framleiðslutækja er að öllu jöfnu mun hærra í stærri og sérhæfðari einingum en litlum.

Um 7. gr.

Hér er ákvæði, sem heimilar sjóðnum hlutabréfakaup og þátttöku í stofnun nýrra fyrirtækja. Hér er um nokkurt nýmæli að ræða, þótt lík heimild finnist í öðrum lögum en þó á þrengra sviði. Einn stærsti þrándur í götu efnahagsþróunar er eignaformið og því er þörf heimildar til að yfirstíga það, ef það skyldi standa æskilegri þróun í vegi.

Á undanförnum árum hefur það sýnt sig að nauðsyn er að opinberir aðilar hafi heimild til að gerast meðeigendur í fyrirtækjum, sem ella hefðu lagst niður. Oft er eðlilegra að opinberir aðilar gerist beinir þátttakendur í fyrirtækjum heldur en að veitt séu óhófleg lán í nauðsynleg en illa stödd fyrirtæki. Hér er einnig ákvæði um að sjóðurinn megi ekki afsala sér hlutabréfum nema samþykki Alþingis komi til. Er þetta sams konar ákvæði og gildir t. d. um jarðir í ríkiseign.

Að lokum er heimild til að veita ábyrgð fyrir lánum teknum hjá öðrum lánastofnunum, en þau ákvæði eru nauðsynleg vegna margfenginnar reynslu í því efni.

Um 8. gr.

Hér er heimild til lántöku fyrir sjóðsstjórn. Er fyrirhugað að fara þess á leit við Iðnþróunarsjóð, að hann veiti sjóðnum lán í því skyni, að geta betur annast hlutverk sitt strax í upphafi, en skipulagsbreytandi aðgerðir eru fjárfrekar.

Ekki er enn ákveðið, hve mikið fé mun fást frá Iðnþróunarsjóði. Þá upphæð verður að ákveða með hliðsjón af áætluðum þörfum sjóðsins nú, við þær sérstöku aðstæður, sem þjóðin á við að stríða, þegar sérstakar útflutningseflandi aðgerðir eru aðkallandi.

Um 9. gr.

Greinin inniheldur engin nýmæli og skýrir sig sjálf.

Um 10. gr.

Lögð er skylda á hendur ráðherra að gefa út reglugerð um sjóðinn, starfsemi hans o. fl.

Um 11. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Sþ. 356. Tillaga til þingsályktunar [192. mál]

um lífeyrisréttindi sjómanna.

Flm.: Eggert G. Þorsteinsson, Jón Árm. Héðinsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta semja og leggja fyrir næsta reglulegt Alþingi frumvarp til laga, er tryggi sjómönnum, er skráðir hafa verið á íslenzk skip í tiltekinn árafjölda, full lífeyrisréttindi við 60 ára aldur.

Greinargerð.

Fátt mun íslenzku efnahagslífi nauðsynlegra en að ávallt sé nægilegt framboð af fólki til að stunda sjó og vinna sjávarstörf.

Á undanförnum árum og áratugum hefur oft verið minnt á sérstöðu sjómanna í íslenzku athafnalífi, langvarandi fjarveru þeirra frá heimilum sínum, óreglulegan vinnutíma og þá ekki sízt öryggisleysi um störf í landi, þegar aldur og þreyta færist yfir.

Þrátt fyrir stórstígar framfarir í öllum aðbúnaði um borð í skipunum sjálfum má við hver vertíðaskipti hjá veiðiflotanum heyra látlausar auglýsingar eftir sjómönnum, og munu þess ófá dæmi, að skip hefji veiðar, án þess að fullmannað hafi verið.

Það er því eðlilegt, að leitað verði eftir þeim möguleikum, sem fyrir hendi eru, til að gera sjómannsstörf eftirsóknarverðari en þau eru í dag. Hin gleðilega endurnýjun alls fiskveiðiflota landsmanna á síðustu árum og áratug hlýtur einnig að kalla á fleiri sjómenn til starfa.

Til þess að hvetja menn til starfa á sjó þarf áreiðanlega margt til að koma, og ekkert eitt atriði mun ráða úrslitum um, hvort menn velja sér lífsstarf á þeim vettvangi.

Tillaga sú til þingsályktunar, sem hér er flutt, snertir aðeins einn þátt þessa vandamáls, þ. e. fjárhagslega tryggingu elliáranna.

Ekki verður efazt um það, að sjómannsstarfið er eitt af líkamlega erfiðustu störfum, sem unnin eru í þjóðfélaginu, þrátt fyrir tilkomu tækninýjunga, sem létt hafa að nokkru störfin hin síðustu ár. Eftir að starfsþrek tekur að minnka, hafa sjómenn nánast enga möguleika á framhaldandi störfum til sjós. Öll rök hníga þess vegna að því, að sjómenn fái full lífeyrisréttindi fyrr en þeir, sem vinna við aðrar starfsgreinar.

Sþ. 357. Fyrirspurnir. [193. mál]

I. Til menntamálaráðherra um endurvarpsstöðina á Gagnheiði.

Frá Helga F. Seljan.

Eru einhverjar áætlanir á döfinni varðandi úrbætur á endurvarpsstöðinni á Gagnheiði og eins um bætta viðgerðaþjónustu þar eystra með tilliti til tíðra bilana og langvarandi, svo og óskýrrar myndar á sveði stöðvarinnar?

II. Til menntamálaráðherra um menningarsjóð félagsheimila.

Frá Helga F. Seljan.

a) Í hverju var aðalstarfsemi á vegum menningarsjóðs félagsheimila fólgin á s. l. ári? Hverjar voru aðalstyrkveitingar, og hversu miklu fé var varið til þeirra.

b) Hvaða félagsheimili fengu styrk til sjálfstæðs dagskrárflutnings skv. reglum sjóðsins, og hversu miklu fé var varið á þann hátt?

Sþ. **358. Nefndarálit** [44. mál]

um till. til þál. um leigu og sölu íbúðarhúsnæðis.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

Nefndin hefur athugað þingsályktunartillöguna, en ekki orðið á eitt sátt um afgreiðslu hennar.

Húsnæðismál hafa verið hjá okkur svipuð og með öðrum þjóðum, hin erfiðustu viðfangs, en jafnframt hin brýnustu í flokki félagsmála. Við Íslendingar höfum framar öðrum þjóðum tekið upp þá stefnu að gera fólki sem auðveldast að eignast eigið íbúðarhúsnæði. Hefur að sjálfsögðu misjafnlega gengið í framkvæmd, og margt er enn ógert, svo að verulega sé nálgazt sett mark. Ríkið hefur eðlilega haft forgöngu um úrlausnir á hverjum tíma og vissulega veitt mikilsverða aðstoð. Víst er, að vegna þessarar stefnu hefur æ minna verið hugað að byggingu húsnæðis til útleigu og þannig þrengzt mjög að þeim hluta húsnæðismála. Hefur það svo skapað margvísleg vandamál, þar eð langt er enn í land, að slíks húsnæðis sé ekki þörf. Geta má þess, að ýmis fyrirtæki hafa leyst að nokkru leyti þennan vanda að því er starfsfólk þeirra varðar. Einnig hafa sveitarfélög sums staðar lagt sig fram að bæta úr. Ekki má líta fram hjá því, að sveitarfélög hafa að sínum hluta allríka skyldu að sinna þessum þætti félagslegs vanda.

Á síðasta þingi var samþykkt tillaga þess efnis m. a. að fela ríkisstjórninni að láta fram fara könnun á þörf fyrir leiguhúsnæði í öllum sveitarfélögum landsins. Þetta er yfirgripsmikið verkefni og vísast nokkuð tafsamt. Eigi að síður er þetta algjört undirstöðuatriði. Þessi rannsókn fer fram á vegum ríkisstjórnarinnar ásamt athugun, sem eðlilegt verður að teljast, um, hverjar almennar og nauðsynlegar reglur skuli setja um viðskipti aðila að leiguíbúðarhúsnæði.

Hinn liður þáltill. á þskj. 46 fjallar um skipulag fasteignasölu, þ. e. kaup og sölu íbúðarhúseigna, og hið háa verðlag, sem í þeim málum ríkir. Undir það ber að taka og skal sízt úr dregið, að á þéttbýlissvæðunum við Faxaflóa er í þessu efni um hvað mest vandamál að ræða. Hinn síaukni byggingarkostnaður á þar sinn drýgsta þátt auk hins almenna og viðvarandi skorts á húsnæði.

Það er sízt að undrast, þó að mörgum sé þetta umhugsunar- og áhyggjuefni og svo hafi lengi verið. Hitt hefur jafnan vafizt fyrir, hvernig við skyldi bregðast.

Skoðun okkar er sú, að til þess að viðhlítandi lausn fáist á þeim vanda, sem hér er við að etja, svo og margvíslegum öðrum vanda, sé öruggasta og hagkvæmasta úrræðið alhliða, skipuleg og markviss efling landsbyggðarinnar. En til bráðabirgða gætu komið til skynsamlegar ráðstafanir að vel yfirveguðu máli.

Þau málsatriði, sem hér hafa sérstaklega verið rædd, svo og húsnæðismálin í heild eru til könnunar hjá ríkisstjórninni, sem bezta hefur aðstöðu að sjálfsögðu til þess að afla nauðsynlegra upplýsinga, hvernig málin standa, og gera sér heildargrein fyrir þeim. Þess vegna þykir okkur undirrituðum eðlilegast, að eigi sé á þessu stigi tekin afstaða til afmarkaðra leiða í löggjöf, sem sett kann að verða, heldur verði beðið þeirrar niðurstöðu og væntanlegra tillagna af opinberri hálfu, sem af könnuninni leiðir.

Við leggjum því til, að þáltill. verði við svo búið **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Alþingi, 5. marz 1973.

Björn Fr. Björnsson, form., frsm. Jón Skaftason. Birgir Kjaran.

Lárus Jónsson.

Ed. 359. Nefndarálit [3. mál]

um frv. til l. um hlutdeild ríkisins í byggingu og rekstri dagvistunarheimila.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur haft frv. til athugunar og fengið um það margar umsagnir. Nefndin mælir með því, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Við 3. gr. 2. mgr. falli niður.
2. Við 17. gr. Í stað orðanna „fóstrunarstörf“ og „fóstrunarmenntun“ í 1. mgr. komi orðin: fósturstörf, fósturmenntun.
3. Við 18. gr. Við 2. mgr. bætist: eða félagsmálastofnana, eftir því sem við á í hverju sveitarfélagi.
4. Á eftir 19. gr. komi svofellt

Ákvæði til bráðabirgða.

Ríkisframlag til stofnkostnaðar skv. 6. gr. nær eigi til þeirra dagvistunarstofnana, sem þegar eru fullbyggðar. Þeir aðilar, sem hafa dagvistunarstofnanir í byggingu, þegar lög þessi taka gildi, geta sótt til menntamálaráðuneytisins um ríkisframlag til bygginganna. Fullnægi byggingarnar þeim kröfum, sem lög þessi og reglugerðir samkvæmt þeim gera til slíkra stofnana, er heimilt að veita ríkisframlag allt að óskertum þeim styrk, sem gert er ráð fyrir í 6. gr., eftir mati ráðuneytisins og með hliðsjón af því, á hvaða stigi framkvæmdir eru.

Nefndarmenn allir áskilja sér rétt til að fylgja öðrum breytingartillögum eða flytja þær sjálfir. Björn Jónsson var fjarstaddur, þegar málið var afgreitt.

Alþingi, 8. marz 1973.

Ragnar Arnalds, form., frsm. — Tómas Árnason, fundaskr. — Auður Auðuns.

Þorv. Garðar Kristjánsson. — Steingrímur Hermannsson. — Jón Árm. Héðinsson.

Ed. 360. Nefndarálit [113. mál]

um frv. til l. um heimild til að stofna fjölbrautaskóla.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur haft frv. til athugunar og mælir með því, að það verði samþykkt óbreytt. Björn Jónsson var fjarstaddur, þegar málið var afgreitt.

Alþingi, 8. marz 1973.

Ragnar Arnalds, form., frsm. — Tómas Árnason, fundaskr. — Auður Auðuns.

Þorv. Garðar Kristjánsson. — Steingrímur Hermannsson. — Jón Árm. Héðinsson.

Ed. 361. Breytingartillögur [3. mál]

við frv. til l. um hlutdeild ríkisins í byggingu og rekstri dagvistunarheimila.

Frá Ragnari Arnalds og Steingrími Hermannssyni.

1. Við 11. gr. 3. mgr. falli niður.
2. Við 15. gr.
   a. Við 5. mgr. bætist:
      Skal í áætlun þessari miða við þær kröfur (norm), sem reglugerð kveður á um varðandi gerð og búnað hvers heimilis. Í áætlun þessari skal miða við byggingarkostnað og verðlag á þeim tíma, sem áætlunin er gerð, og miðast ríkisframlag við áætlaða fjárhæð að viðbættri vísitölu byggingarkostnaðar á byggingartíma.
   b. 6. mgr. falli niður.

Ed. 362. Nefndarálit [160. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 102 31. des. 1972, um skipulag á löndun á loðnu til bræðslu.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Sjávarútvegsnefnd Ed. hefur athugað frumvarp það, sem hér liggur fyrir, og orðið sammála um að mæla með samþykkt þess, með svofelldri

BREYTINGU:

Á eftir orðunum „landaðrar loðnu“ í 1. efnismgr. 1. gr. komi orðin: til bræðslu.

Einn nefndarmanna, Jón Árnason, var fjarstaddur afgreiðslu málsins.

Alþingi, 10. marz 1973.

Bjarni Guðbjörnsson, form., frsm. — Geir Gunnarsson, fundaskr. — Björn Jónsson.
Oddur Ólafsson. — Jón Árm. Héðinsson. — Steingr. Hermannsson.

Ed. 363. Nefndarálit [30. mál]

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka leigunámi tvö hvalveiðiskip hf. Hvals.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

Allsherjarnefnd hefur rætt frumvarpið, en ekki orðið sammála um afgreiðslu þess.

Meiri hl. nefndarinnar leggur til, að frumv. verði samþ. óbreytt. Minni hl. nefndarinnar mun skila séráliti.

Alþingi, 12. marz 1973.

Björn Fr. Björnsson, form. — Geir Gunnarsson, fundaskr. — Bjarni Guðbjörnsson, frsm.
Eggert G. Þorsteinsson, með fyrirvara. — Alexander Stefánsson.

Ed. 364. Breytingartillögur [3. mál]

við frv. til laga um hlutdeild ríkisins í byggingu og rekstri dagvistunarheimila.

Frá Þorv. Garðari Kristjánssyni og Jóni Árnasyni.

1. Við 2. gr. Í 2. mgr. falli niður orðin „og rekstrar“.
2. Við 6. gr.
   a. Í stað „50%“ í 1. tl. komi: 60%.
   b. Í stað „25%“ í 2. tl. komi: 50%.
3. Við 8. gr. Greinin falli niður.
4. Við 9. gr. Greinin falli niður.
5. Við 10. gr. (er verði 8. gr.)
   a. Í 1. mgr. falli niður orðin „og/eða reka“.
   b. Í 2. mgr. falli niður orðin „og/eða reka“.
   c. 4. mgr. falli niður.
6. Við 15. gr. (er verði 13. gr.)
   a. 4. mgr. verði svo hljóðandi:
      Nú hefur Alþingi samþykkt slíka fjárveitingu, og ákveður það þá einnig, hvernig framlögum skuli háttað framvegis. En skylt er ríkissjóði þó að hafa lokið greiðslu framlaga til hverrar framkvæmdar miðað við upphaflega kostnaðaráætlun innan 4 ára frá því, er fyrsta framlag var innt af hendi.
   b. Ný málsgrein bætist við og verður 7. mgr., svo hljóðandi:
      Nú fer á byggingartímanum heildarbyggingarkostnaður dagvistunarheimilis fram úr upphaflegri kostnaðaráætlun, og skal þá sá ríkisstyrkur, sem umfram er, greiðast á næstu 2 árum eftir 4 ára tímabilið samkvæmt 4. mrg.
7. Í fyrirsögn frumvarpsins falli niður orðin „og rekstri“.

Nd. 365. Frumvarp til laga [2. mál]

um Fósturskóla Íslands.

(Eftir 2. umr. í Nd., 12. marz.)

Samhljóða þskj. 2 með þessum breytingum:

2. gr. hljóðar svo:

Hlutverk skólans er að mennta fólk til uppeldisstarfa á hvers konar uppeldisstofnunum fyrir börn frá fæðingu til 7 ára aldurs, svo sem vöggustofum, dagheimilum, vistheimilum, leikskólum, forskólabekkjum barnaskóla og leikvöllum. Heimilt er að fela Fósturskóla Íslands að mennta fólk til starfa á skóladagheimilum.

5. gr. hljóðar svo:

Skólinn skal annast endurmenntun og viðbótarmenntun starfsfólks á þeim uppeldissviðum, sem starfsemi skólans tekur til, með skipulegri fræðslu, námskeiðum og kynningu á markverðum nýjungum í uppeldismálum. Ráðherra er heimilt að ákveða með reglugerð, að skólinn haldi námskeið fyrir aðstoðarfólk, sem ráða þarf að dagvistunarheimilum, meðan skortur er á fóstrum.

Um námstíma og starfssvið skal kveða nánar á í reglugerð.

6. gr. hljóðar svo:
Fósturskólinn skal hafa náið samband við Kennaraháskóla Íslands, m. a. um framhaldsmenntun fóstra. Skal kveða nánar á um það og tengsl milli skólanna í reglugerð.

7. gr. hljóðar svo:
Menntamálaráðuneytið fer með yfirstjórn Fósturskóla Íslands.
Við skólann skal vera skólanefnd, sem menntamálaráðuneytið skipar til 4 ára í senn, og starfar hún samkv. erindisbréfi, er ráðuneytið setur. Formaður er skipaður án tilnefningar, einn nefndarmaður er skipaður samkvæmt tilnefningu Fóstrufélags Íslands og annar samkvæmt tilnefningu Barnavinafélagsins Sumargjafar, meðan það fer með stjórn barnaheimila í Reykjavík í umboði borgarstjórnar. Ef rekstur barnaheimila í Reykjavík verður falinn borgarstofnunum, skal einn skólanefndarmaður skipaður samkvæmt tilnefningu borgarráðs Reykjavíkur.
Við Fósturskóla Íslands skal vera skólaráð skólastjóra til aðstoðar um stjórn skólans og rekstur. Skólastjóri skal vera formaður þess, en auk hans sitja í ráðinu tveir kennarar skólans og tveir fulltrúar nemenda, kosnir til eins árs í senn.
Ákveða skal nánar í reglugerð um starfssvið skólanefndar og skólaráðs.

8. gr. hljóðar svo:
Við Fósturskólann skal starfa nemendaráð, sem sé skólastjóra til aðstoðar í málefnum nemenda. Nemendaráð kýs fulltrúa í skólaráð, sbr. 7. gr., með þeim réttindum, sem tiltekin eru í ákvæðum reglugerðar. Nemendur setja reglur um skipan, starfssvið og starfshætti nemendaráðs, og skulu þær háðar samþykki skólaráðs og staðfestingu yfirstjórnar skólans.

10. gr. hljóðar svo:
Inntökuskilyrði í Fósturskólann eru þessi:
1. Stúdentspróf, kennarapróf frá Kennaraskóla Íslands eða gagnfræðapróf að viðbættu tveggja ára námi í framhaldsdeild gagnfræðaskóla eða að viðbættu tveggja ára námi í öðrum skólum, t. d. verzlunarskóla, lýðháskóla eða húsmæðraskóla.
2. Heimilt er að veita umsækjendum skólavist, þótt þeir fullnægi ekki menntunarkröfum 1. töluliðar, með hliðsjón af hæfniprófum eða öðrum tiltækum matsaðferðum og að nokkru með tilliti til starfsreynslu á þeim stofnunum, sem skólinn menntar starfslið til.
3. Nemandi skal eigi vera yngri en 18 ára.
4. Nemandi skal eigi vera haldinn neinum andlegum eða líkamlegum kvilla eða annmarka, er hamli honum í námi eða starfi að dómi skólanefndar.

Ákveða má í reglugerð lágmarkseinkunn í íslenzku eða fleiri greinum í sambandi við inntöku nemenda í skólann.
Enn fremur má ákveða í reglugerð að láta alla nemendur ganga undir hæfnipróf.

Nd. 366. Frumvarp til laga [74. mál]

um breyting á lögum nr. 67 10. maí 1966, um vélstjóranám.

(Eftir 2. umr. í Nd., 12. marz.)

1. gr.
Námskeið, er veiti þá fræðslu, sem þarf til að ljúka 1. stigi vélstjóranáms, skal skólastjóri Vélskóla Íslands láta halda árlega á þessum stöðum: Reykjavík, Ólafsvík, Ísafirði, Akureyri, Höfn í Hornafirði og Vestmannaeyjum.

Námskeiðin skulu haldin á sama tíma og kennsla fer fram í Vélskóla Íslands í Reykjavík.

Kennslutími skal vera minnst fimm mánuðir.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Sþ. 367. Fyrirspurn [194. mál]

til samgönguráðherra um vetrarsamgöngur um Múlaveg.

Frá Lárusi Jónssyni.

Hyggst vegamálastjóri kanna aðstæður til að byggja yfir gil á Múlavegi, þar sem reynslan sýnir, að mestu snjóflóð falla á vetrum?

Ef svo er, hversu langt er undirbúningur kominn á veg og hvenær geta framkvæmdir hafizt?

Áformar Vegagerð ríkisins að auka tækjakost við snjóruðning á Múlavegi?

Ed. 368. Frumvarp til laga [195. mál]

um happdrætti Dvalarheimilis aldraðra sjómanna.

(Lagt fyrir Alþingi á 93. löggjafarþingi, 1972—1973).

1. gr.

Heimilt skal Dvalarheimili aldraðra sjómanna að stofna happdrætti um bifreiðar, bifhjól, báta, búnaðarvélar, íbúðarhús og einstakar íbúðir, húsbúnað, hljóðfæri, búpening, flugvélar og farmiða til ferðalaga.

Verð happdrættismiða skal ákveðið af ráðherra, að fengnum tillögum frá stjórn Dvalarheimilis aldraðra sjómanna.

2. gr.

Drættir í happdrætti þessu skulu fara fram opinberlega í Reykjavík. Dregið skal mánaðarlega.

3. gr.

Heimild þessi gildir til ársloka 1984.

Ágóði happdrættisins skal renna í byggingarsjóð aldraðs fólks. 60% ágóðans skal þó varið til byggingar Dvalarheimilis aldraðra sjómanna. Heimilt skal þó stjórn Dvalarheimilis aldraðra sjómanna að veita styrk eða lán til annarra dvalarheimila aldraðs fólks.

4. gr.

Vinningar í happdrætti þessu skulu undanþegnir hvers konar opinberum gjöldum öðrum en eignarskatti á því ári, sem þeir falla.

5. gr.

Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um starfsemi happdrættisins, þar á meðal um endurskoðun ársreikninga happdrættisins og afhendingu fjárins til byggingarsjóðs aldraðs fólks.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 71 24. apríl 1954 um happdrætti dvalarheimilis aldraðra sjómanna og lög nr. 17 21. febrúar 1956 og lög nr. 52 20. apríl 1963 um breytingu á þeim lögum.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með lögum nr. 71 24. apríl 1954 var Dvalarheimili aldraðra sjómanna heimilað að stofnsetja og reka happdrætti, þar sem öllum ágóða skyldi varið til byggingar Dvalarheimilis aldraðra sjómanna. Gilti heimild þessi í 10 ár. Með lögum nr. 52 20. apríl 1963 var heimild þessi framlengd til ársloka 1974. Var þá jafnframt ákveðið, að ágóði happdrættisins skyldi renna í byggingarsjóð aldraðs fólks. Þó skyldi 60% ágóðans varið til byggingar Dvalarheimilis aldraðra sjómanna. Stjórn Dvalarheimilis aldraðra sjómanna var og heimilt að veita styrki eða lán til annarra dvalarheimila aldraðs fólks.

Er með frumvarpi þessu lagt til, að heimild Dvalarheimilis aldraðra sjómanna til rekstrar happdrættis þessa verði enn framlengd um 10 ár, þ. e. til ársloka 1984. Gert er ráð fyrir því, að ágóða af happdrættinu verði áfram varið á sama hátt og ákveðið var með lögum nr. 52 20. apríl 1963.

Frumvarp þetta gerir eigi ráð fyrir öðrum breytingum á lögum um happdrætti Dvalarheimilis aldraðra sjómanna, en rétt hefur þótt að fella í eitt frumvarp upphaflegu lögin, svo og síðari breytingar á þeim.

Ed. 369. Nefndarálit [105. mál]

um frv. til laga um sérstakan dómara og rannsóknardeild í ávana- og fíkniefnamálum.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarpið og fengið umsagnir frá Læknafélagi Íslands og lögreglustjóranum í Reykjavík. Nefndin leggur einróma til, að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 8. marz 1973.

Björn Fr. Björnsson, form.	Geir Gunnarsson, fundaskr.	Oddur Ólafsson, frsm.
Bjarni Guðbjörnsson.	Alxeander Stefánsson.	Eggert G. Þorsteinsson.
	Magnús Jónsson.	

Ed. 370. Breytingartillögur [3. mál]

við frv. til l. um hlutdeild ríkisins í byggingu og rekstri dagvistunarheimila.

Frá Auði Auðuns.

1. Við 6. gr. 2. töluliður orðist svo:
   Til leikskóla 50% áætlaðs stofnkostnaðar fullbúins húsnæðis.
2. 9. gr. falli niður.
3. 14. gr. orðist svo:
   Þegar ráðuneytið hefur gengið úr skugga um, að undirbúningur sé fullnægjandi samkvæmt framansögðu, sér það um, að gerður verði samningur milli þess og hlutaðeigandi aðila um greiðslu samkvæmt 6. gr. þessara laga, og heimilar, að framkvæmdir verði hafnar.
   Ef framkvæmdir eru hafnar, án þess að fyrir liggi skriflegt samþykki menntamálaráðuneytisins, verður stofnkostaður ríkissjóði óviðkomandi.

4. 15. gr. orðist svo:
Ríkissjóður skal að jafnaði greiða sinn hluta af áætluðum byggingarkostnaði dagvistunarheimila á næstu fjórum árum, eftir að fyrsta fjárveiting til framkvæmdarinnar hefur verið samþykkt.
Ef framkvæmdaraðili getur útvegað lánsfé til byggingar dagvistunarstofnana með sölu skuldabréfa eða á annan hátt, er heimilt, að ríkissjóður ábyrgist slík lán allt að hluta ríkissjóðs samkvæmt 6. gr.
Áætlaður stofnkostnaður dagvistunarheimila skiptist í áætlaðan byggingarkostnað og áætlaðan kostnað stofnbúnaðar. Skal í áætlun þessari miða við þær kröfur (norm), sem reglugerð kveður á um varðandi gerð og búnað hvers heimilis. Í áætlun þessari skal miða við byggingarkostnað og verðlag á þeim tíma, þegar áætlun er gerð, og miðast ríkisframlag við áætlaða fjárhæð að viðbættri vísitölu byggingarkostnaðar á byggingartíma.

Nd. 371. Nefndarálit [73. mál]

við frv. til búfjárræktarlaga.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og leggur til, að það verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Við 2. gr. Í stað orðanna „nautgripa — fjár —“ komi: nautgripa-, sauðfjár-.
2. Við 4. gr. 2. málsl. síðari málsgr. falli niður.
3. Við 23. gr.
   a. 2. málsgr. orðist svo:

Afkvæmaverðlaun á afkvæmasýningum:

a. hrútar:	I. verðlaun	kr. 3 000
	II. verðlaun	— 1 500
	III. verðlaun	— 600
b. ær:	I. verðlaun	— 900
	II. verðlaun	— 400
Enn fremur má veita heiðursverðlaun á hrúta allt að		— 8 000

   b. 5. málsl. 3. málsgr. orðist svo:

Bezti afkvæmahópur	— 2 500

Eðvarð Sigurðsson var fjarstaddur afgreiðslu málsins.

Alþingi, 13. marz 1973.

Stefán Valgeirsson, form., frsm.	Ágúst Þorvaldsson.	Gunnar Gíslason.
Bragi Sigurjónsson.	Pálmi Jónsson.	Vilhjálmur Hjálmarsson.

Ed. 372. Nefndarálit [183. mál]

um frv. til l. um lögreglustjóra í Hafnarhreppi í Austur-Skaftafellssýslu.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og mælir einróma með samþykkt þess. En nefndin vill jafnframt taka þetta fram: Hún telur einsætt, að lögreglustjórinn í Hafnar-

hreppi hafi, þegar til kemur, umboðsstörf (fulltrúastarf) á hendi fyrir sýslumanninn í Vík í öðrum hreppum Austur-Skaftafellssýslu. Enn fremur væri athugandi eftir þá breytingu, sem frv. gerir ráð fyrir, hvort lengur sé þörf fyrir óbreyttan starfsmannafjölda við sýslumannsembættið í Vík.

Alþingi, 9. marz 1973.

Björn Fr. Björnsson, form., frsm.	Geir Gunnarsson, fundaskr.	Bjarni Guðbjörnsson.
Oddur Ólafsson.	Eggert G. Þorsteinsson.	Alexander Stefánsson.
	Magnús Jónsson.	

Sþ. 373. Fyrirspurnir. [196. mál]

I. Til forsætisráðherra um framkvæmd þingsályktunar frá 16. maí 1972 um gerð áætlunar um opinberar framkvæmdir í Reykjaneskjördæmi.

Frá Ólafi G. Einarssyni.

1. Er hafin vinna við gerð áætlunar um opinberar framkvæmdir í Reykjaneskjördæmi, eins og ríkisstjórninni var falið að láta gera, sbr. þingsályktun frá 16. maí 1972?
2. Ef svo er, hverjir vinna að áætlunargerðinni og í hvaða mæli hefur samstarf verið haft við Samtök sveitarfélaga í Reykjaneskjördæmi?

II. Til menntamálaráðherra um inngönguréttindi kennara í háskólann.

Frá Jónasi Árnasyni.

Hvað líður samanburðarkönnun á kennaraprófi og stúdentsprófi með tilliti til inngönguréttinda kennara í háskólann?

III. Til landbúnaðarráðherra um framkvæmd þingsályktunar um orlof og þjónustu staðgöngumanna í landbúnaði.

Frá Pálma Jónssyni.

Hvað líður framkvæmd á ályktun Alþingis frá 18. maí 1972 um athugun á möguleikum á lagasetningu um orlof sveitafólks og þjónustu staðgöngumanna í landbúnaði?

Ed. 374. Frumvarp til laga [197. mál]

um breyting á lögum nr. 1 11. febrúar 1970, um tollskrá o.fl.

(Lagt fyrir Alþingi á 93. löggjafarþingi, 1972—1973).

1. gr.

1. mgr. 1. gr. orðist svo:

Af öllum vörum, sem koma eða eru fluttar inn á tollsvæði ríkisins, skal greiða aðflutningsgjöld, nema annað sé tekið fram í lögum þessum eða öðrum sérstökum

lögum. Skulu gjöldin vera eins og fyrir er mælt í eftirfarandi tollskrá, þannig, að dálkur nr. 1 gildir fyrir allar innfluttar vörur, nema sérstaklega sé á annan hátt ákveðið í dálki nr. 2. Dálkur nr. 2 gildir fyrir vörur innfluttar til landsins samkvæmt ákvæðum um aðild Íslands að Fríverzlunarsamtökum Evrópu (EFTA) og samkvæmt ákvæðum samnings Íslands við Efnahagsbandalag Evrópu (EBE). Dálkur nr. 2 gildir þó ekki um vörur í eftirfarandi tollskrárnúmerum, sem innfluttar eru til landsins frá Efnahagsbandalagi Evrópu í upprunalegri mynd þess, þ. e. frá Belgíu, Frakklandi, Hollandi, Ítalíu, Luxembourg og Vestur-Þýzkalandi, svo og frá Írlandi:

03.03.09	16.03.00
05.04.00	16.04.00
05.06.00	16.05.00
05.15.00	20.02.01
14.02.00	21.03.00
14.03.00	21.05.03
14.04.00	22.01.01
14.05.00	22.08.00
15.04.00	23.01.00
15.05.00	24.02.32
15.06.00	

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. apríl 1973.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Eins og Alþingi er kunnugt, hefur í kjölfar samþykktar ályktunar Alþingis um heimild fyrir ríkisstjórnina til að staðfesta samning Íslands við Efnahagsbandalag Evrópu verið skipzt á tilkynningum samningsaðila um, að samningurinn hafi hlotið þá meðferð, sem nauðsynleg er hjá hvorum samningsaðilanum um sig, til að hann taki gildi. Tilkynningaskiptin fóru fram 28. febrúar s. l. og tekur samningurinn því gildi 1. apríl 1973.

Lagafrumvarp þetta er bein afleiðing staðfestingar Íslands á samningi Íslands við EBE og felur eingöngu í sér nauðsynlegar orðalagsbreytingar á 1. gr. laga um tollskrá o. fl. nr. 1/1970, til að tollfríðindum þeim, sem innflutningur frá EFTA-löndum hefur notið, verði jafnframt beitt gagnvart innflutningi frá EBE. Jafnframt eru tiltekin þau 21 tollskrárnúmer, sem samningur Íslands og EBE tekur ekki til, varðandi innflutning til Íslands, en falla hins vegar undir ákvæði EFTA-samnings um fríverzlun.

Þótti rétt að gera þetta á einfaldan hátt með breytingu á 1. gr. laga um tollskrá o. fl. í stað þess að gefa út nýja tollskrá með þremur dálkum í stað tveggja áður, þ. e. einn fyrir tollskrártoll, annan fyrir EFTA-toll og hinn þriðja fyrir EBE-toll. Er ekki talin hætta á, að sú framkvæmd valdi hlutaðeigandi aðilum erfiðleikum. Ný tollskrá mun hins vegar verða gefin út fyrir lok ársins 1973, vegna þeirra tollalækkana, sem taka gildi 1. janúar 1974 samkvæmt samningi Íslands um aðild að EFTA og samningi Íslands við EBE. Fyrir þann tíma er jafnframt gert ráð fyrir, að fram hafi farið endurskoðun á tollskrárlögum vegna ýmiss konar lagfæringa og breytinga, sem gera þarf m. a. með tilliti til bættrar samkeppnisaðstöðu iðnaðarins. Verður stefnt að því að leggja það frumvarp fram í byrjun næsta þings.

Ed. Breytingartillaga 375. [190. mál]

við frv. til laga um útflutningsgjald af sjávarafurðum.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Ákvæði til bráðabirgða orðist svo:

Heimilt er að endurgreiða útflutningsgjald samkvæmt lögum þessum af frystum karfaflökum, sem framleidd voru á tímabilinu 1. júní til 30. september 1972, svo og af frystri síld framleiddri á árinu 1972. Einnig er heimilt að endurgreiða útflutningsgjald af saltsíld framleiddri á árinu 1972 og 1973 og af þurrkuðum saltfiski framleiddum á árinu 1973.

Þá skal sjávarútvegsráðherra heimilt að ráðstafa útflutningsgjaldi af saltaðri síld og flökum úr saltaðri síld, sem flutt er út á árinu 1972, til síldarútvegsnefndar, m. a. vegna kostnaðar við öflun markaða fyrir saltaða síld af fjarlægum miðum.

Ed. 376. Frumvarp til laga [160. mál]

um breyting á lögum nr. 102 31. des. 1972, um skipulag á löndun á loðnu til bræðslu.

(Eftir 2. umr. í Ed., 14. marz.)

1. gr.

Á eftir 2. gr. laganna komi ný grein, er verði 3. gr., svo hljóðandi, enda breytist töluröð annarra greina í samræmi við það:

Á loðnuvertíð 1973 skal stofna loðnuflutningasjóð og skal loðnulöndunarnefnd, sbr. 2. gr., hafa stjórn hans með höndum. Kaupendur loðnu skulu greiða í loðnuflutningasjóð 15 aura á hvert kg landaðrar loðnu til bræðslu til viðbótar því lágmarksverði, er Verðlagsráð sjávarútvegsins hefur ákveðið fyrir loðnuvertíð 1973. Loðnulöndunarnefnd skal hafa á hendi innheimtu þessa gjalds og reikningshald sjóðsins.

Greiða skal úr loðnuflutningasjóði styrki til flutninga á loðnu samkvæmt reglum, er loðnulöndunarnefnd setur. Skal nefndin annast greiðslu flutningastyrkja.

Reynist inneign vera fyrir hendi í loðnuflutningasjóði, að lokinni loðnuvertíð 1973, skal hún geymd á sérstökum reikningi til næsta árs. Skal inneigninni ráðstafað samkvæmt ákvörðun Verðlagsráðs sjávarútvegsins.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 377. Frumvarp til laga [190. mál]

um útflutningsgjald af sjávarafurðum.

(Eftir 2. umr. í Ed., 14. marz.)

Samhljóða þskj. 351 með þessari breytingu:

Ákvæði til bráðabirgða hljóðar svo:

Heimilt er að endurgreiða útflutningsgjald samkvæmt lögum þessum af frystum karfaflökum, sem framleidd voru á tímabilinu 1. júní til 30. september 1972, svo og af frystri síld framleiddri á árinu 1972. Einnig er heimilt að endurgreiða

útflutningsgjald af saltsíld framleiddri á árinu 1972 og 1973 og af þurrkuðum saltfiski framleiddum á árinu 1973.

Þá skal sjávarútvegsráðherra heimilt að ráðstafa útflutningsgjaldi af saltaðri síld og flökum úr saltaðri síld, sem flutt er út á árinu 1972, til síldarútvegsnefndar, m. a. vegna kostnaðar við öflun markaða fyrir saltaða síld af fjarlægum miðum.

Sþ. 378. Nefndarálit [100. mál]

um till. til þál. um könnun á réttarstöðu tjónþola vegna skaða af völdum flugumferðar í nágrenni flugvalla.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað þingsályktunartillöguna og leggur til, að hún verði samþykkt. — Birgir Kjaran var fjarstaddur afgreiðslu málsins.

Alþingi, 13. marz 1973.

Björn Fr. Björnsson, form. Jónas Árnason, fundaskr. Jón Skaftason, frsm.

Lárus Jónsson. Bjarni Guðnason. Stefán Gunnlaugsson.

Nd. 379. Nefndarálit [148. mál]

um frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja landspildu úr prestssetursjörðinni Bjarnanesi í Nesjahreppi.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin leggur til, að frv. verði samþykkt.

ÁÞ og EðS voru fjarstaddir, þegar málið var afgreitt í nefndinni.

Alþingi, 15. marz 1973.

Stefán Valgeirsson, form. Vilhjálmur Hjálmarsson, frsm. Pálmi Jónsson.

Gunnar Gíslason. Bragi Sigurjónsson.

Nd. 380. Frumvarp til laga [198. mál]

um breyting á sveitarstjórnarlögum, nr. 58 frá 29. marz 1961.

Flm.: Lárus Jónsson, Ágúst Þorvaldsson, Karvel Pálmason, Karl G. Sigurbergsson, Stefán Gunnlaugsson, Ólafur G. Einarsson.

1. gr.

Á eftir 109. gr. laganna komi nýr kafli, V. kafli, er orðist svo:

Um landshlutasamtök sveitarfélaga.

110. gr.

Ákvæði kafla þessa gilda um landshlutasamtök sveitarfélaga, þ. e. Samtök sveitarfélaga í Reykjaneskjördæmi, Samtök sveitarfélaga í Vesturlandskjördæmi,

Fjórðungssamband Vestfirðinga, Fjórðungssamband Norðlendinga, Samband sveitarfélaga í Austurlandskjördæmi og Samtök sveitarfélaga í Suðurlandskjördæmi.

Ákvæði þessa kafla gilda um Reykjavíkurborg, eftir því sem við á, sbr. einkum b-lið 112. gr., en ákvæði kaflans hagga ekki gildandi reglum um stjórn borgarinnar.

111. gr.

Sérhvert sveitarfélag á aðild að samtökum sveitarfélaga í sínum landshluta.

Samtökunum er heimilt að veita sýslufélögunum aðild að landshlutasamtökunum.

112. gr.

Hlutverk landshlutasamtakanna er:

a. að vinna að sameiginlegum hagsmunum sveitarfélaga og héraða í umdæmi sínu og landshlutans alls,
b. að vinna að áætlanagerð varðandi landshlutana í samráði við Framkvæmdastofnun ríkisins,
c. að vinna að öðrum verkefnum samkvæmt lögum,
d. að vinna að framkvæmdum á samþykktum aðalfunda samtakanna og annast almennt ráðgjafastarf í þeirra þágu.

113. gr.

Hver sveitarstjórn kýs fulltrúa og varafulltrúa á aðalfund samtakanna eftir hverjar sveitarstjórnarkosningar eða oftar, sé það ákveðið í samþykktum samtakanna. Kjörgengir eru aðalfulltrúar og varafulltrúar í sveitarstjórn og framkvæmdastjórar sveitarfélaga.

Sveitarfélag	með	300 íbúa eða færri	kýs	einn	aðalfulltrúa
—	—	301— 700 íbúa	—	tvo	—
—	—	701— 1500 —	—	þrjá	—
—	—	1501— 2500 —	—	fjóra	—
—	—	2501— 5000 —	—	fimm	—
—	—	5001—10000 —	—	sex	—
—	—	10001 o. fl. —	—	sjö	—

Heimilt er einstökum landshlutasamtökum að ákveða fulltrúafjölda með öðrum hætti en greint er í 2. mgr., enda sé ákvæði um það í samþykktum samtakanna, sem ráðherra staðfesti.

Eigi sýslufélag aðild að landshlutasamtökunum, sbr. 111. gr., skal sýslunefnd kjósa einn fulltrúa og varafulltrúa úr sínum hópi, sbr. 1. mgr.

114. gr.

Æðsta vald í málefnum landshlutasamtakanna er í höndum aðalfunda þeirra, sem haldnir skulu ár hvert.

Á aðalfundi skal kosin stjórn samtakanna, 5—11 menn, eftir því sem nánar er ákveðið í samþykktum, og jafnmargir varamenn. Formaður er kosinn sérstaklega. Séu stjórnarmenn fleiri en 7, er þeim heimilt að kjósa þriggja manna framkvæmdaráð, eftir því sem nánar er kveðið á í samþykktum.

Stjórnin fer með yfirstjórn samtakanna milli aðalfunda og hefur umsjón með störfum samtakanna og fjárreiðum.

Stjórnin ræður framkvæmdastjóra og annað starfslið samtakanna.

115. gr.

Tekjur samtakanna eru:

a. Árgjöld aðildarsveitarfélaganna, skv. samþykktum aðalfundar.
b. Framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga, skv. lögum um tekjustofna sveitarfélaga.
c. Aðrar tekjur.

Ákvæði þessarar greinar taka ekki til Reykjavíkurborgar.

116. gr.

Nánar skal kveðið á um skipulag og stjórn einstakra landshlutasamtaka í samþykktum þeirra, sem staðfestar skulu af ráðherra og birtar í B-deild Stjórnartíðinda. Í samþykktum skal enn fremur kveðið á um gerð fjárhagsáætlunar og ársreikninga samtakanna, starfssvið framkvæmdastjóra o. fl.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Landshlutasamtök sveitarfélaga skulu hafa sent ráðherra samþykktir sínar til staðfestingar fyrir árslok 1974.

Sveitarfélögum, sem ekki áttu beina aðild að landshlutasamtökum sveitarfélaga við gildistöku þessara laga, er heimilt að fela fulltrúa sýslunefndar, sbr. 2. mgr. 111. gr., umboð gagnvart landshlutasamtökunum til loka kjörtímabils sveitarstjórna 1978.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt að beiðni stjórnar Sambands íslenzkra sveitarfélaga, og fylgdi því svo hljóðandi greinargerð:

Forustumenn landshlutasamtaka sveitarfélaga hafa eindregið óskað þess, að Samband íslenzkra sveitarfélaga hlutaðist til um, að meðfylgjandi frumvarp fengist flutt og afgreitt á yfirstandandi þingi.

Landshlutasamtök sveitarfélaga hafa verið stofnuð og hafa starfað í nokkur ár í öllum landshlutum utan Reykjavíkur. Þykir þeim og Sambandi íslenzkra sveitarfélaga tími til kominn, að tilvera þeirra verði staðfest í lögum og að í sveitarstjórnarlögum séu ákvæði um þau.

Að formi til felur frv. í sér viðauka við sveitarstjórnarlögin, nr. 58 frá 29. marz 1961, en efnislega hefur frv. að geyma ákvæði um landshlutasamtök sveitarfélaga: hver þau séu, um aðild að þeim, um hlutverk þeirra, um kosningu á aðalfundi þeirra og um tekjur þeirra.

Ákvæði frv. hagga í engu ákvæðum gildandi laga um einstök sveitarfélög og sýslufélög.

Um 110. gr.

Í 1. mgr. þessarar gr. eru landshlutasamtökin talin upp. Umdæmi þeirra eru einstök kjördæmi nema á Norðurlandi, þar sem Fjórðungssamband Norðlendinga nær yfir bæði kjördæmin.

Reykjavíkurborg er utan við landshlutasamtökin, enda eina sveitarfélagið sem er sérstakt kjördæmi, en rétt þótti, að kveðið væri á um, að ákvæði frv. giltu um Reykjavíkurborg, eftir því sem við ætti. Sýnist þar einkum koma til greina ákvæði b-liðs 112. gr. frv. um áætlanagerð.

Um 111. gr.

Í 1. mgr. gr. felst, að öllum sveitarfélögum sé skylt að eiga aðild að landshlutasamtökum. Reyndar er það svo, að langflest sveitarfélög eru þegar orðin aðilar að samtökunum og í sumum umdæmum öll sveitarfélög. Samkvæmt lögum er öllum sveitarfélögum skylt að eiga aðild að sýslufélögum, og sýnist ekki síðri ástæða vera til, að sama regla gildi um aðild að landshlutasamtökunum.

Í 2. mgr. 111. gr. er ákvæði um heimild til að veita sýslufélögum aðild að landshlutasamtökunum. Rétt þótti að hafa slíka heimild í frv. til samræmis við gildandi ákvæði laga sumra landshlutasamtakanna, sbr. og 2. mgr. ákvæðis til bráðabirgða og 4. mgr. 113. gr. um kosningu fulltrúa sýslufélaga.

Um 112. gr.

Í gr. þessari eru hlutverk landshlutasamtakanna talin í fjórum stafliðum. Er það í samræmi við gildandi lög og samþykktir landshlutasamtakanna, sbr. og 10. gr. laga nr. 93/1971, um Framkvæmdastofnun ríkisins.

Um 113. gr.

Í þessari gr. eru ákvæði um, hvernig háttað skuli kosningu á fulltrúum sveitarfélaganna á aðalfundi landshlutasamtakanna, svo og á fulltrúum sýslufélaga, þar sem þau eiga aðild.

Í 3. mgr. gr. er einstökum sveitarfélögum heimilað að ákveða fulltrúafjölda með öðrum hætti en skv. aðalreglunni í 2. mgr., enda staðfesti ráðherra ákvæði í samþykktum þar um. Er þetta talið nauðsynlegt, til þess að unnt verði að taka tillit til breytilegra aðstæðna í landshlutunum.

Um 114. gr.

Í þessari gr. eru ákvæði um yfirstjórn samtakanna, stjórn þeirra og kosningu stjórnar. Vegna mismunandi aðstæðna í landshlutunum þykir ekki rétt að fastákveða fjölda stjórnarmanna. Gert er ráð fyrir, að hann verði ákveðinn í samþykktum einstakra landshlutasamtaka.

Um 115. gr.

Grein þessi þarfnast ekki skýringa.

Um 116. gr.

Þar eð í frv. felast aðeins meginákvæði um landshlutasamtök sveitarfélaga, er í þessari grein ákvæði um, að einstök landshlutasamtök setji sér samþykktir (lög), þar sem nánar verði kveðið á um skipulag og stjórn hverra landshlutasamtaka. Enn fremur verði í samþykktum kveðið á um gerð fjárhagsáætlana og ársreikninga samtakanna, endurskoðun reikninga þeirra, starfssvið framkvæmdastjóra og önnur atriði, er þurfa þykir. Í greininni eru ákvæði um, að ráðherra staðfesti samþykktir hinna einstöku landshlutasamtaka til að tryggja, að þær séu í samræmi við lögin og að sem mest samræmi verði milli samþykkta einstakra landshlutasamtaka. Þá verði samþykktir birtar í Stjórnartíðindum.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Rétt þykir að setja landshlutasamtökunum frest til endurskoðunar samþykkta (laga) sinna til samræmis við ákvæði frv., ef að lögum verður, og þykir hann hæfilegur til ársloka 1974.

Í 111. gr. 1. mgr. er gert ráð fyrir skylduaðild einstakra sveitarfélaga að landshlutasamtökunum. Rétt þykir þó, sbr. 2. mgr. ákvæðis til bráðabirgða, að veita þeim sveitarfélögum, sem standa utan við landshlutasamtökin við gildistöku laga þessara, frest til aðildar, enda sé þeim þá heimilt að fela fulltrúa sýslunefndar, sbr. 2. mgr. 111. gr., að fara með umboð sitt á aðalfundum landshlutasamtakanna til loka kjörtímabils sveitarstjórna 1978, þ. e. til vors 1978.

Ed. 381. Breytingartillaga [113. mál]

við frv. til laga um heimild til að stofna fjölbrautaskóla.

Frá Steinþóri Gestssyni.

Við 6. gr. bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Nú gerir fræðsluráð tillögu um, að stofnað verði til starfsemi fjölbrautaskóla með sameiningu tveggja eða fleiri skóla í umdæmi þess, og er þá menntamálaráðuneytinu það heimilt, hafi samningar tekizt um það með eignaraðilum skólanna.

Nd. 382. Nefndarálit [154. mál]

um frv. til laga um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1970.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin leggur til, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 15. marz 1973.

Vilhjálmur Hjálmarsson, form., frsm. Matthías Bjarnason. Gylfi Þ. Gíslason.
Karvel Pálmason. Tómas Karlsson. Matthías Á. Mathiesen.
Karl G. Sigurbergsson.

Sþ. 383. Tillaga til þingsályktunar [199. mál]

um skipulag byggðamála og auknar ráðstafanir til hagkvæmrar byggðaþróunar.

Flm.: Lárus Jónsson, Matthías Bjarnason, Pálmi Jónsson, Sverrir Hermannsson, **Steinþór Gestsson, Jón Árnason, Oddur Ólafsson, Ellert B. Schram,** Pétur Sigurðsson.

Alþingi ályktar að gera auknar ráðstafanir til þess að vinna gegn óeðlilegri röskun byggðar í landinu og telur, að nauðsynlegt sé að marka nýja og ákveðnari heildarstefnu í byggðamálum í framhaldi af þeim aðgerðum, sem þegar hefur verið ráðizt í.

Alþingi telur, að þessu markmiði verði bezt náð með því að vinna þegar í stað að eftirfarandi:

1. Að lögum um Stjórnarráð Íslands verði breytt á þann veg, að eitt ráðuneyti annist yfirstjórn byggðamála, og sett löggjöf um skipulag þeirra.
2. Í þeirri löggjöf verði ráðuneytinu m. a. falin eftirgreind verkefni:
   a) að halda áfram könnun á félagslegum og efnahagslegum orsökum og afleiðingum áframhaldandi byggðaröskunar;
   b) að gera ríkisstjórn og Alþingi grein fyrir áhrifum þeirrar almennu stefnu í efnahagsmálum, sem uppi er hverju sinni, á þróun byggðar í landinu;
   c) að hafa yfirstjórn á áframhaldandi byggðaáætlunargerð í samráði við landshlutasamtök sveitarfélaga og aðra aðila og samræma stefnu stjórnvalda eðlilegum byggðamarkmiðum í atvinnumálum, menningarmálum, félags- og samgöngumálum.
3. Sett verði í samráði við sveitarstjórnarmenn lög um landshlutasamtök sveitarfélaga, sem kveði á um verkefni samtakanna í byggðamálum og tryggi rétt þeirra til áhrifa á þau í samráði við ríkisvaldið. Jafnframt verði hinum einstöku sveitarfélögum ætlaður stærri hlutur í skatttekjum hins opinbera og fleiri og afmarkaðri verkefni.
4. Sett verði lög og reglugerð um byggingu og rekstur þjónustumiðstöðva á vegum ríkisins og landshlutasamtaka sveitarfélaga og annarra aðila, þar sem deildir ríkisstofnana og skrifstofur landshlutasamtakanna geti starfað saman og samræmt starfsemi sína.
5. Lögum um Húsnæðismálastofnun ríkisins verði breytt þannig, að jöfnuður verði á fyrirgreiðslu milli byggðasvæða landsins og húsnæðismálin skipulögð þannig, að þau verði hvati til hagkvæmrar byggðaþróunar.

6. Lög um Byggðasjóð og aðra stofnlánasjóði verði endurskoðuð og breytt þannig, að Byggðasjóður veiti sérstaklega lán og aðra fyrirgreiðslu til fyrirtækja í þeim landshlutum, sem eiga við mestan byggðavanda að stríða, til viðbótar almennum stofnlánum annarra sjóða.
7. Tekjur Byggðasjóðs verði auknar og stefnt að því, að þær verði ekki lægri í heild en sem svarar 2% af árlegum tekjum ríkissjóðs.
8. Ráðuneytið kanni kosti þess að koma á samstarfi um vöruflutninga, innflutnings- og sölumál fyrirtækja á landsbyggðinni.
9. Ráðuneytið skal í samráði við landshlutasamtök sveitarfélaga og önnur stjórnvöld beita sér fyrir því að gera eftirfarandi ráðstafanir til eflingar úrvinnslu- og þjónustugreina á landsbyggðinni, jafnframt því sem unnið er að uppbyggingu hinna hefðbundnu atvinnuvega:
   a) að tekið verði fullt tillit til byggðaþróunar við gerð og framkvæmd iðnþróunaráætlunar, sem unnið hefur verið að;
   b) að skipulagi raforkuöflunar og dreifingu verði þannig hagað, að næg, örugg og ódýr orka verði til staðar í öllum landshlutum, m. a. til stóriðju og húsahitunar;
   c) að tekið sé tillit til efnahagslegs og félagslegs ávinnings þess fyrir þjóðarbúið í heild að velja stórfyrirtækjum stað á landsbyggðinni og stuðla að því, að slík fyrirtæki rísi þar, sem hagkvæmast er fyrir þjóðarheildina;
   d) að sett verði lög og reglur um byggingu og rekstur iðnaðarhúsnæðis til útleigu eða endursölu á landsbyggðinni;
   e) að hraðað verði ákvörðun um dreifingu opinberra stofnana og fyrirtækja um landið.

Greinargerð.

Mikilvæg þáttaskil eru nú í byggðamálum landsins. Á höfuðborgarsvæðinu býr nú rúmlega helmingur þjóðarinnar og um 60% á Reykjavíkur/Reykjanessvæðinu. Aldursskiptingu þjóðarinnar er jafnframt þann veg háttað, að miklu fleira og fjölmenntaðra ungt fólk mun koma til starfa og velja sér búsetu í landinu á þessum áratug en nokkru sinni fyrr. Þessar tímamótastaðreyndir hafa í för með sér vaxandi hættu á brottflutningi fólks af landsbyggðinni og jafnframt aðflutningum til höfuðborgarsvæðisins, einkum ef öll stórfyrirtæki rísa þar eða í grenndinni og meiri háttar opinberar framkvæmdir aðallega skornar niður á landsbyggðinni í því skyni að sporna við verðbólgu. Við þetta færi fólksfjöldi á höfuðborgarsvæðinu verulega fram úr helmingi þjóðarinnar á næstu árum. Afleiðingarnar yrðu augljóslega sívaxandi sjálfkrafa misþróun byggðar í landinu, þrátt fyrir félagslega og efnahagslega óhagkvæmni þeirrar framvindu mála, sem yrði illleysanlegur vandi, þegar fram í sækir.

Meginmarkmið okkar flutningsmanna framangreindrar tillögu til þingsályktunar er að vekja athygli þings og þjóðar á þessum miklu þáttaskilum, sem nú eru í byggðaþróun landsins, og hversu alvarlega horfir um eitt mikilvægasta félagslega og efnahagslega viðfangsefni þjóðarinnar allrar. Um leið viljum við leggja fyrir þingið beinar tillögur um endurskipulagningu byggðastarfsemi í landinu í heild og ráðstafanir, sem unnt væri að grípa til svo til fyrirvaralaust án undangenginna umfangsmikilla og tímafrekra athugana, vegna þess að veruleg þekking og reynsla er fyrir hendi um marga þætti málsins, og raunar eru margar þessar tillögur ekki nýjar af nálinni, eins og fram mun koma nánar síðar í þessari greinargerð.

Aðgerðir þessar felast að mikilvægu leyti í endurskoðun laga og setningu nýrra. Okkur þótti rétt að athuguðu máli að fara þá leið að setja fram í almennri þingsályktun heildarhugmyndir okkar um nauðsynlegar lagabreytingar og gera grein fyrir mikilvægi áframhaldandi heildarátaks í byggðamálunum, þannig að þingheimur gæti tjáð sig um hugmyndir okkar í samhengi, en að sjálfsögðu munum við freista þess að bera fram frumvörp um þessi efni síðar.

Tillögur okkar eiga sér sammerkt, að framkvæmd þeirra kæmi í eðlilegu framhaldi af þeim nýju vinnubrögðum og byggðastefnu, sem tekin var upp á síðasta áratug með gerð byggðaáætlana. Við þær aðstæður, sem þá ríktu, kreppti skórinn fyrst og fremst í samgöngu- og atvinnumálum í þeim landshlutum, þar sem byggðavandinn var mestur vegna brottflutnings fólks, þ. e. a. s. á Vestfjörðum, Norðurlandi og Austfjörðum. Því var brýnt að hefjast þar handa um skipulegar umbætur á þessum sviðum, og hefur verulega áunnizt, eins og kunnugt er. Við núverandi aðstæður er hins vegar brýn þörf á að hyggja að því, að byggðasjónarmið séu höfð í huga á miklu fleiri sviðum. Þar má m. a. benda á húsnæðismál og heilbrigðisþjónustu, jafnframt því sem sjálfsagt er að halda áfram gerð byggðaáætlana, sem hafin var á síðasta áratug. Við þetta eru tillögur okkar miðaðar, en að auki er lagt til, að bryddað verði á ýmsum nýjungum, sem reynsla er komin á í nágrannalöndunum, en þar hafa byggðamál verið mjög ofarlega á baugi á síðari árum við hlið umhverfis- og náttúruverndarmála og umfangsmikil lagasetning átt sér þar stað hin allra síðustu ár, m. a. í Noregi og Svíþjóð.

Skilgreining byggðavandans:

Byggðavandinn er eitt mikilvægasta félagslega og efnahagslega viðfangsefni þjóðarinnar. Hann felst ekki síður í aðflutningi fólks til höfuðborgarsvæðisins (átt er við Reykjavík, Hafnarfjörð, Kópavog, Seltjarnarnes, Mosfellshrepp, Garðahrepp og Bessastaðahrepp) og óhagkvæmri hraðstækkun þess en brottflutningi fólks af landsbyggðinni og beinni og hlutfallslegri fækkun fólks í heilum landshlutum.

Áframhaldandi byggðaröskun hefur í för með sér félagslega og efnahagslega verðmætafórn bæði á höfuðborgarsvæðinu og landsbyggðinni. Fólksfjöldi er nú orðinn svo mikill í höfuðborgarþéttbýlinu, að ótvírætt þarf að ráðast í kostnaðarsamar framkvæmdir til þess að leysa vanda áframhaldandi hraðstækkunar þess. Sem dæmi má nefna, að hraða þyrfti vegna aðflutninga dýrum framkvæmdum í samgöngukerfi og umhverfismálum svæðisins. Þar er m. a. um að ræða hliðstæðar framkvæmdir og hraðbrautargerð yfir Kópavogsháls, sem er fylgifiskur hinnar miklu þéttbýlismyndunar, sem þegar er orðin. Halda þarf áfram að gera hliðstæðar ráðstafanir, byggja brýr yfir umferðarhnúta, koma í veg fyrir mengun vegna frárennsla o. s. frv. Byggingarland á höfuðborgarsvæðinu verður hlutfallslega dýrara, þegar það dreifist yfir stærra svæði, og er auk heldur að verða mjög takmarkað.

Líkur benda því til, að það verði sífellt kostnaðarsamara í beinum peningum — þótt miðað sé við fast verðlag — að stækka Reykjavíkursvæðið og því þjóðhagslega óhagstætt að gera það umfram nauðsyn á næstu árum og áratugum. Á það er einnig að líta, að á Reykjavíkursvæðinu er þegar risin öflug höfuðborg, sem gegnir prýðilega því hlutverki að vera miðstöð þjóðlífsins.

Í þessu sambandi er skylt að geta þess, að hér er ekki um neitt einstakt fyrirbrigði að ræða um höfuðborgarsvæðið á Íslandi. Víðtækar umræður hafa farið fram um þetta efni erlendis, þ. e. a. s. hvenær reikna má með því, að þéttbýlismyndun fari að kosta sífellt meira á hvern viðbótaríbúa, eftir því sem viðkomandi borg stækkar. Evrópuráðið hefur m. a. haldið sérstaka ráðstefnu um þetta mál með þátttöku Íslendinga. Í íslenzku skýrslunni komu fram gild rök, sem benda í þá átt, sem fjallað er um hér að framan. Á hinn bóginn komst ráðstefnan ekki að neinni algildri niðurstöðu um, við hvaða mannfjöldastig óhagkvæmni frekari stækkunar færi að koma í ljós og aukast, þar sem aðstæður milli landa eru breytilegar og samanburður ákaflega flókinn. Flestir eru þó sammála um, að hér sé við vandamál að etja, sem of lítill gaumur hafi verið gefinn til þessa, einkum þegar tillit er tekið til mengunar og umhverfisvandamála þéttbýlismyndunarinnar, en um þau efni hafa m. a. birzt athyglisverðar greinar í tímariti Alþjóðabankans, Finance and Development.

Árið 1969 kom út skýrsla, sem unnin var af byggðaáætlanadeild Efnahagsstofnunarinnar. Skýrslan var gerð vegna Norðurlandsáætlunar og nefnist Mannfjölda-

þróun og almenn byggðastefna á Norðurlandi (Efnahagsstofnunin, ágúst 1969). Í skýrslunni eru settar fram niðurstöður af könnun á mannfjöldaþróun hinna ýmsu byggðasvæða á öllu landinu. Gerð er grein fyrir horfum í þessu efni til 1985 á ákveðnum forsendum. Hér er um að ræða að skilgreina umfang byggðavandans í mannfjöldatölum fram í tímann á traustustu fáanlegum forsendum. Meginniðurstaðan varð sú, að fjölgun á Reykjavíkur/Reykjanessvæðinu áratugina 1965-1985 var áætluð 62 300 manns, en á öllum öðrum byggðasvæðum landsins einungis 19 100 manns, og var þá gert ráð fyrir í forsendum spárinnar, að hlutfallslega jafnmargt fólk flyttist milli byggðasvæða og árin 1960-1965. Um þessa niðurstöðu segir orðrétt í skýrslunni: „Þessi þróun hefði í för með sér þær kröfur til atvinnuveganna á Reykjavíkur/Reykjanessvæðinu, að veita þyrfti þar 60% fleira starfsfólki vinnu árið 1985 en 1965, þ. e. 26 000 manns, ef allir aldursflokkar flyttust jafnt, auk verulegra þrýstingsáhrifa í húsnæðismálum og opinberum framkvæmdum. Hins vegar mundi atvinnumannaflinn einungis aukast um 8 000, eða 26%, á öðrum byggðasvæðum í landinu með tilheyrandi hægfara þróun þeirra að öðru leyti. Slík **þróun mundi síðan leiða til enn þá örari aukningar á Reykjavíkur/Revkjanessvæðinu eftir 1985 og meiri stöðnunar á öðrum byggðasvæðum.**“ (Sá kafli skýrslunnar, sem fjallar um þróun mannfjölda og atvinnumannafla á öllu landinu, fylgir hér sem fskj. I.)

Þessar niðurstöður merkja — hvað sem annars má segja um nákvæmni spárinnar, að búast má við því, að 75% fjölgunar þjóðarinnar setjist að á Reykjavíkur/Reykjanessvæðinu næstu áratugi, og þar með vaxandi misvægi fyrirsjáanlegt í lengri framtíð, miðað við, að svipaðir flutningar haldi áfram í landinu og voru til skamms tíma, **sé ekki gripið til nýrra úrræða til þess að hafa áhrif á byggðaþróunina.** Samkvæmt framansögðu um aukinn kostnað samfélagsins af hraðstækkun höfuðborgarsvæðisins er ljóst, hvað sem öðru líður, að hér er um alvarlega og dýra framvindu að ræða fyrir þjóðarheildina.

Um áhrif brottflutningsins af byggðasvæðum úti um land er ekki ástæða til að fjölyrða, þar sem sá þáttur er tíðræddari hér á landi og auðvelt að koma auga á þá vannýtingu mannvirkja og auðlinda þjóðarinnar, sem hann hefur í för með sér. Ástæða er þó til að undirstrika, að heildarmannfjöldaþróun í viðkomandi landshluta skiptir höfuðmáli, og því er rétt að stuðla sérstaklega að vexti þeirra staða, sem bezt eru fallnir til vaxtar, jafnframt því sem önnur byggðarlög eru studd eftir mætti. Ástæðan fyrir því, að mestu máli skiptir, að fólki fjölgi eðlilega á hverju byggðasvæði í heild, er sú, að uppbygging mikilvægra málaflokka er miðuð að verulegu leyti við fólksfjölda á stórum svæðum. Þar má til nefna heilbrigðis- og skólamál, samgöngumál o. fl.

Byggðavandinn er þannig í eðli sínu margbrotinn. Þar er um margvíslega vitahringsverkun að ræða, en í stórum dráttum er hann tvíefldur. Hann veldur þjóðfélaginu kostnaði bæði á höfuðborgarsvæðinu og á landsbyggðinni. Lausn hans færir því þjóðarbúinu tvíefldan félagslegan og efnahagslegan ávinning í stað þess kostnaðar, sem í er lagt til þess að stuðla að jafnri byggðaþróun. Í raun réttri ber að líta á slíkan kostnað sem arðbæra fjárfestingu, sem kemur í veg fyrir stórfelldan og illleysanlegan vanda í framtíðinni, ef rétt er á haldið.

Þáttaskil byggðaþróunarinnar:

Eins og áður er að vikið, eru nú mikilvæg þáttaskil í byggðaþróun landsins. Á höfuðborgarsvæðinu býr nú þegar rúmlega helmingur þjóðarinnar. Áframhaldandi aðflutningar nú til höfuðborgarsvæðisins hefðu í för með sér sívaxandi, sjálfkrafa misþróun höfuðborgarsvæðis og annarra landshluta. Aldursskiptingu þjóðarinnar er þann veg háttað, að miklu fleira og fjölmenntaðra ungt fólk velur sér búsetu og starf á þessum áratug en nokkru sinni fyrr. Um 40 000 Íslendingar verða tvítugir á áratugnum 1971-'80. (Sjá nánar fylgiskjal II). Vitað er, að hlutfallslega fleiri úr þessum hópi hafa sérmenntun eða afla sér hennar. Þetta hefur það í för með sér m. a.,

að aukinn fjöldi ungs fólks mun velja sér starf í úrvinnslu- og þjónustugreinum og velja sér búsetu í félagslega þróuðu umhverfi. Til viðbótar þessu er á að líta eftirfarandi atriði, sem hafa í för með sér stóraukna hættu á vaxandi byggðaröskun:

a) Atvinnuvegir utan Reykjavíkur/Reykjanessvæðis eru einhæfir, og horfur eru á mikilli áframhaldandi framleiðniaukningu í landbúnaði og sjávarútvegi, þannig að framleiðsla þeirra hefðbundnu bjargræðisvega landsbyggðarinnar mun aukast verulega án viðbótarvinnuafls að marki.
b) Á landsbyggðinni er jafnan við sérstæð húsnæðisvandamál að etja. Fólk flytur þangað ógjarnan, ef það þarf að hefja búsetu með því að koma upp yfir sig húsnæði. Aftur á móti kaupa ýmsir úr strjálbýlinu íbúðir á Reykjavíkursvæðinu, jafnvel löngu áður en þeir flytjast þangað.
c) Mismunur á aðstöðu til heilbrigðisþjónustu, menntunar, menningarlífs og samgangna er augljós milli höfuðborgarsvæðisins og landsbyggðarinnar.
d) Rík tilhneiging er til að velja stórfyrirtækjum og opinberum stjórnsýslustofnunum stað á höfuðborgarsvæðinu.
e) Hætt er við, að stjórnvöld grípi til niðurskurðar á framkvæmdum á landsbyggðinni í þeirri viðleitni að hamla gegn verðbólgu, þótt þensluáhrif framkvæmda á Suðvesturlandi ráði úrslitum um þann þátt verðbólguvandans og niðurskurður framkvæmda á landsbyggðinni geti beinlínis haft öfug áhrif.

Framangreindar staðreyndir sýna glögglega, hver hætta er á ferðum í byggðaþróun landsins, einkum þegar það er haft í huga, að á höfuðborgarsvæðinu býr nú rúmlega helmingur þjóðarinnar og áframhaldandi byggðaröskun hefur í för með sér, að einungis eðlileg fjölgun þar veldur því, að fólksfjöldi þar fer í síauknum mæli fram úr öllum öðrum byggðum landsins. Veruleg hætta er af þessum sökum á því, að verði ekki gripið myndarlega í taumana nú, færist byggðavandinn inn á óviðráðanlegar brautir næstu ár með þeim óhagkvæmu efnahagslegu og félagslegu afleiðingum, sem hér hafa verið raktar að framan.

Athugasemdir við einstakar tillögugreinar.

1. Ráðuneyti byggðamála.

Lausn byggðavandans í landinu er mjög sérstætt og margbrotið verkefni, sem grípur inn í flest svið þjóðlífsins. Ef hægt á að vera að móta heillega byggðastefnu og framkvæma hana, er því augljóst, að haga þarf skipun stjórnsýslu hins opinbera þannig, að til sé aðili, sem hefur öll byggðamál á sinni könnu. Að öðrum kosti er hætt við, að samræmd byggðasjónarmið gleymist, t. d. í hinni eilífu glímu við verðbólgudrauginn. Í mörgum nágrannalandanna eru viðamiklar stofnanir, sem starfa að byggðamálum, auk þess sem löggjöf á þessu sviði er miklum mun lengra á veg komið en hér á landi. Margar stofnanir fara með þessi mál í sumum löndunum, og er það verkefni ráðuneyta að samræma störf þeirra, þegar svo er ástatt. Sem dæmi um stærð þessara stofnana má nefna, að um 200 manna stofnun vinnur að byggðamálum í Norður-Skotlandi fyrir Hálöndin og eyjarnar, en þar búa um 280 000 manns.

Vegna allra aðstæðna, sem hér eru heima fyrir, er þó rétt að sníða sér stakk eftir vexti í stjórn byggðamálanna, þrátt fyrir félagslegt og efnahagslegt mikilvægi málsins. Því er hér lagt til, að í lögum um Stjórnarráð Íslands verði kveðið á um, að sérstakt ráðuneyti annist yfirstjórn byggðamálanna og þau verkefni, sem um getur í 2. tölulið tillögunnar.

Á sínum tíma var starfandi svonefnd byggðaáætlanadeild í Efnahagsstofnuninni. Skv. núgildandi lögum um Framkvæmdastofnun ríkisins starfar þar engin slík deild, og horfið var að því ráði, að stjórn þeirrar stofnunar annaðist Byggðasjóð. Því er við núverandi aðstæður enginn aðili í stjórnkerfinu, sem hefur það verkefni að hafa heildaryfirsýn yfir alla þætti byggðamálanna og yfirstjórn þeirra.

Engin heildarlöggjöf er til hér á landi um byggðamál, eins og í nágrannalöndunum. Á nauðsyn þess að setja slíka löggjöf er m. a. bent í skýrslu Efnahagsstofnunarinnar (ágúst 1969) um atvinnumál á Norðurlandi. Þar er m. a. bent á, að í þá löggjöf ætti að setja ákvæði um gerð byggðaáætlana, tengsl landshlutasamtaka sveitarfélaga við þá áætlunargerð, skiptingu landsins í byggðasvæði og hlutverk Atvinnujöfnunarsjóðs (nú Byggðasjóðs) í fjármögnun þessara áætlana og samræmingu þeirra við aðrar efnahagsáætlanir. Að auki virðist einsætt, að sett séu fram almenn markmið í byggðamálum í þessari löggjöf og hvernig vinna ætti að þeim, a. m. k. hvernig skipulagi stjórnsýslunnar skuli háttað til þess að ná settum markmiðum.

2. Meginverkefni ráðuneytis byggðamála.

Í öðrum tölulið tillagnanna kemur skýrt fram, hver skuli vera meginverkefni byggðaráðuneytis, og er það raunar ljóst af þeim, hversu rík nauðsyn er á, að til sé sérstakur aðili í stjórnkerfinu, sem eigi að annast þessi verkefni, ef taka á byggðamálin raunhæfum tökum. Flest þessi verkefni eru þess eðlis, að þau verða alls ekki unnin í eitt skipti fyrir öll af nefnd, heldur verður að koma til frambúðaraðili, sem endurmetur sífellt allar aðstæður á sviði byggðamálanna og gerir tillögur um ráðstafanir til lausnar vandans.

Lagt er til, að meðal meginverkefna ráðuneytisins sé að halda áfram könnun á félagslegum og efnahagslegum afleiðingum áframhaldandi byggðaröskunar. Verulegt starf var unnið á þessu sviði við gerð þeirra byggðaáætlana, sem áður er minnzt á, einkum Norðurlandsáætlunar, en við gerð hennar fór fram heildarmat á horfum um mannfjöldaþróun á öllu landinu miðað við ríkjandi aðstæður, eins og áður er gerð grein fyrir. Þessa athugun þarf m. a. að endurskoða í ljósi nýrra aðstæðna hverju sinni. Með því fæst fram á traustustu tiltækum forsendum umfang byggðavandans í mannfjöldatölum, sem búast má við í nánustu framtíð. Hér er um að ræða ákaflega mikilvæga viðmiðun fyrir stjórnvöld, þegar þau móta byggðastefnu sína og ákveða, hversu miklu þau vilja kosta til að leysa byggðavandann. Frekari rannsóknir þurfa auðvitað að fara fram á orsökum og afleiðingum byggðaröskunar í landinu, en hér er bent á þetta sem dæmi um þýðingarmikinn þátt, sem þarf sífellt að vera í endurskoðun hjá ákveðnum aðila.

Eitt mikilvægasta verkefni ráðuneytisins er að samræma almenna efnahagsstefnu þeim markmiðum í byggðamálum, sem stefnt er að. Eins og kunnugt er, hefur verið við að glíma sífelldan verðbólguvanda hér á landi síðustu áratugi. Stundum hafa úrræði til þess að draga úr verðbólguhættu algjörlega stangazt á við þau markmið, sem stjórnvöld hafa í byggðamálum, a. m. k. í orði kveðnu. Þetta hefur m. a. verið mjög áberandi við fjárlagaafgreiðslu og stjórn ríkisfjármála s. l. tvö ár, en beitt hefur verið beinum og óbeinum niðurskurði á opinberum framkvæmdum þessi ár, sem bitnað hefur með miklum þunga á byggðarlögum, sem eiga við byggðavanda að etja. Slík úrræði geta þvert á móti haft aukin verðbólguáhrif, auk þess sem þau ganga þvert á eðlileg byggðamarkmið. (Sjá nánar þar sem rætt er um húsnæðismál, tölugr. 5.)

Á síðustu árum hafa menn víða erlendis rætt í vaxandi mæli um það fyrirbrigði, að verðbólga á oft upptök sín á ákveðnum stöðum eða byggðasvæðum í viðkomandi löndum, og þaðan síast svo þrýstingsáhrifin út um allt hagkerfi þjóðarinnar. Á þessu hafa ekki farið fram, svo að okkur flm. sé kunnugt, hlutlægar athuganir hér á landi, en vitað er, að margvísleg verðbólgueinkenni eru meira áberandi á höfuðborgarsvæðinu en víðast annars staðar á landinu. Því er niðurskurður á opinberum framkvæmdum á veikustu byggðasvæðum landsins fráleit aðgerð gegn verðbólgu. Eitt þýðingarmesta verkefni byggðaráðuneytis er að kanna þessa hlið málsins og láta Alþingi og öðrum stjórnvöldum í té upplýsingar, sem geta orðið grundvöllur raunsærri almennrar efnahagsstefnu, um leið og byggðamarkmið eru höfð í huga.

Síðar er rætt um samræmingu almennrar stefnu í húsnæðismálum eðlilegum markmiðum í byggðamálum. Þörfin á þessu í heilbrigðis-, samgöngu- og skólamálum er svo augljós, að óþarft er að fjölyrða nánar um þau efni hér.

3. Hlutverk landshlutasamtaka sveitarfélaga.

Í 3. tölulið tillagnanna er bent á, að setja þurfi löggjöf um landshlutasamtök sveitarfélaga. Þótt fyrrgreind heildarlöggjöf um byggðamál verði sett, þarf að ákvarða margvísleg fleiri efni um landshlutasamtök sveitarfélaga en hlutverk þeirra í byggðaþróunarstarfi. Á hinn bóginn þarf að vinna allt slíkt byggðaþróunarstarf í nánu samráði við heimamenn. Þess vegna er nauðsyn, að skýr ákvæði séu um hlutverk samtakanna á því sviði, annaðhvort í lögum um þau sjálf eða í heildarlöggjöf um byggðamál.

Eins og kunnugt er, hafa sveitarfélögin vegna eigin frumkvæðis stofnað með sér samtök í öllum landsfjórðungum. Löggjafinn hefur enn ekki markað þessum samtökum ákveðin verkefni í stjórnsýslukerfi landsins, hvorki í byggðamálum né á öðrum sviðum. Hér er um brýnt verkefni að ræða, sem hraða þarf, en vinna verður í nánu samstarfi við samtökin sjálf og Samband ísl. sveitarfélaga. Jafnframt þessu þarf að hraða ákvörðunum um verkefnaskiptingu ríkis og sveitarfélaga, og er óþarft að fjölyrða um þann lið þessarar tillögugreinar.

4. Þjónustumiðstöðvar á landsbyggðinni.

Í tillögugrein nr. 4 er sett fram sú hugmynd, að komið verði á fót stjórnsýslumiðstöðvum á landsbyggðinni, þar sem ýmsar deildir ríkiskerfisins, t. d. frá vegagerð, menntamálum, hafnamálum, heilbrigðismálum o. fl., starfi saman í sama húsnæði og í samstarfi við landshlutasamtök sveitarfélaga svo og aðra aðila, sem þær kunna að óska. Rétt er að benda á, að hér yrði fyrst og fremst um að ræða hagræðingu, því að gert er ráð fyrir, að ýmsir þessir aðilar hafi starfsemi víðs vegar um landið. Spurningin er því nánast sú að hverfa frá því, að þessir aðilar starfi óskipulega í dreifðu húsnæði, en þeim þess í stað valinn staður undir einu þaki. Kostnaður ætti því ekki að vera verulegur fram yfir það, sem hlytist hvort sem er. Ávinningur af þessu fyrirkomulagi er á hinn bóginn augljós. Þannig væri auðvelt að koma á skipulegu samstarfi þessara aðila og samtaka sveitarfélaga og skoðanaskiptum um úrlausn ýmissa framfaramála viðkomandi landshluta. Þá yrði augljóslega miklu auðveldara fyrir allan almenning að afla sér upplýsinga í slíkum miðstöðvum og fá þá fyrirgreiðslu, sem þessir aðilar eiga að láta í té, sem er ákaflega þýðingarmikill kostur.

Eðlilegast sýnist að koma þessu í kring með löggjöf, sem þyrfti að undirbúa af hinu opinbera í samvinnu við landshlutasamtökin.

5. Húsnæðismál.

Við þær aðstæður, sem nú ríkja í þjóðfélaginu, þegar góðæri er og næg atvinna, eru húsnæðismálin að öllum líkindum sá Þrándur í Götu jafnrar byggðaþróunar, sem einna mestu skiptir. Fólk á landsbyggðinni heldur áfram að festa kaup á íbúðarhúsnæði á höfuðborgarsvæðinu, jafnvel löngu áður en það ætlar að flytjast þangað. Ástæðan er sú, að reynslan sýnir, að þar hækkar húsnæði meira í verði en annars staðar á landinu. Kaup íbúðarhúsnæðis á höfuðborgarsvæðinu eru þannig talin örugg og ábatasöm fjárfesting, líkt og hlutabréf traustra fyrirtækja erlendis. Þetta hvetur fólk hvarvetna á landinu til íbúðakaupa á höfuðborgarsvæðinu og eykur tilhneigingu til flutninga þangað. Þessi „aukaeftirspurn“ eftir húsnæði frá fólki á landsbyggðinni hefur auðvitað áhrif til verðhækkunar húsnæðis á höfuðborgarsvæðinu. Hér er því um vítahring að ræða, sem er þjóðfélaginu óhagkvæmur og

kyndir sjálfkrafa undir verðbólgu. Í þessu sambandi er rétt að undirstrika, að niðurskurður á opinberum framlögum til verklegra framkvæmda á landsbyggðinni getur einmitt leitt til vonleysis um framtíð viðkomandi staða og meiri eftirspurnar fólks af landsbyggðinni eftir íbúðarhúsnæði á Reykjavíkursvæðinu og þannig þrýst á verð þar til hækkunar og auknar opinberar framkvæmdir. Því ætti að vera ljóst, að slík aðferð til þess að hamla gegn verðbólgu getur leitt til hins gagnstæða, jafnframt því sem byggðaröskun eykst við slíkar aðgerðir.

Hyggist fólk á hinn bóginn flytjast frá höfuðborgarsvæðinu til annarra staða á landinu, er hið öfuga uppi á teningnum. Komi það sér sjálft upp húsnæði, getur það gengið að því vísu, að verð þess hækkar minna en sambærilegrar íbúðar á höfuðborgarsvæðinu, og vilji það flytjast aftur til höfuðborgarsvæðisins, verður það að láta sér nægja minna húsnæði eða leggja fram verulegt fé til kaupa á sams konar íbúð og það bjó í á landsbyggðinni. Í sumum tilvikum getur húsnæðið auk heldur verið illseljanlegt, jafnvel fyrir mjög lágt verð. Leiguhúsnæði er víða nær ófáanlegt utan höfuðborgarsvæðisins, þannig að ljóst er, að fólk, sem gjarnan vildi flytjast, a. m. k. um stundarsakir til reynslu, á landsbyggðina, stendur frammi fyrir illleysanlegum vanda. Ríkjandi aðstæður í húsnæðismálum hvetja því verulega til flutninga fólks til höfuðborgarsvæðisins, en draga úr eða hindra með öllu möguleika á gagnstæðum flutningum út á land.

Við þessar almennu neikvæðu aðstæður í húsnæðismálum fyrir eðlilega byggðaþróun bætist, að ýmis skilyrði fyrir lánveitingum Húsnæðismálastofnunar ríkisins eru mjög óhagstæð húsbyggjendum á sumum byggðasvæðum landsins, og jafnframt, að eini staðurinn á landinu, þar sem íbúðarhúsnæði er byggt í stórum stíl með opinberu framtaki og fáanlegt með mjög hagstæðum kjörum, er einmitt á höfuðborgarsvæðinu. Ljóst er því, að brýn þörf er á að endurskoða hina almennu stefnu í húsnæðismálum og samræma hana betur byggðasjónarmiðum, ef byggðastefna á ekki að vera orðin tóm. Í því sambandi mætti benda á, hversu íbúðabyggingar eru misjafnar milli kjördæma. Þetta kemur m. a. fram í lánveitingum til húsbygginga frá Húsnæðismálastofnun ríkisins og Stofnlánadeild landbúnaðarins. Skv. upplýsingum, sem við flm. höfum aflað um þessi efni, eru lán á hvern íbúa í Vestfjarðakjördæmi nærri þrisvar sinnum lægri en í Reykjavík og á Reykjanesi. Önnur byggðasvæði, sem búa við mikinn byggðavanda vegna brottflutnings fólks, hafa einnig fengið tiltölulega lítið í sinn hlut. (Sjá nánar fskj. III.)

Til greina kemur m. a. að kanna eftirgreindar leiðir til þess að samræma stefnuna í húsnæðismálum æskilegum markmiðum byggðaþróunar:

1) Sett verði ákvæði í lög, sem auðveldi húsbyggjendum á landsbyggðinni að fá lán og fyrirgreiðslu frá Húsnæðismálastofnun ríkisins.
2) Reglugerð um eindaga á lánsgögnum verði breytt þannig, að tryggt sé, að húsbyggjendur á landsbyggðinni eigi ekki örðugra vegna staðhátta að fullnægja þeim skilyrðum, sem hverju sinni eru sett.
3) Kerfi verkamannabústaða verði endurskoðað með það í huga að auðvelda þær byggingar á landsbyggðinni.
4) Kannað verði, hvort til greina komi, að sveitarfélög eða byggingarfélög á landsbyggðinni, sem byggja ákveðinn fjölda íbúða á ári og selja gegn lágri útborgun og skuldbinda sig til endurkaupa innan ákveðins árafjölda með byggingarvísitöluálagi á framlag eiganda, fái sérstaka fyrirgreiðslu frá Húsnæðismálastofnuninni.
5) Sett verði ákvæði um sérstaka fyrirgreiðslu til handa aðila á landsbyggðinni, sem byggja vilja húsnæði til útleigu.

6. Byggðasjóður.

Með tillögugrein nr. 6 er átt við, að Byggðasjóður veiti ekki almenn stofnlán, svo sem nú hefur tíðkazt, einkanlega til skipa, en aðrir stofnlánasjóðir annist slíka

starfsemi, og jafnframt er átt við, að sérreglur þurfi að gilda um lánveitingar til þeirra byggðasvæða, sem standa höllustum fæti, en þar er um að ræða Vestfirði, Norðurland og Austurland. Á öðrum svæðum landsins getur að sjálfsögðu verið um byggðavanda að ræða, og verður þá auðvitað að taka tillit til þess við breytingu laganna, og einnig verður útlánastefna sjóðsins að miðast við það. Markmið Byggðasjóðs er að stuðla að eðlilegri þróun byggðar í landinu með því að lána til atvinnufyrirtækja og fjármagna byggðaáætlanir. Það liggur í augum uppi, að það er utan verkahrings slíks sjóðs að annast almenn stofnlán á landsvísu, sem veitt eru án byggðaþróunarmarkmiða. Jafnaugljóst er, að sjóðurinn gegnir bezt hlutverki sínu, sé honum skýrt mörkuð sú starfsregla að sinna sérstaklega þeim landshlutum, sem eiga við mestan byggðavanda að etja.

Í þessu sambandi er rétt að benda á, að koma þyrfti á stórauknu samstarfi fjárfestingarlánasjóða í landinu, þ. á m. Byggðasjóðs. Þetta samstarf ætti að ná til útlánastefnu sjóðanna, en ekki sízt til ýmiss konar upplýsingaþjónustu og fyrirgreiðslu vegna afgreiðslu lána o. s. frv. Einnig kæmi mjög til greina, að sjóðirnir aðstoðuðu fyrirtæki, sem standa höllum fæti, með að útvega sér aðstoð við bókhald og stjórnun fyrirtækjanna, en þeim þáttum er oft á tíðum ábótavant, ekki sízt á landsbyggðinni. Um afgreiðslu lána ættu stofnlánasjóðirnir að hafa samstarf við banka og sparisjóði á landsbyggðinni, en að því er varðar aðstoð við bókhald og stjórnun, kæmi mjög til álita, að Byggðasjóður hefði samstarf við landshlutasamtökin.

7. Fjáröflun til Byggðasjóðs.

Í tillögugreininni er lagt til, að fjáröflun til Byggðasjóðs verði aukin verulega eða því sem næst um helming. Um þörfina er ónauðsynlegt að fjölyrða. Fjárveitingar til sjóðsins úr ríkissjóði voru nýlega hækkaðar töluvert, en mikill hluti ráðstöfunarfjármagns sjóðsins hefur verið bundinn í stofnlánum til fiskiskipa, sem mörg hver eru veitt án allra byggðasjónarmiða, þannig að raunveruleg geta sjóðsins til þess að sinna sérstöku hlutverki sínu er allt of lítil, nema til komi efling hans.

8. Samstarf fyrirtækja á landsbyggðinni.

Í tillögugreininni er lagt til, að komið verði á samstarfi fyrirtækja á landsbyggðinni í flutningamálum, innflutnings- og sölumálum. Rétt er að leggja áherzlu á, að slíkt verður auðvitað að gera í nánu samráði við viðkomandi aðila, t. d. með aðstoð landshlutasamtaka sveitarfélaga. Að því er varðar flutningamálin vísast til sérstakrar þingsályktunartillögu, sem Matthías Bjarnason og fleiri flytja.

Að því er varðar sölu- og markaðsmál fyrirtækja á landsbyggðinni, er átt við, að ráðuneytið kanni kosti þess, að Útflutningsmiðstöð iðnaðarins og Sölustofnun lagmetisiðnaðarins annist sérstakar markaðsathuganir fyrir starfandi fyrirtæki á landsbyggðinni og sér í lagi fyrirtæki, sem þar er í athugun að koma á fót. Jafnframt er átt við, að ráðuneytið kanni, hvort tiltækt sé að koma á samstarfi fyrirtækja á landsbyggðinni um sölustarf á innanlandsmarkaði, og þá höfð í huga starfræksla söluskrifstofu í Reykjavík.

Hér er um mál að ræða, sem er meiri þröskuldur í vegi eðlilegrar uppbyggingar atvinnulífs í hinum ýmsu landshlutum en flesta grunar. Þekking á sölumálum og raunar almennri stjórnun fyrirtækja er víða bágborin, og af augljósum ástæðum er skortur á slíkri þekkingu meiri á landsbyggðinni en höfuðborgarsvæðinu. Hér er um alþjóðlegt fyrirbrigði að ræða, sem finna verður lausn á, ef takast á að efla atvinnulíf úti um land. Um þetta segir svo í skýrslu Efnahagsstofnunarinnar vegna Norðurlandsáætlunar (Atvinnumál á Norðurlandi, ágúst 1969): „Þekking á atvinnurekstri, bæði að því er varðar stjórnun og tæknilega uppbyggingu, er grundvallarskilyrði fyrir því, að aukið framtak leiði til varanlegs vaxtar í atvinnulífinu. Í 53 tilvikum af 65, þar sem fyrirtæki urðu gjaldþrota, sem Byggðasjóður Noregs (Distriktenes

utbyggingsfond) hafði lánað til, var meginástæðan talin vera „vöntun á stjórnunar- og fagþekkingu og skortur á viðskiptahæfileikum". Í ritgerð, sem nýlega var gerð um hliðstæð efni hér á landi (Herbert Haraldsson viðskfr., Frjáls verzlun, 4. tbl. 1968), kemur fram hliðstæð niðurstaða og þess einnig getið þar, að um 90% af gjaldþrotum í Bandarikjunum stafi af þessum ástæðum.

Enn fremur segir í framangreindri skýrslu Efnahagsstofnunarinnar: „Það er reynsla erlendra þjóða, að nauðsynlega þekkingu skorti einmitt mest á atvinnurekstri á þeim byggðasvæðum, sem búa við einhæft atvinnulíf og brottflutning fólks. Þess gætir að sjálfsögðu einnig hér á landi. Einnig er miklu örðugra fyrir atvinnurekendur að fá nauðsynlega þjónustu af margvíslegu tagi úti um land heldur en í höfuðborginni og næsta nágrenni hennar. Má þar til nefna bókhaldsaðstoð, ráðleggingar um hagræðingu, gerð rekstraráætlana, auglýsingar, markaðsathuganir o. s. frv. Þetta er þeim mun bagalegra, þar sem heimaframtakið skiptir mestu máli úti um land og reynsla í uppbyggingu og rekstri flyzt því síður að með stofnun fyrirtækjanna sjálfra. Örvun framtaks til atvinnurekstrar án beinna ráðstafana til leiðbeininga um stjórnun og rekstur heilbrigðrar atvinnustarfsemi getur því hæglega leitt til ófarnaðar og beinnar sóunar á fjármagni án nokkurs árangurs til atvinnuauka."

9. Almenn atvinnumálastefna.

Þótt margvíslegar félagslegar aðstæður séu mikilvægar orsakir byggðaröskunar, má ekki gleyma því, að sú þróun atvinnulífsins, sem felst í því, að frumframleiðslugreinar taka sífellt til sín minna hlutfall mannaflans vegna framleiðniaukningar og tækniframfara, en úrvinnslu- og þjónustugreinar veita nú bróðurparti atvinnufólks vinnu, hefur afgerandi áhrif á þróun byggðarinnar. Til glöggvunar á því, hvað hér hafa orðið stórkostlegar breytingar, má minna á, hvernig atvinnuskiptingin var árið 1910 annars vegar og 1970 hins vegar:

	1910 %	1970 %
Frumframleiðsla	63.0	18.8
Úrvinnsla	16.6	45.8
Þjónustugreinar	20.4	35.4

Þegar haft er í huga, að höfuðatvinnuvegir strjálbýlisins eru frumframleiðsla, landbúnaður og fiskveiðar, svo og úrvinnsla, sem tengd er þessum hefðbundnu bjargræðisvegum, er ljóst, að hvetja verður með tiltækum ráðum til sérstaks vaxtar almenns iðnaðar og þjónustugreina á landsbyggðinni, ef ná á þeim markmiðum um byggðaþróun, sem hagkvæmust eru þjóðinni. Þetta er þeim mun þýðingarmeira, ef þess er gætt, hversu margt sérmenntað fólk mun leita sér atvinnu á þessum áratug. (Fleiri Íslendingar með fjölþættari menntun verða tvítugir á þessum áratug en nokkru sinni fyrr, eða 40 000 manns, sbr. kaflann hér að framan, þar sem rætt er um þáttaskilin í byggðaþróun landsins.)

Í tillögugrein 9 er bent á nokkrar ráðstafanir til eflingar þessara þátta atvinnulífs á landsbyggðinni (stafliðir a til d), og skal hér gerð nánari grein fyrir þessum tillögum:

a) **Iðnþróunaráætlun.**

Nauðsyn þess að taka tillit til byggðaþróunar við gerð þeirrar iðnþróunaráætlunar, sem nú er unnið að, er svo augljós, að hér er óþarft að fjölyrða um það nánar, sbr. einnig um mikilvægi staðarvals stórfyrirtækja í staflið c.

b) **Raforkuvinnsla og dreifing.**

Tillögugreinin þarfnast ekki rökstuðnings. Rétt er þó að undirstrika, að næg örugg og ódýr orka er forsenda fyrir staðarvali sumra stórfyrirtækja á landsbyggðinni, sbr. hin miklu áhrif á byggðaþróun, sem slíkt veldur (stafliður c).

c) **Staðarval stórfyrirtækja.**

Fæsta grunar, hversu mikil áhrif staðarval stórfyrirtækja getur haft á byggðaþróun. Hér á landi hafa einungis farið fram lauslegar athuganir á þessum þætti byggðamálanna, en erlendis hafa farið fram slíkar rannsóknir, sem hafa almennt gildi og við gætum m. a. lært af. Sem dæmi má nefna, að farið hafa fram raunrannsóknir á því í Noregi, hver heildaráhrif það hefur á mismunandi stór byggðarlög, ef stórfyrirtæki er þar valinn staður. Niðurstaða þessara athugana er birt í skýrslu Byggðasjóðs Noregs, Ringvirkinger af ny storindustri, Paul Olav Berg, Oslo 1965.

Í þessu sambandi er rétt að vekja athygli á tvennu, sem þessi skýrsla leiddi í ljós. Í fyrsta lagi var þar sýnt fram á, að staðarval stórfyrirtækis, sem sýndist hagkvæmt séð eingöngu frá sjónarhóli rekstrar þess sjálfs, gæti verið óhagkvæmt frá bæjardyrum þjóðarheildarinnar. Hér er að sjálfsögðu átt við, að taka þurfi byggðasjónarmið í víðum skilningi með í reikninginn, ef meta á hagkvæmasta staðarval fyrirtækis fyrir þjóðarbúskapinn í heild. Í annan stað er sýnt fram á í skýrslunni, að því öflugra byggðarlag sem fyrir er, þar sem viðkomandi fyrirtæki er valinn staður, þeim mun meiri verða heildaráhrif af staðarvalinu á vöxt byggðarlagsins og viðgang. Orðrétt segir: „Fyrirtæki með 1000 manna starfsliði, sem valinn er staður í 20 000 manna byggð, hefur í för með sér meiri vöxt þjónustu og iðnaðar til neyzlu innan byggðarlagsins heldur en vera mundi, ef fyrirtækinu væri valinn staður í 5000 manna byggðarlagi“ ... Þá segir í skýrslunni, að þessi niðurstaða hafi almennt gildi, í hvaða landshluta eða landi sem er.

Eins og áður segir, hafa farið fram lauslegar athuganir á því hér á landi, hversu mikil áhrif staðarval stórfyrirtækja gæti haft á byggðaþróun. Þetta er m. a. gert í skýrslu Atvinnumálanefndar Norðurlands, sem fylgdi erindi nefndarinnar um könnun á skilyrðum og þörf orkufrekrar stóriðju á Norðurlandi (júlí 1969), og einnig í skýrslu nefndar, sem skipuð var af fyrrv. iðnaðarráðherra og Swiss Aluminium um athugun á hugsanlegri álbræðslu á Norðurlandi (Project Study, Reykjavík Zurich Marz 1972). Hér verður skýrt í örstuttu máli frá því, hver meginniðurstaða framangreindra skýrslna var, að því er varðar áhrif staðarvals stórfyrirtækis á íslenzka byggðaþróun.

Gengið er út frá þeim forsendum, að fyrir dyrum stæði að velja stórfyrirtæki stað á landinu, sem hefði í þjónustu sinni 400 manna starfslið. Við hagstæðustu skilyrði, sem eru augljóslega við Eyjafjörð, sem er fjölmennasta byggðarlag utan Reykjavíkursvæðisins, mætti búast við, að þær tekjur, sem streymdu inn í byggðina vegna fyrirtækisins, beindust að nokkru leyti að iðnaði og þjónustu innan hennar, og því mætti búast við um 600 manna viðbótarstarfsliði, m. a. vegna þeirrar eftirspurnar í öðrum fyrirtækjum í byggðarlaginu og næsta nágrenni þess. Þetta hefði í för með sér, að 1000 ný atvinnutækifæri hefðu skapazt í byggðarlaginu, þegar öll áhrif staðarvalsins væru komin fram. Samkvæmt því gæti íbúafjölgun numið 3000—4000 manns, þegar reiknað er með meðalfjölskyldustærð. Ef þessu fyrirtæki yrði á hinn bóginn valinn staður á höfuðborgarsvæðinu, yki það aðdráttarafl þess fram yfir það, sem áður var. Þennan þátt er örðugra að áætla í mannfjöldatölum, en mjög varlega áætlað gæti þetta haft í för með sér, að 1000—2000 manns flyttust af allri landsbyggðinni til höfuðborgarsvæðisins. Niðurstaðan er því sú, að búast megi við, að staðarval stórfyrirtækis, sem hefði framangreindan fjölda starfsfólks, **gæti valdið búsetuvali allt að 6000 manns í landinu.** Hér er um mjög háa tölu að ræða hlutfallslega, sbr. mat Norðurlandsáætlunar á byggðavandanum í mannfjöldatölum, sem áður er vikið að (sjá fskj. I). Á það skal bent, að auðvitað yrðu áhrif staðarvals slíks fyrirtækis veruleg, þótt því yrði valinn staður annars staðar á landsbyggðinni, þar sem skilyrði eru hagstæð, þótt áhrifin á byggða-

þróun séu mest í framangreindu dæmi vegna þeirra lögmála, sem Paul Olav Berg bendir á í skýrslu sinni.

Það gefur auga leið, að búsetuval svo margra — og þótt færri væru — hefur augljóslega mikil efnahagsleg og félagsleg áhrif fyrir þjóðarbúið í heild. **Þessi áhrif þarf að meta, þegar slíku fyrirtæki er valinn staður.** Á þetta er lögð áherzla í framangreindri skýrslu norska Byggðasjóðsins og jafnframt, að annars **geti staðarvalið verið rangt frá sjónarhóli þjóðarheildarinnar,** þótt það sé hagkvæmt fyrir viðkomandi fyrirtæki. Hér skal bent í örstuttu máli á nokkur þessara félagslegu og efnahagslegu áhrifa, sem meta þarf við staðarval stórfyrirtækja hér á landi:

Á höfuðborgarsvæðinu ykist þrýstingur á opinberar framkvæmdir, t. d. í samgöngumálum, umhverfismálum svo og húsbyggingum og á fleiri sviðum. Verkefnum á borð við hraðbrautargerð yfir Kópavogsháls mundi fjölga verulega vegna þess þéttbýlisstigs, sem höfuðborgarsvæðið hefur þegar náð. Þessi hraðstækkun þéttbýlisins er þjóðfélaginu dýr og félagslega óhagkvæm, enda algjörlega óþörf við núverandi aðstæður, sbr. athgr. fyrr í þessari greinargerð.

Á landsbyggðinni hefði myndun vaxtarsvæðis eða svæða eftirfarandi áhrif: Þjónusta við allt atvinnulíf yrði fjölþættari og betri, nýting auðlinda og mannvirkja hagkvæmari, félagsleg þjónusta og skilyrði til menntunar mundu batna o. s. frv. Með bættum samgöngum við nágrannahéruð hefði þetta veruleg velferðaráhrif þar einnig, auk beinna hagvaxtaráhrifa. Slíkum árangri yrði ekki náð á höfuðborgarsvæðinu, þar sem þjónusta er þar eins fjölþætt fyrir og unnt er að búast við.

Það skal skýrt tekið fram, að framangreindar niðurstöður um bein mannfjöldaþróunaráhrif af staðarvali stórfyrirtækis hér á landi eru byggðar á reynslu frá Noregi, en ekki nema að litlu leyti á innlendum rannsóknum. Við frekari athugun gæti því komið í ljós, að þær væru ekki nákvæmar. En hitt má ljóst vera, að þær mættu vera meira en lítið ónákvæmar, til þess að þeim sé ekki gefandi gaumur. Því er brýn nauðsyn á að halda áfram slíkum athugunum og framkvæma innlendar rannsóknir í þessu efni, eftir því sem kostur er. Hafa verður ríkt í huga í þessu sambandi, að menn freistast til þess að einblína á þann aukakostnað, sem viðkomandi fyrirtæki hefði af staðarvali á landsbyggðinni, af þeim einföldu ástæðum, að auðveldara er að telja hann fram í krónum og aurum en þjóðfélagslegan ávinning. Þessi ávinningur er ekki ósvipaður því að meta gildi menntunar til verðs. Hér verður því að meira eða minna leyti að taka pólitískar ákvarðanir, en þær geta stuðzt við frekari hlutlægar rannsóknir en til þessa hafa verið framkvæmdar hér á landi. Því verður ekki lögð of rík áherzla á að gera slíkar rannsóknir og einnig að ákvarðanir í þessum efnum þarf að taka frá byggðapólitískum sjónarhóli. Í því sambandi er rétt að hafa í huga, að komist menn að þeirri niðurstöðu, að tiltölulega lítill hluti af auknингu fólks í opinberri þjónustu taki sér búsetu á landsbyggðinni vegna erfiðleika á því að koma þar á fót eða flytja þangað opinberar stofnanir, þá þarf þjóðfélagið að gera eitthvað til mótvægis, t. d. velja stórfyrirtækjum stað á landsbyggðinni, þótt það kosti **í byrjun** verulegt fjármagn, svo fremi sem menn meina eitthvað með byggðastefnutali.

Ónauðsynlegt er að ræða hér margvíslegar leiðir, sem ríkisvaldið hefur yfir að ráða hverju sinni, sem valdið geta úrslitum um staðarval stórfyrirtækja. Þar má t. d. minna á skattaívilnanir o. fl. Ríkisvaldið hefur því í hendi sér að fá fram það staðarval, sem bezt er bæði fyrir fyrirtækið og þjóðarheildina.

d) **Iðnaðarhúsnæði (Industrial Estates, Industrivekstanlegg).**

Á Bretlandseyjum hefur um áratugaskeið verið byggt með opinberu framtaki staðlað iðnaðarhúsnæði til útleigu fyrir iðnrekendur, Industrial Estates. Til þess hafa verið valdir staðir, sem iðnaðarráðuneytið (Board of Trade) eða

skozka byggðastofnunin (Highlands and Islands Development Board) hafa valið til þess að efla sem iðnaðarkjarna. Víða er um að ræða heil hverfi, sem byggð eru og fjármögnuð af hinu opinbera, en leigð fjölmörgum iðnrekendum. Mörg sveitarfélög byggja iðnaðarhúsnæði í minni stíl þar í landi, sem nefnd eru „Advance Factories", þ. e. a. s. fyrirframgerðar verksmiðjur, en þær eru byggðar án þess, að leigjendur séu fyrir hendi, en eru þá til taks til að bjóða iðnrekendum, sem taka skyndiákvörðun um flutninga, t. d. frá London.

Norðmenn hafa kynnt sér rækilega þetta kerfi Breta, og liggja fyrir ítarlegar skýrslur um það, sem skýra frá mjög jákvæðri afstöðu þeirra, enda ákváðu þeir að taka þetta mál upp hjá sér til áhrifa á byggðaþróun. Þeir stofnuðu ríkishlutafélag, A/S Statens industrivekstanlegg (skammstafað SIVA), en það hefur það hlutverk að byggja staðlað iðnaðarhúsnæði til útleigu í Noregi. Þegar er hafin bygging á fimm stöðum, sem sérstaklega eru valdir með tilliti til æskilegrar iðnþróunar. Í Noregi er um algjörlega sjálfstætt ríkishlutafélag að ræða eins og í Bretlandi, en þessir aðilar vinna í nánu samstarfi við aðra, sem hafa byggðamál á sinni könnu, t. d. vinnur SIVA með Distriktenes utbyggingsfond, sem raunar lánar oft þeim iðnrekendum til vélakaupa, sem reka fyrirtæki sín í umræddu iðnleiguhúsnæði.

Í skýrslu Norðurlandsáætlunar, Atvinnumál á Norðurlandi (Efnahagsstofnunin, ágúst 1969), var lagt til, að hafin yrði hér á landi bygging iðnaðarhúsnæðis til útleigu eða endursölu á landsbyggðinni til reynslu. Gert var ráð fyrir því í skýrslunni, að Atvinnujöfnunarsjóður beitti sér fyrir samstarfi við þau sveitarfélög, sem teldu þessa leið athyglisverða til eflingar atvinnulífs á viðkomandi stað. Þar sem hugmyndin er fyrst og fremst sú, að um framleiðsluiðnað (manufacturing) sé að ræða, sem hefur meginmarkað sinn utan viðkomandi byggðarlags, en slíkur atvinnurekstur hefur mest óbein áhrif á vöxt viðkomandi staðar, þá var horfið að því ráði að byrja á slíkum byggingum á Akureyri. Teknar voru upp viðræður milli Atvinnujöfnunarsjóðs og Atvinnumálanefndar Akureyrar í umboði bæjarstjórnar. Viðræður þessar náðu því stigi, að Atvinnumálanefnd Akureyrar gerði tillögur um, hvernig standa ætti að þessum framkvæmdum. Tillögur þessar voru að meginefni þannig:

a) Myndað skyldi hlutafélag, sem væri öllum opið, en með þátttöku Atvinnujöfnunarsjóðs og bæjarsjóðs.
b) Hlutafé yrði 10% byggingarkostnaðar.
c) Gefa skyldi væntanlegum iðnrekendum kost á að festa kaup á þeim fermetrafjölda húsnæðis, sem hver og einn teldi sig þurfa, með 10% útborgun af byggingarkostnaði.
d) 80% byggingarkostnaðar yrði fjármagnað með sérstökum lánum úr Atvinnujöfnunarsjóði, sem miðist við, að greiðslubyrði á ári yrði hófleg, einkum fyrstu árin.

Hér er um ólík form að ræða á framkvæmd sömu hugmyndarinnar og á sér stað í Noregi og Bretlandi. En af frekari framkvæmdum hefur ekki orðið og málið legið óbætt hjá garði sínum síðan nokkru fyrir stjórnarskipti.

Meginkostur hugmyndanna um byggingu slíks iðnaðarhúsnæðis eru, að með þeim hætti getur hið opinbera með markvissum hætti haft áhrif á eflingu iðnaðar á fyrirframákveðnum stöðum. Einnig er um ávinning að ræða fyrir viðkomandi iðnrekendur, sem oftast eru hver og einn með tiltölulega lítil fyrirtæki. Með þessu fyrirkomulagi geta þeir komið við margháttaðri samvinnu, t. d. um bókhald, skrifstofuaðstöðu o. s. frv. Þá er ólíkt hagstæðara að koma slíkum byggingum fyrir í myndarlegum hverfum heldur en smærri húsum eða skúrum, sem oft vill verða, að tekin séu undir smáfyrirtæki. Til frekari glöggvunar á hugmyndinni um byggingu iðnaðarhúsnæðis á landsbyggðinni eru birtar í fskj. IV tillögur og greinargerð úr skýrslunni Atvinnumál á Norðurlandi. Þar er hug-

takið nefnt „iðngarðar“. Hér er horfið að því ráði að nota almenna orðið **iðnaðarhúsnæði** til aðgreiningar frá Iðngörðum í Reykjavík, en þeir eru af augljósum ástæðum ekki byggðir með hliðsjón af byggðaþróun.

e) **Staðarval ríkisstofnana.**

Alkunna er, að ríkisstofnunum fjölgar afar ört og fjölgun starfsfólks hjá hverri stofnun þaðan af meir. Liggur í augum uppi, að fjölgun þessa mannafla á einum stað í landinu að mestu leyti hefur djúpstæð áhrif á byggðaþróun landsins, ef ekkert er að gert. Allur þessi mannafli er á launum hjá skattgreiðendum í öllu landinu, hvar sem þeir búa. Íbúar landsbyggðarinnar standa því að hluta undir umfangsmiklum atvinnurekstri á höfuðborgarsvæðinu. Á það er einnig að líta, að tekjur þessara ríkisstarfsmanna beinast að kaupum á vörum og margvíslegri þjónustu á höfuðborgarsvæðinu, og því eru ríkisstofnanir á Reykjavíkursvæðinu miklu þýðingarmeiri þáttur í eflingu atvinnulífsins þar og aukinni fjölbreytni þess en menn gætu ætlað án nánari athugunar. Samkvæmt almennum lögmálum um margfeldiáhrif tekna er ekki ólíklegt, að ný 50 manna ríkisstofnun í Reykjavík hafi í för með sér 100-150 starfsmanna aukningu, varlega áætlað, í öðrum atvinnugreinum vegna þeirrar eftirspurnar, sem tekjur ríkisstarfsmannanna skapa. Slík ríkisstofnun stendur því beint og óbeint undir tekjuöflun 150-200 starfsmanna eða 700-800 manns að meðtöldum fjölskyldum. Þótt þetta töludæmi sé að sjálfsögðu ekki nákvæmt, sýnir það ljóslega, hver lögmál eru hér að verki og á hvern hátt útþensla ríkisbáknsins í Reykjavík flytur bæði atgervi og fjármagn frá landsbyggðinni til höfuðborgarsvæðisins.

Því er á hinn bóginn ekki að neita, að ýmsir örðugleikar eru á flutningi ýmissa ríkisstofnana frá höfuðborginni. Einkum gildir þetta um þær stofnanir, sem þurfa að hafa náið samstarf við aðrar í daglegum rekstri. Eins og kunnugt er, starfar nú stjórnskipuð nefnd að tillögugerð um staðarval ríkisstofnana á landsbyggðinni. Hún mun að sjálfsögðu gera grein fyrir ávinningi og örðugleikum við slíkt staðarval, jafnframt því sem hún leggur tillögur sínar fram. Hér er því ekki ástæða til að fjölyrða um þetta atriði. Leggja verður þó áherzlu á, að nefndin hraði störfum og leggi fram tillögur sínar. Komist hún að þeirri niðurstöðu, að erfiðleikar séu á stórátaki í þessu efni, þá undirstrikar það, sem hér hefur verið sagt að framan um eðli útþenslu miðstjórnarstofnana ríkisins, að grípa verður til annarra mótvægisaðgerða, svo sem staðarvals stóriðjufyrirtækja, ef ekki á verulega að halla á landsbyggðina af þessum ástæðum.

Nágrannaþjóðir okkar hafa nýlega ákveðið að gera stórátök í því að flytja ríkisstofnanir frá höfuðborgum sínum. Rétt er að vekja athygli þingheims og þjóðarinnar á aðgerðum Svía og Norðmanna í þessu efni. Í Svíþjóð hefur þingið þegar samþykkt að flytja 51 stofnun með samtals 11 350 manna starfsliði frá Stokkhólmi í tveimur áföngum fyrir 1980. Meginregla laganna varðandi starfsfólk er sú, að starfsliðið er skuldbundið til þess að flytjast með viðkomandi stofnun, en fær margháttuð fríðindi vegna flutninganna og getur í undantekningartilvikum fengið hliðstæð störf í Stokkhólmi áfram, ef sérstaklega stendur á. Meðalkostnaður vegna flutnings er áætlaður 130 000 sænskar kr. á hvern starfsmann, og árlegur rekstrarkostnaður er áætlaður hækka um 5000 sænskar kr. á ársgrundvelli.

Í Noregi hefur nefnd nýlega skilað áliti um stofnanaflutning. Hún lagði til, að 20 stofnanir yrðu fluttar frá Osló. Á Stórþinginu 1966-'67 voru afgreidd lög um flutning 10 ríkisstofnana, og hefur það nú skipað fastanefnd, sem á að velja ríkisstofnunum stað. Að tillögu hennar hafa 3 stofnanir í viðbót verið fluttar frá Osló.

Til frekari glöggvunar fer hér á eftir skrá yfir nokkrar stofnanir, sem ætlunin er að flytja frá Stokkhólmi skv. framangreindum lögum fyrir 1980: Konunglega tæknistofnunin, Stjórnsýslu- og félagsmálaskólinn, Bókavarða-

skóli, Skógræktarskólinn, Raunvísindastofnun byggingariðnaðarins, Fasteignamatsstofnun ríkisins, Veðurstofan, Flugmálastjórn, hluti Hagstofunnar, embætti búnaðarmála- og skógræktarstjóra, hluti Tryggingastofnunar ríkisins, Siglingamálastofnunin, Jarðfræðistofnunin, Bifreiðaskráningarstofnunin, Löggildingastofnunin, Landmælingastofnunin o. m. fl.

Skrá yfir fylgiskjöl:

I. Horfur um mannfjöldaþróun og atvinnuskiptingu til 1985. (Úr skýrslu Efnahagsstofnunarinnar: Mannfjöldaþróun og almenn byggðastefna á Norðurlandi, ágúst 1969.)
II. Mannaflinn í árslok 1969-1985 (aldursskipting). Efnahagsstofnunin.
III. Lánveitingar og framlög til íbúðarhúsabygginga árin 1971 og 1972. (Skipting lána Stofnlánadeildar landbúnaðarins og Húsnæðismálastofnunar ríkisins á íbúa í hverju kjördæmi.)
IV. Iðngarðar. (Úr skýrslu Efnahagsstofnunarinnar: Atvinnumál á Norðurlandi, ágúst 1969.)
V. Mannfjöldinn á einstökum byggðasvæðum frá 1. 12. 1960 til 1. 12. 1970. (Úr greinargerð um atvinnumál á Reykjanesi, Hagfræðideild Reykjavíkurborgar, des. 1971.)
VI. Skipting mannfjölgunar á landinu 1966-1970. (Sama heimild.)
VII. Atvinnuskipting á Reykjavíkur/Reykjanessvæðinu og landsbyggðinni 1963, 1967 og 1968. (Sama heimild.)

Fylgiskjal I.

HORFUR UM MANNFJÖLDAÞRÓUN OG ATVINNUSKIPTINGU TIL 1985.

(Úr skýrslu Efnahagsstofnunarinnar: Mannfjöldaþróun og almenn byggðastefna á Norðurlandi, ágúst 1969.)

1. Horfur um þróun mannfjölda og atvinnumannafla á öllu landinu til 1985.

Á næstu tveimur áratugum má gera ráð fyrir, að þjóðinni fjölgi hlutfallslega hægar en verið hefur um skeið. Ástæðan fyrir þessu er, að frjósemi hefur farið hlutfallslega lækkandi, þannig að færri börn fæðast á 1000 konur í hverjum aldursflokki en verið hefur. Búizt er við, að þessi þróun haldi áfram. Á hinn bóginn mun þjóðinni að sjálfsögðu fjölga mun meira í beinum mannfjöldatölum heldur en tvo síðustu áratugina. Samkvæmt áætlun Efnahagsstofnunarinnar má gera ráð fyrir, að fjölgunin milli markáranna 1965 og 1985 verði 81 400 manns, eða 42%. Á tveimur næstu áratugum á undan (1945—1965) varð fjölgunin hins vegar 63 400, eða 48.6%. Þótt fjölgunin verði því hlutfallslega hægari næstu tvo áratugina, er gert ráð fyrir 18 000 einstaklinga aukningu fram yfir fjölgun árabilsins 1945—1965.

Atvinnumannaflinn mun vaxa um nálægt 34 000 manns tímabilið 1965—1985, eða um 45%, samanborið við nálægt 22 000 1945—1965, eða 40%. Þátttaka mannaflans í hinum ýmsu atvinnugreinum — atvinnuskiptingin — mun einnig breytast bæði beint og hlutfallslega. Koma þar til þau þróunarlögmál, sem valdið hafa breytingum á atvinnuskiptingunni undanfarna áratugi. Búast má við, að um það bil 19 000 manns þurfi að fá atvinnu í úrvinnslugreinum og 15 500 í þjónustugreinum á tímabilinu 1965—1985, ef gert er ráð fyrir, að fólki fækki lítilsháttar í frumframleiðslu, eins og líkur benda til, og enn fremur, að skipting milli úrvinnslu- og þjónustugreina breytist á hliðstæðan hátt og reynslan hefur orðið í þeim löndum Vestur-Evrópu, sem bjuggu við svipaða atvinnuskiptingu fyrir nokkrum árum og nú er hér á landi. Samtals þurfa úrvinnslu- og þjónustugreinar að veita nálægt 34 500 manns vinnu 1985 í viðbót við það, sem þær gerðu 1965, eða 57% fleira fólki. Þessar

horfur um þróun mannfjölda og atvinnumannafla, og þá ekki síður fyrirsjáanlegar breytingar atvinnuskiptingar, hafa að sjálfsögðu grundvallarþýðingu fyrir mótun atvinnumálastefnu, hvort sem er fyrir landið í heild eða fyrir einstök byggðasvæði.

Hér fer á eftir yfirlit um fjölgunarhorfur og skiptingu atvinnumannafla milli markáranna 1965 og 1985. Byggist það á athugun, sem Efnahagsstofnunin hefur unnið.

	Atvinnumannafli í landinu		Aukning 1965—1985	
	Mannafli 1965 (1)	Mannafli 1985 (2)	Mannafla-aukning (2—1)	% aukning (3)
1. Frumframleiðsla .	14 500	14 000	÷ 500	÷ 3.4%
2. Úrvinnsla	36 850	55 850	+ 19 000	+ 51.6%
3. Þjónusta	23 650	39 150	+ 15 500	+ 65.5%
Samtals	75 000	109 000	34 000	+ 45.0%

	Hlutfallsleg skipting atvinnumannafla í landinu Þróunarhorfur		
	% 1965 (1)	% 1985 (2)	Frávik (2—1)
1. Frumframleiðsla	19.3	12.9	÷ 6.4
2. Úrvinnsla	49.2	51.3	+ 2.1
3. Þjónusta	31.5	35.9	+ 4.4
	100.0	100.0	0

2. Skipting landsins í byggðasvæði.

Ekki er unnt að gera áætlanir um þróun mannfjölda í tilteknum landshluta án þess að taka tillit til, hver áhrif sú þróun hefur í öðrum landshlutum. Enda þótt þessi skýrsla fjalli um Norðurland, hefur því sá kostur verið valinn að gera áætlun um mannfjöldaþróun í öllum landshlutum. Í þessu skyni hefur landinu verið skipt í 6 byggðasvæði. Með byggðasvæði er þá átt við landshluta, þar sem íbúarnir sækja, eða gætu sótt, verulegan hluta sérhæfðrar þjónustu til eins meginþjónustukjarna innan svæðisins. Hvert byggðasvæði getur síðan skipzt í tvær eða fleiri byggðir.

Áðurnefnd byggðasvæði ná yfir eftirtalin sveitarfélög og sýslur:

a. Reykjavíkur- og Reykjanessvæði: Reykjavík, Hafnarfjörður, Keflavík, Gullbringu- og Kjósarsýsla.
b. Vesturlandssvæði: Mýra- og Borgarfjarðarsýslur, Akranes, Snæfellsnes-, Dala- og Austur-Barðastrandarsýslur.
c. Vestfjarðasvæði: Vestur-Barðastrandarsýsla, Ísafjörður og Ísafjarðarsýslur.
d. Norðurlandssvæði: Stranda-, Húnavatns-, Skagafjarðar- og Eyjafjarðarsýslur, Akureyri, Sauðárkrókur, Siglufjörður, Ólafsfjörður, Húsavík og Þingeyjarsýslur ásamt Skeggjastaða- og Vopnafjarðarhreppum í N.-Múlasýslu.
e. Austurlandssvæði: Seyðisfjörður, Neskaupstaður, Norður-Múlasýsla, fyrir utan Skeggjastaða- og Vopnafjarðarhreppa, Suður-Múlasýsla og Austur-Skaftafellssýsla.
f. Suðurlandssvæði: Vestur-Skaftafellssýsla, Vestmannaeyjar, Rangárvalla- og Árnessýslur.

3. Áhrif fólksflutninga á þróun mannfjölda og atvinnumannafla byggðasvæða 1965—1985.

Mjög örðugt er að segja um það, hver áhrif fólksflutningar milli byggðasvæða muni hafa á mannfjöldaþróun hvers svæðis næstu tvo áratugina. Þetta er meðal

annars komið undir almennri efnahagsþróun landsins og breytingum árferðis, auk þess sem gera verður ráð fyrir, að sú stefna, sem fylgt er í byggðamálum, og framkvæmd hennar geti hér valdið nokkru um.

Til þess að glöggva sig betur á því, hver þróunin gæti orðið í þessum efnum, verða hér á eftir settar fram tvær hugmyndir um þróun fólksflutninga milli byggðasvæða. Fyrri hugmyndin (I) gerir ráð fyrir því, að flutningar þróist með sama hætti og þeir gerðu á árunum 1960—1965. Þetta felur það í sér, að fólki mundi fjölga mun minna á öllum byggðasvæðum utan Reykjavíkur- og Reykjanessvæðisins en verða mundi, ef engir fólksflutningar ættu sér stað. Á Vesturlandi mundi fjölgunin verða 10% minni en án fólksflutninga, 30% minni á Austurlandssvæði og Suðurlandi, 55% minni á Norðurlandssvæði, en 95% minni á Vestfjarðasvæðinu. Síðari hugmyndin (II) fæli aftur á móti í sér, að mjög drægi úr fólksflutningum til Reykjavíkur- og Reykjanessvæðisins, þannig að þessir flutningar jafngiltu einungis 10% þeirrar fjölgunar, sem átt hefði sér stað á hverju svæði án fólksflutninga. Þetta hefði mikil áhrif á mannfjöldaþróun allra byggðasvæðanna nema Vesturlands, þar sem fólksflutningar þaðan voru hvort eð er ekki meiri en þetta árin 1960—1965.

Fjölgun á Reykjavíkur- og Reykjanessvæðinu frá 1965—1985 yrði 62 300 manns samkvæmt hugmynd I. Á öllum öðrum byggðasvæðum yrði fjölgunin 19 100. Á Reykjavíkur- og Reykjanessvæðinu mundi þannig fjölga um rúmlega 3 fyrir hvern 1 annars staðar á landinu. Til samanburðar má geta þess, að síðustu tuttugu ár (1945—1965) fjölgaði um 53 500 manns á þessu svæði. Fjölgunin næstu tvo áratugi í höfuðborginni sjálfri og næsta nágrenni hennar yrði þó sennilega hærri en ofangreindar tölur gefa til kynna vegna tiltölulega hægari fjölgunar í Keflavík og nágrenni en áður. Samkvæmt þessu mætti gera ráð fyrir nálega 10 000 manna meiri beinni fjölgun í höfuðborginni og næsta nágrenni hennar en á s. l. 20 árum. Þetta svarar til þess, að bær á borð við Kópavog byggðist við höfuðborgina umfram þá beinu fjölgun, sem varð milli áranna 1945 og 1965.

Þessi þróun hefði í för með sér þær kröfur til atvinnuveganna á Reykjavíkur- og Reykjanessvæðinu, að veita þyrfti þar 60% fleira starfsfólki vinnu árið 1985 en 1965, þ. e. 26 000 manns, ef allir aldursflokkar flyttust jafnt, auk verulegra þrýstingsáhrifa í húsnæðismálum og opinberum framkvæmdum. Hins vegar mundi atvinnumannaflinn einungis aukast um 8 000, eða 26%, á öðrum byggðasvæðum í landinu með tilheyrandi hægfara þróun þeirra að öðru leyti. Slík þróun mundi síðan leiða til enn þá örari aukningar á Reykjavíkur- og Reykjanessvæðinu eftir 1985 og enn meiri stöðnunar á öðrum byggðasvæðum.

Niðurstaðan, sem lýst var hér að framan, fékkst með því að miða við flutningsþróun áranna 1960—1965. Væri hins vegar miðað við reynslu áratugsins 1950—1960, þegar fólksflutningar voru enn örari, mundi fólksfjölgun í höfuðborginni og næsta nágrenni verða nálægt 18 000 manns fram yfir þá beinu aukningu, sem varð á árunum 1945—1965, í stað 10 000 manns samkvæmt hugmynd I.

Myndin verður allt önnur, ef gengið er út frá þeim forsendum, að einungis 10% af eðlilegri fjölgun á hverju byggðasvæði flytjist til Reykjavíkur- og Reykjanessvæðisins (hugmynd II). Fjölgunin þar yrði þá 51 200 manns, en 30 200 manns á öðrum byggðasvæðum. Aukning atvinnumannaflans mundi, miðað við sömu forsendur, skiptast þannig, að hún yrði 21 400 í Reykjavík og á Reykjanesi, sem jafngildir 49% aukningu þar, og 12 600 á öðrum byggðasvæðum, sem er nálægt 41% aukning. Þessar forsendur hefðu m. ö. o. í för með sér svipaða mannfjöldaþróun í beinum mannfjöldatölum á Reykjavíkur- og Reykjanessvæðinu og verið hefur síðustu tuttugu ár, en miklu örari vöxt annarra byggðasvæða en áður, bæði hlutfallslega og í beinum mannfjölda.

Þessar forsendur hafa það í för með sér, að 11 100 manns yrðu áfram búsettir á byggðasvæðum utan Reykjavíkur og Reykjaness, sem annars flyttust þangað frá þessum svæðum. Flestir yrðu eftir á fjölmennasta svæðinu, Norðurlandi, eða 5 900 manns. Þar næst yrðu flestir á Vestfjarðasvæðinu, 3 000, en þaðan hafa flutn-

ingar verið hlutfallslega örastir áður. Á Austurlandi og Suðurlandi hafa þessar breyttu forsendur minni áhrif, vegna þess að flutningar þaðan hafa áður verið minni, og engin áhrif á Vesturlandi, þaðan sem flutningar voru mjög litlir árin 1960—1965.

Hér fer á eftir nánara yfirlit um áðurnefndar tvær hugmyndir um mannfjöldaþróunina. Hugmynd I er, eins og áður segir, byggð á flutningsreynslu áranna 1960—1965 og hugmynd II á þeirri forsendu, að brott frá byggðasvæðunum utan Reykjavíkur og Reykjaness flytjist ekki meira en 10% af aukningu fólksfjölgunar.

Fólksfjölgun byggðasvæðanna 1965—1985.

Hugmynd I

	Áætluð fjölgun án flutn.	Áhrif flutn. % af aukn.	Flutn. fjöldi	Fjölgun eftir áhrif flutn.	Mannfj. 1985 eftir áhrif flutn.
1. Reykjavík og Reykjanes .	47 852	+ 31%	+ 14 490	62 342	173 129
2. Vesturland	5 858	÷ 10%	÷ 585	5 273	18 821
3. Vestfirðir	3 542	÷ 95%	÷ 3 365	177	8 635
4. Norðurland	13 143	÷ 55%	÷ 7 229	5 914	39 868
5. Austurland	4 056	÷ 30%	÷ 1 217	2 839	12 905
6. Suðurland	6 979	÷ 30%	÷ 2 094	4 885	21 996
	81 430	–	0	81 430	275 354


Hugmynd II

						Frávik í fjölgun II—I
1. Reykjavík og Reykjanes .	47 852	+ 7%	+ 3 558	51 209	161 996	÷ 11 133
2. Vesturland	5 858	÷ 10%	÷ 585	5 273	18 821	0
3. Vestfirðir	3 542	÷ 10%	÷ 354	3 188	11 646	+ 3 011
4. Norðurland	13 143	÷ 10%	÷ 1 314	11 829	45 783	+ 5 915
5. Austurland	4 056	÷ 10%	÷ 406	3 650	13 716	+ 811
6. Suðurland	6 979	÷ 10%	÷ 698	6 281	23 392	+ 1 396
	81 430	–	0	81 430	275 354	0

Þróun atvinnumannaflans milli byggðasvæða 1965—1985 eftir hugmynd I og II um fólksfjölgunina verður sú, sem fram kemur í eftirfarandi yfirliti. Skipting 1965 er áætluð hliðstæð skiptingu vinnuvikna það ár.

Þróun atvinnumannaflans 1965—1985 eftir svæðum.

	Mannafli 1965 (1)	Aukn. skv. hugm. I (2)	Mannafli skv. hugm. I 1985 (3)	Aukn. skv. hugm. II (4)	Mannafli skv. hugm. II 1985 (5)	Frávik aukn. eftir I og II (4÷2)
Reykjavík og Reykjanes	44 500	25 600	70 100	20 800	65 300	÷ 4 800
Vesturland	4 900	2 400	7 300	2 400	7 300	0
Vestfirðir	3 000	50	3 050	1 350	4 350	+ 1 300
Norðurland	11 800	3 000	14 800	5 400	17 200	+ 2 400
Austurland	3 900	1 250	5 150	1 550	5 450	+ 300
Suðurland	6 900	1 700	8 600	2 500	9 400	+ 800
	75 000	34 000	109 000	34 000	109 000	0


MANNFJÖLDAÞRÓUNIN FRÁ 1945-1985
Á REYKJANESI ANNARS VEGAR OG
ÖÐRUM BYGGÐASVÆÐUM HINS VEGAR.
300
250
200
150
100
REYNSLA
ÁÆTLUN 1965-1985.
HUGMYNDIR I og II
I.
II.
REYKJANESSVÆÐIÐ
RVÍK
II
ÖNNUR BYGGÐASVÆÐI
I.
1945
50
55
60
65
70
75
80
1985

Fylgiskjal II.

Mannaflinn í árslok 1969—1985.

	Fjöldi á starfsaldri					Atvinnufólk						
Karlar:	15—19	20—24	25—49	50—69	Alls 15—69	15—19 60%	20—24 90%	25—49 97%	50—69 95%	Karlar 15—69	Konur 15—69	Alls karlar og konur 15—69
1969	10 293	8 835	29 372	15 036	63 536	6 176	7 952	28 491	14 284	56 903	22 590	79 493
1970	10 523	9 110	30 000	15 306	64 939	6 314	8 199	29 100	14 541	58 154	23 128	81 282
1971	10 753	9 385	30 628	15 578	66 344	6 452	8 446	29 709	14 799	59 407	23 667	83 074
1972	10 983	9 660	31 256	15 849	67 748	6 590	8 694	30 318	15 056	60 658	24 206	84 864
1973	11 213	9 935	31 884	16 120	69 152	6 728	8 941	30 927	15 314	61 911	24 745	86 656
1974	11 444	10 210	32 509	16 400	70 563	6 866	9 189	31 534	15 580	63 169	25 284	88 453
1975	11 490	10 439	33 342	16 669	71 940	6 894	9 395	32 342	15 835	64 466	25 760	90 226
1976	11 536	10 667	34 175	16 937	73 315	6 922	9 600	33 150	16 090	65 762	26 238	92 000
1977	11 581	10 895	35 007	17 204	74 687	6 949	9 805	33 957	16 344	67 056	26 715	93 771
1978	11 627	11 123	35 838	17 473	76 061	6 976	10 011	34 763	16 599	68 349	27 191	95 540
1979	11 676	11 352	36 668	17 746	77 442	7 006	10 217	35 568	16 859	69 650	27 668	97 318
1980	11 577	11 398	37 695	17 988	78 658	6 946	10 258	36 564	17 089	70 857	27 998	98 855
1981	11 477	11 444	38 723	18 226	79 870	6 886	10 300	37 561	17 315	72 062	28 327	100 389
1982	11 487	11 488	39 748	18 465	81 188	6 892	10 339	38 556	17 542	73 312	28 657	101 986
1983	11 278	11 534	40 773	18 706	82 291	6 767	10 381	30 550	17 771	74 469	28 983	103 452
1984	11 108	11 583	41 800	18 948	83 439	6 665	10 425	40 546	18 001	75 637	29 264	104 901
1985	10 914	11 484	42 929	19 054	84 381	6 548	10 336	41 641	18 101	76 626	29 513	106 139

	Fjöldi á starfsaldri					Atvinnufólk						
Konur:	15—19	20—24	25—49	50—69	Alls 15—69	15—19 60%	20—24 45%	25—49 30%	50—69 30%	Konur 15—69	Karlar 15—69	Alls karlar og konur 15—69
1969	9 629	8 208	28 325	15 403	61 565	5 777	3 694	8 498	4 621	22 590	56 903	79 493
1970	9 885	8 486	28 898	15 697	62 966	5 931	3 819	8 669	4 709	23 128	58 154	81 282
1971	10 141	8 764	29 471	15 991	64 367	6 085	3 944	8 841	4 797	23 667	59 407	83 074
1972	10 397	9 042	30 044	16 285	65 768	6 238	4 069	9 013	4 886	24 206	60 658	84 864
1973	10 653	9 320	30 617	16 579	67 169	6 392	4 194	9 185	4 974	24 745	61 911	86 656
1974	10 908	9 600	31 190	16 872	68 570	6 545	4 320	9 357	5 062	25 284	63 169	88 453
1975	10 979	9 855	31 994	17 133	69 961	6 587	4 435	9 598	5 140	25 760	64 466	90 226
1976	11 050	10 111	32 796	17 396	71 353	6 630	4 550	9 839	5 219	26 238	65 762	92 000
1977	11 121	10 366	33 601	17 657	72 745	6 673	4 665	10 080	5 297	26 715	67 056	93 771
1978	11 192	10 621	34 403	17 919	74 135	6 715	4 779	10 321	5 376	27 191	68 349	95 540
1979	11 263	10 875	35 207	18 180	75 525	6 758	4 894	10 562	5 454	27 668	69 650	97 318
1980	11 140	10 946	36 205	18 419	76 710	6 684	4 926	10 862	5 526	27 998	70 857	98 855
1981	11 016	11 017	37 203	18 660	77 896	6 610	4 958	11 161	5 598	28 327	72 062	100 389
1982	10 892	11 088	38 202	18 902	79 084	6 535	4 990	11 461	5 671	28 657	73 329	101 986
1983	10 768	11 158	39 198	19 141	80 265	6 461	5 021	11 759	5 742	28 983	74 469	103 452
1984	10 563	11 229	40 196	19 380	81 368	6 338	5 053	12 059	5 814	29 264	75 637	104 901
1985	10 442	11 107	41 323	19 511	82 383	6 265	4 998	12 397	5 853	29 513	76 626	106 139

Fylgiskjal III.

Lánveitingar og framlög til íbúðarhúsabygginga árin 1971 og 1972.
(Upphæðir í þús. kr.)

	Lán Húsnæðismálastofnunar		Lán og framlög Stofnlánadeildar		Samtals árin		Mannfj. 1/12/1972	Samtals lán pr. íbúa í krónum	
Kjördæmi:	1971	1972	1971	1972	1971	1972		1971	1972
Reykjavík	426 412	488 272	–	–	426 412	488 272	83 913	5 082	5 819
Reykjaneskjördæmi	190 864	257 210	1 762	2 770	192 626	259 980	40 877	4 712	6 360
Vesturlandskjördæmi	20 180	25 795	7 143	11 082	27 323	36 877	13 361	2 045	2 760
Vestfjarðakjördæmi	15 645	16 522	2 589	3 893	18 234	20 415	9 903	1 841	2 061
Norðurland vestra ..	20 310	27 750	5 059	7 291	25 369	35 041	9 847	2 576	3 559
Norðurland eystra ..	87 029	89 435	10 656	17 715	97 685	107 150	22 709	4 302	4 718
Austurland	27 475	33 040	4 230	7 757	31 705	40 797	11 428	2 774	3 570
Suðurland	30 240	70 370	16 693	16 820	46 933	87 190	18 314	2 563	4 761
Samtals	818 155	1 008 394	48 132	67 328	866 287	1 075 722	210 352	4 118	5 114

Mannfjöldatölur 1/12 1972 eru bráðabirgðatölur frá Hagstofu Íslands.

Fylgiskjal IV.

IÐNGARÐAR

(Úr skýrslu Efnahagsstofnunarinnar: Atvinnumál á Norðurlandi, ágúst 1969.)

Lagt er til, að Atvinnujöfnunarsjóður beiti sér með sérstökum hætti fyrir byggingu iðngarða til áhrifa á staðsetningu fyrirtækja á Norðurlandi. Með hugtakinu iðngarðar er hér átt við staðlað og hagkvæmt iðnaðarhúsnæði, sem auðvelt er að skipta í misstórar byggingaeiningar og byggt er með félagsframtaki til útleigu eða endursölu fyrir einstaka iðnrekendur. Einnig er átt við byggingarlóðir á afmörkuðum svæðum, sem sveitarfélög láta iðnrekendum í té og undir kostnaðarverði með ofangreint markmið í huga.

Markmiðið með iðngarðabyggingum er tvíþætt, að byggja hagkvæmt og ódýrt iðnaðarhúsnæði og um leið að hafa áhrif á atvinnu- og byggðaþróun. Þessi aðferð hefur verið reynd talsvert erlendis, en í nokkuð mismunandi formi. Með tilliti til þeirra aðstæðna, sem eru ríkjandi hér á landi, einkum þess, að þeir staðir, þar sem bygging iðngarða kemur til greina, eru tiltölulega fámennir, er lagt til, að Atvinnujöfnunarsjóður taki beinan þátt í myndun byggingarfélaga, sem byggi húsnæðið og reki það, þar sem það er ekki selt. Auk þess er gert ráð fyrir, að sveitarfélög séu beinir aðilar að byggingarfélögunum, svo og að þau séu opin einstaklingum og félagasamtökum. Með þessu móti gætu iðnrekendur haft eðlileg áhrif á stjórn félaganna, ef þeir óska þess, og einnig þau samtök, sem láta sig varða atvinnuþróun staðarins. Nauðsyn er á að undirbúa almennar reglur um iðngarðabyggingar í ofangreindu skyni, sem stjórn Atvinnujöfnunarsjóðs setti, en staðfestar yrðu af iðnaðarmálaráðuneytinu. Um aðild Atvinnujöfnunarsjóðs að byggingarfélögunum eru engin ákvæði í lögum, og þarf því að koma til lagabreyting um sjóðinn frá Alþingi, ef stjórn sjóðsins samþykkir þennan hátt á starfsemi hans til áhrifa á atvinnu- og byggðaþróun í landinu.

Gerð hafa verið drög að áætlun um iðngarða, sem yrðu ódýrir í byggingu og auðvelt að skipta niður í misstórar einingar. Niðurstaða þessarar áætlunar um byggingargerð var sú, að hver eining yrði 6×26 m eða 120 ferm. í vinnusal og 36 ferm. í skrifstofur, snyrtingar og kaffistofu. Hver aðili gæti tekið 2, 3, 4 eða fleiri einingar. Iðnrekendum gæfist þá kostur á eftirfarandi húsrými:

Möguleiki A, 2 einingar	240 ferm.	vinnusalur
	+ 72 ferm.	skrifst. o. fl.
Samtals	312 ferm.	
Möguleiki B, 3 einingar	360 ferm.	vinnusalur
	+108 ferm.	skrifst. o. fl.
Samtals	468 ferm.	
Möguleiki C, 4 einingar	480 ferm.	vinnusalur
	+144 ferm.	skrifst. o. fl.
Samtals	624 ferm.	

Talið er, að fimm einingar séu **lágmarksbyrjunaráfangi**, þ. e. 1090 ferm. að flatarmáli, en 5250 rúmm. að rúmmáli. Byggingarkostnaður slíks áfanga er áætlaður **1750 kr. á rúmmetra** og leiga á fermetra 70 kr. á mánuði, miðað við, að 10% á ári fáist í vexti og afborganir.

Fyrst í stað er lagt til, að iðngarðar verði byggðir eingöngu á Akureyri, en þegar reynsla hefur fengizt af því formi og tilhögun, sem ákveðið verður að hafa í þessu efni, verði einnig byggðir iðngarðar í þeim sveitarfélögum á Norðurlandi, þar sem nógur vilji og framtak er fyrir hendi til þess að reka arðvænleg iðnfyrirtæki. Í því sambandi má benda sérstaklega á Blönduós, Húsavík og Sauðárkrók. Eðlilegt er þó að beita þessari hugmynd um iðngarðabyggingar að fenginni reynslu hvarvetna þar, sem nægilega traust áform koma fram um arðbæran atvinnurekstur í nægilegum mæli, þannig að um hæfilega stóra lágmarksáfanga sé að ræða. Bygging staðlaðs iðnaðarhúsnæðis er því aðeins skynsamleg og framkvæmanleg, að fyrir liggi hverju sinni raunhæf áform um atvinnurekstur, sem hefur óskað eftir lágmarkshúsrými, sem hagkvæmt þykir að byggja með þessum hætti. Samningar um húsrými til handa einstakra leigjenda eða endurkaupenda þurfa því að fylgja umsókn til Atvinnujöfnunarsjóðs um fyrirgreiðslu og leyfi til byggingar hvers áfanga, svo að tryggt verði, að húsnæðið verði nýtt strax að byggingu lokinni, að um arðbæran iðnrekstur sé að ræða og að húsnæðisþörfin sé næg til þess, að lágmarksáfangi verði byggður. Af þessum sökum kemur bygging iðngarða einnig helzt til greina í byggðarlögum, sem eru tiltölega fjölmenn og vel til þess fallin, að almennur iðnaður geti þróazt þar. Þetta er önnur röksemd fyrir því að hefjast fyrst handa á Akureyri.

Erlendis er bygging iðngarða fyrir tilstuðlan opinberra eða hálfopinberra aðila talin vera eitt áhrifaríkasta stjórnunartækið til þess að hafa áhrif á staðsetningu iðnaðarins og þar með atvinnuþróunina. Gildi aðgerðanna felst í því, að hægt er að bæta aðstæður til vaxtar á fyrir fram ákveðnum stöðum. Fjárfestingarþörf iðnrekenda sjálfra minnkar að mun. Þeir geta betur einbeitt fjármunum sínum að rekstrinum. Auk þess er leiga tiltölulega lág miðað við almennt markaðsverð slíkra bygginga. Hér á landi hefur verið efnt til iðngarðabygginga, en markmið þeirra framkvæmda, sem voru á vegum samtaka iðnrekenda, var að byggja með félagsframtaki ódýrt og hentugt húsnæði, sem auðveldara væri að fjármagna en dreifðar smábyggingar. Þeir eru ekki byggðir með byggðaþróunarmarkmið í huga, enda staðsettir í Reykjavík. Byggð voru stöðluð hús á ákveðnu svæði, sem iðnrekendur endurkeyptu af sérstöku byggingarfélagi á kostnaðarverði. Þetta fyrirkomulag gaf góða raun, þrátt fyrir óhagstæð skilyrði, dýra lóð og kostnaðarsama grunna. Telja eigendur húsanna, að þetta fyrirkomulag hafi gert þeim kleift að eignast eigið húsnæði á viðráðanlegan hátt. Unnt er að styðjast að verulegu leyti við reynslu af þessum iðngarðabyggingum, þótt nauðsyn sé á formbreytingum byggingarfélaganna vegna aðildar Atvinnujöfnunarsjóðs og sveitarfélaga, svo og þeirrar ætlunar að leigja sum húsanna.

Verkefni þau, sem Atvinnujöfnunarsjóður þarf að leysa til þess að koma hugmynd um iðngarðabyggingar í framkvæmd til áhrifa á atvinnuþróunina á Norðurlandi, eru í stuttu máli sem hér segir:

1) Að ganga frá samningu almennra samþykkta um byggingarfélög iðngarða með það í huga, að starfsemi þeirra verði sem raunhæfast og öflugast stjórnunartæki til áhrifa á staðsetningu iðnaðarfyrirtækja á Norðurlandi.
2) Að láta gera staðlaðar vinnuteikningar og verklýsingar um slíkar byggingarframkvæmdir.
3) Að leita samvinnu við aðra fjárfestingarlánasjóði um fjármögnun slíkra iðngarðabygginga og semja reglur um útlán til þeirra.
4) Að setja sérstakar reglur um aðstoð til vélakaupa fyrir iðnrekendur, sem endurkaupa eða leigja húsnæði iðngarðanna.
5) Að leita samvinnu við sveitarfélög á Norðurlandi, í fyrstu Akureyri, um framkvæmd á stofnun byggingarfélaga og könnun á eftirspurn eftir fyrirgreiðslu í þessu efni. Gert er ráð fyrir, að sveitarfélögin fái upplýsingar um áætlaðan kostnað húsnæðisins, fyrirgreiðslu fjárfestingarlánasjóða o. s. frv. Enn fremur, að þau kanni eftirspurn á þeim forsendum, beiti sér fyrir stofnun byggingarfélags á staðnum með þátttöku Atvinnujöfnunarsjóðs í samræmi við samþykktirnar og leggi fram ókeypis frágengnar lóðir, vatn og frárennsli sem hlutafé í byggingarfélagið.
6) Að leggja til við ríkisstjórnina, að lagt verði fram frumvarp á Alþingi um breytingu á lögum um Atvinnujöfnunarsjóð, þar sem honum sé heimilað að eiga hlutabréf í byggingarfélögum iðngarða í þeirri merkingu, sem hér er lögð í það hugtak.

TEIKNISTOFAN ÓÐINSTORGI

2. apríl 1969.

STÖÐLUÐ IÐNAÐARHÚS

(Greinargerð með framangreindum tillögum í skýrslu um Atvinnumál á Norðurlandi.)

Tilgangur.

Við fyrirkomulag húsanna hefur það sjónarmið verið ráðandi að byggja ódýr, stöðluð iðnaðarhús, sem auðvelt er að skipta niður í misstórar einingar, þannig að með hverjum vinnusal fylgi ákveðið húsnæði fyrir skrifstofu, kaffistofu starfsfólks og snyrtingar.

Við athugun á tillögum Iðngarða í Reykjavík hefur eftirfarandi komið í ljós: Hver eining er tiltölulega stór og skipting niður í litlar einingar með samtengdu skrifstofuhúsnæði er fremur erfið. Varðandi tillögur Iðngarða í Reykjavík þykir mér helzt koma til greina tilhögun nr. 4 (á blaði nr. 1), og ef því húsi yrði skipt niður í 4 einingar, verður minnsta eining 493 m² í vinnusal og 257 m² í skrifstofuhúsnæði eða samtals 750 m². Minnsta eining í mínum tillögum er aftur á móti 312 m², þannig að aðalmunur á tillögum Iðngarða Reykjavíkur og tillögunum, sem fylgja hér með, er sá, að hér er reiknað með mun minni rekstrareiningum.

Byggingargerð.

Aðalbitar hússins ganga þvert á það, og fæst þannig heppileg skipting niður í einingar. Hver eining er 6×26 m eða 120 m² í vinnusal og 36 m² í skrifstofur, kaffistofu og snyrtingar. Hver aðili gæti tekið 2, 3, 4 eða fleiri einingar. Á teikningum er sýndur möguleiki með 2 ein. merkt A og 3 ein. merkt B.

Möguleiki A er 2 einingar	=240	M² í vinnusal
	+ 72	M² í skrifst. o. fl.
Samtals	312	M²
Möguleiki B er 3 einingar	=360	M² í vinnusal
	+108	M² í skrifst. o. fl.
Samtals	468	M²
Möguleiki C er 4 einingar	=480	M² í vinnusal
	+144	M² í skrifst. o. fl.
Samtals	624	M²

o. s. frv. .....

Möguleiki er að stækka hverja einingu með viðbyggingu við gaflana, fyrir þá aðila, sem eru staðsettir við gafla, eða þá að yfirtaka miðeiningu. — Öll efnisaðkoma er frá vöruporti, en aðkoma starfsmanna og viðskiptavina er frá hinni hliðinni. Lóðarstærð er 75×75 m². Lýsing er um hliðarglugga, og er því ekki þörf á dýrum þakgluggum. Lofthæð er valin 4.2 m + bitahæð, þannig að minnsta hæð er 4.75 m, og er því möguleiki að koma tvöföldu lofti í hluta vinnusalarins, ef þurfa þykir.

Varðandi hitun er reiknað með einni svartolíukyndistöð fyrir allt iðnaðarhverfið og yrði stofnkostnaður við stöðina greiddur með tengigjöldum og reksturinn síðan greiddur eftir mæli í hverju húsi. Stórar svartolíukyndistöðvar geta orðið 30% ódýrari í rekstri en minni hráolíukyndingar.

Samanburður.

Gerð hefur verið tillaga með strengjasteypu og tillaga með límdum trébitum. Einnig er ætlunin að gera sams konar tillögu með stálgrindarhúsi. Verðmunur á tillögu með strengjasteypu og límdum trébitum er það lítill (sbr. kostnaðaráætlun), að það er innan við nákvæmni þessarar tillögu. — Strengjasteypuhúsið hefur eftirfarandi kosti fram yfir timburhúsið: Meira brunaöryggi, meira burðarmagn loftbita, þannig að auðveldlega má hengja krana eða talíur í loftbita, og meiri innlendur kostnaður. Timburhúsið hefur aftur á móti þann kost fram yfir strengjasteypuhúsið, að það er mun léttara og er því auðveldara og ódýrara í flutningum og uppsetningu. Einnig verður grunnurinn ódýrari, þar sem jarðvegur er gljúpur.

Lausleg lýsing á tillögum:

A. Strengjasteypuhús.

Í verðútreikningum er gert ráð fyrir Akureyri sem byggingarstað og að strengjasteypueiningarnar séu keyptar frá Strengjasteypunni á Akureyri. Grunndýpi er reiknað 1.2 m. — Aðalbitar eru söðulbitar (SIB), 30 cm breiðir, 54 cm á hæð til enda og 120 cm á miðju. Á bitunum hvíla svo rifjaplötur (RP 24/120). Gaflar og milliveggir milli mismunandi fyrirtækja séu úr forspenntum veggplötum (SP 12/120). Stoðir og kantbitar séu einnig úr strengjasteypu (RB 30/54), þ. e. 30×54 cm. Á þök komi tvöfalt lag af asfaltpappa. Eins og áður segir er hús þetta að mestu byggt úr innlendum efnum.

B. Timburhús.


Í verðútreikningi er reiknað með Akureyri sem byggingarstað. Allir helztu burðarviðir eru úr límdum trébitum. Aðalbitar hússins (um helmingur timburmagnsins) yrðu innfluttir frá Finnlandi, stærð: 14 cm þykkir, hæð á endum 70 cm og á miðju

110 cm. Minni burðarviðir yrðu teknir frá nýrri verksmiðju, sem hugsað er að reisa á Ólafsfirði. Aðalstoðir yrðu 14×60 cm, gaflstoðir 9×30 cm og þverbönd í þaki yrðu 9×40 cm. Á þök komi timburklæðning með tveim lögum af pappa.

Lausleg kostnaðaráætlun fylgir hér á eftir, en samkvæmt henni mun strengjasteypuhúsið kosta 9 200 000 kr. eða 1750 kr/m³ og timburhúsið 8 900 000 kr. eða 1700 kr/m³.

Stærð byggingareininga.

Minnsta mögulega byggingarstærð eru 2 einingar eða möguleiki A. Samkvæmt kostnaðaráætluninni hér á eftir er kostnaðurinn miðaður við 7 einingar 1750 kr/m³, en séu aðeins byggðar tvær einingar, verður byggingarkostnaðurinn nokkuð hærri eða ca. 2 800 000 kr. eða 1870 kr/m³ miðað við strengjasteypu. Hagkvæmasta byggingarlengd er um 10 einingar, og lækkar þá rúmmetraverð niður í 1725 kr/m³. Ef byggð yrðu 2 eins eða fleiri hús, má reikna með 25-50 kr/m³ lækkun.



Rúmmetraverð miðað við stærð byggingaráfanganna.

Reykjavík, 2. apríl 1969.

Virðingarfyllst,
Vífill Oddsson, verkfr.

Fylgiskjal V.

Um mannfjöldann frá 1.12. 1960 til 1.12. 1970.

(Úr greinargerð um atvinnumál á Reykjanesi, Hagfræðideild Reykjavíkurborgar, des. 1971.)

	1960	1965	1970	Fjölgun alls	Hlutfallsleg fjölgun
Reykjanessvæði	98 078	110 829	119 591	21 513	21.9%
Vesturland	12 273	13 510	13 670	1 397	11.4%
Vestfirðir	8 342	8 438	8 273	69	0.8%
Norðurland	31 879	33 872	34 311	2 432	7.6%
Austurland	9 227	10 047	10 358	1 131	12.3%
Suðurland	15 881	17 062	18 047	2 166	13.6%
Landið í heild	175 680	193 758	204 250	28 570	16.3%

Um mannfjöldann frá 1.12. 1965 til 1.12. 1970.

	Bein fjölgun	Hlutfallsleg fjölgun	Hlutur í heildarfjölgun
Reykjanessvæði	8 762	7.9 %	83.5%
Vesturland	160	1.2 %	1.5%
Vestfirðir	÷ 165	÷ 2.0 %	÷ 1.6%
Norðurland	439	1.3 %	4.2%
Austurland	311	3.1 %	3.0%
Suðurland	985	6.2 %	9.4%
Landið í heild	10 492	5.42%	100.0%

Athugasemd:

Hér er reiknað með sama mannfjölda og birtar eru tölur um í ágústhefti Hagtíðinda 1966 og síðan. — Tölur fyrir 1970 eru bráðabirgðatölur og tölur ársins 1969 kunna einnig að vera ónákvæmar.

Fylgiskjal VI.

Um mannfjöldann frá 1.12. 1966 til 1.12. 1970. — Skipting fjölgunar á landinu.

(Úr greinargerð um atvinnumál á Reykjanesi, Hagfræðideild Reykjavíkurborgar, des. 1971.)

	1966	1967	1968	1969	1970	Fjölgun alls
Höfuðborgarsvæði	102 601	104 923	106 810	107 723	108 346	5 745
Suðurnes	10 147	10 122	10 257	10 392	10 492	345
Alls á Reykjanessvæði	112 748	115 045	117 067	118 115	118 838	6 090
Alls annars staðar	84 185	84 875	85 124	85 327	85 506	1 321
Alls á landinu öllu	196 933	199 920	202 191	203 442	204 344	7 411

Hlutur hvers svæðis í fjölguninni árin 1967 til 1970.

	1967	1968	1969	1970	Meðalhlutur
Höfuðborgarsvæði	77.7%	83.1%	73.0%	69.7%	77.5%
Suðurnes	0.8%	5.9%	10.8%	11.1%	4.7%
Alls á Reykjanessvæði	76.9%	89.0%	83.8%	80.8%	82.2%
Alls annars staðar	23.1%	11.0%	16.2%	19.2%	17.8%

Athugasemd:

Tölur fyrir árið 1970 eru bráðabirgðatölur og að nokkru leyti metnar, en samkvæmt þeim búa rösklega 58 af hundraði landsmanna á Reykjanessvæðinu, — þar af 53.0% á höfuðborgarsvæði, en um 5.1% á Suðurnesjum. — Kjalarnes- og Kjósarhreppum hefur hér verið sleppt, en sé litið á áratuginn frá 1.12. 1961 til 1.12. 1970 og íbúar þessara hreppa taldir til Reykjanessvæðis, verður þróunin þessi:

	1961	1971	Fjölgun alls
Reykjanessvæði	98 417	119 591	21 174
Landið í heild	177 292	204 344	27 052

Um 78.0% fjölgunarinnar hefur orðið á Reykjanessvæði á síðasta áratug. — Brottfluttir umfram aðflutta urðu um 4 350, þar af um 1 600 á síðasta ári samkvæmt mati. Heildarfjölgun landsmanna á tímabilinu varð því um 31 400 manns. Þar af fluttust um 14.0% úr landi (breytt skráning á Norðurlöndum?). Um 67.0% fjölgunar varð á höfuðborgarsvæði, en 19.0% fjölgunar utan svæðis.

Fylgiskjal VII.

Atvinnuskipting.

(Úr greinargerð um atvinnumál á Reykjanesi, Hagfræðideild Reykjavíkurborgar, des. 1971.)

	Reykjanessvæði			Utan svæðis			Landið í heild		
	1963	1967	1968	1963	1967	1968	1963	1967	1968
Frumvinnslugreinar ..	2 308	2 465	2 354	14 182	14 799	15 072	16 516	17 264	17 400
Úrvinnslugreinar	21 164	23 660	23 469	11 829	12 876	12 702	32 876	36 535	36 164
Þjónustugreinar	15 562	19 700	120 246	5 270	6 439	6 596	20 923	26 139	26 876
Mannár samtals	39 034	45 825	46 069	31 281	34 114	34 370	70 315	79 938	80 440

Hlutfallstölur.

	Reykjanessvæði			Utan svæðis			Landið í heild		
	1963	1967	1968	1963	1967	1968	1963	1967	1968
Frumvinnslugreinar ..	5.9%	5.4%	5.1%	45.3%	43.4%	43.9%	23.5%	21.7%	21.6%
Úrvinnslugreinar	54.2%	51.6%	51.0%	37.8%	37.7%	37.0%	46.8%	45.7%	45.0%
Þjónustugreinar	39.9%	43.0%	43.9%	16.9%	18.9%	19.1%	29.7%	32.6%	33.4%

Hlutfall mannára í íbúatölu.

1963	1967	1968
37.6%	40.0%	39.8%

Nd. 384. Frumvarp til laga [200. mál]

um róðrartíma fiskibáta.

Flm.: Karl G. Sigurbergsson.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að ákveða með reglugerð brottfarartíma allra þeirra báta til fiskiróðra, sem sækja til fiskjar, svo og setja ákvæði um eftirlitsskip og um samband bátanna við þau, eftir því sem þurfa þykir.

2. gr.

Hreppsnefndir og bæjarstjórnir hlutaðeigandi sveitar- og bæjarfélaga skulu hver um sig kjósa 3—5 bátaformenn til þess, ásamt skipstjórum eftirlitsskipa, að hafa eftirlit með því, að fylgt sé fyrirmælum þeim, er sett kunna að verða samkvæmt ákvæðum 1. gr.

3. gr.

Brot gegn reglugerð, sem sett kann að verða samkvæmt lögum þessum, varða sektum frá kr. 5000.00—50 000.00. Ítrekað brot getur varðað missi réttinda til skipstjórnar í 6 mánuði. Mál út af brotum skulu sæta meðferð opinberra mála.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru felld úr gildi lög nr. 1 12. jan. 1945, um róðrartíma fiskibáta.

Greinargerð.

Lög þau, sem nú gilda um róðrartíma fiskibáta, eru frá árinu 1945. Breytingin, sem frumvarp þetta felur í sér, er veigamest í 1. gr., þar sem lagt er til, að ríkisstjórninni sé heimilt að ákveða með reglugerð róðrartíma fiskibáta yfirleitt, hvar sem er á landinu, eftir því sem ástæða þykir til. En samkvæmt núgildandi lögum er heimildin eingöngu bundin við veiðistöðvar við Faxaflóa.

Vegna ósamræmis í reglugerðum, sem í gildi eru, annars vegar reglugerð um róðrartíma fiskibáta í Grindavík, sem gefin var út af atvinnumálaráðuneytinu 27. febr. 1953 samkvæmt lögum nr. 86 14. nóv. 1917, um fiskveiðasamþykktir og lendingasjóði, og hins vegar reglugerð um róðrartíma fiskibáta við Faxaflóa, sem út var gefin af sjávarútvegsráðuneytinu 21. febr. 1963 samkvæmt lögum nr. 1 12. jan. 1945, um róðrartíma fiskibáta, hefur komið til missættis og tíðra árekstra milli línubátamanna frá Grindavík og öðrum verstöðvum á Suðurnesjum.

Breyttir hættir í sjósókn og útgerð hafa valdið því, að þurft hefur að gefa út nú á undanförnum árum reglugerð um skiptingu veiðisvæða milli einstakra veiðarfæra í Faxaflóa og við Suðvesturland. Í þeim reglugerðum hefur línusvæðið aðallega verið ákveðið á svæði í kringum Eldey og Eldeyjarboða, eða á svokölluðu „Skerjasvæði". Þetta hefur m. a. leitt til þess, að línusvæðið er takmarkaðra en ella hefði verið.

Sökum misræmis milli brottfarartíma báta frá verstöðvum samkv. núgildandi reglugerðum hafa hinar ýmsu verstöðvar á Suðurnesjum upp á misjafna aðstöðu að bjóða til hagnýtingar á nefndu línusvæði. Grindavík hefur þar séraðstöðu, sem heimamenn viðurkenna, að ekki hafi við nein eðlileg rök að styðjast.

Breytingin á 2. gr. tekur til fjölda þeirra eftirlitsmanna, sem tilnefndir eru af viðkomandi hreppsnefndum og/eða bæjarstjórnum, þar sem lagt er til í þessu frumvarpi, að heimilt sé að tilnefna allt að 5 menn í stað 3 áður. Þetta er til komið vegna breyttra aðstæðna og hefur t. d. verið þannig í framkvæmd síðustu ár, að tilnefndir hafa verið 5 menn eftir beiðni skipstjórnarmanna sjálfra. Þykir því rétt að breyta lögunum hvað þetta ákvæði snertir til samræmis við venjur.

Breytingin á 3. gr. lýtur að samræmingu og hækkun á sektarákvæðum gildandi reglugerða.

Skipstjórar á Suðurnesjum fóru þess á leit við stéttarfélag sitt, þ. e. Skipstjóra- og stýrimannafélagið Vísi á Suðurnesjum, að það beitti sér fyrir samræmingu á nefndum reglugerðum um róðrartíma fiskibáta og helzt, að þær yrðu gefnar út sem ein reglugerð. En til þess að það sé hægt, þarf að breyta lögunum um róðrartíma fiskibáta á þann veg, sem hér er lagt til. Þ. e. að heimildin handa ríkisstjórninni til að gefa út sérstaka reglugerð verði almenn, en ekki takmörkuð við Faxaflóa einan.

Hér er því aðeins um sjálfsagða lagfæringu að ræða samkvæmt ósk þeirra manna, sem við lögin eiga að búa og starfa eftir þeim.

Ed. 385. Frumvarp til laga [201. mál]

um breyting á lögum nr. 86 31. desember 1963 um stofnun happdrættis fyrir Ísland.

(Lagt fyrir Alþingi á 93. löggjafarþingi, 1972—1973.)

1. gr.

1. gr. orðist svo:

Dómsmálaráðherra er heimilt að veita Háskóla Íslands einkaleyfi til rekstrar happdrættis með þeim skilyrðum, er nú skal greina:

a) Hlutatalan má ekki fara fram úr 60.000, er skiptist í 12 flokka á ári hverju, og skal dráttur fara fram fyrir einn flokk í mánuði hverjum, dráttur 1. flokks í

janúarmánuði og 12. flokks í desembermánuði. Heimilt er að gefa út 4 flokka hlutamiða, sem greinist að með bókstöfunum E, F, G og H.

b) Iðgjald fyrir hvern hlut ákveður dómsmálaráðherra að fengnum tillögum happdrættisráðs og happdrættisstjórnar Háskólans.

c) Vinningar skulu eigi vera færri en svo, að að minnsta kosti fjórði hver miði hljóti vinning árlega að meðaltali, og skal vinningsfjárhæð nema að minnsta kosti 70% af iðgjöldum samantöldum í öllum 12 flokkum.

d) Drættirnir fara opinberlega fram í Reykjavík undir eftirliti nefndar, er ráðherra skipar til þess. Skulu í henni sitja fimm menn og tveir til vara. Skulu að minnsta kosti tveir nefndarmenn vera lögfræðingar. Nefndin leggur fullnaðarúrskurð á allan ágreining um lögmæti eða gildi dráttanna, bæði meðan dráttur fer fram og eftir að honum er lokið. Kostnaðinn af þessu ber happdrættið.

e) Einkaleyfi til að reka happdrættið má veita til 1. janúar 1989. Ágóðanum skal varið til að reisa byggingar á vegum Háskóla Íslands. Ennfremur er heimilt að verja honum til greiðslu kostnaðar af viðhaldi háskólabygginganna, til fegrunar á háskólalóðinni, til þess að koma á fót og efla rannsóknarstofur við hinar ýmsu deildir háskólans, svo og til að greiða andvirði rannsóknar- og kennslutækja, sem Háskólinn telur sér nauðsyn að eignast. Leyfishafi greiði í ríkissjóð 20% af netto ársarði í einkaleyfisgjald.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 95 23. desember 1969.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er flutt að beiðni háskólarektors, og fylgdi því svofelld greinargerð:

Heimild sú, er Háskóli Íslands hefur til happdrættisrekstrar skv. lögum nr. 86/1963 rennur út í árslok 1973. Heimildin var fyrst veitt til 10 ára, en hefur síðan tvívegis verið endurnýjuð til 15 ára.

Þar sem miklar byggingaframkvæmdir munu halda áfram á vegum Háskólans um langt árabil, svo sem verið hefur nokkur undanfarin ár, er nauðsynlegt að fá happdrættisleyfið endurnýjað til næstu 15 ára frá 1. janúar 1974 að telja.

Frumvarpið gerir ekki ráð fyrir efnislegum breytingum á núgildandi lögum öðrum en þeim, sem felast í ákvæðum um framlengingu happdrættisins og fækkun hlutamiða úr 65.000 númerum í 60.000 númer (með 4 flokkum, E, F, G og H, í hverju númeri), þar sem aukningin um 5.000 númer hefur ekki verið notuð, og ólíklegt er, að lagt verði út í stækkun happdrættisins með þeim hætti í fyrirsjáanlegri framtíð. Orðalag fyrstu greinarinnar er gert nokkru skýrar með tilliti til áorðinna breytinga á lögunum.

Til frekari upplýsinga fylgir hér fylgiskjal um afkomu happdrættisins og veltu og helztu viðfangsefni Háskólans, sem happdrættisfé rennur til.

Fylgiskjal

Sala happdrættismiða síðustu fimm árin hefur verið þessi, í millj. kr.:

1968	112,5
1969	142,6
1970	212,2
1971	236,3
1972	378,0

Miðað við sölu í janúar og febrúar 1973 má ætla, að salan í ár verði tæpl. 400 millj. kr. eða allt að 24 millj. kr. umfram það, sem gert er ráð fyrir á fjárlögum.

Hin mikla söluaukning 1970 stafar af stækkun happdrættisins, en þá var bætt við tveim nýjum flokkum, en aukningin 1972 stafar af hækkun á verði miða úr 120 kr. í 200 kr. á mánuði, en það hefur verið venja að hækka miðaverð til samræmis við almennt verðlag í landinu á nokkurra ára fresti jafnhliða breytingu á vinningaskránni.

Hagnaður af hinum eiginlega happdrættisrekstri síðustu fimm árin hefur verið þessi í millj. kr.:

	Hagnaður alls	Hluti Hásk. Ísl.	Hluti ríkissj.
1968	21,3	17,1	4,2
1969	25,9	20,7	5,2
1970	40,8	32,6	8,2
1971	46,6	37,3	9,3
1972 áætl.	74,0	59,2	14,8

Auk þessara tekna hefur Happdrætti H. Í. haft tekjur af rekstri eigin umboðs og vaxtatekjur, sem nema 5—10 millj. kr. árlega, og renna þær einnig til framkvæmda á vegum Háskólans.

Á fjárlögum fyrir 1973 er gert ráð fyrir 75,6 millj. kr. heildarhagnaði af rekstri Happdrættis H. Í., en þar af rennur tæpl. 14 millj. kr. í ríkissjóð. Miðað við sölu í janúar og febrúar má ætla, að þessi áætlun sé lítið eitt of lág.

Hagnaður á happdrættisrekstrinum rennur til Háskólans að hluta (80%) og ríkissjóðs að hluta (20%). Hluti Háskólans hefur að langmestu leyti farið til **byggingaframkvæmda,** en jafnframt til **tækjakaupa** og **viðhalds** húsa og lóðar.

Framkvæmdaáætlanir Háskólans árin 1971 og 1972 losuðu 100 millj. kr. hvort árið og nú er gert ráð fyrir því í fjárlögum fyrir árið 1973, að Happdrætti H. Í. leggi til framkvæmda Háskólans 75,6 millj. kr. og ríkissjóður auk þess 45,3 millj. kr. og er það þriðja árið í röð, sem sérstök fjárveiting úr ríkissjóði er veitt í þessu skyni.

Fjölgun stúdenta við nám í Háskólanum, **fjölgun kennara, nýjar deildir og námsbrautir, aukin sókn í læknisfræði, verkfræði og ýmsar aðrar námsgreinar,** sem gera kröfu til meiri tækjakosts en aðrar deildir veldur því, að um ófyrirsjáanlegan tíma verður þörf fyrir meira fé árlega til bygginga, tækjakaupa og viðhalds en hagnaði af væntanlegum rekstri happdrættisins nemur, en þó ætti það að geta staðið undir verulegum hluta framkvæmdakostnaðarins.

Framundan er fyrst bygging húsa í þágu læknadeildar, tannlæknadeildar og verkfræði- og raunvísindadeildar, en jafnframt fyrir aðrar deildir eða einstakar námsgreinar. Viðhald vaxandi eigna Háskólans verður ennfremur sífellt umfangsmeira og kröfur til tækjabúnaðar meiri. Af byggingum sem reistar hafa verið á síðustu árum fyrir happdrættisfé aðallega má nefna Árnagarð, hús fyrir lagadeild, hús fyrir verkfræði- og raunvísindadeild, innréttingar leiguhúsnæðis fyrir fyrsta hluta læknadeildar og ennfremur húsnæði fyrir líffræðikennslu o. fl.

Frekari upptalning verður ekki gerð hér, en hitt áréttað, sem raunar er alkunnugt, að happdrætti Háskóla Íslands hefur verið sú lyftistöng, sem öðrum fremur hefur gert þróun Háskóla Íslands frá stofnun þess mögulega. Er það von Háskólans, að hann geti enn treyst á Happdrættið til nauðsynlegs vaxtar og viðgangs.

Ed. **386. Frumvarp til laga** [202. mál]

um breyting á almennum hegningarlögum nr. 19 12. febrúar 1940.

(Lagt fyrir Alþingi á 93. löggjafarþingi, 1972—1973.)

1. gr.

Við 6. gr. bætist nýr málsliður, 4. málsliður, svofelldur:

4. Fyrir brot gegn 165 gr. 2. málsgr., svo og fyrir manndráp, líkamsmeiðingar, frelsissviptingu og önnur ofbeldisverk, sem framin eru í tengslum við brot á þessu ákvæði, og enn fremur fyrir háttsemi, sem milliríkjasamningur (konvention) frá 23. september 1971 um að koma í veg fyrir ólögmætar aðgerðir gegn öryggi flugsamgangna tekur til, eftir að sá samningur hefur verið fullgiltur af Íslands hálfu. Mál samkvæmt þessum tölulið skal þó aðeins höfða eftir fyrirskipun dómsmálaráðherra.

2. gr.

Ný grein, 120. gr. a, orðist svo:

Nú veitir maður vísvitandi rangar upplýsingar eða lætur uppi vísvitandi rangar tilkynningar, sem eru fallnar til að vekja ótta um líf, heilbrigði eða velferð manna eða um atriði, sem varða loftferðaöryggi, og varðar það sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að 3 árum. Sömu refsingu varðar að útbreiða þess konar orðróm gegn betri vitund.

3. gr.

Við 165. gr. bætist ný málsgrein, svofelld:

Nú beitir maður, sem er í loftfari, ofbeldi eða hótun um ofbeldi eða annarri ólögmætri aðferð til að ná valdi á stjórn loftfars eða grípur á annan hátt ólöglega inn í stjórn þess og flug, og varðar það fangelsi ekki skemur en 2 ár. Ef alveg sérstaklega stendur á, getur refsing orðið lægri. Ákvæði 166., 167. og 169. gr. eiga einnig við um brot þessi.

4. gr.

Við 2. málsgrein 257. gr. bætist: Sama er, ef eignaspjöll beinast að loftfari.

5. gr.

Lög þessi taka gildi þegar í stað.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta hefur hegningarlaganefnd samið, en í henni eiga sæti dr. Ármann Snævarr, hæstaréttardómari, formaður, Jónatan Þórmundsson, prófessor, Valdimar Stefánsson, saksóknari ríkisins og Þórður Björnsson, yfirsakadómari. Samráð hafa verið höfð við samgönguráðuneytið um efni frv. þessa og við utanríkisráðuneytið að því er varðar Haag- og Montreal-samningana, sem fylgja athugasemdum þessum.

I.

Á síðustu árum hafa verið mikil brögð að því, að menn hafi með ofbeldi eða hótunum um ofbeldi knúið stjórnendur loftfara til að breyta flugstefnu og þá oft svo, að þeir hafa verið neyddir til að fljúga loftfari til annars lands en ætlað var. Verknaður þessi er sýnilega af ýmsum rótum runninn. Oft er um beina fjárkúgun að ræða, mönnum gengur það til að komast yfir fé, sem þeir kúga út úr forráðamönnum flugfélaga. Í annan tíma eru að verki sálsjúkir menn eða geðveilir, og verða þá hvatir þeirra einatt torskýrðar. Enn er til, að fyrir mönnum, er ofbeldi beita, kunni

að vaka að flýja tiltekið land og komast til annars, og geta til þess legið pólitískar ástæður. Víst er, að með þessum verknaði, sem virðist fara mjög í vöxt, er stefnt í hættu mörgum mannslífum og valdið hættu á miklu eignatjóni. Er hættan raunar ekki einskorðuð við það fólk og þær eignir, sem í loftfari eru, auk loftfarsins sjálfs, heldur er og í húfi almennt flugöryggi, enda er öðrum loftförum, mönnum og eignum, sem í þeim eru, hætta búin, svo og fólki og eignum á flugvöllum, m. a. vegna aðgerða lögreglu gegn brotamönnum þeim, sem hér eru að verki. Ekkert land getur verið óhult fyrir afleiðingum þessara brotamanna — flugvélarán, sem svo eru nefnd með vafasömu heiti frá lögfræðilegu sjónarmiði, geta beinzt að hverju flugfélagi sem er, og brotamenn, sem komizt hafa í reynd yfir stjórn loftfars, geta beint því til hvaða lands sem er, þar sem flugvellir eru og lendanlegt er.

Um þetta vandamál hafa verið gerðir þrír alþjóðasamningar, Tokyo-samningurinn frá 14. september 1963, Haag-samningurinn frá 16. desember 1970 og Montreal-samningurinn frá 23. september 1971, sem fjallar jafnframt um spellvirki, sem unnin eru á loftförum á jörðu niðri, þótt samningurinn varði einnig almennt ráðstafanir til að koma í veg fyrir tilræði við loftöryggi. Margar alþjóðastofnanir hafa fjallað um málið í ályktunum sínum, b. á m. allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna (m. a. í des. 1969, nóv. 1970 og des. 1972) og öryggisráð þess (sept. 1970).

Alþjóðasamningarnir hafa hlotið allgóðar undirtektir. Í febrúar 1973 höfðu alls 63 ríki undirritað Tokyo-samninginn, en 42 ríki hafa fullgilt hann. Eru Ísland og öll hin Norðurlöndin í þeim hópi, sem hann hafa fullgilt. Samningurinn tók gildi hinn 4. desember 1969. Haag-samninginn frá 1970 hafa 73 ríki undirritað, en 42 ríki hafa fullgilt hann eða afhent aðildarskjöl. Bæði Sovétríkin og Bandaríkin hafa fullgilt hann, og öll Norðurlandaríkin, nema Ísland. Samningurinn tók gildi í október 1971. Alls hafa 55 ríki undirritað Montreal-samninginn frá 1971, en 19 hafa fullgilt hann eða afhent aðildarskjöl. Er Danmörk í hópi þeirra, er hann hafa undirritað.

Ljóst er, að fullgilding á Haag-samningnum og Montreal-samningnum hlýtur að hafa í för með sér ýmsar breytingar á íslenzkum hegningarlögum, og er nauðsynlegt að gera þær lagabreytingar, áður en fullgilding fer fram.

II.

Rétt þykir að gera hér grein fyrir, hvar hin Norðurlandaríkin standa að því er tekur til aðgerða gagnvart flugvélaránum. Í fyrsta lagi hafa þau öll fullgilt Tokyo-samninginn frá 1963, og svo hefur einnig verið gert af Íslands hálfu. Þá hafa þau fullgilt Haag-samninginn frá 1970. Enn fremur hafa verið sett lög þar í löndum, sem fela í sér sérstök refsiákvæði um verknaði, er að þessu lúta, og sums staðar hefur verið breytt ákvæðum um refsilögsögu, svo að hún taki örugglega til þessara brotamanna. Lög um þetta efni voru sett sem hér segir: Í Svíþjóð nr. 188 27. maí 1971, í Noregi nr. 81 18. júní 1971, í Finnlandi 2. nóvember 1971 og í Danmörku nr. 95 29. marz 1972 og nr. 538 13. des. 1972. Lög þessi taka til verknaðar **um borð í loftfari**, sem fólginn er í að **beita ofbeldi eða hafa uppi hótun um ofbeldi eða beita öðrum ólögmætum hætti í því skyni að ná valdi á stjórn loftfars eða að öðru leyti að grípa ólöglega inn í flugið.** Samkvæmt norskum lögum eru refsimörk frá 2 ára upp í ævilangt fangelsi, en lægri refsingu má þó beita, ef refsivægjandi ástæður eiga við. Samkvæmt finnsku lögunum er refsing frá 2—12 ára fangelsi, en lægri refsingu má beita, ef sérstaklega stendur á. Sænsku lögin mæla fyrir um 4 ára fangelsi sem hámark, en ef brot er stórfellt, þá varðar það 1—10 ára fangelsi. Dönsku lögin kveða svo á, að verknaður varði allt að 10 ára fangelsi, en allt að 16 ára fangelsi, ef brot er sérstaklega hættulegt.

Ljóst er, að á öllum Norðurlöndum hefur eftirlit með farþegum og farangri, sem flutt er með flugvélum, verið hert til muna og hefur þótt koma til álita að rýmka heimild til að framkvæma leit á mönnum og leggja hald á farangur o. fl.

III.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í þessari grein er lagt til, að bætt verði við 6. gr. almennra hegningarlaga nýjum tölulið, 4. tölulið, varðandi refsivald íslenzka ríkisins út af brotum þeim, sem frumvarpið fjallar um að öðru leyti, svo og vegna brota, er Montreal-samningurinn tekur til. Tekið skal fram, að allt meginefni brota samkv. greindum samningi felst í 2.—4. gr. frv.

Þessi breyting hefur í för með sér, að refsivald íslenzka ríkisins nær til svonefndra flugvélaránа án tillits til þess, hvar þau eru framin og af hverjum, en þó með þeim takmörkunum, sem leiðir af reglum þjóðaréttar, sbr. 11. gr. hgl. Með þessari breytingu, ef samþykkt verður, telst það ótvírætt, að íslenzka ríkið hefur fullnægt skilmálum Haag- og Montreal-samninganna um refsilögsögu um þessi brot. Í samningunum er boðið, að samningsríki skuli tryggja sér lögsögu ekki eingöngu um flugvélaránið sem slíkt, heldur einnig um sérhvert ofbeldisbrot, sem framið er gagnvart farþegum eða áhöfn í sambandi við flugvélaránið. Þykir eðlilegt að breyta 6. gr. hegningarlaganna svo, að hún taki einnig til þessa atriðis, því að ekki er ávallt víst, að 165. gr. 2. málsgrein, eins og lagt er til, að hún verði orðuð, tæmi sök gagnvart þessum ofbeldis-, líkamsmeiðinga- og manndrápsbrotum. Að sjálfsögðu gildir 11. gr. og vísan hennar til þjóðaréttarreglna hér fullum fetum. Vitaskuld hefur tilvísunin til Montreal-samningsins ekki gildi til hlítar, fyrr en hann hefur verið fullgiltur af Íslands hálfu.

Rétt þykir að slá við þann varnagla, að mál skuli því aðeins höfða, að dómsmálaráðherra mæli svo fyrir, sbr. og 4. gr. 1. tl. hgl.

Um 2. gr.

Alltítt er, að rangar tilkynningar séu gefnar til forráðamanna flugfélaga um, að t. d. sprengjur séu í tiltekinni flugvél eða að henni steðji annar ófarnaður, sem lífi manna og eignum er háski að. Stundum eru þessar tilkynningar tæki til að fremja með fjárkúgun, en ekki er svo ávallt. Þykir skorta ákvæði í íslenzk hegningarlög, sem nær til þess konar athæfis, nema þegar það er þáttur í annars konar broti, sbr. t. d. fjárkúgun. Stundum má þó vera, að 168. gr. taki til atferlis, svo og t. d. 233. gr. hgl.

Ákvæðið er ekki einskorðað við rangar tilkynningar til flugfélaga, heldur getur það einnig átt við endranær, og tekur það bæði til þess, að ótti sé vakinn um líf, heilbrigði eða velferð eins manns eða fleiri.

Um 3. gr.

Þessi grein frv. er kjarni þess og fjallar um svonefnd flugvélarán.

Í þessari grein frv. er lögð refsing við því, að maður, sem er í loftfari, beiti ofbeldi eða hótun um ofbeldi eða annarri ólögmætri aðferð til að komast yfir stjórn loftfars eða grípur á annan ólögmætan hátt inn í stjórn þess eða flug. Annars konar atlögur að loftfari, sem fela í sér spellvirki, koma ekki undir þetta ákvæði, en geta verið refsiverð samkvæmt 168. gr. hegningarlaganna, svo og 257. gr., en lagt er til í 4. gr. frumvarpsins, að sérstök viðbót verði gerð við 257. gr., er taki til slíks atferlis („sabotage").

Efnisatriðin, sem fólgin eru í 165. gr. 2. málsgrein hgl. svo sem lagt er til, að hún verði orðuð í frumvarpinu, lúta að a) vettvangi, þar sem brot er framið, b) högum brotamannsins, c) aðferð við framningu brots, d) afleiðingum brotsins og e) þeirri almannahættu, sem brotinu er samfara. Er reynt að haga ákvæðinu svo, að það taki til sem flestra tilvika, sem hér eru hugsanleg, og með það í huga, að unnt verði að fullgilda greinda samninga af Íslands hálfu. Skal nú farið nokkrum orðum um hvert einstakt efnisatriði samkvæmt framansögðu.

a. Í samningunum, sem greindir voru, er brot einskorðað við það, að **loftfar sé í flugi**, og síðan er það skýrgreint nákvæmlega, hvað átt sé við með því hugtaki. Í frumvarpinu er brotið ekki bundið við þetta. Ljóst er, að unnt er að beita ofbeldi eða hótun um það í því skyni að knýja flugstjóra til breytingar á flugáætlun, þótt loftfar sé enn á jörðu niðri. Er full ástæða til að láta refsiákvæðið taka til þess tilviks. Hitt er það, að vera má, að þá sé rétt að beita vægari refsingu en ella, sbr., 2. málslið 2. málsgreinar 165. gr., þótt það fari mjög eftir atvikum.

b. Í frumvarpinu er byggt á því, að brotamaður sé um **borð í loftfari**. Er þessi takmörkun valin bæði vegna orðalags samninganna, svo og að fyrirmynd norrænu laganna. Ef ofbeldi eða hótunum o. fl. er beitt af hendi manns, sem ekki er um borð í loftfari, á það ekki hér undir, svo sem að ógnun sé beitt frá manni, sem er um borð í öðru flugfari („piracy") eða frá manni, sem er í landi. Um þetta atriði sérstaklega er fjallað í Genfar-samningnum frá 1958 um „the High Seas", sbr. sérstaklega 15. gr. um loftför, sem raunar er bundin við, að brot sé framið á eða yfir opnu hafi eða á stað, þar sem refsivald ríkis nær ekki til. Verulegur munur er á þessum tvenns konar brotum, og þótt ekki sé útilokað að binda þau saman í einu refsiákvæði, þá er ekki lagt til, að það sé gert hér, enda eru þessi brot, þar sem brotamaður er utan loftfars mjög fátíð a. m. k. enn sem komið er.

c. Verknaði er lýst svo í frumvarpinu, að hann sé fólginn í að **beita ofbeldi, hótun um ofbeldi eða annarri ólögmætri aðferð** til að komast yfir stjórn loftfars eða **grípa á annan ólögmætan hátt** inn í stjórn þess eða flug. Í Haag-samningnum er verknaði lýst svo í enska textanum: „by force or threat thereof, or by any other form of intimidation". Í sænsku lögunum (188/1971) er notað orðalagið „medelst olaga tvång bemäktigar sig fartyget eller ingriper i dess manövrering". Í norska textanum (nr. 81/1971, 18. júní) er orðalagið þetta: „ved vold, trusler eller på annen måte ulovlig tiltvinger seg kontroll over fartövet eller for övrig griper inn i flygningen". Í finnska textanum (2. nóvember 1971 er þetta orðalag: „genom våld eller hot olagligen tvingar befälhavaren eller medlem av besättningen till åtgärd vid fartygets förande eller att avstå från sådan eller på sagda sätt eljest bemäktigar sig fartyget eller ingriper i dess förfarande elle gång . . .". Í danska lagatextanum er orðalagið á þessa lund: „. . . . ved ulovlig tvang, jfr. § 260, (þ. e. 225 gr. ísl. hgl.) overtager kontrollen over luftartöjet eller griber ind i dettes manövrering . . . ".

Ljóst er, að frumvarpið gerir ráð fyrir, að verknaður verði víðtækari en samkvæmt Haag-samningnum, og sé þar lýst refsiverð háttsemi, sem valdi því, að flugstjóri telji sér þess eins úrkosti að láta undan fyrirmælum brotamanns, sbr. orðalagið „eða annarri ólögmætri aðferð". Í frumvarpinu er gert ráð fyrir, að hver ólögmæt aðferð, sem fallin sé til að hafa áhrif á flugstjórann í þessu efni, komi undir ákvæðið og að ekki sé réttmætt að takmarka verknaðinn að þessu leyti. Hér gæti t. d. komið til greina hótun um spellvirki á loftfari.

d. Markmiði verknaðar er lýst svo, að ofbeldisverki o. fl. sé beitt í því skyni að ná valdi á stjórn loftfars, þ. á m. hrifsa hana til sín, eða grípa á annan hátt ólöglega inn í stjórn loftfars. Að öðru leyti er ekki vikið að markmiði verknaðar og því síður þeim hvötum, sem að baki búa. Ljóst er, að ofbeldi eða hótun um það þurfa ekki að beinast að flugstjóra, flugmanni eða öðrum stjórnanda, heldur getur t. d. verið, að brotamaður ógni flugfreyju eða farþega eða hóti að eyðileggja tæki eða annað slíkt, sem varðar öryggi flugsins. Slíkt fellur undir ákvæðið. Greinin tekur bæði til þess, að brotamaður sjálfur taki við flugstjórn og svipti flugstjóra henni, svo og til þess, að hann knýi stjóranda loftfars til þess að breyta flugstefnu og enn til þess, að brotamaður t. d. með því að eyðileggja tæki veldur því, að flugstjóri er neyddur til að lenda á öðrum stað en áætlunarstað eða breyta um flugstefnu að öðru leyti. Hugsanlegt er, að loftfarið verði stjórnlaust vegna aðgerðar brotamanns, og getur það tilvik einnig fallið undir ákvæðið, sbr. og 168. gr. hgl.

e. Í frumvarpsgreininni er ekki nein takmörkun á því, hver loftför falli hér undir og njóti verndar ákvæðisins. Greinin er t. d. ekki einskorðuð við loftför, sem eru

notuð í atvinnuskyni. Samningarnir taka aðeins til borgaralegs flugs og þiggja herloftför, toll- og löggæzluloftför undan ákvæðum þeirra. Ástæðan til þessa er sú, að Alþjóðaflugmálastofnunin tekur aðeins til borgaralegs flugs. Ekki þykir ástæða til að takmarka frumvarpið með þessum hætti, og njóta tollgæzlu- og löggæzluflugvélar verndar samkvæmt ákvæðinu, svo og herflugvélar. Um ákæru fer m. a. með hliðsjón af reglum þjóðaréttarins, svo og samkvæmt þeim víðtæku heimildum, sem ákæruvald hefur til að meta það, hvort ákært skuli fyrir brot.

f. Samningarnir bjóða, að þung refsiviðurlög skuli vera í refsilöggjöf samningsríkja um hin svonefndu flugvélarán. Þessi brot eru stórháskaleg, og er oft og einatt stefnt í hættu fjölmörgum mannslífum og stórfelldum fjárverðmætum. Er lagt til, að í 165. gr. 2. málsgrein verði refsimörk frá 2 ára fangelsi, en hámark er þá samkvæmt 34. gr. 2. málsgrein, sbr. 1. málsgrein, 16 ára fangelsi. Ljóst þykir, að refsimörk þau, sem valin eru í frumvarpinu, fullnægi boði samninganna um þung refsiviðurlög.

g. Samningarnir bjóða, að tilraun til brots og hlutdeild í þeim skuli vera refsiverð. Þar sem lagt er til, að hið nýja ákvæði verði grein í almennum hegningarlögum, þarf ekki að geta þess sérstaklega í frumvarpsgreininni, að tilraun og hlutdeild séu refsiverð, sbr. orðalag 20. og 22. gr. hegningarlaga.

h. Í frumvarpinu er þess getið sérstaklega og aðeins til öryggis, að ákvæði 166., 167. og 169. gr. eigi einnig við um brot það, sem frumvarpið lýtur að. Ljóst er, að auk hins nýja ákvæðis er unnt að beita öðrum refsimælum, sbr. t. d. 251. gr. um fjárkúgun, ef því er að skipta. Ef líkamstjón eða líftjón hlýzt af, geta komið til greina ákvæði XXIII. kafla og ef beitt er frelsissviptingu getur 226. gr. komið til greina. Að jafnaði myndi nauðung samkvæmt frumvarpsgreininni útiloka, að 225. gr. yrði beitt.

Um 4. gr.

Montreal-samningurinn tekur til atlaga að loftförum, sem ekki eru í flugi, þ. e. ýmis konar eignaspjalla eða spellvirkja á jörðu niðri. Er boðið, að þung viðurlög skuli lögmælt um slíkar atlögur. Þykir öruggara að leggja til, að sérstakt ákvæði sé sett í 257. gr. 2. málsgrein þess efnis, að eignaspjöll, er beinast að loftförum, komi undir 2. málsgrein. Oftast myndi þessu vera svo farið að óbreyttu ákvæðinu, en ekki ávallt. Með þessari breytingu er það ótvírætt, að fullnægt er boði samningsins til refsimæla út af spjöllum á loftförum á jörðu niðri. Ákvæðið tekur vitaskuld til spjalla á hvers konar tækjum og búnaði loftfars, en auk þess nær það til öryggisbúnaðar, sem ætlaður er til notkunar í loftfari. Tengslin milli hinnar nýju málsgreinar í 165. gr. hgl., sem frumvarpið lýtur að, og þessa ákvæðis ættu að vera skýr.

Fylgiskjal I.

Þýðing úr ensku.

SAMNINGUR UM AÐ KOMA Í VEG FYRIR ÓLÖGMÆTAR AÐGERÐIR GEGN ÖRYGGI FLUGSAMGANGNA

RÍKI ÞAU, SEM AÐILAR ERU AÐ SAMNINGI ÞESSUM

TELJA, að ólöglegar aðgerðir gegn öryggi flugsamgangna stofni öryggi manna og eigna í hættu, hafi alvarleg áhrif á rekstur flugþjónustu og rýri traust þjóða heims á öryggi flugsamgangna;

TELJA, að slík brot séu mikið áhyggjuefni;

TELJA, að til þess að koma í veg fyrir slíkar aðgerðir, beri brýna nauðsyn til að refsa þeim, sem brotlegir gerast og

HAFA ÞVÍ ORÐIÐ ÁSÁTT UM EFTIRFARANDI:

1. gr.

1. Sá gerist sekur um afbrot, sem á ólögmætan hátt og af ásetningi
a) beitir ofbeldi gegn einstaklingi í loftfari í flugi, ef aðgerðin er til þess fallin að stofna öryggi loftfarsins í hættu; eða
b) eyðileggur loftfar í rekstri eða veldur á því skemmdum, þannig að það er óhæft til flugs, eða ætla má líklegt að öryggi þess í flugi sé stofnað í hættu; eða
c) kemur fyrir eða stuðlar að því, að komið sé fyrir — á einhvern hátt — í loftfari í flugi útbúnaði eða efni, sem ætla má til þess fallið að eyðileggja eða valda skemmdum á loftfari á slíkan hátt, að það reynist óhæft til flugs, eða valda á því skemmdum, sem líklegt er að stofnað gætu öryggi þess í flugi í hættu; eða
d) eyðileggur eða veldur skemmdum á flugstjórnartækjum eða veldur truflun á starfsemi þeirra, ef ætla má slíka aðgerð til þess fallna að stofna öryggi loftfars í flugi í hættu; eða
e) veitir upplýsingar, sem hann veit að eru rangar, og stofnar þar með öryggi loftfars í flugi í hættu.

2. Sá gerist enn fremur sekur um afbrot, sem
a) gerir tilraun til að fremja einhvern þann verknað, sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar; eða
b) er sekur um hlutdeild í framningu slíks verknaðar eða í tilraun til að fremja hann.

2. gr.

Í samningi þessum:
a) telst loftfar vera í flugi hvenær sem er eftir að búið er að loka öllum ytri dyrum þess, eftir að farþegar eru komnir um borð og þangað til einhverjar slíkar dyr eru opnaðar, til að farþegar geti gengið frá borði. Ef um nauðlendingu er að ræða, telst flugferð ekki lokið, fyrr en þar til bær yfirvöld taka ábyrgð á loftfarinu og mönnum og eignum um borð;
b) telst loftfar vera í rekstri frá þeim tíma, er starfsmenn á jörðu niðri eða áhöfn hefja að búa loftfar undir ákveðna ferð og þangað til 24 klukkustundir eru liðnar frá lendingu. Tími sá, er loftfar telst í rekstri, skal þó hið skemmsta vera allur sá tími, sem loftfar er í flugi, eins og skilgreint er í a-lið þessarar greinar.

3. gr.

Sérhvert samningsríki skuldbindur sig til að lýsa þau afbrot refsiverð, sem í 1. gr. getur, og leggja þung viðurlög við þeim.

4. gr.

1. Samningur þessi tekur ekki til loftfara, sem notuð eru í þjónustu hers, tollyfirvalda eða lögreglu.

2. Í þeim tilvikum, sem um getur í a-, b-, c- og e-lið 1. mgr. 1. gr., gildir samningurinn, óháð því, hvort loftfarið er í innanlands- eða millilandaflugi, aðeins þegar
a) raunverulegur eða áætlaður brottfarar- eða lendingarstaður er utan landsvæðis þess ríkis, sem loftfarið er skrásett í; eða
b) afbrotið er framið á landsvæði annars ríkis, en loftfarið er skrásett í.

3. Í þeim tilvikum, sem um getur í a-, b-, c- og e-lið 1. mgr. 1. gr., gildir samningurinn, þrátt fyrir ákvæði undanfarandi málsgreinar, einnig ef brotamaður eða meintur brotamaður finnst á landsvæði annars ríkis en þess, sem loftfar er skrásett í.

4. Samningur þessi gildir ekki um tilvik þau, sem um getur í a-, b-, c- og e-lið 1. mgr. 1. gr., gagnvart þeim ríkjum, sem í 9. gr. getur, ef staðir þeir, sem nefndir

eru í a-lið 2. mgr. þessarar greinar, liggja á landsvæði sama ríkis og það er eitt þeirra ríkja, sem í 9. gr. getur, nema afbrotið hafi verið framið eða brotamaður eða meintur brotamaður finnist á landsvæði annars ríkis en þess ríkis.

5. Í þeim tilvikum, sem í d-lið 1. mgr. 1. gr. getur, gildir samningurinn aðeins, ef flugstjórnartækin eru notuð við millilandaflugsamgöngur.

6. Ákvæði 2.—5. mgr. þessarar greinar gilda einnig í tilvikum þeim, sem í 2. mgr. 1. gr. getur.

5. gr.

1. Sérhvert samningsríki skal gera þær ráðstafanir, sem nauðsynlegar kunna að vera til að ná lögsögu yfir afbrotunum í eftirfarandi tilvikum:

a) þegar afbrot er framið á landsvæði þess ríkis;
b) þegar afbrot er framið gegn loftfari eða í loftfari, sem skrásett er í viðkomandi ríki;
c) þegar loftfarið, sem afbrotið er framið í, lendir á landsvæði þess ríkis með meintan brotamann um borð;
d) þegar afbrotið er framið gegn loftfari eða í loftfari, sem án áhafnar er leigt leigutaka, enda hafi hann aðalaðsetur fyrir atvinnustarfsemi sína í því ríki eða hafi búsetu þar, ef leigutaki hefur ekkert slíkt aðsetur fyrir starfsemi sína.

2. Sérhvert samningsríki skal einnig gera nauðsynlegar ráðstafanir til að ná lögsögu yfir þeim afbrotum, sem getur í a-, b- og c-lið 1. mgr. 1. gr. og 2. mgr. 1. gr. að því leyti sem síðastnefnd mgr. á við um þessi afbrot, í þeim tilvikum þegar meintur brotamaður dvelur á landsvæði þess ríkis og ríkið framselur hann ekki samkvæmt 8. gr. til einhvers þeirra ríkja, sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar.

3. Samningur þessi kemur ekki í veg fyrir refsilögsögu, sem beitt er samkvæmt landslögum.

6. gr.

1. Sérhvert ríki, sem brotamaður eða meintur brotamaður er staddur í, skal, þegar staðreynt hefur verið, að lagaskilyrði réttlæti það, hneppa hann í gæzlu eða gera aðrar ráðstafanir til að tryggja návist hans. Gæzla og aðrar ráðstafanir skulu vera í samræmi við lög viðkomandi ríkis, og skal marka þeim tíma miðað við það, sem telja má nauðsynlegt til að hefja sakamáls- eða framsalsaðgerðir.

2. Ríkinu ber þegar að hefja frumrannsókn á málsatvikum.

3. Hverjum þeim manni, sem í gæzlu er samkvæmt næstu málsgrein á undan, skal veitt aðstoð til að ná sambandi tafarlaust við næsta fulltrúa ríkis þess, sem hann hefur ríkisfang í.

4. Þegar ríki hefur samkvæmt þessari grein tekið mann í gæzlu, skal það þegar í stað tilkynna ríkjum þeim, sem um getur í 1. mgr. 5. gr., og ríki því, sem maðurinn á ríkisfang í, og einnig, ef það telur ástæðu til þess, sérhverju öðru ríki, sem kann að eiga hagsmuna að gæta að fá vitneskju um, að maðurinn sé í gæzlu, og málsatvik þau, sem liggja til grundvallar töku hans. Ríki það, sem annast frumrannsókn þá, er 2. mgr. þessarar greinar fjallar um, skal án tafar skýra téðum ríkjum frá niðurstöðum sínum og taka fram, hvort það hefur í hyggju að neyta lögsöguvalds síns.

7. gr.

Samningsríki, sem ræður yfir landsvæði, þar sem meintur brotamaður finnst, er skylt, svo fremi það framselji hann ekki, að fela þar til bærum yfirvöldum málið til saksóknar og það án nokkurrar undantekningar og hvort sem brotið var framið á landsvæði þess eða ekki. Yfirvöld þessi skulu taka ákvörðun um saksókn eftir sömu reglum og þeim, er gilda, ef um er að ræða afbrot alvarlegs eðlis samkvæmt landslögum.

8. gr.

1. Afbrotin teljast fólgin í hvers kyns samningi um framsal sakamanna, sem í gildi er milli samningsríkjanna, og teljast þar meðal þeirra afbrota, er leiða til fram-

sals. Samningsríkin skuldbinda sig til að fella afbrotin undir ákvæði um framsal sakamanna í öllum samningum þar að lútandi, sem þau gera með sér framvegis.

2. Ef samningsríki, sem gerir samning að skilyrði fyrir framsali, fær beiðni um framsal frá öðru samningsríki, sem það hefur ekki gert samning við um framsal sakamanna, getur það að eigin vild talið samning þennan lagalegan grundvöll fyrir framsali vegna afbrotsins. Um framsalið fer að öðru leyti eftir lögum þess ríkis, sem óskað er framsals hjá.

3. Samningsríki, sem ekki gera samning sín á milli að skilyrði fyrir framsali, skulu viðurkenna gagnkvæmt, að afbrotið falli undir lagaákvæði um framsal sakamanna í samræmi við löggjöf ríkis þess, er óskað er framsals hjá.

4. Að því er varðar framsal milli samningsríkjanna, ber eigi einungis að telja brotið framið á þeim stað, þar sem aðgerðirnar voru framkvæmdar, heldur einnig á landsvæðum þeirra ríkja, sem eiga lögsögu yfir afbrotinu samkvæmt b-, c- og d-lið 1. mgr. 5. gr.

9. gr.

Samningsríki, sem stofna sameiginleg loftferðasamtök, eða alþjóðastofnanir, sem nota loftför, er háð eru alþjóðlegri eða sameiginlegri skráningu, skulu á viðeigandi hátt tilgreina fyrir sérhvert loftfar ríki það, er hafa skal lögsögu og koma fram sem skráningarríki, að því er samning þennan varðar, og ber að tilkynna Alþjóðaflugmálastofnuninni um það efni, en hún kemur tilkynningu á framfæri við aðildarríki samnings þessa.

10. gr.

1. Samningsríki skulu í samræmi við þjóðarétt og eigin landslög leitast við til hins ítrasta að koma í veg fyrir afbrot þau, sem um getur í 1. gr.

2. Nú seinkar flugferð eða sætir truflunum af völdum einhvers afbrots, sem um getur í 1. gr., og skal þá sérhvert samningsríki, þar sem loftfar, farþegar eða áhöfn eru stödd, auðvelda farþegum og áhöfn að halda áfram för sinni, svo fljótt sem verða má, og skila loftfarinu og farmi þess þeim aðilum, sem rétt eiga til yfirráða.

11. gr.

1. Samningsríki skulu veita hvert öðru fyllstu aðstoð í sambandi við refsiaðgerðir vegna afbrotanna. Lög þess ríkis, sem um aðstoð er beðið, gilda óskorað um þetta efni.

2. Ákvæði 1. mgr. þessarar greinar hafa ekki áhrif á skuldbindingar samkvæmt neinum öðrum samningi, tvíhliða eða marghliða, sem nær eða getur náð að einhverju eða öllu leyti til gagnkvæmrar aðstoðar í sakamálum.

12. gr.

Sérhvert samningsríki, sem hefur ástæðu til að ætla, að eitthvert þeirra afbrota, sem um getur í 1. gr., verði framin, skal í samræmi við sín landslög láta í té öðrum ríkjum, sem það telur að til greina komi samkv. 1. mgr. 5. gr., allar upplýsingar, sem það býr yfir og máli skipta.

13. gr.

Sérhvert samningsríki skal í samræmi við sín eigin landslög láta ráði Alþjóðaflugmálastofnunarinnar í té, svo fljótt sem verða má, allar mikilsverðar upplýsingar, sem það býr yfir varðandi:

a) málsatvik afbrotsins,
b) þær aðgerðir, sem gripið er til samkvæmt 2. mgr. 10. gr.,
c) ráðstafanir þær, sem gerðar hafa verið gagnvart brotamanni eða meintum brotamanni, einkum um úrslit sérhvers framsalsmáls eða annarra réttarathafna.

14. gr.

1. Nú rís deila milli tveggja eða fleiri samningsríkja, um túlkun eða beitingu þessa samnings, er eigi verður jöfnuð með samkomulagi, og skal hún þá lögð í

gerð, ef eitt þeirra óskar þess. Náist ekki samkomulag milli deiluaðilanna um skipun gerðardómsins innan sex mánaða frá dagsetningu beiðnar, getur hver aðilanna sem er vísað ágreiningnum til Alþjóðadómstólsins með beiðni í samræmi við samþykktir dómstólsins.

2. Sérhvert ríki getur við undirskrift eða fullgildingu samnings þessa eða þegar það gerist aðili að honum, lýst því yfir, að það telji sig ekki bundið af undanfarandi málsgrein gagnvart samningsríki, sem gert hefur slíkan fyrirvara.

3. Sérhvert samningsríki, sem gert hefur fyrirvara samkvæmt undanfarandi málsgrein, getur hvenær sem er tekið fyrirvarann til baka með tilkynningu til þeirra ríkisstjórna, sem veitt hafa fullgildingar- eða aðildarskjölum móttöku.

15. gr.

1. Samningur þessi skal liggja frammi í Montreal hinn 23. september 1971 til undirritunar fyrir þátttökuríkin á Alþjóðaráðstefnu um loftferðalög, sem haldin var í Montreal 8.—15. september 1971 (og nefnist í samningi þessum Montreal-ráðstefnan). Eftir 10. október 1971 stendur öllum ríkjum til boða að undirrita samninginn í Moskvu, London og Washington. Sérhvert ríki, sem eigi undirritar samning þennan, áður en hann gengur í gildi samkvæmt 3. mgr. þessarar greinar, getur gerzt aðili að honum hvenær sem það kýs.

2. Samningur þessi skal háður fullgildingu af hálfu þeirra ríkja, sem undir hann rita. Fullgildingar- og aðildarskjöl skulu afhent ríkisstjórnum Sovétríkjanna, Sameinaða konungsríkisins Stóra-Bretlands og Norður-Írlands og Bandaríkja Ameríku, sem hér með er falið að veita fullgildingar- og aðildarskjölum móttöku.

3. Samningur þessi skal taka gildi að liðnum þrjátíu dögum frá því að tíu ríki, sem hafa undirritað hann og þátt tóku í Montreal-ráðstefnunni, hafa lagt fram fullgildingarskjöl.

4. Að því er önnur ríki varðar, tekur samningurinn gildi þann dag, sem hann gengur í gildi samkvæmt undanfarandi málsgrein eða að liðnum þrjátíu dögum frá því þau hafa lagt fram fullgildingar- eða aðildarskjöl sín, hvort sem síðar kann að bera að höndum.

5. Ríkisstjórnir þeirra landa, er taka við fullgildingar- og aðildarskjölum, skulu án tafar tilkynna öllum þeim ríkjum, sem undirskrifa samninginn og gerast aðilar að honum, um dagsetningu sérhverrar undirskriftar, afhendingardag sérhvers fullgildar- og aðildarskjals, gildistökudag þessa samnings og koma á framfæri öðrum orðsendingum.

6. Um leið og samningur þessi öðlast gildi, skal hann skrásettur hjá ríkisstjórnum, sem taka við fullgildingar- og aðildarskjölum, í samræmi við ákvæði 102. gr. Sáttmála Sameinuðu þjóðanna og 83. gr. samþykktar um alþjóðaflugmál (Chicago 1944).

16. gr.

1. Hverju samningsríki skal heimilt að segja upp samningi þessum með skriflegri tilkynningu til ríkisstjórna þeirra, sem taka við fullgildingar- og aðildarskjölum.

2. Uppsögn tekur gildi að liðnum sex mánuðum frá þeim degi, er ríkisstjórnir þær, sem veita fullgildingar- og aðildarskjölum móttöku, fengu tilkynninguna í hendur.

ÞESSU TIL STAÐFESTU hafa undirritaðir fulltrúar, sem til þess hafa fullt umboð ríkisstjórna sinna, undirritað samning þennan.

GJÖRT í Montreal hinn tuttugusta og þriðja dag septembermánaðar nítján hundruð sjötíu og eitt í fjórum jafngildum textum á ensku, frönsku, rússnesku og spönsku, í þrem frumritum.

Fylgiskjal II.

Þýðing úr ensku.

SAMNINGUR UM AÐ KOMA Í VEG FYRIR ÓLÖGLEGA TÖKU LOFTFARA.

Inngangur:

RÍKI ÞAU, SEM AÐILAR ERU AÐ SAMNINGI ÞESSUM,

TELJA, að ólöglegar aðgerðir, sem miða að töku eða stjórn loftfara í flugi, stofni í hættu öryggi manna eða eigna, hafi alvarleg áhrif á rekstur flugþjónustu og rýri traust þjóða heims á öryggi flugsamgangna;

TELJA, að slík brot séu mikið áhyggjuefni;

TELJA, að til þess að koma í veg fyrir slíkar aðgerðir, beri brýna nauðsyn til að gera viðeigandi ráðstafanir til að refsa þeim, sem brotlegir gerast, og

HAFA ÞVÍ ORÐIÐ ÁSÁTT UM EFTIRFARANDI:

1. gr.

Sá, sem gerist sekur um eftirfarandi háttsemi um borð í loftfari í flugi:

a) tekur það á sitt vald eða nær tökum á stjórn þess ólöglega með valdbeitingu eða hótun um valdbeitingu, eða reynir einhverjar slíkar aðgerðir, eða
b) er sekur um hlutdeild í framningu slíks verknaðar eða í tilraun til að drýgja hann, fremur afbrot (sem í samningi þessum nefnist „afbrotið").

2. gr.

Sérhvert samningsríki skuldbindur sig til að lýsa afbrotið refsivert og leggja þung viðurlög við því.

3. gr.

1. Að því er samning þennan varðar skal talið, að loftfar sé í flugi, hvenær sem er eftir að búið er að loka öllum ytri dyrum þess, eftir að farþegar eru komnir um borð og þangað til einhverjar slíkar dyr eru opnaðar, til að farþegar geti gengið frá borði. Ef um nauðlendingu er að ræða, telst flugferð ekki lokið, fyrr en þar til bær yfirvöld taka ábyrgð á loftfarinu og mönnum og eignum um borð.

2. Ákvæði samnings þessa taka ekki til loftfara, sem notuð eru í þjónustu hers, tollyfirvalda eða lögreglu.

3. Samningur þessi tekur aðeins til þess, þegar flugtaksstaður eða raunverulegur lendingarstaður loftfarsins, sem afbrotið er framið í, er utan landsvæðis ríkisins, sem loftfarið er skrásett í, og skiptir eigi máli, hvort loftfarið er í millilanda- eða innanlandsflugi.

4. Í þeim tilvikum, sem um getur í 5. gr., á samningur þessi ekki við, ef flugtaksstaður og raunverulegur lendingarstaður loftfarsins, sem afbrotið er framið í, eru innan landsvæðis sama ríkis og það ríki er eitt þeirra, sem um getur í 5. gr.

5. Þrátt fyrir ákvæði 3. og 4. mgr. þessarar greinar eiga 6., 7., 8. og 10. gr. við, án tillits til flugtaksstaðar eða raunverulegs lendingarstaðar loftfarsins, ef brotamaður eða meintur brotamaður finnst á landsvæði annars ríkis en þess, sem loftfarið er skrásett í.

4. gr.

1. Sérhvert samningsríki skal gera þær ráðstafanir, sem nauðsynlegar kunna að vera til að ná lögsögu yfir afbrotinu og hvers kyns öðru ofbeldisverki gagnvart far-

þegum eða áhöfn, sem meintur brotamaður fremur í sambandi við afbrotið í eftirfarandi tilvikum:

a) Þegar afbrotið er framið í loftfari, sem skrásett er í viðkomandi ríki;
b) þegar loftfarið, sem afbrotið er framið í, lendir á landsvæði þess ríkis og meintur brotamaður er enn um borð;
c) þegar afbrotið er framið í loftfari, sem án áhafnar er leigt leigutaka, enda hafi hann aðalaðsetur fyrir atvinnustarfsemi sína í því ríki eða hafi búsetu þar, ef leigutaki hefur ekkert slíkt aðsetur fyrir starfsemi sína.

2. Sérhvert samningsríki skal einnig gera nauðsynlegar ráðstafanir til að ná lögsögu yfir afbrotinu í því tilviki, að meintur brotamaður sé til staðar á landsvæði þess, og ríkið framselji hann ekki samkvæmt 8. gr. neinum þeim ríkjum, sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar.

3. Samningur þessi kemur ekki í veg fyrir refsilögsögu, sem beitt er samkvæmt landslögum.

5. gr.

Samningsríki, sem stofna sameiginleg loftferðasamtök eða alþjóðastofnanir, sem hafa í þjónustu sinni loftför, er háð eru alþjóðlegri eða sameiginlegri skráningu, skulu á viðeigandi hátt tilgreina fyrir sérhvert loftfar ríki það, er hafa skal lögsögu og koma fram sem skráningarríki að því er samning þennan varðar, og ber að tilkynna Alþjóðaflugmálastofnuninni um það efni, en hún kemur tilkynningu á framfæri við aðildarríki samnings þessa.

6. gr.

1. Sérhvert ríki, sem brotamaður eða meintur brotamaður er staddur í, skal, þegar staðreynt hefur verið að lagaskilyrði réttlæti það, hneppa hann í gæzlu eða gera aðrar ráðstafanir til að tryggja návist hans. Gæzla og aðrar ráðstafanir skulu vera í samræmi við lög viðkomandi ríkis, og skal marka þeim tíma, miðað við það, sem telja má nauðsynlegt til að hefja sakamáls- eða framsalsaðgerðir.

2. Ríkinu ber þegar að hefja frumrannsókn á málsatvikum.

3. Hverjum þeim manni, sem í gæzlu er samkvæmt næstu málsgrein á undan, skal veitt aðstoð til að ná sambandi tafarlaust við næsta fulltrúa ríkis þess, sem hann hefur ríkisfang í.

4. Þegar ríki hefur samkvæmt þessari grein tekið mann í gæzlu, skal það þegar í stað tilkynna skrásetningarríki loftfarsins og ríki því, sem um getur í c-lið 1. mgr. 4. gr., svo og ríki því, sem maðurinn á ríkisfang í, og einnig, ef það telur ástæðu til, sérhverju öðru ríki, sem kann að eiga hagsmuna að gæta af að fá vitneskju um, að maðurinn sé í gæzlu og um málsatvik þau, sem liggja til grundvallar töku hans. Ríki það, sem annast frumrannsókn þá, er 2. mgr. þessarar greinar fjallar um, skal án tafar skýra téðum ríkjum frá niðurstöðum sínum og taka fram, hvort það hefur í hyggju að neyta lögsöguvalds síns.

7. gr.

Samningsríki, sem ræður yfir landsvæði, þar sem meintur brotamaður finnst, er skylt, svo fremi það framselji hann ekki, að fela þar til bærum yfirvöldum málið til saksóknar og það án nokkurrar undantekningar, og hvort sem afbrotið var framið á landsvæði þess eða ekki.

Yfirvöld þessi skulu taka ákvörðun um saksókn eftir sömu reglum og þeim, sem gilda, ef um er að ræða afbrot alvarlegs eðlis samkvæmt landslögum.

8. gr.

1. Afbrotið telst fólgið í hvers kyns samningi um framsal sakamanna, sem í gildi er milli samningsríkjanna, og teljast þar meðal þeirra afbrota, er leiða til framsals. Samningsríkin skuldbinda sig til að fella afbrotið undir ákvæði um framsal sakamanna í öllum samningum þar að lútandi, sem þau gera með sér framvegis.

2. Ef samningsríki, sem gerir samning að skilyrði fyrir framsali, fær beiðni um framsal frá öðru samningsríki, sem það hefur ekki gert samning við um framsal sakamanna, getur það að eigin vild talið samning þennan lagalegan grundvöll fyrir framsali vegna afbrotsins. Um framsalið fer að öðru leyti eftir lögum þess ríkis, sem óskað er framsals hjá.

3. Samningsríki, sem ekki gera samning sín í milli að skilyrði fyrir framsali, skulu viðurkenna gagnkvæmt, að afbrotið falli undir lagaákvæði um framsal sakamanna í samræmi við löggjöf ríkis þess, er óskað er framsals hjá.

4. Að því er varðar framsal milli samningsríkjanna, ber eigi einungis að telja afbrotið framið á þeim stað, þar sem aðgerðirnar voru framkvæmdar, heldur einnig á landsvæðum þeirra ríkja, sem eiga lögsögu yfir afbrotinu samkvæmt 1. mgr. 4. gr.

9. gr.

1. Nú er framið eitthvert þeirra brota, sem greinir í a-lið 1. gr. eða er yfirvofandi og ber samningsríkjunum að gera viðeigandi ráðstafanir til að fá löglegum flugstjóra aftur í hendur stjórn loftfarsins eða viðhalda stjórn hans á því.

2. Í þeim tilvikum, sem um getur í næstu málsgrein á undan, skal samningsríki, þar sem loftfar eða farþegar eða áhöfn eru, auðvelda farþegum og áhöfn að halda áfram för sinni svo fljótt sem verða má og skila loftfarinu og farmi þess þeim aðilum, sem rétt eiga til yfirráða.

10. gr.

1. Samningsríkin skulu veita hvert öðru fyllstu aðstoð í sambandi við refsiaðgerðir vegna afbrotanna. Lög þess ríkis, sem um aðstoð er beðið, gilda óskorað um þetta efni.

2. Ákvæði 1. mgr. þessarar greinar hafa ekki áhrif á skuldbindingar samkvæmt neinum öðrum samningi, tvíhliða eða marghliða, sem nær eða getur náð að einhverju eða öllu leyti til gagnkvæmrar aðstoðar í sakamálum.

11. gr.

Sérhvert samningsríki skal í samræmi við eigin landslög láta ráði Alþjóðaflugmálastofnunarinnar í té, svo fljótt sem verða má, allar mikilsverðar upplýsingar, sem það býr yfir varðandi:

a) málsatvik afbrotsins;
b) þær aðgerðir, sem gripið er til samkvæmt 9. gr.;
c) ráðstafanir þær, sem gerðar hafa verið gagnvart brotamanni eða meintum brotamanni, einkum um úrslit sérhvers framsalsmáls eða annarra réttarathafna.

12. gr.

1. Nú rís deila milli tveggja eða fleiri samningsríkja um túlkun eða beitingu þessa samnings, er eigi verður jöfnuð með samkomulagi, og skal deilan þá lögð í gerð, ef eitt þeirra óskar þess. Náist ekki samkomulag milli deiluaðilanna um skipun gerðardómsins innan sex mánaða frá dagsetningu beiðnar, getur hver aðilanna, sem er, vísað ágreiningnum til Alþjóðadómstólsins með beiðni í samræmi við samþykktir dómstólsins.

2. Sérhvert ríki getur við undirskrift eða fullgildingu samnings þessa eða þegar það gerist aðili að honum lýst því yfir, að það telji sig ekki bundið af undanfarandi málsgrein. *Hin ríkin skulu ekki bundin af undanfarandi málsgrein gagnvart samningsríki, sem gert hefur slíkan fyrirvara.*

3. Sérhvert samningsríki, sem gert hefur fyrirvara samkvæmt undanfarandi málsgrein, getur hvenær sem er tekið fyrirvarann til baka með tilkynningu til þeirra ríkisstjórna, sem veitt hafa fullgildingar- eða aðildarskjölum móttöku.

13. gr.

1. Samningur þessi skal liggja frammi í Haag hinn 16. desember 1970 til undirritunar fyrir þátttökuríkin í Alþjóðaráðstefnu um loftferðalög, sem haldin var í Haag 1.—16. desember 1970 (og nefnist í samningi þessum Haag-ráðstefnan). Eftir 31. desember 1970 stendur öllum ríkjum til boða að undirrita samninginn í Moskvu, London og Washington. Sérhvert ríki, sem eigi undirritar samning þennan, áður en hann gengur í gildi samkvæmt 3. mgr. þessarar greinar, getur gerzt aðili að honum hvenær sem það kýs.

2. Samningur þessi skal háður fullgildingu af hálfu þeirra ríkja, sem undirrita hann. Fullgildingar- og aðildarskjöl skulu afhent ríkisstjórnum Sovétríkjanna, Sameinaða konungsríkisins Stóra-Bretlands og Norður-Írlands, og Bandaríkja Ameríku, sem hér með er falið að veita fullgildingar- og aðildarskjölum móttöku.

3. Samningur þessi skal taka gildi að liðnum þrjátíu dögum frá því að tíu ríki, sem hafa undirritað hann og þátt tóku í Haag-ráðstefnunni, hafa lagt fram fullgildingarskjöl.

4. Að því er önnur ríki varðar tekur samningurinn gildi þann dag, sem hann gengur í gildi samkvæmt undanfarandi málsgrein eða að þrjátíu dögum liðnum frá því að þau hafa lagt fram fullgildingar- eða aðildarskjöl sín, hvort sem síðar kann að bera að höndum.

5. Ríkisstjórnir þeirra ríkja, er taka við fullgildingar- og aðildarskjölum, skulu án tafar tilkynna öllum þeim ríkjum, sem undirskrifa samninginn og gerast aðilar að honum, um dagsetningu sérhverrar undirskriftar, afhendingardag sérhvers fullgildingar- og aðildarskjals, gildistökudag þessa samnings og koma á framfæri öðrum orðsendingum.

6. Um leið og samningur þessi öðlast gildi, skal hann skrásettur hjá ríkisstjórnunum, sem taka við fullgildingar- og aðildarskjölum samkvæmt 102. grein sáttmála Sameinuðu þjóðanna og 83. grein samþykktar um alþjóðaflugmál (Chicago 1944).

14. gr.

1. Hverju samningsríki skal heimilt að segja upp samningi þessum með skriflegri tilkynningu til ríkisstjórna þeirra, sem taka við fullgildingar- og aðildarskjölum.

2. Uppsögn tekur gildi að liðnum sex mánuðum frá þeim degi, er ríkisstjórnir þær, sem veita fullgildingar- og aðildarskjölum móttöku, fengu tilkynninguna í hendur.

ÞESSU TIL STAÐFESTU hafa undirritaðir fulltrúar, sem til þess hafa fullt umboð ríkisstjórna sinna, undirritað samning þennan.

GJÖRT í Haag hinn sextánda dag desembermánaðar nítján hundruð og sjötíu í fjórum jafngildum textum á ensku, frönsku, rússnesku og spönsku, í þrem frumritum.

Sþ. 387. Fyrirspurn [203. mál]

til utanríkisráðherra um framlagningu gagna við Alþjóðadómstólinn.

Frá Jóni Árm. Héðinssyni.

1. Hvaða gögn hafa verið lögð fram af hálfu utanríkisráðuneytisins við Alþjóðadómstólinn í Haag vegna fiskveiðideilunnar?
2. Hverjir sömdu þessi gögn?

Ed. **388. Frumvarp til laga** [204. mál]

um breyting á lögum um Húsnæðismálastofnun ríkisins, nr. 30 12. maí 1970.

Flm.: Steingrímur Hermannsson, Tómas Árnason.

1. gr.

Við ákvæði til bráðabirgða bætist nýr töluliður, nr. 6, svo hljóðandi:

6. Ríkisstjórnin getur látið byggja hagkvæmar, ódýrar íbúðir í samvinnu við sveitarfélög utan Reykjavíkur. Íbúðir þessar skulu vera vandaðar, hagkvæmar og staðlaðar, en án óþarfa íburðar. Bygging þessara íbúða skal hefjast strax og lokið er byggingu umsaminna íbúða í Reykjavík á vegum ríkisins og Reykjavíkurborgar í samvinnu við verkalýðsfélögin, en lánakjör skulu vera hin sömu og við byggingu þeirra íbúða. Stærð áfanga skal miðuð við þarfir og getu viðkomandi sveitarfélags.

Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd þessa töluliðar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með lögum nr. 97 frá 1965 var ríkisstjórninni heimilað að láta „byggja hagkvæmar, ódýrar íbúðir í fjölbýlishúsum í samvinnu við hlutaðeigandi sveitarfélög". Þetta var gert í samræmi við samning, sem gerður hafði verið við verkalýðsfélögin um byggingu hagkvæmra íbúða.

Aðeins eitt sveitarfélag, Reykjavíkurborg, gekk til samninga um byggingu slíkra íbúða. Tilraun var gerð á Sauðárkróki, en úr byggingu varð ekki. Mun orsökin fyrst og fremst hafa verið sú, að nauðsynlegt var talið að hafa áfanga í byggingarframkvæmdum það stóra vegna hagkvæmninnar, að önnur sveitarfélög en Reykjavíkurborg réðu ekki við verkefnið.

Með tilvísun til ofangreindra laga var 28. apríl 1967 gefin út reglugerð um íbúðabyggingar ríkisins og Reykjavíkurborgar. Það eru hinar svonefndu Breiðholtframkvæmdir. Samkvæmt reglugerðinni var gert ráð fyrir því að byggja 1250 íbúðir í Reykjavík á árunum 1966—1970. Byggingarframkvæmdir hafa dregizt nokkuð. Er gert ráð fyrir því, að umræddum íbúðum verði lokið snemma á árinu 1975.

Með lögum um Húsnæðismálastofnun ríkisins, nr. 30 frá 12. maí 1970, eru lög nr. 97 frá 1965 felld úr gildi. Í 3. tölulið ákvæðis til bráðabirgða segir hins vegar: „Haldast skulu óbreytt ákvæði laga og reglugerða um framkvæmd byggingaráætlunar í Reykjavík" o. s. frv.

Með öðrum orðum, heimild laga nr. 97 frá 1965 er með hinum nýju lögum um Húsnæðismálastofnun ríkisins breytt á þann veg, að heimildin nær eingöngu til byggingarframkvæmda í Reykjavík. Heimild til þess að byggja í samvinnu við önnur sveitarfélög slíkar hagkvæmar, ódýrar íbúðir og með sérstökum lánakjörum, eins og nánar verður greint frá hér á eftir, er þannig felld niður.

Eins og fram kemur í 17. gr. reglugerðar, eru lánakjör vegna byggingarframkvæmda í Breiðholti sérstaklega hagkvæm. Þar segir:

„a. Kaupandi greiðir 20% af andvirði íbúðarinnar á fjórum árum, þannig, að 5% greiðast 12 mánuðum áður en íbúðin er fullgerð og afhent kaupanda. Síðan greiðir kaupandi 5% af andvirðinu á ári, næstu þrjú árin, á sama gjalddaga og fyrstu afborgunina. Setja skal hann tryggingu fyrir þessum þremur árgjöldum, sem Veðdeild Landsbanka Íslands metur gilda.

b. Afgangur andvirðis íbúðarinnar, 80% af söluverðinu, greiðist með láni frá Húsnæðismálastofnun ríkisins, sem vera skal til 33 ára, afborgunarlaust fyrstu þrjú árin, en endurgreiðist síðan á 30 árum. Að öðru leyti skulu kjör á þessum lánum vera hin sömu og á lánum Húsnæðismálastofnunar ríkisins á hverjum tíma."

Þetta eru töluvert hagkvæmari lán en félögum í verkalýðsfélögum utan Reykjavíkur eru boðin. Í fyrsta lagi er fastalánið 80% af söluverði íbúðarinnar, en aðeins 800 000 kr. í öðrum tilfellum, og til 33 ára í stað 25, en auk þess er helmingurinn af eftirstöðvunum, 10%, lánaður til tveggja ára.

Þótt hinar svonefndu Breiðholtsframkvæmdir séu sannarlega að ýmsu leyti góðra gjalda verðar, er það staðreynd, að þær hafa valdið verulegum ójöfnuði í byggingarframkvæmdum á milli þéttbýlisins og dreifbýlisins. Skortur á hagkvæmum og ódýrum íbúðum í dreifbýlinu er mjög mikill, enda áhugi sveitarfélaga mikill á slíkum byggingum. Þær kröfur hafa hins vegar verið settar um framkvæmdir, sérstaklega stærð áfanga, að minni sveitarfélög hafa alls ekki ráðið við það. Segja má, að litlum sveitarfélögum, sem eru í vexti, hafi þannig verið settur stóllinn fyrir dyrnar. Af þessum sökum er í ofangreindu frumvarpi lögð áherzla á, að byggingarframkvæmdum verði háttað þannig, að viðráðanlegt sé fyrir hin smærri sveitarfélög.

Gert er ráð fyrir því, að umræddar byggingarframkvæmdir hefjist strax og lokið er umsömdum íbúðabyggingum ríkisins og Reykjavíkurborgar. Til þess að svo megi verða, er nauðsynlegt, að undirbúningur hefjist án tafar.

Í frumvarpinu er ekki kveðið á um fjölda íbúða, sem byggja skal. Eðlilegt virðist, að það sé ákveðið í reglugerð að undangenginni könnun og samningum við þau sveitarfélög, sem áhuga hafa á slíkum byggingum.

Með frumvarpi þessu er fyrst og fremst að því stefnt að setja að nýju inn í lög ákvæði laga nr. 97 frá 1965 og heimila þannig byggingu ódýrra og hentugra íbúða, ekki aðeins í Reykjavík, heldur um land allt. Um heildarákvæði er að ræða, eins og var í fyrrnefndum lögum og samningar ríkisins og Reykjavíkurborgar byggjast á, enda er erfitt að ákveða í lögum, að í slíkar byggingarframkvæmdir skuli ráðizt, áður en vilji sveitarfélaga liggur fyrir.

Sþ. 389. Fyrirspurnir. [205. mál]

I. Til fjármálaráðherra um opinberar nefndir, sem hafa verið lagðar niður.

Frá Pétri Sigurðssyni.

1. Hvaða nefndir hafa verið lagðar niður í tíð núverandi ríkisstjórnar?
2. Hver var kostnaðurinn við nefndir þessar árin 1971 og 1972?
3. Hve stór hluti þessa kostnaðar var launakostnaður nefndarmanna?
4. Var eitthvað af þessum nefndarstörfum ólaunað?

II. Til fjármálaráðherra um skipun opinberra nefnda í tíð núverandi ríkisstjórnar.

Frá Pétri Sigurðssyni.

1. Hve margar nefndir hefur ríkisstjórnin skipað á árunum 1971 og 1972?
2. Hver var kostnaðurinn við þær nefndir, sem skipaðar voru 1971?
3. Hver var kostnaðurinn við þær nefndir, sem skipaðar voru 1972, og hve margar eru þær?
4. Eru einhverjar af nefndum þessum ólaunaðar?

III. Til viðskiptaráðherra um framleiðslulán til íslenzks iðnaðar.

Frá Steingrími Hermannssyni.

1. Hvað líður veitingu framleiðslulána til íslenzks iðnaðar, sbr. lög um veðtryggingu iðnrekstrarlána frá 13. maí 1972:
   a. Í fyrsta lagi iðnaðar, sem framleiðir til útflutnings?
   b. Í öðru lagi iðnaðar, sem framleiðir fyrir innlendan markað?
2. Hvað veldur þeirri tregðu, sem virðist vera á framleiðslulánum til iðnaðar, sem framleiðir fyrir innlendan markað?
3. Hyggst ríkisstjórnin beita sér fyrir auknum framleiðslulánum til iðnaðar, sem framleiðir fyrir innlendan markað?

IV. Til samgönguráðherra um radíóstaðsetningartæki skipa.

Frá Pétri Sigurðssyni.

1. Hvað líður framkvæmd þingsályktunar um athugun á radíóstaðsetningarkerfum fyrir siglingar með sérstöku tilliti til fiskveiða, sem samþykkt var í sameinðu Alþingi 18. apríl 1967?
2. Hefur nokkur ákvörðun verið tekin um að setja slíkt kerfi upp hér á landi, annað en LORAN-kerfið?

Nd. 390. Frumvarp til laga [206. mál]

um kaup og kjör yfirmanna á botnvörpuskipum, sem eru stærri en 500 rúmlestir brúttó.

(Lagt fyrir Alþingi á 93. löggjafarþingi, 1972—1973.)

1. gr.

Lög þessi taka til þeirra, sem samningar frá 1. marz 1971 á milli Félags íslenzkra botnvörpuskipaeigenda og annarra eigenda slíkra skipa, annars vegar, og Vélstjórafélags Íslands, Félags íslenzkra loftskeytamanna, Skipstjóra- og stýrimannafélagsins Aldan, Skipstjóra- og stýrimannafélagsins Kára og Skipstjórafélags Norðlendinga, hins vegar, gilda fyrir.

2. gr.

Samningar þeir, sem um ræðir í 1. gr., ásamt breytingum þeim, sem um getur á fylgiskjölum I—III, sem prentuð eru með lögum þessum, skulu gilda sem samningar á milli aðila frá gildistöku laga þessara til 31. desember 1973.

3. gr.

Verkbönn og verkföll, þar á meðal samúðarverkföll eða aðrar aðgerðir, í því skyni að knýja fram aðra skipan kjaramála en lög þessi ákveða, eru óheimil, sbr. 17. gr. laga nr. 80 frá 1938, um stéttarfélög og vinnudeilur.

4. gr.

Með brot gegn lögum þessum skal fara að hætti opinberra mála og varða brot sektum.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Þrátt fyrir langvinnar samningatilraunir sáttasemjara ríkisins og sérstakrar sáttanefndar í kjaradeilu þeirra aðila, sem frumvarp þetta tekur til, hafa sættir ekki tekizt og fyrirsjáanlegt þykir, að þær muni ekki takast í náinni framtíð.

Togaraflotinn hefur nú legið í höfn undanfarnar vikur vegna verkfalla, sem ekki verður unað við lengur en orðið er. Það ber því brýna nauðsyn til að endir verði bundinn á þetta ófremdarástand. Í þeim tilgangi er frumvarp þetta flutt.

Frumvarpið er í samræmi við lokatilboð samninganefndar yfirmanna á togurum. Jafnframt er vísað til yfirlýsingar sjávarútvegsráðherra og fjármálaráðherra, sbr. fskj. nr. IV.

Fylgiskjal I.

SAMNINGUR

milli Félags ísl. botnvörpuskipaeigenda og Vélstjórafélags Íslands, dags. 1. marz 1971, framlengist með eftirfarandi breytingum:

1. gr. Í stað „kr. 11 192.00“ komi: kr. 17 344.00.
2. gr. Í stað „1.63%, 1.25%, 1.05%“ í 1. mgr. komi: 1.83%, 1.45%, 1.25%, og 1.05% fyrir 4. vélstjóra.

Aftan við 1. mgr. 2. gr. bætist ný málsgrein svo hljóðandi:

„Fækki áhöfn úr 24 á skuttogurum eða 26 á síðutogurum, hækka aflaverðlaun um 0.075% fyrir hvern, sem fækkar.“

6. gr. Í stað „7%“ í 1. mgr. komi: 8⅓%.
7. gr. Greinin hljóði þannig:

Dagpeningar í höfn.

Eftir að skip hefur legið tvo sólarhringa í innlendri eða erlendri höfn, og vélstjórar vinna við skipið, skulu laun (grunnlaun) vélstjóranna vera sem hér segir:

1. vélstjóra	kr.	1 795.00
2. vélstjóra	—	1 505.00
3. vélstjóra	—	1 269.00
4. vélstjóra	—	1 269.00

dag hvern, sem skipið liggur í höfn miðað við 40 stunda vinnuviku á dagvinnutímabili, að viðbættum fæðispeningum.

Tímakaup í dagvinnu finnst með því að margfalda dagkaupið með 7 og deila í þá tölu með 40. Eftirvinna greiðist með 50% álagi og nætur- og helgidagavinna með 100% álagi.

Þurfi vélstjóri að vinna um borð einhvern tíma fyrstu tvo sólarhringana, ber að greiða honum auk hins fasta mánaðarkaups, grunnlaun:

1. vélstjóra	kr.	333.00
2. vélstjóra	—	333.00
3. vélstjóra	—	270.00
4. vélstjóra	—	270.00

fyrir hverja klukkustund.

8. gr. Greinin hljóði þannig:

Tryggingar á skipverjum.

A. Líf- og örorkutrygging.

Um líf- og örorkutryggingu fer eftir lögum eins og þau verða á hverjum tíma.

B. Ábyrgðartrygging.

Útgerðarfélögin skuldbinda sig til að taka ábyrgðartryggingu samkvæmt hinum almennu skilmálum fyrir ábyrgðartryggingu allt að kr. 4 000 000.00

fyrir hvert einstakt tjón með hámarksgreiðslu til hvers einstaklings allt að kr. 1 500 000.00.

11. gr. Í stað „kr. 135.00“ komi: kr. 250.00.

19. gr. Í stað „kr. 110.00“ í 1. mgr. komi: kr. 150.00.
Í stað „kr. 27.50“ í 2. mgr. komi: kr. 50.00.

21. gr. Greinin hljóði þannig:

Um kaupgreiðsluvísitölu.

Greiða skal verðlagsuppbót á mánaðarkaup og dagpeninga samkvæmt samningi þessum eftir almennum reglum um verðlagsuppbót á laun.

22. gr. Í stað „1. marz 1971 til 1. júní 1972“ komi: undirskriftardegi til 31. desember 1973.

Fylgiskjal II.

SAMNINGUR

milli annars vegar Félags íslenzkra loftskeytamanna og hins vegar Félags íslenzkra botnvörpuskipaeigenda um kaup og kjör loftskeytamanna á botnvörpuskipum.

1. gr. Í stað „kr. 11 192.00“ komi: kr. 17 344.00.

2. gr. Í stað „1.2%“ í 1. mgr. komi: 1.4%.
Aftan við 1. mgr. 2. gr. bætist ný málsgrein svo hljóðandi:
„Fækki áhöfn úr 24 á skuttogurum eða 26 á síðutogurum, hækki aflaverðlaun um 0.075% fyrir hvern, sem fækkar.“

3. gr. Í stað „1.2%“ komi: 1.4%.

4. gr. Í stað „1.2%“ komi: 1.4%.

6. gr. Í stað „7%“ komi: 8.33%.

7. gr. Í stað „kr. 885.00“ í 1. mgr. komi: kr. 1 371.00.
Tímakaup í dagvinnu finnst með því að margfalda dagkaupið með 7 og deila í þá tölu með 40. Eftirvinna greiðist með 50% álagi og nætur- og helgidagavinna með 100% álagi.
Í stað „kr. 174.00“ í 4. mgr. komi: kr. 270.00.

8. gr. Greinin hljóði þannig:

Tryggingar á skipverjum.

A. Líf- og örorkutrygging.

Um líf- og örorkutryggingu fer eftir lögum eins og þau verða á hverjum tíma.

B. Ábyrgðartrygging.

Útgerðarfélögin skuldbinda sig til að taka ábyrgðartryggingu samkvæmt hinum almennu skilmálum fyrir ábyrgðartryggingu allt að kr. 4 000 000.00 fyrir hvert einstakt tjón með hámarksgreiðslu til hvers einstaklings allt að kr. 1 500 000.00.

11. gr. Við bætist: eða eftir samkomulagi aðilja.

19. gr. Í stað „kr. 135.00“ komi: kr. 250.00.

22. gr. Í stað „kr. 174.00“ komi: kr. 270.00.

23. gr. Í stað „kr. 110.00“ í 1. mgr. komi: kr. 150.00.
Í stað „kr. 27.50“ í 2. mgr. komi: kr. 50.00.

26. gr. Falli niður.

27. gr. Greinin hljóði þannig:

Um kaupgreiðsluvísitölu.

Greiða skal verðlagsuppbót á mánaðarkaup og dagpeninga samkvæmt samningi þessum eftir almennum reglum um verðlagsuppbót á laun.

28. gr. Í stað „1. marz 1971 til 1. júní 1972 " komi: undirskriftardegi til 31. desember 1973.

F. h. Félags íslenzkra loftskeytamanna,
F. h. Farmanna- og fiskimannasambands Íslands,

Fylgiskjal III.

SAMNINGUR

milli Félags ísl. botnvörpuskipaeigenda annars vegar og Skipstjóra- og stýrimannafélagsins Aldan, Skipstjóra- og stýrimannafélagsins Kára og Skipstjórafélags Norðlendinga.

1. gr. Í stað „kr. 11 192.00" komi: kr. 17 344.00.
2. gr. Í stað „1.2%" í 1. mgr. komi: 1.4%.

Aftan við 1. mgr. 2. gr. bætist ný málsgrein svo hljóðandi:

„Fækki áhöfn úr 24 á skuttogurum eða 26 á síðutogurum, hækki aflaverðlaun um 0.075% fyrir hvern, sem fækkar."

3. gr. Í stað „1.2%" komi: 1.4%.
4. gr. Í stað „1.2%" komi: 1.4%.
6. gr. Í stað „7%" komi: 8⅓%.
7. gr. 1. mgr. í stað „kr. 885.00" komi: kr. 1 371.00.

Tímakaup í dagvinnu finnst með því að margfalda dagkaupið með 7 og deila í þá tölu með 40. Eftirvinna greiðist með 50% álagi og nætur- og helgidagavinna með 100% álagi.

Í 2. mgr. í stað „kr. 174.00" komi: kr. 270.00.

8. gr. Greinin hljóði þannig:

Tryggingar á skipverjum.

A. Líf- og örorkutrygging.

Um líf- og örorkutryggingu fer eftir lögum eins og þau verða á hverjum tíma.

B. Ábyrgðartrygging.

Útgerðarfélögin skuldbinda sig til að taka ábyrgðartryggingu samkvæmt hinum almennu skilmálum fyrir ábyrgðartryggingu allt að kr. 4 000 000.00 fyrir hvert einstakt tjón með hámarksgreiðslu til hvers einstaklings allt að kr. 1 500 000.00.

11. gr. Á eftir „í erlendri höfn" komi: ber að greiða afleysingarmanni eftir samkomulagi aðila.
13. gr. Í stað „kr. 135.00" komi: kr. 250.00.
18. gr. Í 1. mgr. „kr. 110.00" komi: kr. 150.00.
Í 2. mgr. „kr. 27.50" komi: kr. 50.00.
20. gr. Falli niður.
21. gr. Greinin hljóði þannig:

Um kaupgreiðsluvísitölu.

Greiða skal verðlagsuppbót á mánaðarkaup og dagpeninga samkvæmt samningi þessum eftir almennum reglum um verðlagsuppbót á laun.

22. gr. Í stað „1. marz 1971 til 1. júní 1972" komi: undirskriftardegi til 31. desember 1973.

F. h. Skipstjóra- og stýrimannafélagsins Öldunnar,
F. h. Skipstjóra- og stýrimannafélagsins Kára,
F. h. Skipstjórafélags Norðlendinga,
F. h. Farmanna- og fiskimannasambands Íslands,

Fylgiskjal IV.

Það staðfestist hér með, að ríkisstjórnin hefur samþykkt að greiða útgerðarfélögum hinna stærri togara sérstakar aukagreiðslur á árinu 1973 vegna nýrra kjarasamninga við yfirmenn, sem hér segir:

1. Ríkissjóður greiði sem nemur 0.10% af kauphækkun yfirmanna af aflahlut, enda verði sú kauphækkun alls 0.20% í aflahlut hvers manns.
2. Ríkissjóður greiði einnig þá kauphækkun, sem yrði vegna ákvæða um fækkun skipshafnar frá 24 á skuttogurum og 26 á síðutogurum og sem næmi 0.075% á mann.

Þetta verði fyrirfram metið fyrir hvert skip á sanngjarnan hátt.

Reykjavík, 16. marz 1973.

Lúðvík Jósepsson. Halldór E. Sigurðsson.

Nd. 391. Frumvarp til laga [207. mál]

um Laxárvirkjun.

Flm.: Bragi Sigurjónsson.

1. gr.

Laxárvirkjun er sameignarfyrirtæki ríkisins, Akureyrarkaupstaðar, Húsavíkurkaupstaðar, Þingeyjar- og Eyjafjarðarsýslna. Ríkið og Akureyrarkaupstaður eiga sinn þriðja hlutann hvor, en Húsavíkurkaupstaður, Þingeyjasýsla og Eyjafjarðarsýsla hver sinn níunda hluta. Eignir og virkjunarskuldir Laxárvirkjunar, eins og þær eru, þegar lög þessi taka gildi, skulu skiptast samkvæmt nefndum eignarhlutföllum án greiðslna milli eignaraðila, en skyldi ríkið Laxárvirkjun til gerðar fiskvegar upp Laxárgljúfur og/eða skaðabóta til Landeigendafélags Laxár- og Mývatnsbænda án dómsúrskurðar, skal það bera eitt kostnað af slíku.

Eignir Laxárvirkjunar eru núverandi vatnsaflstöðvar í Laxá í Laxárgljúfrum við Brúar í Suður-Þingeyjarsýslu og aukningar þeirra, svo sem Laxárvirkjun III gerir ráð fyrir, svo og miðlunarmannvirki við Mývatnsósa. Enn fremur núverandi aðalorkuveita til Akureyrar, eldsneytisaflstöð þar og aukningar mannvirkja þessara. Einnig gufuaflsstöðin í Bjarnarflagi í Mývatnssveit.

Laxárvirkjun skal rekin sem sjálfstætt fyrirtæki með sjálfstæðum fjárhag og reikningshaldi.

Heimili Laxárvirkjunar og varnarþing er á Akureyri.

2. gr.

Tilgangur Laxárvirkjunar er að vinna raforku fyrir núverandi orkuveitusvæði virkjunarinnar með eigin aflstöðvum eða afla hennar á annan hátt og selja raforkuna í heildsölu til rafmagnsveitna ríkisins og héraðsrafmagnsveitna frá aðalorkuveitu eða aflstöð.

Þyki tímabært, að dómi ríkisstjórnarinnar, að leggja aðalorkuveitur frá Laxárvirkjun víðar en nú er, er Laxárvirkjun heimilt, með nánara samkomulagi við ríkisstjórnina í hvert sinn, að leggja slíkar aðalorkuveitur og selja raforkuna í heildsölu til rafmagnsveitna ríkisins og héraðsrafmagnsveitna í þeim landshlutum, sem lagt er til. Áður en til framkvæmda kemur, skal hafa náðst samkomulag við hlutaðeigandi aðila um raforkuverð og sölusamningar verið gerðir.

3. gr.

Eignaraðilar Laxárvirkjunar, sbr. 1. gr., eru hver um sig í einfaldri ábyrgð fyrir öllum skuldbindingum hennar.

4. gr.

Laxárvirkjun er heimilt að fullljúka Laxárvirkjun III, svo sem hún hefur verið hönnuð, og fylgir þeirri heimild sú skylda, að Laxárvirkjun veiti ábúendum nú byggðra jarða í Laxárdal endurgjaldslaust rafmagn til venjulegra heimilisnota (ljósa, suðu, hita).

Enn fremur er Laxárvirkjun heimilt að reisa eldsneytisstöðvar þær, sem fyrirtækið telur rétt að koma upp.

Ekki skal stefnt að frekari virkjun í Laxá en Laxárvirkjun III, nema síðar náist um annað samkomulag héraðsbúa og stjórnvalda.

5. gr.

Framkvæmdir við orkuver og aðalorkuveitur eru bundnar leyfi orkumálaráðherra hverju sinni.

Áður en ný mannvirki eru hafin, hvort heldur eru aflstöðvar eða aðalorkuveitur, skal Laxárvirkjun senda orkumálaráðherra uppdrætti að hinum fyrirhuguðu mannvirkjum og lýsingu á þeim. Getur ráðherra krafizt þeirra breytinga á fyrirhugaðri tilhugun mannvirkja, sem nauðsynlegar kunna að þykja vegna almenningshagsmuna. Laxárvirkjun skal hafa samráð við náttúruverndarráð Þingeyjarsýslu og Náttúruverndarráð Íslands um landsnyrtingu umhverfis mannvirki sín í Laxárgljúfrum og við Mývatnsósa.

6. gr.

Stjórn Laxárvirkjunar skal skipuð 7 mönnum. Skal ríkið skipa 2 menn, Akureyrarkaupstaður 2 og Húsavíkurkaupstaður, Þingeyjarsýsla og Eyjafjarðarsýsla 1 mann hver. Stjórnin kýs sér sjálf formann og varaformann.

Varamenn skulu skipaðir á sama hátt.

Kjörtímabil stjórnarinnar skal vera 4 ár, og fer kjör fram eftir hverjar bæjar- og sveitarstjórnarkosningar.

Stjórn Laxárvirkjunar ræður framkvæmdastjóra, er veitir fyrirtækinu forstöðu, og ákveður verksvið hans.

Stjórnarmenn og fastráðnir starfsmenn Laxárvirkjunar hafa réttindi og skyldur opinberra starfsmanna.

Stjórn Laxárvirkjunar ræður löggiltan endurskoðanda til að endurskoða reikninga virkjunarinnar. Heimilt er eignaraðilum að tilnefna að auki tvo endurskoðendur af sinni hálfu til að endurskoða reikningana.

7. gr.

Stjórn Laxárvirkjunar hefur á hendi stjórn og rekstur fyrirtækisins, framkvæmdir þess og undirbúning þeirra. Hún getur ekki skuldbundið eigendurna að því er snertir greiðsluskuldbindingar og ábyrgð á lánum til aukinna framkvæmda og breytinga á mannvirkjum, nema að fengnu samþykki þeirra hvers um sig. Þó þarf stjórnin ekki að leita slíks samþykkis, ef samanlagðar skuldbindingar og ábyrgð eru minni en sem svarar 5 millj. kr. á ári að meðaltali á hverju 5 ára tímabili.

8. gr.

Stjórn Laxárvirkjunar ákveður, í samráði við yfirstjórn efnahags- og verðlagsmála, heildsöluverð Laxárvirkjunar á raforku. Skal raforkuverðið við það miðað, að eðlilegur afrakstur fáist af því fjármagni, sem á hverjum tíma er bundið í rekstri fyrirtækisins. Einnig skal að því stefnt, að fyrirtækið skili nægilegum greiðsluafgangi til þess, að það geti jafnan með eigin fjármagni og hæfilegum lántökum tryggt notendum sínum næga raforku.

9. gr.

Við virkjun Laxárvirkjunar í Laxá við Brúar, sbr. 4. gr., skal fella niður aðflutningsgjöld og söluskatt af efni, tækjum og vélum til virkjunarinnar, svo og til eldsneytisaflstöðva Laxárvirkjunar á Akureyri. Sama gildir, ef um stækkun gufuaflsstöðvarinnar verður að ræða.

Flytji Laxárvirkjun inn vinnuvélar vegna virkjunarframkvæmda sinna, skal hún njóta sömu kjara um aðflutningsgjöld og Landsvirkjun nýtur hverju sinni.

10. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að ákveða, að ríkissjóður taki nauðsynleg lán til lúkningar Laxárvirkjun III og endurláni Laxárvirkjun til raforkuframkvæmdanna með þeim skilyrðum og gegn þeim tryggingum, sem ríkisstjórnin telur nauðsynlegar til að tryggja hag ríkissjóðs. Ef hentara þykir, er ríkisstjórninni heimilt að ákveða, að Laxárvirkjun sé lántakandi og að ríkissjóður taki á sig sjálfskuldarábyrgð á lánum hennar allt að sömu upphæð.

11. gr.

Laxárvirkjun lýtur sömu reglum og Landsvirkjun hvað snertir tekjuskatt, stimpilgjöld, útsvar, aðstöðugjald og önnur gjöld til ríkis, sýslusjóða og sveitarfélaga.

12. gr.

Orkumálaráðherra setur með reglugerð, að fengnum tillögum stjórnar Laxárvirkjunar, nánari ákvæði um framkvæmd þessara laga.

13. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 60 2. maí 1965, um Laxárvirkjun.

14. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Svo sem margoft hefur komið fram, ríkir nú algert neyðarástand í orkumálum á orkuveitusvæði Laxár, sem og raunar Norðurlandi öllu. Fljótlegasta og langódýrasta úrlausnin um næstu ár er að fullgera Laxárvirkjun III, sem svo er kölluð, en þar er umdeilt mannvirki, 23 m stífla í Laxárgljúfrum við Brúar, og hefur svonefnt Landeigendafélag Laxár- og Mývatnsbænda, og alveg sérstaklega formaður þess, sett sig mjög á móti stíflugerð þessari. Hefur ríkisvaldið nú eytt nær 4 árum í það að ná samkomulagi við stjórn þessa félags um virkjunarmálin, og er nú sýnt, að það er með öllu vonlaust, að hagfelld lausn fáist, en á meðan hefur orkuskortur hraðaukizt á Laxárvirkjunarsvæðinu.

Enda þótt samkomulagsvilji ríkisins sé allra góðra gjalda verður, er það mjög umdeilt, að Landeigendafélag Laxár- og Mývatnsbænda sé gildur aðili að virkjunarmáli þessu, **því að ríkið og Laxárvirkjun eiga allt það land og hefur á sinni hendi virkjunarrétt Laxár, þar sem virkjunin á að gerast,** en vatnalög kveða þannig á um þetta atriði í 49. og 50. gr.:

Úr 49. gr. Vatnalaga:

„**Eiganda landareignar, sem vantsréttindi fylgja, svo og óskum, sem heimildir hafa á þeim tekið, er rétt að nota það vatn, sem um hana rennur, til að vinna úr því orku,** enda sé enginn fyrir það sviptur því vatni, sem hann þarf að nota samkvæmt III. og IV. kafla (vatnsnotkun til heimilis- og búþarfa, iðnaðar og iðju án orkunýtingar í áveitur) né neinum bakaðir óhæfilegir örðugleikar um slíka notkun, né vatni, er nota þarf með þeim hætti, spillt fyrir neinum, svo að til verulegra óþæginda horfi. —“

Og úr 50. gr.:

„Rétt er eiganda landareignar að gera stíflu í vatnsfarvegi og veita vatni úr eðlilegum farvegi, hvort sem er um opinn skurð, pípu eða jarðgöng, ef nauðsynlegt er vegna vatnsorkunota samkv. 49. gr., enda séu ekki gerðar skemmdir á landi annarra manna um nauðsyn fram. Eigi má veita meira vatni úr eðlilegum farvegi í þessu skyni en þörf er á, **en öllu skal því veitt í fornan farveg, áður en landareigninni sleppir,** nema samlög séu milli fleiri landareigna um orkuvinnslu.“

Umráðaréttur ríkisins og Laxárvirkjunar á Laxá fyrir landi sínu er þannig óumdeilanlegur samkvæmt vatnalögum, leyfi til að reisa stíflu og veita ánni úr farvegi sínum, enda sé henni veitt í fornan farveg, áður en landareigninni sleppir, **og er hvergi gegn þessu brotið.** Samt hefur forráðamönnum Landeigendafélagsins verið látið haldast uppi að tefja brýnar framkvæmdir í virkjunarmálum Norðlendinga, öllum til stórtjóns, og er nú þolinmæði almennings alveg á þrotum gagnvart **þessu ófremdarástandi.** Við þetta bætist, að nú hafa þessir virkjunarhindrendur heimtað stórfelldar skaðabætur í eigin vasa og málþófskostnað, auk fiskvegar frá Neðri-Laxá upp í Efri-Laxá, **þangað sem lax hefur aldrei gengið.** Virðist almenningi ofríkið orðið nokkuð valdamikið í landinu, ef færa á því á silfurdiski bætur fyrir ósannaðan skaða, málþófskostnað fyrir að hindra löglegar virkjunarframkvæmdir í almannaþágu og loks búa því ókeypis fiskveg milli ólíkra lífkerfa árinnar. Er nú svo komið, að fjölmörgum kjördæmisbúum á Norðurlandi eystra finnst sjálfsagt, að höggvið sé á þennan vandræðahnút með lagasetningu, þar sem Laxárvirkjun III sé leyfð, og látið á það reyna, hvort nokkurt tjón hlýzt af, sem bótavert þyki að dómi óvilhallra matsmanna.

Svo sem kunnugt er, hafa tvær virkjanir verið reistar í Laxá við Brúar: Laxárvirkjun I 4000 kw, og Laxárvirkjun II 8000 kw. Nær lokið er og 1. áfanga Laxárvirkjunar III, og á hann að gefa 6500 kw orku. Eftir er þá að reisa hina umdeildu 23 m stíflu og vélbúa virkjunina til að nota það aukna fall og vatnsjafnvægi, sem stíflan gefur, en það mun gefa um 19000 kw, og sjá þá væntanlega allir, hvílík fásinna er, að hætta Laxárvirkjun III að loknum aðeins 1. áfanga, þeim raunverulega dýrasta, en nota ekki þá fljótgerðustu og ódýrustu lausn á bráðum orkuskorti að ljúka 2. og 3. áfanga.

Auk hinna 12000 kw þegar virkjaðra í Laxá og 6500 kw nær virkjaðra á Laxárvirkjun 1500 kw gufuaflsstöð í Bjarnarflagi í Mývatnssveit og 7500 kw dísilrafstöð á Akureyri. Þessa olíurafstöð hefur orðið að keyra nær linnulaust að fullu, svo dýr raforkuframleiðsla sem það er. En beri nokkuð út af með rennsli í Laxá, en misrennsli í henni ox við það, að stíflumannvirki voru sprengd fyrir nokkru við Mývatnsósa, svo sem frægt varð, þá verður orkuskortur á virkjunarsvæðinu, og varð svo t. d. dögum saman í vetur til stórtjóns atvinnulífi og mikilla óþæginda í heimilishaldi almennings.

Nú hefur Norðlendingum verið lofað rafmagni frá Sigölduvirkjun, sem enn er óhafin og ekki vitað, hvenær verður byrjað á. Einnig stendur yfir byrjunarathugun á línustæði norður frá hinni fyrirhuguðu Sigölduvirkjun, en alls óvíst, hvenær henni þyki fulllokið. Þá setur það geig í margan Norðlendinginn, að stórbilanir urðu í vetur á háspennulínu frá Búrfellsvirkjun til Reykjavíkur, svo að orkuþurrð varð af. Hvernig verða Norðlendingar settir með raforku sína, leidda um langan veg sunnan yfir fjöll, ef sú lína bilar á reginsöndum í stórviðri? spyrja margir með kvíða. Hvar verða þeir staddir með iðnað sinn, hvar með framtíðarhorfur um aukna iðnaðarframleiðslu, hvar með öryggi um rafmagn til húsahitunar, búrekstrar og venjulegra heimilisnota? Verða þeir neyddir til að búa öll sjúkrahús sín og viststofnanir sérdísilrafstöðvum, svo að lífshættu af skyndilegri bilun á raflínum verði bægt frá? Hvað á hin hundrað milljón króna dýra raflína, sem á s. l. hausti var lögð frá Akureyri til Skagafjarðar, að standa lengi ótengd og öllum gagnslaus vegna þess, að orka fyrirfinnst engin til að flytja?

Því verður ekki trúað að óreyndu, að löggjafarvald þjóðarinnar telji sér þetta mál óviðkomandi, nú þegar það er komið í algera sjálfheldu. Væri ugglaust skynsamlegt, að þingmannanefnd, skipuð fulltrúum allra flokka, brygði sér hið hvatasta á Laxárvettvang og kynnti sér málið af eigin raun og gæfi Alþingi skýrslu. En viðbragðsfljót þarf sú nefnd að vera. Málið þolir enga bið.

Að lokum fylgir hér útdráttur úr bókun rafveitustjórnar Akureyrar til bæjarstjórnar Akureyrar, gerðri á fundi í febr. s. l. Sýnir bókunin vel hinn mikla vanda, sem orkuskorturinn býr íbúum á Laxárvirkjunarsvæðinu:

„Rætt var um beiðni frá byggingarverktökum um rafhitun í fjölbýlishúsum á Lundstúni.

Eftir miklar umræður um málið og hitunarmál almennt var samþykkt að gera eftirfarandi bókun:

Fyrirspurnir hafa borizt um, hvort rafmagn verði fáanlegt til húshitunar í fjölbýlishúsum í hinu nýja hverfi á Lundstúni.

Sé tekið mið af þróun undanfarinna ára, má búast við, að mikill meiri hluti húsbyggjenda á þessu svæði muni óska eftir rafmagni til húshitunar. Í þessu hverfi er gert ráð fyrir fjölbýlishúsum og raðhúsum auk skóla, félagsheimila og verksmiðju Sjálfbjargar. Reiknað er með, að fjöldi íbúða geti orðið 720—740 og íbúafjöldi allt að 3000 manns. Verði hverfið að langmestu leyti rafhitað eins og Gerðahverfi II, má gera ráð fyrir, að aflþörf vegna þess verði 3000—4000 kw og orkunotkun 10—13 milljónir kwst. á ári. Til samanburðar má geta þess, að heildarafl hins nýja áfanga Laxárvirkjunar er 6500—7000 kw og árlega orkuframleiðsla um 50 milljón kwst. Þá skal þess getið, að ófullnægð orkuþörf Iðunnar og annarra verksmiðja S.Í.S. mun innan tíðar verða allt að 2—3 mw og um 3—4 milljónir kwst. á ári, og áætlað er, að orkuframleiðsla varastöðvarinnar á Oddeyri á þessu ári verði um 7 milljón kwst., miðað við, að nýja virkjunin hefji framleiðslu fyrir næsta vetur.

Vegna hinnar miklu óvissu, sem nú ríkir í rafmagnsmálum Norðlendinga, hvað snertir raforkuöflun, rekstraröryggi og jafnvel orkuverð, ef um raforkukaup frá Landsvirkjun verður að ræða, getur rafveitustjórn nú ekki leyft raforkusölu til húshitunar í þessu hverfi, enda gæti sú sala leitt til verulegra erfiðleika á orkusvæðinu, a. m. k. um tíma.

Vegna þess, að hér er um verulegt hagsmunamál að ræða, að aukin húshitun með rafmagni er yfirlýst stefna stjórnvalda landsins og að hér er e. t. v. um að ræða stærstu einingu íbúðabygginga, sem til greina kemur að hituð verði með rafmagni á næstu árum hér á landi, vill rafveitustjórn vekja athygli bæjarstjórnar á þessu máli. Kemur þá til álita, hvort bæjarstjórn Akureyrar geti beitt áhrifum sínum til þess, að lausn fáist á því óvissuástandi, sem nú ríkir í þessum málum og verður að teljast með öllu óviðunandi.“

Nokkrar skýringar við frumvarpsgreinarnar.

Um 1. gr.

Hér er lagt til, að Laxárvirkjun verði sameign ríkis, Akureyrarkaupstaðar, Húsavíkurkaupstaðar, Þingeyjar- og Eyjafjarðarsýslna, þannig að notendasvæðið allt verði eignaraðili að virkjuninni, en ekki ríkið og Akureyrarkaupstaður ein. Eignahlutföll eru skilgreind, en ekki gert ráð fyrir neinum milligreiðslum vegna eignayfirfærslna, enda mun fyrirtækið hafa fjármagnað sig af raforkusölu til neytenda sinna frá upphafi, ríkið t. d. aldrei greitt neitt fyrir sinn eignarhluta úr hendi Akureyrarkaupstaðar nema með fyrirgreiðslu til virkjunarinnar um lán, sem neytendurnir hafa svo staðið undir. Eðlilegra og sanngjarnara er talið, að notendasvæðið allt verði hér eignaraðili að, svo sem málum er nú komið, og að það mundi vinsælla eignarfyrirkomulag í héraði en hitt, sem nú gildir. Telji ríkisvaldið rétt,

að mæta Landeigendafélagi í einhverju, er hér talið eðlilegt, að það sé mál þess og þeirra.

Um 2. gr.

Hér er um enga efnisbreytingu að ræða.

Um 3. gr.

Engin efnisbreyting.

Um 4. gr.

Hér er lagt til, að Laxárvirkjun III verði heimiluð, þ. e. auk jarðganga þeirra, er þegar hafa verið gerð, stöðvarbyggingar og vélbúnaðar að 1. áfanga verði 2. og 3. áfangi Laxárvirkjunar III lögleyfðir, þ. e. 23 m stíflugerð í Laxárgljúfrum með tilheyrandi vatnsborðshækkun, sem þó hvergi setur nytjaland í kaf og spillir engri bújörð, ásamt vélbúnaði til að beyzla þá orku, er þannig fæst, um 19000 kw, auk 6500 kw 1. áfanga. Hér er um langódýrustu og fljótgerðustu lausn að ræða á bráðasta orkuskorti á Norðurlandi. Ekki þykir ósanngjarnt til að stuðla að góðum nágrannaanda, að ábúendur jarða í Laxárdal fái endurgjaldslaust rafmagn til venjulegra heimilisnota (ljósa, suðu og hita) og þeir fái á þennan hátt bætt hugsanlegt tjón á silungsveiði vegna vatnsborðshækkunar í ánni af virkjuninni. Rétt þykir að binda þetta við ábúendur, svo að þessi hlunnindi stuðli ekki að óeðlilegri verðhækkun jarða í Laxárdal, heldur styrki fyrst og fremst búsetu á jörðunum.

Um 5. gr.

Rétt þykir, til að eyða tortryggni um annað, að taka fram, að ekki skuli stefnt að frekari virkjun í Laxá, nema um slíkt náist samkomulag við héraðsbúa síðar. Einnig þykir rétt, að lögskilið sé, að landsnyrting umhverfis mannvirki Laxárvirkjunar í Laxárgljúfrum og við Mývatnsósa fari fram í samráði við náttúruverndarráð.

Um 6. gr.

Hér er lagt til, að stjórnarmenn verði 7 í stað 5 nú, og er sú breyting gerð vegna breyttrar eignaraðildar.

Um 7. gr.

Engin breyting, nema hækkað er það mark skuldbindinga, sem Laxárvirkjunarstjórn má leyfa sér að binda eigendur um án heimildar hvers og eins. Er hækkunin vart eða ekki meiri en rýrnun krónunnar hefur orðið, síðan núgildandi ákvæði voru sett.

Um 8. gr.

Engin efnisbreyting.

Um. 9.—14. gr.

Þurfa ekki nánari skýringa við, nema þar er kveðið svo á, að fríðindi og kvaðir Laxárvirkjunar skuli vera hinar sömu og Landsvirkjunar, eftir því sem við getur átt.

Nd. 392. Nefndarálit [124. mál]

um frv. til laga um vátryggingarstarfsemi.

Frá heilbrigðis- og trygginganefnd.

Heilbrigðis- og trygginganefnd Nd. hefur athugað frv. þetta, og leggur hún til, að það verði samþykkt með eftirtöldum breytingum, sem nánari grein verður gerð fyrir í framsögu. Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja aðrar breytingartillögur eða fylgja þeim. Ingvar Gíslason og Bjarni Guðnason voru fjarstaddir afgreiðslu málsins.

BREYTINGARTILLÖGUR

1. Við 6. gr.
   a. Við 2. málsgr. bætist: Þó skal hlutafé líftryggingarhlutafélaga vera minnst kr. 10 000 000.00.
   b. 3. málsgr. orðist svo:
      Stjórn slíks hlutafélags skulu skipa 3 menn hið fæsta. Reki félagið ekki einvörðungu endurtryggingarstarfsemi, skal a. m. k. einn valinn með það fyrir augum að gæta hagsmuna vátryggingartaka og hina tryggðu. Í samþykktum félagsins skal skýrt fram tekið, hvernig sá stjórnarmaður skuli valinn.
2. Við 10. gr.
   a. 2. málsgr. orðist svo:
      Stofnendur gagnkvæms vátryggingarfélags skulu leggja fram stofnfé, sem nema skal hið minnsta kr. 10 000 000.00. Þó skal stofnfé gagnkvæms líftryggingarfélags vera minnst kr. 5 000 000.00. Fé þetta má ekki endurgreiða nema að fengnu leyfi tryggingamálaráðherra.
   b. 4. málsgr. orðist svo:
      Stjórn gagnkvæms vátryggingarfélags skulu skipa 3 menn hið fæsta. Í samþykktum slíks félags skal skýrt fram tekið, hvernig háttað skuli aðild vátryggingartaka að stjórn þess og hvernig kjöri stjórnar skuli hagað.
3. Við 11. gr. 1. málsgr. orðist svo:
   Hver sá, sem tryggir hjá gagnkvæmu vátryggingarfélagi, er sameigandi þess. Um ábyrgð vátryggingartaka á skuldbindingum félagsins skulu settar reglur í samþykktum þess. Ábyrgð hvers vátryggingartaka má eigi nema lægri fjárhæð en kr. 500.00. Þó er heimilt að undanþiggja endurtryggingartaka slíkri ábyrgð, enda nemi endurtryggingariðgjöld, sem undanþegin eru, eigi meiru en 20% af heildariðgjaldatekjum félagsins.
4. Við 17. gr. 3. málsgr. falli niður.
5. Við 39. gr. Framan við greinina bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:
   Tryggingaeftirlitið skal láta fara fram reglulega endurskoðun á reikningum vátryggingarfélaga og staðfesta þá. Í reglugerð skal tekið fram, í hverju slík endurskoðun skuli fólgin.
6. Við 43. gr. Upphaf 1. málsgr. orðist svo:
   Sinni vátryggingarfélag ekki tilmælum tryggingaeftirlitsins um breytingar á skilmálum eða iðgjöldum, sbr. 40. gr., sé ekki gjaldhæft o. s. frv.
7. Við 59. gr. Greinin orðist svo:
   Lög þessi öðlast þegar gildi, nema ákvæði 17. og 18. gr., sem taka gildi 1. janúar 1974.

Alþingi, 21. marz 1973.

Jón Skaftason, form., frsm. Jónas Árnason. Stefán Gunnlaugsson.

Sverrir Hermannsson. Birgir Kjaran.

Nd. 393. Nefndarálit [79. mál]

um frv. til hafnalaga.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Fjárhags- og viðskiptanefnd hefur rætt þetta frv. á allmörgum fundum. Vita- og hafnamálastjóri, stjórn Hafnamálasambands sveitarfélaga og fulltrúar frá samtökum skipstjórnarmanna hafa komið til viðræðna við nefndina. Og Hafnamálasambandið lagði fram ýmsar breytingartillögur við frv. ásamt greinargerð.

Nefndin varð ásátt um að taka upp allmargar af þessum breytingartillögum, einnig að koma nokkuð til móts við óskir sambandsins um fulltrúa í sérstakri stjórn

Hafnamálastofnunarinnar á þann hátt að tryggja því rétt til umsagnar við gerð fjögurra ára framkvæmdaáætlunar. Hins vegar var t. d. ekki fallizt á að taka inn í frv. bráðabirgðaákvæði um endurskoðun laga um landshafnir með það fyrir augum, að þær verði afhentar sveitarfélögum til rekstrar. Það er þó skoðun nefndarinnar, að þetta frv., ef að lögum verður, feli í sér það miklar breytingar á fjárhagsstöðu hafna og framkvæmd hafnamálanna í heild, að eðlilegt sé að taka landshafnalögin til endurskoðunar nú þegar.

Við 1. umræðu málsins flutti Matthías Bjarnason breytingartillögu um að taka upp bráðabirgðaákvæði II, sem var í frv., þegar það var lagt fram á Alþingi s. l. vetur. Nefndin fellst á þessa tillögu þingsmannsins og gerir hana að sinni.

Fulltrúar skipstjórnarmanna, sem ræddu við nefndina, töldu æskilegt, að samtök þeirra væru kvödd ráða, þegar höfn væri valinn staður. Nefndin hefur einnig komið til móts við þetta sjónarmið. Þessir aðilar bentu enn fremur á, að löggjöfin um vitamál væri orðin margra áratuga gömul og úrelt og þarfnaðist því endurskoðunar. Og þar sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu, að hafna- og vitamálin lúti sömu yfirstjórn, eins og verið hefur, virðist nefndinni eðlilegt, að vitamálalöggjöfin verði einnig endurskoðuð í beinu framhaldi af því verki, sem hér er verið að ljúka.

Nefndin mælir með samþykkt frumvarpsins með breytingum sem prentaðar eru á sérstöku þskj. Einn nefndarmanna, Gylfi Þ. Gíslason, áskilur sér rétt til að fylgja breytingartillögunum, er fram kunna að koma.

Alþingi, 21. marz 1973.

Vilhjálmur Hjálmarsson, form., frsm.	Karl G. Sigurbergsson, fundaskr.	Matthías Bjarnason.
Matthías Á. Matthiesen.	Gylfi Þ. Gíslason.	Karvel Pálmason.
	Tómas Karlsson.	

Nd. 394. Breytingartillögur [79. mál]

við frv. til hafnalaga.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

1. Við 2. gr. Greinin orðist svo:
   Hafnamálastofnun ríkisins fer með framkvæmd hafnamála á þann hátt, sem ákveðið er í lögum þessum.
   Hafnamálastjóri veitir Hafnamálastofnun ríkisins forstöðu.
   Forseti Íslands skipar hafnamálastjóra, sem jafnframt gegnir starfi vitamálastjóra og hefur með höndum framkvæmd laga um leiðsögn skipa.
   Ráðherra skipar skrifstofustjóra, verkfræðinga og annað fast starfslið að fengnum tillögum hafnamálastjóra.
2. Við 3. gr. 4. málsgr. orðist svo:
   Bjóða skal út, ef hagkvæmt þykir, einstakar hafnarframkvæmdir eða hluta þeirra.
3. Við 6. gr. Í 5. tölulið falli niður orðin „einhverju eða“.
4. Við 8. gr. Í 1. málsgr. fellur niður orðið „svo“.
5. Við 10. gr.
   a. Á eftir 1. málsgr. komi ný málsgrein, þannig:
      Um gerð hafna og staðarval skal jafnan leita álits samtaka skipstjórnarmanna í byggðarlaginu, ef til eru, ella hjá landssamtökum þeirra.
   b. Á eftir 2. málsgr. komi ný málsgrein, þannig:
      Hafnamálastjóri skal á sama hátt senda áætlunina í heild stjórn Hafnamálasambands sveitarfélaga til umsagnar.

6. Við 16. gr. Greinin orðist svo:
   Óheimilt er án samþykkis ráðuneytisins að selja, veðsetja eða leigja til langs tíma þær fasteignir hafnarsjóðs, er notið hafa ríkisstyrks. Enn fremur er hafnarsjóðum, er njóta ríkisstyrks, óheimilt án samþykkis ráðuneytis að kaupa fasteignir eða taka lán til lengri tíma en svo, að þau verði endurgreidd af greiðsluafgangi ársins, sem í hönd fer. Enn fremur er hafnarstjórn óheimilt að hefja, án samþykkis ráðuneytisins, svo kostnaðarsamar framkvæmdir, að greiðsluafgangur hafnarsjóðs nægi ekki til að greiða kostnaðinn.
   Rísi ágreiningur út af ákvæðum þessarar greinar, sker ráðherra úr. Skal þá óheimilt að hefja eða halda áfram framkvæmdum, sem deilt er um, fyrr en úrskurður ráðherra hefur verið kveðinn upp.
   Til þess að Hafnamálastofnuninni sé unnt að fylgjast sem bezt með, að ákvæði þessarar greinar séu haldin, er skylt að senda henni eftirrit af fundargerðum hafnarstjórnar, sé þess óskað.
7. Við 19. gr. Upphaf greinarinnar orðist svo:
   Fé Hafnabótasjóðs skal ráðstafa o. s. frv.
8. Við 20. gr. Í stað „25“ í 1. tölulið komi: 30.
9. Við 26. gr.
   a. Töluliðir í gr. verði þannig:
      1. Stærð og takmörk hafnarsvæðis.
      2. Kosning og starfssvið hafnarstjóra.
      3. Reglur um umferð á sjó og landi.
      4. Öryggisreglur um flutninga.
      5. Reglur um varnir gegn mengun og um góða umgengni.
   b. Í stað orðanna „tveggja ára“ í síðustu málsgrein komi: eins árs.
   c. Við greinina bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:
      Gjaldskrá skal gefin út sérstaklega, sbr. 12. gr., en hún telst engu að síður hluti reglugerðarinnar.
10. Við 28. gr. Greinin orðist svo:
    Ráðherra skal setja reglugerð um framkvæmd þessara laga, þar með talið um starfssvið og skipulag Hafnamálastofnunarinnar, og skal því lokið eigi síðar en fyrir árslok 1974.
11. Við ákvæði til bráðabirgða:
    a. Orðið „löngum“ í 1. málsgr. falli brott.
    b. Í stað „1973“ í 2. málsgr. komi: 1974.
    c. Við bætist svo hljóðandi:

Ákvæði til bráðabirgða II.

Heimilt er að greiða úr ríkissjóði allt að 40% af stofnkostnaði þeirra dráttarbrauta, sem byggðar hafa verið frá árinu 1960 til gildistöku þessara laga af einstaklingum og félögum, eftir því sem fé er veitt til á fjárlögum.

Skilyrði fyrir greiðslu slíks framlags sé:

1. Eigi sé nema ein dráttarbraut í sveitarfélaginu.
2. Jafnframt dráttarbrautinni sé rekin skipasmíðastöð.
3. Í sveitarfélaginu sé rekin veruleg útgerð að dómi samgönguráðuneytisins.
4. Viðkomandi hafnarsjóður eða sveitarsjóður leggi fram a. m. k. 10% stofnkostnaðar á móti framlagi ríkissjóðs.
5. Um dráttarbrautina sé stofnað hlutafélag, þar sem framlög ríkis og sveitarfélags verði eignarhluti þeirra, enda nemi hann a. m. k. 50% hlutafjár.

Nd. 395. Nefndarálit [125. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 85 31. des. 1968, um eiturefni og hættuleg efni.

Frá heilbrigðis- og trygginganefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og framkomnar umsagnir og leggur einróma til, að það verði samþykkt með svofelldum

BREYTINGUM:

Við 1. gr.

a. Við 1. málsgr. bætist: og landlæknis.
b. Við 2. málsgr. bætist: og landlæknis.

Birgir Kjaran, Bjarni Guðnason og Ingvar Gíslason voru fjarstaddir, þegar málið var afgreitt.

Alþingi, 20. marz 1973.

Jón Skaftason, form., frsm. Jónas Árnason. Stefán Gunnlaugsson.

Sverrir Hermannsson.

Nd. 396. Frumvarp til laga [208. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja eyðijörðina Hól í Breiðdalshreppi, Suður-Múlasýslu.

Flm.: Vilhjálmur Hjálmarsson, Sverrir Hermannsson, Eysteinn Jónsson.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja eyðijörðina Dísastaða-Hól í Breiðdalshreppi, Suður-Múlasýslu, eftirtöldum bændum í Breiðdalshreppi:

Ásgeiri Péturssyni, Ásgarði,
Boga Jónssyni, Gljúfraborg,
Ólafi Karlssyni, Skarði.

Verð jarðarinnar fer eftir samkomulagi, ef það næst. Náist ekki samkomulag um kaupverð, skal það ákveðið að mati dómkvaddra manna.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Dísastaða-Hóll hefur verið í eyði í fjögur ár. Engar líkur eru taldar á, að jörðin byggist, enda er hún landlítil.

Hreppsnefnd Breiðdalshrepps mælir með því, að jörðin verði seld þeim þremur bændum, sem tilgreindir eru í frumvarpinu. En þeir hafa farið þess á leit við flutningsmenn frumvarpsins, að leitað verði eftir heimild Alþingis fyrir sölu jarðarinnar.

Ed. 397. Nefndarálit [46. mál]

við frv. til námulaga.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og mælir með því, að það verði samþykkt með eftirgreindum

BREYTINGUM:

1. Við 7. gr. Í stað „lögnámsmati“ komi: eignarnámsmati.
2. 8. gr. orðist svo:

Ráðherra er rétt, þá er almannahagur krefst þess, að taka eignarnámi námuréttindi til eignar eða afnota ásamt nauðsynlegum landssvæðum og mannvirkjum til athafna vegna námurekstrarins.

Ef eignarnám á hluta af eign hefur í för með sér verulega rýrnun á notagildi hins hluta eignarinnar, er skylt, ef eigandi krefst þess, að láta eignarnámið taka til allrar eignarinnar.

Við ákvörðun eingarnámsbóta skal taka sérstakt tillit til óvissu um jarðefni og kostnaðar af leit og vinnslu.

Rétt er, ef námueigandi krefst þess og ráðherra samþykkir, að meta endurgjald fyrir vinnsluréttinn:

a) tiltekinn hluta óskírs (brúttó) hluta verðmætis þess, sem unnið er.
b) tiltekinn hluta skírs (nettó) verðmætis þess, sem unnið er.

Er ráðherra hefur tekið landareign eignarnámi, skal þó fyrri eigandi eiga forgangsrétt að sérleyfi næst á eftir ríkinu.

Sveitarstjórn er heimilt með samþykki ráðherra að taka eignarnámi til eignar eða afnota malar- og grjótnámur ásamt nauðsynlegu landi, ef brýna nauðsyn ber til vegna almannahagsmuna í sveitarfélaginu.

3. Við 15. gr. bætist: Við framkvæmd 3. mgr. 3. gr. má beita dagsektum.

Nefndarmenn allir áskilja sér rétt til að flytja og fylgja öðrum breytingartillögum. Geir Hallgrímsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 21. marz 1973.

Steingrímur Hermannsson, form., frms. — Halldór Kristjánsson, fundaskr. — Ragnar Arnalds.

Björn Fr. Björnsson. — Eggert G. Þorsteinsson. — Þorv. Garðar Kristjánsson.

Nd. 398. Frumvarp til laga [113. mál]

um heimild til að stofna fjölbrautaskóla.

(Eftir 3. umr. í Ed., 21. marz.)

1. gr.

Heimilt er menntamálaráðuneytinu og Reykjavíkurborg að stofna til tilraunaskóla, er nefnist fjölbrautaskóli. Skólinn skal vera fyrir nemendur, er lokið hafa skyldunámi, og veita þeim tiltekin réttindi til sérnáms í framhaldsskólum eða háskóla, svo og menntun og þjálfun í ýmsum starfsgreinum.

2. gr.

Menntamálaráðuneytið fer með yfirstjórn skólans, sem er hluti af skólakerfi Reykjavíkurborgar.

3. gr.

Menntamálaráðuneytið setur skólanum námsskrá og reglugerð að fengnum tillögum fræðsluráðs Reykjavíkur. Skal reglugerðin m. a. kveða á um fennslu- og námsskipan skólans, kennslumagn, námsmat, námsstig nemenda og réttindi þeirra til framhaldsnáms, þ. á m. til háskólanáms.

4. gr.

Ríkissjóður greiðir 60% af stofnkostnaði skólans, en 40% greiðast af Reykjavíkurborg.

Laun skólastjóra og kennslulaun greiðir ríkissjóður að fullu í samræmi við starfsáætlun, sem ráðuneytið og fræðsluráð samþykkja. Annar rekstrarkostnaður skiptist að jöfnu milli aðila.

5. gr.

Menntamálaráðuneytið og Reykjavíkurborg gera með sér sérstakan samning, þar sem m. a. skulu sett nánari ákvæði um stjórn skólans og skiptingu kostnaðar samkvæmt 4. gr.

6. gr.

Heimilt er menntamálaráðuneytinu að stofna til fjölbrautaskóla í samvinnu við önnur sveitarfélög, eitt eða fleiri, með því fyrirkomulagi og þeirri kostnaðarskiptingu, sem lög þessi gera ráð fyrir.

Nú gerir fræðsluráð tillögu um, að stofnað verði til starfsemi fjölbrautaskóla með sameiningu tveggja eða fleiri skóla í umdæmi þess, og er þá menntamálaráðuneytinu það heimilt, hafi samningar tekizt um það með eignaraðilum skólanna.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lagaákvæði, er brjóta kunna í bága við þau.

Ed. 399. Lög [30. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka leigunámi tvö hvalveiðiskip hf. Hvals.

(Afgreidd frá Ed. 21. marz.)

Samhljóða þskj. 31.

Ed. 400. Frumvarp til laga [209. mál]

um breyting á lögum nr. 44 1971, um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Hafnarfjarðarkaupstað hluta af landi jarðarinnar Dysja í Garðahreppi og Dalvíkurhreppi jörðina Háagerði í Dalvíkurhreppi.

Flm.: Oddur Ólafsson, Geir Gunnarsson, Jón Árm. Héðinsson.

1. gr.

1. mgr. 1. gr. laganna orðist svo:

Ríkisstjórninni er heimilt að selja Hafnarfjarðarkaupstað ca. 16.5 ha. af landi jarðanna Dysja og Pálshúsa í Garðahreppi, þ. e. þann hluta jarðanna, sem fellur undir skipulag nýs byggðahverfis í Hafnarfirði.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt að beiðni bæjarstjórans í Hafnarfirði. Ástæður eru þær, að í apríl 1971 voru samþykkt á Alþingi lög nr. 46 um lögsagnarumdæmi Hafnarfjarðar og lög nr. 44 um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að selja Hafnarfjarðarkaupstað hluta af landi jarðarinnar Dysja í Garðahreppi. Nú hefur hins vegar komið í ljós hjá jarðeignadeild ríkisins, að hluti þess lands, sem í lögsagnarumdæmið færist með nefndum lögum og ætlunin var, að Hafnarfjarðarbær keypti, tilheyrði jörðinni Pálshúsum í Garðahreppi. Þar sem sá hluti lands Pálshúsa, sem hér um ræðir, hefur verið skipulagður undir svokallaðan Norðurbæ og byggingar þar eiga að hefjast nú bráðlega, er nauðsynlegt, að tryggð sé heimild ríkisstjórninnar til sölu landspildu þessarar til Hafnarfjarðarbæjar með sama hætti og landspildu úr jörðinni Dysjum. Það skal tekið fram, að frumvarp þetta er flutt með vitund og vilja sveitarstjórnar Garðahrepps.

Nd. 401. Nefndarálit [206. mál]

um frv. til l. um kaup og kjör yfirmanna á botnvörpuskipum, sem eru stærri en 500 rúmlestir brúttó.

Frá 1. minni hl. félagsmálanefndar.

Félagsmálanefndir beggja deilda hafa rætt frumvarp þetta á sameiginlegum fundum, en ekki orðið sammála um afgreiðslu þess. Undirritaðir leggja til, að það verði samþykkt óbreytt.

Bjarni Guðnason var fjarstaddur afgreiðslu málsins vegna veikinda.

Alþingi, 21. marz 1973.

Stefán Valgeirsson, form., frsm.	Garðar Sigurðsson, fundaskr.	Ágúst Þorvaldsson.

Nd. 402. Nefndarálit [206. mál]

um frv. til l. um kaup og kjör yfirmanna á botnvörpuskipum, sem eru stærri en 500 rúmlestir brúttó.

Frá 2. minni hl. félagsmálanefndar.

Við undirritaðir nefndarmenn teljum það þjóðarnauðsyn, að togaraflotinn komist á veiðar. Virðist óhjákvæmilegt, að löggjafarvaldið taki í taumana og leysi þennan vanda, sem allt of lengi hefur bakað þjóðinni geysilegt tjón.

Þegar ríkisvaldið hefur áður leyst kjaradeilur með löggjöf, hefur annaðhvort verið farin sú leið að lögfesta miðlunartillögu frá sáttasemjara eða fela gerðardómi að úrskurða. Með því frv., sem hér liggur fyrir, er farið inn á aðra leið og lagt til að lögfesta tilboð frá öðrum deiluaðila. Við getum ekki fallizt á þessa aðferð. Þar sem engin miðlunartillaga liggur fyrir frá sáttanefnd, teljum við rétt, að þessi deila verði leyst með gerðardómi. Við flytjum því við frv. svo hljóðandi

BREYTINGARTILLÖGU:

2. gr. orðist svo:

Hæstiréttur tilnefnir þrjá menn í gerðardóm, sem ákveði kaup og kjör þeirra, er 1. gr. tekur til.

Hæstiréttur kveður á um, hver hinna þriggja gerðarmanna skuli vera formaður dómsins.

Gerðardómurinn skal kveða upp úrskurð svo fljótt sem verða má og eigi síðar en 26. marz 1973. Skulu kjaraákvæði hans gilda frá gildistökudegi þessara laga til 31. desember 1973.

Kostnaður við gerðardóminn greiðist úr ríkissjóði.

Alþingi, 21. marz 1973.

Gunnar Thoroddsen, frsm. Ólafur G. Einarsson.

Nd. 403. Nefndarálit [21. mál]

um frv. til laga um Jafnlaunaráð.

Frá allsherjarnefnd.

Allsherjarnefnd hefur athugað frv. og leitað umsagna ýmissa aðila. Í ljósi þessara umsagna er nefndin sammála um að leggja til, að frv. verði samþykkt með þeim breytingum, sem birtar eru á þskj. 404.

Alþingi, 21. marz 1973.

Svava Jakobsdóttir, form., frsm. Bjarni Guðnason, fundaskr. Stefán Valgeirsson.
Pétur Pétursson. Ólafur G. Einarsson. Gísli Guðmundsson.
Ellert B. Schram.

Nd. 404. Breytingartillögur [21. mál]

við frv. til laga um Jafnlaunaráð.

Frá allsherjarnefnd.

1. Við 2. gr. 3. málsl. orðist svo:
   Óheimilt er að skerða jafnrétti kynjanna til atvinnuráðningar og skipunar í starfi, hlunninda, vinnuskilyrða og hækkunar í starfi.

2. Við 3. gr.
   a. 2. málsgr. orðist svo:
      Jafnlaunaráð skal skipað 5 mönnum til þriggja ára í senn, og skulu þeir ásamt varamönnum skipaðir þannig: einn skipaður af Hæstarétti og er hann formaður ráðsins og skal hafa lokið embættisprófi í lögum, einn skipaður af félagsmálaráðherra að fengnum tillögum Námsbrautar í almennum þjóðfélagsfræðum við Háskóla Íslands, einn skipaður af Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, einn skipaður af Alþýðusambandi Íslands og einn skipaður af Vinnuveitendasambandi Íslands.
   b. 3. málsgr. falli brott.

3. Við 4. gr.
   a. 1. tl. orðist svo:
      1. Vera ráðgjafandi gagnvart stjórnvöldum, stofnunum og félögum í málefnum, er varða jafnrétti með konum og körlum í kjaramálum og við ráðningu eða skipun til starfs.

b. Í stað „varða“ í 1. málsl. 4. tl. komi: varðar.
c. 6. tl. falli brott.

4. 5. gr. orðist svo:
Nú telur Jafnlaunaráð, að starfskjör tiltekins starfsmanns fari í bága við fyrirmæli 1. og 2. gr., og beinir þá ráðið rökstuddum tilmælum um ákveðnar breytingar á starfskjörum til viðkomandi atvinnurekanda.
Fallist atvinnurekandinn ekki á tilmæli ráðsins, er ráðinu heimilt, í samráði við starfsmanninn, að höfða mál í umboði hans til viðurkenningar á rétti hans.

5. 6. gr. orðist svo:
Þegar héraðsdómari fer með mál út af brotum á lögum þessum, kveður hann til tvo meðdómendur úr hópi 24 manna, sem félagsmálaráðherra tilnefnir. Skulu þeir tilnefndir til fjögurra ára.
Meðdómendur skulu vera lögráða.
Tilnefna skal öðrum fremur menn, sem hafa víðtæka þekkingu á kjaramálum launþega og jafnréttismálum. Taka skal tillit til búsetu þannig, að nægilega margir meðdómendur séu tiltækir í hverjum landshluta.
Þegar sérstaklega stendur á, getur dómari nefnt í dóm aðra en þá, sem ráðherra hefur tilnefnt.

Nd. 405. Breytingartillaga [206. mál]

við frv. til l. um kaup og kjör yfirmanna á botnvörpuskipum, sem eru stærri en 500 rúmlestir brúttó.

Frá 3. minni hl. félagsmálanefndar (GÞG).

Aftan við 2. gr. bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Fækki áhöfn úr 24 á skuttogurum eða 26 á síðutogurum, hækka aflaverðlaun annarra skipverja en um getur í 1. gr. um sömu upphæð og tilgreind er í 2. gr. fylgiskjala I—III.

Nd. 406. Breytingartillaga [206. mál]

við frv. til l. um kaup og kjör yfirmanna á botnvörpuskipum, sem eru stærri en 500 rúmlestir brúttó.

Frá Sverri Hermannssyni.

Við 2. gr. bætist nýr málsl.: Þó skulu brott falla ákvæði í fylgiskjali I—III, þar sem segir: „Fækki áhöfn úr 24 á skuttogurum eða 26 á síðutogurum, hækka aflaverðlaun um 0.075% fyrir hvern, sem fækkar.“

Nd. 407. Breytingartillaga [206. mál]

við frv. til l. um kaup og kjör yfirmanna á botnvörpuskipum, sem eru stærri en 500 rúmlestir brúttó.

Frá Pétri Sigurðssyni.

Á eftir 3. gr. komi ný grein, sem verði 4. gr. og orðist svo:

Ákvæði 2. gr. um, að við 2. gr. breytinga á gildandi samingum, sem fram koma á fylgiskjölum I, II og III, bætist ný málsgrein, nái einnig til kjarasamninga matsveina og smyrjara.

Fækki lög- eða samningsbundnum fjölda yfirmanna, skiptist sá sparnaður, sem af því verður fyrir útgerðina á mánaðarkaupi og aflahlut, á milli áhafnar, annarra en skipstjóra, í réttu hlutfalli við mánaðarlaun þeirra.

Nd. 408. Nefndarálit [206. mál]

um frv. til l. um kaup og kjör yfirmanna á botnvörpuskipum, sem eru stærri en 500 rúmlestir brúttó.

Frá 3. minni hl. félagsmálanefndar.

Þingflokkur Alþýðuflokksins harmar, að til verkfalls á togaraflotanum skuli hafa þurft að koma og hversu langvinnt það hefur orðið. Hann fagnar þeim samningum, sem náðust milli aðila að Sjómannasambandinu og útgerðarmanna. Fyrst samningar hafa ekki getað tekizt milli yfirmanna og útgerðarmanna, gæti þingflokkur Alþýðuflokksins fallizt á að lögfesta kjarasamninga milli þessara aðila, ef jafnrétti væri tryggt milli undirmanna og yfirmanna. Í frv. eru yfirmönnum hins vegar tryggðar kjarabætur umfram þær, sem felast í samningum Sjómannasambandsins og útgerðarmanna. Í samningum þeim, sem gert er ráð fyrir að lögfesta, felst m. a., að fækki skipverjum, t. d. hásetum, skuli yfirmenn fá hækkun á aflaverðlaunum, sem nemur 0.075%. Hliðstæð ákvæði eru ekki í samningum undirmanna við útgerðarmenn. Þingflokkur Alþýðuflokksins telur ekki rétt, að yfirmenn séu sviptir þessum aukaréttindum, fyrst ríkisstjórnin hefur fallizt á, að þeir skuli hljóta þau. En þá telur þingflokkur Alþýðuflokksins sjálfsagt réttlætismál, að undirmenn fái hliðstæða kjarabót til viðbótar þeim kjörum, sem þeir hafa nýsamið um. Það væri undarlegt, ef það væri stefna ríkisstjórnarinnar að ívilna yfirmönnum á togurum umfram undirmenn. Þess vegna flyt ég breytingartillögu um, að hliðstæðar kjarabætur skuli falla undirmönnum í skaut, ef skipverjum fækkar, og frv. gerir ráð fyrir til handa yfirmönnum. Ef brtt. verður samþykkt, mun þingflokkur Alþfl. styðja frv. Að öðrum kosti mun hann ekki stuðla að framgangi þess.

Alþingi, 21. marz 1973.

Gylfi Þ. Gíslason.

Nd. 409. Nefndarálit [120. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 82 21. ágúst 1961, um meðferð opinberra mála, sbr. lög nr. 29 28. apríl 1966.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og leggur til, að það verið samþykkt með svofelldum

BREYTINGUM:

1. Á eftir 25. gr. komi ný grein, 26. gr., svo hljóðandi:
   Þegar lög þessi hafa öðlazt gildi, skal fella ákvæði þeirra, svo og ákvæði laga nr. 29 28. apríl 1966 og laga nr. 75 27. apríl 1972, um breyting á lögum nr. 82 21. ágúst 1961, um meðferð opinberra mála, inn í meginmál laga nr. 82 21. ágúst 1961 og gefa þau út svo breytt.
2. Aftan við frv. komi svo hljóðandi

Ákvæði til bráðabirgða:

Réttarfarsnefnd skal falið að endurskoða réttarstöðu fulltrúa saksóknara ríkisins með hliðsjón af réttarstöðu og lögkjörum hliðstæðra ríkisstarfsmanna og ljúka endurskoðuninni það tímanlega, að unnt verði að leggja fram frumvarp um það efni í byrjun næsta þings.

Alþingi, 21. marz 1973.

Svava Jakobsdóttir, form.	Bjarni Guðnason, fundaskr.	Stefán Valgeirsson, frsm.
Gísli Guðmundsson.	Ólafur G. Einarsson.	Pétur Pétursson.
	Ellert B. Schram.	

Ed. 410. Nefndarálit [94. mál]

um frv. til l. um breyt. á orkulögum, nr. 58 29. apríl 1967.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og orðið sammála um að mæla með því þannig

BREYTTU:

1. gr. orðist svo:

Í stað „⅔ stofnkostnaðar viðkomandi vatnsvirkjana“ í 2. tölulið 71. gr. laganna komi: ¾ stofnkostnaðar viðkomandi vatnsvirkjana.

3. töluliður 2. málsgr. 71. gr. laganna orðist svo:

3. Að veita einstökum bændum, sem búa utan þess svæðis, er samveitum er ætlað að ná til í náinni framtíð, lán til að koma upp mótorrafstöðvum á heimilum sínum. Lán þetta má nema kostnaðarverði rafstöðvarinnar.

Geir Hallgrímsson var fjarverandi afgreiðslu málsins.

Alþingi, 22. marz 1973.

Steingrímur Hermannsson, form., frsm.	Halldór Kristjánsson.	Ragnar Arnalds.
Eggert G. Þorsteinsson.	Þorv. Garðar Kristjánsson.	Björn Fr. Björnsson.

Sþ. 411. Nefndarálit [58. mál]

um till. til þál. um kostnaðaráætlun við vegagerð í Mánárskriðum.

Frá allsherjarnefnd.

Allsherjarnefnd hefur haft till. til athugunar og fengið umsögn vegamálastjóra. Nefndin leggur til, að till. verði samþ. með þessari

BREYTINGU:

Í stað orðsins „áætlun“ í tillgr. komi: frumáætlun.

Alþingi, 22. marz 1973.

Björn Fr. Björnsson, form.	Jónas Árnason, fundaskr.	Lárus Jónsson, frsm.
Jón Skaftason.	Stefán Gunnlaugsson.	Birgir Kjaran.
	Bjarni Guðnason.	

Sþ. 412. Nefndarálit [81. mál]

um till. til þál. um bætta aðstöðu nemenda landsbyggðarinnar, sem sækja verða sérskóla á höfuðborgarsvæðinu.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað till. og fengið umsagnir Sambands veitinga- og gistihúsaeigenda, Stýrimannaskólans í Reykjavík, fræðslustjórans í Reykjavík, skólastjóra Tækniskóla Íslands, og skólastjóra Verzlunarskóla Íslands. Nefndin mælir með samþykkt tillögunnar.

Bjarni Guðnason var fjarverandi afgreiðslu málsins.

Alþingi, 22. marz 1973.

Björn Fr. Björnsson, form. | Jónas Árnason, fundaskr. | Lárus Jónsson, frsm.
Jón Skaftason. | Stefán Gunnlaugsson. | Birgir Kjaran.

Nd. 413. Nefndarálit [29. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum um rannsóknir í þágu atvinnuveganna, nr. 64/1965.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur rætt frumv. og orðið sammála um að mæla með því, að það verið samþ. eins og það er eftir 3. umr. í Ed.

Stefán Gunnlaugsson og Björn Pálsson voru fjarverandi afgreiðslu málsins.

Alþingi, 22. marz 1973.

Garðar Sigurðsson, form., frsm. | Jón Skaftason. | Pétur Sigurðsson.
Karvel Pálmason. | Guðl. Gíslason.

Nd. 414. Nefndarálit [54. mál]

um frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að staðfesta fyrir Íslands hönd alþjóðasamning, er gerður var 15. febr. 1972, um varnir gegn mengun sjávar vegna losunar úrgangsefna frá skipum og flugvélum.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Sjávarútvegsnefnd Nd. hefur athugað frumv. og mælir með, að það verði samþykkt.

Stefán Gunnlaugsson og Björn Pálsson voru fjarverandi afgreiðslu málsins.

Alþingi, 22. marz 1973.

Garðar Sigurðsson, form., frsm. | Jón Skaftason. | Pétur Sigurðsson.
Karvel Pálmason. | Guðl. Gíslason.

Sþ. 415. Breytingartillaga [48. mál]

við till. til þál. um fiskiðnskóla í Siglufirði.

Frá Geir Gunnarssyni.

Tillögugreinin orðist svo:

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta kanna grundvöll að stofnun og rekstri fiskiðnskóla í Siglufirði.

Ed. 416. Nefndarálit [206. mál]

um frv. til laga um kaup og kjör yfirmanna á botnvörpuskipum, sem eru stærri en 500 rúmlestir brúttó.

Frá meiri hl. félagsmálanefndar.

Nefndin hefur athugað frv., en ekki orðið ásátt um afgreiðslu þess. Undirritaður meiri hl. n. leggur til, að frv. verði samþykkt án breytinga.

Alþingi, 22. marz 1973.

Björn Jónsson, form., frsm. Steingrímur Hermannsson, fundaskr. Björn Fr. Björnsson.

Helgi Seljan.

Ed. 417. Nefndarálit [206. mál]

um frv. til laga um kaup og kjör yfirmanna á botnvörpuskipum, sem eru stærri en 500 rúmlestir brúttó.

Frá 1. minni hl. félagsmálanefndar.

Félagsmálanefndir beggja þingdeilda ræddu málið á sameiginlegum fundum í gær. Í dag hefur félagsmálanefnd tekið málið fyrir og ekki orðið sammála um afgreiðslu þess.

Undirritaðir nefndarmenn vísa til nefndarálits 2. minni hluta félagsmálanefndar Nd. og flytja við frumvarpið svo hljóðandi

BREYTINGARTILLÖGU:

2. gr. orðist svo:

Hæstiréttur tilnefnir þrjá menn í gerðardóm, sem ákveði kaup og kjör þeirra, er 1. gr. tekur til.

Hæstiréttur kveður á um, hver hinna þriggja gerðarmanna skuli vera formaður dómsins.

Gerðardómurinn skal kveða upp úrskurð svo fljótt sem verða má og eigi síðar en 26. marz 1973. Skulu kjaraákvæði hans gilda frá gildistökudegi þessara laga til 31. desember 1973.

Kostnaður við gerðardóminn greiðist úr ríkissjóði.

Alþingi, 22. marz 1973.

Þorv. Garðar Kristjánsson, frsm. Auður Auðuns.

Ed. 418. Nefndarálit [206. mál]

um frv. til laga um kaup og kjör yfirmanna á botnvörpuskipum, sem eru stærri en 500 rúmlestir brúttó.

Frá 2. minni hl. félagsmálanefndar.

Svo sem fram hefur komið í umræðum um frv. þetta, harmar þingflokkur Alþýðuflokksins, að til hinnar langvinnu vinnudeilu á togaraflotanum skuli hafa þurft að koma. Um leið ber að fagna þeim samningum, sem Sjómannasambandið og útgerðmenn náðu og undirritaðir voru 9. marz s. l.

Væri hlutfallslegt launajafnræði á milli undir- og yfirmanna með frv. tryggt, gæti Alþýðuflokkurinn fallizt á að lögfesta kjarasamninga milli þessara aðila. Það er hins vegar skoðun forustumanna sjómannasamtakanna, að með frumvarpinu séu yfirmönnum tryggður kjarabætur umfram það, sem þeir sömdu um 9. marz s. l. Í frv. er yfirmönnum tryggð 0.075% hækkun launa, ef skipverjum fækkar. Slík ákvæði eru ekki í samningum undirmanna. Með þessum hætti er læðzt aftan að undirmönnum, sem fyrir örfáum dögum sömdu í frjálsum samningum.

Þingflokkur Alþýðuflokksins telur rétt, að yfirmenn haldi þessum rétti, sem þeim er sumpart tryggður með lögum, en telur hins vegar réttlætismál, að undirmenn fái hliðstæða kjarabót til viðbótar þeim kjarabótum, er þeir sömdu um fyrir tveim vikum. Til tryggingar þessu mun ég flytja sérstaka breytingartillögu.

Ef breytingartillaga þessi verður samþ., mun Alþýðuflokkurinn styðja frv. Verði hún hins vegar felld, mun flokkurinn ekki styðja frumvarpið.

Alþingi, 22. marz 1973.

Eggert G. Þorsteinsson.

Ed. 419. Breytingartillaga [206. mál]

við frv. til l. um kaup og kjör yfirmanna á botnvörpuskipum, sem eru stærri en 500 rúmlestir brúttó.

Frá 2. minni hl. félagsmálanefndar (EggÞ).

Aftan við 2. gr. bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Fækki áhöfn úr 24 á skuttogurum eða 26 á síðutogurum, hækka aflaverðlaun annarra skipverja en um getur í 1. gr. um sömu upphæð og tilgreind er í 2. gr. fylgiskjala I—III.

Nd. 420. Breytingartillaga [25. mál]

við brtt. á þskj. 347 [Dvalarheimili aldraðra].

Frá Magnúsi Kjartanssyni.

Liður 5. b. orðist svo:

Á eftir 2. málsl. komi nýr málsl., er orðist svo:

Sama á við um starfslið stofnunar, hafi ekki verið gerður samningur um samstarfsnefnd.

Ed. 421. Breytingartillaga [206. mál]

við frv. til l. um kaup og kjör yfirmanna á botnvörpuskipum, sem eru stærri en 500 rúmlestir brúttó.

Frá Eggert G. Þorsteinssyni.

Aftan við 3. gr. komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Kjarasamningar undirmanna á botnvörpuskipum, dags. 9. marz 1973, eru úr gildi fallnir.

Ed. 422. Nefndarálit [180. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum um stofnun og slit hjúskapar, nr. 60 29. maí 1972.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og mælir með samþykkt þess.

Alþingi, 22. marz 1973.

Björn Fr. Björnsson, form., frsm.	Geir Gunnarsson, fundaskr.	Magnús Jónsson.
Oddur Ólafsson.	Ásgeir Bjarnason.	Eggert G. Þorsteinsson

Ed. 423. Lög [206. mál]

um kaup og kjör yfirmanna á botnvörpuskipum, sem eru stærri en 500 rúmlestir bruttó.

(Afgreidd frá Ed. 22. marz.)

Samhljóða þskj. 390.

Sþ. 424. Tillaga til þingsályktunar [210. mál]

um bætt sjónvarpsskilyrði á Vestfjarðamiðum.

Flm.: Karvel Pálmason.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að gera nú þegar ráðstafanir til, að bætt verði móttökuskilyrði fyrir sjónvarp á fiskimiðunum úti fyrir Vestfjörðum.

Greinargerð.

Vart þarf á að minna, hversu miklu og mikilvægu hlutverki sjónvarpið gegnir meðal þjóðarinnar. Þótt vissulega hafi mikið verið gert í því að dreifa sjónvarpi um landsbyggðina, er talsvert, sem á skortir, að sjónvarpið nái til allra landsmanna, þar á meðal þeirra mörgu sjómanna, sem fiskveiðar stunda mikinn hluta úr árinu.

Þó að víða sé úrbóta þörf í þessum efnum, munu vestfirzkir sjómenn vera langverst settir að því er varðar móttökuskilyrði sjónvarps á miðum úti.

Póst- og símamálastjórnin lét á síðasta ári gera athugun á leið til að beina sjónvarpsmerki út á miðin úti fyrir Vestfjörðum. Er helzt talið koma til greina að reisa

endurvarpstöð á Barða. Bent er á, að endurvarpsstöð á Barða muni einnig að einhverju leyti geta þjónað byggðinni á Ingjaldssandi, sem nýtur ekki sjónvarps eins og nú er. Kostnaðaráætlun fylgdi þessari athugun, og var hún að upphæð 4 500 þús. kr. Verður það að teljast óveruleg upphæð, þegar tillit er tekið til þeirrar miklu og sjálfsögðu þjónustu, sem þetta mundi veita sjómönnum og öðrum þeim, sem þessa nytu, — þjónustu, sem sjómenn eiga sannarlega skilið ekki síður en aðrir landsmenn. Með því hugarfari er tillaga þessi flutt.

Ed. 425. Nefndarálit [197. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 1 11. febr. 1970, um tollskrá o. fl.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og mælir með, að það verði samþykkt óbreytt.

Magnús Jónsson, Jón Árm. Héðinsson og Björn Jónsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 26. marz 1973.

Ragnar Arnalds, form., frsm. Páll Þorsteinsson, fundaskr. Geir Hallgrímsson.
Halldór Kristjánsson.

Ed. 426. Lög [2. mál]

um Fósturskóla Íslands.

(Afgreidd frá Ed. 26. marz.)

Samhljóða þskj. 365 (sbr. 2)

Sþ. 427. Fyrirspurnir. [211. mál]

I. Til samgönguráðherra um flugvallargerð við Seyðisfjörð.

Frá Sverri Hermannssyni.

Hvenær verður hafizt handa um gerð sjúkraflugvallar við Seyðisfjörð?

II. Til iðnaðarráðherra um Lagarfossvirkjun.

Frá Sverri Hermannssyni.

Hafa orðið breytingar á áætlunum um virkjun Lagarfoss? Ef svo er, í hverju eru þær fólgnar?

Ed. 428. Frumvarp til námulaga. [46. mál]

(Eftir 2. umr. í Ed., 26. marz.)

Samhljóða þskj. 48 með þessum breytingum:

7. gr. hljóðar svo:
Rétt er ráðherra að láta leita jarðefna hvar sem er á landi hér. Er landeiganda eða umráðaaðilja lands skylt að veita þeim mönnum, sem ráðherra gerir út í því skyni, óhindraðan aðgang að landareign þeirri, sem í hlut á, og ber honum að hlíta hvers konar afnotum af landi, takmörkunum á umráðarétti og óþægindum, sem nauðsynleg eru vegna framkvæmdar verksins, gegn fullu endurgjaldi, sem ákveða skal með eignarnámsmati, ef samkomulag næst ekki.

8. gr. hljóðar svo:
Ráðherra er rétt, þá er almannnahagur krefst þess, að taka eignarnámi námuréttindi til eignar eða afnota ásamt nauðsynlegum landssvæðum og mannvirkjum til athafna vegna námurekstrarins.
Ef eignarnám á hluta af eign hefur í för með sér verulega rýrnun á notagildi hins hluta eignarinnar, er skylt, ef eigandi krefst þess, að láta eignarnámið taka til allrar eignarinnar.
Við ákvörðun eignarnámsbóta skal taka sérstakt tillit til óvissu um jarðefni og kostnaðar af leit og vinnslu.
Rétt er, ef námueigandi krefst þess og ráðherra samþykkir, að meta endurgjald fyrir vinnsluréttinn:
a) tiltekinn hluta óskírs (brúttó) hluta verðmætis þess, sem unnið er.
b) tiltekinn hluta skírs (nettó) verðmætis þess, sem unnið er.
Er ráðherra hefur tekið landareign eignarnámi, skal þó fyrri eigandi eiga forgangsrétt að sérleyfi næst á eftir ríkinu.
Sveitarstjórn er heimilt með samþykki ráðherra að taka eignarnámi til eignar eða afnota malar- og grjótnámur ásamt nauðsynlegu landi, ef brýna nauðsyn ber til vegna almannahagsmuna í sveitarfélaginu.

15. gr. hljóðar svo:
Brot gegn lögum þessum varða fésektum eða varðhaldi, nema þyngri refsing liggi við eftir öðrum lögum. Við framkvæmd 3. mgr. 3. gr. má beita dagsektum.

Ed. 429. Nefndarálit [195. mál]

um frv. til l. um happdrætti Dvalarheimilis aldraðra sjómanna.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur haft frv. til athugunar og mælir með því, að það verði samþykkt óbreytt.
Magnús Jónsson, Jón Árm. Héðinsson og Björn Jónsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 26. marz 1973.

Ragnar Arnalds, form., frsm.
Páll Þorsteinsson, fundaskr.
Geir Hallgrímsson.
Halldór Kristjánsson.

Ed. 430. Nefndarálit [201. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 86 31. des. 1963, um stofnun happdrættis fyrir Ísland.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Frv. þetta er flutt af ríkisstjórninni að beiðni háskólarektors og felur fyrst og fremst í sér framlengingu heimildar til happdrættisrekstrar til ársins 1989, en núverandi heimild Háskóla Íslands rennur út í lok þessa árs.

Dómsmálaráðuneytið hefur bent á, að æskilegt væri að gera nokkrar minni háttar breytingar á lögunum til viðbótar þeim breytingum, sem háskólarektor hefur haft frumkvæði um. Nefndin hefur fallizt á þessar ábendingar og mælir með samþykkt frumvarpsins með breytingum, sem fylgja á sérstöku þingskjali.

Magnús Jónsson, Jón Árm. Héðinsson og Björn Jónsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 26. marz 1973.

Ragnar Arnalds, form., frsm.	Páll Þorsteinsson, fundaskr.	Geir Hallgrímsson.
	Halldór Kristjánsson.	

Ed. 431. Breytingartillögur [201. mál]

við frv. til l. um breyt á l. nr. 86 31. des. 1963, um stofnun happdrættis fyrir Ísland.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

1. Við 1. gr. Orðin „1. gr. orðist svo“ falli niður.
2. Í stað 2. gr. komi sex greinar, sem orðist svo:
   a. (2. gr.) Á meðan happdrættið starfar, er bannað að setja á stofn nokkurt annað peningahappdrætti hér á landi, svo og að verzla með eða hafa á boðstólum miða erlendra happdrætta, auglýsa þá í innlendum blöðum eða hvetja menn til að kaupa þá. Þó getur ráðherra veitt undanþágu að því er kemur til happdrættis, sem stofnað er til í góðgerðaskyni einungis, og þó með skýrum takmörkum, t. d. fyrir eitt sveitarfélag, og aldrei nema um ákveðinn tíma, lengst eitt ár.
   b. (3. gr.) Enginn má selja hlutamiða happdrættisins nema löggiltir útsölumenn þess, er fá miðana frá aðalskrifstofu happdrættisins, og öll önnur verzlun með miðana er bönnuð. Ráðherra er heimilt að leyfa happdrættinu að taka í sínar hendur útsölu hlutamiða.
   c. (4. gr.) Vinningar í happdrættinu er undanþegnir hvers konar opinberum gjöldum, öðrum en eignarskatti á því ári, sem þeir falla.
   d. (5. gr.) Dómsmálaráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um starfsemi happdrættisins.
   e. (6. gr.) Brot gegn lögum þessum varða sektum eða varðhaldi.
   f. (7. gr.) Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 86 31. des. 1963, um stofnun happdrættis fyrir Ísland, og lög nr. 95 23. des. 1969, um breyting á þeim lögum.
3. Fyrirsögn frumvarpsins verði: Frumvarp til laga um Happdrætti Háskóla Íslands.

Sþ. 432. Tillaga til þingsályktunar [212. mál]

um birtingu skjala varðandi gerð landhelgissamninganna við Breta og Vestur-Þjóðverja 1961.

Flm.: Tómas Karlsson.

Alþingi ályktar að skora í ríkisstjórnina að láta birta öll skjöl, bréf og orðsendingar, er fóru á milli íslenzku ríkisstjórnarinnar annars vegar og brezku og vestur-þýzku ríkisstjórnanna hins vegar í sambandi við undirbúning og gerð landhelgissamninganna 1961 milli Íslands og Bretlands og Íslands og Vestur-Þýzkalands.

Greinargerð.

Í úrskurðum þeim, sem Alþjóðadómstóllinn kvað upp 2. febr. 1973, er hann tók sér lögsögu í málum þeim, er Bretar og Vestur-Þjóðverjar höfða fyrir dómnum til ógildingar útfærslu fiskveiðilögsögunnar við Ísland í 50 sjómílur, er vísað til margs konar skjala, bréfa og orðsendinga, sem milli ríkisstjórnar Íslands og ríkisstjórna Bretlands og Vestur-Þýzkalands fóru við undirbúning landhelgissamninganna á árunum 1960 og 1961.

Þessi gögn hafa aldrei verið birt hér á landi, jafnvel ekki utanríkismálanefnd Alþingis, en munu varðveitt í skjalasafni utanríkisráðuneytisins. Þegar landhelgissamningarnir voru lagðir fyrir Alþingi 1961, var utanríkismálanefnd neitað um aðgang að vissum skjölum, er málið varða.

Nú þegar Bretar og Vestur-Þjóðverjar hafa lagt þessi gögn fyrir Alþjóðadómstólinn í Haag til stuðnings baráttu gegn Íslandi í mesta hagsmunamáli íslenzku þjóðarinnar, má telja meira en tímabært, að íslenzkur almenningur eigi þess kost að kynna sér efni þessara skjala. Þjóðin á kröfu á birtingu þessara gagna, og er með öllu óeðlilegt, að þeim sé haldið leyndum á Íslandi, eftir að Bretar og Vestur-Þjóðverjar hafa lagt þau fram fyrir Alþjóðadómstólinn í Haag í málarekstri gegn Íslendingum.

Sþ. 433. Tillaga til þingsályktunar [213. mál]

um þurrkun loðnu til manneldis.

Flm.: Bragi Sigurjónsson, Pétur Pétursson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta fara fram ítarlega rannsókn á því, hvort ekki megi þurrka loðnu, t. d. við jarðhita, til manneldis með útflutning fyrir augum. Rannsókn þessi fari fram fyrir næstu loðnuvertíð, ef unnt er, svo að þá megi beita þessari framleiðsluaðferð, hafi hún gefið álitlega raun.

Greinargerð.

Það er kunnara en frá þurfi að segja, að stór hluti mannkyns býr við sífelldan skort eggjahvíturíkrar fæðu. Hér gerist það samtímis, að við mokum upp loðnu til framleiðslu alidýrafóðurs, jafnvel áburðar. Hér er ekki verið að mæla gegn framleiðslu alidýrafóðurs að vissu magni, en mörgum mun blæða í augum, að ekki skuli vera hægt að gera verðmeiri og eftirsóttari vöru úr loðnumagninu, og þótt fryst loðna til útflutnings til Japans hafi gefið góða raun, er sjálfsagt að freista fleiri leiða til að koma þessum ágæta fiski á manneldismarkaðinn, bæði sjálfra okkar vegna til að fá meira fyrir útflutning okkar og vegna þess stóra hluta mannkyns, sem er í þörf fyrir eggjahvíturíkari fæðu en hann á völ á löngum.

Gömul framleiðsluaðferð og ný er þurrkun. Skreið hefur reynzt okkur Íslendingum tekjudrjúg útflutningsvara öðru hverju, og þurrkuð matvæli, ef þau hljóta rétta meðhöndlun, hafa mikið geymsluþol.

Hér er lagt til, að ríkisvaldið hafi um það forgöngu, að ítarleg rannsókn fari fram á því hið fyrsta, hvort ekki megi með góðum árangri beita þurrkunaraðferð við að búa loðnu til manneldis, og auðvitað verður jafnframt að afla framleiðslu þessari markaða. Þetta verði unnið, ef unnt er, fyrir næstu loðnuvertíð, sem við að sjálfsögðu vonum öll, að verði enn góð. Til frekari áréttingar hugmynd þessari er birtur hér með kafli úr bréfi úr Mývatnssveit, þar sem loðnuþurrkun hefur aðeins verið reynd við jarðhita:

„Um það þarf ekki að hafa mörg orð, hversu mikil söun verðmætra eggjahvituefna á sér stað við framleiðslu alidýrafóðurs úr loðnuafla landsmanna, en á sama tíma ríkir geigvænlegur eggjahvituskortur víða um heim.

Kunnugt er, að víða er ýmiss konar smáfiskur þurrkaður í sólinni og síðan neytt sem hluta daglegrar fæðu, og datt okkur í hug að gera tilraun með þurrkun loðnunnar við jarðhita hér í Mývatnssveit, en áður var hún látin liggja um stund í saltpækli til að verjast þránun.

Við höfum þurrkunina fremur hægfara, þannig að nokkur gerjun átti sér stað, sem veldur sterkara bragði. Með hraðari þurrkun, svo að ekki sé minnzt á vacuumþurrkun eða frostþurrkun, má vafalaust framleiða bragðdaufari vöru. Eins má breyta styrkleika saltpækilsins og pæklunartíma loðnunnnar og jafnvel mætti bæta kryddi í pækilinn eftir kröfum markaðarins. Trúlega þarf framleiðslan þó að vera fremur bragðsterk, a. m. k. ef hún er ætluð fyrir íbúa heitra landa.

Okkur þykir ekki ósennilegt, að finna megi markað fyrir þessa vöru t. d. í markaðslöndum okkar fyrir skreið og eins í löndum við Rauðahaf og Persaflóa svo og í Austur-Afríku, þar sem slíkur smáfiskur hvað vera algeng fæða þurrkaður. Auðvitað þarf mikið átak til markaðskynningar þessarar framleiðslu.

Framleiðslu mætti hugsa sér þannig, að loðnan væri fyrst söltuð í þrær eða kassa, en síðan gengi hún á færiböndum fyrst gegnum vatnsböð og þaðan gegnum loftstraum með fremur lágum hita. Mætti víða nota jarðhita við þurrkunina, t. d. hina nýfundnu varmanámu við Svartsengi hjá Grindavík."

Nd. 434. Lög [23. mál]

um framkvæmd eignarnáms.

(Afgreidd frá Nd. 26. marz.)

Samhljóða þskj. 23.

Nd. 435. Frumvarp til laga [125. mál]

um breyting á lögum nr. 85 31. des. 1968, um eiturefni og hættuleg efni.

(Eftir 2. umr. í Nd. 26. marz.)

1. gr.

1. grein laganna orðist svo:

Eiturefni (sterkt eitur; eitur) eru samkvæmt lögum þessum efni þau, sem skráð eru á listum I og II yfir eiturefni svo og sérhver efnasamsetning og varningur, er hefur að geyma slík efni í því formi og magni, að venjuleg notkun þeirra felur í sér hættu á eitrunum í mönnum og dýrum samkvæmt mati ráðherra að fenginni umsögn eiturefnanefndar (sbr. 2. gr.) og landlæknis.

Hættuleg efni eru samkvæmt lögum þessum efni þau, sem skráð eru á listum III, IV A, IV B og V yfir hættuleg efni, svo og sérhver efnasamsetning og varningur, er hefur að geyma slík efni í því formi og magni, að venjuleg notkun þeirra felur í sér hættu fyrir heilsu manna og dýra samkvæmt mati ráðherra að fenginni umsögn eiturefnanefndar (sbr. 2. gr.) og landlæknis.

2. gr.

2. grein 2. málsgr. laganna orðist svo:

Eiturefnanefnd gerir tillögur um röðun efna á lista yfir eiturefni og hættuleg efni, sbr. 1. gr. Nefndin gerir einnig tillögur um gerð nýrra lista, ef þörf gerist. Ráðherra staðfestir listana með reglugerð. Nefndin skal gera lista yfir eiturefni og hættuleg efni, sem viðurkennd eru til nota í landbúnaði og garðyrkju og til útrýmingar meindýra, sbr. 14. gr. Eiturefnanefnd má kveðja til ráðuneytis um framkvæmd annarra laga, ef þörf gerist (sbr. einnig 15. gr. 1. málsgr.).

3. gr.

2. grein 3. málsgr. laganna orðist svo:

Þegar nefndin fjallar um eiturefni og hættuleg efni, sem notuð eru í garðyrkju, landbúnaði eða við grasrækt, tekur sæti í nefndinni maður, sem landbúnaðarráðuneytið tilnefnir, og er hann sérfróður um slík málefni.

4. gr.

Viðaukar I og II við lögin falli niður.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 436. Nefndarálit [5. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 54 20. apríl 1954, um orkuver Vestfjarða.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og mælir með, að það verði samþykkt óbreytt.

Bjarni Guðnason var fjarverandi afgreiðslu málsins.

Alþingi, 27. marz 1973.

Eðvarð Sigurðsson, form., frsm.	Pétur Pétursson, fundaskr.	Gísli Guðmundsson.
Tómas Karlsson.	Gunnar Thoroddsen.	Lárus Jónsson.

Ed. 437. Frumvarp til laga [214. mál]

um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna á íslenzkum skipum.

(Lagt fyrir Alþingi á 93. löggjafarþingi, 1972—1973).

I. KAFLI
Inngangur og orðaskýringar.

1. gr.

Hverjum íslenzkum ríkisborgara, sem fullnægir þeim skilyrðum, sem sett eru í lögum þessum, er heimilt að leita sér atvinnu við siglingar á íslenzkum skipum.

2. gr.

a. Skip merkir í lögum þessum hvert það far, sem er 6 metra langt eða meira og skráð er á skipaskrár, án tillits til þess, hvort það gengur fyrir seglum eða vél eða hvoru tveggja.
b. Rúmlest er brúttórúmlest: 100 teningsfet ensk: 2.83 teningsmetrar.
c. Mánaður er 30 nátta mánaður, eins og ákveðið er með sjómannalögum, nr. 67 31. des. 1963, um kaupgreiðslur á sjó.
d. Fiskiskip merkir hvert það skip, sem skrásett er sem fiskiskip, án tillits til stærðar, og notað er mestan hluta ársins til veiða, þótt það sé jafnframt notað til flutninga til útlanda á eigin afla eða keyptum afla.
e. Verzlunarskip merkir hvert það skip, sem skrásett er sem verzlunarskip, án tillits til stærðar, og siglir með varning frá landinu og til þess og milli hafna innanlands eða flytur farþega eða hvort tveggja.
f. Innanlandssigling er sigling og fiskveiðar við strendur Íslands og á hafinu kringum landið allt að 150 sjómílur frá sjálfu landinu.
g. Utanlandssigling er hver sú ferð, sem farin er til annarra landa, eða til fiskimiða annarra landa, þótt hafna sé ekki leitað.
h. Siglingar innan fjarða eða flóa ber að skilja sem siglingar með skipum, sem eru staðbundin við ákveðna firði eða flóa og eigi er ætlað að fara út fyrir þau takmörk.

3. gr.

a. Próf þau og siglingatími, sem krafizt er í lögum þessum til þess að öðlast skírteini, eru hið lægsta, sem þarf í hverju einstöku tilfelli. Æðra próf í sömu greinum gildir einnig fyrir þau skírteini, sem lægra próf þarf til að öðlast.

   Ráðherra sá, sem fer með kennslumál, setur reglugerð um það, hvernig kennslu skipstjórnarmanna skuli hagað, svo og um inntökuskilyrði í skóla fyrir þá, próf og skilyrði þau, sem sett eru fyrir prófum.
b. Siglingatími stýrimanna og háseta telst aðeins sá tími, sem þeir eru skráðir á skip, sem eru í förum. Sé skipi lagt upp, án þess að afskráning fari fram, skal geta þess í sjóferðabók, og má þá telja til siglingatíma stýrimanna og háseta allt að 1/5 hluta þess tíma, sem skipið hefur legið um kyrrt. Siglingatíma skal sanna með sjóferðabók, innlendri eða útlendri, eða vottorði frá skráningarstjóra.

   Til siglingatíma háseta getur aldrei talizt sá tími, sem hann er skráður á fiskiskip, en vinnur í landi að verkun afla eða við veiðarfæri.

II. KAFLI

Skipstjórnarmenn á fiskiskipum og verzlunarskipum allt að 400 rúmlestum.

4. gr.

Rétt til að vera skipstjóri eða stýrimaður í innanlandssiglingum á íslenzku skipi 6—30 rúmlestir að stærð hefur sá einn, er leggur fram vottorð frá siglingafróðum manni, tilnefndum af samgönguráðuneytinu til 5 ára í senn eftir tillögum skólastjóra Stýrimannaskólans í Reykjavík, um, að hann:

a. Þekki á áttavita og kunni að leiðrétta stefnur og miðanir fyrir segulskekkju;
b. kunni alþjóðareglur til að forðast ásiglingu og þekki neyðarbendingar og kunni að nota þær;
c. kunni að setja stefnur og miðanir á sjókort;
d. kunni að nota vegmæli og djúpmæli í sambandi við sjókort;
e. hafi þekkingu á vitakerfi landsins og björgunarstöðvum og kunni að nota algengustu björgunartæki;
f. kunni að finna, hvenær flóð verður og fjara;
g. þekki reglur um lífgun drukknaðra manna;
h. sanni með læknisvottorði, að sjón hans og heyrn sé svo fullkomin sem nauðsynlegt er fyrir skipstjórnarmenn;

i. sanni með sjóferðabók eða vottorðum frá skráningarstjóra, að hann hafi verið háseti eftir 15 ára aldur á skipi yfir 6 rúmlestir í 18 mánuði;
j. sé 19 ára að aldri, en sé skipið stærra en 15 rúmlestir, skal aldurstakmarkið fyrir skipstjóra vera 21 ár, enda hafi hann þá verið stýrimaður á skipi yfir 15 rúmlestir í 6 mánuði eða formaður á skipi yfir 6 rúmlestir í 6 mánuði.

Varðandi siglingatíma þann, er um ræðir í i- og j-liðum á skipum 6—12 rúmlestir, nægir vottorð frá 2 trúverðum mönnum.

Hinir siglingafróðu menn, sem um getur í upphafi þessarar greinar, skulu skipaðir fyrir takmörkuð svæði, sem samgönguráðuneytið tiltekur.

Gegn slíku vottorði og vottorði um sundkunnáttu gefur lögreglustjóri, í Reykjavík tollstjóri, út skírteini, sem veitir rétt til að vera skipsjóri á skipum allt að 15 rúmlestir og stýrimaður á skipum allt að 30 rúmlestir, eða skipstjóraskírteini á skipi allt að 30 rúmlestir samkvæmt þessari grein.

5. gr.

Rétt til vera skipstjóri í innanlandssiglingum á íslenzku fiskiskipi allt að 120 rúmlestir hefur sá einn, sem fengið hefur hið minna skipstjóraskírteini á fiskiskipi.

6. gr.

Sá einn getur fengið hið minna skipstjóraskírteini á fiskiski sem:

a. staðizt hefur skipstjórapróf 1. stigs við Stýrimannaskólann í Reykjavík eða í Vestmannaeyjum eða við 1. bekkjar deildar Stýrimannaskólans í Reykjavík úti á landi;
b. hefur verið í 12 mánuði stýrimaður á skipi yfir 30 rúmlestir eða: hefur verið 6 mánuði stýrimaður á skipi yfir 30 rúmlestir og skipstjóri á skipi yfir 12 rúmlestir í 6 mánuði;
c. er lögráða;
d. sannar með læknisvottorði, að sjón hans og heyrn sé svo fullkomin sem nauðsynlegt er fyrir skipstjórnarmenn.

7. gr.

Rétt til að vera stýrimaður í innanlandssiglingum á fiskiskipi allt að 120 rúmlestir hefur sá einn, sem fengið hefur hið minna stýrimannsskírteini á fiskiskipi.

8. gr.

Sá einn getur fengið hið minna stýrimannsskírteini á fiskiskipi, sem:

a. staðizt hefur skipstjórapróf 1. stigs við stýrimannaskólann í Reykjavík eða í Vestmannaeyjum eða við 1. bekkjar deildir Stýrimannaskólans í Reykjavík úti á landi;
b. hefur eftir 15 ára aldur verið 24 mánuði háseti á skipi yfir 12 rúmlestir eða 6 mánuði stýrimaður eða skipstjóri á skipi yfir 12 rúmlestir;
c. sé minnst 20 ára að aldri;
d. sannar með læknisvottorði, að sjón hans og heyrn sé svo fullkomin sem nauðsynlegt er fyrir skipstjórnarmenn.

9. gr.

Rétt til að vera skipstjóri í utan- og innanlandssiglingum á íslenzku fiskiskipi af hvaða stærð sem er og á íslenzku verzlunarskipi allt að 400 rúmlestir hefur sá einn, sem fengið hefur hið meira skipstjóraskírteini á fiskiskipi.

10. gr.

Sá einn getur fengið hið meira skipstjóraskírteini á fiskiskipi, sem:

a. staðizt hefur skipstjórapróf 2. stigs við Stýrimannaskólann í Reykjavík eða í Vestmannaeyjum;

b. hefur verið í 18 mánuði einn stýrimaður eða yfirstýrimaður á skipi yfir 30 rúmlestir; eða: hefur verið 12 mánuði einn stýrimaður eða yfirstýrimaður og 6 mánuði undirstýrimaður á skipi yfir 30 rúmlestir; eða: hefur verið 12 mánuði einn stýrimaður eða yfirstýrimaður á skipi yfir 30 rúmlestir og skipstjóri á skipi yfir 15 rúmlestir í 6 mánuði; eða: hefur verið einn stýrimaður eða yfirstýrimaður á skipi yfir 30 rúmlestir í 6 mánuði og skipstjóri á skipi yfir 15 rúmlestir í 12 mánuði;
c. til þess að öðlast skipstjóraréttindi á fiskiskipi við veiðar þarf minnst 12 mánuði af fyrrgreindum stýrimannstíma á fiskiskipum eða minnst 6 mánaða skipstjóratíma af fyrrgreindum tíma á fiskiskipum. Til að öðlast skipstjóraréttindi á verzlunarskipi undir 400 rúmlestir þarf minnst 12 mánuði af fyrrgreindum stýrimannstíma sem stýrimaður á verzlunarskipi;
d. er lögráða;
e. sannar með læknisvottorði, að sjón hans og heyrn sé svo fullkomin sem nauðsynlegt er fyrir skipstjórnarmenn.

11. gr.

Rétt til að vera stýrimaður í utan- og innanlandssiglingum á íslenzku fiskiskipi af hvaða stærð sem er og á íslenzku verzlunarskipi eigi yfir 400 rúmlestir hefur sá einn, er fengið hefur meira stýrimannsskírteini á fiskiskipi.

12. gr.

Sá einn getur fengið hið meira stýrimannaskírteini á fiskiskip, sem:
a. staðizt hefur skipstjórapróf 2. stigs við Stýrimannaskóla í Reykjavík eða í Vestmannaeyjum;
b. hefur eftir 15 ára aldur verið háseti 30 mánuði á skipi stærra en 12 rúmlestir, þar af a. m. k. 12 mánuði á skipi stærra en 30 rúmlestir;
eða: hefur verið 6 mánuði skipstjóri eða 12 mánuði stýrimaður á skipi yfir 12 rúmlestir og 12 mánuði á skipi yfir 30 rúmlestir;
c. til þess að öðlast stýrimannsréttindi á fiskiskipi þarf minnst 12 mánuði af fyrrgreindum hásetatíma á fiskiskipum;
d. er lögráða;
e. sannar með læknisvottorði, að sjón hans og heyrn sé svo fullkomin sem nauðsynlegt er fyrir skipstjórnarmenn.

13. gr.

Rétt til að vera undirstýrimaður í utan- og innanlandssiglingum á íslenzku verzlunar- og varðskipi af hvaða stærð sem er hefur sá einn, sem fengið hefur undirstýrimannsskírteini á verzlunarskipi.

14. gr.

Sá einn getur fengið undirstýrimannsskírteini á verzlunarskipi, sem staðizt hefur skipstjórapróf 2. stigs við stýrmannaskólana í Reykjavík eða í Vestmannaeyjum, enda fullnægi hann skilyrðum b-, c- og d-liða 18. greinar.

III. KAFLI

Skipstjórnarmenn á verzlunarskipum og varðskipum ríkisins.

15. gr.

Rétt til að vera skipstjóri í innan- og utanlandssiglingum á íslenzku verzlunarskipi af hvaða stærð sem er hefur sá einn, er fengið hefur skipstjóraskírteini á verzlunarskipi.

16. gr.

Sá einn getur fengið skipstjóraskírteini á verzlunarskipi, sem:
a. hefur staðizt skipstjórapróf 3. stigs frá Stýrimannaskólanum í Reykjavík;

b. hefur verið stýrimaður í 24 mánuði á verzlunarskipi eða varðskipi yfir 100 rúmlestir og auk þess yfirstýrimaður í 12 mánuði á verzlunarskipi eða varðskipi yfir 400 rúmlestir;
eða: hefur verið skipstjóri í 6 mánuði á verzlunarskipi yfir 100 rúmlestir og 12 mánuði yfirstýrimaður á verzlunarskipi eða varðskipi yfir 400 rúmlestir;
eða: hefur verið skipstjóri í 24 mánuði á fiskiskipi yfir 100 rúmlestir og auk þess stýrimaður á verzlunarskipi eða varðskipi yfir 400 rúmlestir í 12 mánuði, og af þeim tíma 6 mánuði yfirstýrimaður;
eða: hefur verið stýrimaður á fiskiskipi yfir 100 rúmlestir í 18 mánuði og auk þess stýrimaður á verzlunarskipi eða varðskipi yfir 400 rúmlestir í 18 mánuði og af þeim tíma 12 mánuði yfirstýrimaður;
c. hefur af siglingatíma þeim, sem um getur í b-lið verið að minnsta kosti 6 mánuði stýrimaður á verzlunarskipi í utanlandssiglingum;
d. er 25 ára að aldri og lögráða;
e. sannar með læknisvottorði, að sjón hans og heyrn sé svo fullkomin sem nauðsynlegt er fyrir skipstjórnarmenn.

17. gr.

Rétt til að vera stýrimaður í utan- og innanlandssiglingum á íslenzku verzlunarskipi eða varðskipi af hvaða stærð sem er hefur sá einn, er fengið hefur stýrimannsskírteini á verzlunarskipi.

18. gr.

Sá einn getur fengið stýrimannsskírteini á verzlunarskipi, sem:
a. hefur staðizt skipstjórapróf 3. stigs við Stýrimannaskólann í Reykjavík;
b. hefur verið háseti eftir 15 ára aldur á verzlunar- eða varðskipi yfir 100 rúmlestir í 36 mánuði.
eða: hefur verið háseti eftir 15 ára aldur á verzlunar- eða varðskipi yfir 100 rúmlestir í 18 mánuði, og auk þess háseti á fiskiskipi yfir 30 rúmlestir í 18 mánuði;
c. er lögráða;
d. sannar með læknisvottorði, að sjón hans og heyrn sé svo fullkomin sem nauðsynlegt er fyrir stýrimann.

19. gr.

Rétt til að vera skipstjóri á varðskipum ríkisins hefur sá einn, sem fengið hefur skipstjóraskírteini á varðskipum ríkisins.

20. gr.

Sá einn getur fengið skipstjóraskírteini á varðskipum ríkisins, sem:
a. hefur staðizt skipstjórapróf 4. stigs við Stýrimannaskólann í Reykjavík;
b. hefur siglt sem stýrimaður á verzlunarskipi yfir 400 rúmlestir eða á varðskipi í 24 mánuði og að auki á varðskipi í 12 mánuði og af samanlögðum þessum tíma eigi skemur en 12 mánuði sem yfirstýrimaður;
c. er 25 ára að aldri og lögráða;
d. sannar með læknisvottorði, að sjón hans og heyrn sé svo fullkomin sem nauðsynlegt er fyrir skipstjórnarmenn:

IV. KAFLI
Almenn ákvæði.

21. gr.

Ekkert íslenzkt skip, sem stærra er en 20 rúmlestir, má afgreiða frá nokkurri höfn hér á landi til ferða á milli Íslands og annarra landa eða í innanlandssiglingum, nema á því sé til starfa, auk skipstjóra, einn eða fleiri stýrimenn, samkvæmt eftirfarandi ákvæðum:

a. Á fiskiskipi allt að 300 rúmlestir og á verzlunarskipi allt að 200 rúmlestir í utan- og innanlandssiglingum sé einn stýrimaður að minnsta kosti. Sama gildir fyrir verzlunarskip í innanlandssiglingum allt að 400 rúmlestir, sem ekki flytur farþega.
b. Á fiskiskipi 300 rúmlestir og stærra í innan- og utanlandssiglingum og verzlunarskipi 200 rúmlestir og stærra í utanlandssiglingum sé að minnsta kosti tveir stýrimann. Hið sama gildir um verzlunarskip allt að 400 rúmlestum í innanlandssiglingum, er flytur farþega.
c. Á verzlunarskipi í innan- og utanlandssiglingum, sem er 400 rúmlestir eða stærra og flytur farþega, skulu vera 3 stýrimenn.

Sama gildir um skip, sem eru 1500 rúmlestir og stærri, þó að þau flytji ekki farþega.

Skip, sem eru undir 1500 rúmlestum, þurfa þó eigi að hafa þriðja stýrimann, nema þau hafi rúm fyrir meira en 12 farþega. Undanþegin ákvæði 1. málsgreinar þessarar greinar um skyldu til að hafa stýrimann auk skipstjóra eru fiskiskip og bátar undir 30 rúmlestum, ef þeim er ætlað að leggja afla sinn á land daglega.

22. gr.

Á varðskipum ríkisins yfir 400 rúmlestir og stærri séu að minnsta kosti 3 stýrimenn, en á varðskipum undir 400 rúmlestum sé að minnsta kosti 2 stýrimenn.

23. gr.

Ráðherra er heimilt, í samráði við siglingamálastjóra að ákveða fjölda skipstjórnarmanna á skipum, sem notuð eru til styttri siglinga, aðallega innan fjarða og flóa, svo og á dráttarbátum, grafvélum og öðrum fleytum, sem aðallega eru notuð á höfnum inni.

24. gr.

Hver sá, sem fullnægir skilyrðum þeim, sem sett eru í 4. gr., 6. gr., 8. gr., 10. gr., 12. gr., 14. gr., 16. gr., 18. gr. og 20. gr. þessara laga, á rétt á að fá þau skírteini, sem þar um getur. Skírteinin skulu gefin út af tollstjóranum í Reykjavík eða lögreglustjórum úti á landi og skulu þau rituð á þar til gerð eyðublöð, eftir fyrirmynd, sem samgönguráðuneytið semur.

Að liðnum 10 árum frá dagsetningu skírteinis ber skírteinishafa að leggja fram endurnýjað læknisvottorð um sjón og heyrn, og skulu skírteinin árituð ókeypis af útgefendum þeirra. Að öðrum kosti fellur skírteinið úr gildi. Sama er og ef skírteinishafi fyrirgerir því. Við útgáfu stýrimannsskírteinis skulu tekin gild læknisvottorð, sem framlögð voru við inntöku í stýrimannaskóla, enda sé skírteini innleyst á sama ári og prófi lauk og námi sé lokið með eðlilegum hraða. Önnur vottorð skulu ekki vera eldri en 2 mánaða.

25. gr.

Nú vill einhver ekki hlíta úrskurði tollstjórans í Reykjavík eða lögreglustjóra úti á landi um útgáfu skírteinis, og getur hann þá lagt málið undir úrskurð samgönguráðuneytisins. Við það skerðist þó ekki réttur hans til þess að leita dómsúrskurðar um málið.

26. gr.

Heimilt er að synja manni um útgáfu atvinnuskírteinis samkvæmt lögum þessum, ef ákvæði 2. málsgreinar 68. greinar hegningarlaga eiga við um hagi hans.

Verði skírteinishafi með dómi fundinn sekur um vanrækslu eða kunnáttuleysi í starfi sínu, svo að tjón hlýtzt af, má jafnframt dæma hann til að hafa fyrirgert skírteini sínu um stundarsakir, enda liggi ekki þyngri refsing við að lögum.

V. KAFLI
Ákvæði ýmislegs efnis.

27. gr.

Allir þeir, sem öðlazt hafa rétt til atvinnu við siglingar á íslenzkum skipum áður en lög þessi öðlast gildi, halda réttindum sínum óskertum.

28. gr.

Samgönguráðuneytið semur sjóferðabók þá, sem um getur í 3. gr. þessara laga, staflið b, og er lögskráningarstjóra skylt að afhenda slíka bók hverjum skipverja í fyrsta sinn, sem hann er lögskráður á íslenzkt skip, eða síðar, ef sjóferðabók hefur glatazt eða er útnotuð. Skal sjóferðabókin ávallt sýnd við lögskráningu og þegar sanna á siglingatíma þann, sem ræðir um í 3. gr. staflið b.

Í sjóferðabókina skal rita fullt nafn skipverja, fæðingardag og fæðingarár, fæðingarstað (sýslu eða kaupstað). Svo skal og vera þar stutt lýsing á útliti hans, vexti og sérkennum, ef einhver eru.

Í bókinni skal enn fremur skýrt frá stöðu skipverjans á skipinu, nafni, tegund og stærð skipsins, í hvaða ferðum það er og hvenær skipverjinn er skráður í skiprúm og úr skiprúmi. Einnig skal sjóferðabókin bera með sér, hve mikinn hluta lögskráningartímans skipverjinn hefur verið í förum með skipinu.

Heimilt er að telja til hásetatíma tíma þann, sem skipverji hefur jafnframt vélstjórastörfum unnið á þilfari.

Skipstjóra ber að útfylla og undirrita sjóferðabækur skipverja. Skal sjóferðabók hvers skipverja við lögskráningu merkt með embættisstimli lögskráningarstjóra. Skipstjóra er skylt að afhenda skipverja sjóferðabók hans undirritaða um leið og hann fer úr skiprúmi, eða þegar skráning úr skiprúmi fer fram

29. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum allt að kr. 100 000.00. Sektir renna í ríkissjóð.

Með mál út af brotum á lögum þessum skal farið að hætti opinberra mála.

30. gr.

Þeir menn, sem öðlazt hafa skipstjóraréttindi samkvæmt lögum nr. 104 frá 1936 á skipum allt að 75 rúmlestum, skulu öðlast rétt til að vera skipstjórar eða stýrimenn í innanlandssiglingum á skipum allt að 120 rúmlestum, sbr. ákvæði 5.–8. gr. laga þessara.

31. gr.

Ráðherra er heimilt að setja reglugerð um réttindi til skipstjórnar á skemmtistiglingabátum 6—30 rúmlesta.

32. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi fallin lög nr. 52 2. maí 1968, um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna á íslenzkum skipum, svo og önnur lagaákvæði, sem brjóta kynnu í bága við lög þessi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Á síðasta Alþingi voru samþykkt ný lög um Stýrimannaskólann í Reykjavík, nr. 22 3. maí 1972.

Vegna þeirra breytinga, sem þar voru gerðar frá eldri lögum, þótti nauðsynlegt að taka til athugunar lögin um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna, nr. 52 2. maí 1968, til samræmingar við hin nýju lög um Stýrimannaskólann í Reykjavík. Ný lög

um Stýrimannaskólann í Vestmannaeyjum, sem nú liggja fyrir Alþingi, gera ráð fyrir samræmdum breytingum.

Samgönguráðherra fól Jónasi Sigurðssyni, skólastjóra Stýrimannaskólans í Reykjavík og Kristni Gunnarssyni, deildarstjóra, að gera þessa athugun.

Þar sem orðalagsbreytingar og fleiri breytingar ná til flestra greina laganna, þykir eðlilegra að leggja fram nýtt frumvarp að lögum í heild, heldur en að gera breytingatillögur um hverja einstaka grein fyrir sig.

Meginbreytingin frá eldri lögum er sú, að þar sem samræmt hefur verið námsefni annars bekkjar farmannadeildar og annars bekkjar fiskimannadeildar, hljóta þeir, sem ljúka prófi úr öðrum bekk stýrimannaskólanna, sömu réttindi, en eftir eldra fyrirkomulagi var því ekki svo varið.

Þau réttindi, sem annars bekkjar próf veitir nú, samkvæmt nýjum lögum um stýrimannaskólana, eru skipstjórnarréttindi á fiskiskipum af hvaða stærð sem er og hvar sem er og skipstjórnarréttindi á verzlunarskipum, allt að 400 rúmlestir í innan- og utanlandssiglingum, eða samskonar réttindi og fiskimannapróf annars stigs veitir nú. Ennfremur undirstýrimannsréttindi á verzlunar- og varðskipum, eða samskonar og farmannapróf annars stigs veitir nú. Þessi réttindi (þ. e. undirstýrimannsréttindi) á verzlunarskipum og varðskipum eru tímabundin samkvæmt gildandi lögum, en samkvæmt frumvarpinu er gert ráð fyrir því, að þau verði varanleg. Rétt þykir að skipstjórnarréttindi á hverri tegund skipa verði þó ekki veitt, nema eftir ákveðinn siglingatíma á viðkomandi tegund, þannig, að ekki verði veitt skipstjórnarréttindi á fiskiskipum við veiðar, nema eftir ákveðinn siglingatíma á slíkum skipum, og ekki á verzlunar- eða varðskipum, nema eftir ákveðinn siglingatíma á þeim.

Í frumvarpi þessu eru tekin upp orðin skipstjórapróf 1., 2. og 3. stigs í stað farmanna- og fiskimannapróf viðkomandi stiga. Þykir það heppilegra orðalag og lýsa betur þeim lokaréttindum, sem fást að loknu viðkomandi prófi, þ. e. skipstjóraréttindi.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

I. KAFLI

Um 1. gr.

Greinin er óbreytt.

Um 2. gr.

Í a-lið greinarinnar er miðað við lágmarksstærð 6 metrar að lengd í stað þess að miða við rúmlestir. Er það gert til samræmis við lög um skráningu skipa og fleiri lög um þetta efni.

Um 3. gr.

Greinin er óbreytt.

II. KAFLI

Um 4. gr.

Í a-lið hefur verið fellt niður skilyrði um að kunna að leiðrétta fyrir misvísun. Er það gert með tilliti til þess, að öruggara er fyrir menn, sem litla kunnáttu hafa að setja út í sjókort stefnur eftir seguláttum frekar en réttum áttum.

Þá er lagt til, að aldurstakmark samkvæmt j-lið sé 19 ára í stað 18 ára. Telja verður varhugavert að fela yngri mönnum en 19 ára skipstjórn miðað við það hvernig veðurlagi er háttað hér við land.

Um 5. gr.

Greinin er óbreytt.

Um 6. gr.

Í upphafi greinarinnar er talað um stýrimannsskírteini, en á að vera skipstjóraskírteini.

Um a-lið: Í stað fiskimannaprófs 1. stigs eða farmannaprófs 1. stigs komi skipstjórapróf 1. stigs.

Í stað námskeið komi 1. bekkjar deildir.

Á eftir b-lið kemur nýr liður, c-liður, um aldursskilyrði, sem virðist hafa fallið niður í gildandi lögum.

Um 7. gr.

Greinin er óbreytt.

Um 8. gr.

Í upphafi greinarinnar er talað um skipstjóraskírteini, en á að vera stýrimannsskírteini.

Um a-lið: Í stað fiskimannapróf 1. stigs eða farmannapróf 1. stigs komi skipstjórapróf 1. stigs.

Í stað námskeið komi 1. bekkjar deildir.

Aldurstakmark samkvæmt e-lið hækkar í 20 ár.

Öryggis vegna þykir rétt að fela ekki yngri manni en tvítugum stýrimannsstöðu á fiskiskipum allt að 120 rúmlestir, jafnvel þótt ekki sé um siglingar milli landa að ræða.

Um 9. gr.

Greinin er óbreytt.

Um 10. gr.

Í stað fiskimannapróf í upphafi greinarinnar komi skipstjórapróf.

Í b-lið 2. málsgreinar hefur tímamarkið verið sett 12 mánuðir sem stýrimaður eða yfirstýrimaður og 6 mánuðir undirstýrimaður á skipi yfir 30 rúmlestir.

Bætt er inn í nýjum lið í greinina, sem verður c-liður um skipstjóraréttindi á fiskiskipi við veiðar og skipstjóraréttindi á verzlunarskipi undir 400 rúmlestir. Vísast til almennra athugasemda hér að framan um þetta.

c-liður, sem áður var, verður d-liður og d-liður e-liður.

Um 11. gr.

Greinin er óbreytt.

Um 12. gr.

Í a-lið komi skipstjórapróf í stað fiskimannapróf.

Bætt er inn í greinina nýjum lið, sem verður e-liður, um hásetatíma á fiskiskipi, til þess að öðlast stýrimannsréttindi á slíku skipi.

c-liður, sem var, verður d-liður, og er aldursmarkið þar fært upp í 21 ár enda er hér um alhliða stýrimannsréttindi á fiskiskipi að ræða.

d-liður verður e-liður.

Um 13. gr.

Þessi grein samsvarar 17. gr. í gildandi lögum. Þykir rétt að hafa þetta ákvæði hér miðað við það próf, sem þarf fyrir þessi réttindi (2. stig).

Um 14. gr.

Greinin samsvarar 18. gr. gildandi laga, með breytingum.

Í stað farmannapróf 2. stigs komi skipstjórapróf 2. stigs við Stýrimannaskólann í Reykjavík eða í Vestmannaeyjum. Bætt er inn í skilyrði til þessara réttinda samkvæmt b-lið 18. gr.

Tímamark, sem sett er í lok 18. greinar gildandi laga er fellt niður.

Telst hæpið að svifta að ósekju mann þeim réttindum, sem hann hefur þegar aflað sér.

III. KAFLI

Skipstjórnarmenn á verzlunarskipum og varðskipum ríkisins.

Um 15. gr.

Þessi grein samsvarar 13. gr. gildandi laga.

Um 16. gr.

Samsvarar 14. gr. núgildandi laga.
Í stað farmannapróf, í a-lið, kemur skipstjórapróf.
Í d-lið er bætt við skilyrði um lögræði.

Um 17. gr.

Samsvarar 15. gr. gildandi laga.

Um 18. gr.

Samsvarar 16. gr. fyrri laga.
Í stað farmannapróf komi skipstjórapróf.

Um 19. gr.

Greinin er óbreytt.

Um 20. gr.

Í a-lið komi í stað skipstjórapróf á varðskipum ríkisins skipstjórapróf 4. stigs.
Í e-lið er bætt við ákvæði um lögræði.

IV. KAFLI

Almenn ákvæði.

Um 21. gr.

Aftan við a-lið er bætt ákvæði um að samskonar ákvæði gildi fyrir verzlunarskip í millilandasiglingum allt að 400 rúmlestir, sem ekki flytur farþega.

Í síðustu málsgrein b-liðs fyrir aftan orðið verzlunarskip komi „allt að 400 rúmlestir.“

Ákvæði um póst er sleppt.

Í c-lið er fjöldi stýrimanna miðaður við farþegaklefa fyrir meira en 12 farþega. Er þetta í samræmi við ákvæði annarra siglingaþjóða um þetta efni.

Um 22. gr.

Ákvæði um fjölda stýrimanna á varðskipum miðist við 400 rúmlesta stærð.

Um 23. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 24.—26. gr.

Greinarnar eru óbreyttar.

V. KAFLI

Ákvæði ýmislegs efnis.

Um 27. og 28. gr.

Greinarnar eru óbreyttar.

Um 29. gr.

Sektarákvæði er breytt úr 20 000.00 kr. í 100 000.00 kr.

Um 30. gr.

Greinin er óbreytt.

Um 31. gr.

Hér er um nýmæli að ræða. Rétt þykir að veita lagaheimild til að setja reglugerð um skemmtisiglingabáta 6—30 rúmlesta.

Um 32. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Frumvarp þetta var sent eftirtöldum aðilum til umsagnar:

Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Siglingamálastofnun ríkisins og Landssambandi íslenzkra útvegsmanna.

Fylgja álit þessara aðila sem fylgiskjöl.

Fylgiskjal I.

SIGLINGAMÁLASTOFNUN RÍKISINS
Samgönguráðuneytið,
Arnarhvoli,
Reykjavík.

1. sept. 1972.

Með bréfi dagsettu 7. júlí 1972 óskar ráðuneytið umsagnar minnar um frumvarp að nýjum lögum um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna á íslenzkum skipum.

Ég tel að lögin gangi of skammt í kröfum sínum til þeirra, sem öðlast mega skipstjóraréttindi á fiskiskipum af hvaða stærð sem er, þar sem þau heimila að maður, sem lokið hefur skipstjóraprófi 2. stigs fái fyllstu réttindi, þó hann hafi ef til vill átt allan sinn sjómennzku feril á 31 rl. bát.

Vera má að slíkt tilfelli kæmi ekki til greina í praksis, en heimildin er fyrir hendi engu síður. Til bóta væri að binda hinn fyrirskipaða stýrimannstíma við mikið stærri skip en 30 rl.

Einnig tel ég lögin of væg í kröfunum til skipstjórnarréttinda á verzlunarskipum af öllum stærðum, þar sem þau leyfa að menn, sem kannski aldrei hafa starfað á verzlunarskipi megi vera skipstjórar á þeim. Á ég þar við menn, sem alla sína tíð hafa verið á varðskipum. En til skipstjórastarfa á verzlunarskipum þarf þekkingu sem aðeins verður aflað á þeim.

Tel ég því að gera ætti kröfu um 12 mánaða yfirstýrimannstíma á verzlunarskipi til allra, sem öðlast vilja skipstjóraréttindi á þeim.

21. grein frumvarpsins, er mér ekki alveg ljós að því er varðar fjölda stýrimanna á verzlunarskipum, sem stunda innanlandssiglingar, eru stærri en 200 rl. og flytja ekki farþega og póst. Sýnist mér mega túlka greinina á þann veg, að sigla megi slíku skipi með einum stýrimanni þótt stærð þess sé allt að 1500 rl.

Vegna sumarleyfa hefur dráttur orðið á umsögn þessari og er ráðuneytið beðið velvirðingar á því.

F. h. siglingamálastjóra,
Páll Ragnarsson.

Fylgiskjal II.

LANDSSAMBAND ÍSLENZKRA ÚTVEGSMANNA

Reykjavík, 30. ágúst 1972.

Vér höfum móttekið heiðrað bréf yðar dags. 7. júlí s. l., þar sem oss er sent til umsagnar frv. að nýjum lögum um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna á ísl. skipum.

Á fundi stjórnar L. Í. Ú. 29. þ. m. var samþykkt að mæla með að umrætt frv. verði lagt fyrir Alþingi.

Til
samgönguráðuneytisins,
Arnarhvoli,
Reykjavík.

Virðingarfyllst,

F. h. Landssambands ísl. útvegsmanna,

Kristján Ragnarsson.

FARMANNA- OG FISKIMANNASAMBAND ÍSLANDS

Reykjavík, 28. september 1972.

Sem svar við bréfi háttvirts Samgönguráðuneytis dags. 7. júlí 1972 viljum vér segja eftirfarandi.

Atvinnuréttindi skipstjórnarmanna og kennsla þeirra eru svo nátengd að ekki verður komist hjá að benda á nokkur atriði, sem þarf að taka upp kennslu í eða auka hana áður en atvinnuréttindi séu veitt.

Skóla skipstjórnarmanna þarf að færa mikið út, kennsla í að sigla staða á milli verður aðeins hluti af því námi sem þarf til atvinnuréttinda. Ekki verður hjá því komist að taka upp fasta kennslu í meðferð afla, veiðafæra og í verkstjórn, auk þess þurfa formenn kennslu í meðferð og frágangi á farmi „skiping". Til athugunar væri að viðbótar kennsla færi fram á námskeiðum áður en viðkomandi möur tekur við 1. stýrimanns eða skipstjórnarstöðu.

2. gr.

Í staflið d. segir: Fiskiskip merkir hvert það skip, sem skrásett er sem fiskiskip, án tillits til stærðar, en í staflið a. sömu greinar er ákveðið að miða við 6 rúmlestir. Hér viljum við benda á ósamræmi og að í öðrum lögum t. d. lögum um eftirlit með skipum nr. 52/70. Lögum um skráningu skipa nr. 53/70 og lögum um skipamælingar nr. 50/70. Þar sem allstaðar er miðað við 6 metra lengd skips, en ekki rúmlestatölu.

4. gr.

Við álítum ekki hægt að gera minni kröfur um kunnáttu skipstjórnarmanns en þar er gert. En teljum það ofviða flestum mönnum að skila því efni sem þar er krafist án náms með tilsögn kennara.

Skoðun okkar er sú að þau réttindi sem veitt eru samkvæmt 4. gr. þurfi athugunar við ef ekki eigi að leggja þau alveg niður.

17. gr.

Óeðlilegt er að siglingartími á varðskipum eingöngu veiti rétt til skipstjórnarstarfa á verzlunarskipum.

Þá leggjum við til að nafnið Skipstjóraskírteini verði breytt í Skipstjórnarskírteini.

Þar sem ný lög um Stýrimannaskólana koma til framkvæmda á þessu ári ásamt breyttri námskrá. Þar sem krafist er ákveðins lámarks náms til inntöku í skólana, ætti eð veitast svigrúm til aukins sérnáms skipstjórnarmanna. Leggjum við til að

lög um Stýrimannaskóla og atvinnuréttindi skipstjórnarmanna, verði endurskoðuð í heild þegar betur eru ljós áhrif nýgerðra skólalaga.

Virðingafyllst,

F. h. Farmanna- og fiskimannasambands Íslands,

Ingólfur Stefánsson.

Samgönguráðuneytið,
Arnarhvoli,
Reykjavík.

Sþ. 438. Nefndarálit [9. mál]

um till. til þál. um lánsfé til hitaveitufram kvæmda.

Frá fjárveitinganefnd.

Nefndin hefur athugað tillöguna og fengið um hana umsögn Sambands ísl. sveitarfélaga, Orkustofnunar og Framkvæmdastofnunar ríkisins. Leggur nefndin til, að tillögunni verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Alþingi, 27. marz 1973.

Geir Gunnarsson, form., frsm. Matthías Bjarnason. Vilhjálmur Hjálmarsson.
Karvel Pálmason. Steinþór Gestsson. Jónas Jónsson.
Jón Árnason. Ágúst Þorvaldsson. Jón Árm. Héðinsson.

Sþ. 439. Nefndarálit [55. mál]

um till. til þál. um bætta aðstöðu fyrir Hafrannsóknastofnunina.

Frá fjárveitinganefnd.

Nefndin hefur athugað tillöguna og fengið um hana umsögn Hafrannsóknastofnunarinnar og fiskimálastjóra. Leggur nefndin til, að hún verði samþykkt með svofelldri

BREYTINGU:

Tillögugreinin orðist svo:

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að kaupa eða láta smíða um 50 rúmlesta vélbát til afnota fyrir Hafrannsóknastofnunina.

Alþingi, 27. marz 1973.

Geir Gunnarsson, form., frsm. Matthías Bjarnason. Vilhjálmur Hjálmarsson.
Karvel Pálmason. Steinþór Gestsson. Jónas Jónsson.
Jón Árnason. Ágúst Þorvaldsson. Jón Árm. Héðinsson.

Sþ. 440. Nefndarálit [89. mál]

um till. til þál. um sjálfvirk viðvörunarkerfi á hraðbrautir með varanlegu slitlagi.

Frá fjárveitinganefnd.

Nefndin hefur athugað tillöguna og fengið um hana umsögn Vegagerðar ríkisins. Leggur nefndin til, að tillagan verði samþykkt með svofelldri

BREYTINGU:

Tillögugreinin orðist svo:

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að fela Vegagerð ríkisins að gera ítarlega könnun á notagildi sjálfvirkra hálkuviðvörunarkerfa miðað við aðstæður hér á landi og kostnaði við uppsetningu og rekstur þeirra.

Alþingi, 27. marz 1973.

Geir Gunnarsson, form., frsm. Matthías Bjarnason. Vilhjálmur Hjálmarsson.

Karvel Pálmason. Steinþór Gestsson. Jónas Jónsson.

Jón Árnason. Ágúst Þorvaldsson. Jón Árm. Héðinsson.

Sþ. 441. Þingsályktun [8. mál]

um endurskoðun laga um kosningar til Alþingis.

(Afgreidd frá Sþ. 27. marz.)

Samhljóða þskj. 8.

Sþ. 442. Breytingartillaga [212. mál]

við till. til þál. um birtingu skjala varðandi gerð landhelgissamninganna við Breta og Vestur-Þjóðverja 1961.

Frá Pétri Sigurðssyni.

1. Við tillgr. bætist: Enn fremur þau gögn, sem lögð hafa verið fram af hálfu utanríkisráðuneytisins við Alþjóðadómstólinn í Haag, og samningatilboð ríkisstjórnarinnar til Vestur-Þýzkalands og Bretlands vegna yfirstandandi deilu.
2. Við fyrirsögn bætist: samningatilboð 1972 og 1973 o. fl.

Nd. 443. Nefndarálit [122. mál]

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka lán vegna framkvæmdaáætlunar fyrir árið 1973.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur athugað frumvarpið. Meiri hlutinn leggur til, að það verði samþykkt með nokkrum breytingum. Flytur formaður nefndarinnar breytingartillögurnar á sérstöku þingskjali. Minni hlutinn skilar sérálitum.

Alþingi, 27. marz 1973.

Vilhjálmur Hjálmarsson, form., frsm. Karl G. Sigurbergsson, fundaskr. Karvel Pálmason.

Tómas Karlsson.

Nd. 444. Breytingartillögur [122. mál]

við frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka lán vegna framkvæmdaáætlunar fyrir árið 1973.

Frá Vilhjálmi Hjálmarssyni.

1. Við 1. gr. Í stað „200“ komi: 350.
2. Við 7. gr. Greinin orðist svo:
   Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að taka erlent eða innlent lán að jafnvirði allt að 150 millj. kr. Af þeirri fjárhæð verði varið 100 millj. kr. vegna kostnaðarauka við framkvæmdir á vegum Rafmagnsveitna ríkisins samkvæmt þessari áætlun, eftir því sem þörf gerist, og 50 millj. kr. vegna væntanlegrar samtengingar raforku milli Norður- og Suðurlands, ef fé skortir til nauðsynlegra rannsókna eða nauðsynlegt reynist að kaupa efni, þannig að framkvæmanlegt verði að hefja byggingu línunnar árið 1974.
3. Við 10. gr. Sundurliðun breytist þannig:
   a. Rafmagnsveitur ríkisins, framkvæmdir.
      Fyrir „236“ komi 240
   b. Laxárvirkjun.
      Fyrir „47“ komi 80
   c. Sveitarafvæðing.
      Fyrir „70“ komi 110
   d. Hafnarfjarðarvegur í Kópavogi.
      Fyrir „50“ komi 65
   e. Norðurlandsáætlun, hafnir og flugvellir.
      Fyrir „38“ komi 42
   f. Nýr liður á eftir liðunum Rannsóknastofnanir á Keldnaholti.
      Blævardalsárvirkjun 4
   g. Til Framkvæmdasjóðs Íslands.
      Fyrir „100“ komi 150

Sþ. 445. Fyrirspurn [215. mál]

til fjármálaráðherra um hlutafjáreign ríkissjóðs.

Frá Jóni Árm. Héðinssyni.

1. Hvað átti ríkissjóður háar upphæðir að nafnverði í hlutabréfum pr. 31. des. 1971 og pr. 31. des. 1972?
2. Í hvaða fyrirtækjum eru þessi hlutabréf og hve mikið í hverju?
3. Hvaða fyrirtæki greiddu ríkissjóði arð á árunum 1971 og 1972, og hver var sú upphæð?

Nd. 446. Nefndarálit [113. mál]

um frv. til l. um heimild til að stofna fjölbrautaskóla.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og mælir með samþykkt þess eins og það er eftir 3. umr. í Ed.

Alþingi, 28. marz 1973.

Bjarni Guðnason, form., frsm.	Svava Jakobsdóttir, fundaskr.	Jónas Jónsson.
Bragi Sigurjónsson.	Ellert B. Schram.	Gunnar Gíslason.
	Eysteinn Jónsson.	

Nd. 447. Nefndarálit [130. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 49/1967, um skólakostnað.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og mælir með samþykkt þess.

Alþingi, 28. marz 1973.

Bjarni Guðnason, form., frsm.	Svava Jakobsdóttir, fundaskr.	Jónas Jónsson.
Bragi Sigurjónsson.	Ellert B. Schram. með fyrirvara	Gunnar Gíslason.
	Eysteinn Jónsson.	

Ed. 448. Nefndarálit [209. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 44/1971, um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Hafnarfjarðarkaupstað hluta af landi jarðarinnar Dysja í Garðahreppi og Dalvíkurhreppi jörðina Háagerði í Dalvíkurhreppi.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur haft frv. til athugunar og umræðu og leggur einróma til, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 28. marz 1973.

Ásgeir Bjarnason, form., frsm.	Helgi F. Seljan, fundaskr.	Páll Þorsteinsson.
Jón Árm. Héðinsson.	Jón Árnason.	Steinþór Gestsson.
	Björn Jónsson.	

Nd. 449. Nefndarálit [197. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 1 11. febr. 1970, um tollskrá o. fl.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og leggur til, að það verði samþykkt.

Alþingi, 28. marz 1973.

Vilhjálmur Hjálmarsson, form., frsm.	Karl G. Sigurbergsson, fundaskr.	Karvel Pálmason.
Matthías Bjarnason.	Gylfi Þ. Gíslason.	Matthías Á. Mathiesen.
	Þórarinn Þórarinsson.	

Ed. 450. Nefndarálit [202. mál]

um frv. til l. um breyt. á almennum hegningarlögum, nr. 19 12. febr. 1940.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og mælir með samþykkt þess.

Alþingi, 28. marz 1973.

Björn Fr. Björnsson, form., frsm.	Geir Gunnarsson, fundaskr.	Oddur Ólafsson.
Ásgeir Bjarnason.	Magnús Jónsson.	Halldór Kristjánsson.
	Eggert G. Þorsteinsson.	

Nd. 451. Nefndarálit [160. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 102 31. des. 1972, um skipulag á löndum á loðnu til bræðslu.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin er sammála um að leggja til, að frv. verði samþykkt.

Alþingi, 28. marz 1973.

Garðar Sigurðsson, form., frsm.	Stefán Gunnlaugsson, fundaskr.	Jón Skaftason.
Pétur Sigurðsson.	Karvel Pálmason.	Guðl. Gíslason.
	Björn Pálsson.	

Ed. 452. Frumvarp til laga [3. mál]

um hlutdeild ríkisins í byggingu og rekstri dagvistunarheimila.

(Eftir 2. umr. í Ed., 28. marz.)

Samhljóða þskj. 3 með þessum breytingum:

3. gr. hljóðar svo:
Aðilar, er njóta ríkisframlags til byggingar og rekstrar dagvistunarheimila, eru: sveitarfélög og áhugafélög, svo og húsfélög fjölbýlishúsa, starfsmannafélög og aðrir þeir aðilar, sem reka vilja dagvistunarheimili í samræmi við markmið þessara laga.

6. gr. hljóðar svo:
Sveitarfélag, sem óskar að reisa dagvistunarheimili eftir lögum þessum, skal njóta styrks úr ríkissjóði sem hér segir:
1. Til dagheimila og skóladagheimila 50% áætlaðs stofnkostnaðar fullbúins húsnæðis í samræmi við ákvæði í reglugerð um stofnkostnað skóla nr. 159/1969.
2. Til leikskóla 50% áætlaðs stofnkostnaðar fullbúins húsnæðis.

Þeir aðilar aðrir en sveitarfélög, sem taldir eru upp í 3. gr., skulu njóta sama ríkisframlags, ef viðkomandi sveitarfélag mælir með því.

Nú hefur aðili fengið styrk úr ríkissjóði til stofnunar dagvistunarheimilis, en hætt rekstri þess, og er þá styrkurinn endurkræfur til ríkissjóðs samkvæmt reglum þar um, sem ákveðnar verða í reglugerð.

11. gr. hljóðar svo:

Menntamálaráðuneytið lætur rannsaka umsókn og þau gögn, sem henni fylgja. Að rannsókn lokinni tilkynnir ráðuneytið, hvort það hafi fallizt á umsókn.

Ef ráðuneytið getur ekki á umsókn fallizt, skal það tilkynnt aðila, og skal í synjun ráðuneytis tekið fram, hvort hafnað sé í heild hugmyndum um téð heimili eða hvort synjun stafi af því, að frumathugun sé áfátt, þannig að bæta megi úr, og skal þá bent á, hverju áfátt er að dómi ráðuneytisins.

15. gr. hljóðar svo:

Alþingi ákveður hverju sinni framlag til byggingarframkvæmda.

Eigi er heimilt að hefja framkvæmdir, fyrr en fé hefur verið veitt í fjárlögum og fyrir liggur skriflegt samþykki menntamálaráðuneytisins.

Ef hafnar eru framkvæmdir án samþykkis ráðuneytisins, verður stofnkostnaður ríkissjóði óviðkomandi.

Nú hefur Alþingi ákveðið fjárveitingu, og skal það þá einnig ákveða, hvernig framlögum til einstakra dagvistunarheimila verði hagað, en skylt er ríkinu að hafa lokið framlagi sínu innan 4 ára miðað við upphaflega kostnaðaráætlun, nema gert sé samkomulag um lengra greiðslutímabil.

Áætlaður stofnkostnaður dagvistunarheimila skiptist í áætlaðan byggingarkostnað og áætlaðan kostnað stofnbúnaðar. Skal í áætlun þessari miða við þær kröfur (norm), sem reglugerð kveður á um varðandi gerð og búnað hvers heimilis. Í ætlun þessari skal miða við byggingarkostnað og verðlag á þeim tíma, sem áætlunin er gerð, og miðast ríkisframlag við áætlaða fjárhæð að viðbættri vísitölu byggingarkostnaðar á byggingartíma.

17. gr. hljóðar svo:

Forstöðumaður dagvistunarheimilis og starfslið, er annast fósturstörf, skal hafa hlotið fósturmenntun, svo og þeir, sem annast umsjón með dagvistunarheimilum á vegum rekstraraðila.

Heimilt er þó með samþykki ráðuneytisins að víkja frá þessu ákvæði, sé þess enginn kostur að fá fólk með framangreinda menntun til starfs.

18. gr. hljóðar svo:

Læknar skulu hafa eftirlit með heilsufari barna á dagvistunarheimilum. Skal kveða nánar á um það í reglugerð, svo og reglur um heilbrigðiseftirlit með starfsfólki.

Stefnt skal að því, að dagvistunarheimili eigi kost á sálfræði- og ráðgjafarþjónustu. Tengja skal þá þjónustu við ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu skóla eða félagsmálastofnana, eftir því sem við á í hverju sveitarfélagi.

Ákvæði til bráðabirgða (á eftir 19. gr.) hljóðar svo:

Ákvæði til bráðabirgða.

Ríkisframalg til stofnkostnaðar skv. 6. gr. nær eigi til þeirra dagvistunarstofnana, sem þegar eru fullbyggðar. Þeir aðilar, sem hafa dagvistunarstofnanir í byggingu, þegar lög þessi taka gildi, geta sótt til menntamálaráðuneytisins um ríkisframlag til bygginganna. Fullnægi byggingarnar þeim kröfum, sem lög þessi og reglugerðir samkvæmt þeim gera til slíkra stofnana, er heimilt að veita ríkisframlag allt að óskertum þeim styrk, sem gert er ráð fyrir í 6. gr., eftir mati ráðuneytisins og með hliðsjón af því, á hvaða stigi framkvæmdir eru.

Nd. 453. Nefndarálit [190. mál]

um frv. til l. um útflutningsgjald af sjávarafurðum.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin var sammála um að leggja til, að frv. verði samþykkt eins og það var afgr. frá Ed. Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að bera fram eða fylgja brtt., sem fram kynnu að koma.

Alþingi, 28. marz 1973.

Garðar Sigurðsson, form., frsm.
Stefán Gunnlaugsson, fundaskr.
Jón Skaftason.
Pétur Sigurðsson.
Karvel Pálmason.
Guðl. Gíslason.
Björn Pálsson.

Ed. 454. Frumvarp til laga [94. mál]

um breyting á orkulögum, nr. 58 29. apríl 1967.

(Eftir 2. umr. í Ed., 28. marz.)

1. gr.

Í stað „⅔ stofnkostnaðar viðkomandi vatnsvirkjana“ í 2. tölulið 71. gr. laganna komi: ¾ stofnkostnaðar viðkomandi vatnsvirkjana.

3. töluliður 2. málsgr. 71. gr. laganna orðist svo:

3. Að veita einstökum bændum, sem búa utan þess svæðis, er samveitum er ætlað að ná til í náinni framtíð, lán til að koma upp mótorrafstöðvum á heimilum sínum. Lán þetta má nema kostnaðarverði rafstöðvarinnar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 455. Frumvarp til laga [201. mál]

um Happdrætti Háskóla Íslands.

(Eftir 2. umr. í Ed., 28. marz.)

1. gr.

Dómsmálaráðherra er heimilt að veita Háskóla Íslands einkaleyfi til rekstrar happdrættis með þeim skilyrðum, er nú skal greina:

a) Hlutatalan má ekki fara fram úr 60000, er skiptist í 12 flokka á ári hverju, og skal dráttur fara fram fyrir einn flokk í mánuði hverjum, dráttur 1. flokks í janúarmánuði og 12. flokks í desembermánuði. Heimilt er að gefa út 4 flokka hlutamiða, sem greinist að með bókstöfunum E, F, G og H.

b) Iðgjald fyrir hvern hlut ákveður dómsmálaráðherra að fengnum tillögum happdrættisráðs og happdrættisstjórnar Háskólans.

c) Vinningar skulu eigi vera færri en svo, að að minnsta kosti fjórði hver miði hljóti vinning árlega að meðaltali, og skal vinningsfjárhæð nema að minnsta kosti 70% af iðgjöldum samantöldum í öllum 12 flokkum.

d) Drættirnir fara opinberlega fram í Reykjavík undir eftirliti nefndar, er ráðherra skipar til þess. Skulu í henni sitja fimm menn og tveir til vara. Skulu

að minnsta kosti tveir nefndarmenn vera lögfræðingar. Nefndin leggur fullnaðarúrskurð á allan ágreining um lögmæti eða gildi dráttanna, bæði meðan dráttur fer fram og eftir að honum er lokið. Kostnaðinn af þessu ber happdrættið.

e) Einkaleyfi til að reka happdrættið má veita til 1. janúar 1989. Ágóðanum skal varið til að reisa byggingar á vegum Háskóla Íslands. Ennfremur er heimilt að verja honum til greiðslu kostnaðar af viðhaldi háskólabygginganna, til fegrunar á háskólalóðinni, til þess að koma á fót og efla rannsóknarstofur við hinar ýmsu deildir háskólans, svo til að greiða andvirði rannsóknar- og kennslutækja, sem Háskólinn telur sér nauðsyn að eignast. Leyfishafi greiði í ríkissjóð 20% af nettó-ársarði í einkaleyfisgjald.

2. gr.

Á meðan happdrættið starfar, er bannað að setja á stofn nokkurt annað peningahappdrætti hér á landi, svo og að verzla með eða hafa á boðstólum miða erlendra happdrætta, auglýsa þá í innlendum blöðum eða hvetja menn til að kaupa þá. Þó getur ráðherra veitt undanþágu að því er kemur til happdrættis, sem stofnað er til í góðgerðaskyni einungis, og þó með skýrum takmörkum, t. d. fyrir eitt sveitarfélag, og aldrei nema um ákveðinn tíma, lengst eitt ár.

3. gr.

Enginn má selja hlutamiða happdrættisins nema löggiltir útsölumenn þess, er fá miðana frá aðalskrifstofu happdrættisins, og öll önnur verzlun með miðana er bönnuð. Ráðherra er heimilt að leyfa happdrættinu að taka í sínar hendur útsölu hlutamiða.

4. gr.

Vinningar í happdrættinu er undanþegnir hvers konar opinberum gjöldum, öðrum en eignarskatti á því ári sem þeir falla.

5. gr.

Dómsmálaráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um starfsemi happdrættisins.

6. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum eða varðhaldi.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 86 31. des. 1963, um stofnun happdrættis fyrir Ísland, og lög nr. 95 23. des. 1969, um breyting á þeim lögum.

Nd. 456. Nefndarálit [86. mál]

um frv. til l. um greiðslu kostnaðar við námsflokka.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um mál þetta á fundum sínum og er sammála um, að hér sé þörfu máli hreyft. Þar sem nú er hins vegar í athugun á vegum hins opinbera fræðsla fullorðinna, m. a. fyrirkomulag hennar og kostnaðarskipting, leggur nefndin til, að máli þessu verði vísað til ríkisstjórnarinnar til fyrirgreiðslu.

Alþingi, 28. marz 1973.

Bjarni Guðnason, form.	Svava Jakobsdóttir, fundaskr.	Bragi Sigurjónsson, frsm.
Ellert B. Schram.	Eysteinn Jónsson.	Gunnar Gíslason.

Nd. 457. Nefndarálit [176. mál]

um frv. til l. um Fræðslustofnun alþýðu.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarp þetta á fundum sínum og telur málið áhugavert. En þar sem nú fer fram á vegum menntamálaráðuneytisins athugun á, hvernig fullorðinsmenntun, bæði nýmenntun og endurmenntun, verði bezt hagað, en tillögur þar um liggja ekki enn fyrir, telur nefndin skynsamlega málsmeðferð á þessu stigi **að vísa frumvarpi þessu til ríkisstjórnarinnar** til fyrirgreiðslu.

Alþingi, 28. marz 1973.

Bjarni Guðnason, form.	Svava Jakobsdóttir, fundaskr.	Bragi Sigurjónsson, frsm.
Ellert B. Schram.	Eysteinn Jónsson.	Gunnar Gíslason.

Nd. 458. Lög [148. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja landspildu úr prestssetursjörðinni Bjarnanesi í Nesjahreppi.

(Afgreidd frá Nd. 28. marz.)

Samhljóða þskj. 282.

Ed. 459. Frumvarp til laga [25. mál]

um dvalarheimili aldraðra.

(Eftir 3. umr. í Nd., 28. marz)

Samhljóða þskj. 301 með þessari breytingu:

6. gr. hljóðar svo:

Rekstur dvalarheimils skal lúta stjórn 3 eða 5 manna, skulu þeir tilnefndir af hlutaðeigandi sveitarstjórn eða eigendum til 4 ára í senn. Vistmönnum skal heimilt að tilnefna einn mann af sinni hálfu til setu á fundum stjórnarinnar, og hefur hann þar málfrelsi og tillögurétt. Sama á við um starfslið stofnunar, hafi ekki verið gerður samningur um samstarfsnefnd. Stjórnin ræður forstöðumann heimilisins og heimilislækni, og skal þeim heimil seta á stjórnarfundum með tillögurétti og málfrelsi.

Nd. 460. Frumvarp til hafnalaga. [79. mál]

(Eftir 2. umr. í Nd., 28. marz.)

Samhljóða þskj. 83 með þessum breytingum:

2. gr. hljóðar svo:

Hafnamálastofnun ríkisins fer með framkvæmd hafnamála á þann hátt, sem ákveðið er í lögum þessum.

Hafnamálastjóri veitir Hafnamálastofnun ríkisins forstöðu.

Forseti Íslands skipar hafnamálastjóra, sem jafnframt gegnir starfi vitamálastjóra og hefur með höndum framkvæmd laga um leiðsögn skipa.

Ráðherra skipar skrifstofustjóra, verkfræðinga og annað fast starfslið að fengnum tillögum hafnamálastjóra.

3. gr. hljóðar svo:

Hafnamálastofnun ríkisins hefur yfirumsjón með hafnarframkvæmdum, sem styrktar eru samkvæmt lögum þessum.

Hafnamálastofnunin skal hafa umráð yfir vélum þeim og tækjum, sem nauðsynleg eru til að annast þau verkefni, sem henni eru falin, svo og hafa í þjónustu sinni sérþjálfað starfslið.

Heimilt er ráðherra, að fenginni umsögn hafnamálastjóra, að veita bæjar- eða sveitarfélagi leyfi til að hafa á hendi eigin hafnarframkvæmdir undir tækni- og fjárhagslegu eftirliti Hafnarmálastofnunarinnar.

Bjóða skal út, ef hagkvæmt þykir, einstakar hafnarframkvæmdir eða hluta þeirra.

6. gr. hljóðar svo:

Skilyrði fyrir greiðslu kostnaðarhluta ríkissjóðs og ábyrgð ríkissjóðs á láni samkvæmt 5. gr. eru:

1. Að bæjarfélag, hreppsfélag eða sýslufélag, eitt eða fleiri í sameiningu, hafi stofnað hafnarsjóð til þess að eiga og reka höfn og standa undir hafnarframkvæmdum og fengið til þess samþykki ráðuneytisins. Sé um fleiri en einn aðila að ræða, skulu þeir hafa gert með sér samning um kosningu hafnarstjórnar samkv. 11. gr., endurskoðun og úrskurðun reikninga, enda hafi samningurinn verið staðfestur af ráðuneytinu og hafnarstjórn fullskipuð.
2. Að hafnarsjóður hafi tryggt sér eignarrétt þess landsvæðis á strandlengju hafnarinnar, sem ráðuneytið og hlutaðeigandi hafnarstjórn telur þurfa undir hafnarmannvirki og starfsemi, sem nauðsynlegt er talið, að fari fram við höfnina. Ekki verður það þó gert að skilyrði samkvæmt þessum lið, að hafnarsjóður kaupi í þessu skyni íbúðar- eða verzlunarhús eða varanlegar byggingar af öðru tagi.
3. Að unnið sé að framkvæmdum samkvæmt tæknilegri og fjárhagslegri áætlun, sem sveitarstjórn hefur samþykkt, svo og ráðuneytið, að fenginni umsögn hafnamálastjóra.
4. Að fyrir liggi athugun á því, hvort hafnarsjóður geti staðið undir greiðslu eigin kostnaðarhluta, hvort sem er í formi framlags eða greiðslna af lánum.
5. Að tekjur og eignir hafnarsjóðs séu ekki fullnægjandi til þess að standa að öllu leyti undir þeim hluta af stofnkostnaði hafnarinnar, sem samkvæmt lögum þessum á annars að greiða af ríkissjóði.
6. Að hafnarsjóður hafi skuldbundið sig til þess að annast á sinn kostnað venjulegt viðhald hafnarmannvirkja samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð.
7. Að skýrslur og reikningar hafnarsjóðs hafi borizt hafnamálastjóra á lögboðnum tíma, sbr. 14. og 15. gr.
8. Að byrjað hafi verið að veita fé til hafnargerðarinnar á fjárlögum, áður en hún var hafin.

Heimilt er þó að veita ríkisábyrgð vegna hafnarframkvæmda, þótt eigi sé veittur til þeirra styrkur úr ríkissjóði.

8. gr. hljóðar svo:

Til styrkhæfs byggingarkostnaðar samþykkts hafnarmannvirkis telst kostnaður við undirbúningsrannsóknir og hönnunar- og útboðskostnaður, enda séu þessir kostnaðarliðir eðlilegir að dómi hafnamálastjóra.

Til styrkhæfs byggingarkostnaðar telst ekki kostnaður vegna lóða- eða landakaupa fyrir höfn, vaxtakostnaður á byggingartíma, svo og lántökukostnaður eða

annar fjármögnunarkostnaður. Til styrkhæfs byggingarkostnaðar telst ekki heldur gengistap á erlendum lánum eða kostnaður vegna hækkunar verðtryggðra lána, nema slík lán hafi verið tekin út á kostnaðarhluta ríkissjóðs í framkvæmdinni.

Rísi ágreiningur milli hafnarstjórnar og hafnamálastjóra um, hvort einstakir kostnaðarliðir skuli teljast styrkhæfir eða ekki, skal málinu skotið til úrskurðar ráðuneytisins.

10. gr. hljóðar svo:

Hafnamálastjóri gerir í samráði við hafnarstjórnir tillögu að áætlun um hafnargerðir til fjögurra ára í senn.

Um gerð hafna og staðarval skal jafnan leita álits samtaka skipstjórnarmanna í byggðarlaginu, ef til eru, ella hjá landssamtökum þeirra.

Áður en gengið er endanlega frá áætluninni skal hafnamálastjóri senda stjórn hverrar hafnar tillögur sínar um framkvæmdir á áætlunartímabilinu við þá höfn, og gefa hafnarstjórninni nánar tiltekinn frest til að koma með athugasemdir og breytingartillögur.

Hafnamálastjóri skal á sama hátt senda áætlunina í heild stjórn Hafnamálasambands sveitarfélaga til umsagnar.

Hafnargerðaáætlunin skal miðuð við það fjármagn, sem ætlað er til hafnargerða í almennri framkvæmdaáætlun ríkisins, ef slík áætlun er gerð, en að öðrum kosti skal miða við það heildarfjármagn, sem líklegt er talið að til ráðstöfunar verði til hafnarframkvæmda.

Hafnargerðaáætlunin skal gerð á tveggja ára fresti og lögð fyrir sameinað Alþingi sem þingsályktunartillaga.

Áætlunin öðlast gildi, þegar Alþingi hefur samþykkt hana.

Hafnamálastjóri skal síðan vinna að framkvæmd áætlunarinnar í samráði við viðkomandi hafnarstjórnir og eftir því sem fjármagn er fyrir hendi.

Ráðherra skal leggja árlega fyrir Alþingi skýrslu um framkvæmd áætlunarinnar, áður en fjárveitingar eru ákveðnar.

16. gr. hljóðar svo:

Óheimilt er án samþykkis ráðuneytisins að selja, veðsetja eða leigja til langs tíma þær fasteignir hafnarsjóðs, er notið hafa ríkissyrks. Enn fremur er hafnarsjóðum, er njóta ríkisstyrks, óheimilt án samþykkis ráðuneytis að kaupa fasteignir eða taka lán til lengri tíma en svo, að þau verði endurgreidd af greiðsluafgangi ársins, sem í hönd fer. Enn fremur er hafnarstjórn óheimilt að hefja, án samþykkis ráðuneytisins, svo kostnaðarsamar framkvæmdir, að greiðsluafgangur hafnarsjóðs nægi ekki til að greiða kostnaðinn.

Rísi ágreiningur út af ákvæðum þessarar greinar, sker ráðherra úr. Skal þá óheimilt að hefja eða halda áfram framkvæmdum, sem deilt er um, fyrr en úrskurður ráðherra hefur verið kveðinn upp.

Til þess að Hafnamálastofnuninni sé unnt að fylgjast sem bezt með, að ákvæði þessarar greinar séu haldin, er skylt að senda henni eftirrit af fundargerðum hafnarstjórnar, sé þess óskað.

19. gr. hljóðar svo:

Fé Hafnabótasjóðs skal ráðstafa á eftirgreindan hátt, að fengnu samþykki fjárveitinganefndar Alþingis:

1. Sjóðurinn veitir hafnarsjóðum lán til framkvæmda gegn ríkisábyrgð.
2. Sjóðnum er heimilt að styrkja endurbætur á hafnarmannvirkjum, sem skemmzt hafa af völdum náttúruhamfara eða af öðrum óviðráðanlegum orsökum, án mótframlags hafnarsjóðs.
3. Sjóðnum er heimilt að veita styrk til nýrra hafnaframkvæmda, sem nemi allt að 15% umfram ríkisframlag af heildarframkvæmdakostnaði, til staða, sem

eiga við verulega fjárhagsörðugleika að stríða vegna dýrrar mannvirkjagerðar, fólksfæðar eða annarra gildra orsaka.
4. Sjóðnum er heimilt að veita hafnarsjóðum lán út á væntanleg ríkisframlög samkvæmt lögum þessum, ef fé er umfram þarfir 1.—3. liðs.

20. gr. hljóðar svo:
Tekjur Hafnabótasjóðs eru þessar:
1. Árlegt framlag ríkissjóðs, sem sé 12% af framlagi til hafnarmannvirkja og lendingarbóta á fjárlögum hvers árs, en þó aldrei lægra en 30 millj. króna.
2. Tekjur af starfsemi sjóðsins.

26. gr. hljóðar svo:
Ráðuneytið setur samkvæmt lögum þessum og að fengnum tillögum hafnarstjórnar sérstaka hafnarreglugerð fyrir hverja höfn. Í þeirri reglugerð skulu m. a. sett nánari ákvæði um:

1. Stærð og takmörk hafnarsvæðis.
2. Kosning og starfssvið hafnarstjóra.
3. Reglur um umferð á sjó og landi.
4. Öryggisreglur um flutninga.
5. Reglur um varnir gegn mengun og um góða umgengni.

Setja skal í reglugerðina ákvæði um sektir fyrir brot á henni. Sektir renna í hafnarsjóð þann, sem hlut á að máli.
Að fengnum tillögum hafnarstjórnar skal ráðuneytið ákveða hafnsöguskyldu í hafnarreglugerð.
Hafnarreglugerð, er sett hefur verið samkvæmt lögum nr. 48/1967, gildir, unz ný reglugerð hefur verið sett í hennar stað samkvæmt þessum lögum, enda skal endurskoðun reglugerða og samræmingu við lög þessi lokið innan eins árs frá gildistöku þeirra.
Gjaldskrá skal gefin út sérstaklega, sbr. 12. gr., en hún telst engu að síður hluti reglugerðarinnar.

28. gr. hljóðar svo:
Ráðherra skal setja reglugerð um framkvæmd þessara laga, þar með talið um starfssvið og skipulag Hafnamálastofnunarinnar, og skal því lokið eigi síðar en fyrir árslok 1974.
Bráðabirgðaákvæði hljóðar svo:

Ákvæði til bráðabirgða

I. Gera skal sérstakar ráðstafanir til að létta greiðslubyrði þeirra hafnarsjóða af lánum, sem verst eru settir, og skal þá miða við lán eins og þau eru, er lög þessi taka gildi.
Við fjárlagagerð fyrir árið 1974 skal samgönguráðuneytið gera Alþingi sérstaka grein fyrir fjárþörf í þessu efni.
Ráðherra skal gera tillögu til fjárveitinganefndar og Alþingis um skiptingu fjárins, og skal við skiptinguna hafa hliðsjón af tekjum og gjöldum hafnarsjóðs, framlagi sveitarfélags til hafnarsjóðs, fólksfjölda og öðrum þeim atriðum, sem hafa áhrif á greiðslugetu hafnarsjóðsins.
II. Heimilt er að greiða úr ríkissjóði allt að 40% af stofnkostnaði þeirra dráttarbrauta, sem byggðar hafa verið frá árinu 1960 til gildistöku þessara laga af einstaklingum og félögum, eftir því sem fé er veitt til á fjárlögum.

Skilyrði fyrir greiðslu slíks framlags sé:
1. Eigi sé nema ein dráttarbraut í sveitarfélaginu.
2. Jafnframt dráttarbrautinni sé rekin skipasmíðastöð.

3. Í sveitarfélaginu sé rekin veruleg útgerð að dómi samgönguráðuneytisins.
4. Viðkomandi hafnarsjóður eða sveitarsjóður leggi fram a. m. k. 10% stofnkostnaðar á móti framlagi ríkissjóðs.
5. Um dráttarbrautina sé stofnað hlutafélag, þar sem framlög ríkis og sveitarfélags verði eignarhluti þeirra, enda nemi hann a. m. k. 50% hlutafjár.

Ed. 461. Breytingartillögur [3. mál]

við frv. til l. um hlutdeild ríkisins í byggingu og rekstri dagvistunarheimila.

Frá Ragnari Arnalds.

1. 9. gr. orðist svo:
Ríkisframlag til stofn- og rekstrarkostnaðar er bundið því skilyrði, að viðkomandi sveitarfélag greiði eigi minna af rekstrarkostnaði dagvistunarheimila en nemur rekstrarframlagi ríkisins. Þó getur ráðherra veitt undanþágu frá þessu skilyrði, þegar um er að ræða þá aðila aðra en sveitarfélög, sem nefndir eru í 3. gr.

2. 4., 5. og 6. mgr. 15. gr. orðist svo:
Ríkissjóður skal að jafnaði greiða sinn hluta af áætluðum byggingarkostnaði dagvistunarheimila á næstu fjórum árum, eftir að fyrsta fjárveiting til framkvæmdarinnar hefur verið samþykkt.
Ef framkvæmdaraðili getur útvegað lánsfé til byggingar dagvistunarstofnana með sölu skuldabréfa eða á annan hátt, er heimilt, að ríkissjóður ábyrgist slík lán allt að hluta ríkissjóðs samkv. 6. gr.
Áætlaður stofnkostnaður dagvistunarheimila skiptist í áætlaðan byggingarkostnað og áætlaðan kostnað stofnbúnaðar. Skal í áætlun þessari miða við þá staðla, sem reglugerð kveður á um varðandi gerð og búnað hvers heimilis. Í áætlun þessari skal miða við byggingarkostnað og verðlag á þeim tíma, þegar áætlun er gerð, og miðast ríkisframlag við áætlaða fjárhæð að viðbættri vísitölu byggingarkostnaðar á byggingartíma.

Ed. 462. Frumvarp til laga [216. mál]

um veitingu prestakalla.

Frá menntamálanefnd.

1. gr.

Þegar prestakall losnar og prestur er eigi kallaður til embættisins (sbr. 6. gr.) auglýsir biskup kallið með hæfilegum umsóknarfresti.

2. gr.

Að liðnum umsóknarfresti sendir biskup prófasti hlutaðeigandi prófastsdæmis, sé hann eigi umsækjandi, svo og sóknarnefndum prestakallsins, skrá yfir þá, er sótt hafa, ásamt skýrslu um aldur þeirra, náms- og embættisferil og störf. Jafnframt sendir hann prófasti nægilega marga atkvæðaseðla með nöfnum umsækjenda og felur honum að boða kjörmenn prestakallsins á sameiginlegan fund innan tiltekins tíma.

Kjörmenn eru: Sóknarnefndarmenn og safnaðarfulltrúar prestakallsins (aðalmenn). Fyrsti varamaður tekur sæti aðalmanns, ef forfallaður er. Ef safnaðarfulltrúi er jafnframt sóknarnefndarmaður, tekur varamaður sæti hans í sóknarnefnd.

Sé prófastur héraðsins umsækjandi um kallið, nefnir biskup annan prófast til í hans stað.

3. gr.

Á kjörmannafundi skulu umsóknir ásamt umsögnum biskups liggja frammi til athugunar. Fundurinn er lokaður, og stýrir prófastur honum. Ef meiri hluti kjörmanna samþykkir, að kjör skuli fram fara, skal það framkvæmt með þeim hætti, sem segir í 4. gr. Að öðrum kosti ráðstafar kirkjumálaráðherra embættinu að fenginni tillögu biskups.

4. gr.

Ef samþykkt er, að kjör fari fram, ákveður prófastur kjörfund kjörmanna þá þegar eða næsta dag hið síðasta. Kjörfundur er lokaður, og stýrir prófastur honum. Fer þar fram leynileg, skrifleg atkvæðagreiðsla um umsækjendur. Prófastur afhendir hverjum kjörmanni einn atkvæðaseðil, og setur kjörmaður kross framan við nafn þess, er hann kýs. Prófastur skilar atkvæði á sama hátt.

Að lokinni atkvæðagreiðslu eru atkvæði innsigluð og send biskupi í póstábyrgð, ásamt afriti af gjörðabók kjörfundar. Verði ágreiningur um undirbúning eða framkvæmd kosningar eða hún kærð, fellir kjörstjórn úrskurð um málið.

Kjörstjórn skipa, auk biskups, 2 menn, er kirkjumálaráðuneytið skipar til 5 ára í senn.

5. gr.

Þegar kjörstjórn hefur kynnt sér niðurstöðu kjörfundar, sendir biskup afrit af bókun hennar til kirkjumálaráðherra, ásamt rökstuddri tillögu sinni um veitingu. Biskup styður með tillögu sinni þann umsækjanda, er hlotið hefur ⅔ atkvæða kjörmanna. Skal veita honum embættið, enda telst hann hafa hlotið lögmæta kosningu.

Nái umsækjandi ekki ⅔ atkvæða kjörmanna, telst kosningin ólögmæt, og mælir biskup þá með þeim tveimur umsækjendum, ef um fleiri en einn er að ræða, er hann telur, þegar tillit er tekið til allra aðstæðna, standa næst því að hljóta embættið, og í þeirri röð, sem næst liggur að hans dómi. Veitir ráðherra því næst embættið öðrum hvorum þessara tveggja.

6. gr.

Heimilt er kjörmönnum að kalla prest.

Ef ¾ kjörmanna prestakallsins eru einhuga um að kalla tiltekinn prest eða guðfræðikandídat án umsóknar, gera þeir prófasti viðvart um það í tæka tíð, en hann tilkynnir biskupi, sem felur þá prófasti að boða kjörmenn prestakallsins á sameiginlegan fund innan viku, og er þá embættið eigi auglýst.

Samþykki ¾ kjörmanna að kalla tiltekinn mann til embættisins, sem lögum samkvæmt á rétt til prestsembættis í íslenzku þjóðkirkjunni, skal biskup birta köllunina þeim presti eða kandídat, sem í hlut á. Taki hann köllun, skal veita honum embættið.

7. gr.

Nánari ákvæði um framkvæmd þessara laga skulu sett í reglugerð.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt af menntamálanefnd efri deildar að beiðni hæstvirts dóms- málaráðherra. Nefndin hefur enga afstöðu tekið til málsins, og einstakir nefndarmenn hafa því óbundnar hendur um afstöðu sína til málsins.

Frumvörp um þetta efni voru lögð fyrir Alþingi 1962—63 og 1964 og voru flutt af menntamálanefnd neðri deildar að beiðni kirkjumálaráðherra. Frumvörpin komu aðeins til 1. umræðu, en ekki aftur úr nefnd. Frumvörpin höfðu áður verið sam-

þykkt á Kirkjuþingi, 1962 með 10:5, 1964 með 10:4 atkv. Kirkjuþing 1972 hefur nú enn samþykkt slíkt frumvarp með 14:1 atkv. Frumvörp þessi eru öll mjög lík í aðalatriðum, og höfuðeinkenni þeirra er að leggja niður hina almennu prestskosningu. Í hennar stað kemur: 1) Heimild sóknarnefnda prestakalls til að „kalla" prest til embættis, þ. e. ef ¾ sóknarnefndarmanna og safnaðarfulltrúa eru sammála um val löghæfs prests eða guðfræðings, eiga þeir rétt á að fá hann skipaðan í embætti (án auglýsingar), sbr. 6. gr. frumvarpsins, og 2) ef til kjörs kemur, fer það fram með þeim hætti, að þessir sömu kjörmenn kjósa, og ef umsækjandi fær ⅔, er kosning hans lögmæt, en annars gerir biskup tillögu um 2 umsækjendur (ef umsækjendur eru tveir eða fleiri) í þeirri röð, sem hann metur, en ráðherra skipar annan hvorn, sbr. 4. gr. frv. — Ef meiri hluti kjörmanna óskar ekki eftir, að kjör fari fram, sem mundi langoftast vera, ef aðeins er einn umsækjandi, ráðstafar kirkjumálaráðherra embættinu að fengnum tillögum biskups, sbr. 3. gr. frumvarpsins.

Um forsögu tillagna frumvarpsins er að öðru leyti vísað til greinargerða á Alþingi 1962—63 (þskj. 362) og 1964 (þskj. 114).

Frá ársbyrjun 1965 hefur 55 sinnum komið til prestskosninga. 13 sinnum hafa umsækjendur verið fleiri en einn, þar af 6 sinnum í Reykjavíkurprófastsdæmi.

Að þrennu leyti er frumvarpið breytt frá þeim frumvörpum um sama efni, sem borin voru fram 1962 og 1964.

1) Í 2. grein er bætt ákvæði, sem segir fyrir um, að varamaður skuli koma inn í sóknarnefnd, ef safnaðarfulltrúi er jafnframt sóknarnefndarmaður.
2) Í 3. grein er gerð sú breyting, að í stað orðanna „samkvæmt tillögu biskups" kemur „að fenginni tillögu biskups", þar sem ræðir um skipun í embætti, þegar prestakall hefur verið auglýst, en kjörmenn óska þess ekki, að kjör fari fram.
3) Fellt er niður ákvæði, sem var í frumvörpunum 1962 og 1964, um sérstakar reglur um skipun í prestsembætti í Skálholti, á Hólum og Þingvöllum.

Fylgiskjal.

Skýrsla um prestaköll, sem auglýst hafa verið og sótt hefur verið um frá og með árinu 1965 og um fjölda umsækjenda:

	Prestaköll	Fjöldi umsækjenda
1965:		
1.	Stóra-Núpsprestakall, Árn.	1
2.	Valþjófsstaðaprestakall, Múl.	1
3.	Stafholtsprestakall, Borg.	1
4.	Víkurprestakall, Skaft.	1
5.	Stykkishólmsprestakall, Snæf.—Dala.	3
6.	Æsustaðaprestakall, Hún.	1
7.	Bíldudalsprestakall, Barð.	1
1966:		
8.	Möðruvallaklaustursprestakall, Eyj.	2
9.	Garðaprestakall, Kjal.	4
10.	Miklabæjarprestakall, Skag.	1
11.	Laufásprestakall, Þing.	2
12.	Bíldudalsprestakall, Barð. (aftur)	1
13.	Hofsprestakall, Vopnafirði, Múl.	1
14.	Vallanesprestakall, Múl.	1
15.	Hofsósprestakall, Skag.	1
16.	Hríseyjarprestakall, Eyj.	1

	Prestaköll	Fjöldi umsækjenda
1967:		
17.	Saurbæjarprestakall, Borg.	1
18.	Mosfellsprestakall, Árn.	1
19.	Sauðanesprestakall, Þing.	1
20.	Skinnastaðaprestakall, Þing.	1
21.	Eskifjarðarprestakall, Austfj.	1
22.	Hallgrímsprestakall, Rvík	6
23.	Laugalandsprestakall, Eyj.	1
24.	Siglufjarðarprestakall, Eyj.	1
25.	Bíldudalsprestakall, Barð. (aftur)	1
26.	Holtsprestakall, Rang.	1
27.	Þingeyrarklausturprestakall, Hún.	1
28.	Seyðisfjarðarprestakall, Múl.	1
29.	Möðruvallaklausturprestakall, Eyj.	1
30.	Ólafsfjarðarprestakall, Eyj.	1
31.	Hveragerðisprestakall, Árn.	3
1969:		
32.	Holtsprestakall, Önundarfirði, Ísafj.	1
33.	Norðfjarðarprestakall, Austfj.	1
34.	Stafholtsprestakall, Borg.	1
1970:		
35.	Kirkjuhvolsprestakall, Rang.	1
36.	Grensásprestakall, Rvík	1
37.	Stóra-Núpsprestakall, Árn.	2
38.	Patreksfjarðarprestakall, Barð.	1
39.	Ólafsvíkurprestakall, Snæf.—Dala.	1
40.	Hveragerðisprestakall, Árn. (aftur)	1
41.	Reykhólaprestakall, Barð.	1
42.	Árbæjarprestakall, Rvík	2
1971:		
43.	Hjarðarholtsprestakall, Snæf.—Dala.	1
44.	Siglufjarðarprestakall, Eyj. (aftur)	1
45.	Sauðárkróksprestakall, Skag.	1
46.	Digranesprestakall, Rvík	4
47.	Kársnesprestakall, Rvík	3
48.	Selfossprestakall, Árn.	3
1972:		
49.	Söðulsholtsprestakall, Snæf.—Dala.	1
50.	Mælifellsprestakall, Skag.	1
51.	Breiðholtsprestakall, Rvík	2
52.	Nesprestakall, Rvík	3
53.	Reykholtsprestakall, Borg.	1
54.	Vopnafjarðarprestakall, Múl. (aftur)	1
1973:		
55.	Eyrarbakkaprestakall, Árn.	1

BISKUPSSTOFA

Erl. Sigmundsson.

Ed. 463. Frumvarp til laga [217. mál]

um norrænan tækni- og iðnþróunarsjóð.

(Lagt fyrir Alþingi á 93. löggjafarþingi, 1972—1973.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að staðfesta fyrir Íslands hönd, samning ríkisstjórnar Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar um stofnun norræns tækni- og iðnþróunarsjóðs, sem gerður var í Osló 20. febrúar 1973. Texti samningsins fylgir lögum þessum og telst hluti af þeim og skulu ákvæði hans hafa lagagildi hér á landi.

2. gr.

Sjóðurinn er undanþeginn opinberum gjöldum og sköttum hér á landi.

Sjóðurinn er undanþeginn stimpilgjöldum af lánum og öðrum fjárskuldbindingum, er hann kann að taka á sig hér á landi.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Á fundi Norðurlandaráðs í Osló hinn 20. febrúar 1973 var gerður samnorrænn samningur um norrænan tækni- og iðnþróunarsjóð. Eins og fram kemur í 1. gr. samnings þessa er markmið hans að styrkja og auka nýtingu á norrænum auðlindum á sviði tækni og iðnþróunar. Stofnfé var ákveðið 10 milljónir sænskra króna.

Norrænu ráðherranefndinni var falið að semja stofnskrá sjóðsins svo og almenna stefnuskrá og verkefnaröðun.

Á fundi iðnaðarráðherra Norðurlanda í Osló 21. febrúar 1973, voru eftirtaldir aðalmenn skipaðir í bráðabirgðastjórn sjóðsins:

Frá Danmörku: Konsulent Ågo Andersen, Handelsministeriet.
Frá Finnlandi: Överdirektör Pekka Jauho, Statens tekniska forskningsinstitut.
Frá Íslandi: Árni Snævarr, ráðuneytisstjóri, iðnaðarráðuneytinu.
Frá Svíþjóð: Kanslirådet Sigfrid Wennerberg, Industridepartementet.
Frá Noregi: Underdirektør Christofer Owe, Industridepartementet.
Frá Nordforsk: Direktør Th. Franck, DTVF.

Þess má vænta, að sjóður þessi geti orðið Íslandi til hjálpar á sviði tækni og iðnaðar.

Einstakar greinar þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal I.

SAMNINGUR

milli Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar um norrænan tækni- og iðnþróunarsjóð.

Ríkisstjórnir Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar hafa ákveðið að stofna norrænan tækni- og iðnþróunarsjóð, sem þátt í þróun samstarfs á sviði iðnaðar og hafa gert með sér svofelldan samning:

Markmið.

1. grein.

Markmið sjóðsins er að styrkja og auka nýtingu á norrænum auðlindum á sviði tækni og iðnþróunar með því, að efla og auka samstarf samningsaðilanna, svo og með því að styðja fjárhagslega framkvæmdir, sem hafa þýðingu fyrir tvö eða fleiri Norðurlandanna, og alþjóðlegar framkvæmdir, sem hafa þýðingu fyrir Norðurlönd í heild.

Fjármagn.

2. grein.

Fjármagn sjóðsins, sem upphaflega er 10 milljónir sænskra króna, er framlag að upphæð 2.2 milljónir sænskra króna frá Danmörku, 1.6 milljónir sænskra króna frá Finnlandi, 0.1 milljón sænskra króna frá Íslandi, 1.6 milljónir sænskra króna frá Noregi og 4.5 milljónir sænskra króna frá Svíþjóð.

Norræna ráðherranefndin kveður á eftir þörf um áframhaldandi fjárframlög til sjóðsins og um rétt sjóðsins til þess að veita fjárhagsábyrgðir umfram fyrirliggjandi fjármagn og veita margra ára stuðning jafnframt því, sem nefndin skiptir framlögum til sjóðsins milli samningsaðila.

Starfsvið.

3. grein.

Ráðherranefndin ákveður almenna stefnuskrá og verkefnaröðun í starfsemi sjóðsins.

Ráðherranefndin ákveður stofnskrá sjóðsins.

4. grein.

Endurskoðandi þess ríkis, þar sem sjóðurinn er staðsettur, hefur eftirlit með fjármálum sjóðsins.

Ráðherranefndin gefur Norðurlandaráði árlega skýrslu um starfsemi sjóðsins.

Lokaákvæði.

5. grein.

Samning þennan skal fullgilda og skulu fullgildingarskjölin, svo skjótt sem við verður komið, afhent norska utanríkisráðuneytinu.

Samningur þessi skal varðveittur í norska utanríkisráðuneytinu, sem sendir hverjum samningsaðila staðfest afrit.

Samningurinn tekur gildi þann dag er ráðherranefndin ákveður.

6. grein.

Æski einhver samningsaðila að segja samningnum upp, skal skrifleg tilkynning um það send ríkisstjórn Noregs, er tafarlaust skal skýra hinum samningsaðilunum frá því, svo og hvenær tilkynningin hafi borizt.

Samningurinn fellur úr gildi við lok þess almanaksárs, er einhver samningsaðila segir honum upp, svo framarlega að uppsagnartilkynningin hafi borizt norsku ríkisstjórninni eigi síðar en 30. júní það ár, en ella við lok næsta almanaksárs.

7. grein.

Eftir viðtöku uppsagnartilkynningar skulu allir samningsaðilar hafa samráð sín á milli um niðurfellingu þeirra réttinda og skyldna, sem samningsaðilum voru fengin samkvæmt samningnum.

Þessu til staðfestingar hafa undirritaðir fulltrúar, sem til þess höfðu umboð, undirritað samning þennan.

Gjört í Osló, hinn 20. febrúar 1973, í einu eintaki á dönsku, finnsku, íslenzku, norsku og sænsku, og skulu þeir textar allir jafngildir.

Fyrir ríkisstjórn Danmerkur
Ivar Nørgaard.

Ryrir ríkisstjórn Íslands
Ólafur Jóhannesson.

Fyrir ríkisstjórn Finnlands
Pekka Tarjanne.

Fyrir ríkisstjórn Noregs
Hallvard Eika.

Fyrir ríkisstjórn Svíþjóðar
Kjell-Olof Feldt.

Ed. 464. Breytingartillaga [3. mál]

við frv. til laga um hlutdeild ríkisins í byggingu og rekstri dagvistunarheimila.

Frá Ragnari Arnalds.

Við 2. tl. 1. mgr. 6. gr. Í stað „50%“ komi: 30%.

Nd. 465. Nefndarálit [122. mál]

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka lán vegna framkvæmdaáætlunar fyrir árið 1973.

Frá 1. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Frumvarpinu var vísað til nefndarinnar 15. des. s. l. og tekið fyrir á fundi hennar daginn eftir. Síðan er málið ekki tekið fyrir í nefndinni fyrr en 22. marz s. l. og aftur 27. marz á tveimur fundum þann dag.

Við fulltrúar Sjálfstæðisflokksins í nefndinni óskuðum eftir upplýsingum um, hvað liði fjármögnun stofnlánasjóða, og enn fremur, hvernig haga skyldi þeirri fyrirætlun ríkisstjórnarinnar að lækka greiðslur rekstrarkostnaðar ráðuneyta, ríkisstofnana, styrkja og verklegra framkvæmda á þessu ári, sem ekki er bundið að lögum, um allt að 15% að jafnaði, ef ríkisstjórnin telur, að vinnuafl dragist um of frá framleiðslustörfum, eða ef ætla má, að tekjur ríkissjóðs hrökkvi ekki fyrir útgjöldum. Þessarar heimildar aflaði ríkisstjórnin sér við afgreiðslu fjárlaga 21. desember s. l. Formaður nefndarinnar tók þessari ósk vel og gerði ítrekaðar tilraunir til þess að afla upplýsinga og fá embættismenn til þess að mæta á fundi nefndarinnar, en það tókst ekki. Þrátt fyrir þetta ákváðu fulltrúar stjórnarflokkanna að knýja fram afgreiðslu málsins og láta undan kröfu ríkisstjórnarinnar um, að frv. verði afgreitt tafarlaust, þótt heildaryfirsýn um fjármögnun stofnlánasjóða vanti og allar fjárveitingar til verklegra framkvæmda í fjárlögum yfirstandandi árs hangi í lausu lofti vegna þeirrar niðurskurðarheimildar, sem ríkisstjórnin aflaði sér og hyggst nota.

Á undanförnum árum hefur fjármálaráðherra lagt fram á Alþingi skýrslu um framkvæmda- og fjáröflunaráætlun yfirstandandi árs. Sú venja hefur skapazt, að frv.

um opinberar framkvæmdir hefur verið fylgt úr hlaði með þeirri skýrslu og þá jafnframt verið fjallað um áætlanir um starfsemi fjárfestingarlánasjóðanna og lánsfjáröflun til þeirra á vegum Framkvæmdasjóðs. Á síðasta ári fyrrverandi ríkisstjórnar var þessi skýrsla lögð fram 18. marz það ár. Þeir, sem þá voru í stjórnarandstöðu, töldu, að þessar upplýsingar væru allt of seint á ferðinni og þyrfti að gerbreyta þessum vinnubrögðum með því að stórauka áætlunargerðir undir forustu ríkisvaldsins og raða framkvæmdum í forgangsröð, þannig að þær, sem mikilvægari væru, gengju fyrir öðrum. Í málefnasamningi núverandi ríkisstjórnar var ákveðið að koma á fót Framkvæmdastofnun ríkisins, sem hafi á hendi heildarstjórn fjárfestingarmála og frumkvæði í atvinnumálum. Stofnun þessari er ætlað að gera áætlanir til langs tíma um þróun þjóðarbúsins og framkvæmdaáætlanir til skemmri tíma, þar sem greina skal fjárfestingarframkvæmdir, sem skulu hafa forgang. Þessi stofnun var sett á laggirnar í því skyni að vinna að þessum málum, og tók hún til starfa í febrúarmánuði 1972.

Á s. l. ári lagði fjármálaráðherra skýrslu sína um framkvæmda- og fjáröflunaráætlun fyrir árið 1972 fyrir Alþingi 5. maí, og var sú skýrsla til athugunar í nefndinni við afgreiðslu frv. fyrir það ár, en nefndin skilaði ekki áliti fyrr en 12. maí um frv.

En nú eru tekin upp ný vinnubrögð. Ríkisstjórnin krefst þess, að fulltrúar stjórnarflokkanna afgreiði þetta frv. með bundið fyrir augun. Fjármálaráðherra leggur ekki enn þá fram skýrslu um framkvæmda- og fjáröflunaráætlun fyrir árið 1973, þrátt fyrir gefin fyrirheit.

Í skýrslu fjármálaráðherra frá 5. maí 1972 segir:

„Framkvæmda- og fjáröflunaráætlunin er með seinna móti á ferðinni, enda þótt oft áður hafi seint verið. Stendur það meðfram í sambandi við þær skipulagsbreytingar, sem gerðar hafa verið, sem og við það, að framkvæmdaáform hafa verið æðimikil og því umfangsmikið verkefni að fjalla um þau og fella í eina viðráðanlega heild. Með málefnasamningi stjórnarflokkanna er lögð veigamikil áherzla á eflingu hvers konar áætlanagerðar og samræmt mat á gildi framkvæmda og framleiðslugreina. Mun sú starfsemi einkum fara fram á vegum hinnar nýstofnuðu Framkvæmdastofnunar ríkisins, en með virkri þátttöku ráðuneyta og annarra opinberra stofnana og þá einkum, að því er ríkisframkvæmdir varðar, með hlutdeild Fjárlaga- og hagsýslustofnunarinnar. Enda þótt nokkur drög að þessari áætlun hafi verið undirbúin á umliðnu hausti, var ákveðið að láta verkefnið bíða hinnar nýju stofnunar. Lagasetningu um hana varð ekki lokið fyrr en í árslok, og varð henni því ekki að fullu komið á laggirnar fyrr en síðla í febrúarmánuði."

Síðar segir fjármálaráðherra í sömu skýrslu:

„Ljóst er, hvert óhagræði er að því, að framkvæmda- og fjáröflunaráætlunin skuli ekki fylgjast að við gerð fjárlaga og vera tilbúin fyrir upphaf framkvæmdaárs, enda er aðeins með þeim vinnubrögðum unnt að tryggja samræmi framkvæmdaáforma og skynsamlega forgangsröðun. Mun stefnt að því, að svo geti orðið við samningu næstu áætlunar, þ. e. fyrir árið 1973, og mun Fjárlaga- og hagsýslustofnuninni og Framkvæmdastofnun ríkisins falið að vinna að því í sameiningu, jafnframt því að unnið verði með horfur og áform til lengri tíma fyrir augum."

Þetta voru orð fjármálaráðherra og fyrirheit. Efndirnar eru þær, að engin skýrsla liggur fyrir um framkvæmda- og fjáröflunaráætlun fyrir árið 1973. Allt er í óvissu um, á hvern hátt fjáröflun fjárfestingarlánasjóða verður. Það mun láta nærri að útlán fjárfestingarlánasjóða á árinu 1972 hafi numið 2 475.8 millj. kr. fyrir utan Iðnþróunarsjóð og Byggingarsjóð ríkisins en útlán þeirra beggja voru um 1 325 millj. kr. Útlán allra fjárfestingarsjóðanna voru á s. l. ári samkvæmt þessu 3 800.8 millj. kr. Á yfirstandandi ári mun láta nærri, að útlánaóskir sjóðanna séu um 4 027.3 millj. kr. fyrir utan Iðnþróunarsjóð og Byggingarsjóð ríkisins, en útlán þeirra beggja eru áætluð 1 620 millj. kr., og eru því útlánaóskir allra fjárfestingarsjóðanna á þessu ári 5 647.3 millj. kr.

Með þessu frv. er lagt til, að lán verði tekin á þessu ári til opinberra framkvæmda að upphæð 918 millj. kr. og til Framkvæmdasjóðs Íslands 100 millj. kr., eða 1018 millj. kr. alls. Þetta frv. er lagt fram í desember s. l., eins og fyrr er sagt. Eftir það fer fram afgreiðsla fjárlaga og þar samþykkt heimild til niðurskurðar á framlögum til verklegra framkvæmda, sem ríkisstjórnin hefur lýst yfir, að hún ætli að nota. En ekkert liggur fyrir um, hvaða framkvæmdir það eru, sem skera á niður. Þrátt fyrir þessa óvissu leggur ríkisstjórnin áherzlu á að hækka enn opinberar framkvæmdir um 150 millj. kr. frá þessu frv., á sama tíma og framlög til sjúkrahúsa, læknamiðstöðva, læknisbústaða, skólabygginga, flugvalla og hafna verði skorin niður frá því, sem þau eru í fjárlögum. Slík vinnubrögð eru stórámælisverð. Það er skoðun okkar, að þetta frv. eigi ekki að afgreiða, fyrr en fjáröflun fjárfestingarlána liggur fyrir og hámark útlána þeirra ákveðin og jafnframt á hvern hátt eigi að framkvæma niðurskurð til einstakra verklegra framkvæmda, sem eru í fjárlögum.

Þá má enn fremur minna á, að í skýrslu fjármálaráðherra um framkvæmdaáætlunina fyrir árið 1971 var bent á, að aukning framkvæmda kallar á aukningu vinnuafls við þær um 1350 manns, er svarar til um 75% af eðlilegri heildaraukningu mannaflans á einu ári. Framkvæmdin fór í nokkrum greinum fram úr þeirri áætlun, sem byggt var á í þessu efni, enda fóru örðugleikarnir ört vaxandi á að manna fiskiskip okkar og önnur framleiðslutæki. Á s. l. ári var enn stefnt til verulegrar aukningar framkvæmda, og horfði víða til stórvandræða með mannafla á fiskiskipin og við vinnslu á framleiðsluvörum okkar. Nýlega fór fram að beiðni samtaka útvegsins könnun á vinnuaflsskorti í sjávarútvegi á svæðinu frá Stokkseyri og vestur um til Snæfellsness. Athugunin leiddi í ljós, að á þessu svæði vantar 472 sjómenn á bátaflotann og 578 manns vantar til fiskvinnslustarfa í landi. Á öðrum stöðum er líka tilfinnanlegur skortur á vinnuafli við þessi störf, t. d. er mikill vinnuaflsskortur á Vestfjörðum. Það er sennilegt að nú á vertíðinni vanti um 1500 manns til starfa í sjávarútvegi á öllu landinu.

Það ætti því að hugsa alvarlega um að draga úr framkvæmdum hins opinbera, einkum þar sem þær hafa verið mestar, og gera allar þær ráðstafanir, sem mögulegar eru, til þess að beina vinnuaflinu sem mest að framleiðsluatvinnuvegunum. Þetta hefur núverandi ríkisstjórn vanrækt, þrátt fyrir allt hjal um skipulag framkvæmda og fjárfestingu.

Alþingi, 29. marz 1973.

Matthías Bjarnason, frsm. Matthías Á. Mathiesen.

Nd. 466. Nefndarálit [104. mál]

um frv. til laga um fangelsi og vinnuhæli.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og leggur til, að það verði samþykkt með eftirtöldum

BREYTINGUM:

1. Við 3. gr. 1. mgr. orðist svo:
   Dómsmálaráðherra skal ákvarða, hvar byggja skal ríkisfangelsi. Því skal eftir nánari ákvörðun dómsmálaráðherra m. a. skipt í eftirtaldar deildir: einangrunarfangelsi, öryggisgæzludeild, geðveilladeild, varðhald, gæzluvarðhald og móttökudeild. Í reglugerð skal kveðið á um skiptingu ríkisfangelsis í sjálfstæðar rekstrareiningar.

2. Við 8. gr. 2. mgr. orðist svo:
Fangar skulu fá greidd laun fyrir vinnu sína í hælunum, og setur dómsmálaráðherra reglur um vinnuna og launagreiðslur, og skal taka tillit til arðsemi vinnunnar og launa á almennum vinnumarkaði við ákvörðun launa. Heimilt er dómsmálaráðherra að ákvarða með reglugerð, að ákveðinn hundraðshluti af launum fanga fari í skyldusparnað, og skal sú upphæð, sem þannig sparast, annaðhvort renna til fjölskyldu fangans eða afhendast honum að lokinni afplánun refsingar. Setja skal nánari reglur um framkvæmd þessa í reglugerð.

3. Við 11. gr. 2. ml. orðist svo: Skipa skal öðrum fremur lögfræðing eða félagsráðgjafa, og skulu þeir sérstaklega hafa kynnt sér fangelsismál.

4. Við 14. gr. Greinin orðist svo:
Starfrækja skal sérstaka stofnun til þess að annast umsjón og eftirlit með þeim, sem frestað er ákværu gegn, dæmdir eru skilorðsbundið eða leystir úr fangelsi með skilyrðum. Skal stofnunin í starfi sínu hafa samvinnu við félagsmálastofnanir, eftir því sem við á.

5. Við 16. gr. Orðin „og kvennafangelsi“ í 1. ml. 3. mgr. falli brott.

Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja öðrum breytingartillögum.

Bjarni Guðnason var fjarstaddur afgreiðslu málsins vegna veikinda.

Alþingi, 29. marz 1973.

Svava Jakobsdóttir, form., frsm.	Gísli Guðmundsson.	Ellert B. Schram.
Pétur Pétursson.	Stefán Valgeirsson.	Ólafur G. Einarsson.

Nd. 467. Frumvarp til laga [218. mál]

um breyting á mörkum Gullbringusýslu og Kjósarsýslu og skipan lögsagnarumdæma.

(Lagt fyrir Alþingi á 93. löggjafarþingi, 1972—1973.)

1. gr.

Í lögsagnarumdæmi Gullbringusýslu eru þessir hreppar: Grindavíkurhreppur, Hafnahreppur, Miðneshreppur, Gerðahreppur, Njarðvíkurhreppur og Vatnsleysustrandarhreppur.

Í lögsagnarumdæmi Kjósarsýslu eru þessir hreppar: Garðahreppur, Bessastaðahreppur, Seltjarnarneshreppur, Mosfellshreppur, Kjalarneshreppur og Kjósarhreppur.

2. gr.

Bæjarfógetinn í Hafnarfirði er jafnframt sýslumaður í Kjósarsýslu. Bæjarfógetinn í Keflavík er jafnframt sýslumaður í Gullbringusýslu.

3. gr.

Lög þessi taka gildi 1. janúar 1974. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 22 3. október 1903, um að skipta Kjósar- og Gullbringusýslu í tvö sýslufélög og síðasta málsgr. 1. greinar laga nr. 46 1971, um lögsagnarumdæmi Hafnarfjarðarkaupstaðar.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Hinn 24. febrúar 1972 var samþykkt á Alþingi svo hljóðandi þingsályktun um skipan dóms- og lögreglumála á Suðurnesjum: „Alþingi ályktar að skora á ríkis-

stjórnina að láta leggja fyrir Alþingi frumvarp til laga um skipan dóms- og lögreglumála á Suðurnesjum á þann veg, að á svæðinu sunnan Hafnarfjarðarkaupstaðar heyri þessi mál til einu embætti í Keflavík.“ Dómsmálaráðuneytið og félagsmálaráðuneytið höfðu síðan samráð um meðferð þessa málefnis. Er það samdóma álit ráðuneytanna, að breytingu þeirri á meðferð dóms- og lögreglumála á Suðurnesjum, sem ráðgerð er í þingsályktuninni, verði ekki komið fram með hagkvæmum hætti fyrir stjórnvaldsmeðferð og viðskipti almennings við almannavaldið, ef ekki yrði samfara henni breyting á umdæmaskipuninni, þannig að meðferð allra málefna á svæðinu, sem heyrt hefur til verksviðs sýslumannsins í Gullbringu- og Kjósarsýslu, yrði samtímis flutt til embættis bæjarfógetans í Keflavík, sem þá jafnframt yrði sýslumaður Gullbringusýslu. Einnig eru ráðuneytin sammála um, að sú skipting yrði ekki gerð með eðlilegum hætti nema Garðahreppur og Bessastaðahreppur yrðu jafnframt sameinaðir Kjósarsýslu og heyrðu þannig áfram til umdæmi bæjarfógetans í Hafnarfirði sem sýslumanns Kjósarsýslu. Um þetta efni er einnig vísað til álits sýslufundar Gullbringusýslu, sem haldinn var 28. júlí 1972 og fylgir greinargerð þessari sem fylgiskjal.

Ekki náðist að leggja málið fyrir sýslunefnd Kjósarsýslu, er haldinn var nokkru fyrr, en umsagnar var leitað hjá öllum sveitarstjórnum í báðum sýslunum og voru undirtektir allra sveitarstjórna jákvæðar, með þeirri undantekningu, að hreppsnefnd Bessastaðahrepps lýsti sig andvíga breytingu á sýslumörkum Gullbringu- og Kjósarsýslu og hreppsnefnd Seltjarnarneshrepps tók ekki afstöðu til málsins.

Dómsmálaráðuneytið og félagsmálaráðuneytið eru, í samræmi við það sem að framan er rakið, sammála um það, að tilgangi fyrrnefndrar þingsályktunar verði bezt náð, efnislega, á þann hátt sem frumvarp þetta gerir ráð fyrir.

Um 1. gr.

Ákvæði þessa frumvarps koma í stað ákvæða laga nr. 22 3. okt. 1903, er ákveðin var skipting Kjósar- og Gullbringusýslu í tvö sýslufélög, og er sú breyting gerð, að Garðahreppur og Bessastaðahreppur eru fluttir úr Gullbringusýslu í Kjósarsýslu.

Um 2. gr.

Hér er mörkuð sú breyting, að bæjarfógetinn í Keflavík verði jafnframt sýslumaður í Gullbringusýslu, með þeim breyttu mörkum, sem ákveðin eru í 1. gr.

Um 3. gr.

Jafnframt því að lögin nr. 22 1903 eru afnumin er gildistaka þessa lagafrumvarps miðuð við 1. jan. 1974. Rúman tíma þarf til þeirra ráðstafana sem gera þarf til undirbúnings á flutningi málefna, er varða umdæmi Gullbringusýslu til embættisins í Keflavík. Má ekki ætla skemmri tíma til þess en hálft ár.

Fylgiskjal.

Endurrit úr fundargerð sýslunefndar Gullbringusýslu 28. júlí 1972.

XIV

Erindi Félagsmálaráðuneytisins um möguleika á breyttum sýslumörkum Gullbringu- og Kjósarsýslu.

Oddviti lagði fram og las upp bréf dóms- og kirkjumálráðuneytis dags. 19. júlí s. l., sem Félagsmálaráðuneytið hafði sent til umsagnar. Er þar fjallað um hugsanlega breytingu á sýslumörkum Gullbringu- og Kjósarsýlu á grundvelli þingsályktunartillögu frá síðasta Alþingi, þar sem lagt er til að dóms- og lögreglumál á svæðinu sunnan Hafnarfjarðar heyri til einu embætti í Keflavík.

Samþykkt var með samhljóða atkvæðum að svara erindi þessu á eftirfarandi hátt:

Í tilefni af bréfi félagsmálaráðuneytisins dags. 24. júlí 1972, sem fylgdi ljósrit af bréfi dóms- og kirkjumálaráðuneytisins dags. 19. sama mánaðar, þar sem óskað er

umsagnar sýslunefndanna í Gullbringu- og Kjósarsýslu m. a. um möguleika á breyttum sýslumörkum Gullbringu- og Kjósarsýslu, gerir aðalfundur sýslunefndar Gullbringusýslu, haldinn í Hafnarfirði 28. júlí 1972, eftirfarandi ályktun:

„Sýslunefnd Gullbringusýslu sér fyrir sitt leyti ekkert athugavert við, að vegna staðhátta og ýmissa aðstæðna sem fyrir hendi eru landfræðilega séð, verði athugað gaumgæfilega, hvort rétt sé, að þeir hreppar Gullbringusýslu, sem liggja sunnan og vestan Hafnarfjarðar, þ. e. Vatnsleysustrandarhreppur, Njarðvíkurhreppur, Gerðahreppur, Miðneshreppur, Hafnahreppur og Grindavíkurhreppur myndi sérstakt sýslufélag og verði embætti sýslumanns í þeirri sýslu sameiginlegt embætti bæjarfógetans í Keflavík.

Nyrztu og austustu hreppar núverandi Gullbringusýslu, þ. e. Garðahreppur og Bessastaðahreppur, sameinist, ef slík breyting yrði gerð, Kjósarsýslu og verði bæjarfógetinn í Hafnarfirði einnig sýslumaður í Kjósarsýslu eins og verið hefir.

Sýslunefnd vill þó taka fram og leggur á það áherzlu, að hún telur slíka breytingu, sem hér er rætt um, ekki koma til mála, nema fullkannað sé, að vilji allra þeirra sveitarfélaga, sem hér eiga hlut að máli, þar á meðal Garðahrepps og Bessastaðahrepps, sé fyrir hendi til að koma á slíkri breytingu, og einnig telur sýslunefnd hugsanlega skiptingu þeirra málaflokka, sem nú heyra undir embætti sýslumannsins í Gullbringu- og Kjósarsýslu t. d. meðferð dóms- og lögreglumála við eitt embætti en meðferð annarra málaflokka við annað embætti, vera óeðlilega og raunar óframkvæmanlega."

Nd. 468. Nefndarálit

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka lán vegna framkvæmdaáætlunar fyrir árið 1973.

Frá 2. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Þetta frv. var lagt fyrir Alþingi hinn 13. desember s. l.

Fyrrverandi ríkisstjórn tók upp þann sið að semja framkvæmdaáætlun um opinberar framkvæmdir utan fjárlaga fyrir komandi ár og gera Alþingi grein fyrir þeim samtímis fjárlagafrumvarpi. Var þetta gert í sambandi við öflun lánsheimildar til þessara framkvæmda. Það er og efni þessa frv. Jafnframt kynnti fyrrverandi ríkisstjórn fyrir Alþingi útlánafyrirætlanir fjárfestingarsjóða og nauðsynlega fjáröflun í því skyni, enda má segja, að líta verði á allt þrennt í senn til þess að fá heildaryfirlit yfir fjárþörf opinberra aðila og atvinnuveganna og fjáröflun í þessu skyni. Æskilegt er að bæta hér við fjárþörf og fjáröflun til íbúðarhúsabygginga.

Fjárlög voru afgreidd skömmu fyrir jól. Þau voru raunverulega afgreidd með mjög verulegum tekjuhalla, en ríkisstjórninni heimilað að lækka tiltekin opinber gjöld um allt að 15%. Auðvitað er fráleitt, að ríkisstjórn skuli leggja til við Alþingi, að það samþykki útgjöld á fjárlögum, sem ríkisstjórnin jafnframt segir um, að hljóti að lækka, af því að þau séu ákveðin of há, en ekki vegna hins, að hætta sé á því, að tekjur bresti eða aðstæður breytist. Vegna þessarar einstæðu fjárlagaafgreiðslu ákvað Alþýðuflokkurinn að greiða atkvæði gegn fjárlagafrumvarpinu.

Nú eru liðnir þrír mánuðir síðan þetta gerðist. Í fjárhags- og viðskiptanefnd hefur verið upplýst, að ríkisstjórnin er ekki enn búin að taka ákvörðun um, að hversu miklu leyti heimild til lækkunar á fjárlagaútgjöldum verður notuð, né heldur, hvaða liðir verði lækkaðir. Þá var það fyrst fyrir nokkrum dögum, að ríkisstjórnin afhenti fjárhags- og viðskiptanefnd tillögur um breytingar á framkvæmdaáætluninni, sem Alþingi var skýrt frá í desember s. l. Er þar um að ræða heildarhækkun á framkvæmdaáætluninni og þar með fjáröflun til hennar, sem nemur 250 millj. kr. Ríkisstjórnin hefur knúið mjög fast á um það, að nefndin afgreiddi frv. með um-

beðnum breytingum, án þess að hún hafi getað skýrt frá því, hvernig hún hyggst breyta fjárlagafrumvarpinu. Alþingi er m. ö. o. ætlað að veita heimildir til fjáröflunar til framkvæmda utan fjárlaga, án þess að því sé skýrt frá því, hverjar verði framkvæmdir samkvæmt fjárlögum. Þetta hefur ekki komið fyrir áður. Slíkt eru auðvitað óverjandi vinnubrögð og eitt af mörgum dæmum, sem fer sífjölgandi, um það, að stjórnarflokkarnir geta ekki komið sér saman um nein grundvallaratriði stefnunnar í efnahagsmálum.

Hitt er þó enn alvarlegra, að þegar spurzt var fyrir um það í fjárhags- og viðskiptanefnd, hverjar væru útlánafyrirætlanir fjárfestingarsjóðanna og hver fjáröflun til þeirra væri fyrirhuguð, þá fengust engin svör. Engar áætlanir eru fullgerðar um það, hversu mikið fé opinberir fjárfestingarsjóðir muni hafa til ráðstöfunar á árinu 1973, og þess vegna eru heldur engar áætlanir til um ráðstöfun slíks fjár eða m. ö. o. um útlán sjóðanna.

Í skýrslu Efnahagsmálanefndar til ríkisstjórnarinnar um horfur, markmið og leiðir í efnahagsmálum, sem samin var í nóvember 1972 og afhent var alþm. síðar, er rætt um fjáröflun til opinberra framkvæmda og fjárfestingarlánasjóða. Í þeim frumdrögum að framkvæmdaáætlun ríkisins, sem miðað var við í fyrra hefti skýrslunnar, var fjáröflunarþörf til opinberra framkvæmda utan fjárlaga 1324 millj. kr. og skuldagreiðslur á framkvæmdaáætlun 115 millj. kr., þannig að fjáröflunarþörf opinberra framkvæmda utan fjárlaga var áætluð 1440 millj. kr. Við þessa tölu var síðan bætt framkvæmdaáformum Landsvirkjunar við Sigöldu, sem metin voru á 480 millj. kr. á þessu ári, og hraðbrautaframkvæmdum samkvæmt vegáætlun, 90 millj. kr., en báðum þessum framkvæmdum voru talin tengd sérstök fjáröflunaráform erlendis, sem næmi allri framkvæmdafjárhæðinni.

Þá var getið um lántöku Pósts og síma erlendis vegna tækjakaupa, um 90 millj. kr., og lántöku Akureyrarkaupstaðar vegna framkvæmda, um 40 millj. kr. Við þessa tölu var síðan bætt fjárvöntun frá árinu 1972, um 20 millj. kr., og heildarfjáröflunarþörf til opinberra framkvæmda metin 2 160 millj. kr. Eru þá aðrar sveitarfélagaframkvæmdir en ofangreindar 40 millj. til Akureyrar ekki taldar með. Útlánaáform Lánasjóðs sveitarfélaga koma fram í sambandi við fjárþörf sjóðakerfisins, sem síðar verður vikið að. Fjárvöntun fjárfestingarlánasjóðanna, að slepptum íbúðalánasjóðum og lífeyrissjóðum, annarra en Framkvæmdasjóðs sjálfs, var áætluð 2110 millj. kr. vegna útlánaáforma á þessu ári. Við þessa tölu bættist svo fjárvöntun frá fyrri árum, 430 millj. kr. Heildarfjárþörf fjárfestingarlánasjóðakerfisins, áður en tekið var tillit til ráðstöfunarfjár Framkvæmdasjóðs, var því talin nema 2540 millj. kr. á þessu ári.

Að sjálfsögðu var hér ekki um „fjárvöntun" að ræða í þeim skilningi, að afla þyrfti algerlega „nýs fjár" sem þessu næmi, þar eð um er að ræða reglubundna fjáröflun og þegar ráðgerðar lántökur í þessu skyni. Þau fjáröflunaráform, sem vitað var um, námu 1580 millj. kr. Þar af námu erlendar lántökur 780 millj. kr. og endurgreiðslur, eigið fé og innlend lán 800 millj. kr. En heildarfjáröflunarvandinn, sem talinn var blasa við í nóvembermánuði s. l., nam þannig 3120 millj. kr. (fjáröflunarþörf vegna opinberra framkvæmdaáforma 2 160 millj. + fjáröflunarþörf vegna útlánaáforma fjárfestingarlánasjóða 2540 millj. ÷ þegar þekkt fjáröflunaráform 1580 millj.). Þannig var í nóvember s. l. talið skorta rúmlega 3000 millj. kr. á, að hægt væri að hrinda í framkvæmd fyrirhuguðum framkvæmdum hins opinbera og fyrirhuguðum útlánum fjárfestingarsjóða, nema til kæmu nýjar fjáröflunaraðferðir umfram þær, sem þegar voru ráðgerðar og þekktar, eða niðurskurður á framkvæmdum á fjárlögum og utan fjárlaga.

Í öllum meginatriðum allra þriggja valkosta Efnahagsmálanefndarinnar var bent á nauðsyn þess að lækka áform um opinberar framkvæmdir og útlánaáform fjárfestingarlánasjóða miðað við fyrrnefndar áætlanir. Taldi nefndin lækkunarþörfina vera á bilinu 700—1700 millj. kr. Áætlanirnar voru endurskoðaðar, bæði í samræmi við lækkun útgjaldaáforma samkvæmt mati Framkvæmdastofnunar og með

tilliti til ákvarðana, sem teknar voru um fjármögnun hallans, sem varð á áætlun ársins 1972. Með þessu móti tókst að lækka áætlanir um opinberar framkvæmdir og útlán fjárfestingarlánasjóða um 800 millj. kr. Þegar reiknað hafði verið með sölu spariskírteina, happdrættisbréfa og annarri venjubundinni innlendri og erlendri fjáröflun, stóð enn eftir fjárvöntunarvandamál, sem nam 1741 millj. kr. Þar af voru 416 millj. kr. vegna opinberra framkvæmda, en um 1325 millj. kr. vegna fjárfestingarlánasjóðanna.

Þessi fjáröflunarvandi, sem gerð var grein fyrir í skýrslu Efnahagsmálanefndarinnar, er óleystur enn, og eru þó nær fjórir mánuðir síðan ríkisstjórninni var gerð grein fyrir honum.

Þingflokkur Alþýðuflokksins sér ekki ástæðu til þess að taka afstöðu til þessa frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka lán vegna framkvæmdaáætlunar fyrir 1973, fyrst ríkisstjórnin hefur ekki enn treyst sér til að taka ákvörðun um það, hvaða opinberum framkvæmdum á fjárlögum skuli frestað. Hún hefur ekki heldur getað náð neinu samkomulagi um, hvernig afla skuli fjár til fjárfestingarlánasjóðanna, og getur því ekki skýrt Alþingi frá því, hversu útlán þeirra muni verða mikil á þessu ári. Það er í raun og veru óframbærilegt, að ætlast til þess, að Alþingi veiti ríkisstjórninni heimildir til lántöku til framkvæmda utan fjárlaga, án þess að hægt sé að gera því grein fyrir, hverjar framkvæmdir muni verða samkvæmt fjárlögum, hversu útlán opinberra fjárfestingarlánasjóða muni verða mikil og hver skuli vera fjáröflun til þeirra.

Öll þessi atriði þurfa að tengjast í heildaryfirsýn yfir fjárfestingarmálin og fjármagnsmarkaðinn. Meta þarf svigrúmið til lántöku innanlands og utan. Alþingi hefur ekki verið gerð nægileg grein fyrir þessum atriðum, til þess að slíkri yfirsýn megi ná. Í stuttu máli sagt: Heildarstefnu í fjárfestingarmálum skortir.

Af þessum sökum mun þingflokkur Alþýðuflokksins ekki greiða atkvæði um þetta frumvarp.

Alþingi, 29. marz 1973.

Gylfi Þ. Gíslason.

Nd. 469. Lög [197. mál]

um breyting á lögum nr. 1 11. febrúar 1970, um tollskrá o. fl.

(Afgreidd frá Nd. 29. marz.)

Samhljóða þskj. 374.

Nd. 470. Frumvarp til laga [219. mál]

um breyting á lögum nr. 8 22. marz 1972 um tekjustofna sveitarfélaga.

(Lagt fyrir Alþingi á 93. löggjafarþingi, 1972—1973.)

1. gr.

Í stað: „ársfjórðungslega“ í a-lið 9. gr. komi: „mánaðarlega“.

2. gr.

Á eftir 1. mgr. 14. gr. komi ný mgr. svo hljóðandi, en 2. mgr. verði 3. mgr.:

Nú eru ekki gerð skil á ársreikningum sveitarfélags sbr. 60. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 58 29. marz 1961 og greiðist því sveitarfélagi þá ekki framlag samkv. 1. mgr. fyrr en skil hafa verið gerð.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með lögum nr. 69 28. apríl 1962 um tekjustofna sveitarfélaga var ákveðið, að 1/5 hluti söluskatts, sem innheimtur var í ríkissjóð, skyldi renna í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga. Söluskattur var þá innheimtur ársfjórðungslega. Í samræmi við það var svo ákveðið í tekjustofnalögum sveitarfélaganna, að framlag ríkissjóðs til Jöfnunarsjóðs skyldi greiðast ársfjórðungslega eftir á.

Nú hefur ákvæðum um greiðslu söluskatts verið breytt þannig, að hann er innheimtur mánaðarlega. Í samræmi við það er eðlilegt, að framlag ríkissjóðs til Jöfnunarsjóðs verði einnig greitt mánaðarlega. Í 1. gr. þessa frumvarps er lagt til, að svo verði gert.

Samkvæmt 59. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 58/1961 skal ársreikningum sveitarfélaga skilað til Hagstofu Íslands fyrir 31. júlí ár hvert. Ef misbrestur verður á þessu skal félagsmálaráðuneytið leggja fyrir hlutaðeigandi sveitarstjórnir að afhenda reikningana fyrir tiltekinn dag, sem ráðuneytið ákveður. Þrátt fyrir þessi ákvæði eru jafnan nokkur sveitarfélög, sem ekki gera skil á ársreikningum sínum til Hagstofu Íslands eins og lög gera ráð fyrir. Þetta veldur Hagstofunni miklum erfiðleikum í sambandi við útgáfu hagskýrslna með sveitarsjóðsreikningum. Þar að auki torveldar þetta stjórnun þeirra sveitarfélaga, sem ekki ljúka ársuppgjöri sínu, svo sem lög mæla fyrir. Það er því nauðsyn ákvæða um skilafresti ársreikninga, sem reynast myndu betur en gildandi lagaákvæði.

Í 2. gr. frumvarpsins er því lagt til, að felld verði niður greiðsla á framlagi Jöfnunarsjóðs til þeirra sveitarfélaga, sem vanrækt hafa skil á ársreikningum innan þess frests, sem ráðuneytið setur þeim samkvæmt 60. gr. sveitarstjórnarlaganna. Í frumvarpsgreininni er að sjálfsögðu gert ráð fyrir því, að framlag Jöfnunarsjóðs verði innt af hendi þegar hlutaðeigandi sveitarfélag hefur gert skil á ársreikningum.

Nd. 471. Frumvarp til laga [220. mál]

um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

(Lagt fyrir Alþingi á 93. löggjafarþingi, 1972—1973.)

I. KAFLI

1. gr.

Lög þessi taka til allra starfsmanna, sem skipaðir eru, settir eða ráðnir í þjónustu ríkisins, ríkisstofnana eða atvinnufyrirtækja ríkisins með föstum tíma-, viku- eða mánaðarlaunum, enda verði starf þeirra talið aðalstarf.

Ákvæði laganna taka þó ekki til:

1. Ráðherra, hæstaréttardómara né saksóknara ríkisins.
2. Starfsmanna Alþingis.
3. Starfsmanna ríkisbanka né lánastofnana ríkisins.
4. Iðnaðarmanna, sjómannna, verkafólks né starfsfólks í iðjuverum, en um kaup þeirra og kjör fer eftir kjarasamningum stéttarfélaga þeirra og vinnuveitenda, sbr. lög nr. 80/1938.

Ráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd þessarar greinar.

2. gr.

Fjármálaráðherra fer með fyrirsvar ríkissjóðs, að því er varðar kjarasamninga og aðrar ákvarðanir af hendi ríkisvalds samkvæmt lögum þessum. Hann getur skipað nefnd þriggja til fimm manna til að annast samninga af sinni hendi.

3. gr.

Heildarsamtök starfsmanna ríkisins, sem fjármálaráðherra hefur veitt viðurkenningu, fara með fyrirsvar ríkisstarfsmanna um gerð aðalkjarasamninga og aðrar ákvarðanir í því sambandi.

Heildarsamtök þessi skulu velja sér samninganefnd, sem fer með umboð þeirra til samningagerðar. Samtökin skulu tilkynna fjármálaráðherra formann og varaformann samninganefnda, eigi síðar en við uppsögn samninga, sbr. 2. mgr. 8. gr.

Stjórnir einstakra félaga innan viðurkenndra heildarsamtaka eða til þess kjörnar nefndir, fara með fyrirsvar þeirra, að því er varðar þann þátt samninga, sem um ræðir í 6. gr. Stjórnir viðurkenndra heildasamtaka skulu tilkynna fjármálaráðherra eigi síðar en við uppsögn kjarasamnings, hvaða félög hafi á hendi þennan samningsrétt.

Þrátt fyrir ákvæði 1., 2. og 3. mgr. er fjármálaráðherra heimilt að veita Læknafélagi Íslands, að beiðni hlutaðeigandi heildarsamtaka, rétt til að fara með kjarasamninga fyrir þá félagsmenn sína, sem ráðnir eru með skemmri uppsagnarfresti en þriggja mánaða. Tekur þetta bæði til aðalkjarasamninga og sérkjarasamninga.

Ríkisstarfsmaður, sem lög þessi taka til, sbr. 1. gr., á rétt til að vera félagsmaður viðurkenndra samtaka, sbr. 1. mgr. eða félags innan vébanda þeirra, eftir nánari reglum í samþykktum samtakanna. Ríkisstarfsmaður má eigi vera félagi eða aðili að félagi, innan nema eins hinna viðurkenndu heildarsamtaka.

Ríkisstarfsmaður, sem eigi er innan vébanda heildarsamtaka þeirra, sem viðurkenningu hafa hlotið, sbr. 1. mgr., skal greiða til þeirra heildarsamtaka og aðildarfélags sbr. 3. mgr., sem hann ætti að tilheyra, gjald sem er jafnt og það, er mönnun í sambærilegri stöðu, er gert að greiða séu þeir innan heildarsamtaka.

II. KAFLI

4. gr.

Launakjör ríkisstarfsmanna, sbr. 1. gr., skulu ákveðin með kjarasamningum aðila þeirra, sem um ræðir í 2. og 3. gr.

Launakjör ríkisstarfsmanna, sem eigi eru innan vébanda heildarsamtaka þeirra, sem viðurkenningu hafa hlotið, sbr. 1. mgr., 3. gr., skulu ákveðin af fjármálaráðherra án samninga. Slíkar ákvarðanir skulu tilkynntar stjórnum viðurkenndra heildarsamtaka.

Launakjör hæstaréttardómara, ráðherra og saksóknara ríkisins skulu ákveðin af Kjaradómi.

5. gr.

Í aðalkjarasamningi, sbr. 1. og 2. mgr. 3. gr., skal kveðið á um fjölda launaflokka, meginreglur til viðmiðunar um skipan í launaflokka, föst laun, vinnutíma, laun fyrir yfirvinnu og orlof. Þá skal þar kveða á um greiðslu ferðakostnaðar.

Aðalkjarasamningur tekur ekki til lífeyrisréttinda, launa í veikindaforföllum, aukatekna og annarra hlunninda, sem líkt er farið.

6. gr.

Einstök félög, sbr. 3. mgr. 3. gr., skulu semja um skipan starfsheita og manna í launaflokka, sérákvæði um vinnutíma, ef um sérstakar aðstæður er að ræða, fæðisaðstöðu og fæðiskostnað, svo og önnur kjaraatriði, sem aðalkjarasamningur tekur ekki til og eigi eru lögbundin.

7. gr.

Kjarasamningar sklulu vera skriflegir. Aðalkjarasamningur skal gerður til eigi skemmri tíma en tveggja ára og koma til framkvæmda 1. júlí næsta á eftir gerð hans.

Nú verða almennar og verulegar kaupbreytingar á samningstímabili og má þá krefjast endurskoðunar aðalkjarasamnings án uppsagnar. Sá aðili, sem endurskoðunar

krefst, skal senda gagnaðila sínum, sáttasemjara ríkisins og Kjaradómi skriflega kröfugerð. Náist ekki samkomulag innan mánaðar frá kröfugerð, skal sáttasemjari ríkisins sjálfkrafa taka deiluna til meðferðar og reyna sættir. Hafi deila eigi verið leyst innan hálfs mánaðar frá kröfugerð, tekur Kjaradómur við málinu til úrskurðar. Kjaradómur skal hafa lagt dóm á ágreiningsefnið innan mánaðar frá því, að hann tók við meðferð málsins. Að öðru leyti skulu ákvæði III. og IV. kafla laga þessara gilda um meðferð þessara mála. Þó skal samningur eða dómur Kjaradóms gilda frá þeim tíma, sem um semst, eða Kjaradómur ákveður.

8. gr.

Uppsagnarfrestur kjarasamnings af hendi beggja aðilja skal eigi vera skemmri en 4 mánuðir miðað við áramót. Uppsögn aðalkjarasamnings felur í sér uppsögn sérsamninga samkvæmt 6. gr.

Uppsögn skal vera skrifleg og send í ábyrgðarbréfi eða kynnt viðtakanda á annan sannanlegan hátt.

9. gr.

Kjarasamningur framlengist um eitt ár í senn, m. a. með óbreyttum uppsagnarfresti, hafi honum eigi verið sagt upp réttilega.

10. gr.

Aðili, er segir upp kjarasamningi, skal samtímis uppsögn senda gagnaðilja sínum kröfugerð og megintillögur um nýjan aðalkjarasamning og skulu samningsviðræður þá þegar upp teknar.

Þegar liðinn er mánuður frá upphafi uppsagnarfrests skal aðili, er sagt hefur upp samningum, senda gagnaðilja sínum megintillögur sínar og kröfugerð um sérsamninga sbr. 6. gr.

11. gr.

Endurrit af uppsögn aðalkjarasamnings svo og tillögur og kröfugerð um nýja samninga skal senda sáttasemjara ríkisins í vinnudeilum og Kjaradómi samtímis og gögn þessi eru send gagn aðilja.

III. KAFLI

12. gr.

Aðili aðalkjarasamnings getur, er slitnað hefur upp úr samningsumleitunum, vísað kjaradeilu til meðferðar sáttasemjara ríkisins í vinnudeilum.

Þegar mánuður uppsagnarfrests er liðinn, skal sáttasemjari ríkisins sjálfkrafa taka kjaradeilu til meðferðar og reyna sættir, hafi deilu eigi verið vísað til hans eða samningur komizt á fyrir þann tíma. Sáttasemjari getur þó frestað aðgerðum allt að viku, ef sérstaklega stendur á.

Ráðherra er heimilt, að fengnum tillögum sáttasemjara ríkisins eða aðilja, að skipa til sáttastarfs sérstakan sáttasemjara eða sáttanefnd, er hafi réttindi og skyldur ríkissáttasemjara samkvæmt lögum þessum.

13. gr.

Sáttasemjari ríkisins getur lagt fram miðlunartillögu í kjaradeilu.

Leynileg atkvæðagreiðsla starfandi ríkisstarfsmanna, er í hlut eiga, fer fram um miðlunartillögu undir yfirstjórn og eftirliti sáttasemjara. Það fer eftir ákvæðum laga um stéttarfélög og vinnudeilur nr. 80/1938, hvort tillaga telst samþykkt eða felld.

Fjármálaráðherra greiðir fyrir hönd ríkissjóðs atkvæði um miðlunartillögu. Skal hann greiða atkvæði sitt leynilega, áður en allsherjaratkvæðagreiðslu samkvæmt 2. málsgr. lýkur.

Ákvæði laga nr. 80/1938 gilda að öðru leyti, eftir því sem við á, um sáttastarf samkvæmt lögum þessum.

14. gr.

Nú er deila um aðalkjarasamninga eigi til lykta leidd, að liðnum tveimur mánuðum uppsagnarfrests og tekur Kjaradómur þá við máli. Aðiljar skulu þá þegar senda Kjaradómi greinargerðir um málið, enda er þá sáttameðferð þess á vegum sáttasemjara lokið.

Aðiljar geta fyrr á stigi máls en í 1. málsgr. segir, vísað kjaradeilu til Kjaradóms, ef þeir eru um það sammála.

Eftir að sáttasemjari hefur fengið mál til meðferðar, getur hann og vísað máli til Kjaradóms án atbeina aðilja, þegar hann telur sýnt, að frekari sáttaumleitanir verði árangurslausar.

IV. KAFLI

15. gr.

Kjaradómur skal skipaður fimm dómendum og jafnmörgum varadómendum.

Hæstiréttur skipar þrjá dómendur. Skal einn þeirra vera lögræðingur og formaður dómsins.

Fjármálaráðherra skipar einn dómanda.

Heildarsamtök þau, er viðurkenningu hafa hlotið, sbr. 1. mgr. 3. gr., skulu nefna einn dómanda hvert. Dómandi tekur sæti í dóminum, þegar fjallað er um mál, sem þau heildarsamtök, er nefndu hann, eru aðiljar að.

Sömu aðiljar skipa varadómendur.

Dómendur skulu skipaðir til fjögurra ára í senn.

Kjaradómur setur sér sjálfur starfsreglur, þar á meðal hvernig hann skuli skipaður, þegar teknar eru ákvarðanir þær, er greinir í 2. mgr. 4. gr.

16. gr.

Kjaradómur tekur kjaradeilu til meðferðar samkvæmt 14. gr. og skal hafa lagt dóm á ágreiningsefni fyrir lok uppsagnarfrests.

17. gr.

Þegar aðalkjarasamningur hefur verið gerður eða Kjaradómur hefur lokið dómi á kjaradeilu um aðalkjarasamning, skulu stjórnir einstakra félaga, sbr. 3. mgr. 3. gr., hefja samninga um skipan starfsheita í launaflokka, sérákvæði um vinnutíma, ef um sérstakar ástæður er að ræða, fæðisaðstöðu og fæðiskostnað, svo og önnur þau kjaraatriði, sem aðalkjarasamningur tekur eigi til og eigi eru lögbundin, sbr. þó 25. gr.

Aðiljar geta vísað þessari kjaradeilu til meðferðar sáttasemjara ríkisins til sáttaumleitana. Afskiptum sáttasemjara lýkur þegar deilu er vísað til Kjaradóms, samkvæmt 3. mgr.

Þeim atriðum, sem eigi hefur verið samið um fyrir 1. maí næst á eftir gerð aðalkjarasamnings eða dómi Kjaradóms um aðalkjarasamning, skal skotið til Kjaradóms, er skera skal til fullnaðar úr ágreiningi aðilja innan tveggja mánaða.

Sérsamningar eða úrskurðir Kjaradóms samkvæmt þessari grein skulu koma til framkvæmda um leið og aðalkjarasamningur eða dómur Kjaradóms, sbr. 1. mgr. 7. gr. og 2. mgr. 22. gr.

18. gr.

Aðiljar skulu legja ágreiningsefni skilmerkilega fyrir Kjaradóm. Þeir skulu tjá sig rækilega um kjaraatriði, lýsa því, sem þeir eru sammála um, og setja fram sjónarmið sín ásamt rökstuðningi og rækilegri málsreifun.

19. gr.

Kjaradómur aflar sér af sjálfsdáðum nauðsynlegra gagna og upplýsinga, og er honum rétt að krefjast skýrslna munnlegra og skriflegra af einstökum mönnum og embættismönnum.

20. gr.

Kjaradómur getur kvatt sérfróða menn til starfa í þágu dómsins og ráðuneytis um úrlausn mála.

21. gr.

Kjaradómur skal við úrlausnir sínar m. a. hafa hliðsjón af:

1. Kjörum launþega, er vinna við sambærileg störf hjá öðrum en ríkinu.
2. Kröfum, sem gerðar eru til menntunar, ábyrgðar og sérhæfni starfsmanna.
3. Afkomuhorfum þjóðarbúsins.

22. gr.

Dómur Kjaradóms er fullnaðar úrlausn kjaradeilu.

Dómur Kjaradóms kemur til framkvæmda 1. júlí næst á eftir uppkvaðningu hans og gildir í tvö ár frá þeim tíma.

Dómur bindur aðilja á sama hátt sem samningur þeirra, og gilda um uppsögn kjaraákvæða hans og framlengingu ákvæði laga þessar um kjarasamninga, sbr. II. kafla.

23. gr.

Stjórn viðurkenndra heildarsamtaka tekur ákvörðun um uppsögn kjarasamninga. Nú kemur fram ósk innan stjórnar heildarsamtakanna um, að um þá ákvörðun fari fram allsherjaratkvæðagreiðsla, og skal þá slík atkvæðagreiðsla fram fara meðal ríkisstarfsmanna innan þeirra heildarsamtaka, er hlut eiga, til samþykktar eða synjunar.

VI. KAFLI

24. gr.

Kjaranefnd skal skipuð fimm mönnum.

Hæstiréttur skipar þrjá nefndarmenn. Skal einn þeirra vera lögfræðingur og formaður nefndarinnar.

Fjármálaráðherra skipar einn nefndarmanna.

Heildarsamtök þau, sem viðurkenningu hafa hlotið, skulu nefna einn nefndarmann hvert. Nefndarmaður tekur sæti í nefndinni, þegar fjallað er um mál manna, sem eru félagar í þeim samtökum, er nefndu hann.

Sömu aðiljar skulu skipa varamenn í Kjaranefnd.

Nefndarmenn skulu skipaðir til fjögurra ára í senn.

25. gr.

Kjaranefnd sker til fullnaðar úr ágreiningi samningsaðilja um

1. Skipan einstakra manna í launaflokka kjarasamnings.
2. Hver aukastörf sé rétt að telja til aðalstarfs og hver beri að launa sérstaklega.
3. Vinnutíma, yfirvinnu og yfirvinnukaup einstakra starfsmanna eða starfshópa.
4. Ágreining um fæðisaðstöðu og fæðiskostnað einstakra starfsmanna eða starfshópa.

Einstök félög fara með fyrirsvar starfsmanna fyrir Kjaranefnd, sbr. 3. mgr. 3. gr. og 6. gr.

VII. KAFLI

26. gr.

Félagsdómur dæmir í málum, sem rísa milli samningsaðilja út af brotum á lögum þessum, ágreining um skilning á kjarasamningi og gildi hans og um félagsréttindi ríkisstarfsmanna, sbr. 5. mgr. 3. gr.

Þegar félagsdómur fer með slík mál, nefna heildarsamtök þau, sem viðurkenningu hafa hlotið, og eru aðiljar máls, svo og fjármálaráðherra, dómendur til setu

í dómnum í stað þeirra dómenda, er nefndir hafa verið af Alþýðusambandi Íslands og Vinnuveitendasambandi Íslands.

Heildarsamtök, er viðurkenningu hafa hlotið, reka mál fyrir Félagsdómi vegna sjálfs sín, félaga innan vébanda sinna svo og starfsmanna er í hlut eiga. Að öðru leyti gilda ákvæði 45. gr. laga nr. 80/1938 um sóknaraðild máls fyrir Félagsdómi.

VIII. KAFLI

27. gr.

Ríkisstarfsmenn einir skulu velja menn í samninganefndir og í þeim mega ríkisstarfsmenn einir eiga sæti. Sama gildir þegar stjórnir félaga fara með samninga, og aðrar þær ákvarðanir eru teknar, er varða kjör ríkisstarfsmanna.

Enginn ríkisstarfsmaður má taka þátt í atkvæðagreiðslu eða ákvörðun um kjaramál í nema einu félagi innan heildarsamtaka sinna.

28. gr.

Ákvæði í ráðningarsamningi er ógilt, ef það brýtur í bága við kjarasamning starfsmanni í óhag.

29. gr.

Nú er sett á fót ný ríkisstofnun, og skal þá ákveða kjör starfsmanna hennar með samkomulagi milli fjármálaráðherra og þeirra aðildarfélaga viðurkenndra heildarsamtaka, sem í hlut eiga.

Náist ekki samkomulag milli þessara aðilja skal Kjaranefnd skera úr deilunni.

Sama gildir ef stofnaðar eru nýjar stöður við stofnanir ríkisins.

30. gr.

Heildarsamtök þau, er viðurkenningu hafa hlotið, og fjármálaráðherra, skulu hver um sig nefna einn mann í samstarfsnefnd. Hlutverk nefndarinnar skal vera að stuðla að samræmdri framkvæmd laga þessara.

31. gr.

Kostnaður við Kjaradóm og Kjaranefnd, þar á meðal laun dómenda og nefndarmanna eftir ákvörðun ráðherra, greiðist úr ríkissjóði.

32. gr.

Starfsmenn borgar-, bæjar- og sveitarstjórna, svo og sýslufélaga hafa samningsrétt samkvæmt ákvæðum laga þessara að því breyttu, að einstök félög starfsmanna, sem hlutaðeigandi sveitarstjórnir eða sýslunefndir viðurkenna, fara með allan samningsrétt. Skal nánar kveðið á um þetta í reglugerð, er félagsmálaráðherra skal setja að höfðu samráði við stjórnir heildarsamtaka þeirra, er viðurkenningu hafa hlotið, sbr. 1. mgr. 3. gr. Í reglugerð þessari má kveða á um aðra fresti en ákveðnir eru í lögum þessum.

33. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 55, 28. apríl 1962 um kjarasamning opinberra starfsmanna, svo og lög nr. 97 20. des. 1962 og lög nr 65, 28. maí 1969 um breyting á þeim lögum.

Ákvæði til bráðabirgða.

I. Við gerð fyrstu kjarasamninga eftir gildistöku laga þessara er nægilegt, að tillögur og kröfugerð varðandi sérsamninga, sbr. 2. mgr. 10. gr. berist 10 dögum eftir undirritun aðalkjarasamninga eða uppkvaðningu dóms Kjaradóms um kjaradeilu.

II. Sá kjarasamningur, sem fyrst er gerður eftir gildistöku laga þessara, skal gilda frá 1. janúar næst á eftir, að því er varðar föst laun og vinnutíma og yfirvinnukaup, en frá 1. júlí næst á eftir, að því er varðar önnur kjaraatriði.
III. Starfstíma Kjaradóms þess, sem skipaður var samkvæmt 15. gr. laga nr. 55/1962 og nú situr, lýkur 1. október 1973. Fyrir þann tíma skal skipa menn í Kjaradóm samkvæmt 15. gr. þessara laga og hefst starfstími þeirra 1. okt. 1973.
IV. Starfstíma Kjaranefndar þeirrar, sem skipuð var samkvæmt 23. gr. laga nr. 55/1962 lýkur 31. desember 1973. Fyrir þann tíma skal skipa menn í Kjaranefnd samkvæmt 24. gr. þessara laga.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið af nefnd, er fjármálaráðherra skipaði 7. marz 1972 til að „endurskoða gildandi lög nr. 38/1954 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins með síðari breytingum, lög nr. 55/1962 um kjarasamninga opinberra starfsmanna, með síðari breytingum, svo og lög nr. 33/1915 um verkfall opinberra starfsmanna."

Í nefndinni áttu sæti: Benedikt Sigurjónsson hæstaréttardómari, formaður, Arnmundur Bachmann lögfræðingur, Björgvin Vilmundarson bankastjórn, dr. Gunnar Thoroddsen prófessor, Ingólfur A. Þorkelsson kennari, Vilhjálmur Hjálmarsson alþingismaður, Kristján Thorlacius, deildarstjóri nefndur af Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, Albert Kristinsson deildarstjóri, nefndur af Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, dr. Ragnar Ingimarsson dósent, nefndur af Bandalagi háskólamanna. Þá voru skipaðir sem varamenn Ingi Kristinsson skólastjóri, nefndur af Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja og Þór Vilhjálmsson prófessor, nefndur af Bandalagi háskólamanna. Varamenn þessir hafa tekið þátt í störfum nefndarinnar. Dr. Ragnar Ingimarsson hætti störfum í nefndinni, en í hans stað var skipaður Hrafn Bragason borgardómari, nefndur af Bandalagi háskólamanna.

Í greinargerð nefndarinnar segir m. a.:

„Nefndin hóf þegar störf og hefur haldið marga fundi. Kom í ljós, að skoðanir manna voru mjög skiptar um hvernig skyldi haga heildarlausn þessara mála. Gildandi kjarasamningar renna út 31. desember 1973. Er kom fram á árið 1973 varð ljóst, að útilokað var að ljúka þeirri heildarendurskoðun sem fyrirhuguð var það snemma, að nýjum reglum yrði beitt um samninga þá, sem taka eiga gildi 1. janúar 1974. Var því horfið að því ráði að taka fyrir einn þátt málsins til bráðabirgða, lögin um kjarasamninga opinberra starfsmanna, í því trausti, að breytingar á þeim lögum fengjust samþykktar á því þingi, er nú situr, og unnt yrði að beita hinum nýju reglum við samningagerð þá, sem hefjast skal á þessu ári.

Allir nefndarmenn eru samþykkir meginstefnu frumvarpsins, en samkomulag náðist þó ekki um tvær greinar, 3. og 4. gr.

Meginbreytingar frá gildandi lögum, sem allir nefndarmenn styðja eru þessar:

1. Lagt er til, að lögin taki einnig til þeirra opinberra starfsmanna, sem ráðnir eru með skemmri en þriggja mánaða uppsagnarfresti.
2. Að heildarsamtök opinberra starfsmanna, sem hlotið hafa viðurkenningu fjármálaráðherra hafi samningsaðild og geri aðalkjarasamning.
3. Einstök aðildarfélög semji um skipan manna og starfsheita í launaflokka og nokkur önnur atriði."

Fjármálaráðherra hefur valið, að fara þær leiðir í 3. og 4. gr., sem fram koma í frumvarpinu þar sem vænta má, að þær geti orðið samkomulag.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Samkvæmt gildandi lögum um kjarasamninga opinberra starfsmanna taka þau lög til opinberra starfsmanna, sem njóta fastra launa, hafa minnst þriggja mánaða uppsagnarfrest, enda verði hið opinbera starf þeirra talið aðalstarf.

Lagt er til, að svið laganna verði rýmkað þannig, að þau taki til allra opinberra starfsmanna með föstum launum, enda verði starf þeirra talið aðalstarf, en uppsagnarfrestur skuli ekki skipta máli. Í framkvæmd mundi þetta þýða það, að reglur laganna tækju til allra opinberra starfsmanna, sem nytu fastra launa og starf þeirra yrði talið aðalstarf, þar á meðal þeirra hópa starfsmanna, sem í daglegu tali eru nefndir lausráðnir.

Um 2. gr.

Grein þessi er samhljóða 2. gr. laga nr. 66/1962.

Um 3. gr.

Samkvæmt 3. gr. laga nr. 55/1962 fer BSRB með fyrirsvar af hendi allra ríkisstarfsmanna, án tillits til þess, hvort starfsmennirnir eru innan vébanda BSRB eða ekki.

Hér er lagt til, að samningsaðild verði skipt, þannig að heildarsamtök starfsmanna fari með gerð aðalkjarasamninga, fyrir alla starfsmenn innan vébanda sinna en einstök starfsmannafélög með gerð sérsamninga. Ekki er ákveðið í lögunum, hvaða heildarsamtök skuli eiga hér aðild, en gert er ráð fyrir, að fjármálaráðherra veiti þeim heildarsamtökum, er hann telur rétt að semja við, sérstaka viðurkenningu. Flestir opinberir starfsmenn munu nú vera innan vébanda BSRB og BHM.

Þá er í 4. mgr. heimild til handa fjármálaráðherra, að veita Læknafélagi Íslands heimild til að semja sjálft fyrir þá félagsmenn sína, sem ráðnir eru með minna en þriggja mánaða uppsagnarfresti, enda óski hlutaðeigandi heildarsamtök þess. Er þetta að meginefni í samræmi við óskir BHM, sem BSRB mun geta sætt sig við. Meginhluti lækna í opinberri þjónustu í dag hafa eigi nema tveggja mánaða uppsagnarfrest og Læknafélag Íslands hefur samið fyrir þeirra hönd.

Í 6. mgr. er lagt til, að þeir, er standa utan viðurkenndra heildarsamtaka og aðildarfélaga þeirra, greiði einnig til samtaka ríkisstarfsmanna og standi þannig straum af kostnaði við gerð kjarasamninga.

Lagt er til, að Kjararáð verði lagt niður, en í þess stað verði kosnar samninganefndir.

Að öðru leyti virðist ekki ástæða til að reifa grein þessa.

Um 4. gr.

Alltaf má búast við, að nokkrir opinberir starfsmenn verði ekki innan vébanda hinna viðurkenndu heildarsamtaka. Er lagt til, að fjármálaráðherra ákveði laun slíkra manna einhliða, enda fara heildarsamtökin ekki með samningsumboð fyrir þá.

Um 5. gr.

Hér er tekið fram, hvað semja skuli um í aðalkjarasamningi. Þarfnast greinin ekki sérstakra skýringa.

Um 6. gr.

Einstökum félögum er falið, að semja um þau kjaraatriði, sem ekki eru ákveðin í aðalkjarasamningi og ekki eru lögbundin.

Um 7. gr.

Þar sem kjarasamningarnir skiptast nú í tvo þætti, geta þeir í heild ekki komið til framkvæmda, fyrr en um báða þætti hefur verið samið. Er því lagt til að kjarasamningar komi til framkvæmda 1. júlí næst á eftir gerð þeirra.

Að öðru leyti svarar greinin til ákvæða 7. gr. nr. 55/1962. Þó eru nú settir ákveðnir frestir til að leysa deilu um endurskoðun aðalkjarasamnings á samningstímabili.

Um 8. gr.

Greinin svarar til 8. gr. laga nr. 55/1962 eins og henni var breytt með lögum nr. 65/1969.

Um 9. gr.

Greinin er samhljóða 9. gr. laga nr. 55/1962.

Um 10. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 11. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 12. 13. og 14. gr.

Greinar þessar eru efnislega samhljóða 12., 13. og 14. gr. laga nr. 55/1962.

Um 15. gr.

Greinin samsvarar 15. gr. laga nr. 55/1962. Breyting er ein sú, að gera verður ráð fyrir, að fleiri en ein samtök fái samningsaðild, og nefni því menn í Kjaradóm.

Um 16. gr.

Lögð er sú skylda á Kjaradóm, að hafa úrskurðað deilu um kjarasamning fyrir lok uppsagnarfrests.

Um 17. gr.

Hér eru um ný ákvæði að ræða, sem leiða af því, að heildarsamtök gera aðeins aðalkjarasamninga en einstök félög starfsmanna sérkjarasamninga. Gert er ráð fyrir því, að samningar um sérkjarasamninga hefjist þegar eftir að aðalkjarasamningar hafa verið gerðir með samningi eða dómi, en það getur síðast orðið í árslok. Hafi þessir samningar eigi tekizt fyrir 1. maí skal vísa þeim deiluatriðum, sem ósamið er um fyrir Kjaradóm, sem skal hafa úrskurðað þau fyrir 1. júlí, en þá skulu bæði aðalkjarasamningar og sérkjarasamningar taka gildi.

Um 18. gr., 19. gr., 20. gr. og 21. gr.

Greinar þessar eru samhljóða 18.—21. gr. laga nr. 55/1962.

Um 22. gr.

Grein þessi þarfnast ekki skýringa.

Um 23. gr.

Samsvarar 22. gr. laga nr. 55/1962, eins og henni var breytt með lögum nr. 65/1969.

Um 24. gr.

Greinin samsvarar 23. gr. laga nr. 55/1967. Sú breyting er gerð, sem leiðir af því að heimilt er að veita fleirum en einum samtökum samningsaðild. Þá er sett ákvæði um skipunartíma Kjaranefndarmanna, í samræmi við það, sem ákveðið er um Kjaradóm.

Um 25. gr.

Svarar efnislega til 24. gr. laga nr. 55/1962.

Um 26. gr.

Svarar efnislega til 25. gr. laga nr. 55/1962 með þeirri breytingu, sem leiðir af því að heimilt er að veita fleirum en einum samtökum samningsaðild.

Um 27. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 28. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 29. gr.

Grein þessi svarar til 27. gr. laga nr. 55/1962 með nokkrum breytingum. Er lagt til, að kjör starfsmanna nýrra stofnana og starfsmanna í nýjum störfum verði ákveðin með samningum milli fjármálaráðherra og hlutaðeigandi félaga. Náist ekki samkomulag skal Kjaranefnd skera úr.

Um 30. gr.

Lagt er til, að stofnuð verði samstarfsnefnd launþega og fjármálaráðherra, er hafi það hlutverk á hendi, að vinna að samræmingu á framkvæmd laganna og reyna að leysa úr ágreiningi um þau efni.

Um 31. gr.

Greinin er samhljóða 26. gr. laga nr. 55/1962.

Um 32. gr.

Greinin svarar til 28. gr. laga nr. 55/1962. Í samræmi við framkvæmd á þessum málum, er lagt til, að allir starfsmenn þeir, er þar er um fjallað, fái samningsrétt í samræmi við ákvæði laganna.

Um 33. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða.

I. Þar sem veruleg breyting verður á vinnu við samningsgerð, er nauðsynlegt að gera ráð fyrir, að nokkrir erfiðleikar verði um kröfugerð og fleira við samninga þá, sem hefjast eiga nú í haust. Sérstaklega má vænta þess, að hin einstöku félög verði síðbúin með kröfur sínar og tillögur. Er því lagt til, að við samningsgerð nú í haust þurfi einstök félög ekki að koma fram með kröfur sínar fyrr en eftir að aðalkjarasamningur hefur verið gerður eða Kjaradómur skorið úr deilu um aðalkjarasamning.

II. Búast má við, að kjarasamningum þeim, er hefjast í haust, verði ekki lokið fyrr en í júnímánuði 1974. Þrátt fyrir það, er lagt til, að ákvæði hins endanlega kjarasamnings um föst laun, vinnutíma og yfirvinnulaun verði látin gilda frá 1. janúar 1974.

III. Þar sem gert er ráð fyrir verulegri breytingu á skipan Kjaradóms, sbr. 15. gr. þykir rétt að leysa núverandi Kjaradóm frá störfum og velja menn að nýju í dóminn. Þykir rétt, að hinir nýju dómendur hefji störf 1. október 1973, en þá getur svo farið að málum verði til þeirra vísað.

IV. Ákvæði þetta leiðir af því, að gert er ráð fyrir, að starfstími Kjaranefndarmanna verði ákveðinn og að þar verði breytt um skipan sbr. 24. gr.

Nd. 472. Nefndarálit [183. mál]

um frv. til l. um lögreglustjóra í Hafnarhreppi í Austur-Skaftafellssýslu.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og mælir með samþykkt þess. — Pétur Pétursson áskilur sér rétt til að flytja eða fylgja breytingartillögum. Bjarni Guðnason og Gísli Guðmundsson voru fjarstaddir afgreiðslu málsins.

Alþingi, 30. marz 1973.

Svava Jakobsdóttir, form. Ólafur G. Einarsson, frsm. Pétur Pétursson, með fyrirvara.
Stefán Valgeirsson. Ellert B. Schram.

Nd. 473. Nefndarálit [18. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 25 22. apríl 1967, um Landhelgisgæzlu Íslands.

Frá minni hl. allsherjarnefndar.

Eins og fram kemur á sérstöku þskj., leggur meiri hluti allsherjarnefndar til, að frv. verði vísað til ríkisstjórnarinnar. Undirritaðir nefndarmenn leggja hins vegar til, að frv. verði samþykkt með þeirri breytingu, sem getur á þskj. 474, þ. e. að ekki verði bundið í lögum, hvar byggja skuli yfir Landhelgisgæzluna.

Frv. þetta var rætt á nokkrum fundum nefndarinnar í nóv. og des. s. l. Nefndin fékk á sinn fund ráðuneytisstjórann í dómsmálaráðuneytinu og forstjóra Landhelgisgæzlunnar, og veittu þeir ýmsar upplýsingar.

Varaformaður nefndarinnar óskaði eftir því við forstjóra Landhelgisgæzlunnar, að hann veitti upplýsingar um, hver kostnaður yrði við smíði nýs varðskips. Upplýsti forstjórinn, að smíðakostnaður hliðstæðs skips og Ægis hefði verið talinn 1971 22 millj. danskar kr.

Meiri hluti nefndarinnar taldi þetta ekki nægilegar upplýsingar, auk þess sem ekki lægi fyrir, hver kostnaður yrði við að byggja upp aðstöðu fyrir Landhelgisgæzluna í landi. Varð því frv. þetta ekki afgreitt fyrir afgreiðslu fjárlaga 1973.

Af sömu ástæðu leggst meiri hl. nefndarinnar enn gegn samþykkt frv., auk þess sem hann telur, að séð hafi verið fyrir fjárþörfum Landhelgisgæzlunnar með heimild í fjárlögum til að taka lán allt að 100 milljónir króna.

Það er skoðun undirritaðra nefndarmanna, að ekki sé ástæða til að bíða eftir sundurliðuðum áætlunum um þennan kostnað, heldur beri þegar að fara að safna í sjóð, auk þess sem lán þurfa að endurgreiðast.

Með hliðsjón af þeim góðu undirtektum, sem frv. þetta fékk við umræður á hv. Alþingi 18. október s. l., treysta undirritaðir nefndarmenn því, að meiri hluti þingmanna sé meðmæltur frv.

Sérstök ástæða er til að benda á undirtektir hæstv. forsætisráðherra, en hann sagði við 1. umr. um frv.: „Og vissulega er það rétt, sem fram kemur í þessu frv. eða grg. með því, að tekjustofnar þeir, sem Landhelgissjóður hefur átt við að búa, hafa verið óvissir og eru í eðli sínu óvissir. Og það er auðvitað aldrei gott að þurfa að byggja á slíkum óvissum og breytilegum tekjustofnum, sem geta gefið góða upphæð þetta árið, en e. t. v. litla upphæð annað árið. Og þess vegna er það, að ég fagna þeirri hugsun, sem kemur fram í þessu frv., að það skuli bundið í lögum, að Landhelgissjóði skuli alltaf tryggð tiltekin lágmarksfjárhæð.“

Síðar í ræðunni segir forsætisráðherra:
„Aðalatriðið er að festa ákveðinn tekjustofn."
Á þessi atriði leggjum við undirritaðir nefndarmenn áherzlu og mælum með því, að frv. verði samþykkt með áðurnefndri breytingu.

Alþingi, 30. marz 1973.

Ólafur G. Einarsson, frsm. Pétur Pétursson. Ellert B. Schram.

Nd. 474. Breytingartillaga [18. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 25 22. apríl 1967, um Landhelgisgæzlu Íslands.

Frá Ólafi G. Einarssyni, Pétri Péturssyni og Ellert B. Schram.

Við 2. gr. 2. mgr. Niður falli orðin „á lóð hennar við Selsvör í Reykjavík".

Nd. 475. Frumvarp til laga [221. mál]

um breyting á lögum nr. 41 27. apríl 1963 um aðstoð ríkisins við kaupstaði og kauptún vegna landakaupa.

(Lagt fyrir Alþingi á 93. löggjafarþingi, 1972—1973.)

1. gr.

1. málsgr. 1. gr. laganna orðist svo:
Ríkissjóður leggur árlega fram 10 millj. króna á árunum 1974—1983, sem ríkisstjórninni er heimilt að lána kaupstöðum og kauptúnum til þess að kaupa lönd og lóðir innan takmarka hlutaðeigandi sveitarfélags.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Samkvæmt 1. málsgrein 1. gr. laga nr. 41 27. apríl 1963 um aðstoð ríkisins við kaupstaði og kauptún vegna landakaupa, skyldi ríkissjóður leggja árlega fram 3 millj. króna á árunum 1963—1972, er ríkisstjórninni væri heimilt að lána kaupstöðum og kauptúnum til þess að kaupa lönd og lóðir innan takmarka hlutaðeigandi sveitarfélags.
Framlagsskylda ríkissjóðs samkvæmt þessu ákvæði var til ársloka 1972.
Þar sem nauðsynlegt er talið að framlengja þessa framlagsskyldu ríkissjóðs er ráð fyrir því gert í frumvarpi þessu og þykir hæfilegt að hún verði látin gilda í önnur tíu ár.
Samkvæmt lögum nr. 41/1963, hefur 29 sveitarfélögum verið veittar samtals kr. 34 821 288.00 til landakaupa. Beiðnir um þessa aðstoð hafa árlega farið vaxandi og liggja nú fyrir í félagsmálaráðuneytinu óafgreiddar beiðnir um aðstoð sem hér segir:

1.	Búðahreppur (eftirst.)	kr.	1 200 000.00
2.	Blönduóshreppur	—	720 000.00
3.	Hrunamannahreppur	—	1 800 000.00
4.	Eyrarsveit	—	?
5.	Kópavogskaupstaður	—	30 000 000.00
6.	Eskifjarðarhreppur	—	1 120 000.00
7.	Garðahreppur	—	2 000 000.00
8.	Súðavíkurhreppur	—	1 000 000.00
9.	Hvammshreppur (Vík í Mýrdal)	—	3 600 000.00
10.	Seltjarnarneshreppur	—	7 000 000.00

Í öllum framangreindum lánsbeiðnum er um að ræða 60% af kostnaðarverði hins keypta lands eða lægri hundraðstölu. Þá liggja fyrir í ráðuneytinu meðmæli Skipulagsstjórnar og Sambands íslenzkra sveitarfélaga með öllum þessum beiðnum.

Samband íslenzkra sveitarfélaga og Skipulagsstjórn ríkisins hafa eindregið hvatt til áframhalds á umræddri aðstoð og jafnframt lagt eindregið til, að framlög til landakaupa verði verulega aukin. Hér er gert ráð fyrir, að árleg framlög úr ríkissjóði verði 10 millj. króna, og virðist svo, að ekki verði komizt af með minna, ef sjóður þessi á að vera fær um að gegna hlutverki sínu, enda myndi 3 milljón króna framlag á árinu 1963 jafngilda tæpu 9 millj. króna framlagi á árinu 1973, miðað við hækkun á vísitölu vöru og þjónustu á þessum tíu árum.

Sþ. 476. Þingsályktun [28. mál]

um kennslu í fjölmiðlun við Háskóla Íslands.

(Afgreidd frá Sþ. 30. marz.)

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta kanna, hvort eigi séu tök á, að Háskóla Íslands hefji og haldi uppi kennslu í fjölmiðlun, og ef svo reynist, þá með hverjum hætti hún skuli vera.

Sþ. 477. Þingsályktun [45. mál]

um útgáfu lagasafns í lausblaðabroti.

(Afgreidd frá Sþ. 30. marz.)

Samhljóða þskj. 47.

Sþ. 478. Þingsályktun [48. mál]

um fiskiðnskóla í Siglufirði.

(Afgreidd frá Sþ. 30. marz.)

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta kanna grundvöll að stofnun og rekstri fiskiðnskóla í Siglufirði.

Ed. 479. Frumvarp til laga [222. mál]

um atvinnuleysistryggingar.

(Lagt fyrir Alþingi á 93. löggjafarþingi, 1972—1973.)

I. KAFLI
Skipulag og stjórn.

1. gr.

Bætur til þeirra, sem verða atvinnulausir, skulu greiddar úr atvinnuleysistryggingasjóði samkvæmt því, sem fyrir er mælt í lögum þessum.

Árlegar tekjur sjóðsins eru þessar:

a. Iðgjöld atvinnurekenda samkvæmt 5. gr.
b. Framlag frá sveitarfélögum samkvæmt 11. gr.
c. Framlag úr ríkissjóði samkvæmt 12. gr.
d. Vextir af innstæðufé sjóðsins og verðbréfum.

Tekjur samkvæmt stafliðum a—c og helmingur tekna samkv. d-lið skulu færðar á sérreikning verkalýðsfélaganna við sjóðinn.

2. gr.

Stjórn atvinnuleysistryggingasjóðs skipa 7 menn, tveir tilnefndir af Alþýðusambandi Íslands, einn tilnefndur af Vinnuveitendasambandi Íslands og 4 kosnir af sameinuðu Alþingi með hlutfallskosningu. Varamenn skulu vera jafnmargir og aðalmenn og valdir með sama hætti og þeir. Skipun stjórnar fer fram að loknum hverjum almennum alþingiskosningum.

Ráðherra skipar formann og varaformann sjóðsstjórnar úr hópi þeirra aðalmanna, sem valdir eru af sameinuðu Alþingi.

Ráðherra ákveður þóknun stjórnarnefndarmanna.

3. gr.

Tryggingastofnun ríkisins annast reikningshald og daglega afgreiðslu atvinnuleysistryggingasjóðs og skal sjóðurinn vera í vörzlum hennar. Handbært fé sjóðsins skal Tryggingastofnunin ávaxta eftir því sem við verður komið í lánastofnunum á þeim stöðum, þar sem fé sjóðsins fellur til. Ef handbært fé verður meira en ætla má nauðsynlegt til greiðslu bóta samkvæmt lögum þessum, er stjórn sjóðsins heimilt að ávaxta þann hluta fjárins í útlánum eða vaxtabréfum gegn ábyrgð ríkissjóðs eða annarri öruggri tryggingu.

4. gr.

Ákvæði laga þessara taka til verkalýðsfélaga, félagsmanna þeirra og allra atvinnurekenda innlendra og erlendra, sem reka atvinnu hér á landi.

Gjaldskyldur atvinnurekandi telst hver sá, er hefur í þjónustu sinni mann, 16 ára eða eldri, sem tekur laun samkvæmt kjarasamningi verkalýðsfélags eða samkvæmt gildandi launataxta verkalýðsfélags. Bændur eru þó ekki gjaldskyldir vegna vinnu, sem unnin er við búrekstur þeirra.

Nú stundar fullgildur félagsmaður verkalýðsfélags sjósókn á eigin fari, en vinnur einnig hjá gjaldskyldum atvinnurekendum og verður hann þá gjaldskyldur vegna sinnar eigin atvinnu, ef hann lýsir því yfir á skattframtali sínu, að hann óski þess, og telji fram róðrafjölda sinn og öðlast hann þá jafnframt bótarétt, samkvæmt því, sem fyrir er mælt í 15. gr.

Verkalýðsfélög teljast samkvæmt lögum þessum félög verkafólks, sem vinnur hvers konar daglaunavinnu, svo og annarra, sem vinna fyrir launum við sams konar

vinnu, svo sem félög sjómanna, skrifstofufólks og afgreiðslufólks í verzlunum, starfsfólks við iðnað, flutninga á mönnum og vörum og þjónustu í veitingahúsum, starfsfólks í brauða- og mjólkurbúðum og önnur sambærileg félög. Félög fastlaunaðra opinberra starfsmanna, lækna og annarra sambærilegra aðila teljast ekki til verkalýðsfélaga.

II. KAFLI
Iðgjöld og framlög.

5. gr.

Atvinnurekandi skal greiða iðgjald til atvinnuleysistryggingasjóðs er sé 1% af útborguðu vikukaupi fyrir dagvinnu, samkv. 1. taxta Verkamannafélagsins Dagsbrúnar í Reykjavík, vegna hverrar vinnuviku, er starfsmaður vinnur í þjónustu hans. Um ákvörðun á vinnuvikufjölda fer samkv. ákvæðum almannatryggingalaga um iðgjald atvinnurekenda til slysatrygginga.

Við ákvörðun iðgjalds skal miða við meðalkaup á s. l. ári samkv. umræddum taxta og skal það reiknað af Hagstofu Íslands.

Við ákvörðun iðgjalds samkv. 3. mgr. 4. gr. jafngildir hver róðrardagur 12 vinnustundum.

6. gr.

Iðgjöld atvinnurekenda samkvæmt 5. gr. skal skattstjóri leggja á með tekju- og eignarskatti og semja skrá um gjaldendur og upphæðir þær, sem þeir skulu greiða. Iðgjöld þessi skulu innheimt í heilum krónum. Þó skulu iðgjöld af lögskráðum sjómönnum lögð á og innheimt fyrir fram af lögskráningarstjórum.

Framtalsskýrslur skulu þannig úr garði gerðar, að skýrt sé fram tekið, fyrir hversu margar vinnuvikur atvinnurekanda beri að greiða. Skulu skýrslurnar sýna tölu vinnuvikna í hverri starfsgrein og tilgreina það verkalýðsfélag, sem gert hefur samning eða sett taxta þann, sem hverjum launþega um sig er greitt eftir. Þyki vafi leika á, að framtal vinnuvikna sé rétt, skal áætla tölu þeirra eftir öðrum upplýsingum, er framtalið sýnir, en séu þær ófullnægjandi eða hafi framtali ekki verið skilað, þá eftir mati skattstjóra.

Skattfrjálsir aðilar, er hafa í þjónustu sinni launþega, sem unnið hafa tryggingarskyld störf, sbr. 4. gr., skulu senda hlutaðeigandi skattyfirvaldi framtöl um vinnuvikur á sama hátt og skattskyldir atvinnurekendur.

7. gr.

Þar sem eru fleiri verkalýðsfélög en eitt í umdæmi, skal fulltrúaráð félaganna, eða félögin sameiginlega, sé fulltrúaráð ekki til, fyrir lok hvers árs afhenda skattyfirvaldi skrá um þau verkalýðsfélög, sem starfandi eru í umdæminu, ásamt upplýsingum um, hverjar starfsgreinar heyri til hverju verkalýðsfélagi. Starfsgrein skal tilheyra því verkalýðsfélagi, sem gert hefur samning við atvinnurekendur eða sett launataxta, sem viðurkenndur er, varðandi launagreiðslur í starfsgreininni.

Að lokinni samningu iðgjaldaskrár, samkv. 6. gr., skal skattyfirvald skipta heildarupphæð iðgjaldanna eftir starfsgreinum á reikninga hinna einstöku verkalýðsfélaga á staðnum. Skipta skal úr iðgjöldum vegna utansveitarfólks, sem á heimilisfang á þeim stöðum, sem lög þessi taka til, sem síðan skal skipta eftir starfsgreinum á reikninga hinna einstöku verkalýðsfélaga þar. Sams konar skiptingu skulu skráningarstjórar, sbr. 6. gr. 1. mgr., gera. Gera skal skrá um skiptingu þessa, sem síðan skal send Tryggingastofnun ríkisins, sem færir iðgjöldin á sérreikning verkalýðsfélaganna við atvinnuleysistryggingasjóðinn samkvæmt skránni.

Ef skattyfirvaldi hefur ekki borizt skrá sú, sem um er rætt í 1. mgr. þessarar greinar, fyrir árslok, verða iðgjöld ekki færð á sérreikning félaganna við sjóðinn, en iðgjaldaupphæðin telst þá með stofnfé sjóðsins, ásamt framlagi ríkissjóðs.

8. gr.

Gjaldskrá samkvæmt 6. gr. skal liggja frammi almenningi til sýnis samtímis skattskránni.

Kæra má til skattstjóra og ríkisskattanefndar eftir sömu reglum og gilda um kærur út af tekjuskatti. Skattstjóri og ríkisskattanefnd skulu endurskoða og leiðrétta gjaldskrárnar með sama hætti og skrár um tekju- og eignarskatt.

Gjalddagar iðgjalda skulu ákveðnir í reglugerð.

9. gr.

Iðgjöld vegna sjómanna og stjórnenda ökutækja og aflvéla skulu hvíla sem lögveð á hlutaðeigandi skipum, ökutækjum og aflvélum og ganga fyrir öllum öðrum veðum en lögveðum fyrir gjöldum til ríkissjóðs og almannatrygginganna. Iðgjöld vegna byggingar húsa og annarra mannvirkja skulu og hafa sams konar veðrétt í eignum þessum.

10. gr.

Iðgjöld samkvæmt lögum þessum koma til frádráttar við ákvörðun skattskyldra tekna samkvæmt lögum um tekju- og eignarskatt.

11. gr.

Sveitarsjóður skal greiða framlag til atvinnuleysistryggingasjóðs jafnhátt álögðum iðgjöldum, sem samtals eru færð á sérreikning verkalýðsfélaganna í sveitarfélaginu. Framlagið skiptist milli sérreikninga félaganna og færist á þá með sama hætti og iðgjöldin.

Tryggingastofnun ríkisins tilkynnir innheimtumönnum, hverjum fyrir sitt umdæmi, hver eru framlög sveitarfélaganna í umdæminu, strax og henni hafa borizt skrár þær um skiptingu iðgjalda, sem um er rætt í 7. gr.

12. gr.

Ríkissjóður greiðir framlag til atvinnuleysistryggingasjóðs, er vera skal tvöfalt hærra en álögð iðgjöld atvinnurekenda. Upphæð þessari skal skipt á sérreikninga félaganna við sjóðinn og færð á þá með sama hætti og framlög sveitarfélaganna.

Áætlað ríkissjóðsframlag greiðist ársfjórðungslega eftir á, en fullnaðarskil skulu gerð, þegar iðgjöld atvinnurekenda hafa endanlega verið ákveðin.

13. gr.

Iðgjöld samkvæmt 6. gr. skulu innheimt af þeim innheimtumönnum ríkisins, sem innheimta tekju- og eignarskatt. Tryggingastofnun ríkisins innheimtir þó iðgjöld, sem ríkissjóði eða ríkisstofnunum ber að greiða. Skulu ákvæði laga nr. 90 7. okt. 1965, um tekjuskatt og eignarskatt, þar á meðal um dráttarvexti og lögtaksrétt, gilda um innheimtu iðgjaldanna, að svo miklu leyti, sem við getur átt.

Um innheimtu af iðgjöldum þessum fer eftir launalögum. Innheimtumenn ríkisins annast innheimtu á framlögum sveitarfélaga, sbr. 11. gr., án endurgjalds.

Innheimta skal framlög sveitarfélaganna ásamt manntalsgjöldum og skal innheimta hjá hverju sveitarfélagi sömu fjárhæð og gjaldast á í sveitarfélaginu samtals samkvæmt 5. gr. Skulu innheimtumenn endurgreiða sveitarfélögunum það, sem þau kunna að hafa ofgreitt, eða innheimta það, sem kann að vera vangreitt, þegar fyrir liggur tilkynning frá Tryggingastofnun ríkisins um framlag þeirra samkvæmt 2. mgr. 11. greinar.

III. KAFLI
Um úthlutunarnefndir.

14. gr.

Úthlutun bótafjár fyrir hvert félag eða félagasamband sé undir stjórn nefndar, sem skipuð er 5 mönnum, þrem frá verkalýðsfélagi eða sambandi, einum af Vinnuveitendasambandi Íslands og einum af Vinnumálasambandi samvinnufélaganna. Ef ekki næst einróma samkomulag varðandi úrskurði um bótagreiðslur, getur hver einstakur nefndarmaður áfrýjað til stjórnar atvinnuleysistryggingasjóðs, sem fellir endanlegan úrskurð um málið. Sá, sem sækir um bætur, getur jafnan áfrýjað úrskurði úthlutunarnefndar til sjóðsstjórnar. Nefndirnar kjósa sér sjálfar formann og ritara.

Stjórn atvinnuleysistryggingasjóðs ákveður þóknun til nefndarmanna og úrskurðar reikninga um kostnað við nefndarstörfin, er hvorutveggja greiðist úr sérreikningi hlutaðeigandi félags við atvinnuleysistryggingasjóðinn. Sameiginlegur kostnaður, svo sem þóknun stjórnarnefndarmanna skv. 2. gr. og kostnaður Tryggingastofnunar ríkisins vegna starfa þeirra, sem henni eru falin með lögum þessum, greiðist af fé atvinnuleysistryggingasjóðs, og skal þeim kostnaði jafnað niður hlutfallslega miðað við tekjur, er koma á sérreikninga á árinu.

IV. KAFLI
Um bótarétt.

15. gr.

Rétt til bóta samkvæmt lögum þessum hafa þeir, sem fullnægja eftirtöldum skilyrðum:

a. eru orðnir 16 ára.
b. dvelja hérlendis.
c. eru fullgildir félagsmenn í verkalýðsfélögum.
d. hafa á síðustu 12 mánuðum stundað tryggingaskylda vinnu í a. m. k. 1032 dagvinnustundir, eða 516 dagvinnustundir ef um reglubundna hálfsdagsvinnu er að ræða, hvort tveggja greitt samkv. kjarasamningi eða taxta verkalýðsfélagsins. Enginn getur öðlast bótarétt vegna vinnu við störf, sem ekki eru tryggingaskyld.

Skólafólk, sem stundar vinnu að námi loknu, telst hafa fullnægt ákvæði þessa stafliðs, hafi það á síðastliðnum 12 mánuðum stundað vinnu a. m. k. í þrjá mánuði og skólanám í sex mánuði.

Hafi sá, sem verður 16 ára stundað áskilda vinnu fyrir og eftir að hann náði 16 ára aldri, öðlast hann rétt til bóta, ef hann hefur unnið a. m. k. þriðjung þessa dagvinnustundafjölda, eftir að hann varð 16 ára.

Hver róðrardagur við sjósókn, sbr. 3. mgr. 4. gr., telst 12 klukkustundir, en þó reiknast slík vinna samtals aldrei fleiri klukkustundir en nemur tvöföldum þeim vinnustundafjölda, sem umsækjandi hefur unnið tryggingaskylda dagvinnu hjá öðrum.

Sá sem tekur starfi, sem ekki er tryggingarskylt samkv. lögum þessum og stundar það allt að 24 mánuðum, missir ekki, að loknu því starfi, þann bótarétt, sem hann kann að hafa áunnið sér áður en hann tók starfinu. Bótaréttur glatast heldur ekki, þó að umsækjandi hafi verið veikur um allt að tveggja ára skeið, enda sanni hann veikindi sín með læknisvottorði svo og vinnuhæfni sína, ef hann sækir um atvinnuleysisbætur að loknum veikindunum. Bótarétt getur enginn öðlast vegna atvinnuleysis, sem stafar af veikindum hans.

Ákvæði þessarar mgr. gilda eftir því sem við á um þá, sem taldir eru í d-lið 16. gr.

Sá sem gengur undir starfsþjálfun eða sækir námskeið til þess að öðlast hæfni til að stunda ný störf nýtur á meðan atvinnuleysisbóta í allt að 30 daga virka, ef hann naut slíkra bóta þegar starfsþjálfunin eða veran á námsskeiðinu hófst, sbr. þó 2. mgr. 17. gr.

Sá, sem öðlast bótarétt, samkv. grein þessari, heldur honum, að loknu bótatímabili, sbr. 2. mgr. 17. gr., þó að hann, vegna atvinnuleysis, hafi ekki stundað vinnu svo sem áskilið er í upphafi þessa stafliðs, enda hafi hann gætt þess að láta skrá sig, sbr. síðustu mgr. þessarar greinar.

Elli- og örorkulífeyrisþegar öðlast því aðeins bótarétt, að loknu fyrsta bótatímabili, að þeir sanni vinnuhæfni sína með læknisvottorði.

e. sanna með vottorði vinnumiðlunar samkv. lögum um vinnumiðlun, að þeir hafi verið atvinnulausir einn eða fleiri heila vinnudaga.

Í þessu sambandi teljast ekki með þeir dagar, sem hlutaðeigandi hefur átt í verkfalli eða verkbanni, sbr. 16. gr. a-lið, eða notið atvinnuleysisbóta.

Til þess að öðlast bótarétt verður umsækjandi að láta skrá sig vikulega hjá vinnumiðlun, samkv. lögum nr. 52 9. apríl 1956, um vinnumiðlun, að viðlögðum missi bótaréttar til næsta skráningardags. Geti umsækjandi ekki látið skrá sig vegna þess, að hann er í vinnu eða veikur, skal hann láta skrá sig næsta dag, sem hann getur að viðlögðum missi bóta samkv. framansögðu. Óheimilt er að greiða bætur fyrir atvinnuleysistímabil, sem ekki hefur verið skráð hjá vinnumiðlun lögum samkvæmt.

16. gr.

Bætur greiðast ekki þeim, sem:

a. taka þátt í verkfalli eða verkbann nær til,

b. njóta slysa- eða sjúkradagpeninga samkvæmt lögum um almannatryggingar,

c. misst hafa vinnu af ástæðum, sem þeir eiga sjálfir sök á, svo sem drykkjuskaparóreglu,

d. sviptir eru frelsi sínu að opinberri tilhlutan,

e. ófærir eru til vinnu eða neita vinnu, er þeim býðst að tilhlutan vinnumiðlunarskrifstofu, samkv. lögum um vinnumiðlun, eða á annan hátt, svo að sannað sé, þó því aðeins að ekki hvíli verkfall eða verkbann á vinnunni og kaupgjald og vinnutími séu í samræmi við kjarasamninga eða taxta hlutaðeigandi verkalýðsfélags, og ekki sé annað vanhæfi á vinnunni. Vanhæfi á vinnu verður aðeins sannað með læknisvottorði, sem kveður á um það, að bótaþegi geti ekki af heilsufarsástæðum stundað þá vinnu, sem hann á kost á. Bótaréttur glatast þó ekki, þó að hafnað sé vinnu í starfsgrein, sem umsækjandi hefur ekki áður stundað, enda fylgi slíkri starfsgrein verulega meiri áreynsla eða vosbúð en þeirri, sem hann áður stundaði. Þegar úthlutunarnefnd metur bótarétt, ef um er að ræða vinnu í öðru byggðarlagi, ber m. a. að taka tillit til heimilisástæðna umsækjanda. Þegar hafnað er vinnu í öðru byggðarlagi eða í annarri starfsgrein, samkvæmt ákvæðum þessa stafliðs, getur úthlutunarnefnd fellt niður bótagreiðslur, þegar umsækjandi hefur notið bóta í 4 vikur,

f. stundar vinnu í eigin þágu, sem hann hefur beinar tekjur af,

g. á maka, sem á síðustu 12 mánuðum hefur haft og hefur hærri tekjur en sem svarar tvöföldum dagvinnutaxta Verkamannafélagsins Dagsbrúnar í Reykjavík. Regla þessi um hjón gildir einnig um karl og konu, sem búa saman og eru bæði ógift, ef þau hafa átt saman barn, eða konan er þunguð af hans völdum, eða sambúðin hefur varað í samfleytt tvö ár.

Sá, sem orðið hefur uppvís að því að reyna að afla sér bóta með því að gefa vísvitandi rangar upplýsingar um hagi sína, missir bótarétt. Fyrsta brot varðar bótamissi í 2 mánuði, annað brot í 2 ár og þriðja brot fyrir fullt og allt.

Fella skal niður bótagreiðslu, sbr. c-lið þessarar greinar, í 30 daga virka. Missi maður oftar rétt til bóta, samkvæmt þessum staflið, öðlast hann ekki bótarétt að nýju, nema sannað sé með vottorði vinnumiðlunar, að hann hafi stundað vinnu samfellt í 30 daga virka, eftir að hann fyrirgerði bótarétti sínum.

17. gr.

Sá, sem öðlast bótarétt samkv. 15. gr. sbr. 16. gr., á þegar rétt til bóta fyrir þá heilu daga, sem hann hefur verið atvinnulaus. Bætur greiðast þó ekki fyrir færri en þrjá atvinnuleysisdaga í senn.

Atvinnuleysisbætur greiðast fyrir alla daga nema laugardaga og sunnudaga og engum skulu greiddar slíkar bætur lengur en 130 daga á síðustu 12 mánuðum.

V. KAFLI
Um bótafjárhæðir.

18. gr.

Atvinnuleysisbætur miðast við laun fyrir 8 klst. dagvinnu, eins og þau eru á hverjum tíma, samkv. 2. taxta Verkamannafélagsins Dagsbrúnar í Reykjavík og skulu vera sem hér segir:

a. Til kvænts manns eða giftrar konu, sem er aðalfyrirvinna heimilis 80% af áður greiddum launum. Nú eiga bæði hjónin rétt á bótum og greiðast þeim þá, hvoru um sig, bætur samkv. b-lið þessarar greinar. Bætur samkv. c-lið falla þá niður. Sama rétt til bóta og hjón hafa, samkv. grein þessari, einnig karl og kona sem búa saman og eru bæði ógift, ef þau hafa átt barn saman, eða konan er þunguð af hans völdum, eða sambúðin hefur varað samfleytt í tvö ár.
b. Til einstaklings skal greiða á sama hátt 70% af launum.
c. Til bótaþega skal á sama hátt greiða 6.5% vegna hvers barns yngra en 17 ára, þar með talin börn utan heimilis, sem bótaþegi sannanlega greiðir með, samkv. meðlagsúrskurði eða skilnaðarbréfi. Aldrei skal þó greiða bætur vegna fleiri en þriggja barna til hvers bótaþega.

Atvinnuleysisbætur til þeirra, sem njóta örorkubóta samkv. lögum um almannatryggingar, greiðast aðeins að því marki sem þær eru hærri en bætur almannatrygginga. Með bótum almannatrygginga í þessu sambandi teljast barnalífeyrir og makabætur, sem bótaþegi atvinnuleysisbóta kann að fá greiddar.

Bótaþegi, sem öðlazt hefur bótarétt vegna hálfsdagsvinnu, sbr. d-lið 15. gr., skal fá greiddar hálfar bætur sbr. a—c-lið þessarar greinar. Þó skal slíkur bótaþegi, sem stundað hefur heilsdagsvinnu síðasta mánuðinn, áður en bótagreiðslur hefjast, fá greiddar fullar bætur.

Eigi má gera fjárnám eða lögtak í bótafé samkv. lögum þessum, né halda því til greiðslu opinberra gjalda.

VI. KAFLI
Um bótagreiðslur.

19. gr.

Bætur greiðast úr sérreikningi þess félags, sem bótaþegi telst til. Nú er fé eigi fyrir hendi á sérreikningi félags eða sambands til greiðslu bóta, og skal þá sjóðstjórn lána stofnfé sjóðsins í þessu skyni. Ef einnig er þrotið stofnfé sjóðsins, er sjóðstjórn heimilt að lána milli sérreikninga.

20. gr.

Umsóknir um bætur skulu ritaðar á eyðublöð, sem félagsmálaráðuneytið lætur gera. Skulu eyðublöð þessi þannig úr garði gerð, að þau skulu vera hvorttveggja í

senn, skráningareyðublöð til afnota fyrir vinnumiðlun og umsóknareyðublað um bætur, sbr. 7. gr. laga nr. 52/1956, um vinnumiðlun. Skulu eyðublöð þessi fást hjá úthlutunarnefndum, skrifstofum Tryggingastofnunarinnar, umboðsmönnum hennar og annars staðar eftir því, sem henta þykir.

21. gr.

Úthlutunarnefnd gerir skrá um þá menn, er hún úrskurðar bætur. Sé ágreiningur um úthlutun, skal þess getið á skránni og tilgreint í hverju ágreiningur sé fólginn. Skrá þessi skal send umboðsmönnum Tryggingastofnunarinnar (í Reykjavík, aðalskrifstofunni.)

Úthlutunarnefnd annast sjálf greiðslu bóta, nema hún kjósi að fela Tryggingastofnuninni, eða umboðsmönnum hennar bótagreiðslur. Að fenginni úthlutunarskrá, skal Tryggingastofnunin, að lokinni athugun sinni á skránni, sbr. 15.—18. gr. laga þessara, láta úthlutunarnefnd í té skrá um bæturnar ásamt nægilegu fé til greiðslu þeirra. Úthlutunarnefnd annast þá greiðslu bótanna til einstakra bótaþega, gegn kvittun þeirra á skrána. Að loknum bótagreiðslum skal úthlutunarnefnd afhenda Tryggingastofnuninni skrána.

VII. KAFLI

Um sérstök lán og styrki.

22. gr.

Stjórn sjóðsins er heimilt að veita lán, sem verði vaxtalaus eða með lágum vöxtum um lengri eða skemmri tíma, til eflingar atvinnulífi á þeim stöðum, sem við eiga að stríða alvarlegt atvinnuleysi. Jafnframt er heimilt að ákveða, að lán þessi verði afborgunarlaus tiltekið árabil. Heimilt er að veita lán þessi gegn ábyrgð hlutaðeigandi sveitarfélags, þó að önnur trygging komi ekki til.

Sjóðsstjórn er heimilt að láta framkvæma athugun og rannsókn á staðháttum á þeim stöðum, sem lán eru veitt til samkvæmt þessari grein. Skal og jafnan leitað tillagna um úrbætur hjá þeim, sem falin hefur verið rannsókn og athugun vegna þessara lánveitinga, en slíkar tillögur skulu við það miðaðar að koma atvinnulífi hlutaðeigandi staða á traustan fót.

Sjóðsstjórn skal leita umsagnar Framkvæmdastofnunar ríkisins, áður en hún veitir lán samkvæmt þessari grein.

Sjóðsstjórninni er heimilt að ákveða lægri vexti en venjulega útlánsvexti af lánum til samtaka verkafólks og atvinnurekenda til að koma upp húsnæði fyrir félagsstarfsemi sína, þar með talin lán til orlofsheimila verkafólks.

23. gr.

Stjórn atvinnuleysistryggingasjóðs er heimilt að veita styrk úr sjóðnum til einstakra sveitarfélaga og vaxtalaus lán til annarra aðila, sem bókfæra skal á sérreikninga hlutaðeigandi verkalýðsfélaga, ef fullnægt er öllum eftirfarandi skilyrðum:

a. að verulegt atvinnuleysi sé í hlutaðeigandi sveitarfélagi, sem útlit sé fyrir að verði langvarandi,
b. að sveitarfélagið eða lántakandi láti hefja vinnu við ákveðnar framkvæmdir og ráði í því skyni ákveðna tölu atvinnulausra á staðnum til ákveðins tíma,
c. sveitarfélagið eða lántakandi greiði laun fyrir þessa vinnu samkvæmt gildandi kjarasamningi eða taxta verkalýðsfélagsins,
d. hlutaðeigandi verkalýðsfélag og vinnuveitendasamtök samþykki styrkveitinguna,
e. réttur atvinnuleysingja til bóta að framkvæmdum loknum verði hinn sami og hann var, þegar þeir hófu umrædda vinnu hjá sveitarfélaginu eða lántakanda, ef þeir verða þá atvinnulausir.

Sama gildir ef vinna fellur niður einhvern dag eða daga af veðurfarsástæðum meðan framkvæmdir þessar standa yfir.

24. gr.

Stjórn sjóðsins er heimilt að veita þátttakendum í viðurkenndum starfsþjálfunarnámskeiðum styrk, sem nema má allt að því jafnhárri fjárhæð og atvinnuleysisbætur eru samkvæmt 18. gr. a, fyrir hvern þátttakanda í slíkum starfsþjálfunarnámskeiðum að viðbættri þátttöku í ferðakostnaði og öðrum óhjákvæmilegum útgjöldum þátttakenda, sbr. þó 15. gr. d., 6. mgr.

Stjórn sjóðsins setur nánari reglur um veitingu framangreindra styrkja.

25. gr.

Stjórn atvinnuleysistryggingasjóðs getur veitt lán til þess að koma á fót vinnustöðvum fyrir öryrkja, sem nemur allt að 40% stofnkostnaðar slíkra stöðva. Lán þessi skulu vera til 20 ára og vera með 5% ársvöxtum.

Stjórninni er enn fremur heimilt að greiða þriðjung af rekstrarhalla þeim, sem verða kann af rekstri endurhæfingar- eða vinnustofu, enda hafi endurhæfingarráð lagt til, að slíkur styrkur verði veittur úr atvinnuleysistryggingasjóði.

Þá er stjórninni heimilt að verja fé úr atvinnuleysistryggingasjóði til endurþjálfunar starfsmannahópa, sem missa atvinnu sína vegna breyttra atvinnuhátta í því skyni, að þeir verði færir til að taka upp ný störf.

26. gr.

Til lánveitinga og styrkja samkvæmt þessum kafla laganna er stjórn sjóðsins heimilt að verja allt að 40% af árlegum vaxtatekjum sjóðsins.

VIII. KAFLI
Ýmis ákvæði.

27. gr.

Úthlutunarnefnd getur leitað umsagnar tryggingayfirlæknis Tryggingastofnunar ríkisins um læknisvottorð, sbr. 15. gr. d og 16. gr. e, ef ástæða þykir til.

28. gr.

Ráðherra setur, að fengnum tillögum stjórnar atvinnuleysistryggingasjóðs, ákvæði með reglugerð um nánari framkvæmd laga þessara að því er varðar störf úthlutunarnefnda og úthlutun bóta.

29. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 29 7. apríl 1956 um atvinnuleysistryggingar svo og eftirtalin lög um breyting á þeim lögum: Lög nr. 2/1957, lög nr. 4/1959, lög nr. 21/1964, lög nr. 28/1966, lög nr. 95/1966, lög nr. 70/1969 og lög nr. 44/1970.

Ákvæði til bráðabirgða.

Á meðan kjararannsóknarnefnd starfar, skal kostnaður við störf nefndarinnar greiddur úr atvinnuleysistryggingasjóði. Reikningar yfir slíkan kostnað skulu samþykktir af forsætisráðherra.

Verði breyting á starfsemi kjararannsóknarnefndar, er ráðherra heimilt að samþykkja greiðslu kostnaðar af hliðstæðri starfsemi og kjararannsóknarnefnd hefur annazt, þótt ákveðið verði að hún yrði unnin af öðrum aðilum.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp það, sem hér liggur fyrir, var samið af nefnd, sem félagsmálaráðherra skipaði 19. febrúar 1969. Á frumvarpinu hafa nú verið gerðar nokkrar breytingar,

svo sem til samræmis við breytingar þær, sem orðið hafa á kaupi og vinnutíma frá því að frumvarpið var samið. Aðrar efnisbreytingar eru og gerðar á frumvarpinu varðandi biðtíma, bótafjárhæðir og sérstakan styrk til þátttakenda í starfsþjálfunarnámskeiðum, sem nánar er vikið að hér á eftir.

Verður nú getið þeirra helztu breytinga, sem lagt er til með frumvarpi þessu, að gerðar verði á gildandi lögum um atvinnuleysistryggingar.

1. Aðeins helmingur vaxtatekna sjóðsins verði færður á sérreikning verkalýðsfélaga. Samkvæmt gildandi lögum skal færa allar vaxtatekjur á sérreikninga.
2. Gildissvið laganna er aukið, svo að ákvæði þeirra taka til landsins alls. Störf við búrekstur bænda eru þó undantekin. Samkvæmt gildandi lögum taka lögin aðeins til kaupstaða og kauptúna með 300 íbúum eða fleirum. Heimild er þó til handa ráðherra að ákveða, að lögin taki til annarra staða, ef verkalýðsfélög og atvinnurekendur óska þess og hlutaðeigandi sveitarstjórn mælir með því. Þessi heimild hefur oft verið notuð og alltaf, ef skilyrði hafa verið fyrir hendi.
3. Ákvæði um biðtíma eru felld niður. Gert er ráð fyrir, að sá, sem öðlast bótarétt, eigi þegar rétt til bóta fyrir hvern heilan dag, sem hann hefur verið atvinnulaus.
4. Í stað þess, að dagpeningar séu föst fjárhæð, sem breytist með kaupvísitölu, er lagt til, að þeir verði ákveðinn hundraðshluti af tilteknum launataxta eins og hann er á hverjum tíma, að viðbættri greiðslu verðlagsbóta.
5. Stjórn sjóðsins verði heimilað að veita þátttakendum í viðurkenndum starfsþjálfunarnámskeiðum styrk á meðan námskeið standa, sem nema má allt að fjárhæð bóta skv. a-lið 18. gr. að viðbættri þátttöku í ferðakostnaði og öðrum óhjákvæmilegum útgjöldum, sbr. frumvarp um þetta efni, sem nú liggur fyrir Alþingi. Þá er og lagt til, að sá, sem gengur undir starfsþjálfun eða sækir námskeið til þess að öðlast hæfni til að stunda ný störf, njóti á meðan atvinnuleysisbóta í allt að 30 daga virka, ef hann naut slíkra bóta, þegar starfsþjálfunin eða veran á námskeiðinu hófst.
6. Stjórn atvinnuleysistryggingasjóðs verði heimilað að veita sveitarfélögum styrk og einstaklingum vaxtalaust lán þar sem um er að ræða verulegt og langvarandi atvinnuleysi gegn því skilyrði m. a., að þeir sjái ákveðinni tölu atvinnulausra á staðnum fyrir vinnu tiltekinn tíma, sem goldin verði samkvæmt gildandi taxta á staðnum.
7. Í 15. gr. frumvarpsins eru ítarleg ákvæði um ýmis atriði í sambandi við úrskurðun bóta, sem vafi leikur á, hversu með skuli fara, samkvæmt gildandi lögum.
8. Frumvarpinu er skipt í 8 kafla til hægðarauka við framkvæmd laganna.

Um 1. gr.

Í 1. mgr. 1. gr. laga nr. 29/1956, er rætt um að stofna atvinnuleysistryggingasjóð og um stofnfé, sem ekki hefur verið fært á reikningum sjóðsins. Rétt þótti að fella þessi ákvæði niður og hefja 1. gr. svo sem lagt er til í uppkastinu.

Sú efnisbreyting felst í uppkastinu, að vextir af innstæðufé sjóðsins og af verðbréfum eigi samkvæmt núgildandi lögum allir að færast á sérreikning verkalýðsfélaganna við sjóðinn, en samkvæmt þessari grein í frumvarpinu er lagt til, að aðeins helmingur þessara tekna skuli færður á sérreikninga verkalýðsfélaganna við sjóðinn. Þessi breytingatillaga var gerð af nefnd, sem skipuð var 1960 til þess að endurskoða lögin um atvinnuleysistryggingar og var ekki ágreiningur um það.

Um 2.—3. gr.

Samhljóða 2. og 3. gr. gildandi laga.

Um 4. gr.

Samkvæmt núgildandi lögum er gildissvið laganna bundið við kaupstaði og kauptún með 300 íbúa eða fleiri. Samkvæmt heimild í lögunum hefur ráðherra

einatt veitt samþykki sitt til þess, að lögin taki til fleiri staða, þegar þess hefur verið óskað af hlutaðeigandi verkalýðsfélögum og atvinnurekendum og verið samþykkt af hlutaðeigandi sveitarstjórn.

Samkvæmt 1. mgr. þessarar frumvarpsgreinar, taka lögin til verkalýðsfélaga, félagsmanna þeirra og allra atvinnurekenda, innlendra og erlendra, sem reka atvinnu hér á landi. Gildissvið laganna er samkvæmt þessu ekki lengur bundið við ákveðinn fólksfjölda í kauptúnum. Samkvæmt þessu ákvæði bætast sjálfkrafa við um 20 þéttbýlisstaðir með samtals rúmlega 2300 íbúa.

Önnur mgr. er eins og gildandi lög en bætt er við einni setningu, sem undanþiggur bændur gjaldskyldu vegna vinnu, sem unnin er við búrekstur þeirra.

Í lögum nr. 44/1970 eru gerðar nokkrar breytingar á 4. gr. laganna. Meðal annars er þar gerð sú breyting, að meðlimir verkalýðsfélags, sem að hluta stunda sjósókn á eigin fari, en vinna að öðru leyti í þjónustu gjaldskyldra atvinnurekenda, séu gjaldskyldir af vinnu í eigin þágu með sama hætti og atvinnurekendur og öðlist þá aukinn bótarétt.

Þetta ákvæði felst í þriðju mgr. þessarar greinar með nokkrum öðrum hætti þó, heldur en í nefndum lögum. T. d. er hér gerð krafa til þess, að félagsmaður, sem stundar sjósókn á eigin fari, verði að hafa lýst því yfir á skattframtali sínu, að hann óski þess að verða gjaldskyldur vegna eigin atvinnu.

Í 15. gr. frumvarpsins, d-lið 4. mgr., er nánari skilgreining á því, að hve miklu leyti félagsmaður verður að hafa stundað vinnu hjá öðrum atvinnurekanda til þess að hann geti öðlast bótarétt fyrir vinnu við sjósókn á eigin fari.

Í 4. mgr. eru ákvæði, sem svara til 4. mgr. 4. gr. laganna. Orðalagsbreyting, sem gerð er, þarfnast ekki skýringar.

Síðasta mgr. laganna virðist mega falla niður, þar eð vinnustaður skiptir ekki máli samkvæmt 1. og 2. mgr. þessarar frumvarpsgreinar.

Um 5. gr.

Þrátt fyrir breytt orðalag þessarar greinar er hér ekki um efnisbreytingu að ræða. Í gildandi lögum er iðgjaldið ákveðin fjárhæð fyrir hverja vinnuviku, sem unnin er í þjónustu atvinnurekenda, en jafnframt er svo kveðið á, að fjárhæð þessi breytist í samræmi við breytt kaup. Iðgjaldið hefur því ætíð verið 1% af útborguðu vikukaupi fyrir dagvinnu Dagsbrúnarmanns, sbr. Alþingistíðindi 1955 A, bls. 1250.

Um 6. gr.

Grein þessi er í höfuðatriðum eins og 6. gr. núgildandi laga. Þó er felld niður setning í 2. mgr. 6. gr. laganna, sem hljóðar þannig: „Svo skulu og skýrslurnar sýna hve margar vinnuvikur eru unnar í kaupstöðum og kauptúnum með 300 íbúa eða fleiri og hve margar vikur eru unnar annars staðar.“ Þessi setning er felld niður til samræmis við 1. og 2. mgr. 4. gr. frumvarpsins, sem gerir ekki ráð fyrir að binda gildissvið tryggginganna aðeins við kaupstaði og kauptún með 300 íbúa eða fleiri. Vinnustaður skiptir þannig ekki máli við álagningu iðgjalda.

Síðasta málsgreinin í 6. gr. núgildandi laga hljóðar svo: „Ef ekki er upplýst um vinnustað samkvæmt framansögðu ber að reikna iðgjald af öllum framtöldum vinnuvikum.“ Þessi mgr. er tengd því, að lögin gildi aðeins á ákveðnum stöðum. Samkvæmt frumvarpinu er hins vegar ekki gert ráð fyrir því, að gildissvið þeirra sé bundið við ákveðna staði. Er því lagt til, að mgr. þessi verði felld niður. Að öðru leyti eru ekki breytingar á 6. gr.

Um 7. gr.

Samhljóða 7. gr. gildandi laga.

Um 8. gr.

Orðalagsbreytingar á 2. mgr. þessarar greinar, þar sem skattstjóri og ríkisskattanefnd kemur í stað yfirskattanefndar og ríkisskattanefndar er í samræmi við breytingar, sem gerðar hafa verið á skattalögunum frá því að lögin voru sett.

Um 9.—14. gr.

Samhljóða 9.—14. gr. gildandi laga.

Um 15. gr.

Um a-lið frumvarpsgreinarinnar vísast til upphafsorða 15. gr. laganna. Um b-liðinn vísast til 16. gr. laganna staflið h. Um c-lið er það að segja, að hann svarar til a-liðs 15. gr. laganna, en skilyrðið um félagsmannatölu verkalýðsfélaga er afnumið.

Stafliður d svarar til stafliðs b í lögunum en framsetningu breytt og greininni skipt í málsgreinar til hægðarauka. Til samræmis við lög nr. 88 24. des. 1971 um 40 stunda vinnuviku er vinnustundafjölda breytt úr 1144 í 1032 og úr 572 í 516. Í 3. mgr. er nýmæli um þá, sem verða 16 ára og hafa stundað áskilda vinnu fyrir og eftir 16 ára aldur. Í 4. mgr. er ákvæði um þá, sem stunda sjósókn á eigin fari, en þar segir, að hver róðradagur skuli teljast jafngilda 12 klst. sbr. ákvæði 3. mgr. 5. gr. frv. Málsgrein þessi geymir og ákvæði um ákveðið hlutfall á milli eigin vinnu við sjósókn á eigin fari og vinnu hjá öðrum atvinnurekendum. Samkvæmt ákvæðum málsgreinarinnar reiknast vinna hans á eigin fari aldrei fleiri klst. en nemur tvöföldum þeim vinnustundafjölda, sem hann hefur unnið tryggingaskylda dagvinnu hjá öðrum. Í 5. mgr. eru engin nýmæli. Í 6. mgr. er nýmæli þess efnis, að sá sem gengur undir starfsþjálfun eða sækir námskeið til þess að öðlast hæfni til að stunda ný störf nýtur á meðan atvinnuleysisbóta í allt að 30 daga virka, ef hann naut slíkra bóta, þegar starfsþjálfunin eða veran á námskeiðinu hófst. Í sambandi við þessa mgr. er rétt að vekja athygli á ákvæði 24. gr. frv. um styrki, sem veita má þátttakendum í viðurkenndum starfsþjálfunarnámskeiðum. Málsgreinin er því nánari skýring á gildandi reglum. Ákvæði 8. mgr. svarar til síðustu setningar í b-lið 15. gr. laganna og þarfnast ekki skýringa.

Í staflið e er nýmæli þess efnis, að biðtímaákvæði gildandi laga falla niður, ef frv. þetta verður að lögum. Samkvæmt því á sá, sem öðlast hefur bótarétt samkvæmt lögunum, þegar rétt til bóta fyrir hvern heilan dag, sem hann hefur verið atvinnulaus. Samkvæmt gildandi lögum greiðast ekki bætur fyrir fyrstu sex dagana, sem umsækjandi er atvinnulaus.

Síðasta mgr. 15. gr. frumvarpsins er samhljóða síðustu mgr. 15. gr. laganna.

Um 16. gr.

Grein þessi er nær alveg samhljóða 16. gr. laganna og þarfnast ekki skýringa.

Um 17. gr.

Breytingar á 1. mgr. greinarinnar eru í samræmi við e-lið 15. gr. frv., sbr. breytingar þær, sem gerðar eru á 15. gr. c í lögunum. Vegna hagræðis þykir rétt að ákveða, að bætur verði ekki greiddar fyrir færri en þrjá daga í senn. Þegar um samfellt atvinnuleysi er að ræða greiðast bætur að sjálfsögðu vikulega eftir á fyrir alla atvinnuleysisdaga.

Um 18. gr.

Eins og áður segir er lagt til, að bótafjárhæðir verði ákveðinn hundraðshluti af 2. taxta verkamannafélagsins Dagsbrúnar í Reykjavík í stað tiltekinnar krónutölu svo sem nú er í gildandi lögum. Þessar hlutfallstölur verði eftir a-lið 80%, b-lið 70% og c-lið 6.5% og hámark 99.5%, þegar bótaþegi fellur undir a-lið og c-lið, en 89.5%, ef bótaþegi fellur undir b-lið og c-lið.

Eftirfarandi tafla sýnir samanburð bóta (dagpeninga) 1.1.1969, 1.3.1973 og samkvæmt frv. því, sem hér liggur fyrir.

Hlutfallstölur (%) miðað við Dagsbrúnarkaup á hverjum tíma.

	Dagpen. 1.3.73		Dagpen. skv. frv.		Dagpen. 1.1.69	
	kr.	%	kr.	%	kr.	%
Samkvæmt 18. gr. a.	454	52.75	826	80	296	74.9
Samkvæmt 18. gr. b.	393	45.66	723	70	256	64.8
Samkvæmt 18. gr. c.	42	4.88	67	6.5	28	7.09
Hámark bóta	607	70.53	1028	99.5	395	100

Um 19.—21. gr.

Greinar þessar eru samhljóða 19.—21. gr. gildandi laga.

Um 22. gr.

Grein þessi er nærri því samhljóða 23. gr. gildandi laga, sbr. lög nr. 28/1966. Ákvæðið um það hve miklu fé megi verja til svonefndra áhættulána, samkvæmt greininni, er fellt niður í þessari grein, sbr. hins vegar 25. gr. frumvarpsins.

Um 23. gr.

Grein þessi geymir nýmæli, sem fjallar um styrk til sveitarfélaga og vaxtalaus lán til einstaklinga eftir fast ákveðnum reglum. Hugsun sú, sem liggur á bak við ákvæði þessi, er í raun og veru sú, að stuðla að því að til verði varanleg verðmæti í stað styrkja, sem aðeins verður framfærslufé bótaþeganna. Ákvæði þessi eru heimildarákvæði, sem er allþröngur stakkur skorinn. Það er skilyrði að um sé að ræða verulegt og varanlegt atvinnuleysi. Ef sveitarfélag eða einstaklingur getur tryggt t. d. 30 atvinnuleysingjum örugga vinnu í 30 daga fellst í greininni heimild til styrkveitingar ef um sveitarfélag er að ræða, en vaxtalaust lán, t. d. til 10 ára, ef um einstakling er að ræða. Heilbrigðum manni er atvinnuleysi jafnan mikil andleg raun þó að hann njóti bóta. Honum er kærara og hollara að afla tekna með starfi en lifa á styrk. Ef vel er á haldið sýnist ákvæði þetta geta orðið til mikilla bóta.

Um 24. gr.

(Ný grein, greinatala breytist því í samræmi við það.)

Með frumvarpi þessu er lagt til, að stjórn atvinnuleysistryggingasjóðs verði heimilað að veita eins konar námstyrki til þeirra, sem taka þátt í viðurkenndum starfsþjálfunarnámskeiðum. Er þá gert ráð fyrir, að annar aðili annist námskeiðið og beri allan kostnað af því.

Með „viðurkenndum starfsþjálfunarnámskeiðum“ er átt við námskeið, sem aukið gætu verulega verkkunnáttu þátttakenda, að mati þar til kvaddra aðila. Fyrst um sinn — meðan ekki hefur verið komið fastri skipan á námskeiðahald og endurmenntun þá, sem hér um ræðir, er nauðsynlegt, að stofnanir þær (iðnfræðsluskólar, Iðnþróunarstofnun, tæknistofnanir atvinnuveganna, o. fl.), sem falið yrði að halda þessi námskeið, hafi sem nánast samstarf við samtök launþega og atvinnurekenda í hlutaðeigandi starfsgrein um mótun þessarar starfsemi. Tillögur þessara aðila um tilhögun og námsefni á hverju námskeiði fyrir sig skulu sendar sjóðsstjórn ásamt beiðni um, að hlutaðeigandi námskeið sé styrkhæft.

Reglur þær, sem gert er ráð fyrir, að sjóðsstjórn setji um veitingu styrkjanna, þurfa að geyma ákvæði, sem jafna aðstöðumun þeirra, sem námskeiðin sækja, t. d. vegna ferðakostnaðar og uppihalds á meðan námskeið stendur. Þá verður og í reglum þessum að kveða á um nánari framkvæmd styrkveitinga, svo sem um umsóknir, sem veiti upplýsingar um þau atvik, sem áhrif hafa á þörf styrks. Enn fremur þarf í reglum þessum að kveða á um með hverjum hætti styrkir verði greiddir. Þörf

kann að vera á ákvæðum í reglunum um ýmis önnur atriði varðandi framkvæmd málsins.

Það er kunnara en frá þurfi að segja, að með vaxandi iðnaði og fjölbreyttara atvinnulífi ryður ný tækni sér æ meira til rúms í þjóðlífinu, tækni, sem krefst breyttra starfshátta og þjálfunar þeirra, sem störfin annast. Þá mun í auknum mæli verða þörf fyrir algera endurmenntun fyrir þá, sem stunda vilja störf, sem þeir hafa ekki áður fengizt við.

Þessum þætti í fræðslumálum okkar hefur til þessa verið of lítill gaumur gefinn, og því er nú brýn þörf á að stórauka starfsþjálfun í hinum ýmsu greinum atvinnulífsins. Hér er um sameiginlega hagsmuni launþega og atvinnurekenda að ræða, því að afkoma beggja veltur, þegar til lengdar lætur, á því, að atvinnureksturinn verði svo hagkvæmur og arðsamur, sem kostur er.

Góð starfsmenntun er ekki aðeins frumskilyrði þess, að góður árangur náist í starfi, heldur einnig skilyrði þess, að sérhver starfandi maður njóti sín í starfi.

Tilgangurinn með því að veita mönnum styrk til þess að taka þátt í starfsþjálfunarnámskeiðum er sá að auðvelda þeim aðgang að aukinni þekkingu og betri hæfni til þess að leysa störf sín vel af hendi.

Málefni þetta snertir á þann hátt markmið atvinnuleysistryggingasjóðs, að menn geta auðveldlega orðið atvinnulausir aðeins vegna þess, að þá skortir kunnáttu til þess að vinna störf, sem bjóðast. Kemur þá á daginn, að fleiri eða færri menn ganga atvinnulausir og njóta bóta úr sjóðnum á sama tíma og vissar greinar atvinnulífsins eru lamaðar vegna skorts á starfshæfu vinnuafli. Slíkt óefni verður að fyrirbyggja, og sá er tilgangurinn með lagabreytingu þeirri, sem felst í frumvarpi þessu.

Um 25. gr.

Í 1. og 2. mgr. eru ákvæði, sem eru nákvæmlega samhljóða 2. mgr. 9. gr. og 10. gr. laga nr. 27 27. apríl 1970 um endurhæfingu. Eðlilegt virðist að taka þessi ákvæði upp í lögum um atvinnuleysistryggingar.

Í 3. mgr. greinarinnar er nýmæli, sem fjallar um aðstoð við endurhæfingu starfshópa, sem missa atvinnu vegna breyttra atvinnuhátta.

Um 26. gr.

Í samræmi við heimildir í þessum kafla laganna um auknar ráðstafanir á fé sjóðsins til annars en bótagreiðslna er eðlilegt að ákvæðið um ráðstöfun vaxtatekna sjóðsins verði hækkað eins og lagt er til í grein þessari úr 25% í 40%.

Um 27.—29. gr.

Þarfnast ekki skýringa. Þess má þó geta að niður er felld 25. gr. gildandi laga um sektir fyrir brot á lögunum og reglugerðum, settum samkvæmt þeim. Um slík brot fer að sjálfsögðu samkvæmt ákvæðum almennra refsilaga.

Nd. 480. Frumvarp til laga [223. mál]

um breyting á lögum nr. 30 12. maí 1970, um Húsanæðismálastofnun ríkisins.

(Lagt fyrir Alþingi á 93. löggjafarþingi, 1972—1973).

1. gr.

B-liður 8. gr. orðist svo:

Lánsfjárhæðin má nema allt að kr. 800 000.00 á hverja íbúð, þó ekki meira en ¾ hlutum verðmætis íbúðar samkvæmt mati trúnaðarmanna Veðdeildar Landsbanka Íslands. Húsnæðismálastjórn getur, að fengnu samþykki ráðherra, árlega breytt lánsfjárhæð þessari til samræmis við breytingar á vísitölu byggingarkostnaðar.

Heimilt er að veita lán til byggingar leiguíbúða á vegum sveitarfélaga, er nemi allt að 80% af byggingarkostnaði, enda hafi hlutaðeigandi sveitarfélag ekki byggt íbúðir samkv. 1. grein laga nr. 97 22. desember 1965 og íbúar þess ekki átt kost á íbúðum, sem þar um ræðir. Lán þessi skulu vera til 33 ára, afborganalaus fyrstu þrjú árin, en endurgreiðast síðan á 30 árum. Að öðru leyti eru lánakjörin hin sömu og lánakjör Byggingarsjóðs ríkisins. Á næstu 5 árum er heimilt að veita slík lán út á allt að 1000 íbúðir. Ráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um úthlutun lána þessara.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í fyrri mgr. B-liðar 8. gr. frumvarpsins eru tvær breytingar. Hámarkslán er hækkað úr kr. 600 000.00 í kr. 800 000.00 til samræmis við það, sem nú er. Í öðru lagi er gert ráð fyrir að breyta megi fjárhæð hámarksláns árlega í stað þess, að nú má breyta fjárhæðinni á tveggja ára fresti. Þessi breyting er eðlileg með tilliti til stöðugt aukins byggingarkostnaðar.

Í málefnasamningi ríkisstjórnarinnar er gert ráð fyrir því, að ríkisstjórnin hafi forgöngu um byggingu leiguhúsnæðis, sem lúti félagslegri stjórn. Í samræmi við þetta ákvæði er lagt til, að heimilt verði að veita lán til byggingar leiguíbúða á vegum sveitarfélaga, sem nemi allt að 80% byggingarkostnaðar. Lán þessi verði til 33 ára, afborganalaus fyrstu 3 árin en endurgreiðast síðan á 30 árum. Lánakjörin eru að öðru leyti eins og lánakjör Byggingarsjóðs ríkisins.

Með lögum nr. 97 frá 1965 var ríkisstjórninni heimilað að láta byggja íbúðir í fjölbýlishúsum í samvinnu við hlutaðeigandi sveitarfélag. Samkvæmt þessari heimild er ákveðið að byggja 1250 íbúðir í Breiðholti í Reykjavík. Byggingaframkvæmdir samkvæmt þessu lagaákvæði hafa ekki átt sér stað í öðrum sveitarfélögum.

Ýmsir vilja halda því fram, að hér hafi átt sér stað misrétti á milli Reykjavíkurborgar og annarra sveitarfélaga í landinu. Skylt er þó að geta þess, að það var opin leið fyrir önnur sveitarfélög að hefjast handa um slíkar íbúðabyggingar eins og gert var í Reykjavík, en efnahagur þeirra er ekki eins góður og getan til slíkra framkvæmda ekki sambærileg við Reykjavík.

Lögin frá 1970 um verkamannabústaði gilda um alla þéttbýlisstaði í landinu og nú hafa 19 sveitarfélög ákveðið að byggja verkamannabústaði samkv. þeim lögum.

Þau lánakjör, sem félagar í verkalýðsfélögum í Reykjavík og nágrenni njóta, sem kaupa íbúðir af Framkvæmdanefnd Byggingaáætlunar eru þessi:

1. Þeir fá lán úr Byggingarsjóði ríkisins, sem nemur 80% byggingarkostnaðar til 33 ára, afborgunarlaust fyrstu þrjú árin og endurgreiðist síðan á 30 árum. Lánið er annuitetslán með almennum vaxtakjörum Byggingarsjóðs ríkisins.

2. Þeir fá til viðbótar lán úr Byggingarsjóði ríkisins, sem nemur 10% byggingarkostnaðar með 5% ársvöxtum og á að endurgreiðast á tveimur árum.

Munurinn á lánakjörum félaga í verkalýðsfélagi á Reykjavíkursvæðinu, sem við skulum kalla A og íbúa (félaga í verkalýðsfélagi) í kaupstað utan svæðisins, sem fær hámarkslán eins og það verður á árinu 1973, sem við skulum kalla B, er þessi, ef gert er ráð fyrir íbúð, sem kostar kr. 1 130 000.00:

	Hjá A	Hjá B
1. Lánsfjárhæð fasts láns	kr. 904 000.00	kr. 800 000.00
2. Lánstími	33 ár, afborgunarlaust fyrstu 3 árin	25 ár
3. Vaxtakjör	eins	eins
4. Viðbótarlán hjá Byggingarsjóði til 2ja ára með 5% ársvöxtum	kr. 113 000.00	kr. 0

Samkvæmt þessu nýtur A verulega betri lánafyrirgreiðslu en B. Ákvæði 2. mgr. frumvarpsins jafnar að vísu ekki þennan mismun, en miðar þó að því, að auðvelda lausn íbúðarvandamálsins á þéttbýlisstöðum í hinum dreifðu byggðum landsins.

Lagt er til, að fjöldi slíkra lána verði takmarkaður. Ef gert er ráð fyrir, að á Reykjavíkursvæðinu séu ca. 100 000 íbúar, kemur í ljós, að íbúðabyggingar Framkvæmdanefndar Byggingaáætlunar nema 1¼ íbúð á hverja 100 íbúa. Kauptún með 1000 íbúa ætti þannig að eiga kost á 12½ íbúð með þessum kjörum.

Samkvæmt skýrslu Hagstofu Íslands um mannfjölda 1. des. 1971 var íbúafjöldi í kaupstöðum utan Reykjavíkur og Kópavogs 48 599 og í öðrum þéttbýlisstöðum 36 580 eða samtals 85 179. Ef miðað er við mannfjölda lætur nærri, að 1000 íbúðir utan Reykjavíkursvæðisins svari til þeirra 1250 íbúða, sem byggðar verða á vegum Framkvæmdanefndar Byggingaáætlunar í Breiðholti í Reykjavík. Með hliðsjón af þessu er lagt til, að fjöldi lána til umræddra leiguíbúða verði allt að 1000 á 5 árum eða 200 íbúðalán á ári að meðaltali.

Nauðsynlegt er að setja reglur um skiptingu lána á milli einstakra sveitarfélaga, ef frumvarp þetta verður að lögum. Þó hér hafi verið miðað við mannfjölda við ákvörðun lánafjöldans er augljóst, að fleiri atvik geta verið fyrir hendi en íbúafjöldi, sem verða að hafa áhrif á hve mörg lán verða veitt í hvert sveitarfélag. Lagt er til, að ákvæði um þessi efni verða m. a. sett í reglugerð.

Með frumvarpi þessu fylgir yfirlit um samanburð á lánum og greiðslum vegna íbúða Framkvæmdanefndar Byggingaáætlunar og hjá Byggingarsjóði verkamanna.

Fylgiskjal.

LANDSBANKI ÍSLANDS

Veðdeildin 28.2.1973.

Samanburður á lánum og greiðslum vegna íbúða hjá Framkvæmdanefnd og hjá Byggingarsjóði verkamanna.

Dæmi 1.

Íbúð hjá Framkvæmdanefnd, 2. herb. verð	kr.	1 130 000.00
Kaupandi hefur greitt þegar flutt er inn, 10%	—	113 000.00
Kaupandi gefur út skuldabréf til 2 ára, 5%	—	113 000.00
Kaupandi gefur út skuldabréf til 33 ára, 4.25%	—	904.000.00

Ef íbúðin er afhent í maí n. k. verða

GREIÐSLUR:

1 nóv. 1973, vextir af 2 ára láni	—	2 825.00
1. maí 1974, vextir af 33 ára láni	—	38 420.00
1. nóv. 1974, vextir og afborgun af 2 ára láni	—	62 150.00
1. maí 1975, vextir af 33 ára láni	—	38 420.00
1. nóv. 1975, afborgun og vextir af 2 ára láni	—	59 325.00
1. maí 1976, vextir af 33 ára láni	—	38 420.00
Síðan greiðist frá 1. maí 1977—2006 árlega	—	53 877.00

sem er afborgun og vextir af láninu. Er þá miðað við 4.25% vexti allan tímann.

Að loknum greiðslum hefur verið greitt alls	—	1 855 870.00
En sé miðað við að vextir verði ekki hærri en 7.75% miðað við allan lánstímann, greiðist þá	—	2 592 220.00
Íbúð með láni frá Byggingarsjóði verkamanna, 2 herb.	kr.	1 130 000.00
Kaupandi hefur greitt þegar flutt er inn	—	226 000.00
Kaupandi gefur út skuldabréf til 25 ára, 4.25%	—	800 000.00
Kaupandi gefur út skuldabréf til 42 ára, 2⅛	—	104 000.00

Ef íbúðin er afhent í maí n. k. verða,

GREIÐSLUR:

1. maí 1974, vextir af 25 ára láni	—	34 000.00
1. maí 1974, vextir af láni Byggingarsj. verkam. og afb.	—	3 911.00
Síðan greiðist frá 1. maí 1975—1999, árlega af E láni	—	52 572.00
Síðan greiðist frá 1. maí 1975—2015, árlega af Bsj. láni	—	3 911.00
Heildargreiðslur fyrir allan tímann verða þá og er þá miðað við 4.25% vexti af E láni.	—	1 512 562.00
Sé miðað við að vextir fari í allt að 7.75%, verða greiðslur allan lánstímann	—	2 031 987.00

LANDSBANKI ÍSLANDS

Veðdeildin 28.2.1973.

Samanburður á lánum og greiðslum vegna íbúða hjá Framkvæmdanefnd og hjá Byggingarsjóði verkamanna.

Dæmi 2.

Íbúð hjá Framkvæmdanefnd, 3. herb., verð	**kr.**	**1 470 000.00**
Kaupandi hefur greitt þegar flutt er inn	—	147 000.00
Kaupandi gefur út skuldabréf til 2 ára, 5%	—	147 000.00
Kaupandi gefur út skuldabréf til 33 ára, 4.25%	—	1 176 000.00

Ef íbúðin er afhent í maí n. k. verða

GREIÐSLUR:

1. nóv. 1973, vextir af 2 ára láni	—	3 675.00
1. maí 1974, vextir af 33 ára láni	—	49 980.00
1. nóv. 1974, afborgun og vextir af 2 ára láni	—	80 850.00
1. maí 1975, vextir af 33 ára láni	—	49 980.00
1. nóv. 1975, afborgun og vextir af 2 ára láni	—	77 175.00
1. maí 1976, vextir af 33 ára láni	—	49 980.00
Síðan greiðist frá 1. maí 1977—2006 árlega sem er afborgun og vextir af láninu. Er þá miðað við 4.25% vexti allan lánstímann.	—	70 087.00

Að lokinni greiðslu hefur alls verið greitt ..... — 2 414 250.00

En sé miðað við að vextir verði allt að 7.75% verður greiðslan allan tímann ..... — 3 371 850.00

Íbúð með láni frá Byggingarsjóði verkamanna, 2 herb. ..... kr. 1 470 000.00

Kaupandi hefur greitt þegar flutt er inn ..... — 294 000.00
Kaupandi gefur út skuldabréf til 25 ára, 4.25% ..... — 800 000.00
Kaupandi gefur út skuldabréf til 42 ára, 2⅛% ..... — 376 000.00

Ef íbúðin er afhent í maí n. k. verða

GREIÐSLUR:

1. maí 1974, vextir af 25 ára láni ..... — 34 000.00
1. maí 1974, vextir og afb. af láni Bsj. verkam. ..... — 14 576.00
Síðan greiðast frá 1. maí 1975—1999, árlega af E láni ..... — 52 572.00
Síðan greiðast frá 1. maí 1975—2015, árlega af láni Bsj. ..... — 14 576.00

Heildargreiðslur fyrir allan tímann verða þá ..... — 1 960 492.00
og er þá miðað við 4.25% vexti af E láni.

Sé miðað við að vextir fari í allt að 7.75%, verða greiðslur allan lánstímann ..... — 2 479 917.00

LANDSBANKI ÍSLANDS

Veðdeildin 28.2.1973.

Samanburður á lánum og greiðslum vegna íbúða hjá Framkvæmdanefnd og hjá Byggingarsjóði verkamanna.

Dæmi 3.

Íbúð hjá Framkvæmdanefnd, 4. herb, verð ..... kr. 1 780 000.00

Kaupandi hefur greitt þegar flutt er inn ..... — 178 000.00
Kaupandi gefur út skuldabréf til 2 ára, 5% ..... — 178 000.00
Kaupandi gefur út skuldabréf til 33 ára, 4.25% ..... — 1 424 000.00

Ef íbúðin er afhent í maí n. k. verða

GREIÐSLUR:

1. nóv. 1973, vextir af 2 ára láni ..... — 4 450.00
1. maí 1974, vextir af 33 ára láni ..... — 60 520.00
1. nóv. 1974, afb. og vextir af 2 ára láni ..... — 97 900.00
1. maí 1975, vextir af 33 ára láni ..... — 60 520.00
1. nóv. 1975, afb. og vextir af 2 ára láni ..... — 93 450.00
1. maí 1976, vextir af 33 ára láni ..... — 60 520.00
Síðan greiðast frá 1. maí 1977—2006 árlega ..... — 84 868.00
sem er afborgun og vextir af láninu. Er þá miðað við 4.25% vexti allan lánstímann.

Að lokinni greiðslu hefur verið greitt alls	—	2 923 400.00
En sé miðað við að vextir verði allt að 7.75% verður samsvarandi greiðsla alls	—	4 082 930.00
Íbúð með láni frá Byggingarsj. verkamanna, 4. herb.	—	1 780 000.00
Kaupandi hefur greitt þegar flutt er inn	—	356 000.00
Kaupandi gefur út skuldabréf til 25 ára, 4.25%	—	800 000.00
Kaupandi gefur út skuldabréf til 42 ára, 2⅛%	—	624 000.00

Ef íbúðin er afhent í maí n. k. verða,

GREIÐSLUR:

1. maí 1974, vextir af 25 ára láni	—	34 000.00
1. maí 1974, vextir og afb. af láni Bsj. verkamanna	—	23 467.00
Síðan greiðist frá 1. maí 1975—1999, árlega af E láni	—	52 572.00
Síðan greiðist frá 1. maí 1975—2015, árl. af láni Bsj.	—	23 467.00
Heildargreiðslur fyrir allan tímann verða þá	—	2 333 914.00
Sé miðað við að vextir fari í allt að 7.75%, verða greiðslur allan lánstímann	—	2 853 339.00

Sþ. 481. Breytingartillaga [179. mál]

við till. til þál. um sjónvarp á sveitabæi.

Frá Pétri Sigurðssyni.

Tillögugreinin orðist svo:

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hlutast til um, að Ríkisútvarpið komi upp endurvarpsstöðvum fyrir byggðarlög, sveitabæi og skip við strendur landsins, sem nú njóta ónothæfra eða engra útvarps- og sjónvarpsskilyrða. Ríkisstjórnin láti gera áætlun um að ljúka framkvæmd þessari á næstu fimm árum.

Nd. 482. Nefndarálit [105. mál]

um frv. til laga um sérstakan dómara og rannsóknardeild í ávana- og fíkniefnamálum.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur kynnt sér frumvarpið og leggur til, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 2. apríl 1973.

Svava Jakobsdóttir, form.	Bjarni Guðnason, fundaskr.	Ellert B. Schram, frsm.
Ólafur G. Einarsson.	Stefán Valgeirsson.	Gísli Guðmundsson.
	Pétur Pétursson.	

Ed. 483. Nefndarálit [69. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 57 18. apríl 1962, um Hæstarétt Íslands.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og mælir með samþykkt þess. Í nefndinni komu til umræðu lífeyrismál umboðsstarfalausra dómara. Um leið og nefndin afgreiðir frv., vill hún benda á, að eðlilegt sé, að lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins verði breytt á þá leið, að réttur til lífeyris miðist við, að launagreiðslum til sjóðsfélags sé hætt, ennfremur, að slíkri breytingu verði komið fram, áður en fjölgað verður umboðsstarfalausum dómurum.

Geir Gunnarsson var fjarverandi afgreiðslu málsins.

Alþingi, 30. marz 1973.

Björn Fr. Björnsson, form., frsm. Halldór Kristjánsson. Oddur Ólafsson.
Magnús Jónsson. Ásgeir Bjarnason. Eggert G. Þorsteinsson.

Ed. 484. Breytingartillaga [94. mál]

við frv. til l. um breyt. á orkulögum, nr. 58 29. apríl 1967.

Frá iðnaðarnefnd.

Við 1. gr., 3. lið: Við setninguna „Lán þetta má nema kostnaðarverði rafstöðvarinnar" bætist: að meðtöldum kostnaði við flutninga og uppsetningu.

Nd. 485. Frumvarp til laga [3. mál]

um hlutdeild ríkisins í byggingu og rekstri dagvistunarheimila.

(Eftir 3. umr. í Ed., 2. apríl.)

Samhljóða þskj. 3 með þessum breytingum:

3. gr. hljóðar svo:

Aðilar, er njóta ríkisframlags til byggingar og rekstrar dagvistunarheimila, eru: sveitarfélög og áhugafélög, svo og húsfélög fjölbýlishúsa, starfsmannafélög og aðrir þeir aðilar, sem reka vilja dagvistunarheimili í samræmi við markmið þessara laga.

6. gr. hljóðar svo:

Sveitarfélag, sem óskar að reisa dagvistunarheimili eftir lögum þessum, skal njóta styrks úr ríkissjóði sem hér segir:

1. Til dagheimila og skóladagheimila 50% áætlaðs stofnkostnaðar fullbúins húsnæðis í samræmi við ákvæði í reglugerð um stofnkostnað skóla nr. 159/1969.
2. Til leikskóla 50% áætlaðs stofnkostnaðar fullbúins húsnæðis.

Þeir aðilar aðrir en sveitarfélög, sem taldir eru upp í 3. gr., skulu njóta sama ríkisframlags, ef viðkomandi sveitarfélag mælir með því.

Nú hefur aðili fengið styrk úr ríkissjóði til stofnunar dagvistunarheimilis, en hætt rekstri þess, og er þá styrkurinn endurkræfur til ríkissjóðs samkvæmt reglum þar um, sem ákveðnar verða í reglugerð.

9. gr. hljóðar svo:

Ríkisframlag til stofn- og rekstrarkostnaðar er bundið því skilyrði, að viðkomandi sveitarfélag greiði eigi minna af rekstrarkostnaði dagvistunarheimila en nemur rekstrarframlagi ríkisins. Þó getur ráðherra veitt undanþágu frá þessu skilyrði, þegar um er að ræða þá aðila aðra en sveitarfélög, sem nefndir eru í 3. gr.

11. gr. hljóðar svo:

Menntamálaráðuneytið lætur rannsaka umsókn og þau gögn, sem henni fylgja. Að rannsókn lokinni tilkynnir ráðuneytið, hvort það hafi fallizt á umsókn.

Ef ráðuneytið getur ekki á umsókn fallizt, skal það tilkynnt aðila, og skal í synjun ráðuneytis tekið fram, hvort hafnað sé í heild hugmyndum um téð heimili eða hvort synjun stafi af því, að frumathugun sé áfátt, þannig að bæta megi úr, og skal þá bent á, hverju áfátt er að dómi ráðuneytisins.

15. gr. hljóðar svo:

Alþingi ákveður hverju sinni framlag til byggingarframkvæmda.

Eigi er heimilt að hefja framkvæmdir, fyrr en fé hefur verið veitt í fjárlögum og fyrir liggur skriflegt samþykki menntamálaráðuneytisins.

Ef hafnar eru framkvæmdir án samþykkis ráðuneytisins, verður stofnkostnaður ríkissjóði óviðkomandi.

Ríkissjóður skal að jafnaði greiða sinn hluta af áætluðum byggingarkostnaði dagvistunarheimila á næstu fjórum árum, eftir að fyrsta fjárveiting til framkvæmdarinnar hefur verið samþykkt.

Ef framkvæmdaraðili getur útvegað lánsfé til byggingar dagvistunarstofnana með sölu skuldabréfa eða á annan hátt, er heimilt, að ríkissjóður ábyrgist slík lán allt að hluta ríkissjóðs samkv. 6. gr.

Áætlaður stofnkostnaður dagvistunarheimila skiptist í áætlaðan byggingarkostnað og áætlaðan kostnað stofnbúnaðar. Skal í áætlun þessari miða við þá staðla, sem reglugerð kveður á um varðandi gerð og búnað hvers heimilis. Í áætlun þessari skal miða við byggingarkostnað og verðlag á þeim tíma, þegar áætlun er gerð, og miðast ríkisframlag við áætlaða fjárhæð að viðbættri vísitölu byggingarkostnaðar á byggingartíma.

17. gr. hljóðar svo:

Forstöðumaður dagvistunarheimilis og starfslið, er annast fósturstörf, skal hafa hlotið fósturmenntun, svo og þeir, sem annast umsjón með dagvistunarheimilum á vegum rekstraraðila.

Heimilt er þó með samþykki ráðuneytisins að víkja frá þessu ákvæði, sé þess enginn kostur að fá fólk með framangreinda menntun til starfs.

18. gr. hljóðar svo:

Læknar skulu hafa eftirlit með heilsufari barna á dagvistunarheimilum. Skal kveða nánar á um það í reglugerð, svo og reglur um heilbrigðiseftirlit með starfsfólki.

Stefnt skal að því, að dagvistunarheimili eigi kost á sálfræði- og ráðgjafarþjónustu. Tengja skal þá þjónustu við ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu skóla eða félagsmálastofnana, eftir því sem við á í hverju sveitarfélagi.

Ákvæði til bráðabirgða (á eftir 19. gr.) hljóðar svo:

Ákvæði til bráðabirgða.

Ríkisframlag til stofnkostnaðar skv. 6. gr. nær eigi til þeirra dagvistunarstofnana, sem þegar eru fullbyggðar. Þeir aðilar, sem hafa dagvistunarstofnanir í byggingu, þegar lög þessi taka gildi, geta sótt til menntamálaráðuneytisins um ríkisframlag til bygginganna. Fullnægi byggingarnar þeim kröfum, sem lög þessi og reglugerðir samkvæmt þeim gera til slíkra stofnana, er heimilt að veita ríkisframlag allt að óskertum þeim styrk, sem gert er ráð fyrir í 6. gr., eftir mati ráðuneytisins og með hliðsjón af því, á hvaða stigi framkvæmdir eru.

Nd. 486. Frumvarp til laga [94. mál]

um breyting á orkulögum, nr. 58 29. apríl 1967.

(Eftir 3. umr. í Ed., 2. apríl.)

1. gr.

Í stað „⅔ stofnkostnaðar viðkomandi vatnsvirkjana“ í 2. tölulið 71. gr. laganna komi: ¾ stofnkostnaðar viðkomandi vatnsvirkjana.

3. töluliður 2. málsgr. 71. gr. laganna orðist svo:

3. Að veita eintökum bændum, sem búa utan þess svæðis, er samveitum er ætlað að ná til í náinni framtíð, lán til að koma upp mótorrafstöðvum á heimilum sínum. Lán þetta má nema kostnaðarverði rafstöðvarinnar að meðtöldum kostnaði við flutninga og uppsetningu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 487. Frumvarp til laga [224. mál]

um breyting á lögum nr. 10 25. janúar 1952, um heimilishjálp í viðlögum.

Flm.: Svava Jakobsdóttir.

1. gr.

Á eftir 1. málsgr. 1. gr. laganna bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Hjálp má einnig veita samkvæmt lögum þessum vegna veikinda barna eða fullorðinna, ef þeir, sem veita heimilinu forstöðu, eru bundnir af atvinnu utan heimilisins.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Lög um heimilishjálp í viðlögum, nr. 10 frá 25. jan. 1952, voru sett til þess að aðstoða heimili, er húsmóðir gat ekki sinnt heimilisstörfum vegna veikinda eða annarra skyldra orsaka. Skv. skilningi laganna mun atvinna húsmóður utan heimilis — eða einstæðs föður — ekki tryggja rétt til hjálpar skv. lögunum, þegar börn eða aðrir, sem kunna að vera á framfæri heimilisins, veikjast og þurfa umönnunar við.

Þegar lög um heimilishjálp í viðlögum voru sett, kom fram í umræðum á Alþingi, að slík hjálp ætti að tryggja, að heimilishættir röskuðust sem minnst, þótt

húsmóðurinnar nyti ekki við um stundarsakir, að börn, aldraðir og sjúklingar, sem á heimilinu væru, fengju eftir sem áður nauðsynlega umönnun og að fyrirvinnan þyrfti ekki að leggja niður vinnu til að taka að sér heimilisstörfin.

Móðir, sem sér sjálfri sér og börnum sínum farboða með starfi sínu utan heimilis, stendur oft frammi fyrir því að verða að biðja um leyfi frá störfum vegna veikinda barna sinna. Oft er hún af þeim ástæðum dæmdur lélegur vinnukraftur og býr við skert atvinnuöryggi af þeim sökum. Einstæðum feðrum, sem halda heimili fyrir börn sín, fer einnig fjölgandi, og ætti réttur til heimilishjálpar einnig að standa þeim til boða, er veikindi steðja að heimilinu.

Það er skoðun flm., að tímabært sé að breyta lögum um heimilishjálp á þann veg, sem að ofan greinir, til þess að tryggja sem bezt umönnun veikra barna eða annarra, sem eru í umsjá húsráðanda, og atvinnuöryggi húsráðenda sjálfra. Sanngjarnt virðist, að heimilishjálp nái til allra, er þurfa hennar við, án tillits til hjúskaparstéttar eða kynferðis fyrirvinnunnar.

Lögð skal áherzla á, að ekki er átt við veikindi á heimilum, þar sem heimilishjúkrunar er þörf. Ætti því ekki að þurfa að breyta í neinu þeim kröfum, sem nú eru gerðar til þess starfsfólks, sem vinnur á vegum heimilishjálpar sveitarfélaga.

Nd. 488. Frumvarp til búfjárræktarlaga. [73. mál]

(Eftir 2. umr. í Nd., 2. apríl.)

Samhljóða þskj. 77 með þessum breytingum:

2. gr. hljóðar svo:

Búnaðarsambönd skulu setja sér samþykkt um tilhögun búfjárræktarmála á sambandssvæðinu. Þar skal, eftir því sem líklegast þykir til árangurs, taka fram:

a) að búfjárrækt heyri beint undir stjórn búnaðarsambands eða
b) að með málefni einstakra búfjárræktargreina, einnar eða fleiri, fari sérstök stjórn kosin af aðalfundi búnaðarsambands og er ábyrg gagnvart honum eða
c) að verkefni búnaðarsambands á sviði einstakra búfjárræktargreina, einnar eða fleiri, séu falin sérstökum búfjárræktarsamböndum — nautgripa-, sauðfjár- eða hrossaræktarsamböndum, sem starfandi eru eða stofnuð kunna að verða og mynduð eru af búfjárræktar- og búnaðarfélögum og hafa eigin stjórn og sérstök fjármál. Slík sambönd skulu þó jafnan gera hlutaðeigandi búnaðarsamböndum grein fyrir starfsemi sinni og fjárreiðum.

3. gr. hljóðar svo:

Rétt er hreppabúnaðarfélögum að setja sér samþykktir um að vinna að búfjárrækt í hreppnum. Þar skal taka fram:

a) að búfjárræktarstarfsemi heyri beint undir stjórn búnaðarfélags eða
b) að kosnar skuli sérstakar nefndir á aðalfundi búnaðarfélags til að vinna að málefnum einstakra búfjárræktargreina, einnar eða fleiri, eða
c) að verkefni félagsins á sviði einstakra búfjárræktargreina, einnar eða fleiri, sé falið búfjárræktarfélögum, sem starfandi eru eða stofnuð verða. Eigi verður búfjárræktarfélag — hrossa-, sauðfjár- og nautgriparæktarfélag — löglega stofnað með færri en sex bændum.

Allar búfjárræktarsamþykktir búnaðarsambanda og búnaðarfélaga, svo og samþykktir búfjárræktarsambanda, skulu gerðar eftir fyrirmyndum frá Búnaðarfélagi Íslands og öðlast gildi, er staðfestar hafa verið af stjórn þess. Búfjárræktarsamband getur náð yfir fleiri en eitt búnaðarsambandssvæði. Á sama hátt getur búfjárræktarfélag tekið yfir fleiri hreppa en einn. Nú hefur verið staðfest samþykkt búfjár-

ræktarsambands eða búfjárræktarfélags, og renna þá til þeirra framlög þau, er lög þessi mæla fyrir um.

4. gr. hljóðar svo:

Ráðunautaþjónusta í búfjárrækt skal vera sem hér segir:

1. Búnaðarfélag Íslands ræður til sín búfjárræktarráðunauta, einn eða fleiri, á sviði hverrar búfjártegundar, eftir því sem þörf krefur og fé er veitt til. Þeir skulu hafa lokið háskólaprófi í búfjárrækt og hafa sérþekkingu á þeirri búfjárræktargrein, er þeir starfa við. Stjórn Búnaðarfélags Íslands setur þeim erindisbréf. Helztu verkefni þeirra eru:
   a) Að vera stjórn Búnaðarfélags Íslands til ráðuneytis, hver á sínu starfssviði, og vinna fyrir hennar hönd að framkvæmd laga.
   b) Að móta ræktunarstefnu, hver í sinni grein, í samráði við stjórn Búnaðarfélags Íslands, og semja þær reglur, er að því lúta.
   c) Að veita forustu leiðbeiningaþjónustu, m. a. með því að fylgjast með hagnýtum nýjungum og niðurstöðum rannsókna og skýrsluhalds og kynna þær héraðsráðunautum og bændum.
   d) Að sækja fundi búfjárræktarsamtaka.
   e) Að gegna störfum aðaldómara á búfjársýningum.
2. Búnaðarsambönd ráða til sín ráðunauta — héraðsráðunauta —, er vinna að eftirliti og leiðbeiningum í búfjárrækt. Þeir skulu hafa lokið kandidatsprófi í búfræði. Búnaðarfélag Íslands samþykkir ráðningu þeirra svo og fjölda þeirra, að áskildu samþykki landbúnaðarráðuneytisins. Heimilt er stjórn búnaðarsambands að haga verkaskiptingu þannig, að sami ráðunautur sinni samhliða verkefnum í búfjárrækt og öðrum búgreinum, s. s. jarðrækt, fiskrækt o. s. frv., enda samþykki Búnaðarfélag Íslands það. Þar sem sérsambönd í búfjárrækt starfa með sjálfstæðum fjárhag, sbr. 2. gr. staflið c, geta þau ráðið héraðsráðunaut að tilskildum ákvæðum 2. mgr. þessarar greinar. Tvö eða fleiri búnaðarsambönd geta ráðið til sín ráðunaut sameiginlega, ef henta þykir. Helztu verkefni héraðsráðunauta í búfjárrækt eru þessi:
   a) Að vinna að því, að ákvæðum búfjárræktarlaga sé framfylgt; að búnaðarfélög framfylgi búfjárræktarsamþykktum sínum eða stofnuð séu sérstök búfjárræktarfélög, ef vænlegra þykir til árangurs; aðstoða félögin við starfsemi þeirra, gagnasöfnun og skýrsluhald; sjá um úrvinnslu skýrslna, þar sem þess er þörf, og túlka niðurstöður þeirra.
   b) Að fara um meðal bænda, svo sem við verður komið, skoða búfé þeirra og leiðbeina um kynbætur, fóðrun og hirðingu, val ásetningsgripa, kaup og sölu kynbótagripa o. s. frv.
   c) Að hafa yfirumsjón með forðagæzlu (sbr. 51. gr.).
   d) Að hafa umsjón með rekstri sæðingarstöðva, uppeldi og afkvæmaprófun kynbótagripa í samráði við ráðunauta Búnaðarfélags Íslands.
   e) Að sækja fundi búnaðar- og búfjárræktarfélaga til erindaflutnings og viðræðna við bændur.
   f) Að undirbúa búfjársýningar í samráði við ráðunauta Búnaðarfélags Íslands og gegna aðaldómarastörfum á sýningum, sem haldnar eru á vegum búnaðarsambandsins eða félaga innan þess.

Ríkissjóður greiðir 65% af launum héraðsráðunauta, og allt að 65% af ferðakostnaði þeirra, eftir ákvörðun landbúnaðarráðuneytisins, að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands. Laun þeirra, sem hundraðshluti ríkisins miðast við, skulu samþykkt af landbúnaðarráðherra, að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands.

23. gr. hljóðar svo:

Ríkissjóður leggur fram tvo þriðju hluta verðlauna á sýningum þeim, er um getur í 21. og 22. gr., en búnaðarsamband einn þriðja. Skal framlag ríkissjóðs vera sem hér segir:

Afkvæmaverðlaun á afkvæmasýningum:

a. hrútar:	I. verðlaun	kr. 3 000
	II. verðlaun	— 1 500
	III. verðlaun	— 600
b. ær:	I. verðlaun	— 900
	II. verðlaun	— 400
Enn fremur má veita heiðursverðl. á hrúta allt að		— 8 000

Verðlaun á héraðssýningum á sauðfé:

I. heiðursverðlaun á hrúta	kr. 1 600
I. verðlaun A	— 1 000
I. verðlaun B	— 600
Bezti afkvæmahópur	— 2 500
Bezti hrútur á sýningunni	— 1 600
Sveitaverðlaun fyrir þrjá beztu hrútahópa á sýningunni	— 2 000, kr. 1 500 og kr. 1 000.

29. gr. hljóðar svo:

Hrossaræktarfélög fá auk þeirra framlaga, sem um getur í 28. gr., framlag frá ríkissjóði, kr. 200.00 á hverja tamda hryssu, sem hlotið hefur I. eða II. verðlaun sem einstaklingur á svæða-, fjórðungs- eða landssýningum, og leidd er til stóðhests, sem hlotið hefur I. eða II. verðlaun á sömu sýningum.

Framlag þetta hækkar um 50%, ef notaðir eru stóðhestar, sem hlotið hafa I. eða II. verðlaun fyrir afkvæmi, og 100%, ef stóðhesturinn hefur hlotið heiðursverðlaun fyrir afkvæmi.

31. gr. hljóðar svo:

Óheimilt er að láta stóðhesta, þar með talda hesta, sem ekki hefur verið hægt að vana sökum skapnaðargalla, ganga lausa í heimahögum og afrétti. Verði vart við slíkan hest, ber að handsama hann, ef unnt er, og flytja til hreppstjóra. Takist það ekki, skal það tafarlaust tilkynnt hreppstjóra, sem þegar hlutast til um, að hestinum verði náð. Nú er kært yfir því, að stóðhestur gangi laus, en leit, er hreppstjóri fyrirskipar, ber eigi árangur, og greiðist þá kostnaður við hana af löggæzlufé viðkomandi lögsagnarumdæmis.

Hreppstjóri tekur í sína vörzlu þá stóðhesta, sem til hans eru færðir eða hann lætur handsama, og stendur skil á sanngjarnri greiðslu vegna fyrirhafnar og kostnaðar við töku þeirra. Verði ágreiningur um greiðslu, geta aðilar skotið honum til dómkvaddra manna. Hreppstjóra ber að selja þá stóðhesta, sem þannig eru teknir, á opinberu uppboði, með þeim innlausnarfresti, sem ákveðinn er í viðkomandi fjallskilareglugerð.

46. gr. hljóðar svo:

Búnaðarfélag Íslands annast leiðbeiningastörf um ræktun og hirðingu æðarvarps. Skal eftir föngum leiðbeina um umhirðu varps, myndun nýrra varpstöðva, meðferð dúns, eyðingu vargs og önnur þau atriði, er að gagni mega koma við nýtingu þessara hlunninda.

53. gr. hljóðar svo:

Í hverjum hreppi skal vera forðagæzlumaður, einn eða fleiri, er hafi eftirlit með ásetningi búfjár, fóðrun og hirðingu. Hreppsnefnd kýs eða ræður þá að loknum hreppsnefndarkosningum hverju sinni til næstu fjögurra ára og jafnmargra til vara. Skal þess jafnan gætt að velja til þess menn, sem þekktir eru að gætilegum ásetningi og góðri meðferð búfjár.

Starfi fóðurbirgðafélag í hreppnum, er hreppsnefnd heimilt að fela því framkvæmd forðagæzlumála, enda ráði stjórn þess forðagæzlumann.

Bæjarstjórnir geta, í samræmi við ákvæði 1. málsgr., ráðið forðagæzlumann til þess að annast störf forðagæzlumanna samkvæmt þessum lögum, en bæjarstjórn er þetta aðeins skylt, ef Búnaðarfélag Íslands mælir svo fyrir. Bæjarstjórn, sem eigi ræður forðagæzlumann, skal á hverju hausti láta í té skýrslu um tölu búfjár, fóðurforða, fyrningar og fóðurþörf, svo og um uppskerumagn garðávaxta, í því formi, sem Búnaðarfélag Íslands ákveður. Ákvæði þessarar málsgr. taka einnig til borgarstjórnar Reykjavíkur.

55. gr. hljóðar svo:

Skylt er forðagæzlumanni að fara minnst tvær ferðir um umdæmi sitt til eftirlits vetur hvern. Skal fyrri ferðinni lokið fyrir 1. nóvember og hinni síðari fyrir lok aprílmánaðar. Skal hann athuga vandlega um tölu búfjár á hverjum stað, húsakost þess, fóðurbirgðir, hirðingu, fóðrun og ganga úr skugga um, að fóðurbirgðir þær séu fyrir hendi, sem búfjáreigandi telur sig hafa.

Þegar að lokinni skoðun ber forðagæzlumaður niðurstöður sínar undir trúnaðarmann búnaðarsambandsins. Komi í ljós, að búfjáreiganda skorti hús eða fóður fyrir fénað sinn, vanfóðri hann eða vanhirði, skal forðagæzlumaður tilkynna það sveitarstjórn þegar í stað. Er þá sveitarstjórn skylt að aðvara þegar þann, er hlut á að máli, og gefa honum einnar viku frest til úrbóta. Hafi hann að þeim tíma liðnum ekki gert þær ráðstafanir, sem sveitarstjórn eða trúnaðarmaður búnaðarsambandsins telja fullnægjandi, ber sveitarstjórn að útvega honum fóður, ráðstafa fénaði hans til fóðrunar eða lóga, ef ekki er annars úrkosta.

Búfjáreigandi sá, er hlut á að máli, ber allan kostnað af þessum ráðstöfunum. Skylt er sýslumanni að veita sveitarstjórn stuðning við þessar framkvæmdir, ef með þarf.

56. gr. hljóðar svo:

Þegar eftir að forðagæzlumaður hefur lokið skoðun að hausti, gerir hann skýrslu um tölu búfjár, fóðurforða, fyrningar og fóðurþörf, svo og um uppskerumagn garðávaxta, á eyðublaði, er Búnaðarfélag Íslands lætur í té. Skal eyðublað þetta gert í samráði við Hagstofu Íslands, er séu heimil afnot forðagæzluskýrslna til úrvinnslu. Forðagæzluskýrsla skal gerð í þríriti, og heldur forðagæzlumaður einu eintaki hennar til eigin nota og varðveizlu, eitt eintak gengur til viðkomandi búnaðarsambands og varðveitist þar, en hið þriðja skal sent Búnaðarfélagi Íslands þegar að lokinni haustskoðun með undirskriftum bæði forðagæzlumanns og trúnaðarmanns viðkomandi búnaðarsambands. Hinn síðarnefndi skal hlutast til um, að skýrslur séu rétt gerðar og að þeim sé skilað fullunnum á tilskildum tíma.

Þegar forðagæzlumaður fer um umdæmi sitt til skoðunar síðari hluta vetrar, sbr. 1. málsgr. 55. gr., skal hann rita athugasemdir um fóðurbirgðir og ástand búpenings á skýrslu sína frá sl. hausti, og tilkynna Búnaðarfélagi Íslands niðurstöður skoðunarinnar, hvort tveggja samkvæmt nánari fyrirmælum félagsins.

Sveitarstjórn semur um þóknun fyrir forðagæzlu, og greiðist hún úr sveitarsjóði.

57. gr. hljóðar svo:

Búnaðarfélag Íslands og/eða landbúnaðarráðherra geta krafið sveitarstjórnir, hvenær sem er, um skýrslur varðandi fóðuröflun og fóðurbirgðir.

58. gr. hljóðar svo:

Vilji búfjáreigandi eigi hlíta ráðstöfunum forðagæzlumanns eða sveitarstjórnar eða hefur þær að engu, en fénaður hans líður eða fellur sakir fóðurskorts, hirðuleysis eða harðýðgi, að áliti forðagæzlumanns eða trúnaðarmanns búnaðarsambands-

ins, er þessum aðilum skylt að tilkynna það sýslumanni tafarlaust, ásamt öllum málavöxtum.

59. gr. hljóðar svo:

Sá, er sekur verður um illa meðferð á skepnum, samkvæmt 58. gr., skal sæta sektum frá kr. 10 000.00 til kr. 100 000.00 eða fangelsi allt að 6 mánuðum. Vanræki forðagæzlumaður eða sveitarstjórn að gera sýslumanni aðvart um ómannúðlega meðferð á skepnum, sem þessir aðilar verða áskynja um, varðar það sektum.

Ákvæði til bráðabirgða:

Búnaðarsamböndum er heimilt að innheimta á árinu 1973 gjald af innveginni mjólk samkv. a-lið 2. tölul. d-liðar 7. gr., enda tilkynni stjórn búnaðarsambands það með mánaðar fyrirvara.

Nd. 489. Frumvarp til laga [21. mál]

um Jafnlaunaráð.

(Eftir 2. umr. í Nd., 2. apríl.)

1. gr.

Konum og körlum skulu greidd jöfn laun fyrir jafnverðmæt og að öðru leyti sambærileg störf.

2. gr.

Atvinnurekendum er óheimilt að mismuna starfsfólki eftir kynferði. Gildir þetta ekki aðeins um launagreiðslur, heldur um hvers konar greinarmun, útilokun eða forréttindi vegna kynferðis. Óheimilt er að skerða jafnrétti kynjanna til atvinnuráðningar og skipunar í starfi, hlunninda, vinnuskilyrða og hækkunar í starfi.

3. gr.

Setja skal á stofn Jafnlaunaráð. Hefur það aðsetur í Reykjavík, og er starfssvið þess landið allt.

Jafnlaunaráð skal skipað 5 mönnum til þriggja ára í senn, og skulu þeir ásamt varamönnum skipaðir þannig: einn skipaður af Hæstarétti og er hann formaður ráðsins og skal hafa lokið embættisprófi í lögum, einn skipaður af félagsmálaráðherra að fengnum tillögum Námsbrautar í almennum þjóðfélagsfræðum við Háskóla Íslands, einn skipaður af Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, einn skipaður af Alþýðusambandi Íslands og einn skipaður af Vinnuveitendasambandi Íslands.

Kostnaður við Jafnlaunaráð greiðist úr ríkissjóði.

4. gr.

Verkefni Jafnlaunaráðs er að:

1. Vera ráðgjafandi gagnvart stjórnvöldum, stofnunum og félögum í málefnum, er varða jafnrétti með konum og körlum í kjaramálum og við ráðningu eða skipun til starfs.
2. Fylgjast með þjóðfélagsþróuninni, sem varðar þetta lagaefni, og gera tillögur til breytinga til samræmis við tilgang þessara laga.
3. Stuðla að góðri samvinnu við samtök atvinnurekenda og launafólks svo og aðra þá aðila, sem kjaramál snerta, svo að stefnu og markmiði laga þessara verði náð með sem eðlilegustum hætti.
4. Taka til rannsóknar af sjálfsdáðum, hver brögð kunna að vera að misrétti í kjaramálum að því leyti, er lög þessi varðar. Opinberum stofnunum svo og félagssamtökum á vinnumarkaði er skylt að veita Jafnlaunaráði hvers konar upplýsingar hér að lútandi.

5. Taka við ábendingum um brot á ákvæðum laga þessara og rannsaka málið af því tilefni og senda að rannsókn lokinni málsskjöl til þeirra aðila, sem málið snertir.

5. gr.

Nú telur Jafnlaunaráð, að starfskjör tiltekins starfsmanns fari í bága við fyrirmæli 1. og 2. gr., og beinir þá ráðið rökstuddum tilmælum um ákveðnar breytingar á starfskjörum til viðkomandi atvinnurekanda.

Fallist atvinnurekandinn ekki á tilmæli ráðsins, er ráðinu heimilt, í samráði við starfsmanninn, að höfða mál í umboði hans til viðurkenningar á rétti hans.

6. gr.

Þegar héraðsdómari fer með mál út af brotum á lögum þessum, kveður hann til tvo meðdómendur úr hópi 24 manna, sem félagsmálaráðherra tilnefnir. Skulu þeir tilnefndir til fjögurra ára.

Meðdómendur skulu vera lögráða.

Tilnefna skal öðrum fremur menn, sem hafa víðtæka þekkingu á kjaramálum launþega og jafnréttismálum. Taka skal tillit til búsetu þannig, að nægilega margir meðdómendur séu tiltækir í hverjum landshluta.

Þegar sérstaklega stendur á, getur dómari nefnt í dóm aðra en þá, sem ráðherra hefur tilnefnt.

7. gr.

Félagsmálaráðherra setur nánari reglur um framkvæmd þessara laga í reglugerð, að fengnum tillögum Jafnlaunaráðs.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 490. Frumvarp til laga [124. mál]

um vátryggingarstarfsemi.

(Eftir 2. umr. í Nd., 2. apríl.)

Samhljóða þskj. 177 með þessum breytingum:

6. gr. hljóðar svo:

Stofnendur hlutafélags, sem ætlað er að reka vátryggingarstarfsemi, skulu hið fæsta vera fimm, íslenzkir ríkisborgarar búsettir á Íslandi, ríkissjóður, bæjar- eða sveitarfélög, stofnanir, sem þessir aðiljar bera ótakmarkaða ábyrgð á, hlutafélög, samvinnufélög eða samvinnufélagasambönd, skráð á Íslandi.

Innborgað hlutafé skal nema minnst kr. 20 000 000.00. Þó skal hlutafé líftryggingarhlutafélaga vera minnst kr. 10 000 000.00.

Stjórn slíks hlutafélags skulu skipa 3 menn hið fæsta. Reki félagið ekki einvörðungu endurtryggingarstarfsemi, skal a. m. k. einn valinn með það fyrir augum að gæta hagsmuna vátryggingartaka og hinna tryggðu. Í samþykktum félagsins skal skýrt fram tekið, hvernig sá stjórnarmaður skuli valinn.

Að minnsta kosti einn endurskoðandi, löggiltur, skal kjörinn eða ráðinn til að endurskoða reikninga félagsins. Ekki má hann vera í stjórn þess né fastur starfsmaður þess að öðru leyti.

10. gr. hljóðar svo:

Stofnendur gagnkvæms vátryggingarfélags skulu hið fæsta vera fimm, íslenzkir ríkisborgarar með búsetu á Íslandi, ríkissjóður, bæjar- og sveitarfélög, stofnanir, sem

þessir aðiljar bera ótakmarkaða ábyrgð á, hlutafélög, samvinnufélög og samvinnufélagasambönd, sem skráð eru á Íslandi.

Stofnendur gagnkvæms vátryggingarfélags skulu leggja fram stofnfé, sem nema skal hið minnsta kr. 10 000 000.00. Þó skal stofnfé gagnkvæms líftryggingarfélags vera minnst kr. 5 000 000.00. Fé þetta má ekki endurgreiða nema að fengnu leyfi tryggingamálaráðherra.

Heimilt er tryggingamálaráðherra, að fengnum meðmælum tryggingaeftirlits, að leyfa, að stofnfé sé minna en um ræðir í 2. mgr.

Stjórn gagnkvæms vátryggingarfélags skulu skipa 3 menn hið fæsta. Í samþykktum slíks félags skal skýrt fram tekið, hvernig háttað skuli aðild vátryggingartaka að stjórn þess og hvernig kjöri stjórnar skuli hagað.

Að minnsta kosti einn endurskoðandi, löggiltur, skal ráðinn eða kjörinn til að endurskoða reikninga félagsins. Ekki má hann vera í stjórn þess né fastur starfsmaður þess að öðru leyti.

11. gr. hljóðar svo:

Hver sá, sem tryggir hjá gagnkvæmu vátryggingarfélagi, er sameigandi þess. Um ábyrgð vátryggingartaka á skuldbindingum félagsins skulu settar reglur í samþykktum þess. Ábyrgð hvers vátryggingartaka má eigi nema lægri fjárhæð en kr. 500.00. Þó er heimilt að undanþiggja endurtryggingartaka slíkri ábyrgð, enda nemi endurtryggingariðgjöld, sem undanþegin eru, eigi meiru en 20% af heildariðgjaldatekjum félagsins.

Ábyrgð vátryggingartaka skal miða við almanaksár og fellur niður miðað við hver áramót, ef eigi er krafa gerð á hendur vátryggingartaka innan tveggja ára frá lokum þess almanaksárs, er vátrygging féll úr gildi.

Einungis þrotabú, skilanefnd eða skilastjórn gagnkvæms vátryggingarfélags geta krafið vátryggingartaka um greiðslu samkvæmt ábyrgðarskuldbindingum þeirra, en ekki einstakir kröfuhafar félagsins. Þó er tryggingamálaráðherra heimilt að leyfa stjórn gagnkvæms vátryggingarfélags að krefja vátryggingartaka um slíka greiðslu, enda sé slíks þörf, til þess að félagið geti staðið við skuldbindingar sínar. Slíkt leyfi má þó einungis veita til eins árs í einu.

Ákvæði laga um einstök vátryggingarfélög varðandi ábyrgð félagsmanna og vátryggingartaka halda gildi sínu þrátt fyrir ákvæði þessara laga.

Á hverju vátryggingarskírteini, sem gagnkvæmt vátryggingarfélag gefur út, skal koma skýrt fram, hvernig ábyrgð vátryggingartaka er háttað. Ákvæði þetta gildir einnig um þau vátryggingarfélög, sem starfa samkvæmt sérlögum.

17. gr. hljóðar svo:

Ársreikningar vátryggingarfélags skulu gerðir í því formi, sem tryggingamálaráðherra ákveður.

Ársreikningar skulu endurskoðaðir af að minnsta kosti einum löggiltum endurskoðanda. Vottorð löggilts endurskoðanda eða skýrsla skal fylgja reikningunum og skýrsla um starfsemi og rekstur félagsins á árinu.

Ársreikninga skal birta í Lögbirtingablaði.

Í reglugerð skal tryggingamálaráðherra setja nánari ákvæði um endurskoðun hjá vátryggingarfélögum.

39. gr. hljóðar svo:

Tryggingaeftirlitið skal láta fara fram reglulega endurskoðun á reikningum vátryggingarfélaga og staðfesta þá. Í reglugerð skal tekið fram, í hverju slík endurskoðun skuli fólgin.

Vátryggingarfélög, stofnanir þær, sem um ræðir í 2. mgr. 2. gr., að því er varðar þann hluta starfsemi þeirra, sem rekinn er á viðskiptalegum grundvelli, svo og vátryggingarfélög þau, er um ræðir í 3. mgr. 2. gr., skulu senda tryggingaeftirliti árs-

reikninga sína innan mánaðar frá því, að þeir voru samþykktir á félagsfundi, þó eigi síðar en 6 mánuðum eftir lok reikningsárs. Reikningar skulu undirritaðir af stjórn félags, og þeim skal fylgja skýrsla endurskoðenda og endurrit úr fundargerðarbók félags um samþykktir þeirra, svo og skýrsla um starf og rekstur, sbr. 17. gr.

Ársreikningunum skal fylgja nákvæm skýrsla um fasteignir félagsins, bifreiðar, skip og verðbréfaeign. Enn fremur skrá um inneignir hjá viðskiptamönnum eða umboðsmönnum og skal nafngreina þá aðilja, er skulda yfir kr. 100 000.00. Þá skal fylgja skrá um skuldheimtumenn, aðra en þá, sem eiga vátryggingarkröfur á félagið, og skulu skuldheimtumenn, sem eiga inni yfir kr. 100 000.00, nafngreindir. Að lokum skal fylgja skýrsla um, á hvern hátt áfallnar en ógreiddar vátryggingarkröfur séu áætlaðar og hvernig iðgjaldsyfirfærslur til næsta árs eru ákveðnar.

Ársreikningum líftryggingarfélags skal einnig fylgja skýrslu tryggingastærðfræðings um uppgjör líftryggingasjóðs og skýrsla endurskoðenda um ávöxtun líftryggingasjóðs.

43. gr. hljóðar svo:

Sinni vátryggingarfélag ekki tilmælum tryggingaeftirlits um breytingar á skilmálum eða iðgjöldum, sbr. 40 gr., sé ekki gjaldhæft eða greiðsluhæft að mati tryggingaeftirlitsins, sbr. 41. gr., eða brjóti lög eða reglugerðir um vátryggingarstarfsemi, skal tryggingaeftirlit þegar í stað tilkynna tryggingamálaráðherra um málið og gera tillögur um, hvað gera skuli. Ráðherra skal þegar setja félaginu frest til að bæta úr því, sem úrskeiðis hefur farið, og má sá frestur aldrei vera lengri en sex mánuðir.

Hafi félagið ekki gert nauðsynlegar úrbætur innan tilskilins frests, getur ráðherra afturkallað starfsleyfi félagsins. Afturkalli ráðherra starfsleyfi, skal hann skipa þriggja manna skilastjórn í félagið. Skilastjórn tekur við öllum heimildum félagsstjórnar og jafnframt falla niður heimildir hennar.

Skilastjórn skal þegar kalla saman félagsfund og kynna félagsmönnum, hvernig komið er.

Skilastjórn skal taka ákvörðun um, hvort óska skuli gjaldþrotaskipta á félaginu eða hvort það skuli rekið áfram um skeið og viðskiptum lokið án gjaldþrotaskipta. Skal við mat á því, hvað gera skuli, aðallega litið til hagsmuna vátryggðra.

Ef um er að ræða vátryggingarfélag eða líftryggingarfélag, sem starfar samkvæmt sérlögum, skal ráðherra, áður en hann sviptir félagið starfsleyfi, skipa rannsóknarnefnd til að kanna hag og rekstur félagsins og gera tillögur um, hvað gera skuli.

59. gr. hljóðar svo:

Lög þessi öðlast þegar gildi, nema ákvæði 17. og 18. gr., sem taka gildi 1. janúar 1974.

Nd. 491. Nefndarálit [180. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum um stofnun og slit hjúskapar, nr. 60 29. maí 1972.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og mælir með samþykkt þess. GíslG. og PP voru fjarstaddir afgreiðslu málsins.

Alþingi, 2. apríl 1973.

Svava Jakobsdóttir, form., frsm. Bjarni Guðnason, fundaskr. Ólafur G. Einarsson,
Ellert B. Schram, Stefán Valgeirsson.

Ed. **492. Frumvarp til laga** [225. mál]

um jöfnun flutningskostnaðar á sementi.

(Lagt fyrir Alþingi á 93. löggjafarþingi, 1972—1973.)

1. gr.

Framkvæma skal jöfnun á flutningskostnaði sements, þannig að kostnaðarverð í vöruskemmu á hverri sementstegund frá hverjum innlendum framleiðanda eða innflutningsaðila verði hið sama á öllum verzlunarstöðum, sem jöfnun þessi nær til. Jöfnun flutningskostnaðar samkvæmt lögum þessum nær til allra verzlunarstaða á landinu, sem jafnframt eru aðaltollhafnir. Heimilt er viðskiptaráðherra að ákveða með reglugerð, að jöfnun þessi á flutningskostnaði skuli einnig ná til annarra tilgreindra verzlunarstaða.

2. gr.

Leggja skal flutningsjöfnunargjald á allt sement, sem framleitt er í landinu eða flutt er til landsins. Gjald þetta ákveður viðskiptaráðuneytið fyrir allt að eitt ár í senn, og skal upphæð þess við það miðuð, að tekjur af því nægi til að greiða flutningskostnað á því sementi, sem flytja þarf frá framleiðslustað eða innflutningshöfn til þeirra verzlunarstaða, sem jöfnun flutningskostnaðarins nær til, þannig að fullnægt verði þaðan eftirspurn eftir sementi, hvar sem er á landinu.

Flutningsjöfnunargjaldið skal reikna á hvert selt tonn af sementi. Skulu innlendir framleiðendur (Sementsverksmiðja ríkisins) greiða gjaldið ársfjórðungslega til viðskiptaráðuneytisins, en af innfluttu sementi skal það innheimt með aðflutningsgjöldum. Annast tollstjórinn í Reykjavík og bæjarfógetar annars staðar á landinu innheimtuna og skulu þeir skila gjaldinu til viðskiptaráðuneytisins.

3. gr.

Tekjur af flutningsjöfnunargjaldi samkvæmt 2. gr. skal leggja í sérstakan sjóð, flutningsjöfnunarsjóð sements. Úr sjóðnum skal greiða flutningskostnað á sementi frá framleiðslustað eða innflutningshöfn til annarra verzlunarstaða, sem jöfnun flutningskostnaðar nær til í samræmi við ákvæði 1. gr.

Fé það, sem á hverjum tíma er í flutningsjöfnunarsjóði, skal ávaxta í banka á sérstökum reikningi.

4. gr.

Nú verður tekjuafgangur á flutningsjöfnunarsjóði í árslok, og skal hann þá yfirfærast til næsta árs. Ef tekjur sjóðsins eitthvert ár hrökkva ekki fyrir gjöldum samkv. 3. gr., skal greiða það, sem á vantar af fyrstu tekjum sjóðsins næsta ár.

5. gr.

Viðskiptaráðherra skipar til 4 ára í senn flutningsjöfnunarsjóði 3 manna stjórn, 1 eftir tilnefningu Sementsverksmiðju ríkisins, 2 án tilnefningar og skal annar þeirra jafnframt vera formaður sjóðsstjórnar. Stjórnin skal annast framkvæmd laga þessara undir yfirstjórn viðskiptaráðherra, sem jafnframt sker úr ágreiningsatriðum, er upp kunna að koma.

6. gr.

Stjórn flutningsjöfnunarsjóðs úrskurðar, hvað teljast skuli flutningskostnaður sbr. ákvæði 1. málsgr. 1. greinar. Er stjórninni meðal annars heimilt að ákveða, að jöfnun flutningskostnaðar milli tiltekinna verzlunarstaða skuli takmörkuð við kostnað af þeim flutningsháttum, sem ódýrastir eru á hverjum tíma. Sömuleiðis skal henni heimilt að synja um greiðslu tiltekins kostnaðar úr sjóðnum að hluta eða að fullu, ef sýnist um að ræða misnotkun á jöfnunarkerfinu í tilteknum viðskiptum.

Heimilt er viðskiptaráðuneytinu að fella niður flutningsjöfnunargjald á sementi, sem flutt er til landsins eða framleitt er innanlands og notað er til byggingar orkuvera eða annarra meiriháttar framkvæmda. Flutningsjöfnunarsjóður greiðir þá ekki flutningskostnað á sementi til þeirra nota.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Þegar Sementsverksmiðja ríkisins hóf starfsemi sína, ákvað stjórn verksmiðjunnar í samráði við atvinnumálaráðuneytið, að jafna flutningskostnaði milli landshluta þannig, að leitazt yrði við, að kostnaðarverð vörunnar yrði sem jafnast í vöruskemmu á hverri sementstegund, hvar sem væri á landinu. Markmiðið var, að mismunandi flutningskostnaður hefði sem minnst áhrif á útsöluverð sements á einstökum verzlunarstöðum. Hefur þessi framkvæmd haldizt síðan. Með aðild Íslands að EFTA skapast möguleikar fyrir aðra en Sementsverksmiðju ríkisins til að flytja inn sement og selja það á þéttbýlissvæðum án þess að taka þátt í kostnaði við að flytja sementið til dreifbýlisins. Verður því að teljast eðlilegt, að lögfesta nú þessa jöfnun flutningskostnaðar og láta innflytjendur og Sementsverksmiðjuna greiða flutningsjöfnunargjald, sem fasta upphæð á hvert tonn af seldu sementi. Flutningsjöfnunarsjóðurinn endurgreiðir síðan flutningskostnað frá innflutningshöfn eða framleiðslustað þannig, að þessi þáttur verðsins verði hinn sami, hvar svo sem sementið er selt og hver sem seljandinn er.

Með þessu frumvarpi er ætlunin að lögfesta skipan þessara mála, þar sem eðlilegt verður að telja, að þeim sé komið í fast form.

Sþ. 493. Tillaga til þingsályktunar [226. mál]

um athugun á staðsetningu nýrrar hafnar á suðurströnd landsins.

Flm.: Guðlaugur Gíslason, Garðar Sigurðsson, Ágúst Þorvaldsson, Ingólfur Jónsson, Björn Fr. Björnsson, Steinþór Gestsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta nú þegar hefja athugun á staðsetningu nýrrar hafnar á suðurströnd landsins á svæðinu frá Dyrhólaey og vestur um. Athuguninni verði hraðað eins og kostur er á, sérstaklega með tilliti til þess, ef svo kynni að fara, að höfnin í Vestmannaeyjum og hafnarstæði þar færi forgörðum af völdum eldgossins.

Til að framkvæma athugunina skal samgönguráðuneytið skipa nefnd sex manna. Skal einn tilnefndur af Hafnamálastofnun ríkisins, einn af skipulagsstjórn ríkisins, einn af Útvegsbændafélagi Vestmannaeyja, einn sameiginlega af samtökum sjómanna og verkalýðsfélögunum í Vestmannaeyjum, einn af bæjarstjórn Vestmannaeyja, og enn fremur skal samgönguráðuneytið skipa einn mann í nefndina án tilnefningar, og skal hann vera formaður nefndarinnar.

Nefndin skal skila áliti svo fljótt sem við verður komið.

Greinargerð.

Vestmanneyingar hafa af eðlilegum ástæðum mjög hugleitt, hver aðstaða þeirra yrði, ef höfnin í Eyjum færi forgörðum af völdum eldgossins og Vestmannaeyjar ekki lengur taldar byggilegar.

Flestir munu telja, að ef svo hörmulega tækist til, mundi vera hagkvæmast fyrir alla aðila, bæði Vestmanneyinga og þjóðarheildina, að þeir héldu sem mest hópinn og byggðu upp nýtt bæjarfélag við sitt hæfi. En frumskilyrði fyrir því, að hægt sé að gera þessa hugmynd að veruleika, er, að byggð verði ný höfn á suðurströnd landsins, sem lægi sem bezt við þeim fiskimiðum, sem Vestmanneyingar eru vanir að stunda, og að nægilegt athafnasvæði væri við höfnina fyrir þau fiskvinnslu- og þjónustufyrirtæki, sem bátaflotinn þarfnast, auk landrýmis fyrir íbúðarhús, almenn þjónustufyrirtæki og opinberar byggingar, miðað við kaupstað af ekki minni stærðargráðu en áætlun hafði verið gerð um, að Vestmannaeyjar yrðu, er fram liðu stundir.

Samkvæmt skýrslu siglingamálastjóra voru um s. l. áramót skrásett í Vestmannaeyjum samtals 85 fiskiskip af ýmsum stærðum, hin stærstu um 300 smálestir. Viðurkennt er af stjórnvöldum og landsmönnum flestum, að afli Vestmannaeyjaflotans sé, eftir að hann hefur verið fullunninn til útflutnings, veigamikill þáttur í tekju- og gjaldeyrisöflun þjóðarinnar, sem áhrif hafi haft á þjóðarbúskapinn í heild.

Vestmanneyingar hafa frá fyrstu tíð staðið fast saman um hagsmunamál sín og í ýmsum tilfellum verið brautryðjendur í sambandi við útgerð og vinnslu sjávarafurða. Það verður því að teljast þjóðarhagur, að það fólk, sem byggt hefur Eyjarnar, geti sem mest haldið hópinn við sem líkastar aðstæður og atvinnuskilyrði og það áður bjó við, ef svo hörmulega fer, að þær náttúruhamfarir, sem nú standa yfir, leiða til þess, að Vestmannaeyjar verða taldar óbyggilegar, þegar eldgosinu lýkur.

Ef bátafloti Vestmanneyinga og atvinnutæki ættu eftir að sundrast og dreifast á hinar ýmsu verstöðvar á Suður- og Suðvesturlandi, er mjög mikil hætta á, að hann kæmi þjóðarbúinu í heild hvergi nærri að þeim notum, sem hann hefur gert fram að þessu.

Kringum Vestmannaeyjar, bæði vestan við þær og austan, eru einhver beztu fiskimið landsins. Vestmanneyingar hafa á undanförnum áratugum, af eðlilegum ástæðum, aflað sér mun meiri reynslu og þekkingar en aðrir, með hvaða hætti þessi fiskimið verða bezt nýtt. Þetta leiðir enn rök að því, að þjóðfélagslega mun það reynast happadrýgst, ef svo illa fer, að Vestmanneyingar verði að flýja eyjarnar, að nú þegar verði hafin athugun á því, hvar eðlilegast væri, að þeir byggðu upp nýtt samfélag, sem atvinnulega séð byggðist á nýtingu þeirra fiskimiða, sem þeir frá fyrstu tíð hafa búið við og þekkja manna bezt.

Bygging hafnar á suðurströnd landsins hefur oft verið rædd bæði innan Alþingis og utan þess. Athuganir á hafnarstæðum hafa átt sér stað á undanförnum árum, og virðist þar um ýmsa möguleika að ræða.

Verkefni þeirrar nefndar, sem þingsályktunartillagan gerir ráð fyrir, ætti fyrst og fremst að beinast að því að komast að niðurstöðu um, hvar höfn yrði bezt staðsett með það fyrir augum, að bátafloti Vestmanneyinga gæti með sem mestum árangri nýtt áfram þau fiskimið, sem hann fram að þessu hefur byggt afkomu sína á. Tillagan gerir ráð fyrir, að nefndin verði skipuð þremur aðilum, sem með hafnar- og skipulagsmál fara fyrir hönd stjórnvalda, og auk þess þremur aðilum, sem skipaðir yrðu af hinum ýmsu félagasamtökum í Vestmannaeyjum. Flm. telja, að í þessu sambandi verði að hafa í huga, að Vestmanneyingar eins og aðrir verða að hafa um það frjálst val og ákveða sjálfir, hvar þeir vilja búsetja sig, ef þeir nauðugir eða viljugir þurfa að taka ákvörðun um búsetuskipti. Það er því grundvallaratriði, að fulltrúar Vestmanneyinga í nefndinni fái að ráða, hvar höfn á suðurströndinni yrði staðsett, ef hinir sérfróðu menn í nefndinni telja það ekki óhagkvæmt af tæknilegum ástæðum.

Bygging nýrrar hafnar á suðurströndinni, sem koma ætti í stað Vestmannaeyjahafnar, verður að skoðast í allt öðru ljósi en hafnarframkvæmdir almennt. Fjármagn til hennar mætti ekki hafa áhrif á byggingu annarra hafna, heldur yrði til að koma erlent fjármagn og höfnin að byggjast með miklu meiri hraða en al-

mennt á sér stað, ef hugmyndin um áframhaldandi samfélag Vestmanneyinga á að verða raunhæf, sem flestir munu sammála um, að sé ekki einasta fyrir þá, heldur einnig þjóðhagslega séð hagkvæmast.

Eins og áður er minnzt á, hafa á undanförnum árum verið gerðar nokkrar athuganir á hafnarstæði á suðurströnd landsins. Verður að teljast eðlilegt frá hendi Alþingis og stjórnvalda, miðað við þær aðstæður, sem nú eru fyrir hendi, að athugunum þessum verði hraðað eins og tök eru á og þá höfð alveg sérstaklega hliðsjón af því, að þær náttúruhamfarir, sem enn standa yfir, geta leitt til þess, að hafnarskilyrði öll fari forgörðum í Vestmannaeyjum.

Flm. telja, að verkefni nefndarinnar eigi fyrst og fremst að vera að komast að niðurstöðu um, hvar höfn væri bezt staðsett á suðurströndinni í samræmi við það, sem í efni tillögunnar felst og fram kemur í greinargerð.

Þegar til ákvörðunar um hafnargerð á suðurströnd landsins kemur, hljóta sérfróðir aðilar, innlendir og/eða erlendir, að hanna verkið og gera alla nauðsynlega útreikninga og kostnaðaráætlanir, sem slíkar stórframkvæmdir að sjálfsögðu krefjast, jafnframt því sem gera yrði skipulag að þeim byggðarkjarna, sem reikna verður með, að í kringum slíka höfn mundi rísa.

Sþ. 494. Nefndarálit [138. mál]

um till. til þál. um Lífeyrissjóð allra landsmanna.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin telur, að hér sé um brýnt viðfangsefni að ræða og úrlausn þess væri mikilvægur áfangi í átt að auknu efnahagslegu jafnrétti í þjóðfélaginu.

Hins vegar telur nefndin rétt, eins og málavextir eru, **að vísa tillögunni til ríkisstjórnarinnar.**

Einn nefndarmanna, Birgir Kjaran, var fjarverandi.

Alþingi, 3. apríl 1973.

Björn Fr. Björnsson, form.	Jónas Árnason, fundaskr.	Bjarni Guðnason, frsm.
Stefán Gunnlaugsson.	Lárus Jónsson.	Jón Skaftason.

Sþ. 495. Nefndarálit [144. mál]

um till. til þál. um atvinnulýðræði.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin telur það mál, sem tillagan fjallar um, brýnt viðfangsefni, en álítur rétt eftir atvikum, að **tillögunni sé vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Birgir Kjaran var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 3. apríl 1973.

Björn Fr. Björnsson, form.	Jónas Árnason, fundaskr.	Stefán Gunnlaugsson, frsm.
Lárus Jónsson.	Bjarni Guðnason.	Jón Skaftason.

Nd. 496. Nefndarálit [96. mál]

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Grýtubakkahreppi jörðina Grenivík, eyðibýlið Svæði og nýbýlið Höfðabrekku.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og leggur til, að það verði samþykkt. Benedikt Gröndal og Pálmi Jónsson voru fjarstaddir við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 3. apríl 1973.

Stefán Valgeirsson, form., frsm. Eðvarð Sigurðsson, fundaskr. Ágúst Þorvaldsson.
Gunnar Gíslason. Vilhjálmur Hjálmarsson.

Nd. 497. Nefndarálit [195. mál]

um frv. til laga um happdrætti Dvalarheimilis aldraðra sjómanna.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og leggur til, að það verði samþykkt.

Alþingi, 3. apríl 1973.

Vilhjálmur Hjálmarsson, form., frsm. Gils Guðmundsson, fundaskr. Matthías Bjarnason.
Matthías Á. Mathiesen. Gylfi Þ. Gíslason. Karvel Pálmason.
Þórarinn Þórarinsson.

Nd. 498. Nefndarálit [201. mál]

um frv. til laga um Happdrætti Háskóla Íslands.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og leggur til, að það verði samþykkt.

Alþingi, 3. apríl 1973.

Vilhjálmur Hjálmarsson, form., frsm. Gils Guðmundsson, fundaskr. Matthías Bjarnason.
Matthías Á. Mathiesen. Gylfi Þ. Gíslason. Karvel Pálmason.
Þórarinn Þórarinsson.

Sþ. 499. Fyrirspurnir. [227. mál]

I. Til heilbrigðisráðherra um sjúkrarúm fyrir langlegusjúklinga.

Frá Oddi Ólafssyni.

1. Hvað er talið, að vanti mörg sjúkrarúm fyrir langlegusjúklinga?
2. Hvaða hópar langlegusjúklinga eru verst settir í þessu efni?
3. Hverra úrbóta má vænta á næstu árum?

II. Til samgönguráðherra um olíumöl.

Frá Oddi Ólafssyni.

1. Hvað líður framkvæmd þingsályktunar frá 18. maí 1972 um kerfisbundna leit að nothæfu efni í olíumöl?
2. Hve margir kaflar, 2 km eða lengri, eru tilbúnir til lagningar olíumalar eða annars bundins slitlags á þjóðvegum landsins?
3. Hvar eru þessir vegakaflar, og hver er samanlögð lengd þeirra?

III. Til iðnaðarráðherra um varaaflsþörf raforku á Norðurlandi.

Frá Lárusi Jónssyni.

1. Hefur verið gerð áætlun um varaaflsþörf raforku á Norðurlandi, sem miðast við, að verulega orku þurfi að flytja til Norðurlands um háspennulínu yfir öræfi landsins frá Sigölduvirkjun?
2. Hver mun reisa og reka þær varaaflstöðvar, og hefur rekstur þeirra áhrif á raforkuverð til Norðlendinga?

IV. Til iðnaðarráðherra um lögn háspennulínu frá Sigölduvirkjun til Norðurlands.

Frá Lárusi Jónssyni.

1. Hvenær er ráðgert, að fyrirhuguð háspennulína frá Sigöldu til Norðurlands verði fullgerð?
2. Til hvers benda niðurstöður rannsókna um öryggi línunnar, ef um eina línu yrði að ræða?
3. Hvert verður orkuverð frá línunni á Norðurlandi?
4. Hvað er gert ráð fyrir, að línan kosti, miðað við niðurstöður rannsókna á línustæðinu, og hver er arðsemi þeirrar fjárfestingar miðað við virkjunarmöguleika á Norðurlandi?

Ed. 500. Breytingartillögur [191. mál]

við frv. til laga um Iðnrekstrarsjóð.

Frá iðnaðarráðherra.

1. Við 5. gr. 3. tölul. hjóði svo:
   Framlög ríkissjóðs, 50 millj. kr. á ári, í fyrsta sinn 1973.
2. Við 7. gr. 3. málsgr. falli niður.

Ed. **501. Frumvarp til laga** [228. mál]

um breyting á lögum um Húsnæðismálastofnun ríkisins, nr. 30 12. maí 1970.

Flm.: Þorv. Garðar Kristjánsson.

1. gr.

B-liður 8. gr. laganna orðist svo:

Lánsfjárhæð má nema allt að kr. 900 000.00 á hverja íbúð, þó ekki meira en ¾ hlutum verðmætis íbúðar samkvæmt mati trúnaðarmanna veðdeildar Landsbanka Íslands. Húsnæðismálastjórn getur, að fengnu samþykki ráðherra, árlega breytt lánsfjárhæð þessari til samræmis við breytingar á vísitölu byggingarkostnaðar.

2. gr.

Á eftir II. kafla laganna komi nýr kafli, er verði III. kafli, 10—15 gr., með fyrirsögninni: **Íbúðarlán til eflingar byggðajafnvægi,** og breytist núverandi töluröð kafla og greina í samræmi við það þannig, að III.—VI. kafli verði IV.—VII. kafli og 10.—33. gr. verði 16.—39. gr.

3. gr.

10. gr. laganna orðist svo:

Ríkisstjórnin getur ákveðið eftir beiðni viðkomandi sveitarstjórnar sérstaka fyrirgreiðslu við húsbyggjendur í þeim héruðum landsins, þar sem aðstoðar er þörf til eflingar byggðajafnvægis í landinu.

4. gr.

11. gr. laganna orðist svo:

Nú sækir sveitarstjórn um aðstoð til eflingar byggðajafnvægis, sbr. 10. gr., og skal þá ríkisstjórnin leita umsagnar stjórnar Byggðasjóðs um viðkomandi umsókn. Meta skal þörfina fyrir aðstoð eftir því, hvort aukið íbúðarhúsnæði geti stuðlað að fólksflutningum til byggðarlagsins, ef skortur er á vinnuafli til fullnýtingar þeirra atvinnutækja, sem þar eru, eða til að mæta aukinni atvinnuuppbyggingu.

5. gr.

12. gr. laganna orðist svo:

Nú ákveður ríkisstjórnin að lokinni rannsókn samkvæmt 11. gr. að veita aðstoð til eflingar byggðajafnvægis, og skulu þá næstu 4 ár lán úr Byggingarsjóði ríkisins samkvæmt 8. gr., sem veitt eru aðilum innan viðkomandi sveitarfélags, vera að upphæð 80% af byggingarkostnaði íbúðar og vera til 33 ára, afborgunarlaus fyrstu þrjú árin, en endurgreiðast síðan á 30 árum.

6. gr.

13. gr. laganna orðist svo:

Byggðasjóður skal kaupa árlega skuldabréf (bankavaxtabréf) samkvæmt 5. gr. til að mæta þeirri fjármagnsþörf, er nemur mismuninum á almennri lánsupphæð samkvæmt 8. gr. og lánsfjárhæð, er nemur 80% af byggingarkostnaði, sbr. 12. gr.

7. gr.

14. gr. laganna orðist svo:

Þegar 5 ár eru liðin frá töku íbúðarláns samkvæmt 12. gr. og þar til lánið hefur verið að fullu greitt, getur upphaflegur lántakandi óskað eftir, að Byggingarsjóður

ríkisins yfirtaki íbúðina, og er þá sjóðnum skylt að gera það fyrir kaupverð, er nemur byggingarkostnaði að viðbættri hækkun samkvæmt byggingarvísitölu að frádreginni fyrningu að mati dómkvaddra manna. Nú er sveitarfélag lántakandi, og er þá Byggingarsjóði ekki skylt að yfirtaka viðkomandi íbúð.

Íbúð, sem Byggingarsjóður kaupir samkvæmt 1. mgr., skal hann selja á hæsta fáanlegu verði. Ekki er heimilt, að söluverð íbúðar sé lægra en sem nemur byggingarkostnaði. Nú fær Byggingarsjóður ekki kaupanda að íbúð fyrir kaupverð, er nemi byggingarkostnaði, og er þá heimilt að selja viðkomandi sveitarfélagi íbúðina, þótt á lægra verði sé.

Til að mæta tapi, sem Byggingarsjóður kann að verða fyrir vegna mismunar á kaupverði íbúðar samkvæmt 1. mgr. og söluverði hennar, skal ráðstafa sem svarar tekjum sjóðsins af 1% lántökugjaldi samkvæmt 4. gr. e.

8. gr.

15. gr. laganna orðist svo:
Sett skulu í reglugerð glögg ákvæði um framkvæmd þessa kafla.

9. gr.

Í stað orðsins „helmingi“ í 2. mgr. 18. gr. laganna (er verði 24. gr.) komi: fjórðungi.

10. gr.

Í stað orðanna „jafnhátt og“ í 2. mgr. 20. gr. laganna (er verði 26. gr.) komi: þreföld.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Nauðsyn byggðajafnvægis.

Á nauðsyn byggðajafnvægis er víðtækur skilningur. Þó er það svo, að við þetta mál hefur verið fengizt með minni árangri en flest önnur viðfangsefni. Þetta er vegna þess, að mönnum hefur seint skilizt, að til að stuðla að jafnvægi í byggð landsins þarf að koma til alhliða uppbygging þeirra byggðarlaga eða landssvæða, sem efla skal til aukins byggðajafnvægis. Enn fremur hafa menn lengi skirrzt við að viðurkenna, að ekki verður unnið að jafnvægi í byggð landsins nema mismuna þannig, að meira verði gert fyrir þá staði, sem efla þarf, en hina.

Efling byggðajafnvægis er í framkvæmd margslungið viðfangsefni. Ekki tjóar að láta til sín taka hluta vandamálsins. Venjulega þurfa að koma til samverkandi aðgerðir á ýmsum sviðum, svo sem á vettvangi samgöngumála, atvinnumála, skólamála, heilbrigðismála og félagsmála.

Í allri viðleitni til eflingar byggðajafnvægi kreppir nú skórinn ekki sízt að í húsnæðismálunum. Víða úti um land skortir nú íbúðarhúsnæði. Þetta á einkum við þróttmikla útgerðarstaði. Þar er húsnæðisskorturinn þess eðlis, að hann kemur í veg fyrir fólksflutninga til þessara staða, sem annars væri grundvöllur fyrir. Þetta er á stöðum, þar sem skortir fólk á vinnumarkaðinn, til þess að framleiðslutækin, sem þar eru þegar fyrir hendi, verði fullnýtt og rekin með eðlilegum hætti. Á þessum sömu stöðum eru víða hinar hagkvæmustu aðstæður til frekari atvinnuuppbyggingar. Þar sem svo háttar til, getur því verið hinn ákjósanlegasti grundvöllur til eflingar byggðajafnvægi í landinu, ef ýtt er undir fólksflutninga til þessara staða frá þeim landssvæðum, þar sem fjölmenni hefur raskað eðlilegu byggðajafnvægi.

Til að hagnýta þennan grundvöll til eflingar byggðajafnvægi þarf aðgerðir, sem koma í veg fyrir, að húsnæðisskortur hindri búsetuskipti fólks, sem vill leita til þessara staða í atvinnuskyni. Þessar aðgerðir þurfa og að vera þess eðlis, að þær

í sjálfu sér örvi til þessara fólksflutninga. Þess vegna eru ekki önnur úrræði í þessu máli en að gera mögulegt, að íbúðarlán, sem veitt eru til þessara staða, verði hærri og hagkvæmari en almennt gerist.

Þetta þarf að gilda um öll íbúðarlán, sem veitt eru til þeirra byggðarlaga, sem njóta þessarar aðstoðar. Ekki er t. d. nægilegt að binda þessi sérstöku lán við byggingu leiguíbúða. Á þessum stöðum eru leiguíbúðir að vísu nauðsynlegar, en þær leysa ekki allan vandann. Engin frambúðarlausn fæst, nema öllum, sem byggja íbúðarhús, séu veitt þessi lán. Ekki á þetta sízt við um þá, sem vilja koma sér upp eigin íbúðum, svo sem algengast er um landsmenn. Mest er um vert að ýta undir íbúðarhúsabyggingar einstaklinga á þessum stöðum, því að það eru einstaklingarnir, sem eru driffjöðrin í þessum framkvæmdum í landinu. Hins vegar hefur í þessum efnum reynzt sá Þrándur í Götu, að einstaklingar hafa oft veigrað sér við að byggja sér íbúðir á mörgum þeim stöðum, þar sem þessi sérstaka aðstoð í húsnæðismálunum þarf einmitt að koma til. Menn hafa óttazt, að fjármunir þeir, sem þeir legðu í íbúðarbyggingar á þessum stöðum, rýrnuðu í verði vegna ótryggrar framtíðar viðkomandi staða. Þeir hafa óttazt, að þeir gætu ekki selt íbúðir sínar á kostnaðarverði eða í eðlilegu samræmi við almennt verðlag, ef þeir þyrftu að selja þær, t. d. vegna brottflutnings. Gegn þessum vanda verður ekki snúizt, nema þessir menn fái nokkra tryggingu fyrir því, að þeir bíði ekki tjón af framtaki sínu, sem er þjóðfélaginu svo mikilvægt til eflingar byggðajafnvægi.

Íbúðarlán til eflingar byggðajafnvægi.

Með skírskotun til þess, sem að framan greinir, gerir frumvarp þetta ráð fyrir, að í lögin um Húsnæðismálastofnun ríkisins komi nýr kafli, er fjalli um íbúðarlán til eflingar byggðajafnvægi. Þar segir, að ríkisstjórnin geti ákveðið eftir beiðni viðkomandi sveitarstjórnar sérstaka fyrirgreiðslu við húsbyggjendur í þeim héruðum landsins, sem aðstoðar er þörf, til eflingar byggðajafnvægi í landinu. Lagt er til, að stjórn Byggðasjóðs sé kvödd til ráða um slíkar ákvarðanir. Þarf þá að meta, hvort aðstoðar er þörf og hvort aðstoð kemur að tilætluðum notum til eflingar jafnvægi í byggð landsins. Enn fremur getur þurft að meta, hvaða staðir hafi forgang eða í hvaða röð hin einstöku byggðarlög hljóta aðstoð þessa, ef ekki verður hægt að sinna öllum réttmætum umsóknum samtímis.

Frumvarpið kveður svo á um form þeirrar aðstoðar, sem veita skal: Ákvörðun um aðstoð á að gilda fyrir 4 ár í senn. Hér er reiknað með ákveðnu framkvæmdatímabili hliðstætt því, sem lög mæla nú fyrir um aðstoð úr Byggingarsjóði verkamanna til að koma við skipulegum vinnubrögðum og áætlunargerð um að ná settum áfanga í íbúðabyggingum. Á þessu tímabili skal veita í viðkomandi sveitarfélag sams konar lán og veitt eru nú úr Byggingarsjóði ríkisins til íbúða, sem byggðar eru á vegum framkvæmdanefndar Byggingaráætlunar ríkisins í Breiðholtinu í Reykjavík. Þessi sérstöku íbúðarlán á að veita öllum byggingaraðilum, bæði til byggingar eigin íbúða og leiguíbúða, hvort sem það eru einstaklingar, byggingarfélög eða viðkomandi sveitarfélag sjálft. Hin sérstaka aðstoð er fólgin í því, að lán þessi eru að upphæð 80% af byggingarkostnaði íbúðar og eru til 33 ára, afborgunarlaus fyrstu 3 árin, en endurgreiðast síðan á 30 árum. Hér er um að ræða miklum mun betri lán en hin almennu lán Byggingarsjóðs ríkisins. Þau lán, sem nú eru ákveðin 800 þús. kr. á hverja íbúð, nema naumast 40% af byggingarkostnaði meðalstórrar íbúðar og eru einungis til 25 ára og með engum afborgunarfresti.

Hlutverk Byggðasjóðs.

Til að mæta fjármagnsþörf Byggingarsjóðs ríkisins vegna framangreindra íbúðarlána til eflingar byggðajafnvægi er í frumvarpinu lögð sú skylda á Byggðasjóð að kaupa skuldabréf, sem veðdeild Landsbanka Íslands er heimilt að gefa út til öflunar fjár í Byggingarsjóðinn. Þessi skuldabréfakaup Byggðasjóðs hljóta að nema verulegri

fjárhæð á ári hverju, ekki undir 200—300 millj. kr., ef miðað er við, að íbúðarlán til eflingar byggðajafnvægi verði ekki til færri en 200—300 íbúða árlega. Með tilvísun til þess, sem áður segir um mikilvægi þessara aðgerða, getur ráðstöfunarfé Byggðasjóðs ekki verið betur varið miðað við tilgang sjóðsins en að standa undir því, sem sérstaklega er gert í húsnæðismálunum til eflingar jafnvægi í byggð landsins. Ef hins vegar kann að þykja nauðsynlegt að auka tekjur Byggðasjóðs í þessu skyni, þá er það aðgerð, sem krefst forgangs.

Verðtrygging íbúða.

Þá felur frumvarpið í sér ákvæði um verðtryggingu þeirra íbúða, sem hin sérstöku lán til eflingar byggðajafnvægi hafa verið lánuð út á. Þessi verðtrygging er til góða upphaflegum lántakendum, en nær ekki til eigenda íbúðanna, sem síðar kunna að verða. Er verðtryggingin í því fólgin, að Byggingarsjóði ríkisins er að beiðni lántakanda gert skylt að yfirtaka viðkomandi íbúð, ef 5 ár eru liðin frá lántöku og lánið er ekki greitt að fullu. Skal þá kaupverð íbúðar nema byggingarkostnaði að viðbættri hækkun samkvæmt byggingarvísitölu að frádreginni fyrningu að mati dómkvaddra manna. Þessa verðtryggingu er ekki skylt að láta í té, ef sveitarfélag er lántakandi.

Ekki er gert ráð fyrir, að Byggingarsjóður ríkisins hafi eignarhald til frambúðar á þeim íbúðum, sem hann yfirtekur. Sjóðnum er gert skylt að selja þessar íbúðir á hæsta fáanlegu verði. Hins vegar er ekki heimilt, að söluverð þessara íbúða sé lægra en nemur byggingarkostnaði, nema sveitarfélag sé kaupandi.

Til að mæta tapi, sem Byggingarsjóður kann að verða fyrir vegna mismunar á kaupverði og söluverði hinna verðtryggðu íbúða, kveður frumvarpið svo á, að ráðstafa skuli fjárhæð, sem svarar tekjum af 1% lántökugjaldi, sem sjóðurinn tekur nú samkvæmt lögum af öllum útlánum sínum. Erfitt er af augljósum ástæðum að gera sér grein fyrir, hve miklu Byggingarsjóður kann að tapa við framkvæmd verðtryggingarinnar. Það hlýtur að fara mikið eftir árangri þeirra aðgerða, sem gerðar eru samkvæmt þessu frumvarpi. Ef vel tekst til, eru líkur fyrir því, að fólksflutningur til staða, sem njóta verðtryggingarinnar, stuðli þar að hækkun húsaverðs eða geti komið í veg fyrir óeðlilega lágt verðlag húsa. Hins vegar er nauðsynlegt að kveða á um, hvað heimilt er að verja miklu fjármagni vegna verðtryggingarinnar. Þess vegna er lagt til, að fjárhæð, sem svarar lántökugjaldi Byggingarsjóðsins, megi verja í þessu skyni.

Í bili þarf aftur á móti ekkert fjármagn vegna verðtryggingarinnar. Samkvæmt ákvæðunum um verðtryggingu getur hún ekki komið til framkvæmda fyrr en í fyrsta lagi eftir 5—6 ár, frá því að frumvarp þetta verður að lögum. Ekki er óvarlegt að reikna með, að það fjármagn, sem lántökugjaldið gefur á þessu tímabili, verði orðið samtals að minnsta kosti 100 millj. kr., þegar komið getur til útgjalda að ráði vegna verðtryggingarinnar. Nauðsyn ber hins vegar til að hafa hliðsjón af þessari nýju fjármagnsþörf vegna verðtryggingarinnar, þegar hinir almennu tekjustofnar íbúðalánakerfisins verða efldir, eins og augljóslega þarf að gera, þótt hér séu ekki settar fram tillögur um það efni, þar sem enn þykir rétt að láta reyna á, hvort félagsmálaráðherra stendur við margítrekuð loforð um að gera það.

Efling Byggingarsjóðs verkamanna.

Auk hins nýja kafla um íbúðarlán til eflingar byggðajafnvægi, sem frumvarp þetta fjallar um, felur það í sér breytingar varðandi tvö önnur atriði. Er þar um að ræða hækkun á framlagi ríkissjóðs til Byggingarsjóðs verkamanna og hækkun á fjárhæð hinna almennu íbúðarlána Byggingarsjóðs ríkisins.

Í meir en 40 ár hefur ríkissjóður greitt árlega framlag til Byggingarsjóðs verkamanna, sem verið hefur jafnhátt og samanlögð framlög sveitarfélaga til Byggingar-

sjóðsins hafa verið á ári hverju. Eftir að gagngerð breyting var gerð á verkamannabústaðakerfinu árið 1970, komu í ljós erfiðleikar í fámennum sveitarfélögum á framkvæmd þessara mála. Kom það til af því, að byggingarframkvæmdum eru sett takmörk, sem miðast við framlag hlutaðeigandi sveitarfélags til Byggingarsjóðs verkamanna. Samkvæmt þessum ákvæðum mátti hámarksframlag sveitarfélaga ekki vera hærra en sem svaraði 400 krónum á hvern íbúa í viðkomandi sveitarfélagi. Þetta hámarksframlag reyndist vera of lágt í fámennum sveitarfélögum, til þess að við yrði komið nægilega miklum og hagkvæmum byggingarframkvæmdum. Til að bæta úr þessu var samþykkt á síðasta þingi, að hámark framlagsins skyldi vera 1200 krónur í stað 400 króna.

Þrátt fyrir þessa bragarbót, sem þýddi, að möguleikar til framkvæmda þrefölduðust, hefur komið í ljós, að ekki var nóg að gert. Þar að auki hefur komið til, að sveitarfélögin hafa átt erfitt með að standa undir greiðslubyrði sinni vegna byggingar verkamannabústaða. Afleiðingin hefur orðið sú, að verkamannabústaðir hafa ekki verið byggðir í eins ríkum mæli og þurft hefði. Til að bæta úr þessu er ekki ráð að leggja þyngri byrðar á sveitarfélögin en gert hefur verið miðað við óbreytta tekjustofna þeirra og verkefni. Þess vegna er lagt til í þessu frumvarpi, að Byggingarsjóður verkamanna verði fjármagnaður af ríkissjóði að ¾ hlutum og af sveitarsjóðum að ¼ hluta.

Þessi breyting felur í sér þreföldun á upphæð framlags ríkissjóðs miðað við óbreytta fjárhæð frá sveitarfélögunum. Þannig er á fjárlögum þessa árs framlag ríkissjóðs til Byggingarsjóðs verkamanna ákveðið 63 millj. kr. gegn jafnháu framlagi frá sveitarfélögunum. Hér er því um að ræða 126 millj. kr. hækkun á framlagi ríkissjóðs miðað við óbreytta fjárhæð frá sveitarfélögunum. Þetta þýðir, að ráðstöfunarfé til byggingar verkamannabústaða gæti tvöfaldazt, án þess að aukið sé framlag sveitarfélaganna.

Gera má ráð fyrir, að þessi breyting á hlutfalli framlaga til sjóðsins stórauki byggingu verkamannabústaða, þar sem frumkvæði þessara framkvæmda er samkvæmt lögum í valdi sveitarstjórna. Með slíkum ráðstöfunum verður bezt unnið að húsnæðismálum láglaunafólks, þar sem lánskjör Byggingarsjóðs verkamanna eru þau langt um beztu, sem völ er á.

Hækkun almennra íbúðarlána.

Þá felur frumvarpið loks í sér breytingu á hámarki íbúðarlána Byggingarsjóðs ríkisins úr kr. 600 000.00 í kr. 900 000.00 til samræmis við breytingar á vísitölu byggingarkostnaðar. Þegar lögfest var 600 þús. kr. hámarksupphæðin í maí 1970, var vísitala byggingarkostnaðar 439 stig, en er nú orðin 689 stig eða hefur hækkað síðan um 56.9%. Miðað við þessa hækkun byggingarkostnaðarins er það algjört lágmark að hækka lánin í 900 þús. kr., ef þau eiga að halda raungildi sínu. Það er því ekki nægileg sú hækkun upp í 800 þús. kr., sem húsnæðismálastjórn hefur nú ákveðið með samþykki félagsmálaráðherra. Frumvarpinu er ætlað að bæta úr þessu ófremdarástandi.

Athugasemdir við einstakar greinar.

Um 1. gr.

Í grein þessari felst sú breyting, að lánsfjárhæðin er ákveðin kr. 900 000.00 í stað kr. 600 000.00. Er þessi breyting gerð til samræmis við breytingar á vísitölu byggingarkostnaðar, sem orðið hafa, frá því að gildandi lög voru sett í maímánuði 1970.

Enn fremur er hér um að ræða þá breytingu, að húsnæðismálastjórn getur, að fengnu samþykki ráðherra, breytt lánsfjárhæðinni árlega í stað á tveggja ára fresti, svo sem nú er.

Um 2. gr.

Um grein þessa skírskotast til almennra athugasemda hér að framan.

Um 3. gr.

Hér er gert ráð fyrir, að sveitarstjórnir sendi ríkisstjórninni umsóknir um aðstoð til eflingar byggðajafnvægi.

Um 4. gr.

Í grein þessari felst, að aðstoð ríkisvaldsins er við það miðuð, að sköpuð séu húsnæðisskilyrði fyrir fólk, svo að það geti flutzt til staða, sem búa við vinnuaflsskort. Aðstoðin er veitt á þeirri forsendu, að fólksfjölgun viðkomandi staðar stuðli að eflingu byggðajafnvægi.

Um 5. gr.

Hér er gert ráð fyrir, að ákvörðun ríkisstjórnarinnar um aðstoð til eflingar byggðajafnvægi gildi fyrir næstu 4 ár. Skulu á því tímabili gilda þau lánskjör, sem tilgreind eru í þessari grein. Eiga þessi lánskjör við öll lán samkvæmt 1. og 3. mgr. A-liðar 8. greinar.

Að loknu þessu fjögurra ára framkvæmdatímabili getur sveitarstjórn á ný sótt um aðstoð til eflingar byggðajafnvægi samkvæmt 4. gr.

Um 6. gr.

Hér er Byggðasjóði gert að kaupa bankavaxtabréf, sem veðdeild Landsbanka Íslands gefur út og selur til öflunar fjár í Byggingarsjóð ríkisins samkvæmt 5. gr. laganna. Er hér um hliðstætt ákvæði að ræða og gildir um Atvinnuleysistryggingarsjóð og tryggingarfélög, sbr. 6. gr. laganna. En kaup Byggðasjóðs eru ekki vegna hinna almennu fjárþarfa Byggingarsjóðs ríkisins, heldur til að mæta hinum sérstöku þörfum til eflingar byggðajafnvægi.

Um 7. gr.

Í 1. mgr. þessarar greinar er kveðið á um verðtryggingu íbúða til handa húsbyggjendum í þeim byggðarlögum, sem njóta aðstoðar til jafnvægis í byggð landsins. Réttur húsbyggjenda verður ekki virkur, fyrr en 5 ár eru liðin frá töku íbúðarlánsins, og fellur niður, þegar lánið er að fullu greitt. Réttur þessi er ekki framseljanlegur við sölu íbúðar. Rétt til verðtryggingar hafa allir, sem lán hafa tekið samkvæmt þessum kafla laganna, nema sveitarfélög.

Gert er ráð fyrir í 2. mgr., að Byggingarsjóður hafi ekki til frambúðar eignarhald á íbúðum, sem hann hefur þurft að yfirtaka vegna verðtryggingarinnar. Þó er sjóðnum ekki heimilt að selja slíkar íbúðir undir byggingarkostnaði, nema viðkomandi sveitarfélag sé kaupandi.

Í 3. mgr. er kveðið á um, hvernig mæta skuli tapi Byggingarsjóðs ríkisins vegna framkvæmdar á verðtryggingunni. Er heimilað, að sjóðurinn verji í þessu skyni upphæð, sem svarar allt að samanlögðum tekjum hans af 1% lántökugjaldi, sem öllum lántakendum sjóðsins er gert að greiða. Ekkert tap getur komið til greina fyrir Byggingarsjóðinn fyrr en eftir 5—6 ár frá gildistöku þessarar ákvæða um verðtryggingu.

Um 8. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 9. gr.

Hér er um að ræða breytingu til samræmis við breytingu samkvæmt 10. gr.

Um 10. gr.

Þessi breyting felur í sér, að fallið er frá þeirri reglu, sem nú er í lögum, að ríkissjóður og sveitarfélög greiði til helminga framlög til Byggingarsjóðs verkamanna. Hér er tekin upp sú regla, að ríkissjóður greiði ¾ og sveitarfélög ¼.

Um 11. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Ed. **502. Breytingartillaga** [69. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 57 18. apríl 1962, um Hæstarétt Íslands.

Frá Geir Gunnarssyni.

Á eftir 8. gr. komi svo hljóðandi

Ákvæði til bráðabirgða:

Hæstaréttardómari, sem skipaður er eftir gildistöku laga þessara, skal ekki njóta lífeyris samtímis fullum launum samkvæmt niðurlagi 61. gr. stjórnarskrárinnar.

Sþ. **503. Þingsályktun** [65. mál]

um vegagerð yfir Sprengisand.

(Afgreidd frá Sþ. 3. apríl.)

Samhljóða þskj. 69.

Sþ. **504. Þingsályktun** [100. mál]

um könnun á réttarstöðu tjónaþola vegna skaða af völdum flugumferðar í nágrenni flugvalla.

(Afgreidd frá Sþ. 3. apríl.)

Samhljóða þskj. 124.

Sþ. **505. Þingsályktun** [58. mál]

um kostnaðaráætlun við vegagerð í Mánárskriðum.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta gera frumáætlun um kostnað við vegagerð niðri við sjó í Mánárskriðum á Siglufjarðarvegi.
um kostnaðaráætlun við vegagerð í Mánárskriðum.

(Afgreidd frá Sþ. 3. apríl.)

Sþ. **506. Þingsályktun** [81. mál]

um bætta aðstöðu nemenda landsbyggðarinnar, sem sækja verða sérskóla á höfuðborgarsvæðinu.

(Afgreidd frá Sþ. 3. apríl.)

Samhljóða þskj. 88.

Nd. 507. Nefndarálit [218. mál]

um frv. til laga um breyting á mörkum Gullbringusýslu og Kjósarsýslu og skipan lögsagnarumdæma.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og er sammála um að mæla með því, að frv. verði samþykkt með eftirtöldum

BREYTINGUM:

1. Á eftir 2. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:
   Afnotaréttur sveitarfélaga þeirra, sem um ræðir í lögum þessum, til beitilanda og afrétta helzt óbreyttur eins og verið hefur þrátt fyrir ákvæði laga þessara.
2. Á eftir 3. gr. komi svofellt

Ákvæði til bráðabirgða.

1. Dómsmálaráðherra skipar fyrir um, hvernig málum þeim í Gullbringusýslu, sem ekki eru útkljáð, þegar lög þessi öðlast gildi, skuli skipt milli sýslumannsins í Gullbringusýslu og sýslumannsins í Kjósarsýslu.
2. Eignaskipti og skuldaskil, sem leiðir af tilfærslu hreppa á milli sýslnanna, skulu fara fram hið fyrsta. Rísi ágreiningur, sker félagsmálaráðherra úr.

Gísli Guðmundsson var fjarstaddur afgreiðslu málsins.

Alþingi, 3. apríl 1973.

Svava Jakobsdóttir, form., frsm.	Bjarni Guðnason, fundaskr.	Pétur Pétursson.
Ólafur G. Einarsson.	Stefán Valgeirsson.	Ellert B. Schram.

Nd. 508. Nefndarálit [34. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum um almannatryggingar, nr. 67 frá 20. apríl 1971.

Frá minni hl. heilbrigðis- og trygginganefndar.

Nefndin hefur ekki getað orðið sammála um afgreiðslu frumvarpsins. Meiri hluti nefndarinnar leggur til, að það verði afgreitt með rökstuddri dagskrá, en undirritaður gerir það að tillögu sinni, að frumvarpið verði samþykkt.

Alþingi, 4. apríl 1973.

Stefán Gunnlaugsson.

Sþ. 509. Tillaga til þingsályktunar [229. mál]

um athugun á raforkuöflunarleiðum fyrir Norðlendinga.

Flm.: Magnús Jónsson, Lárus Jónsson, Gunnar Gíslason, Björn Jónsson, Pálmi Jónsson, Björn Pálsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að skipa 5 manna samstarfsnefnd ríkisstjórnarinnar og Fjórðungssambands Norðlendinga, sem kanni hið allra fyrsta, hver

sé hagkvæmasti og öruggasti kostur til raforkuöflunar fyrir Norðlendinga. A. m. k. tveir menn í nefndina skulu tilnefndir af Fjórðungssambandi Norðlendinga. Nefndin skal ljúka störfum svo fljótt sem auðið er.

Greinargerð.

Fjórðungssamband Norðlendinga hefur um nokkurt skeið freistað þess að fá skipaða samstarfsnefnd í orkumálum með ríkisstjórninni til þess að gera heildarathugun á því, með hvaða hætti verði á hagkvæmastan og öruggastan hátt leyst úr þeim geigvænlega vanda í orkumálum fjórðungsins, sem nú blasir við. Í marz s. l. ítrekaði Fjórðungssambandið þessar óskir sínar og skoraði jafnframt á þingmenn Norðurlands, „að þeir beiti áhrifum sínum til þess, að skipuð verði nefnd ríkisstjórnarinnar og Fjórðungssambands Norðlendinga til þess að gera hlutlausa könnun á orkuþörf, orkuöflun og dreifingu raforku á Norðurlandi með það fyrir augum að finna hagkvæmustu leiðir til lausnar þeirra vandamála, er við á á þessu sviði.“ Flm. þessarar till. vilja með tillöguflutningi þessum leitast við að verða við þessari ósk, sem samþykkt var einróma í fjórðungsráði.

Á sama fundi samþykkti fjórðungsráð almenna ályktun í orkumálum, sem fer hér á eftir: „Fjórðungsráð Norðlendinga telur ástand orkumála á Norðurlandi með öllu óviðunandi og geti svo farið, að orkuskortur hefti framþróun í fjórðungnum á næstu árum. Telur ráðið, að mjög skjótra aðgerða sé þörf, ef komast á hjá vandræðum. Það er skoðun fjórðungsráðs, að með ákvörðunum, sem Fjórðungssamband Norðlendinga hafi ekki átt aðild að, hafi ríkisstjórnin í reynd tekið til sín af heimamönnum frumkvæði í orkumálum Norðurlands. Telur fjórðungsráð þetta mjög varhugavert og leggur áherzlu á, að slík mál eigi að leysa í samstarfi ríkisvalds og heimamanna. Ítrekar fjórðungsráð fyrri áskorun sína um, að skipuð verði hið fyrsta nefnd ríkisstjórnarinnar og Fjórðungssambands Norðlendinga, sem geri hlutlausa könnun á orkuþörf, orkuöflun og dreifingu raforku á Norðurlandi. Verði sú leið til orkuöflunar valin, sem hagkvæmust reynist fyrir Norðurland og þjóðarheildina.“

Sþ. 510. Nefndarálit [12. mál]

um till. til þál. um könnun á samkeppnisaðstöðu íslenzks skipasmíðaiðnaðar við erlendan.

Frá atvinnumálanefnd.

Nefndin ræddi tillöguna og sendi hana til umsagnar margra fyrirtækja og félagssamtaka. Umsagnir hafa borizt frá eftirtöldum aðilum: Félagi ísl. iðnrekenda, Iðnþróunarstofnun Íslands, Slippstöðinni á Akureyri, Félagi dráttarbrauta og skipasmiðja, Landssambandi iðnaðarmanna og Skipasmíðastöð Njarðvíkur.

Umsagnirnar eru allar jákvæðar og er af flestum mælt eindregið með því, að tillagan verði samþykkt. Nefndin mælir öll með samþykkt tillögunnar.

Alþingi, 3. apríl 1973.

Ásgeir Bjarnason, form.	Ragnar Arnalds, fundaskr.	Ingólfur Jónsson, frsm.
Björn Pálsson.	Karvel Pálmason.	Pétur Sigurðsson.
	Pétur Pétursson.	

Sþ. 511. Nefndarálit [56. mál]

um till. til þál. um rækju- og skelfiskleit fyrir Norðurlandi.

Frá atvinnumálanefnd.

Nefndin hefur rætt tillöguna og sent til umsagnar til Fiskifélags Íslands og Hafrannsóknastofnunarinnar. Svar Fiskifélagsins er jákvætt, en Hafrannsóknastofnunin bendir á, að það sé rangt, að eigi hafi verið leitað að rækju- og skelfiskmiðum fyrir Norðurlandi, fjárveiting til rækju- og skelfiskleitar hafi hins vegar verið felld niður á fjárlögum í vetur, en úr því muni verða bætt með fjárveitingu til að leigja eða kaupa hæfilega stóran bát.

Nefndin leggur því til, að tillögunni verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Alþingi, 3. apríl 1973.

Ásgeir Bjarnason, form.	Ragnar Arnalds, fundaskr.	Björn Pálsson, frsm.
Ingólfur Jónsson.	Karvel Pálmason.	Pétur Sigurðsson.
	Pétur Pétursson.	

Sþ. 512. Nefndarálit [50. mál]

um till. til þál. um samstarf Íslendinga, Norðmanna og Færeyinga að fiskveiðum og fisksölu.

Frá atvinnumálanefnd.

Nefndin hefur athugað till. og mælir með því, að hún verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 4. apríl 1973.

Ásgeir Bjarnason, form.	Ragnar Arnalds, fundaskr., frsm.	Björn Pálsson.
Ingólfur Jónsson.	Karvel Pálmason.	Pétur Sigurðsson.
	Pétur Pétursson.	

Nd. 513. Breytingartillaga [74. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 67 10. maí 1966, um vélstjóranám.

Frá menntamálanefnd.

Við 1. gr. 2. efnismgr. falli niður.

Nd. 514. Lög [54. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að staðfesta fyrir Íslands hönd alþjóðasamning, er gerður var 15. febrúar 1972, um varnir gegn mengun sjávar vegna losunar úrgangsefna frá skipum og flugvélum.

(Afgreidd frá Nd. 4. apríl.)

Samhljóða þskj. 57.

Nd. 515. Breytingartillaga [73. mál]

við frv. til búfjárræktarlaga.

Frá landbúnaðarnefnd.

Við 4. gr. Í stað orðanna „Þeir skulu hafa lokið háskólaprófi í búfjárrækt og hafa sérþekkingu á þeirri búfjárræktargrein, er þeir starfa við“ í 1. málsgr. komi: Þeir skulu hafa lokið kandidatsprófi í búfræði og að auki vera sérmenntaðir í búfjárrækt.

Nd. 516. Breytingartillögur [124. mál]

við frv. til l. um vátryggingarstarfsemi.

Frá Matthíasi Bjarnasyni.

1. 59. gr. orðist svo:
   Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1974.
2. Á eftir 59. gr. komi svo hljóðandi

Ákvæði til bráðabirgða.

Til undirbúnings framkvæmd laganna skipar tryggingamálaráðherra þrjá menn í nefnd, og skulu þeir fullnægja sömu skilyrðum og í 2. málsl. 38. gr. laganna greinir.

Ed. 517. Breytingartillaga [69. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum, nr. 57 18. apríl 1962, um Hæstarétt Íslands.

Frá Birni Fr. Björnssyni.

Við 9. gr. 1. mgr. orðist svo:
Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1973. Ákvæði 5. gr., 6. gr., 2. og 3. mgr. 7. gr. og 8. gr. taka til mála, sem stefnt er til Hæstaréttar eftir þann tíma.

Ed. 518. Frumvarp til búfjárræktarlaga. [73. mál]

(Eftir 3. umr. í Nd., 4. apríl.)

Samhljóða þskj. 77 með þessum breytingum:

2. gr. hljóðar svo:
Búnaðarsambönd skulu setja sér samþykkt um tilhögun búfjárræktarmála á sambandssvæðinu. Þar skal, eftir því sem líklegast þykir til árangurs, taka fram:

a) að búfjárrækt heyri beint undir stjórn búnaðarsambands eða
b) að með málefni einstakra búfjárræktargreina, einnar eða fleiri, fari sérstök stjórn kosin af aðalfundi búnaðarsambands og er ábyrg gagnvart honum eða
c) að verkefni búnaðarsambands á sviði einstakra búfjárræktargreina, einnar eða fleiri, séu falin sérstökum búfjárræktarsamböndum — nautgripa-, sauðfjár-

eða hrossaræktarsamböndum, sem starfandi eru eða stofnuð kunna að verða og mynduð eru af búfjárræktar- og búnaðarfélögum og hafa eigin stjórn og sérstök fjármál. Slík sambönd skulu þó jafnan gera hlutaðeigandi búnaðarsamböndum grein fyrir starfsemi sinni og fjárreiðum.

3. gr. hljóðar svo:

Rétt er hreppabúnaðarfélögum að setja sér samþykktir um að vinna að búfjárrækt í hreppnum. Þar skal taka fram:

a) að búfjárræktarstarfsemi heyri beint undir stjórn búnaðarfélags eða
b) að kosnar skuli sérstakar nefndir á aðalfundi búnaðarfélags til að vinna að málefnum einstakra búfjárræktargreina, einnar eða fleiri, eða
c) að verkefni félagsins á sviði einstakra búfjárræktargreina, einnar eða fleiri, sé falið búfjárræktarfélögum, sem starfandi eru eða stofnuð verða. Eigi verður búfjárræktarfélag — hrossa-, sauðfjár- og nautgriparæktarfélag — löglega stofnað með færri en sex bændum.

Allar búfjárræktarsamþykktir búnaðarsambanda og búnaðarfélaga, svo og samþykktir búfjárræktarsambanda, skulu gerðar eftir fyrirmyndum frá Búnaðarfélagi Íslands og öðlast gildi, er staðfestar hafa verið af stjórn þess. Búfjárræktarsamband getur náð yfir fleiri en eitt búnaðarsambandssvæði. Á sama hátt getur búfjárræktarfélag tekið yfir fleiri hreppa en einn. Nú hefur verið staðfest samþykkt búfjárræktarsambands eða búfjárræktarfélags, og renna þá til þeirra framlög þau, er lög þessi mæla fyrir um.

4. gr. hljóðar svo:

Ráðunautaþjónusta í búfjárrækt skal vera sem hér segir:

1. Búnaðarfélag Íslands ræður til sín búfjárræktarráðunauta, einn eða fleiri, á sviði hverrar búfjártegundar, eftir því sem þörf krefur og fé er veitt til. Þeir skulu hafa lokið kandidatsprófi í búfræði og að auki vera sérmenntaðir í búfjárrækt. Stjórn Búnaðarfélags Íslands setur þeim erindisbréf. Helztu verkefni þeirra eru:
   a) Að vera stjórn Búnaðarfélags Íslands til ráðuneytis, hver á sínu starfssviði, og vinna fyrir hennar hönd að framkvæmd laga.
   b) Að móta ræktunarstefnu, hver í sinni grein, í samráði við stjórn Búnaðarfélags Íslands, og semja þær reglur, er að því lúta.
   c) Að veita forustu leiðbeiningaþjónustu, m. a. með því að fylgjast með hagnýtum nýjungum og niðurstöðum rannsókna og skýrsluhalds og kynna þær héraðsráðunautum og bændum.
   d) Að sækja fundi búfjárræktarsamtaka.
   e) Að gegna störfum aðaldómara á búfjársýningum.
2. Búnaðarsambönd ráða til sín ráðunauta — héraðsráðunauta —, er vinna að eftirliti og leiðbeiningum í búfjárrækt. Þeir skulu hafa lokið kandidatsprófi í búfræði. Búnaðarfélag Íslands samþykkir ráðningu þeirra svo og fjölda þeirra, að áskildu samþykki landbúnaðarráðuneytisins. Heimilt er stjórn búnaðarsambands að haga verkaskiptingu þannig, að sami ráðunautur sinni samhliða verkefnum í búfjárrækt og öðrum búgreinum, s. s. jarðrækt, fiskrækt o. s. frv., enda samþykki Búnaðarfélag Íslands það. Þar sem sérsambönd í búfjárrækt starfa með sjálfstæðum fjárhag, sbr. 2. gr. staflið c, geta þau ráðið héraðsráðunaut að tilskildum ákvæðum 2. mgr. þessarar greinar. Tvö eða fleiri búnaðarsambönd geta ráðið til sín ráðunaut sameiginlega, ef henta þykir. Helztu verkefni héraðsráðunauta í búfjárrækt eru þessi:
   a) Að vinna að því, að ákvæðum búfjárræktarlaga sé framfylgt; að búnaðarfélög framfylgi búfjárræktarsamþykktum sínum eða stofnuð séu sérstök búfjárræktarfélög, ef vænlegra þykir til árangurs; aðstoða félögin við starfsemi þeirra, gagnasöfnun og skýrsluhald; sjá um úrvinnslu skýrslna, þar sem þess er þörf, og túlka niðurstöður þeirra.

b) Að fara um meðal bænda, svo sem við verður komið, skoða búfé þeirra og leiðbeina um kynbætur, fóðrun og hirðingu, val ásetningsgripa, kaup og sölu kynbótagripa o. s. frv.
c) Að hafa yfirumsjón með forðagæzlu (sbr. 51. gr.).
d) Að hafa umsjón með rekstri sæðingarstöðva, uppeldi og afkvæmaprófun kynbótagripa í samráði við ráðunauta Búnaðarfélags Íslands.
e) Að sækja fundi búnaðar- og búfjárræktarfélaga til erindaflutnings og viðræðna við bændur.
f) Að undirbúa búfjársýningar í samráði við ráðunauta Búnaðarfélags Íslands og gegna aðaldómarastörfum á sýningum, sem haldnar eru á vegum búnaðarsambandsins eða félaga innan þess.

Ríkissjóður greiðir 65% af launum héraðsráðunauta, og allt að 65% af ferðakostnaði þeirra, eftir ákvörðun landbúnaðarráðuneytisins, að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands. Laun þeirra, sem hundraðshluti ríkisins miðast við, skulu samþykkt af landbúnaðarráðherra, að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands.

23. gr. hljóðar svo:

Ríkissjóður leggur fram tvo þriðju hluta verðlauna á sýningum þeim, er um getur í 21. og 22. gr., en búnaðarsamband einn þriðja. Skal framlag ríkissjóðs vera sem hér segir:

Afkvæmaverðlaun á afkvæmasýningum:

a. hrútar:	I. verðlaun	kr. 3 000
	II. verðlaun	— 1 500
	III. verðlaun	— 600
b. ær:	I. verðlaun	— 900
	II. verðlaun	— 400
Enn fremur má veita heiðursverðl. á hrúta allt að		— 8 000

Verðlaun á héraðssýningum á sauðfé:

I. heiðursverðlaun á hrúta	kr. 1 600
I. verðlaun A	— 1 000
I. verðlaun B	— 600
Bezti afkvæmahópur	— 2 500
Bezti hrútur á sýningunni	— 1 600
Sveitaverðlaun fyrir þrjá beztu hrútahópa á sýningunni	— 2 000, kr. 1 500 og kr. 1 000.

29. gr. hljóðar svo:

Hrossaræktarfélög fá auk þeirra framlaga, sem um getur í 28. gr., framlag frá ríkissjóði, kr. 200.00 á hverja tamda hryssu, sem hlotið hefur I. eða II. verðlaun sem einstaklingur á svæða-, fjórðungs- eða landssýningum, og leidd er til stóðhests, sem hlotið hefur I. eða II. verðlaun á sömu sýningum.

Framlag þetta hækkar um 50%, ef notaðir eru stóðhestar, sem hlotið hafa I. eða II. verðlaun fyrir afkvæmi, og 100%, ef stóðhesturinn hefur hlotið heiðursverðlaun fyrir afkvæmi.

31. gr. hljóðar svo:

Óheimilt er að láta stóðhesta, þar með talda hesta, sem ekki hefur verið hægt að vana sökum skapnaðargalla, ganga lausa í heimahögum og afrétti. Verði vart við slíkan hest, ber að handsama hann, ef unnt er, og flytja til hreppstjóra. Takist það ekki, skal það tafarlaust tilkynnt hreppstjóra, sem þegar hlutast til um, að hestinum verði náð. Nú er kært yfir því, að stóðhestur gangi laus, en leit, er hreppstjóri fyrirskipar, ber eigi árangur, og greiðist þá kostnaður við hana af löggæzlufé viðkomandi lögsagnarumdæmis.

Hreppstjóri tekur í sína vörzlu þá stóðhesta, sem til hans eru færðir eða hann lætur handsama, og stendur skil á sanngjarnri greiðslu vegna fyrirhafnar og kostnaðar við töku þeirra. Verði ágreiningur um greiðslu, geta aðilar skotið honum til dómkvaddra manna. Hreppstjóra ber að selja þá stóðhesta, sem þannig eru teknir, á opinberu uppboði, með þeim innlausnarfresti, sem ákveðinn er í viðkomandi fjallskilareglugerð.

46. gr. hljóðar svo:

Búnaðarfélag Íslands annast leiðbeiningastörf um ræktun og hirðingu æðarvarps. Skal eftir föngum leiðbeina um umhirðu varps, myndun nýrra varpstöðva, meðferð dúns, eyðingu vargs og önnur þau atriði, er að gagni mega koma við nýtingu þessara hlunninda.

53. gr. hljóðar svo:

Í hverjum hreppi skal vera forðagæzlumaður, einn eða fleiri, er hafi eftirlit með ásetningi búfjár, fóðrun og hirðingu. Hreppsnefnd kýs eða ræður þá að loknum hreppsnefndarkosningum hverju sinni til næstu fjögurra ára og jafnmargra til vara. Skal þess jafnan gætt að velja til þess menn, sem þekktir eru að gætilegum ásetningi og góðri meðferð búfjár.

Starfi fóðurbirgðafélag í hreppnum, er hreppsnefnd heimilt að fela því framkvæmd forðagæzlumála, enda ráði stjórn þess forðagæzlumann.

Bæjarstjórnir geta, í samræmi við ákvæði 1. málsgr., ráðið forðagæzlumann til þess að annast störf forðagæzlumanna samkvæmt þessum lögum, en bæjarstjórn er þetta aðeins skylt, ef Búnaðarfélag Íslands mælir svo fyrir. Bæjarstjórn, sem eigi ræður forðagæzlumann, skal á hverju hausti láta í té skýrslu um tölu búfjár, fóðurforða, fyrningar og fóðurþörf, svo og um uppskerumagn garðávaxta, í því formi, sem Búnaðarfélag Íslands ákveður. Ákvæði þessarar málsgr. taka einnig til borgarstjórnar Reykjavíkur.

55. gr. hljóðar svo:

Skylt er forðagæzlumanni að fara minnst tvær ferðir um umdæmi sitt til eftirlits vetur hvern. Skal fyrri ferðinni lokið fyrir 1. nóvember og hinni síðari fyrir lok aprílmánaðar. Skal hann athuga vandlega um tölu búfjár á hverjum stað, húsakost þess, fóðurbirgðir, hirðingu, fóðrun og ganga úr skugga um, að fóðurbirgðir þær séu fyrir hendi, sem búfjáreigandi telur sig hafa.

Þegar að lokinni skoðun ber forðagæzlumaður niðurstöður sínar undir trúnaðarmann búnaðarsambandsins. Komi í ljós, að búfjáreiganda skorti hús eða fóður fyrir fénað sinn, vanfóðri hann eða vanhirði, skal forðagæzlumaður tilkynna það sveitarstjórn þegar í stað. Er þá sveitarstjórn skylt að aðvara þegar þann, er hlut á að máli, og gefa honum einnar viku frest til úrbóta. Hafi hann að þeim tíma liðnum ekki gert þær ráðstafanir, sem sveitarstjórn eða trúnaðarmaður búnaðarsambandsins telja fullnægjandi, ber sveitarstjórn að útvega honum fóður, ráðstafa fénaði hans til fóðrunar eða lóga, ef ekki er annars úrkosta.

Búfjáreigandi sá, er hlut á að máli, ber allan kostnað af þessum ráðstöfunum. Skylt er sýslumanni að veita sveitarstjórn stuðning við þessar framkvæmdir, ef með þarf.

56. gr. hljóðar svo:

Þegar eftir að forðagæzlumaður hefur lokið skoðun að hausti, gerir hann skýrslu um tölu búfjár, fóðurforða, fyrningar og fóðurþörf, svo og um uppskerumagn garðávaxta, á eyðublaði, er Búnaðarfélag Íslands lætur í té. Skal eyðublað þetta gert í samráði við Hagstofu Íslands, er séu heimil afnot forðagæzluskýrslna til úrvinnslu. Forðagæzluskýrsla skal gerð í þríriti, og heldur forðagæzlumaður einu eintaki hennar til eigin nota og varðveizlu, eitt eintak gengur til viðkomandi búnaðarsambands og varðveitist þar, en hið þriðja skal sent Búnaðarfélagi Íslands þegar að lok-

inni haustskoðun með undirskriftum bæði forðagæzlumanns og trúnaðarmanns viðkomandi búnaðarsambands. Hinn síðarnefndi skal hlutast til um, að skýrslur séu rétt gerðar og að þeim sé skilað fullunnum á tilskildum tíma.

Þegar forðagæzlumaður fer um umdæmi sitt til skoðunar síðari hluta vetrar, sbr. 1. málsgr. 55. gr., skal hann rita athugasemdir um fóðurbirgðir og ástand búpenings á skýrslu sína frá sl. hausti, og tilkynna Búnaðarfélagi Íslands niðurstöður skoðunarinnar, hvort tveggja samkvæmt nánari fyrirmælum félagsins.

Sveitarstjórn semur um þóknun fyrir forðagæzlu, og greiðist hún úr sveitarsjóði.

57. gr. hljóðar svo:

Búnaðarfélag Íslands og/eða landbúnaðarráðherra geta krafið sveitarstjórnir, hvenær sem er, um skýrslur varðandi fóðuröflun og fóðurbirgðir.

58. gr. hljóðar svo:

Vilji búfjáreigandi eigi hlíta ráðstöfunum forðagæzlumanns eða sveitarstjórnar eða hefur þær að engu, en fénaður hans líður eða fellur sakir fóðurskorts, hirðuleysis eða harðýðgi, að áliti forðagæzlumanns eða trúnaðarmanns búnaðarsambandsins, er þessum aðilum skylt að tilkynna það sýslumanni tafarlaust, ásamt öllum málavöxtum.

59. gr. hljóðar svo:

Sá, er sekur verður um illa meðferð á skepnum, samkvæmt 58. gr., skal sæta sektum frá kr. 10 000.00 til kr. 100 000.00 eða fangelsi allt að 6 mánuðum. Vanræki forðagæzlumaður eða sveitarstjórn að gera sýslumanni aðvart um ómannúðlega meðferð á skepnum, sem þessir aðilar verða áskynja um, varðar það sektum.

Ákvæði til bráðabirgða:

Búnaðarsamböndum er heimilt að innheimta á árinu 1973 gjald af innveginni mjólk samkv. a-lið 2. tölul. d-liðar 7. gr., enda tilkynni stjórn búnaðarsambands það með mánaðar fyrirvara.

Nd. 519. Frumvarp til laga [120. mál]

um breyting á lögum nr. 82 21. ágúst 1961 um meðferð opinberra mála, sbr. lög nr. 29 28. apríl 1966.

(Eftir 2. umr. í Nd., 4. apríl.)

1. gr.

Í stað orðanna „sem í lögum nr. 68/1947 segir“ í 1. mgr. 6. gr. komi: sem í lögum um eftirlit með skipum segir.

2. gr.

2. tölul. 8. gr. orðist svo: Ráðherrar og ráðuneytisstjórar.

3. gr.

Í stað „5. gr., 3. málsgr.“ í 13. gr. komi: 4. málsgr. 5. gr.

4. gr.

4. mgr. 20. gr. falli niður.

5. gr.

Í stað „20 000.00“ í 44. gr. komi: 100 000.00.

6. gr.

Í stað „20 000.00“ í 1. mgr. 48. gr. komi: 100 000.00.

7. gr.

Í stað „20 000.00“ í 54. gr. komi: 100 000.00.

8. gr.

Í stað „20 000.00“ í 55. gr. komi: 100 000.00.

9. gr.

Í stað „20 000.00“ í 2. tölul. 2. mgr. 59. gr. komi: 100 000.00.

10. gr.

Í stað „10 000.00“ í 3. tölul. 2. mgr. 80. gr. komi: 50 000.00.

11. gr.

Fyrirsögn XIV. kafla orðist svo: Um mál ungmenna, sektavald lögreglustjóra og lögreglumanna, dómsáttir og ákæru.

12. gr.

111. gr. orðist svo:

Mál ungmenna á aldrinum 15—18 ára fara samkv. lögum þessum, sbr. og lög um vernd barna og ungmenna.

13. gr.

112. gr., sbr. lög nr. 29 28. apríl 1966, breytist sem hér segir:

a. Í stað „3 000.00“ í 2. tölul. 1. mgr. komi: 30 000.00.
b. Í stað „5 000.00“ í 2. mgr. komi: 10 000.00.
c. Í stað „1 000.00“ í 3. mgr. komi: 3 000.00.

14. gr.

Í stað „3 000.00“ í 3. tölul. 1. mgr. 113. gr. komi: 30 000.00.

4. mgr. 113. gr. falli niður.

15. gr.

Í stað „3. og 4. mgr. 113. gr.“ í 2. mgr. 114. gr. komi: 3. mgr. 113. gr.

16. gr.

Í stað orðanna „fulltrúi hans í héraði“ í 3. málsl. 1. mgr. 143. gr. komi: fulltrúi hans í héraði og fyrir hæstarétti, sbr. 1. mgr. 181. gr.

17. gr.

Orðin „200—5000 krónur“ í 159. gr. falli niður.

18. gr.

160. gr. orðist svo:

Sá, er viðhefur ósæmileg ummæli, skrifleg eða munnleg, fyrir dómi um dómara eða aðra eða kemur að öðru leyti hneykslanlega eða ósæmilega fram fyrir dómi, skal sæta sektum.

19. gr.

6. mgr. 174. gr. orðist svo:

Sekta skal kæranda fyrir tilefnislausa kæru. Sekt rennur í ríkissjóð.

20. gr.

Í stað „5 000.00“ í 2. og 4. tölul. 2. mgr. 175. gr. komi: 50 000.00.

21. gr.

Við 2. mgr. 179. gr. bætist: Nú verður dómi eigi áfrýjað, og sendir saksóknari þá dómsmálaráðuneytinu endurrit dómsins með áritun þar um. Nú verður dómi áfrýjað að því er varðar einn aðila eða fleiri, en eigi alla, og sendir saksóknari þá dómsmálaráðuneytinu endurrit dóms á sama hátt.

22. gr.

Við 1. mgr. 181. gr. bætist: Saksóknari getur falið skipuðum fulltrúa sínum sókn máls fyrir hæstarétti, enda fullnægi hann lagaskilyrðum til skipunar í embætti saksóknara, og ber fulltrúinn þá allar skyldur saksóknara.

23. gr.

1. málsl. 186. gr. orðist svo: Í dómi opinbers máls getur hæstiréttur dæmt héraðsdómara í sekt, er renni til ríkissjóðs, fyrir drátt á opinberum málum og önnur glöp í rannsókn þeirra og meðferð, enda þótt dómara hafi ekki verið stefnt í því skyni, ef sök hans virðist ljós.

24. gr.

187. gr. orðist svo:

Nú þykir verjandi hafa gerzt sekur um vanrækslu eða önnur glöp í undirbúningi eða flutningi opinbers máls fyrir hæstarétti, og getur dómurinn þá gert honum sekt, er renni til ríkissjóðs.

25. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Þegar lög þessi hafa öðlazt gildi, skal fella ákvæði þeirra, svo og ákvæði laga nr. 29 28. apríl 1966 og laga nr. 75 27. apríl 1972, um breyting á lögum nr. 82 21. ágúst 1961, um meðferð opinberra mála, inn í meginmál laga nr. 82 21. ágúst 1961 og gefa þau út svo breytt.

Ákvæði til bráðabirgða:

Réttarfarsnefnd skal falið að endurskoða réttarstöðu fulltrúa saksóknara ríkisins með hliðsjón af réttarstöðu og lögkjörum hliðstæðra ríkisstarfsmanna og ljúka endurskoðuninni það tímanlega, að unnt verði að leggja fram frumvarp um það efni í byrjun næsta þings.

Ed. 520. Frumvarp til laga [124. mál]

um vátryggingarstarfsemi.

(Eftir 3. umr. í Nd., 4. apríl.)

Samhljóða þskj. 177 með þessum breytingum:

6. gr. hljóðar svo:

Stofnendur hlutafélags, sem ætlað er að reka vátryggingarstarfsemi, skulu hið fæsta vera fimm, íslenzkir ríkisborgarar búsettir á Íslandi, ríkissjóður, bæjar- eða sveitarfélög, stofnanir, sem þessir aðiljar bera ótakmarkaða ábyrgð á, hlutafélög, samvinnufélög eða samvinnufélagasambönd, skráð á Íslandi.

Innborgað hlutafé skal nema minnst kr. 20 000 000.00. Þó skal hlutafé líftryggingarhlutafélaga vera minnst kr. 10 000 000.00.

Stjórn slíks hlutafélags skulu skipa 3 menn hið fæsta. Reki félagið ekki einvörðungu endurtryggingarstarfsemi, skal a. m. k. einn valinn með það fyrir augum

að gæta hagsmuna vátryggingartaka og hinna tryggðu. Í samþykktum félagsins skal skýrt fram tekið, hvernig sá stjórnarmaður skuli valinn.

Að minnsta kosti einn endurskoðandi, löggiltur, skal kjörinn eða ráðinn til að endurskoða reikninga félagsins. Ekki má hann vera í stjórn þess né fastur starfsmaður þess að öðru leyti.

10. gr. hljóðar svo:

Stofnendur gagnkvæms vátryggingarfélags skulu hið fæsta vera fimm, íslenzkir ríkisborgarar með búsetu á Íslandi, ríkissjóður, bæjar- og sveitarfélög, stofnanir, sem þessir aðiljar bera ótakmarkaða ábyrgð á, hlutafélög, samvinnufélög og samvinnufélagasambönd, sem skráð eru á Íslandi.

Stofnendur gagnkvæms vátryggingarfélags skulu leggja fram stofnfé, sem nema skal hið minnsta kr. 10 000 000.00. Þó skal stofnfé gagnkvæms líftryggingarfélags vera minnst kr. 5 000 000.00. Fé þetta má ekki endurgreiða nema að fengnu leyfi tryggingamálaráðherra.

Heimilt er tryggingamálaráðherra, að fengnum meðmælum tryggingaeftirlits, að leyfa, að stofnfé sé minna en um ræðir í 2. mgr.

Stjórn gagnkvæms vátryggingarfélags skulu skipa 3 menn hið fæsta. Í samþykktum slíks félags skal skýrt fram tekið, hvernig háttað skuli aðild vátryggingartaka að stjórn þess og hvernig kjöri stjórnar skuli hagað.

Að minnsta kosti einn endurskoðandi, löggiltur, skal ráðinn eða kjörinn til að endurskoða reikninga félagsins. Ekki má hann vera í stjórn þess né fastur starfsmaður þess að öðru leyti.

11. gr. hljóðar svo:

Hver sá, sem tryggir hjá gagnkvæmu vátryggingarfélagi, er sameigandi þess. Um ábyrgð vátryggingartaka á skuldbindingum félagsins skulu settar reglur í samþykktum þess. Ábyrgð hvers vátryggingartaka má eigi nema lægri fjárhæð en kr. 500.00. Þó er heimilt að undanþiggja endurtryggingartaka slíkri ábyrgð, enda nemi endurtryggingariðgjöld, sem undanþegin eru, eigi meiru en 20% af heildariðgjaldatekjum félagsins.

Ábyrgð vátryggingartaka skal miða við almanaksár og fellur niður miðað við hver áramót, ef eigi er krafa gerð á hendur vátryggingartaka innan tveggja ára frá lokum þess almanaksárs, er vátrygging féll úr gildi.

Einungis þrotabú, skilanefnd eða skilastjórn gagnkvæms vátryggingarfélags geta krafið vátryggingartaka um greiðslu samkvæmt ábyrgðarskuldbindingum þeirra, en ekki einstakir kröfuhafar félagsins. Þó er tryggingamálaráðherra heimilt að leyfa stjórn gagnkvæms vátryggingarfélags að krefja vátryggingartaka um slíka greiðslu, enda sé slíks þörf, til þess að félagið geti staðið við skuldbindingar sínar. Slíkt leyfi má þó einungis veita til eins árs í einu.

Ákvæði laga um einstök vátryggingarfélög varðandi ábyrgð félagsmanna og vátryggingartaka halda gildi sínu þrátt fyrir ákvæði þessara laga.

Á hverju vátryggingarskírteini, sem gagnkvæmt vátryggingarfélag gefur út, skal koma skýrt fram, hvernig ábyrgð vátryggingartaka er háttað. Ákvæði þetta gildir einnig um þau vátryggingarfélög, sem starfa samkvæmt sérlögum.

17. gr. hljóðar svo:

Ársreikningar vátryggingarfélags skulu gerðir í því formi, sem tryggingamálaráðherra ákveður.

Ársreikningar skulu endurskoðaðir af að minnsta kosti einum löggiltum endurskoðanda. Vottorð löggilts endurskoðanda eða skýrsla skal fylgja reikningunum og skýrsla um starfsemi og rekstur félagsins á árinu.

Ársreikninga skal birta í Lögbirtingablaði.

Í reglugerð skal tryggingamálaráðherra setja nánari ákvæði um endurskoðun hjá vátryggingarfélögum.

39. gr. hljóðar svo:

Tryggingaeftirlitið skal láta fara fram reglulega endurskoðun á reikningum vátryggingarfélaga og staðfesta þá. Í reglugerð skal tekið fram, í hverju slík endurskoðun skuli fólgin.

Vátryggingarfélög, stofnanir þær, sem um ræðir í 2. mgr. 2. gr., að því er varðar þann hluta starfsemi þeirra, sem rekinn er á viðskiptalegum grundvelli, svo og vátryggingarfélög þau, er um ræðir í 3. mgr. 2. gr., skulu senda tryggingaeftirliti ársreikninga sína innan mánaðar frá því, að þeir voru samþykktir á félagsfundi, þó eigi síðar en 6 mánuðum eftir lok reikningsárs. Reikningar skulu undirritaðir af stjórn félags, og þeim skal fylgja skýrsla endurskoðenda og endurrit úr fundargerðarbók félags um samþykktir þeirra, svo og skýrsla um starf og rekstur, sbr. 17. gr.

Ársreikningunum skal fylgja nákvæm skýrsla um fasteignir félagsins, bifreiðar, skip og verðbréfaeign. Enn fremur skrá um inneignir hjá viðskiptamönnum eða umboðsmönnum og skal nafngreina þá aðilja, er skulda yfir kr. 100 000.00. Þá skal fylgja skrá um skuldheimtumenn, aðra en þá, sem eiga vátryggingarkröfur á félagið, og skulu skuldheimtumenn, sem eiga inni yfir kr. 100 000.00, nafngreindir. Að lokum skal fylgja skýrsla um, á hvern hátt áfallnar en ógreiddar vátryggingarkröfur séu áætlaðar og hvernig iðgjaldsyfirfærslur til næsta árs eru ákveðnar.

Ársreikningum líftryggingarfélags skal einnig fylgja skýrslu tryggingastærðfræðings um uppgjör líftryggingasjóðs og skýrsla endurskoðenda um ávöxtun líftryggingasjóðs.

43. gr. hljóðar svo:

Sinni vátryggingarfélag ekki tilmælum tryggingaeftirlits um breytingar á skilmálum eða iðgjöldum, sbr. 40 gr., sé ekki gjaldhæft eða greiðsluhæft að mati tryggingaeftirlitsins, sbr. 41. gr., eða brjóti lög eða reglugerðir um vátryggingarstarfsemi, skal tryggingaeftirlit þegar í stað tilkynna tryggingamálaráðherra um málið og gera tillögur um, hvað gera skuli. Ráðherra skal þegar setja félaginu frest til að bæta úr því, sem úrskeiðis hefur farið, og má sá frestur aldrei vera lengri en sex mánuðir.

Hafi félagið ekki gert nauðsynlegar úrbætur innan tilskilins frests, getur ráðherra afturkallað starfsleyfi félagsins. Afturkalli ráðherra starfsleyfi, skal hann skipa þriggja manna skilastjórn í félagið. Skilastjórn tekur við öllum heimildum félagsstjórnar og jafnframt falla niður heimildir hennar.

Skilastjórn skal þegar kalla saman félagsfund og kynna félagsmönnum, hvernig komið er.

Skilastjórn skal taka ákvörðun um, hvort óska skuli gjaldþrotaskipta á félaginu eða hvort það skuli rekið áfram um skeið og viðskiptum lokið án gjaldþrotaskipta. Skal við mat á því, hvað gera skuli, aðallega litið til hagsmuna vátryggðra.

Ef um er að ræða vátryggingarfélag eða líftryggingarfélag, sem starfar samkvæmt sérlögum, skal ráðherra, áður en hann sviptir félagið starfsleyfi, skipa rannsóknarnefnd til að kanna hag og rekstur félagsins og gera tillögur um, hvað gera skuli.

59. gr. hljóðar svo:

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1974.

Ákvæði til bráðabirgða.

Til undirbúnings framkvæmd laganna skipar tryggingamálaráðherra þrjá menn í nefnd, og skulu þeir fullnægja sömu skilyrðum og í 2. málsl. 38. gr. laganna greinir.

Nd. **521. Frumvarp til laga** [122. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka lán vegna framkvæmdaáætlunar fyrir árið 1973.

(Eftir 2. umr. í Nd., 4. apríl.)

Samhljóða þskj. 170 með þessum breytingum

1. gr. hljóðar svo:

Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að gefa út til sölu innanlands ríkisskuldabréf eða spariskírteini að fjárhæð allt að 350 millj. kr., en jafnframt falla niður 140 millj. kr. af heimild í 1. gr. laga nr. 26/1972.

7. gr. hljóðar svo:

Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að taka erlent eða innlent lán að jafnvirði allt að 150 millj. kr. Af þeirri fjárhæð verði varið 100 millj. kr. vegna kostnaðarauka við framkvæmdir á vegum Rafmagnsveitna ríkisins samkvæmt þessari áætlun, eftir því sem þörf gerist, og 50 millj. kr. vegna væntanlegrar samtengingar raforku milli Norður- og Suðurlands, ef fé skortir til nauðsynlegra rannsókna eða nauðsynlegt reynist að kaupa efni, þannig að framkvæmanlegt verði að hefja byggingu línunnar árið 1974.

10. gr. hljóðar svo:

Lánsfé því, sem aflast með sölu ríkisskuldabréfa eða spariskírteina skv. 1. gr., með endurgreiðslu af áður útgefnum spariskírteinalánum, með sölu happdrættisskuldabréfa skv. 5. gr. og fyrri heimild, með P.L. 480 láni skv. 6. gr., með erlendri lántöku skv. 8. gr. og með tækjakaupalánum skv. 9. gr., skal verja sem hér segir:

	Millj. kr.
Rafmagnsveitur ríkisins, framkvæmdir	240
Rafmagnsveitur ríkisins, lenging lána	10
Laxárvirkjun	80
Stofnlína Norður- Suðurland	13
Sveitarafvæðing	110
Orkustofnun, vatnsorkurannsóknir	20
Orkustofnun, jarðhitarannsóknir	23
Orkustofnun, jarðhitaleitarlán	4
Orkustofnun, jarðboranir	6
Skeiðarársandsvegur	230
Aðrir vegir á vegáætlun	75
Hafnarfjarðarvegur í Kópavogi	65
Landshafnir	19
Radíó-vitar, tækjakaupalán	8
Norðurlandsáætlun, hafnir og flugvellir	42
Flugöryggismál	11
Lögreglustöðin í Reykjavík	19
Rannsóknastofnanir á Keldnaholti	9
Blævardalsárvirkjun	4
Halli á framkvæmdaáætlun 1972	30
	1018
Til Framkvæmdasjóðs Íslands	150
	1168

Nd. 522. Breytingartillögur [122. mál]

við frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka lán vegna framkvæmdaáætlunar fyrir árið 1973.

Frá Lárusi Jónssyni.

Við 10. gr. Sundurliðun breytist þannig:

a. Nýr liður á eftir liðnum Blævardalsárvirkjun:
   Norðurlandsáætlun vegna Ólafsfjarðarhafnar 8
b. Til Framkvæmdasjóðs Íslands.
   Fyrir „150“ komi 142

Sþ. 523. Fyrirspurn [230. mál]

til menntamálaráðherra um almenningsbókasöfn.

Frá Friðjóni Þórðarsyni.

Hvað líður endurskoðun laga um almenningsbókasöfn?

Nd. 524. Lög [105. mál]

um sérstakan dómara og rannsóknardeild í ávana- og fíkniefnamálum.

(Afgreidd frá Nd. 4. apríl.)

Samhljóða þskj. 131.

Nd. 525. Lög [29. mál]

um breyting á lögum um rannsóknir í þágu atvinnuveganna, nr. 64/1965.

(Afgreidd frá Nd. 4. apríl.)

Samhljóða þskj. 306.

Nd. 526. Lög [160. mál]

um breyting á lögum nr. 102 31. des. 1972, um skipulag á löndun á loðnu til bræðslu.

(Afgreidd frá Nd. 4. apríl.)

Samhljóða þskj. 376.

Nd. 527. Lög [183. mál]

um lögreglustjóra í Hafnarhreppi í Austur-Skaftafellssýslu.

(Afgreidd frá Nd. 4. apríl.)

Samhljóða þskj. 337.

Nd. 528. Lög [190. mál]

um útflutningsgjald af sjávarafurðum.

(Afgreidd frá Nd. 4. apríl.)

Samhljóða þskj. 377 (sbr. 351).

Ed. 529. Frumvarp til laga [231. mál]

um breyting á lögum nr. 75 13. maí 1966 um Fiskveiðasjóð Íslands, sbr. lög nr. 33/1970.

(Lagt fyrir Alþingi á 93. löggjafarþingi, 1972—1973.)

1. gr.

4. grein laganna orðist svo:

Auk stofnfjár skv. 3. gr. skal fjáröflun til Fiskveiðasjóðs vera með eftirtöldum hætti:

a. vextir af lánum og öðrum kröfum,
b. útflutningsgjöld af sjávarafurðum, sem renna til sjóðsins lögum samkvæmt,
c. 1% af fob-verði útfluttra sjávarafurða (öðrum en þeim, sem koma frá hvalveiðum, selveiðum og hrognkelsaveiðum). Skal gjald þetta reiknað á sama hátt og annað útflutningsgjald af sömu vöru og skal það reiknað af sjávarafurðum, sem framleiddar eru á tímabilinu frá 1. júlí 1973 til 31. desember 1975,
d. til viðbótar framlagi til sjóðsins skv. c-lið greiðir ríkissjóður honum jafnháa fjárhæð árlega,
e. til viðbótar framlagi til sjóðsins skv. b—d lið greiðir ríkissjóður honum árlega 35 milljónir króna,
f. lántökur innanlands og erlendis, sbr. þó 7. gr. laga nr. 30/1960.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Fjáröflun til Fiskveiðasjóðs er nú með þeim hætti að ríkissjóður greiðir árlega til sjóðsins 35 milljónir króna, en auk þess rennur til sjóðsins, lögum samkvæmt, hluti af útflutningsgjöldum af sjávarafurðum og mun láta nærri að á síðasta ári hafi sú upphæð numið 49 milljónum króna. Loks renna til sjóðsins vextir af lánum og öðrum kröfum og var hér um að ræða 260 millj. kr. á árinu 1972.

Í lögum nr. 75 13. maí 1966 um Fiskveiðasjóð Íslands var fjáröflun til sjóðsins þannig háttað að ríkissjóður greiddi ekki fyrirfram ákveðið framlag til sjóðsins, eins og nú er, heldur greiddi ríkissjóður framlag, sem var jafnhátt hluta sjóðsins af útflutningsgjöldum sjávarafurða. Hluti sjóðsins nam þá 17.2% af útflutningsgjöldum, en nemur nú 11.4% og verði frumvarp um útflutningsgjald af sjávarafurðum, sem nú liggur fyrir Alþingi, að lögum, mun hlutur sjóðsins lækka niður í 9.4% af útflutningsgjöldum. Ljóst er því að nokkuð hefur verið dregið úr fjáröflun til Fiskveiðasjóðs miðað við lög nr. 75/1966 um Fiskveiðasjóð Íslands og lög nr. 4/1966 um útflutningsgjald af sjávarafurðum.

Á hinn bóginn er þess að gæta, að verkefni sjóðsins hafa vaxið mjög nú á síðustu árum og ber þar hæst tvö stórverkefni. Annað er hin mikla endurnýjun skipa- og einkum togaraflotans, sem nú stendur yfir, og hitt er jafnhliða endurnýjun hraðfrystihúsanna, sem ýmist er fólgin í því að ný hús eru reist í stað gamalla, eða

að starfandi frystihús eru endurbætt og jafnvel gerðar á þeim stórbreytingar og viðgerðir.

Árleg fjáröflun til Fiskveiðasjóðs er ekki meiri en svo að eigin fé sjóðsins minnkar stöðugt í hlutfalli við útlánin og er alveg sýnt að sjóðurinn getur ekki sinnt þessum auknu verkefnum, nema fjáröflun til sjóðsins verði aukin að mun.

Reiknað er með því að verðmæti útfluttra sjávarafurða verði 15—16 milljarðar á þessu ári, en útflutningsverðmæti sjávarafurða framleiddra á tímabilinu frá 1. júlí til áramóta verði um 5.5 milljarðar. Auknar tekjur sjóðsins vegna þeirra breytinga, er í frumvarpinu felast, munu því nema um 110 milljónum króna á þessu ári og yrði helmingurinn af þeirri fjárhæð framlag úr ríkissjóði. Ef reiknað er með 10% aukningu útflutningsverðmætis á næstu tveimur árum munu tekjur sjóðsins aukast um 330—350 milljónir á árinu 1974 og um 360—380 milljónir á árinu 1975 og yrði helmingur þessarra fjárhæða framlag úr ríkissjóði. Hjálagt með greinargerð þessari er yfirlit yfir útlán Fiskveiðasjóðs á árinu 1972.

Fylgiskjal.

FISKVEIÐASJÓÐUR ÍSLANDS

31. desember 1972.

LÁNVEITINGAR ÁRIÐ 1972

I.	**Fiskiskip:**		
	a) Innlend skipasmíði (91 lán)	kr.	538 420 434.00
	b) Erlend skip (8 lán)	—	181 664 571.00
	c) Gengisjöfnunarlán (36 lán)	—	13 463 000.00
	d) Viðgerðir skipa, tækjalán o. fl. (170 lán)	—	198 740 179.00
II.	**Fasteignalán:**		
	a) Hraðfrystihús (30 lán)	—	213 235 000.00
	b) Síldar- og fiskimjölsverksmiðjur (1 lán)	—	3 300 000.00
	c) Aðrar vinnslustöðvar (32 lán)	—	86 340 000.00
	d) Skipasmíðastöðvar (4 lán)	—	20 200 000.00
	e) Verbúðir o. fl. (4 lán)	—	7 880 000.00
III.	**Bráðabirgðalán**	—	470 099.30
		Samtals kr.	1 263 713 283.30
	Edri lán endurlánuð, þ. e. sameinuð nýjum lánum	kr.	6 080 000.00
	Afleidd lán (6 lán)	kr.	6 050 248.00

Ed. 530. Breytingartillaga [130. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 49/1967, um skólakostnað.

Frá menntamálaráðherra.

Á undan 1. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:

Við síðustu málsgr. 6. gr. laganna bætist:

Nú næst ekki samkomulag um kaup á nauðsynlegu landi undir skólamannvirki, og er þá heimilt að taka það eignarnámi. Fer um slíkt eignarnám eftir lögum um framkvæmd eignarnáms.

Ed. 531. Nefndarálit [59. mál]

um frv. til l. um veitingu ríkisborgararéttar.

Frá allsherjarnefnd.

Til þess að flýta fyrir afgreiðslu frv. milli deilda var formönnum allsherjarnefnda þingdeildanna ásamt skrifstofustjóra Alþingis falið að athuga frv. og umsóknir, er því fylgdu, og umsóknir um ríkisborgararétt, sem síðar bárust nefndinni. Er þetta sama málsmeðferð og verið hefur á afgreiðslu sams konar frv. á undanförnum árum.

Að athugunum þessum loknum varð nefndin sammála um að leggja til, að frv. verði samþykkt með þeim breytingum, sem hún flytur tillögu um á sérstöku þingskjali.

Reglur þær, sem allsherjarnefndir beggja deilda settu í nefndaráliti 17. maí 1955 og síðan hafa verið gerðar nokkru fyllri, hafði nefndin einnig nú til hliðsjónar við athuganir sínar. Þykir rétt að birta reglurnar í þessu nefndaráliti, en þær eru þessar:

1. Umsækjandi hafi óflekkað mannorð og sé að áliti tveggja valinkunnra manna starfhæfur og vel kynntur, þar sem hann hefur dvalizt.
2. Útlendingar, aðrir en Norðurlandabúar, skulu hafa átt hér lögheimili í 10 ár, Norðurlandabúar í 5 ár.
3. Karl eða kona, sem giftist íslenzkum ríkisborgara, fái ríkisborgararétt eftir þriggja ára búsetu frá giftingu, enda hafi hinn íslenzki ríkisborgari haft ríkisborgararétt ekki skemur en 5 ár.
4. Erlendir ríkisborgarar, sem eigi íslenzkan ríkisborgara að foreldri, fái ríkisborgararétt eftir þriggja ára búsetu, ef annað foreldri er Norðurlandabúi annars eftir 5 ár.
5. Íslendingar, sem gerzt hafa erlendir ríkisborgarar, fái ríkisborgararétt eftir eins árs búsetu.
6. Íslenzk kona, sem misst hefur ríkisfang sitt við giftingu, en hjónabandinu er slitið og hún hefur öðlazt heimili hér, fái ríkisborgararétt á fyrsta dvalarári hér, enda lýsi hún yfir, að hún ætli að dveljast áfram í landinu. Sama gildir um börn hennar, sem hafa ekki náð 16 ára aldri og henni fylgja.

Samkvæmt framansögðu mælir nefndin með því, að þeim umsækjendum, sem taldir eru upp í breytingartillögu nefndarinnar á sérstöku þingskjali, verði nú veittur íslenzkur ríkisborgararéttur.

Enginn umsækjenda, sem nefndin leggur til að öðlist íslenzkan ríkisborgararétt, hefur, að því er bezt verður vitað, sætt þeim viðurlögum hér á landi, sem hindri, að honum verði veittur íslenzkur ríkisborgararéttur.

Alþingi, 5. apríl 1973.

Björn Fr. Björnsson, form., frsm.
Geir Gunnarsson, fundaskr.
Eggert G. Þorsteinsson.
Halldór Kristjánsson.
Ásgeir Bjarnason.
Oddur Ólafsson.
Magnús Jónsson.

Ed. **532. Breytingartillaga** [59. mál]

við frv. til l. um veitingu ríkisborgararéttar.

Frá allsherjarnefnd.

Við 1. gr. Greinin orðist svo:

Ríkisborgararétt skulu öðlast:

1. Amin, Vishnukumar Chunibhai Naranbhai, iðnverkamaður í Reykjavík, f. í Kenya 23. júní 1941.
2. Aylett, Patricia Ann, kennari á Selfossi, f. í Englandi 30. september 1941.
3. Ásgeir Viðar Ásgeirsson, barn í Reykjavík, f. í Þýzkalandi 20. janúar 1971.
4. Boucher, Antony Leifur Estcourt, nemandi í Reykjavík, f. í Englandi 8. maí 1954.
5. Brown, Margrét Ragnheiður, húsmóðir í Reykjavík, f. á Íslandi 17. febrúar 1949.
6. Bury, Susan, húsmóðir í Reykjavík, f. í Englandi 5. maí 1944.
7. Clark, June Eveline, barn í Reykjavík, f. í Bandaríkjunum 13. október 1960.
8. Clark, William Robert, barn í Reykjavík, f. í Bandaríkjunum 11. apríl 1962.
9. Corvetto, Nolberto Antonio Narvaez, járnsmiður í Hafnarfirði, f. í Chile 22. september 1948.
10. Daníelssen, Andrea Ingigerd, tannsmiður í Reykjavík, f. í Færeyjum 26. febrúar 1950.
11. Einar Þór Jóhannsson, barn í Reykjavík, f. í Þýzkalandi 5. nóvember 1970.
12. Felton, Sonja Shirley, húsmóðir í Kópavogi, f. á Íslandi 15. september 1945.
13. Haubitz, Anna Ruth, húsmóðir í Reykjavík, f. í Þýzkalandi 11. apríl 1934.
14. Haubitz, Günter, bakari í Reykjavík, f. í Þýzkalandi 11. desember 1930.
15. Heidenreich, Freddy Andreas, sjómaður í Neskaupstað, f. í Danmörk 8. júní 1945.
16. Hupfeldt, Herdís Kirsten, húsmóðir í Reykjavík, f. á Íslandi 9. janúar 1950.
17. Janis, David, skýrsluvélamaður í Reykjavík, f. í Indónesíu 4. febrúar 1946.
18. Jensen, Cecil Viðar, rafvélavirki í Reykjavík, f. á Íslandi 5. ágúst 1942.
19. Jensen, Gissur, mjólkurfræðingur á Selfossi, f. á Íslandi 12. janúar 1944.
20. Jensen, Henning Kjærgaard, verkamaður í Stafholtstungum, f. í Danmörk 1. ágúst 1939.
21. Jensen, Jóhanna, húsmóðir á Hellu, f. á Íslandi 17. ágúst 1946.
22. Jespersen, Eva Melberg, barn í Reykjavík, f. í Kaupmannahöfn 16. maí 1965.
23. Johansson, Birgit Maria, húsmóðir í Reykjavík, f. í Svíþjóð 6. apríl 1924.
24. Van der Klein, Hendrika Elisabeth Gerarde, nunna í Hafnarfirði, f. í Sviss 5. febrúar 1932.
25. Kristiansen, Michala Juanita Josefine, húsmóðir í Reykjavík, f. í Færeyjum 25. nóvember 1924.
26. Metzner, Marianne Elise, húsmóðir í Reykjavík, f. í Þýzkalandi 18. júní 1927.
27. Mörk, Ulf, tæknifræðingur í Reykjavík, f. í Noregi 3. apríl 1912.
28. Nielsen, Kaj Erik, bakari í Kópavogi, f. í Danmörk 9. október 1926.
29. Obereder, Irmgard, húsmóðir í Garðahreppi, f. í Austurríki 30. apríl 1946.
30. Poulsen, Jákup Juel Johan Hendrikson, sjómaður í Reykjavík, f. í Færeyjum 10. október 1947.
31. Santos Rogelio Zarsuela, aðstoðarmaður í Reykjavík, f. á Filipseyjum 20. desember 1943. Fær réttinn 5. ágúst 1973.
32. Török, Ivan, leikmyndateiknari í Reykjavík, f. í Ungverjalandi 20. nóvember 1941.
33. Vestergaard, Atni, bóndi á Saurbæ, Rauðasandi, f. í Færeyjum 18. ágúst 1939.
34. Wenger, Eric Martin, barn í Kópavogi, f. í Bandaríkjunum 2. september 1958.
35. Öen, Marie Gunnhild, húsmóðir í Reykjavík, f. í Noregi 11. marz 1929.

Nd. **533. Frumvarp til laga** [232. mál]

um kaupstaðarréttindi til handa Dalvíkurkauptúni.

Flm.: Stefán Valgeirsson, Lárus Jónsson, Gísli Guðmundsson, Jónas Jónsson.

1. gr.

Dalvíkurkauptún skal vera kaupstaður og sérstakt lögsagnarumdæmi. Nær umdæmið yfir allan núverandi Dalvíkurhrepp og heitir Dalvíkurkaupstaður. Umdæmi þetta er í alþingiskjördæmi Norðurlands eystra.

2. gr.

Um valdssvið bæjarfógeta á Dalvík og launakjör fer samkvæmt lögum þar um.

3. gr.

Dómsmálaráðuneytið ákveður, hvernig málum þeim, er varða Dalvíkurhrepp og ekki eru útkljáð, þegar lög þessi öðlast gildi, skuli skipt milli sýslumannsins í Eyjafjarðarsýslu og bæjarfógetans á Dalvík.

4. gr.

Sýslunefnd Eyjafjarðarsýslu og bæjarstjórn Dalvíkurkaupstaðar skulu semja sín á milli um skiptingu þeirra sjóða, sem við gildistöku laga þessara eru í eigu eða vörzlu Eyjafjarðarsýslu. Einnig skulu sömu aðilar semja um fjárskuldbindingar, ábyrgðir og önnur þau atriði, er þá varða og upp kunna að koma vegna laga þessara.

Nái þessir aðilar ekki samkomulagi, skal félagsmálaráðherra úrskurða, hvernig með skuli fara.

5. gr.

Að öðru leyti fer um málefni kaupstaðarins skv. sveitarstjórnarlögum, nr. 58 29. marz 1961, og samþykktum settum skv. þeim lögum.

6. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1974.

Greinargerð.

Með beiðni hreppsnefndar Dalvíkurhrepps um, að þingmenn kjördæmisins flyttu frumvarp um kaupstaðarréttindi fyrir Dalvíkurhrepp, fylgdi eftirfarandi greinargerð:

Samþykkt hreppsnefndar Dalvíkurhrepps frá 26. september 1972 um kaupstaðarréttindi fyrir Dalvíkurkauptún, sem hér fylgir með, á sér langan aðdraganda, og hafa verið gerðar um það fjölmargar fundarsamþykktir á liðnum árum. Meginforsendur þeirrar óskar, sem fram kemur í samþykktinni, eru:

1. Að fá inn í kauptúnið, íbúum þess til hægðarauka, alla þá þjónustu, sem bæjarfógetar veita.
2. Að skapa Dalvíkurhreppi þá réttarstöðu, sem kaupstaðir hafa.
3. Að losa Dalvíkurhrepp úr tengslum við Eyjafjarðarsýslu, þar sem áhrif hreppsins á stjórn málefna sýslunnar miðast við einn fulltrúa af tólf, en hluti hreppsins af gjöldum til sýslunnar nemur 1972 28.1%.

Af þeirri þjónustu, sem um ræðir í fyrsta lið, má nefna innheimtu tekna ríkissjóðs, stjórn lögreglumála, varðveizlu veðmálabóka, skrásetningu bifreiða, útgáfu ökuskírteina, umboð Tryggingastofnunar ríkisins og sýslusamlög (sjúkrasamlög).

Enn fremur má benda á, að sífellt er verið með lagasetningum að gera greinarmun á sveitarfélögum eftir réttarstöðu þeirra. Má nefna t. d. lög um sjúkrasamlög, nr. 67 1971, þar sem segir orðrétt í 37. gr.:

„Í hverjum kaupstað og hverri sýslu skal vera sjúkrasamlag“ o. s. frv.

Orsakir þessa verða t. d. tvö sjúkrasamlög á Húsavík, Akureyri og Sauðárkróki, en fjölmennt læknishérað eins og Dalvíkurlæknishérað verður án þjónustu sjúkrasamlags.

Varðandi 2. lið er bent á, að hver kaupstaður er sjálfstætt lögsagnarumdæmi, þar sem hins vegar hreppur er hluti af lögsagnarumdæmi sýslu. Bæjarfógeti fer með lögsögu í kaupstað og hefur þar aðsetur, en sýslumaður í hreppi þarf ekki að vera þar búsettur.

Kaupstaðir lúta beint yfirstjórn félagsmálaráðuneytisins, sem fer með sveitarstjórnarmálefni, en eiga enga aðild að sýslufélögum skv. lögum.

Í þriðja lið kemur fram, hver áhrif Dalvíkurhrepps eru á stjórn sýslunnar og hver er hluti hans af sýslugjöldum. Til viðbótar því má benda á, að sýslunefndarmenn eru kosnir beint og óbundnir af samþykktum viðkomandi sveitarstjórna, enn fremur það, að sýslunefndir virðast hafa ótakmarkaðar heimildir til að skattleggja hreppana í formi sýslusjóðsgjalda.

Að lokum skal sérstaklega tekið fram, að hreppsnefnd Dalvíkurhrepps hefur sent dómsmálaráðuneytinu ítrekaðar beiðnir um staðsetningu löglærðs fulltrúa frá sýslumannsembættinu á Akureyri á Dalvík, en þeim erindum hefur ekki verið svarað til þessa.

Fylgiskjal.

DALVÍKURHREPPUR
Dalvík

Dalvík, 17. nóvember 1972.

Á fundi hreppsnefndar Dalvíkurhrepps hinn 26. sept. 1972 var eftirfarandi tillaga samþykkt með atkvæðum allra hreppsnefndarmanna:

„Hreppsnefnd Dalvíkurhrepps samþykkir að fela öllum þingmönnum Norðurlandskjördæmis eystra að flytja á komandi þingi frumvarp til laga um kaupstaðarréttindi fyrir Dalvíkurhrepp, er taki gildi 1. jan. 1974. Sérstök áherzla sé lögð á, að hér verði stofnsett fullgilt embætti bæjarfógeta með lögsögu fyrir bæjarfélagið að minnsta kosti.“

Í framhaldi af framangreindri samþykkt hreppsnefndar er hér með óskað eftir, að þingmenn kjördæmisins hefji sem fyrst undirbúning að flutningi frumvarps þessu lútandi, og mun ég að sjálfsögðu veita allar þær upplýsingar og aðstoð, sem ég get.

Virðingarfyllst,

sveitarstjórinn, Dalvík.

Hilmar Daníelsson.

Til þingmanna Norðurlandskjördæmis eystra,
Reykjavík.

Ed. 534. Frumvarp til laga [233. mál]

um breyting á lögum nr. 68 frá 10. október 1967 um Iðnlánasjóð.

(Lagt fyrir Alþingi á 93. löggjafarþingi, 1972—1973.)

1. gr.

1. töluliður 5. gr. laganna breytist þannig:
Í stað „0.4%“ komi: 0.5%.
Að öðru leyti skal 1. töluliður 5. greinar vera óbreyttur.

2. gr.

2. töluliður 5. gr. laganna orðist þannig:
Framlag ríkissjóðs, 50 milljónir ár hvert, í fyrsta sinn 1973.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Breytingar þær, sem lagt er til með frumvarpi þessu að gera á gildandi lögum um Iðnlánasjóð, eru tvenns konar. Annars vegar er lagt til að hækka um fjórðung gjald það, sem innheimt er til sjóðsins af iðnaðinum í landinu, eða úr 0.4% í 0.5% af sama gjaldstofni og aðstöðugjald var reiknað af skv. lögum nr. 69/1962. Hins vegar er lagt til, að framlag ríkissjóðs hækki úr 15 millj. kr., eins og það var 1972, í 50 millj. kr. frá og með 1973.

Breytingum þessum er ætlað að stuðla að eflingu Iðnlánasjóðs og gera honum kleift, að sinna í ríkara mæli en áður hinum síauknu verkefnum sjóðsins.

Með frumvarpi þessu er jafnframt verið að gera ráðstafanir til að halda í horfinu eða bæta hlutfall eigin ráðstöfunarfjár sjóðsins af heildarútlánum hans. Með þessum ráðstöfunum er spyrnt við fótum, hvað Iðnlánasjóð áhrærir, gegn þeirri neikvæðu þróun fjárfestingarlánasjóða almennt á síðustu árum, sem ekki hafa getað uppfyllt vaxandi eftirspurn eftir lánsfé nema með stórauknum lántökum sjálfir, sem aftur hefur þær afleiðingar, að eigin ráðstöfunarfé sjóðanna hefur farið hlutfallslega minnkandi frá ári til árs, ef miðað er við heildarútlán þeirra. Samkvæmt bráðabirgðatölum mun hlutfall þetta fara úr 55% árið 1970 niður í 33% 1973, ef viðhlítandi ráðstafanir verða ekki gerðar.

Efling Iðnlánasjóðs er sameiginlegt áhugamál ríkisvaldsins og samtaka iðnaðarins sjálfs. Hækkun iðnlánasjóðsgjaldsins um 25%, sem hér er lögð til, er skerfur iðnaðarins sjálfs til eflingar þessum stofnlánasjóði.

Þegar iðnlánasjóðsgjaldið var fyrst lagt á 1963 nam það 4.2 millj. kr., en á síðasta ári 1972 nam innheimt iðnlánasjóðsgjald 51.5 millj. kr. Samanlagt frá upphafi til og með 1972 hefur iðnlánasjóðsgjaldið numið 253 millj. kr., en höfuðstóll Iðnlánasjóðs var 31. desember 1972 459.4 millj. kr.

Með hækkun ríkisframlagsins úr 15 millj. kr. í 50 millj. kr., eins og hér er lagt til, kemur ríkisvaldið til móts við iðnaðinn sjálfan og stuðlar á raunhæfan hátt að auknu eigin ráðstöfunarfé sjóðsins til frambúðar jafnframt því að gera sjóðnum auðveldara að rækja hlutverk sitt.

Ríkissjóður hefur lagt Iðnlánasjóði til árlegt framlag allar götur frá 1935, og hefur það farið síhækkandi. Á síðasta ári nam það 15 millj. kr., og hafði það þá numið í heild frá upphafi 92 millj. kr.

Vaxandi iðnaður krefst síaukinna stofnlána og gegnir því Iðnlánasjóður mikilvægu hlutverki, en hann lánar einkum til byggingar iðnaðarhúsnæðis, til vélvæðingar í iðnaði og hagræðingar. Eftirfarandi tölur sýna hve efirspurn eftir lánum úr sjóðnum hefur farið vaxandi á undanförnum árum:

	1971	1972	1973*)
Fjöldi lánsbeiðna	231	250	290
Upphæð lánsbeiðna	327 mkr.	419 mkr.	665 mkr.
Afgreidd lán	127 mkr.	176 mkr.	158 mkr.

Af þessum tölum er ljóst, að með ráðstöfunarfé sjóðsins 1973 hefur aðeins tekizt að sinna 23.7% umbeðinnar lánsfjárhæðar. Ef sjóðurinn á að geta sinnt fleiri umsóknum þarf hann að taka að láni stórfé og mun hann að einhverju marki gera það á árinu 1973.

Með ráðstöfunum þeim, sem hér eru lagðar til, er staða sjóðsins styrkt verulega og það bæði til frambúðar og strax á árinu 1973.

Hækkun iðnlánasjóðsgjaldsins úr 0.4% í 0.5% gefur sjóðnum tæpar 14 millj. kr. til viðbótar áætluðu iðnlánasjóðsgjaldi, 55 millj. kr., 1973, og mundi því iðnlánasjóðsgjaldið nema í heild 69 millj. kr. á þessu ári.

Hækkun ríkisframlagsins úr 15 millj. kr. í 50 millj. kr. gefur sjóðnum til viðbótar 35 millj. kr. á þessu ári.

Þessi lagabreyting felur því í sér um 50 millj. kr. aukningu höfuðstóls Iðnlánasjóðs á þessu ári umfram það, sem ella hefði orðið að óbreyttum lögum.

Ed. 535. Nefndarálit [25. mál]

um frv. til laga um dvalarheimili aldraðra.

Frá heilbrigðis- og tryggingarnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og fyrirliggjandi umsagnir. Leggur hún til, að frumvarpið verði samþykkt eins og það kom frá Nd. Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til þess að flytja eða fylgja breytingartillögum, ef fram koma.

Alþingi, 5. apríl 1973.

Helgi Seljan, form., frsm. — Halldór Kristjánsson, fundaskr. — Oddur Ólafsson.

Ásgeir Bjarnason. — Geirþrúður Hildur Bernhöft. — Björn Jónsson.

Eggert G. Þorsteinsson.

Nd. 536. Nefndarálit [46. mál]

um frv. til námulaga.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin mælir með samþykkt frumvarpsins.

Fjarverandi við afgreiðslu málsins voru Lárus Jónsson og Pétur Pétursson.

Alþingi, 5. apríl 1973.

Eðvarð Sigurðsson, form. — Þórarinn Þórarinsson, frsm. — Gunnar Thoroddsen, með fyrirvara.

Bjarni Guðnason. — Gísli Guðmundsson.

*) Um ofanritaðar tölur ársins 1973 er það að segja, að í byrjun marz 1973 höfðu borizt 290 umsóknir að upphæð samtals 665.4 millj. kr. Miðað við venju var þá umsóknarfrestur liðinn. Fyrri úthlutun lána hefur þegar farið fram að fjárhæð 158 millj. kr., en hún er miðuð við ráðstöfunarfé sjóðsins 1973, sem að öllu óbreyttu er áætlað 146 millj. kr.

Ed. 537. Nefndarálit [125. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 85 31. des. 1968, um eiturefni og hættuleg efni.

Frá heilbrigðis- og tryggingánefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og framkomnar umsagnir og leggur einróma til, að það verði samþykkt eins og það kom frá Nd.

Alþingi, 5. apríl 1973.

Helgi Seljan, form., frsm.	Halldór Kristjánsson, fundaskr.	Ásgeir Bjarnason.
Oddur Ólafsson.	Geirþrúður Hildur Bernhöft.	Björn Jónsson.
	Eggert G. Þorsteinsson.	

Ed. 538. Nefndarálit [79. mál]

um frv. til hafnalaga.

Frá samgöngunefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og leggur til, að það verði samþykkt. Einstakir nm. áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja hugsanlegum breytingartillögum.

Alþingi, 5. apríl 1973.

Björn Jónsson, form., frsm.	Páll Þorsteinsson, fundaskr.	Ásgeir Bjarnason.
Helgi Seljan.	Steinþór Gestsson.	Jón Árm. Héðinsson.
	Jón Árnason.	

Nd. 539. Nefndarálit [18. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 25 22. apríl 1967, um Landhelgisgæzlu Íslands.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

Frv. þetta hefur verið rætt á mörgum fundum nefndarinnar, allt frá því í nóvembermánuði s. l. Nefndin fékk á sinn fund ráðuneytisstjórann í dómsmálaráðuneytinu og forstjóra Landhelgisgæzlunnar. Óskaði nefndin eftir að fá upplýsingar um, hver smíðakostnaður hliðstæðs skips og Ægis sé nú, um lánskjör í því sambandi og líklega greiðslubyrði af slíku skipi. Enn fremur var óskað eftir að fá kostnaðaráætlun um að byggja yfir Landhelgisgæzluna í landi.

Þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir til að fá þessar upplýsingar hefur nefndinni ekkert svar borizt um þessi atriði, annað en það, að árið 1971 hefði verið talið, að skip af svipaðri gerð og Ægir mundi kosta um 22 millj. danskar krónur.

Ekkert liggur því fyrir um fjárþörf í þessu sambandi á næstu árum og engin leið að meta, hver hún kann að verða. Hins vegar liggur það fyrir, að samkvæmt fjárlögum hefur verið varið til Landhelgisgæzlunnar sem hér segir á undanförnum árum: 1971 111.5 millj., 1972 147.1 millj. og á fjárlögum í ár 276.6 millj. Við þetta má bæta yfirteknum lánum ríkissjóðs vegna Landhelgisgæzlunnar: Vegna þyrlukaupa 50.9 millj., vegna kaupa á Fokkerflugvél 32.9 millj. og vegna viðgerðar á Þór 52.3 millj., eða 136.1 millj. samtals. Greiðslubyrði á yfirstandandi ári vegna þessara yfirteknu

skulda eru 38.8 millj., og er því varið til Landhelgisgæzlunnar á þessu ári 315.4 millj. eða 203.9 millj. meira en árið 1971. Enn fremur hefur Alþingi heimilað ríkisstjórninni að taka lán allt að 100 millj. kr. á þessu ári til byggingar eða kaupa á varðskipi.

Eins og rakið hefur verið hér að framan, hefur ríkisstjórnin tekið mjög myndarlega á þessum málum og ekkert til sparað að búa Landhelgisgæzluna sem bezt úr garði, og er ekki líklegt, að á því verði nein breyting. Hins vegur liggja engar kostnaðaráætlanir fyrir um þau verkefni, sem nauðsynlegt er að framkvæmd verði á vegum Landhelgisgæzlunnar á næstu árum, og því allar fjárhæðir í sambandi við það ágizkunartölur einar.

Að þessu athuguðu og í fullu trausti þess, að Landhelgisgæzlunni verði séð fyrir nægu fjármagni, eins og gert hefur verið á síðustu tveimur árum, svo að hún geti innt af hendi þau verkefni, sem henni eru ætluð, leggur meiri hl. nefndarinnar til, að frv. verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Alþingi, 5. apríl 1973.

Svava Jakobsdóttir, form.	Bjarni Guðnason, fundaskr.	Stefán Valgeirsson, frsm.

Gísli Guðmundsson.

Ed. 540. Frumvarp til laga [69. mál]

um breyt. á l. nr. 57 18. apríl 1962, um Hæstarétt Íslands.

(Eftir 2. umr. í Ed., 5. apríl.)

Samhljóða þskj. 73 með þessari breytingu:

9. gr. hljóðar svo:

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1973. Ákvæði 5. gr., 6. gr., 2. og 3. mgr. 7. gr. og 8. gr. taka til mála, sem stefnt er til Hæstaréttar eftir þann tíma.

Þegar lög þessi hafa hlotið staðfestingu, skal fella meginmál þeirra inn í lög nr. 57 18. apríl 1962 og gefa lögin út að nýju svo breytt.

Ed. 541. Búfjárræktarlög. [73. mál]

(Afgreidd frá Ed. 5. apríl.)

Samhljóða þskj. 518 (sbr. 77).

Sþ. 542. Nefndarálit [61. mál]

um till. til þál. um verðaukaskatt af lóðum og lendum.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og leggur til, að á því verði gerð þessi

BREYTING:

Tillögugreinin orðist svo:

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta undirbúa löggjöf um verðaukaskatt, sem lagður skal á sölu fasteigna, annarra en íbúðarhúsnæðis, atvinnurekstrarhúsnæðis og ábýlisjarða.

Skal markmið löggjafarinnar vera að skattleggja sölu lóða og lendna, sem hækkað hafa í verði án tilverknaðar eigenda umfram almennar verðhækkanir.

Skattur þessi renni til sveitarfélaga.

Þess skal getið, að Birgir Kjaran var fjarverandi.

Alþingi, 5. apríl 1973.

Björn Fr. Björnsson, form.	Jónas Árnason, fundaskr.	Bjarni Guðnason, frsm.
Stefán Gunnlaugsson.	Jón Skaftason.	Lárus Jónsson, með fyrirvara.

Ed. 543. Lög [120. mál]

um breyting á lögum nr. 82 21. ágúst 1961 um meðferð opinberra mála, sbr. lög nr. 29 28. apríl 1966.

(Afgreidd frá Ed. 5. apríl.)

Samhljóða þskj. 519.

Ed. 544. Frumvarp til laga [74. mál]

um breyting á lögum nr. 67 10. maí 1966, um vélstjóranám.

(Eftir 3. umr. í Nd., 5. apríl.)

1. gr.

4. gr. laganna orðist svo:

Námskeið, er veiti þá fræðslu, sem þarf til að ljúka 1. stigi vélstjóranáms, skal skólastjóri Vélskóla Íslands láta halda árlega á þessum stöðum: Reykjavík, Ólafsvík, Ísafirði, Akureyri, Höfn í Hornafirði og Vestmannaeyjum.

Kennslutími skal vera minnst fimm mánuðir.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 545. Lög [113. mál]

um heimild til að stofna fjölbrautaskóla.

(Afgreidd frá Nd. 5. apríl.)

Samhljóða þskj. 398.

Nd. 546. Lög [180. mál]

um breyting á lögum um stofnun og slit hjúskapar, nr. 60 29. maí 1972.

(Afgreidd frá Nd. 5. apríl.)

Samhljóða þskj. 327.

Ed. **547. Frumvarp til laga** [234. mál]

um breyting á lögum nr. 67/1971, um almannatryggingar.

Flm.: Geirþrúður Hildur Bernhöft.

1. gr.

B-liður 43. gr. laganna orðist svo:

Nauðsynlegar rannsóknir og aðgerðir, eftir tilvísun samlagslæknis, hjá sérfræðingum að ¾ hlutum. Þó skulu elli- og örorkulífeyrisþegar fá þessa hjálp greidda að fullu. Sjúkrasamlagsstjórn getur takmarkað heimild samlagslækna til tilvísana samkvæmt þessum lið.

2. gr.

C-liður 43. gr. laganna orðist svo:

Lyf, sem samlagsmanni er lífsnauðsynlegt að nota að staðaldri, og nauðsynleg lyf fyrir elli- og örorkulífeyrisþega að fullu, en önnur nauðsynleg lyf að ¾ eða ½, enda séu lyfin í lyfjaskrá, sem Tryggingastofnunin lætur gera og staðfest skal af heilbrigðisstjórninni. Heimilt er í skrá þessari að takmarka greiðslu ákveðinna lyfja við tiltekið hámark.

3. gr.

Í stað orðanna í lok 5. málsgr. 50. gr. laganna: „er Tryggingastofnuninni heimilt að greiða honum sjálfum allt að 25% lágmarksbóta“ komi: skal Tryggingastofnunin greiða honum sjálfum 25% tekjutryggingar.

4. gr.

Lögin öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í frumvarpi þessu er gert ráð fyrir þrem breytingum á núgildandi lögum um almannatryggingar. Varða þær hag elli-, örorku- og ekkjulífeyrisþega.

Frumvarpið felur í sér breytingu á b-lið 43. gr. varðandi greiðslu læknisrannsókna og aðgerða utan sjúkrahúsa fyrir elli- og örorkulífeyrisþega.

Samkvæmt núgildandi lögum fær sjúklingur, sem lagður er inn á sjúkrahús til læknisrannsóknar, sjúkrahúsdvölina greidda að fullu, þar með taldar allar rannsóknir, röntgenmyndatökur, lyf og aðrar aðgerðir.

Fjöldi sjúklinga, sem þarfnast nákvæmrar læknisrannsóknar, kemst þó ekki inn á sjúkrahús. Fer þá læknisrannsókn fram utan sjúkrahúsa, og sjúklingur fer á milli þeirra staða, sem geta veitt þessa nauðsynlegu þjónustu.

Fari rannsókn og aðgerðir fram utan sjúkrahúsa, fær sjúklingur ekki greitt að fullu, heldur ber honum að greiða ¼ hluta kostnaðar.

Fjölda elli- og örorkulífeyrisþega er ókleift að greiða þennan kostnað. Auk þess neyðast þeir oft til, vegna veikinda, að nota leigubíla, og bætist þá greiðsla fyrir þá ofan á fyrrnefndan sjúkrakostnað.

Læknisrannsókn eða aðgerð utan sjúkrahúsa er einnig mun kostnaðarminni fyrir ríki og sveitarfélög en sjúkrahúsdvöl. Ekki þarf að færa önnur rök fyrir því en benda á daggjöld sjúkrahúsa. T. d. er daggjald Landsspítalans og Borgarspítalans í Fossvogi nú kr. 5 100.00.

Hér er því lagt til, að nauðsynlegar læknisrannsóknir og aðgerðir utan sjúkrahúsa greiðist að fullu fyrir elli- og örorkulífeyrisþega.

Þá er lögð til í frumvarpi þessu breyting á ákvæðum c-liðar 43. gr. um greiðslu lyfja.

Samkvæmt núgildandi lögum er þátttaka sjúkrasamlags í lyfjagreiðslum mismunandi. Fer það eftir sjúkdómum og tegundum lyfja. Sum lyf greiðir sjúkrasamlagið að fullu, önnur að ¾ eða ½.

Af augljósum ástæðum er lyfjanotkun elli- og örorkulífeyrisþega oft mjög mikil, miðað við lyfjanotkun almennt. Jafnframt er greiðslugeta þessara lífeyrisþega oftast mun minni en flestra annarra. Mörg dæmi eru þess, að elli- og örorkulífeyrisþegar neiti sér um — eða kaupi ekki um tíma — nauðsynleg lyf vegna fjárskorts og hafni einnig aðstoð sveitarfélagsins, þótt í boði sé.

Ekki þarf að fjölyrða um, hversu alvarlegar afleiðingar slíkt getur haft. Þess vegna er lagt til, að nauðsynleg lyf greiðist að fullu fyrir elli- og örorkulífeyrisþega.

Enn fremur gerir frumvarp þetta ráð fyrir breytingu á ákvæðum 5. mgr. 50. gr. laganna varðandi greiðslu Tryggingastofunarinnar til persónulegra þarfa elli-, örorku- og ekkjulífeyrisþega.

Samkvæmt núgildandi lögum er Tryggingastofnuninni heimilt að greiða elli-, örorku- og ekkjulífeyrisþega, sem dvelst á stofnun eða sjúkrahúsi lengur en einn mánuð og er algjörlega tekjulaus, allt að 25% lágmarksbóta. Greiðist það honum sjálfum, og er þetta fé ætlað til persónulegra þarfa. Undanfarið hefur þessi upphæð verið kr. 1 500.00 á mánuði og greiðist ársfjórðungslega. Ef elli-, örorku- eða ekkjulífeyrisþegi þarf að greiða fatnað, hreinlætisvörur, snyrtivörur, klippingu eða hársnyrtingu og ef til vill tóbak með þessu fé, þótt ekki sé minnzt á fargjald með strætisvögnum, sem elli- og örorkulífeyrisþegar þurfa þó aðeins að greiða að hálfu, er augljóst, að enginn getur komizt af til lengdar með þessi fjárráð.

Þess vegna er lagt til, að Tryggingastofnunin skuli greiða lífeyrisþega sjálfum 25% tekjutryggingar í stað 25% lágmarksbóta.

Nái þessi breytingartillaga fram að ganga, mundi hlutaðeigandi fá greiddar ca. kr. 3 000.00 á mánuði til persónulegra þarfa.

Nd. 548. Nefndarálit [34. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um almannatryggingar, nr. 67 frá 20. apríl 1971.

Frá meiri hl. heilbrigðis- og trygginganefndar.

Nefndin hefur kynnt sér frumvarpið. Með hliðsjón af því, að nefnd, sem vinnur að endurskoðun tryggingalaganna, hefur enn ekki skilað endanlegu áliti, og þar sem vitað er, að eitt þeirra atriða, sem hún athugar sérstaklega, er einmitt það, sem frumvarpið fjallar um, leggur meiri hl. heilbrigðis- og trygginganefndar til, að frumvarpinu verði vísað til ríkisstjórnarinnar í trausti þess, að það fái jákvæða afgreiðslu í endurskoðunarnefndinni.

Birgir Kjaran var fjarverandi, þegar málið var afgreitt.

Alþingi, 4. apríl 1973.

Jón Skaftason, form., frsm. Sverrir Hermannsson. Bjarni Guðnason.

Jónas Jónsson. Jónas Árnason.

Nd. 549. Lög [195. mál]

um happdrætti Dvalarheimilis aldraðra sjómanna.

(Afgreidd frá Nd. 5. apríl.)

Samhljóða þskj. 368.

Nd. **550. Lög** [201. mál]

um Happdrætti Háskóla Íslands.

(Afgreidd frá Nd. 5. apríl.)

Samhljóða þskj. 455.

Nd. **551. Frumvarp til laga** [104. mál]

um fangelsi og vinnuhæli.

(Eftir 2. umr. í Nd., 5. apríl.)

Samhljóða þskj. 130 með þessum breytingum:

3. gr. hljóðar svo:

Dómsmálaráðherra skal ákvarða, hvar byggja skal ríkisfangelsi. Því skal eftir nánari ákvörðun dómsmálaráðherra m. a. skipt í eftirtaldar deildir: einangrunarfangelsi, öryggisgæzludeild, geðveilladeild, varðhald, gæzluvarðhald og móttökudeild. Í reglugerð skal kveðið á um skiptingu ríkisfangelsis í sjálfstæðar rekstrareiningar.

Í einangrunarfangelsið skal setja þá refsifanga, sem sekir gerast um stórfelld eða ítrekuð brot gegn reglum annarra fangelsa eða fangelsisdeilda.

8. gr. hljóðar svo:

Í vinnuhælum er vinnuskylda fyrir fanga og skal þar séð fyrir nægu húsrými til vinnuaðstöðu fyrir fanga. Þar skal vera aðstaða og tæki til fjölbreyttrar vinnu og til kennslu, bæði bóklegrar og verklegrar.

Fangar skulu fá greidd laun fyrir vinnu sína í hælunum, og setur dómsmálaráðherra reglur um vinnuna og launagreiðslur, og skal taka tillit til arðsemi vinnunnar og launa á almennum vinnumarkaði við ákvörðun launa. Heimilt er dómsmálaráðherra að ákvarða með reglugerð, að ákveðinn hundraðshluti af launum fanga fari í skyldusparnað, og skal sú upphæð, sem þannig sparast, annaðhvort renna til fjölskyldu fangans eða afhendast honum að lokinni afplánun refsingar. Setja skal nánari reglur um framkvæmd þessa í reglugerð.

Föngum í vinnuhælum skal séð fyrir aðstöðu til tómstundaiðkana, eftir því sem við verður komið á hverjum stað.

11. gr. hljóðar svo:

Við hverja stofnun samkvæmt 1. til 3. tl. 2. gr. skal vera sérstakur forstöðumaður, sem ráðherra skipar. Skipa skal öðrum fremur lögfræðing eða félagsráðgjafa, og skulu þeir sérstaklega hafa kynnt sér fangelsismál. Skal hann sjá um daglegan rekstur stofnunarinnar undir yfirstjórn dómsmálaráðherra. Ráðherra er heimilt að skipa þriggja manna stjórnarnefnd við hverja stofnun sér til aðstoðar við yfirstjórn stofnunarinnar. Stjórnarnefndir skulu skipaðar til þriggja ára í senn.

14. gr. hljóðar svo:

Starfrækja skal sérstaka stofnun til þess að annast umsjón og eftirlit með þeim, sem frestað er ákæru gegn, dæmdir eru skilorðsbundið eða leystir úr fangelsi með skilyrðum. Skal stofnunin í starfi sínu hafa samvinnu við félagsmálastofnanir, eftir því sem við á.

16. gr. hljóðar svo:

Meðan ríkisfangelsi er ekki fullbyggt skal vista þá, sem vista ætti í hinum ýmsu deildum þess, í þeim fangelsum, sem til eru á hverjum tíma eftir því, sem aðstæður leyfa.

Þar til unglingavinnuhæli hefur verið stofnað, skal vista unglinga í öðrum fangelsum. Skal þá eftir aðstæðum tekið tillit til aldurs þeirra og ferils.

Þar til komið hefur verið upp þeim deildum ríkisfangelsis, sem ætlaðar eru fyrir móttökudeild, gæzluvarðhald og varðhald, skal reka hegningarhúsið á Skólavörðustíg 9 í Reykjavík og fangelsi í húsnæði við Síðumúla í Reykjavík og skal í þeim fangelsum heimilt að vista hvers konar fanga. Skal umsjón hegningarhússins vera í höndum sakadómaraembættisins í Reykjavík á sama hátt og verið hefur, unz það verður lagt niður.

Ed. 552. Frumvarp til laga [235. mál]

um breyting á lögum nr. 59 28. maí 1969, um tollheimtu og tolleftirlit.

(Lagt fyrir Alþingi á 93. löggjafarþingi, 1972—1973.)

1. gr.

2. mgr. 69. gr. orðist svo:

(Ný málsgrein).

Það varðar stjórnanda fars sektum, ef við komu fars frá útlöndum er eigi gerð viðhlítandi grein fyrir áfengis- og/eða tóbaksbirgðum, sem samkvæmt staðfestum skýrslum tollyfirvalda á viðkomustað farsins erlendis hafa verið teknar um borð í farið þar, eða samkvæmt innsiglisskrá hafa verið geymdar meðal innsiglisbirgða farsins, og um er að ræða birgðir verulega umfram nauðsynlegar og eðlilegar birgðir farsins, en hvorki eru gefnar upp á innsiglisskrá eða finnast um borð í farinu við komu þess. Sömu refsingu skulu og þeir af áhöfn farsins sæta, sem undirritað hafa móttökuskilríki eða innsiglisskrá yfir slíkan varning.

2. gr.

2. mgr. 76. gr. orðist svo:

Þó er tollyfirvöldum heimilt að ákveða sekt fyrir ólöglegan innflutning, ef brot er skýlaust sannað, og ætla má, að brot varði ekki hærri sekt en kr. 20 000, enda játist sökunautur undir þá ákvörðun og greiði sektina þegar í stað. Við slíka sektarákvörðun skal greina í bókun, skýrt og stutt, brot það, sem um er að tefla, refsiákvæði, sem það varðar við, og ítrekunarverkun á síðari brot, ef því er að skipta. Nú hefur skýlaust sannað brot einnig upptöku eignar í för með sér, og getur tollyfirvald undir því skilorði, er nú var sagt, ákveðið eignaupptöku, enda fari verðmæti eigi fram úr kr. 100 000.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta felur í sér tvær breytingar á lögum nr. 59/1969, um tollheimtu og tolleftirlit, og eru þær þessar:

Um 1. gr.

Lagt er til að tekin verði inn ný málsgrein í 69. gr. laganna um tollheimtu og tolleftirlit, sem heimili viðurlög við því atferli að upplýsa ekki um afdrif vara, sem samkvæmt staðfestum skýrslum tollyfirvalda erlendis hafa farið um borð í viðkomandi far. Við hefur borið, að tollyfirvöld erlendis hafa gefið hérlendum yfirvöldum nákvæmar upplýsingar um mikið magn hátollavara, sem farið hafa um borð í ákveðin íslenzk kaupför, en þessi varningur hefur svo ekki fundizt, né hefur á

nokkurn hátt verið gerð grein fyrir því, hvað af honum hafi orðið. Talið er, að vafasöm sé heimild til ákvörðunar viðurlaga í slíkum tilfellum, en jafnaugljóst, að nauðsyn ber til að upplýsa mál af þessu tagi til hlítar. Myndi ákvæði þetta einkum koma að notum, þegar um meiri háttar vörumagn væri að ræða.

Um 2. gr.

Samkvæmt gildandi lögum er tollyfirvöldum heimilt að ákveða sekt fyrir ólöglegan innflutning, ef brot er skýlaust sannað og ætla má, að brot varði ekki hærri sekt en 10 þús. kr. Vegna verðlagsbreytinga er lagt til að hækka sektarmark þetta í 20 þús. kr., en heimild þessi hefur gefizt vel og létt verulega álagi af dómstólum, með því að ekki er þá nauðsynlegt að vísa smærri brotum almennt til meðferðar dómstóla. Á sama hátt er lagt til að hækka verðmæti eigna, er tollyfirvald má gera upptækt án atbeina dómstóla, úr 50 þús. kr. í 100 þús. kr.

Nd. 553. Frumvarp til laga [236. mál]

um breyting á lögum nr. 14 15. marz 1965 um launaskatt, sbr. lög nr. 104 31. desember 1972.

(Lagt fyrir Alþingi á 93. löggjafarþingi, 1972—1973.)

1. gr.

1. mgr. 1. gr. laganna orðist svo:

Leggja skal á launagreiðendur almennan launaskatt, að fjárhæð 2½% af greiddum vinnulaunum og hvers konar atvinnutekjum, öðrum en tekjum sjómanna, lögskráðra á íslenzk fiskiskip, sem aflað er í tengslum við úthald skipanna til fiskveiða, og tekjum af landbúnaði, svo sem ákveðið er í lögum þessum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og gilda til 31. desember 1973. Launaskattur skal greiddur samkvæmt lögum þessum af launum, sem greidd eru vegna starfa, sem unnin eru frá og með 1. janúar 1973.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Er fiskverð var ákveðið um s. l. áramót, gaf ríkisstjórnin fyrirheit þess efnis, að hún myndi beita sér fyrir, að launaskattur (2,5%) af launagreiðslum til lögskráðra áhafna á fiskiskipum yrði felldur niður frá og með 1. janúar 1973. Frumvarp þetta er flutt til efnda á fyrirheiti þessu.

Um 1. gr.

Greinin er samhljóða 1. gr. núgildandi laga með þeirri viðbót, að undanþegnar frá launaskatti eru tekjur áhafna lögskráðra á íslenzk fiskiskip. Nær undanþágan einnig til tekna landmanna, svo framarlega sem landmenn þessir séu lögskráðir. Sé fiskiskip hins vegar notað til að sinna öðrum verkefnum en fiskveiðum, ber að greiða launaskatt af tekjum áhafnar fyrir þá vinnu samkvæmt aðalreglum laganna.

Um 2. gr.

Lög nr. 104/1972 um breyting á lögum nr. 14/1965 falla úr gildi 31. des. 1973. Þykir rétt að takmarka gildi laga þessara við sama tíma.

Ed. 554. Frumvarp til laga [237. mál]

um breyting á lögum nr. 29 1963 um lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins.

(Lagt fyrir Alþingi á 93. löggjafarþingi, 1972—1973.)

1. gr.

Í lok 12. gr. laganna komi ný málsgrein, er hljóði svo:

Á meðan starfsmaður gegnir áfram starfi, eftir að hann hefur verið frá því leystur, eða hann fær af öðrum ástæðum áfram greidd óskert laun, sem starfinu fylgja, á hann ekki jafnframt rétt til lífeyris.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Eigi er með lögunum skert lífeyrisréttindi, sem áunnin eru fyrir gildistöku þeirra.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarpið miðar að því að setja skýrar reglur um, hvenær lífeyrisgreiðslur til ríkisstarfsmanna hefjist. Einnig á það að koma í veg fyrir, að starfsmenn, er njóta óskertra launa, eftir að þeir hafa látið af stöðu sinni (eftirlauna), geti jafnframt átt kröfu til lífeyris. Verður það að teljast óeðlilegt og getur haft misrétti í för með sér.

Um 1. gr.

Í þessari grein eru settar skýrari reglur um, hvenær lífeyrisgreiðslur til starfsmanna hefjist. Talsvert tíðkast, að starfsmenn gegni stöðu sinni áfram um stundarsakir, eftir að þeir hafa fengið lausn fyrir aldurs sakir eða af öðrum ástæðum. Á meðan starfsmaður gegnir starfi sínu áfram með þessum hætti, verður ekki talin ástæða til að hann taki jafnframt lífeyri. Á hinn bóginn er ekki ætlunin með reglu þessari að skerða lífeyrisgreiðslur til lífeyrisþega, sem fenginn hefur verið til þess í öðrum tilvikum að gegna um tíma tilteknu starfi.

Þá eru dæmi þess, að lífeyrir sé samkvæmt lögum óháður því, hvort sá starfsmaður, sem hans nýtur, á jafnframt rétt til eftirlauna. Þannig eiga umboðsstarfalausir dómarar, þ. e. hæstaréttardómarar, sem veitt er lausn frá embætti eftir 65 ára aldur, rétt til embættislauna óháð rétti til lífeyris.

Samkvæmt framansögðu getur starfsmaður nú notið lífeyris og eftirlauna, sem geta farið langt fram úr þeim launum, sem almennt fylgja starfi. Er frumvarpið á því sjónarmiði reist, að þessir hættir á greiðslu lífeyris séu óeðlilegir og geti leitt til misréttis. Þykir því rétt, enda þótt allsherjarendurskoðun lífeyrislöggjafarinnar hafi ekki farið fram, að leiða nú þegar þá reglu í lög, að starfsmaður geti ekki tekið samtímis bæði lífeyri og eftirlaun.

Um 2. gr.

Samkvæmt núgildandi lögum geta tilteknir starfsmenn, svo sem núverandi hæstaréttardómarar, áunnið sér rýmri lífeyrisrétt en 1. gr. kveður á um. Þykir ekki réttlætanlegt að svipta þessa starfsmenn slíkum áunnum rétti endurgjaldslaust, hvort sem lífeyrisgreiðslur til þeirra eru hafnar eða ekki. Er valin sú leið í frumvarpinu, að ekki skal hróflað við lífeyrisrétti, sem áunnin getur talizt við gildistöku laganna.

Ed. 555. Nefndarálit [124. mál]

um frv. til laga um vátryggingarstarfsemi.

Frá heilbrigðis- og tryggingaNefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og leggur til, að það verði samþykkt í því formi, sem það kom frá neðri deild. Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja breytingartillögum, ef fram koma.

Alþingi, 6. apríl 1973.

Helgi Seljan, form., frsm. Halldór Kristjánsson, fundaskr. Eggert G. Þorsteinsson.
Geirþrúður Hildur Bernhöft. Björn Jónsson. Oddur Ólafsson.
Ásgeir Bjarnason.

Ed. 556. Frumvarp til laga [238. mál]

um Stofnlánadeild landbúnaðarins og byggingar í sveitum.

(Lagt fyrir Alþingi á 93. löggjafarþingi, 1972—1973.)

I. KAFLI
Um Stofnlánadeild landbúnaðarins.

1. gr.

Stofnlánadeild landbúnaðarins er deild í Búnaðarbanka Íslands. Um samband Stofnlánadeildarinnar við aðrar deildir bankans fer eftir lögum um Búnaðarbanka Íslands og ákvæðum þessara laga.

Hlutverk Stofnlánadeildar landbúnaðarins er að efla framleiðslu og framleiðni í íslenzkum landbúnaði og treysta byggð í sveitum landsins. Hún veitir fjármagn til framkvæmda á sveitabýlum og til þjónustufyrirtækja landbúnaðarins, svo sem nánar er tilgreint í lögum þessum.

Landbúnaðarráðherra hefur yfirstjórn þeirra mála, er lög þessi taka til.

2. gr.

Stjórn Búnaðarbanka Íslands hefur á hendi stjórn Stofnlánadeildar. Þegar bankaráð tekur til meðferðar og ákvörðunar málefni Stofnlánadeildar eða Byggingastofnunar landbúnaðarins, skulu fulltrúi frá Stéttarsambandi bænda og fulltrúi frá Búnaðarfélagi Íslands taka sæti í bankaráði Búnaðarbanka Íslands sem fullgildir bankaráðsmenn. Fulltrúar þessir og varamenn þeirra skulu tilnefndir til fjögurra ára í senn, í fyrsta sinn gildir sú tilnefnding til 31. desember 1976.

3. gr.

Bankaráð skal ráða deildinni forstöðumann og ákveður starfssvið hans með erindisbréfi. Forstöðumaður gerir tillögur til bankastjórnar um lánveitingar deildarinnar samkvæmt reglum, sem settar verða samkvæmt lögum þessum.

Verði ágreiningur um einstakar lánveitingar milli bankastjórnar og forstöðumanns, getur forstöðumaður skotið þeim ágreiningi til bankaráðs til endanlegrar ákvörðunar.

4. gr.

Tekjur deildarinnar eru:

1. Árlegt framlag ríkissjóðs, er nemi 25 milljón krónum.
2. Álag á söluvörur landbúnaðarins, 1%, til ársloka 1980.

Álag þetta skal ákvarða og innheimta á sama hátt og búnaðarmálasjóðsgjald, samkvæmt lögum nr. 38 15. febrúar 1945.

3. Gjald á útsöluverð mjólkur og rjóma og á heildsöluverð annarra landbúnaðarvara, er nemi 1%, frá 1. júlí 1973 til ársloka 1980.

Gjald á vörur, sem ekki eru í verðlagsgrundvelli, skal miða við áætlað útsöluverð, séu þær ekki verðlagðar af Sexmannanefnd. Sölusamtök framleiðenda og aðrir seljendur skulu standa skil á gjaldinu samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð.

Gjald þetta nær til allra sömu vörutegunda og gjald samkvæmt 2. tl. þessarar gr. — Innheimta skal sama gjald af innfluttum kartöflum og tekið er af kartöflum framleiddum innanlands.

4. Árlegt framlag ríkissjóðs, er nemi jafnhárri fjárhæð og samanlagðar tekjur samkvæmt 2. og 3. lið þessarar greinar.
5. Vaxtatekjur.

Framleiðsluráð landbúnaðarins annast innheimtu á gjöldum samkvæmt 2. og 3. tölulið þessarar greinar.

5. gr.

Stofnlánadeildin veitir lán til eftirtalinna verkefna:

1. Til jarðakaupa.
2. Til nýbygginga og endurbygginga íbúðarhúsa á lögbýlum.
3. Til ræktunar, útihúsa, vatnsveitna og varmaveitna og annarra mannvirkja, er varða landbúnað, þar með talin ylrækt, loðdýrarækt og lax- og silungseldi.

Enn fremur skal hún lána til vinnslustöðva landbúnaðarafurða.

Einnig skal lána til heykögglaverksmiðja og heyþurrkunarstöðva, viðgerðarverkstæða fyrir landbnúaðarvélar og annarra verkstæða, er veita þjónustu fyrir viðvkomandi sveitir; til bústofnskaupa, búvéla og þungavinnuvéla búnaðar- og ræktunarsambanda.

6. gr.

Stjórn Stofnlánadeildar setur henni útlánareglur, sem landbúnaðarráðherra staðfestir. Þær skulu miða að því, að fjárfestingarlán til landbúnaðarins og þjónustufyrirtækja hans stuðli að þeirri þróun, sem æskilegust er fyrir atvinnuveginn og þjóðarbúið í heild.

Lánareglur deildarinnar skulu miðaðar við það, að bændur, sem hafa minna en verðlagsgrundvallarbú, en hafa möguleika til að ná aukinni hagkvæmni með stækkun búanna, njóti hagkvæmustu lánakjara til umbóta á jörðum sínum, að því marki, að náð sé bústærð, sem svarar einu og hálfu verðlagsgrundvallarbúi, eins og það er á hverjum tíma.

Þegar um viðurkenndan félagsskap er að ræða, nýtur hver aðili að búinu lánaréttinda sem sjálfstæður bóndi.

Nú hefur bóndi stærra bú en sem svarar einu og hálfu verðlagsgrundvallarbúi, eða sækir um lán til framkvæmda, sem svara til stærra bús, og er þá heimilt að skipta lánum til viðkomandi framkvæmda þannig, að hluti þeirra sé með öðrum kjörum eða lægri hundraðshluti verði veittur út á framkvæmdina.

Upphæð lána má að jafnaði vera allt að 60% kostnaðarverðs, eins og meðalkostnaður sambærilegra framkvæmda er talinn ár hvert. Heimilt er þó, ef sérstaklega stendur á, að veita hærri lán, eða allt að 70%, ef ástæða þykir til að örva ákveðna framleiðslugrein á einstökum landssvæðum eða aðrar ástæður mæla sérstaklega með auknum stuðningi við viðkomandi framkvæmdir.

Til vélgrafinna skurða má lána allt að 85% kostnaðarverðs.

Njóti framkvæmdir framlags samkvæmt jarðræktarlögum, lækkar lánsupphæðin sem svarar framlaginu.

Um ákvörðun lána skal stjórn deildarinnar hafa hliðsjón af því, hve mikil önnur veðlán hvíla á eigninni, og skal eigi veita lán, ef ástæða er til að ætla, að búrekstur á jörðinni fái ekki staðið undir auknum lánum.

Lán til húsa er heimilt að veita í áföngum, eftir að hús eru fokheld.

Eigi er heimilt að lána til framkvæmda, þó að á lögbýlum sé, ef þau eða framkvæmdirnar eru ekki notaðar til landbúnaðarframleiðslu. Á sama hátt ber að synja um lán til framkvæmda á býlum, sem eru innan þéttbýlismarka, ef fyrirsjáanlegt þykir, að ekki verði þar um framtíðarbúrekstur að ræða.

7. gr.

Lán má veita gegn þessum tryggingum:

1. Gegn veði í fasteign, enda hvíli eigi veðskuldir á henni til annarra en Stofnlánadeildarinnar eða annarra opinberra sjóða á undan veðrétti þeim, sem Stofnlánadeildin fær. Ef umbætur þær, sem lán eru veitt til, eru gerðar á fasteign þeirri sjálfri, sem veðsett er, skal heimilt að telja veð umbótanna til viðbótar veðgildi eignarinnar óbættrar.
2. Gegn veði í þeim húsum, sem lánað er til, ásamt tilheyrandi lóð og lóðarréttindum, ef þau eru byggð fyrir sjálfstæðan rekstur, svo sem sláturhús, mjólkurvinnslustöðvar, verkstæði o. þ. h.
3. Gegn veði í þeim vélum, sem keyptar eru.
4. Gegn veði í tilteknum flokki eða flokkum búfjár, þrátt fyrir ákvæði 4. gr. laga um veð frá 4. nóvember 1887.

Tryggingar þær, sem taldar eru undir 1. tölulið, skulu fullgildar einar saman, ef um er að ræða lán til jarðakaupa, ræktunar eða byggingar íbúðarúsa, peningshúsa og geymsluhúsa á lögbýlum, en ef um er að ræða lán til verksmiðja, véla, gróðurhúsa og bústofnsauka, skulu þau veð, sem látin eru til tryggingar samkv. 2.—4. tölulið, styrkt með fasteignaveði eða ábyrgð hrepps eða sýslufélags, ef nauðsynlegt þykir.

Hús og vélar eru því aðeins fullgilt veð fyrir lánum úr Stofnlánadeild, að vátryggð séu í vátryggingarstofnun, sem deildin tekur gilda.

8. gr.

Lánstími skal vera 5—42 ár, eftir því til hvers lánað er. Lán til íbúðarhúsa má vera til allt að 42 ára, ef húsin eru talin byggð úr nægilega varanlegu efni. Lán til annarra nýrra bygginga og ræktunar mega vera til allt að 25 ára, svo og til þeirra framkvæmda við ylrækt og lax- og silungsrækt, sem varanlegar teljast, en til vélakaupa, girðinga, bústofnsauka og annars þess, sem ekki á að tryggja langa endingu, eigi nema 5—12 ár. Skal nánar kveða á í reglugerð, hve langur lánstími má vera til hverrar tegundar lána.

Heimilt er, að lán til útihúsabygginga og íbúðarhúsabygginga séu höfð afborgunarlaus fyrstu 2 árin, þegar sérstaklega stendur á.

Lánin skulu endurgreidd með jöfnum ársgreiðslum, nema lántaki vilji greiða þau hraðar.

9. gr.

Ríkisstjórnin ákveður, að fengnu áliti stjórnar Seðlabanka Íslands og stjórnar Stofnlánadeildarinnar, vexti af lánum deildarinnar, sbr. lög nr. 4 1960, um efnahagsmál. Vextir af lánum til byggingar íbúðarhúsa skulu þó að minnsta kosti vera ½% lægri en af almennum lánum deildarinnar.

Heimilt er að hafa mismunandi háa vexti af lánum til sömu framkvæmdar, sbr. ákvæði 6. gr. Þá er heimilt að ákveða vexti af lánum til vinnslustöðva, verkstæða og annarra slíkra framkvæmda hærri en af almennum lánum.

10. gr.

Heimilt er Búnaðarbanka Íslands vegna Stofnlánadeildar landbúnaðarins, að fengnu samþykki ríkisstjórnarinnar, að taka lán í samræmi við ákvörðun Alþingis í framkvæmdaáætlun hverju sinni.

Eigi er Stofnlánadeild landbúnaðarins heimilt að endurlána erlent lánsfé nema með gengisákvæði. Sama máli gegnir um verðtryggt innlent lánsfé, enda gangi slík lán til vinnslustöðva, vélakaupa og bygginga, sem reistar eru til sameiginlegra þarfa bændasamtakanna.

11. gr.

Ríkissjóður ábyrgist allar skuldbindingar Stofnlánadeildar landbúnaðarins og greiðir þær, ef eignir og tekjur hennar hrökkva ekki til.

12. gr.

Lán til endurbyggingar íbúðarhúsa á lögbýlum skulu veitt með þessum skilyrðum:

1. Að húsið sé gert úr góðum og viðurkenndum byggingarefnum og samþykkt af Byggingastofnun landbúnaðarins.
2. Að lögð hafi verið fram lýsing á bæjarhúsum umsækjanda frá hlutaðeigandi byggingafulltrúa eða byggingarnefndum, og beri sú lýsing vitni um, að endurbyggingar sé þörf.
3. Að fyrir liggi vottorð frá viðkomandi byggðaráði um, að býlið hafi framtíðarmöguleika, að íbúðarhúsið sé við hæfi þess og að húsið verði reist á hentugum stað miðað við ræktun, vatnsból, vegi, rafleiðslur og annað það er tryggir framtíð þess.

Lán skulu enn fremur því aðeins veitt til endurbyggingar íbúðarhúsa á lögbýlum, að hús eða viðbygging við hús sé allt byggt að nýju, eða gamalt hús endurbyggt þannig, að telja megi jafngilt nýju húsi til íbúðar.

13. gr.

Hemilt er að telja lán eða eftirstöðvar láns úr Stofnlánadeild landbúnaðarins fallnar í gjalddaga án uppsagnar:

1. Þegar áskilið árgjald er ekki greitt á réttum gjalddaga.
2. Við eigendaskipti að veði fyrir láni, ef deildinni hefur ekki verið tilkynnt um eigendaskiptin.
3. Ef veðið gengur svo úr sér eða rýrnar að gildi, að lánið er ekki lengur tryggt að dómi deildarinnar.
4. Ef lögð er niður landbúnaðarframleiðsla eða störf fyrir landbúnaðinn á eignum þeim, sem veðsettar eru deildinni.

14. gr.

Þegar lán er komið í gjalddaga, hefur Stofnlánadeild landbúnaðarins heimild til að láta selja veðið við opinbert uppboð, án undanfarandi dóms, sáttar eða fjárnáms samkvæmt ákvæðum í lögum um lögræði, nr. 95 5. júní 1947, 39. gr., eða láta leggja deildinni það út til eignar, ef þörf krefur.

15. gr.

Ef veð er selt á nauðungaruppboði eða við gjaldþrotaskipti, ber uppboðshaldara að geta þess í uppboðsgerðinni, að eignin sé veðsett Stofnlánadeild lanbúnaðarins, og skal stjórn hennar gert aðvart svo tímanlega, að hún geti látið fulltrúa sinn vera við uppboðið.

16. gr.

Stofnlánadeild landbúnaðarins er undanþegin öllum sköttum til ríkis og sveitarfélaga.

17. gr.

Stofnlánadeild landbúnaðarins greiðir Lífeyrissjóði bænda til ársloka 1985 fé til lífeyrisgreiðslna samkvæmt 17. gr. og 18. gr. laga um Lífeyrissjóð bænda, er nemur 37,5% árlegri lífeyrisgreiðslna.

Einnig greiðir deildin Lífeyrissjóði bænda framlag samkvæmt 6. gr. þeirra laga í eitt ár í senn, ef árlegar tekjur sjóðsins hrökkva ekki fyrir árlegum útgjöld-

um hans, enda á Stofnlánadeildin rétt á lánum, er nemi 25% af árlegum iðgjöldum og framlögum í sjóðinn fyrstu 15 starfsár hans.

18. gr.

Setja má með reglugerð nánari ákvæði um starfsemi Stofnlánadeildarinnar, m. a. um tilhögun á innheimtu álags á landbúnaðarvörur samkvæmt 4. gr., enda brjóti sú reglugerð ekki í bága við nein ákvæði í lögum.

II. KAFLI

19. gr.

Stofnlánadeild landbúnaðarins veitir framlög til byggingar nýrra íbúðarhúsa á lögbýlisjörðum utan þéttbýlis; ennfremur til byggingar íbúðarhúsa á garðyrkjubúum og smábýlum utan þéttbýlis, þar sem viðkomandi byggðaráð mælir með því og talið er, að viðkomandi býli verði til styrktar búskap og búsetu í byggðarlaginu. Ennfremur má veita styrk til endurbyggingar á eldri íbúðarhúsum.

Á hvert íbúðarhús má veita allt að 120 þús. kr. og 10% af samanlögðum kostnaði við endurbyggingu íbúðarhúsa, þó aldrei yfir 120 þús. kr.

Til þessarar styrkveitingar nýtur Stofnlánadeildin framlags úr ríkissjóði.

III. KAFLI

Um Byggingastofnun landbúnaðarins.

20. gr.

Stofnunin ber heitið Byggingastofnun landbúnaðarins og starfar á vegum Búnaðarbanka Íslands.

21. gr.

Landbúnaðarráðherra skipar ráðgjafarnefnd Byggingastofnunar landbúnaðarins. Nefndin skal vera stofnuninni til ráðuneytis um val verkefna.

22. gr.

Í nefndinni skulu vera: Forstöðumaður Byggingastofnunar landbúnaðarins, sem er formaður, dýralæknir, nautgriparæktarráðunautur, sauðfjárræktarráðunautur og maður með bútæknimenntun.

23. gr.

Heimilt er nefndinni, með samþykki landbúnaðarráðherra, að ráða sérfræðinga til rannsókna, sem nefndin telur nauðsynlegar.

Kostnaður við byggingarannsóknir nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði, eftir því sem fé er veitt til þess á fjárlögum.

24. gr.

Verkefni Byggingastofnunar landbúnaðarins eru:

a. Að samþykkja uppdrætti af þeim mannvirkjum, sem lán eru veitt til úr Stofnlánadeild landbúnaðarins eða öðrum opinberum sjóðum, sem stofnaðir kunna að verða að tilhlutan ríkisins og veita lán til mannvirkja í sveitum. Skal það vera skilyrði fyrir slíkum lánum, að forstöðumaður samþykki uppdrætti.
b. Að gefa út upplýsingarit með almennum leiðbeiningum um byggingar og fyrirkomulag þeirra.
c. Að sjá bændum fyrir hentugum teikningum af mannvirkjum og húsum til sveita.
d. Að fylgjast með innlendum og erlendum nýjungum í húsagerð, rannsaka þær og gera tilraunir með það, er til framfara mætti verða í gerð og notkun húsa.
e. Að vinna í samráði við landbúnaðarráðuneytið og byggðaráð viðkomandi héraðs að skipulagi byggðar.
f. Að gera áætlanir og skipulagsuppdrætti fyrir byggingar í sveitum og gefa ráðleggingar um fjárfestingu.

g. Að setja byggingafulltrúum erindisbréf í samráði við viðkomandi sýslunefndir, samkvæmt lögum nr. 108 frá 31. desember 1945.

25. gr.

Byggingastofnun landbúnaðarins skal heimilt að selja þjónustu sína gegn vægu gjaldi, með samþykki stjórnar Stofnlánadeildar.

Það fé, sem fæst fyrir selda þjónustu, skal renna í sjóð, sem hafi það markmið að veita framlög til framkvæmda á nýjum hugmyndum um gerð gripahúsa og fyrirkomulag þeirra.

Sjóður þessi skal vera undir stjórn Stofnlánadeildar landbúnaðarins, en styrkir skulu veittir að fengnum tillögum forstöðumanns Byggðastofnunarinnar.

26. gr.

Landbúnaðarráðherra skipar forstöðumann Byggingastofnunar landbúnaðarins, og skal hann vera arkitekt eða með hliðstæða menntun. Hann skal annast stjórn stofnunarinnar í samráði við stjórn Búnaðarbanka Íslands.

Forstöðumaður ræður aðstoðarmenn að fengnu samþykki bankastjórnarinnar.

27. gr.

Kostnaður af rekstri stofnunarinnar greiðist af Stofnlánadeild landbúnaðarins.

IV. KAFLI
Ýmis ákvæði.

28. gr.

Landbúnaðarráðherra setur, að fengnum tillögum stjórnar Stofnlánadeildar landbúnaðarins, reglugerð um framkvæmd laga þessara.

29. gr.

Um endurskoðun Stofnlánadeildar landbúnaðarins, starfsskýrslur o. fl. fer eins og mælt er fyrir í lögum nr. 115 9. október 1941, um Búnaðarbanka Íslands.

30. gr.

I. kafli laga þessara öðlast gildi 1. júlí 1973.

Önnur ákvæði laganna öðlast gildi 1. janúar 1974. Frá 1. janúar 1974 falla úr gildi lög nr. 45 16. apríl 1971, um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með bréfi, dags. 29. september 1972, skipaði landbúnaðarráðherra nefnd 9 manna til að endurskoða lög nr. 45 frá 16. apríl 1971, um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum og önnur skyld lagaákvæði, eftir því sem nefndin teldi við þurfa.

Í skipunarbréfinu er svo mælt fyrir:

„Endurskoðunin skal við það miðuð, að Landnám ríkisins hætti starfsemi sinni sem sjálfstæð stofnun, en verkefni þess verði falin öðrum stofnunum, sem vinna í þágu landbúnaðarins, eftir því sem við á og hagkvæmt þykir.

Með endurskoðun á kafla laganna um Stofnlánadeild landbúnaðarins verði að því stefnt, að lánveitingar til landbúnaðarins verði til að stuðla að þeirri þróun, sem æskilegust er talin í landbúnaðinum hverju sinni. Skulu tillögurnar í þessu sambandi sniðnar í samræmi við þær hugmyndir um áætlanagerð um þróun landbúnaðarframleiðslunnar, sem settar voru fram í frumvarpi til laga um Framleiðsluráð landbúnaðarins o. fl., er lagt var fyrir síðasta Alþingi.

Þá skal nefndin taka til athugunar, hvort ekki sé æskilegt, að bændasamtökin fái aðild að stjórn lánasjóða landbúnaðarins á svipaðan hátt og t. d. iðnaðurinn á aðild að stjórn Iðnlánasjóðs, eða verði á einhvern hátt ráðgefandi aðili um stefnumótun í lánamálum til landbúnaðarins.“

Í nefndina voru skipaðir eftirtaldir menn:

Gunnlaugur E. Briem, ráðuneytisstjóri, formaður.
Ágúst Þorvaldsson, alþingismaður.
Gunnar Guðbjartsson, formaður Stéttarsambands bænda.
Halldór Pálsson, búnaðarmálastjóri.
Magnús Jónsson, alþingismaður.
Stefán H. Sigfússon, fulltrúi.
Stefán Valgeirsson, alþingismaður.
Þórhallur Tryggvason, skrifstofustjóri.
Þorvaldur G. Jónsson, fóðureftirlitsmaður.

Í samráði við landbúnaðarráðherra var Jónasi Jónssyni, aðstoðarmanni ráðherra, falið að vinna með nefndinni, og annaðist hann jafnframt ritarastörf.

Viðfangsefni nefndarinnar greinist í þrjá höfuðþætti: 1) Stofnlánadeild landbúnaðarins, stjórn hennar og fjárhagsaðstaða. 2) Landnám ríkisins, skipan þeirra mála, er því eru falin í lögum. 3) Bygging og rekstur grænfóðurverksmiðja.

Nefndin samdi sérstakt frumvarp um heykögglaverksmiðjur ríkisins, og verður það lagt fyrir Alþingi samhliða þessu frumvarpi.

Hinn 18. ágúst 1971 skipaði landbúnaðarráðherra nefnd þriggja manna til að endurskoða eftirtalin lög.

1. Lög um kauprétt á jörðum, nr. 40 5. apríl 1948.
2. Ábúðarlög, nr. 36 29. marz 1961.
3. Lög um ættaróðul, ættarjarðir, erfðaábúð og sölu þjóð- og kirkjujarða, nr. 102 21. desember 1967.
4. Lög um Jarðeignasjóð ríkisins, nr. 54 27. apríl 1967.

Í nefnd þessa voru skipaðir Ásgeir Bjarnason alþingismaður, formaður, Sveinbjörn Dagfinnsson skrifstofustjóri og Árni Jónasson erindreki.

Nefnd þessi hefur samið frumvarp til jarðalaga, og var það sameiginlegt álit beggja nefndanna, að hagkvæmast væri, að verkefnum Landnáms ríkisins yrði ráðstafað í þeim lögum.

Fylgt er þeirri stefnu, að landbúnaðarráðuneytið taki við flestum verkefnum Landnámsins og eru ákvæði frumvarpsins, er að þessu lúta, samin í samráði við Stofnlánadeildar og landnámsnefndina. Í athugasemdum við jarðalagafrumvarpið verður gerð grein fyrir tillögum nefndanna um þessi efni.

Um Stofnlánadeild landbúnaðarins.

Hér er lagt til, að gerðar verði breytingar á þremur meginatriðum, er varða Stofnlánadeild landbúnaðarins. Þau varða: stjórn deildarinnar, fjármögnun hennar og lánareglur.

Stjórnaraðild bændasamtakanna.

Eitt virkasta tækið, sem hægt er að beita til að hafa áhrif á þróun landbúnaðarins, er stjórn á lánamálum hans. Með nýjum lánareglum, sem lagt er til að teknar verði upp, er farið inn á þá braut að samræma lánveitingastefnuna annarri stefnumörkun í landbúnaðarmálum, þannig að hún miði að þeirri þróun, sem æskilegust er talin fyrir atvinnuveginn og þjóðarbúið í heild. Bændasamtökin eru sá aðili, sem hlýtur bæði að taka mikinn þátt í mörkun slíkrar stefnu, og bera hvað mesta ábyrgð á framkvæmd hennar. Því er hér orðið við þeirri ósk bændasamtakanna að veita þeim nokkra aðild að stjórn lánamála landbúnaðarins.

Kveðið er á um þessa stjórnaraðild bændasamtakanna í 2. gr. frumvarpsins þannig, að þegar bankaráð Búnaðarbanka Íslands tekur til meðferðar og ákvörðunar málefni, er varða deildina, skuli kveðja til tvo fulltrúa bændasamtakanna, annan tilnefndan af Stéttarsambandi bænda og hinn af Búnaðarfélagi Íslands. Fulltrúar þessir skulu þá hafa full réttindi sem bankaráðsmenn. Er með þessu ætlazt til, að fulltrúar bændasamtakanna geti fylgzt með þróun málefna Stofnlánadeildarinnar á hverjum tíma. Þeir taka þátt í könnun á og umræðum um málefni deildarinnar og öllum ákvörðunum, er varða deildina beint. Með þessu eru þó bankaráði Búnaðarbankans engar hömlur settar um það, að á almannum fundum þess verði gerð grein fyrir og rædd staða Stofnlánadeildar eins og annarra deilda bankans.

Hið aukna bankaráð ræður deildinni forstöðumann og setur honum erindisbréf. Annað starfsfólk deildarinnar yrði ráðið á sama hátt og starfsfólk bankans.

Með frumvarpi þessu er gert ráð fyrir, að Landnám ríkisins verði lagt niður. Landnámsstjóri hefur gefið faglega umsögn um lánsumsóknir í umboði landnámsstjórnar. Eftir breytinguna verður að teljast eðlilegt, að við deildina yrði ráðinn búfróður maður með góða yfirsýn yfir landbúnaðinn í heild og ástand í sveitum landsins.

Fjármögnun deildarinnar.

Eins og glöggt kemur fram á meðfylgjandi yfirliti yfir útlán stofnlánadeildar, hefur fjárþörfin aukizt mjög mikið tvö síðastliðin ár, ef borið er saman við árabilið frá 1965—1970. Þessi hlutfallslega hækkun stafar þó ekki af því, að framkvæmdir hafi verið óeðlilega miklar þessi ár, heldur fyrst og fremst af þeim samdrætti, sem varð í framkvæmdum harðindaárin 1967—1970.

Útlán deildarinnar síðustu 11 árin hafa orðið sem hér segir:

Árið	1962	70.5	millj. kr.
—	1963	103.0	— —
—	1964	102.5	— —
—	1965	127.8	— —
—	1966	147.0	— —
—	1967	134.2	— —
—	1968	132.1	— —
—	1969	116.8	— —
—	1970	141.2	— —
—	1971	254.7	— —
—	1972	369.6	— —

Hefði hins vegar orðið jöfn hlutfallsleg hækkun, bæði vegna eðlilegrar aukningar í framkvæmdum og hækkaðs verðlags, má ætla, að þróunin hefði orðið svipuð því, sem hér greinir.

Áætluð þróun.

1966	voru	útlánin	147.0	millj.	kr.				
1967,	miðað	við	20%	hefðu	þau	orðið	176.4	millj.	kr.
1968	—	—	20%	—	—	—	211.7	—	—
1969	—	—	30%	—	—	—	275.2	—	—
1970	—	—	25%	—	—	—	344.0	—	—
1971	—	—	20%	—	—	—	412.8	—	—
1972	—	—	25%	—	—	—	516.0	—	—
1973	—	—	25%	—	—	—	645.0	—	—

Hlutfallstölur, sem settar eru hér inn, eru að sjálfsögðu umdeilanlegar, en af þeim sést þó, að miðað við aðstæður er áætluð fjárþörf sjóðanna nú ekki óeðlileg.

Síðasta talan, þ. e. fyrir árið 1973, er svipuð og lánsfjárþörfin er áætluð nú í ár eftir þeim lánsbeiðnum, sem borizt hafa.

Til að lýsa því, hvernig hagur Stofnlánadeildar hefur þróazt á undanförnum árum, er hér yfirlit um ráðstöfunarfé deildarinnar og hve hár hundraðshluti það hefur verið af heildarútlánum hvers árs.

Ráðstöfunarfé undanfarin ár:

1968	Útlán deildarinnar voru þá	132.9 millj. kr.
	Lántökur 1968	72.8 — —
	Deildin hefur þá haft til ráðstöfunar af eigin fé	60.1 millj. kr.
	eða 45.2% af útlánunum.	
1969	Útlán deildarinnar	116.8 millj. kr.
	Lántökur 1969 nettó	52.1 — —
	Deildin hefur þá haft til ráðstöfunar af eigin fé	64.7 millj. kr.
	eða 55.3% af útlánunum.	
1970	Útlán	141.2 millj. kr.
	Lántökur 1970 nettó	77.7 — —
	Deildin hefur þá haft til ráðstöfunar af eigin fé	63.5 millj. kr.
	eða 45% af útlánunum.	
1971	Útlán	254.7 millj. kr.
	Lántökur 1971	162.0 — —
	Deildin hafði þá til ráðstöfunar af eigin fé	92.7 millj. kr.
	eða 36.4% af útlánunum.	
1972	Útlán	369.6 millj. kr.
	Lántökur	286.6 — —
	Deildin hafði þá til ráðstöfunar af eigin fé	83.0 millj. kr.
	eða 22.4% af útlánunum.	
Áætlað fyrir 1973.		
	Útlánaþörfin áætluð	643.4 millj. kr.
	Áætlað, að deildin hafi til ráðstöfunar af eigin fé	71.7 millj. kr.
	eða 11.2% af áætlaðri útlánaþörf.	

Þá hefur verið gerð áætlun um það, hvað ráðstöfunarfé deildarinnar gæti orðið 1974, miðað við þær sennilegustu forsendur, sem völ er á, og óbreytt ástand miðað við tekjuöflun. Áætlun þessi er birt í fylgiskjali I. En áætlað er þá, að ráðstöfunarfé deildarinnar verði aðeins 47.0 millj. kr.

Það, sem langmest hefur rýrt hag Stofnlánadeildar á undanförnum árum, eru erlendar lántökur og þau stórfelldu gengistöp, sem hún hefur orðið fyrir. Á fylgiskjali II er gefið yfirlit yfir þessar lántökur. Á yfirliti þessu sést, að þrátt fyrir það, að lán þessi, sem tekin hafa verið síðan 1953, hafi stöðugt verið greidd niður, eru eftirstöðvar þeirra nú snöggtum hærri en samanlagt nafnverð þeirra var á lántökutímanum.

Eftirstöðvarnar eru nú 275 millj. kr., en nafnverð lánanna við lántöku 195 millj. kr. Á þessu tímabili hefur deildin greitt samtals 290 millj. kr. í afborganir af þessum lánum.

Það hefur einnig rýrt ráðstöfunarfé deildarinnar verulega, að hún hefur orðið að taka að láni fjármagn, sem bæði hefur verið á hærri vöxtum og lánað til skemmri tíma en deildin hefur síðan endurlánað það. Í fylgiskjölum III og IV er yfirlit yfir það, hvernig þessi þróun hefur orðið síðustu árin.

Í 4. gr. frv. er kveðið á um tekjuöflunarstofna deildarinnar. Þeir eru sem hér segir:

1. liður. Fast árlegt framlag ríkissjóðs er nú lagt til að verði 25 milljónir króna. Samkvæmt gildandi lögum er þetta framlag 4 millj. kr. Þessari föstu fjárveitingu til deildarinnar er ætlað að bæta henni þann vaxtamismun, sem hún verður að bera af því fjármagni, sem hún hefur að láni, en endurlánar með lægri vöxtum. Eins og nú er, mun láta nærri, að upphæðin svari til þessa taps. Síðar verður að taka þetta til endurskoðunar, þegar í ljós kemur, hve mikill slíkur vaxtamunur verður, eftir að nýjar lánareglur hafa tekið gildi.

2. liður. 4. gr. kveður á um, að leggja skuli 1% álag á söluvörur landbúnaðarins. Þetta er framlag bænda sjálfra til deildarinnar og er það sama og nú er í gildandi lögum, nema hvað nú er lagt til, að það verði óbreytt til 1980, en átti að lækka um 0,25% á árinu 1976.

3. liður kveður á um gjald á útsöluverð mjólkur og rjóma og heildsöluverð annarra landbúnaðarafurða. Gjald þetta verður nú 1%, en er 0,75% í gildandi lögum. Það skal haldast það sama til 1980, eins og í gildandi lögum.

Samkvæmt 4. lið greinarinnar á ríkissjóður að leggja fram mótframlag, er nemi sömu upphæð og tekjurnar verða eftir 2. og 3. lið. Í gildandi lögum leggur ríkissjóður aðeins framlag á móti 1% gjaldi því, er bændur greiða.

Eftir þessu má áætla, að tekjur þessar yrðu sem hér segir, og er þá miðað við ársgrundvöll:

1. Samkvæmt 2. lið 1973	40	millj. kr.
— — — 1974	52	— —
2. Samkvæmt 3. lið 1973	33	— —
— — — 1974	42	— —
3. Samkvæmt 4. lið 1973	73	— —
— — — 1974	94	— —

Að óbreyttum lögum yrðu samsvarandi tekjur árið 1973 105 millj. kr., en árið 1974 134.5 millj. kr.

Útlánareglur.

Í 6. gr. frumvarpsins er kveðið á um, að deildinni verði settar útlánareglur. Meginbreytingin frá gildandi lögum er sú, að reglurnar miðist við það, að bændur, sem hafa minni bú en sem svarar einu og hálfu verðlagsgrundvallarbúi, njóti beztu lánakjara að því marki, er þeir hafa náð slíkri bústærð. Þegar komið er fram yfir þetta mark, er heimild til þess, að hluti af lánunum verði á kjörum, sem svara til kostnaðarverðs fjármagnsins hverju sinni. Þegar um viðurkennd félagsbú er að ræða, deilist bústærðin eðlilega á aðila félagsbúsins. Þá eru ákvæði um, að þegar sérstaklega stendur á og talið er, að nauðsyn beri til að örva framleiðslu í ákveðnum greinum og/eða á ákveðnum svæðum, sé heimilt að hækka hundraðshluta lánanna og veita að láni allt að 70% af kostnaðarverði framkvæmdanna.

Með þessum ákvæðum er þeim, sem setja sjóðnum lánareglur, gert kleift að aðlaga þær þeirri stefnu í landbúnaðarmálum, sem mörkuð er hverju sinni, og jafnframt stefna að því marki, að Stofnlánadeildin eflist og geti betur gegnt hlutverki sínu í framtíðinni.

Í 8. gr. eru ákvæði, sem heimila, að þegar sérstaklega stendur á, sé heimilt að hafa lán til íbúðarhúsa og útihúsabygginga afborgunarlaus fyrstu 2 árin. Er með þessu hugsað, að í vissum tilfellum, svo sem þegar um frumbýlinga er að ræða, sem erfiðar

aðstæður hafa, megi beita þessu ákvæði. En um það yrðu stjórnendur deildarinnar að skapa sér fastar reglur.

Í 9. gr., sem fjallar um vexti af lánum úr Stofnlánadeild, er heimild, sem er í samræmi við ákvæði 6. gr. um, að ákveða megi misháa vexti af lánum deildarinnar. Með ákvæðum þessara tveggja greina er mörkuð sú stefna, að lán til vinnslustöðva og annarra framkvæmda, sem ekki eru á vegum einstakra bænda, verði á þeim kjörum, að þau valdi deildinni ekki sérstökum kostnaðarauka.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Grein þessi kemur í stað 1. og 2. gr. laga nr. 45/1971, um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum, og er efnislega nær samhljóða þeim.

Um 2. gr.

Um skýringar við þessa grein vísast til hinna almennu athugasemda við frumvarpið.

Um 3. gr.

Hér er ákveðið, að yfir Stofnlánadeildina verði ráðinn sérstakur forstöðumaður, er geri tillögur um lánveitingar samkvæmt reglum, sem um það verða settar.

Forstöðumanni Stofnlánadeildar er ákveðin sérstaða í Búnaðarbankanum. Hann getur leitað úrskurðar bankaráðs um einstakar lánveitingar, ef ágreiningur ris milli hans og bankastjóranna um einstakar lánveitingar.

Um 4. gr.

Um skýringar við þessa grein vísast til hinna almennu athugasemda við frumvarpið.

Um 5. gr.

Auk þeirra verkefna, sem um ræðir í 6. gr. laga nr. 45/1971, er hér gert ráð fyrir, að Stofnlánadeildin veiti lán til jarðakaupa og til kaupa á þungavinnuvélum búnaðar- og ræktunarsambanda.

Um 6. gr.

Um skýringar við þessa grein vísast til hinnar almennu greinargerðar við frumvarpið.

Um 7. gr.

Greinin er nær samhljóða 8. gr. laga nr. 45/1971, að öðru leyti en því, að felld eru niður ákvæðin um bústofnsaukalán til hreppsfélaga, sem hafa ekki tíðkazt og eru óraunhæf.

Um 8. gr.

Grein þessi er samhljóða 9. gr. laga nr. 45/1971, með viðaukum um, að lán til útihúsabygginga séu höfð afborgunarlaus fyrstu 2 árin, þegar sérstaklega stendur á.

Um 9. gr.

Þessi grein er samhljóða 10. gr. laga nr. 45/1971, með viðbót um heimild til ákvörðunar um mismunandi vaxtagreiðslur af lánum, og er það í samræmi við ákvæði 6. gr. frumvarpsins. Þá er heimilað að taka hærri vexti af lánum til vinnslustöðva og verkstæða en af almennum lánum.

Um 10. gr.

Lánsheimild Búnaðarbankans vegna Stofnlánadeildar í 12. gr. laga nr. 45/1971 er bundin við 300 millj. kr.

Hér er lagt til, að lánsheimildin sé ekki takmörkuð við ákveðna fjárhæð, heldur ákveðin hverju sinni í samræmi við ákvörðun Alþingis í framkvæmdaáætlun.

Um 11. gr.

Greinin er samhljóða 11. gr. laga nr. 45/1971.

Um 12. gr.

Greinin er samhljóða 13. gr. og 14. gr. laga nr. 45/1971, með þeirri breytingu, að vottorðs byggðaráðs í stað landnámsstjórnar er krafizt um framtíðarmöguleika býlisins og að íbúðarhúsið sé við hæfi.

Um 13.—18. gr.

Greinar þessar eru samhljóða 17.—20. gr. og 23.—24. gr. laga nr. 45/1971.

Um 19. gr.

Hér er veitt heimild til greiðslu sama framlags til byggingar íbúðarhúsa í sveitum, kr. 120 000.00, eins og ákveðið er í 1. tölulið 61. gr. laga nr. 45/1971.

Í frumvarpinu til jarðalaga er gert ráð fyrir fjárframlögum til sameiningar jarða og endurbyggingar eyðijarða. Í frumvarpi til laga um heykögglaverksmiðjur ríkisins ræðir um byggingu heykögglaverksmiðja. Hins vegar eru felldar niður styrkveitingar til byggingar gróðurhúsa og varmaveitna og til heyþurrkunar, sem um ræðir í framangreindri 61. gr. laga nr. 45/1971.

Um 20.—27. gr.

XII. kafli laga nr. 45/1971 er tekinn óbreyttur í frumvarpið sem III. kafli.

Um 28.—29. gr.

Greinar þessar þarfnast ekki skýringa.

Um 30. gr.

Vegna fjárskorts Stofnlánadeildarinnar ber nauðsyn til, að I. kafli frumvarpsins öðlist gildi 1. júlí 1973. Hins vegar þykir rétt, að önnur ákvæði frumvarpsins öðlist gildi á sama tíma og frumvarp til jarðalaga og frumvarp til laga um heykögglaverksmiðjur ríkisins, eða 1. janúar 1974.

Fylgiskjal I.

BÚNAÐARBANKI ÍSLANDS

Áætlun:

Ráðstöfunarfé 1974.

Búa þarf til tölur fyrir árið 1973, til að unnt sé að áætla ráðstöfunarfé 1974.

Sé gert ráð fyrir, að útlán deildarinnar á árinu 1973 verði **570 millj. kr.**

Til þess að mæta þeirri útlánafjárhæð þarf deildin að taka **500 millj. kr.** lán á árinu 1973, því að reiknað er með, að deildin hafi um 70 millj. kr. af eigin rammleik.

Sé gert ráð fyrir, að þessi 500 millj. kr. lántaka verði í svipuðu formi og undanfarin ár, segjum 350 millj. kr. lántaka hjá Framkvæmasjóði og 150 millj. kr. lán til stutts tíma annars staðar frá.

Sé reiknað með þessu, má setja upp þessa áætlun fyrir 1974:

Innborganir:

Innheimt árgjöld:			
Heildarútlán í árslok 1972	1 672 millj. kr.		
Útlán 1973	570 millj. kr.		
mínus afborganir 1973	100 — —		
	470 — —		
Heildarútlán í árslok 1973	2 142 millj. kr.		
Árgjaldainnheimta 1974 12% af heildarútlánum í árslok 1973		257.0	millj. kr.
Framlög:			
Fast framlag ríkissjóðs	4 millj. kr.		
1% gjaldið	48 — —		
Mótframlag	48 — —		
0.75% gjaldið	30 — —		
		130.0 —	—
Skyldusparnaður, lántökugjald, verðbréf		20.0 —	—
Lántaka úr Lífeyrissjóði bænda		20.0 —	—
	Innborgað alls	427.0	millj. kr.
Útborganir:			
Afborganir og vextir af skuldum:			
Af eldri skuldum líkt og greitt var 1973	220 millj. kr.		
Afborgun 1974 af 60 millj. kr. láni í Seðlabanka, sem er afborgunarlaust 1973	13 — —		
Greiðsla 1974 af 350 millj. kr. láni 1973 hjá Framkvsj. og af 150 millj. kr. láni 1973 til stutts tíma	53 — — / 43 — —		
		330.0	millj. kr.
Framlag til Lífeyrissjóðs bænda		20.0 —	—
Kostnaður		30.0 —	—
	Útborgað alls	380.0	millj. kr.
	Ráðstöfunarfé 1974	**47.0**	**millj. kr.**

Fylgiskjal II.

BÚNAÐARBANKI ÍSLANDS

Erlend lán Stofnlánadeildar:		Fjárhæðir í ísl. kr. á lántökudegi
1. Skuldabréf útg. 25/9. 1953 US $ 1 350 000.00	kr.	21 951 000.00
2. Skuldabréf útg. 25/7. 1955 £ 360 000-0-0	—	16 445 942.00
3. Skuldabréf útg. 16/5. 1957 $ 1 230 012.30	—	20 000 000.00
4. Skuldabréf útg. 21/11. 1958 DM 479 735.32	—	2 900 000.00
5. Skuldabréf útg. 21/11. 1958 DM 1 075 268.82	—	6 500 000.00
6. Skuldabréf útg. 21/11. 1958 $ 646 748.60	—	16 300 000.00

		Fjárhæðir í ísl. kr. á lántökudegi
7.	Skuldabréf útg. 21/11. 1958 $ 281 712.40	kr. 7 100 000.00
8.	Skuldabréf útg. 29/12. 1958 $ 242 034.68	— 6 100 000.00
9.	Skuldabréf útg. 29/12. 1958 DM 397 022.33	— 2 400 000.00
10.	Skuldabréf útg. 10/11. 1960 $ 739 645.00	— 25 000 000.00
11.	Skuldabréf útg. 31/12. 1964 $ 232 234.09	— 10 000 000.00
12.	Skuldabréf útg. 10/11. 1965 $ 119 600.56	— 5 150 000.00
13.	Skuldabréf útg. 10/11. 1965 $ 135 856.94	— 5 850 000.00
14.	Skuldabréf útg. 19/12. 1966 $ 23 223.41	— 1 000 000.00
15.	Skuldabréf útg. 9/11. 1966 $ 232 234.09	— 10 000 000.00
16.	Skuldabréf útg. 3/9. 1968 £ 139 551-19-3	— 19 000 000.00
17.	Skuldabréf útg. 1/8. 1969 DM 908 430.23	— 20 000 000.00
		Alls kr. 195 696 942.00

Í árslok 1972 eru eftirstöðvar þessara lána um 275 millj. kr.

Fylgiskjal III.

BÚNAÐARBANKI ÍSLANDS

Vextir — inn og út — Skv. ársreikningum.

	Greiddir vextir af skuldum Millj. kr.	Innkomnir vextir af útlánum og öðru Millj. kr.
1968	48.6	51.3
1969	63.8	63.6
1970	65.4	65.6
1971	76.7	79.6
1972	80.4	83.9

Hér er aðeins tekið það, sem er bókhaldslega kallað vextir. Gengistöp ekki meðtekin.

Munurinn er mjög svipaður að krónutölu öll þessi ár.

Á sama tíma hefur varasjóður deildarinnar vaxið svo:

Var í árslok	1968	85	millj. kr.
— — —	1969	124.8	— —
— — —	1970	168.7	— —
— — —	1971	232.4	— —
— — —	1972	279.5	— —

Innkomnir vextir hafa ekkert aukizt, þrátt fyrir þessa varasjóðsaukningu. Hærri vextir af skuldunum éta það allt upp.

Fylgiskjal IV.

BÚNAÐARBANKI ÍSLANDS

	Innkomin árgjöld Afborganir og vextir Millj. kr.	Greiðslur af skuldum Afborganir og vextir Millj. kr.
1968	113.7	97.1
1969	144.0	126.7
1970	143.2	132.1
1971	160.9	139.7
1972	166.2	155.4
Áætlað:		
1973	200.0	220.0
1974	257.0	330.0

Nd. 557. Nefndarálit [169. mál]

um frv. til laga um heilbrigðisþjónustu.

Frá heilbrigðis- og trygginganefnd.

Heilbrigðis- og trygginganefnd fékk frv. þetta til sín 5. marz s. l. Sendi hún frv. til umsagnar þessum aðilum: Læknafélagi Íslands, Læknafélagi Reykjavíkur, landlækni, Sambandi ísl. sveitarfélaga, Hjúkrunarkvennafélagi Íslands og Heilbrigðiseftirliti ríkisins.

Umsagnir bárust frá þessum aðilum, nema Læknafélag Reykjavíkur sendir ekki sjálfstæða umsögn, en stendur að umsögn Læknafélags Íslands, og ekki heldur frá Sambandi ísl. sveitarfélaga.

Auk þessara aðila bárust erindi frá Samtökum heilbrigðisstétta, Lyfjafræðingafélagi Íslands, Heilbrigðismálaráði Reykjavíkur, þingmönnum Sunnlendinga, Fjórðungssambandi Norðlendinga, hreppsnefnd Höfðahrepps, Austur-Húnavatnssýslu.

Nefndin hefur yfirfarið allar þessar umsagnir og erindi og auk þess rætt við tvo fulltrúa frá Læknafélagi Íslands á sérstökum fundi 4. apríl s. l.

Frv. um heilbrigðisþjónustu er að meginstofni samið af nefnd, sem skipuð var af fyrrverandi heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, Eggert G. Þorsteinssyni, í samræmi við þingsályktun frá 22. apríl 1970. Starfaði nefndin frá því í október 1970 fram í byrjun apríl 1971. Tillögur nefndarinnar voru sendar fjölmörgum aðilum til umsagnar og athugunar, og bárust erindi frá 30 einstaklingum og félagasamtökum út af þeim.

Haustið 1971 skipaði núverandi heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, Magnús Kjartansson, nýja nefnd til þess að yfirfara upphaflegu tillögurnar og taka til athugunar þær breytingartillögur, er borizt höfðu. Lauk þeirri athugun um áramótin 1971—1972, og voru drög að heildartillögum frv. send Sigurði Sigurðssyni fyrrv. landlækni og Benedikt Sigurjónssyni hæstaréttardómara til athugunar og umsagnar.

Af þessu má sjá, að frv. þetta hefur fengið mikla athugun á undirbúningsstigi, enda efni þess meðal erfiðustu og mikilvægustu löggjafarmálefna, eins og áralöng reynsla sannar.

Frv. að heilbrigðisþjónustu var síðan lagt fram til kynningar á síðasta þingi og aftur á yfirstandandi þingi með nokkrum breytingum á II. kafla þess um læknishéruð og III. kafla þess um heilsugæzlu.

Í frv. er mörg veigamikil nýmæli að finna frá gildandi ákvæðum um heilbrigðisþjónustu. Að því er stefnt með frv., að landsmenn skuli allir eiga kost á

eins fullkominni heilbrigðisþjónustu og tök eru á að veita hverju sinni. Eru miklar vonir t. d. tengdar við stofnun 38 heilsugæzlustöðva utan Reykjavíkur sem mikilvægs áfanga í áralangri baráttu við læknaskortinn úti á landsbyggðinni.

Frv. um heilbrigðisþjónustu skiptist í 5 kafla, og eru heiti kaflanna þessi: 1. Yfirstjórn. 2. Um læknishéruð. 3. Um heilsugæzlu. 4. Um sjúkrahús. 5. Ýmis ákvæði. Er í greinargerð með frv. fjallað ítarlega um ákvæði hvers kafla, og vísast til hennar um frekari skýringar.

Heilbrigðis- og trygginganefnd hefur athugað frv. rækilega og er sammála um helztu meginatriði þess. Leggur hún því til, að það verði samþykkt á þessu þingi, en flytur jafnframt eftirfarandi breytingartillögur við frv. Auk þess áskilja einstakir nefndarmenn sér rétt til að flytja eða fylgja frekari breytingartillögum.

BREYTINGARTILLÖGUR:

1. Við 3. gr. Aftan við greinina bætist nýr liður:
   3.3 Ráðherra setur reglugerð um starf og stöðu landlæknis og embættis hans að höfðu samráði við Samtök heilbrigðisstétta, læknadeild Háskóla Íslands og Læknafélag Íslands. Í reglugerðinni skal kveða á um faglegt eftirlit landlæknis með heilbrigðisstofnunum, lyfjanotkun, heilbrigðiseftirliti og sóttvarnaráðstöfunum og einnig um sérhæft starfslið til þess að sinna þeim verkefnum.

2. Við 13. gr. Aftan við greinina bætist nýr liður:
   13.3 Ákvæði þessarar greinar skulu, eftir því sem við getur átt og ráðherra ákveður, einnig taka til annars fastráðins starfsliðs í heilbrigðisþjónustu.

3. Við 15. gr. Í stað „hjúkrunarheimilum“ í 15.4 komi:
   hjúkrunar- og endurhæfingarheimilum.

4. Við 16. gr. 16.3 orðist svo:
   Lyfjaútibú eða lyfjaútsala samkvæmt 43. og 44. gr. lyfsölulaga eða lyfjasala undir eftirliti lækna stöðvarinnar skal jafnan vera á heilsugæzlustöð, ef lyfjabúð er ekki á staðnum.

5. Við 20. gr.
   a. Í stað orðsins „hjúkrunarstjóra“ í 20.1 komi:
      deildarstjóra í hjúkrunarmálum.
   b. 20.2 orðist svo:
      Ráða skal hjúkrunarkonur og ljósmæður til starfa við heilsugæzlustöðvar.
   c. 20.3 orðist svo:
      Allar hjúkrunarkonur og ljósmæður, sem hér um ræðir, skulu skipaðar af ráðherra og taka laun úr ríkissjóði.
   d. Í stað „heilsugæzluhjúkrunarkonur“ í 21.4 komi: hjúkrunarkonur.

6. Við 21. gr. 21.2 orðist svo:
   Íbúðarhúsnæði lækna, hjúkrunarkvenna og ljósmæðra telst hluti stöðvanna utan Stór-Reykjavíkursvæðisins og Akureyrar.

7. Við 22. gr.
   a. 22.1.4.i orðist svo:
      Geðvernd, áfengis- og fíknilyfjavarnir.
   b. 22.1.4.j orðist svo:
      Félagsráðgjöf.
   c. Aftan við 22.1 komi ný setning:
      Aðrar heilsuverndargreinar eftir ákvörðun ráðherra. Ráðherra getur og ákveðið, að heilbrigðiseftirlit hafi aðstöðu í heilsugæzlustöð.

d. 22.2 orðist svo:

Ráðherra setur með reglugerð ákvæði um stærð heilsugæzlustöðvar og fyrirkomulag, læknafjölda og sérmenntað starfslið, tækjabúnað og starfsnáttu og fyrirkomulag heilsuverndarstarfs á hverjum stað, þar á meðal um móttöku sjúklinga utan stöðva. Ráðherra getur með reglugerð ákveðið að fjölga stöðvum í umdæmum að höfðu samráði við Læknafélag Íslands.

8. Við 23. gr. 23.1 orðist svo:

Rekstrarkostnaður heilsugæzlustöðva svo og kostnaður vegna aðstöðu lækna utan stöðva, annar en launakostnaður lækna, hjúkrunarkvenna og ljósmæðra, greiðist af þeim sveitarfélögum, sem hlut eiga að máli.

Rísi ágreiningur út af ákvæðum þessarar greinar, sker ráðherra úr. Skal þá óheimilt að hefja eða halda áfram framkvæmdum, sem deilt er um, fyrr en úrskurður ráðherra hefur verið kveðinn upp.

Til þess að Hafnamálastofnuninni sé unnt að fylgjast sem bezt með, að ákvæði þessarar greinar séu haldin, er skylt að senda henni eftirrit af fundargerðum hafnarstjórnar, sé þess óskað.

19. gr. hljóðar svo:

Fé Hafnabótasjóðs skal ráðstafa á eftirgreindan hátt, að fengnu samþykki fjárveitinganefndar Alþingis:

1. Sjóðurinn veitir hafnarsjóðum lán til framkvæmda gegn ríkisábyrgð.
2. Sjóðnum er heimilt að styrkja endurbætur á hafnarmannvirkjum, sem skemmzt hafa af völdum náttúruhamfara eða af öðrum óviðráðanlegum orsökum, án mótframlags hafnarsjóðs.
3. Sjóðnum er heimilt að veita styrk til nýrra hafnaframkvæmda, sem nemi allt að 15% umfram ríkisframlag af heildarframkvæmdakostnaði, til staða, sem eiga við verulega fjárhagsörðugleika að stríða vegna dýrrar mannvirkjagerðar, fólksfæðar eða annarra gildra orsaka.
4. Sjóðnum er heimilt að veita hafnarsjóðum lán út á væntanleg ríkisframlög samkvæmt lögum þessum, ef fé er umfram þarfir 1.—3. liðs.

20. gr. hljóðar svo:

Tekjur Hafnabótasjóðs eru þessar:

1. Árlegt framlag ríkissjóðs, sem sé 12% af framlagi til hafnarmannvirkja og lendingarbóta á fjárlögum hvers árs, en þó aldrei lægra en 30 millj. króna.
2. Tekjur af starfsemi sjóðsins.

26. gr. hljóðar svo:

Ráðuneytið setur samkvæmt lögum þessum og að fengnum tillögum hafnarstjórnar sérstaka hafnarreglugerð fyrir hverja höfn. Í þeirri reglugerð skulu m. a. sett nánari ákvæði um:

1. Stærð og takmörk hafnarsvæðis.
2. Kosning og starfssvið hafnarstjórna.
3. Reglur um umferð á sjó og landi.
4. Öryggisreglur um flutninga.
5. Reglur um varnir gegn mengun og um góða umgengni.

Setja skal í reglugerðina ákvæði um sektir fyrir brot á henni. Sektir renna í hafnarsjóð þann, sem hlut á að máli.

Að fengnum tillögum hafnarstjórnar skal ráðuneytið ákveða hafnsöguskyldu í hafnarreglugerð.

Hafnarreglugerð, er sett hefur verið samkvæmt lögum nr. 48/1967, gildir, unz ný reglugerð hefur verið sett í hennar stað samkvæmt þessum lögum, enda skal endurskoðun reglugerða og samræmingu við lög þessi lokið innan eins árs frá gildistöku þeirra.

Gjaldskrá skal gefin út sérstaklega, sbr. 12. gr., en hún telst engu að síður hluti reglugerðarinnar.

28. gr. hljóðar svo:
Ráðherra skal setja reglugerð um framkvæmd þessara laga, þar með talið um starfssvið og skipulag Hafnamálastofnunarinnar, og skal því lokið eigi síðar en fyrir árslok 1974.

30. gr. hljóðar svo:
Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1974.
2. Til þess að koma á þeirri heilbrigðisþjónustu, sem ráðgerð er, skal úr ríkissjóði bjóða fram námsstyrki til heilbrigðisstarfsmanna, til þess að þeir geti aflað sér sérmenntunar. Námsstyrkir þessir skulu nægja fyrir skólagjöldum og dvalarkostnaði erlendis í allt að 1 ár.
3. Héraðslæknar á læknissetrum, sem leggja á niður, skulu flytjast til heilsugæzlustöðva, þegar aðstaða er fengin, en ella sitja á núverandi aðsetri. Meðan lögin eru að komast til fullra framkvæmda, er heimilt að ráða lækna og annað starfslið að heilsugæzlustöð með búsetu og starfsstað utan stöðvar.
4. Heilsuverndarstarf skv. lögum nr. 44/1955, sbr. lög nr. 28/1957, skal haldast óbreytt frá því, sem er við gildistöku laganna, þar til heilsugæzlustöðvar hafa verið skipulagðar til að annast það.

Birgir Kjaran var fjarstaddur afgreiðslu málsins.

Alþingi, 6. apríl 1973.

Jón Skaftason, form., frsm.	Jónas Árnason.	Stefán Gunnlaugsson.
Jónas Jónsson.	Sverrir Hermannsson.	Bjarni Guðnason.

Nd. 558. Nefndarálit [220. mál]

um frv. til laga um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur orðið ásátt um að leggja til, að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Pétur Pétursson var fjarverandi.

Alþingi, 6. apríl 1973.

Svava Jakobsdóttir, form.	Bjarni Guðnason, fundaskr., frsm.	Stefán Valgeirsson.
Ellert B. Schram.	Gísli Guðmundssoon.	Ólafur G. Einarsson.

Sþ. 559. Nefndarálit [85. mál]

um till. til þál. um innheimtu veggjalds af hraðbrautum.

Frá meiri hl. fjárveitinganefndar.

Fjárveitinganefnd hefur fjallað um tillöguna, rætt hana á fundum og fengið ýmsar upplýsingar frá vegamálastjóra varðandi efni hennar.

Nefndin gat ekki orðið sammála um afgreiðslu á tillögunni. Meiri hluti nefndarinnar tekur ekki efnislega afstöðu til tillögunnar, en er sammála um, að eðlilegast sé, að ákvæði vegáætlunar um tekjuöflun fylgi hverju sinni ákvörðun Alþingis um vegaframkvæmdir, og leggur því til, að tillagan verði afgreidd með svofelldri

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Þar sem eðlilegast er, að sú ákvörðun, sem við afgreiðslu og endurskoðun vegáætlunar er tekin um, hvort innheimt skuli veggjald eða ekki á tilteknum vegum, gildi fyrir viðkomandi tímabil, telur Alþingi ekki tímabært að afgreiða tillöguna og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 6. apríl 1973.

Geir Gunnarsson, form. Steinþór Gestsson, frsm. Jón Árnason.
Jón Árm. Héðinsson. Ágúst Þorvaldsson.

Sþ. 560. Nefndarálit [157. mál]

um till. til þál. um mörkun almennrar stefnu í byggðamálum.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað þessa till. Höfuðefni hennar telur nefndin vera nauðsynlegan og tímabæran undanfara þeirrar afdráttarlausu stefnu og festu, sem marka á í byggðamálum. Nefndarmenn eru á einu máli um það, að þessi mál séu í flokki hinna allra þýðingarmestu verkefna þjóðfélags.

Meðan till. var til meðferðar í nefndinni, var lögð fram á þingi þingsályktunartillaga um skipulag byggðamála o. fl., á þskj. 383. Flytja hana 9 þingmenn sjálfstæðisflokksins. Henni hefur ekki enn verið vísað til nefndarinnar, en eigi að síður hefur nefndin tekið hana til athugunar, þar eð hún fjallar um sama efni. Í till. sjálfstæðismanna er drepið á mörg atriði, sem bæði eru athyglisverð og til framdráttar byggðastefnunni. Af sinni hálfu hafa þeir lagt af mörkum verulega undirbúningsvinnu, eins og sjá má af þeirri greinargerð, sem till. fylgir.

Nefndin vill leggja höfuðáherzlu á, að efld sé eins og framast er unnt samstaða um skipuleg vinnubrögð í þessu mikla vandamáli, svo að til úrlausnar megi sem allra fyrst leiða.

Hefur nefndin brugðið á það ráð að breyta í fáum atriðum tillgr. á þskj. 294, sem hér er til afgreiðslu, með hliðsjón af till. á þskj. 383. Leggur nefndin til, að þáltill. verði samþykkt með þessum

BREYTINGUM:

1. Tillögugreinin orðist svo:

Alþingi ályktar að kjósa 7 manna nefnd þingmanna, kosinna hlutfallskosningu í sameinuðu Alþingi, sem geri tillögur um markmið, leiðir og mörkun almennrar stefnu í byggðamálum. Skal að því stefnt, að varanleg starfsemi í byggðamálum verði efld og viðurkennd sem fastur þáttur í íslenzkri stjórnsýslu. Nefndin skal m. a. hafa eftirtalin verkefni:

1. Kanna, hvaða atriði valda fyrst og fremst mismunun á milli landsmanna eftir búsetu, bæði fjárhagslegri og félagslegri.
2. Kanna og meta eins og unnt er hin þjóðhagslegu áhrif þeirrar þróunar í byggðamálum, sem átt hefur sér stað á undanförnum áratugum.
3. Kanna, hvaða ráðstafanir nágrannaþjóðirnar hafa gert á þessu sviði og hvaða almenna stefnu þær hafa markað.

4. Athuga, hvað unnt er að gera af opinberri hálfu til þess að jafna metin á milli landsmanna, og gera tilraun til að meta áhrif slíkra aðgerða og kostnað.
5. Gera tillögur um markmið í byggðamálum.
6. Gera tillögur um leiðir til þess að ná fyrrgreindum markmiðum.
7. Leggja fram drög að almennri stefnu í byggðamálum.

Auk þess skal nefndin athuga tillögu til þingsályktunar á þingskjali 383 og leggja fram þau frv. til breytinga á lögum þegar í byrjun næsta þings, sem nefndin telur, að ekki þoli bið. Nefndin skal einnig leitast við að gefa Alþingi bráðabirgðaskýrslu í byrjun næsta þings um verkefni sitt.

Forsætisráðherra skipar formann nefndarinnar. Í samráði við forsætisráðuneytið skal nefndin fá eðlilega starfsaðstöðu, og henni skal heimilt að leita álits sérfróðra manna. Framkvæmdastofnun ríkisins skal skylt að veita nefndinni nauðsynlegar upplýsingar og aðstoð. Kostnaður við störf nefndarinnar greiðist úr Byggðasjóði.

2. Fyrirsögn till. orðist svo:

Tillaga til þingsályktunar um milliþinganefnd í byggðamálum.

Alþingi, 6. apríl 1973.

Björn Fr. Björnsson, form., frsm.	Jónas Árnason, fundaskr.	Jón Skaftason.
Stefán Gunnlaugsson.	Lárus Jónsson.	Bjarni Guðnason.

Ed. 561. Nefndarálit [191. mál]

um frv. til laga um Iðnrekstrarsjóð.

Frá iðnaðarnefnd.

Iðnaðarnefnd hefur skoðað frumvarp til laga um Iðnrekstrarsjóð og orðið sammála um að mæla með samþykkt þess með eftirgreindum

BREYTINGUM:

1. Við 2. gr. Síðari málsliður orðist svo:
   Heimilt er ráðherra að fela banka eða annarri fjármálastofnun daglega afgreiðslu sjóðsins.
2. Við 6. gr. Orðin „stærri og“ í síðasta lið falli burt.
3. Við 7. gr.:
   a) Upphaf 1. málsgr. orðist svo:
   Sjóðurinn má kaupa og selja hlutabréf í starfandi fyrirtækjum o. s. frv.
   b) 2. málsgr. falli brott.
4. Svofellt ákvæði til bráðabirgða bætist aftan við frv.:

Ákvæði til bráðabirgða.

Lög þessi, svo og önnur lög um lánasjóði iðnaðarins, skal taka til endurskoðunar hið fyrsta með það fyrir augum að sameina sjóðina og verkefni þeirra.

Fjarverandi við afgreiðslu málsins var Þorvaldur Garðar Kristjánsson.
Nefndarmenn áskilja sér rétt til þess að flytja og fylgja breytingartillögum.

Alþingi, 5. apríl 1973.

Steingrímur Hermannsson, form., frsm.	Halldór Kristjánsson, fundaskr.	Ragnar Arnalds.
Björn Fr. Björnsson.	Eggert G. Þorsteinsson.	Geir Hallgrímsson.

Sþ. 562. Nefndarálit [85. mál]

um till. til þál. um innheimtu veggjalds af hraðbrautum.

Frá minni hl. fjárveitinganefndar.

Fjárveitinganefnd varð ekki á eitt sátt um afgreiðslu málsins. Meiri hlutinn vill vísa því frá með rökstuddri dagskrá. Undirritaðir leggja hins vegar til, að tillagan verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 6. apríl 1973.

Vilhjálmur Hjálmarsson, frsm. Matthías Bjarnason. Karvel Pálmason.

Jónas Jónsson.

Sþ. 563. Þingsályktun [55. mál]

um bætta aðstöðu fyrir Hafrannsóknastofnunina.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að kaupa eða láta smíða um 50 rúmlesta vélbát til afnota fyrir Hafrannsóknastofnunina.

(Afgreidd frá Sþ. 6. apríl.)

Sþ. 564. Þingsályktun [89. mál]

um sjálfvirk viðvörunarkerfi á hraðbrautir með varanlegu slitlagi.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að fela Vegagerð ríkisins að gera ítarlega könnun á notagildi sjálfvirkra hálkuviðvörunarkerfa miðað við aðstæður hér á landi og kostnaði við uppsetningu og rekstur þeirra.

(Afgreidd frá Sþ. 6. apríl.)

Nd. 565. Frumvarp til laga [218. mál]

um breyting á mörkum Gullbringusýslu og Kjósarsýslu og skipan lögsagnarumdæma.

(Eftir 2. umr. í Nd., 6. apríl.)

1. gr.

Í lögsagnarumdæmi Gullbringusýslu eru þessir hreppar: Grindavíkurhreppur, Hafnahreppur, Miðneshreppur, Gerðahreppur, Njarðvíkurhreppur og Vatnsleysustrandarhreppur.

Í lögsagnarumdæmi Kjósarsýslu eru þessir hreppar: Garðahreppur, Bessastaðahreppur, Seltjarnesneshreppur, Mosfellshreppur, Kjalarneshreppur og Kjósarhreppur.

2. gr.

Bæjarfógetinn í Hafnarfirði er jafnframt sýslumaður í Kjósarsýslu. Bæjarfógetinn í Keflavík er jafnframt sýslumaður í Gullbringusýslu.

3. gr.

Afnotaréttur sveitarfélaga þeirra, sem um ræðir í lögum þessum, til beitilanda og afrétta helzt óbreyttur eins og verið hefur þrátt fyrir ákvæði laga þessara.

4. gr.

Lög þessi taka gildi 1. janúar 1974. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 22 3. október 1903, um að skipta Kjósar- og Gullbringusýslu í tvö sýslufélög og síðasta málsgr. 1. greinar laga nr. 46 1971, um lögsagnarumdæmi Hafnarfjarðarkaupstaðar.

Ákvæði til bráðabirgða.

1. Dómsmálaráðherra skipar fyrir um, hvernig málum þeim í Gullbringusýslu, sem ekki eru útkljáð, þegar lög þessi öðlast gildi, skuli skipt milli sýslumannsins í Gullbringusýslu og sýslumannsins í Kjósarsýslu.
2. Eignaskipti og skuldaskil, sem leiðir af tilfærslu hreppa á milli sýslnanna, skulu fara fram hið fyrsta. Rísi ágreiningur, sker félagsmálaráðherra úr.

Nd. 566. Breytingartillaga [169. mál]

við brtt. á þskj. 557 [Heilbrigðisþjónusta].

Frá Karvel Pálmasyni.

Við 10. tölulið. Aftan við liðinn bætist:

Þó skal í þeirri reglugerð ákveðið, að í hverjum landsfjórðungi skuli vera eitt sjúkrahús samkvæmt tölulið 2 í 27.1, að undanskilinni geðdeild.

Ed. 567. Lög [74. mál]

um breyting á lögum nr. 67 10. maí 1966, um vélstjóranám.

(Afgreidd frá Ed. 6. apríl.)

Samhljóða þskj. 544.

Ed. 568. Nefndarálit [217. mál]

um frv. til l. um norrænan tækni- og iðnþróunarsjóð.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og mælir með samþykkt þess.

Alþingi, 6. apríl 1973.

Ragnar Arnalds, form., frsm.	Páll Þorsteinsson, fundaskr.	Halldór Kristjánsson.
Björn Jónsson.	Geir Hallgrímsson.	Jón Árm. Héðinsson.

Ed. 569. Nefndarálit [154. mál]

um frv. til l. um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1970.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin leggur til, að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 6. apríl 1973.

Ragnar Arnalds, form.	Páll Þorsteinsson, fundaskr., frsm.	Björn Jónsson.
Halldór Kristjánsson.	Geir Hallgrímsson.	Jón Árm. Héðinsson.

Ed. 570. Nefndarálit [164. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 80 16. sept. 1971, um aflatryggingasjóð sjávarútvegsins.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og mælir með því óbreyttu.

Alþingi, 4. apríl 1973.

Björn Jónsson, varaform.	Geir Gunnarsson, fundaskr.	Jón Árm. Héðinsson, frsm.
Steingrímur Hermannsson, ritari.	Jón Árnason.	Oddur Ólafsson.

Halldór Kristjánsson.

Sþ. 571. Nefndarálit [115. mál]

um till. til þál. um stofnun verðjöfnunarsjóðs vöruflutninga og bætt skipulag þeirra flutninga.

Frá fjárveitinganefnd.

Nefndin hefur haft tillöguna til athugunar og leitað umsagna nokkurra aðila. Leggur nefndin til, að tillagan verði samþykkt með svofelldri

BREYTINGU:

Tillögugreinin orðist svo:

Alþingi ályktar að kjósa 5 manna milliþinganefnd til þess að:

1. Kanna þátt flutningskostnaðar í mismunandi vöruverði í landinu.
2. Skila áliti um, hvort tiltækt væri að jafna kostnað við vöruflutninga með stofnun og starfrækslu verðjöfnunarsjóðs, þannig að verð á allri vöru verði hið sama á öllum stöðum á landinu, sem vöruflutningaskip sigla til og flugvélar og vöruflutningabifreiðar halda uppi áætlunarferðum til.
3. Kanna, hver kostnaður væri af rekstri slíks sjóðs og hver ætla mætti að yrðu þjóðhagsleg áhrif af starfrækslu hans.

4. Gera tillögur um bætt skipulag vöruflutninga á sjó og landi og í lofti. Skulu þá m. a. hafðar í huga breytingar á tilhögun flutninga frá helztu viðskiptaborgum Íslendinga erlendis til hinna ýmsu hafna á landinu.

Kostnaður við störf nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

Alþingi, 6. apríl 1973.

Geir Gunnarsson, form.	Matthías Bjarnason, frsm.	Jón Árm. Héðinsson.
Steinþór Gestsson.	Jón Árnason.	Ágúst Þorvaldsson.
Vilhjálmur Hjálmarsson.	Karvel Pálmason.	

Nd. 572. Nefndarálit [3. mál]

um frv. til l. um hlutdeild ríkisins í byggingu og rekstri dagvistunarheimila.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur haft frv. til athugunar og mælir með því, að það verði samþykkt eins og það er eftir 3. umr. í Ed.

Gunnar Gíslason áskilur sér rétt til að flytja eða fylgja brtt., Ellert B. Schram var fjarstaddur afgreiðslu málsins.

Alþingi, 6. apríl 1973.

Bjarni Guðnason, form.	Svava Jakobsdóttir, fundaskr., frsm.	Gunnar Gíslason.
Eysteinn Jónsson.	Benedikt Gröndal.	Ingvar Gíslason.

Ed. 573. Frumvarp til laga [59. mál]

um veitingu ríkisborgararéttar.

(Eftir 2. umr. í Ed., 6. apríl.)

1. gr.

Ríkisborgararétt skulu öðlast:

1. Amin, Vishnukumar Chunibhai Naranbhai, iðnverkamaður í Reykjavík, f. í Kenya 23. júní 1941.
2. Aylett, Patricia Ann, kennari á Selfossi, f. í Englandi 30. september 1941.
3. Ásgeir Viðar Ásgeirsson, barn í Reykjavík, f. í Þýzkalandi 20. janúar 1971.
4. Boucher, Antony Leifur Estcourt, nemandi í Reykjavík, f. í Englandi 8. maí 1954.
5. Brown, Margrét Ragnheiður, húsmóðir í Reykjavík, f. á Íslandi 17. febrúar 1949.
6. Bury, Susan, húsmóðir í Reykjavík, f. í Englandi 5. maí 1944.
7. Clark, June Eveline, barn í Reykjavík, f. í Bandaríkjunum 13. október 1960.
8. Clark, William Robert, barn í Reykjavík, f. í Bandaríkjunum 11. apríl 1962.
9. Corvetto, Nolberto Antonio Narvaez, járnsmiður í Hafnarfirði, f. í Chile 22. september 1948.

10. Daníelssen, Andrea Ingigerd, tannsmiður í Reykjavík, f. í Færeyjum 26. febrúar 1950.
11. Einar Þór Jóhannsson, barn í Reykjavík, f. í Þýzkalandi 5. nóvember 1970.
12. Felton, Sonja Shirley, húsmóðir í Kópavogi, f. á Íslandi 15. september 1945.
13. Haubitz, Anna Ruth, húsmóðir í Reykjavík, f. í Þýzkalandi 11. apríl 1934.
14. Haubitz, Günter, bakari í Reykjavík, f. í Þýzkalandi 11. desember 1930.
15. Heidenreich, Freddy Andreas, sjómaður í Neskaupstað, f. í Danmörk 8. júní 1945.
16. Hupfeldt, Herdís Kirsten, húsmóðir í Reykjavík, f. á Íslandi 9. janúar 1950.
17. Janis, David, skýrsluvélamaður í Reykjavík, f. í Indónesíu 4. febrúar 1946.
18. Jensen, Cecil Viðar, rafvélavirki í Reykjavík, f. á Íslandi 5. ágúst 1942.
19. Jensen, Gissur, mjólkurfræðingur á Selfossi, f. á Íslandi 12. janúar 1944.
20. Jensen, Henning Kjærgaard, verkamaður í Stafholtstungum, f. í Danmörk 1. ágúst 1939.
21. Jensen, Jóhanna, húsmóðir á Hellu, f. á Íslandi 17. ágúst 1946.
22. Jespersen, Eva Melberg, barn í Reykjavík, f. í Kaupmannahöfn 16. maí 1965.
23. Johansson, Birgit Maria, húsmóðir í Reykjavík, f. í Svíþjóð 6. apríl 1924.
24. Van der Klein, Hendrika Elisabeth Gerarde, nunna í Hafnarfirði, f. í Sviss 5. febrúar 1932.
25. Kristiansen, Michala Juanita Josefine, húsmóðir í Reykjavík, f. í Færeyjum 25. nóvember 1924.
26. Metzner, Marianne Elise, húsmóðir í Reykjavík, f. í Þýzkalandi 18. júní 1927.
27. Mörk, Ulf, tæknifræðingur í Reykjavík, f. í Noregi 3. apríl 1912.
28. Nielsen, Kaj Erik, bakari í Kópavogi, f. í Danmörk 9. október 1926.
29. Obereder, Irmgard, húsmóðir í Garðahreppi, f. í Austurríki 30. apríl 1946.
30. Poulsen, Jákup Juel Johan Hendrikson, sjómaður í Reykjavík, f. í Færeyjum 10. október 1947.
31. Santos Rogelio Zarsuela, aðstoðarmaður í Reykjavík, f. á Filipseyjum 20. desember 1943. Fær réttinn 5. ágúst 1973.
32. Török, Ivan, leikmyndateiknari í Reykjavík, f. í Ungverjalandi 20. nóvember 1941.
33. Vestergaard, Atni, bóndi á Saurbæ, Rauðasandi, f. í Færeyjum 18. ágúst 1939.
34. Wenger, Eric Martin, barn í Kópavogi, f. í Bandaríkjunum 2. september 1958.
35. Öen, Marie Gunnhild, húsmóðir í Reykjavík, f. í Noregi 11. marz 1929.

2. gr.

Nú fær maður, sem heitir erlendu nafni, íslenzkt ríkisfang með lögum, og skal hann þá taka sér íslenzkt fornafn. Börn hans skulu taka sér íslenzk nöfn samkvæmt lögum um mannanöfn.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Sþ. 574. Tillaga til þingsályktunar [239. mál]

um varnargarð vegna Kötluhlaupa.

Flm.: Ágúst Þorvaldsson, Ingólfur Jónsson, Björn Fr. Björnsson, Garðar Sigurðsson, Guðlaugur Gíslason, Steinþór Gestsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta gera á þessu ári áætlun um gerð og kostnað við byggingu varnargarðs til að verja þorpið Vík í Mýrdal fyrir Kötluhlaupum.

Þegar er slíkar áætlanir liggja fyrir, skal ríkisstjórninni heimilt, í samráði við fjárveitinganefnd, að láta hefja framkvæmdir, sem kostaðar verði að 7/8 hlutum af ríkissjóði.

Greinargerð.

Í fornum heimildum er frá því skýrt, að af völdum jökulhlaupa og eldgosa í Kötlu á Mýrdalsjökli hafi stundum risið miklar flóðöldur meðfram suðurströndinni og að slíkar flóðbylgjur hafi gert usla á því svæði, sérstaklega þar sem þorpið Vík í Mýrdal stendur. Síðustu atburðir af því tagi hafa gerzt í tíð núlifandi manna. Varð mikil flóðalda, þegar Katla gaus 1918, en einnig varð nokkurt hlaup á Kötlusvæðinu 1955.

Eins og kunnugt er, stendur Vík í Mýrdal að hluta til á sandinum undir Reynisfjalli beggja vegna Víkurár. Á undanförnum árum hefur mikið verið rætt um og varað við þeirri hættu, sem byggðinni niðri á sandinum gæti stafað af Kötluhlaupi, en jarðfræðingar telja það mjög líklegt, að Katla muni gjósa á næstu árum.

Í framhaldi af ályktun Alþingis var byggður varnargarður austan Höfðabrekkujökuls árið 1964. Er varnargarður þessi 5 metra hár, gerður úr sandi og yfirborð malarborið. Talið er, að garður þessi standi ekki lengi fyrir hlaupi, ef verulegt vatnsmagn verður á vestari hluta Mýrdalssands.

Jón Jónsson jarðfræðingur hafur lagt til, að byggður verði annar varnargarður vestar á sandinum frá Víkurkletti til sjávar, og telur hann, að nægjanlega hár garður gefi byggðinni á sandinum verulega aukið öryggi. Verkfræðistofan Hönnun h.f. gerði kostnaðaráætlun um slíkan garð í marz 1972. Áætlaður kostnaður við 6 m. háan sandgarð, 4 m. breiðan í toppinn og 750 m. langan, nemur 2 milljónum króna, tæpum.

Sigurður Þórarinsson jarðfræðingur kemst að svipaðri niðurstöðu og Jón Jónsson í greinargerð, sem hann nefnir „Umsögn um það, hvort forsvaranlegt sé, vegna hættu af völdum Kötluhlaups, að færa enn út íbúðarbyggð á Víkursandi", í júní 1972. Þar segir orðrétt: „Það þarf því að byrja á því að styrkja varnargarðinn milli Höfðabrekkujökuls og fjalls, auk þess að gera garð út frá Víkurkletti, sem eitthvert gagn er í til varnar, áður en meiri íbúðarbyggð verður leyfð niðri á sandinum".

Þá liggur fyrir greinargerð Þorbjörns Karlssonar verkfræðings, er hann nefnir „Flóðöldur vegna Kötluhlaupa", nóvember 1972. Í lokaorðum greinargerðar verkfræðingsins stendur: „Þá þarf að hraða byggingu varnargarðs frá Víkurhömrum til sjávar og að styrkja garðinn við Höfðabrekkujökul. Þessir garðar yrðu fyrst og fremst hindrun gegn þeim ógnvaldi, sem Kötluhlaupið getur orðið, ef það kemst vestur að Reynisfjalli, en eins og fram hefur komið munu þeir einnig hafa nokkur áhrif í þá átt að draga úr áhrifum flóðöldunnar af sjó".

Trauðla þarf frekari vitnanna við. Samkvæmt framangreindu kemur greinilega í ljós, að þeir sérfræðingar, sem um mál þetta hafa fjallað, eru sammála um, að varnargarð beri að gera frá Víkurkletti til sjávar. Svo er og um aðra þá aðila, er bezt þekkja til. Allir ljúka upp einum munni um, að brýna nauðsyn beri til að margnefndur garður komi sem fyrst til varnar þeirri byggð, sem þegar er fyrir hendi.

Oddvitinn í Hvammshreppi hefur fyrir hönd hreppsnefndar ritað þingmönnum Sunnlendinga og mjög eindregið óskað þess, að þeir flyttu þingsályktunartillögu þessa í þeirri von, að Alþingi samþykki hana, svo „að raunhæfar aðgerðir geti hafizt sem fyrst áður en mannskaðar verða, sem vissulega vofir yfir", svo að tilfærð séu orð oddvitans í bréfi hans til flutningsmanna.

Greinargerðir sérfræðinganna, sem um mál þetta hafa fjallað, jarðfræðinganna Sigurðar Þórarinssonar og Jóns Jónssonar og Þorbjörns Karlssonar verkfræðings, eru prentaðar hér með sem fylgiskjöl.

Fylgiskjal I.

UMSÖGN

um það, hvort forsvaranlegt sé, vegna hættu af völdum Kötluhlaupa, að færa enn út íbúðarbyggð á Víkursandi.

Eftir Sigurð Þórarinsson.

Um hættu þá, er byggð á sandinum framan við þáverandi Víkurkauptún í Mýrdal mundi stafa af næsta Kötluhlaupi, skrifaði Pálmi rektor Hannesson stutta álitsgerð fyrir hönd Rannsóknaráðs ríkisins, dagsetta 28. marz 1950. Var niðurstaða hans sú, að viðurhlutamikið væri, svo ekki væri fastar að orði kveðið, að byggja Víkurkauptún niðri á sandinum, og væri þetta bæði vegna hættu á, að hlaup legðist vestur með Víkurhömrum, og vegna hættu af flóðbylgju af völdum hlaupsins.

Síðar, eða 19. okt. 1955, tilkynnir skipulagsstjóri í bréfi, að nokkur byggð yrði leyfð niðri á sandinum, og er í því sambandi vitnað til álits undirritaðs. Mun þar vera um munnlegar upplýsingar af minni hálfu að ræða, því ekki rekur mig minni til þess að hafa gefið skriflega umsögn um þetta eða látið annað í ljós en það, að ég teldi hámarksrennsli í Kötluhlaupum töluvert minna en Pálmi Hannesson hefði gizkað á, og einnig mun ég hafa nefnt, að varnargarður milli s.k. Höfðabrekkujökuls og fjalls myndi veita nokkurt öryggi. Hygg ég, að ég hafi lagt meiri áherzlu á það en ætla mætti af áðurnefndu bréfi, að forsendur þess, að meiri byggð væri leyfð niðri á sandinum, væru þær, að gerðir yrðu varnargarðar það traustir, að í þeim væri veruleg vernd. Vil ég því nú leggja áherzlu á það, að enn hafa ekki verið gerðir slíkir garðar, þ.e. garðar, sem treysta má, að veruleg vörn sé í. Aðalgarðurinn, sem gerður hefur verið milli Höfðabrekkujökuls og hamra, virðist mér næsta haldlítill, eins og hann nú er. Þyrfti bæði að hækka hann og breikka og þá fyrst og fremst að þekja austurhlíð hans stórgrýti eða grjótpylsum, ef í honum á að vera vörn að gagni. Reynsla af síðasta Skeiðarárhlaupi gaf til kynna, að talsverð vörn er í traustum grjótgörðum.

Í nóvember 1969 samdi Jón Jónsson jarðfræðingur greinargerð um hættu af Kötluhlaupum, er skipulagsnefnd leitaði álits hans, vegna þess að til álita kom þá að færa út byggð á sandinum. Rekur Jón allítarlega sögu Kötluhlaupa og áhrifa þeirra til breikkunar sandsins fram af Víkurhömrum og Vík. Leyfi ég mér að vísa til þeirrar skýrslu varðandi þetta, því óþarf er að vera að endurtaka það hér. Frumheimildirnar um stærstu Kötluhlaupin eru næsta aðgengilegar, prentaðar í IV. bindi Safns til sögu Íslands. Ræð ég öllum þeim að lesa þær heimildir, er vilja gera sér raunverulega grein fyrir því, hvílíkar hamfarir Kötluhlaup tíðum hafa verið og geta orðið. Niðurstöður Jóns eru þær, að vegna hættu af Kötluhlaupum sé ekki ráðlegt að bæta við íbúðarbyggð á sandinum en að sæmilega grjótvarinn garður myndi þó auka verulega öryggi byggðarinnar.

Nd. 575. Nefndarálit [202. mál]

um frv. til l. um breyt. á almennum hegningarlögum, nr. 19 12. febr. 1940.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og mælir með samþykkt þess.

Ellert B. Schram var fjarstaddur afgreiðslu málsins.

Alþingi, 6. apríl 1973.

Svava Jakobsdóttir, form.	Bjarni Guðnason, fundaskr.	Stefán Valgeirsson, frsm.
Ingvar Gíslason.	Ólafur G. Einarsson.	Gísli Guðmundsson.

Nd. 576. Nefndarálit [209. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 44 1971, um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Hafnarfjarðarkaupstað hluta af landi jarðarinnar Dysja í Garðahreppi og Dalvíkurhreppi jörðina Háagerði í Dalvíkurhreppi.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og mælir með samþykkt þess.

Benedikt Gröndal og Eðvarð Sigurðsson voru fjarverandi afgreiðslu málsins.

Alþingi, 7. apríl 1973.

Stefán Valgeirsson, form., frsm. Ágúst Þorvaldsson. Gunnar Gíslason.
Vilhjálmur Hjálmarsson. Pálmi Jónsson.

Ed. 577. Breytingartillaga [59. mál]

við frv. til l. um ríkisborgararétt.

Frá allsherjarnefnd.

Við 1. gr. Í greinina bætist í stafrófsröð:

1. Ciesielski, John Óli, nemandi í Reykjavík, f. í Bandaríkjunum 3. júní 1952.
2. Eva Roysdóttir, barn í Kópavogi, f. á Íslandi 24. október 1970.
3. Ísidór Hinrik Hermannsson, aðstoðarmaður í Kópavogi, f. á Íslandi 18. janúar 1947.
4. Jürgens, Robert Michael Willy Ólafur, barn í Reykjavík, f. á Íslandi 9. marz 1965.
5. Szarvas, László, vélgæzlumaður í Reykjavík, f. í Ungverjalandi 25. febrúar 1935.
6. Þóra Roysdóttir, barn í Kópavogi, f. á Íslandi 18. maí 1966.

Sþ. 578. Nefndarálit [102. mál]

um till. til þál. um greiðslu ríkisframlaga samkvæmt jarðræktarlögum.

Frá atvinnumálanefnd.

Nefndin hefur haft tillöguna til athugunar og sent hana til umsagnar Búnaðarfélagi Íslands og Stéttarsambandi bænda, sem mæla með henni.

Það kemur fram í umsögn Búnaðarfélags Íslands, að Búnaðarþing 1971 hafi falið stjórn félagsins að vinna að málum þessum, og hefur það verið gert.

Frá því að tillaga þessi kom fram og umsagnir bárust, hefur tvennt gerzt:

1. Hafin var greiðsla ríkisframlaga samkv. jarðræktarlögum á s. l. ári út á hluta af framkvæmdum þess árs.
2. Tekið var tillit til þessa greiðslufyrirkomulags við fjárlagafgreiðslu fyrir yfirstandandi ár.

Mál þetta er því þegar komið í gang, og í trausti þess, að framhald verði á þessu greiðslufyrirkomulagi, leggur nefndin til, að tillögunni verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Pétur Pétursson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 3. apríl 1973.

Ásgeir Bjarnason, form., frsm.	Ragnar Arnalds, fundaskr.	Ingólfur Jónsson.
Karvel Pálmason.	Björn Pálsson.	Pétur Sigurðsson.

Nd. 579. Námulög. [46. mál]

(Afgreidd frá Nd. 7. apríl.)

Samhljóða þskj. 428 (sbr. 48).

Nd. 580. Frumvarp til laga [240. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja nokkrar eignir ríkissjóðs.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja Hafnarfjarðarbæ fasteignina Ásbúðartröð 1, Hafnarfirði, ásamt tilheyrandi lóðarréttindum. Náist ekki samkomulag um söluverð, skal það metið af dómkvöddum mönnum.

2. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja eignina Smiðjuveg 17 í Kópavogskaupstað, ásamt tilheyrandi lóðarréttindum.

3. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja lóðina Skeljanes 10, Reykjavík (áður Sæból í Skildinganeslandi).

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt að ósk fjármálaráðuneytisins, og fylgdi því svofelld greinargerð:

Dánarbú Andrésar Johnsons í Ásbúð í Hafnarfirði, en Þjóðminjasafnið var einkaerfingi hans, hefur aldrei verið gert upp fyllilega að því leyti, að húseignin Ásbúð, Ásbúðartröð 1, og viðkomandi leigulandi hefur ekki verið ráðstafað eins og ráð var fyrir gert í upphafi. Fyrirhugað hafði verið, að Hafnarfjarðarbær keyti landið, enda þarf hann á því að halda í framtíðinni vegna skipulags í þessum bæjarhluta. Húseignin er mjög hrörleg orðin og bíður aðeins niðurrifs. Þykir eftir atvikum rétt, að Hafnarfjarðarbæ verði boðin eignin til kaups.

Eignin Smiðjuvegur 17, Kópavogi, er eign Landnáms ríkisins og var notuð undir verkstæðisrekstur þeirrar stofnunar. Sá rekstur hefur nú verið sameinaður verkstæðisrekstri Vegagerðar ríkisins, og er því ekki lengur not fyrir fyrrgreinda eign.

Eignin Skeljanes 10 var seld ríkissjóði árið 1944, en hefur aldrei verið nýtt. Þykir rétt, að aflað sé heimildar til sölu hennar.

Nd. 581. Frumvarp til laga [241. mál]

um veiðar með botnvörpu, flotvörpu og dragnót í fiskveiðilandhelginni.

Flm.: Gils Guðmundsson, Guðlaugur Gíslason, Karvel Pálmason.

1. gr.

Í fiskveiðilandhelgi Íslands eins og hún er ákveðin í reglugerð nr. 189 14. júlí 1972, skulu erlendum skipum bannaðar allar veiðar samkvæmt ákvæðum laga nr. 33 19. júní 1922, um rétt til fiskveiða í landhelgi.

Íslenzkum skipum eru bannaðar veiðar með botnvörpu, flotvörpu og dragnót í fiskveiðilandhelginni, nema þar sem sérstakar heimildir eru veittar til slíkra veiða í lögum þessum.

2. gr.

Íslenzkum skipum er heimilt að veiða með botnvörpu og flotvörpu innan fiskveiðilandhelginnar á þeim veiðisvæðum og veiðitímum, sem nú verða greind, enda undanþiggi ráðherra ekki tiltekin svæði slíkum veiðum með reglugerð. Þegar rætt er um grunnlínupunkta, er miðað við grunnlínupunkta samkvæmt reglugerð nr. 189/1972, sé annars ekki getið.

A. Norðurland.

A. 1. Frá línu réttvísandi norður frá Horni (grunnlínupunktur 1), að línu réttvísandi norðaustur af Langanesi (grunnlínupunktur 6), er heimilt að veiða með botnvörpu og flotvörpu allt árið, sbr. þó 3. gr. reglugerðar nr. 189/1972, utan línu, sem dregin er 12 sjómílur utan við grunnlínu samkvæmt reglugerð nr. 189/1972, nema á Húnaflóa utan við grunnlínu, sem dregin er frá Horni (grunnlínupunktur 1), að Selskeri (66°07,5′ n.br. 21°31,2′ v.lg.), og þaðan í Ásbúðarrif (grunnlínupunktur 2).

A. 2. Skipum, 350 brúttó rúmlestir og minni, er heimilt að veiða allt árið, sbr. þó 3. gr. rgl. nr. 189/1972, með botnvörpu og flotvörpu utan línu, sem dregin er 9 sjómílur utan við grunnlínur, sem nefndar eru í A. 1., og takmarkast svæði þetta að vestan og austan svo sem í A. 1. greinir.

A. 3. Heimilt er að veiða með botnvörpu og flotvörpu allt árið utan línu, sem dregin er í 6 sjómílna fjarlægð frá fjörumarki Grímseyjar.

A. 4. Heimilt er að veiða með botnvörpu og flotvörpu allt árið utan línu, sem dregin er í 3ja sjómílna fjarlægð frá fjörumarki Kolbeinseyjar.

B. Austurland.

B. 1. Frá línu réttvísandi norðaustur af Langanesi (grunnlínupunktur 6), að línu réttvísandi suðaustur af Selskeri (64°32,8′ n.br. 14°07,0′ v.lg.), er heimilt að veiða með botnvörpu og flotvörpu allt árið utan línu, sem dregin er 12 sjómílur utan við

grunnlínu samkvæmt reglugerð nr. 189/1972. Einnig er heimilt að veiða með botnvörpu og flotvörpu allt árið utan línu, sem dregin er í 3ja sjómílna fjarlægð frá fjörumarki Hvalbaks.

B. 2. Skipum, 350 brúttó rúmlestir og minni, er heimilt að veiða allt árið með botnvörpu og flotvörpu utan línu, sem dregin er úr punkti 4 sjómílur réttvísandi norðaustur frá Langanesi (grunnlínupunktur 6) í punkt 12 sjómílur réttvísandi austnorðaustur frá Bjarnarey (65°47,1′ n.br. 14°18,2′ v.lg.).

B. 3. Skipum, 350 brúttó rúmlestir og minni, er heimilt að veiða allt árið með botnvörpu og flotvörpu utan línu, sem dregin er í 3ja sjómílna fjarlægð frá fjörumarki meginlandsins milli lína, sem dregnar eru réttvísandi aust-norðaustur af Bjarnarey og réttvísandi aust- norðaustur af Ósfles (65°37,8′ n.br. 13°55,3′ v.lg.).

C. Suðausturland.

C. 1. Frá línu réttvísandi suðaustur af Selskeri (64°32,8′ n.br. 14°07,0′ v.lg.), að línu réttvísandi suður af Lundadrang (grunnlínupunktur 21), er heimilt að veiða með botnvörpu og flotvörpu allt árið utan línu, sem dregin er 12 sjómílur utan við grunnlínu samkvæmt reglugerð nr. 189/1972.

C. 2. Á svæði milli lína, sem dregnar eru réttvísandi suðaustur af Selskeri og réttvísandi suður af Ingólfshöfða (grunnlínupunktur 15), er heimilt að veiða með botnvörpu og flotvörpu á tímabilinu frá 1. maí til 1. marz utan línu, sem dregin er 9 sjómílur utan við grunnlínu samkvæmt reglugerð nr. 189/1972.

C. 3. Skipum, 105 brúttó rúmlestir og minni, er heimilt að veiða með botnvörpu og flotvörpu á tímabilinu 1. maí til 1. marz utan línu, sem dregin er í 3ja sjómílna fjarlægð frá fjörumarki meginlandsins frá línu, sem dregin er réttvísandi suðaustur frá Selskeri (64°32,8′ n.br. 14°07,0′ v.lg.) og að 18°00′ v.lg.

C. 4. Á svæði frá 18°00′ v.lg. að línu réttvísandi suður af Lundadrang (grunnlínupunktur 21), er skipum, 105 brúttó rúmlestir og minni, heimilt að veiða allt árið með botnvörpu og flotvörpu utan línu, sem dregin er í 3ja sjómílna fjarlægð frá fjörumarki meginlandsins.

C. 5. Skipum, 350 brúttó rúmlestir og minni, er heimilt að veiða með botnvörpu og flotvörpu utan línu, sem dregin er í 6 sjómílna fjarlægð frá fjörumarki meginlandsins á þeim svæðum og tímum, sem í C. 3. og C. 4. greinir.

D. Suðurland.

D. 1. Frá línu réttvísandi suður af Lundadrang (grunnlínupunktur 21), að línu réttvísandi suður úr Reykjanesaukavita, er heimilt að veiða með botnvörpu og flotvörpu allt árið sbr. þó 3. gr. reglugerðar nr. 189/1972, utan línu, sem dregin er 12 sjómílur utan við grunnlínu samkvæmt reglugerð nr. 189/1972.

D. 2. Á svæði, sem takmarkast að austan af 21° v.lg. og að vestan af 22°30′ v.lg., er heimilt að veiða allt árið með botnvörpu og flotvörpu utan línu, sem dregin er 9 sjómílur utan við grunnlínu samkvæmt reglugerð nr. 189/1972, samanber þó 3. grein reglugerðar nr. 189/1972.

D. 3. Skipum, 105 brúttó rúmlestir og minni, er heimilt að veiða með botnvörpu og flotvörpu allt árið utan línu, sem dregin er í 3ja sjómílna fjarlægð frá fjörumarki meginlandsins á svæði, sem takmarkast að austan af línu réttvísandi suður

af Lundadrang (grunnlínupunktur 21), og að vestan af línu réttvísandi suður frá Reykjanesaukavita (63°48,0′ n.br. og 22°41,9′ v.lg.).

D. 4. Skipum, 350 brúttó rúmlestir og minni, er heimilt að veiða með botnvörpu og flotvörpu allt árið, sbr. þó 3. gr. rgl. nr. 189/1972, utan línu, sem dregin er 4 sjómílur utan við grunnlínu milli Lundadrangs (grunnlínupunktur 21), Geirfuglaskers (grunnlínupunktur 22), Einidrangs (63°27,4′ n.br. 20°37,0′ v.lg.), Selvogs (63°49,1′ n.br. 21°39,2′ v.lg), Hópsness (63°49,3′ n.br. 22°24,4′ v.lg.) og Eldeyjardrangs (grunnlínupunktur 23). Að austan og vestan takmarkast svæði þetta svo sem í D. 1. greinir.

D. 5. Öll veiði er bönnuð allt árið á svæði, þar sem vatnsleiðsla og rafstrengur liggur milli Vestmannaeyja og meginlands. Svæði þetta takmarkast að austan af línu, sem dregin er þannig, að Bjarnarey að vestan beri í Elliðaey að austan, og að vestan takmarkast það af línu, sem dregin er þannig, að austurkantur Yztakletts og Faxaskersvita beri saman. Ennfremur er öll veiði bönnuð á svæði þar sem sæsímastrengir liggja frá Vestmannaeyjum til útlanda á 200 metra belti beggja megin við strengina.

E. Reykjanes- og Faxaflóasvæði.

E. 1. Frá línu réttvísandi suður úr Reykjanesaukavita að línu réttvísandi suðvestur frá Gáluvíkurtanga (64°44,9′ n.br. 23°55,1′ v.lg.), er heimilt að veiða með botnvörpu og flotvörpu allt árið utan línu, sem dregin er 12 sjómílur utan við grunnlínu samkvæmt reglugerð nr. 189/1972.

E. 2. Á svæði, sem afmarkast að sunnan af 64°10′ n.br. og að norðan af 64°30′ n.br., er heimilt að veiða með botnvörpu og flotvörpu allt árið utan línu, sem dregin er 9 sjómílur utan við grunnlínu samkvæmt reglugerð nr. 189/1972.

E. 3. Skipum, 350 brúttó rúmlestir og minni, er heimilt að veiða með botnvörpu og flotvörpu allt árið utan línu, sem dregin er í 3ja sjómílna fjarlægð frá fjörumarki meginlandsins frá línu réttvísandi suður úr Reykjanesaukavita, að línu réttvísandi 240° frá Hafnarbergi (63°52,8′ n.br. 22°44,0′ v.lg.).

Einnig er þessum skipum heimilt að veiða með botnvörpu og flotvörpu, allt árið utan línu, sem dregin er úr punkti 4 sjómílur 240° réttvísandi frá Hafnarbergi (63°52,8′ n.br. 22°44,0′ v.lg.) í punkt 4 sjómílur réttvísandi vestur af Garðskagavita (64°04,9′ n.br. 22°41,5′ v.lg.) og þaðan í punkt 4 sjómílur réttvísandi suðvestur af Gáluvíkurtanga (64°44,9′ n.br. 23°55,1′ v.lg.).

F. Breiðafjörður.

F. 1. Frá línu réttvísandi suðvestur frá Gáluvíkurtanga (64°44,9′ n.br. 23°55,1′ v.lg.) að línu réttvísandi vestur frá Bjargtöngum (grunnlínupunktur 26), er heimilt að veiða með botnvörpu og flotvörpu allt árið utan línu, sem dregin er 12 sjómílur utan við grunnlínu samkvæmt reglugerð nr. 189/1972.

F. 2. Á svæði, sem afmarkast að sunnan af 64°45′ n.br. og að norðan af 65°05′ n.br., er heimilt að veiða allt árið með botnvörpu og flotvörpu utan línu, sem dregin er 9 sjómílur utan við grunnlínu samkvæmt reglugerð nr. 189/1972.

F. 3. Skipum, 350 brúttó rúmlestir og minni, er heimilt að veiða allt árið með botnvörpu og flotvörpu utan línu, sem dregin er í 4ra sjómílna fjarlægð frá fjörumarki meginlandsins milli lína, sem dregnar eru réttvísandi suðvestur frá Gáluvíkurtanga (64°44,9′ n.br. 23°55,1′ v.lg.) og réttvísandi vestur frá Öndverðarnesvita, og utan línu, sem dregin er úr punkti 4 sjómílur réttvísandi vestur af Öndverðarnesvita í punkt 4 sjómílur réttvísandi vestur af Bjargtöngum (grunnlínupunktur 26).

F. 4. Skipum, 105 brúttó rúmlestir og minni, er heimilt að veiða með botnvörpu og flotvörpu á tímabilinu frá 1. júní til 31. desember utan línu, sem dregin er í 4ra sjómílna fjarlægð frá fjörumarki meginlandsins frá línu réttvísandi vestur frá Öndverðarnesvita að 24°00′ v.lg. Að norðan afmarkast svæði þetta af línu, sem dregin er í 4ra sjómílna fjarlægð frá fjörumarki meginlandsins frá línu réttvísandi vestur frá Bjargtöngum (grunnlínupunktur 26) og að 24°00′ v.lg. Að austan takmarkast svæðið af 24°00′ v.lg.

G. Vestfirðir.

G. 1. Frá línu réttvísandi vestur frá Bjargtöngum (grunnlínupunktur 26) að línu réttvísandi norður frá Horni (grunnlínupunktur 1), er heimilt að veiða með botnvörpu og flotvörpu allt árið utan línu, sem dregin er 12 sjómílur utan við grunnlínu samkvæmt reglugerð nr. 189/1972.

3. gr.

Ráðherra er heimilt að veita frekari togveiðiheimildir en greindar eru í lögum þessum í takmarkaðan tíma og á tilgreindum veiðisvæðum, ef hafís lokar venjulegum fiskimiðum innan fiskveiðilandhelginnar, enda komi til meðmæli Hafrannsóknastofnunarinnar.

4. gr.

Ráðherra er heimilt að skipta veiðisvæðum milli veiðarfæra utan línu, sem dregin er 12 sjómílur utan við grunnlínu skv. rgl. nr. 189/1972.

Ennfremur er ráðherra heimilt að takmarka togveiðiheimildir þær, sem veittar eru í lögum þessum, á tilteknum svæðum, með auglýsingum um sérstök veiðisvæði fyrir línu eða net, sem gilda skulu í takmarkaðan tíma.

Þar sem línuveiðar eru stundaðar í ríkum mæli, er sjávarútvegsráðherra skylt að ákveða friðun fyrir botnvörpu á tilteknum svæðum og um tiltekinn tíma, ef fram koma tilmæli um slíkt frá heildarsamtökum sjómanna og útvegsmanna á viðkomandi stöðum. Setja skal með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd slíkrar takmörkunar á botnvörpuveiðum.

5. gr.

Nú á sér stað á tilteknu veiðisvæði seiða- og smáfiskadráp í þeim mæli, að varhugavert eða hættulegt getur talizt, og skal þá sjávarútvegsráðuneytið að fenginni umsögn Hafrannsóknastofnunarinnar, gera nauðsynlegar ráðstafanir til að sporna við því. Er ráðuneytinu heimilt með tilkynningu, að loka afmörkuðum veiðisvæðum um lengri eða skemmri tíma fyrir öllum togveiðum, svo og öðrum veiðum, ef nauðsynlegt þykir. Jafnan skal umsögn Hafrannsóknastofnunarinnar liggja fyrir, áður en slíkar tímabundnar veiðitakmarkanir eru úr gildi numdar.

6. gr.

Þrátt fyrir ákvæði laga þessara getur sjávarútvegsráðuneytið auglýst ný friðunarsvæði og breytingar á eldri friðunarsvæðum, þar sem veiðar með botnvörpu og flotvörpu eru bannaðar á tilteknum svæðum í íslenzkri fiskveiðilandhelgi, enda hafi áður verið leitað álits Hafrannsóknastofnunarinnar um slíkar ákvarðanir.

7. gr.

Sjávarútvegsráðuneytið skal beita sér fyrir auknu eftirliti með veiðum fiskiskipa innan fiskveiðilandhelginnar þar sem megin áherzla er lögð á að fylgjast með veiðarfærabúnaði skipanna, stærð þess fisks, sem veiddur er, svo og öðru því, er viðkemur vernd fiskistofnanna.

8. gr.

Nú er botnvörpuskip í fiskveiðilandhelgi þar sem því er óheimil veiði og skulu þá veiðarfæri öll vera í búlka innanborðs, þannig að toghlerar séu í festingum og botnvörpur bundnar upp.

9. gr.

Ráðherra skal með reglugerð setja reglur um hvaðeina, sem snertir framkvæmd laga þessara, svo sem um gerð, útbúnað og frágang botnvörpu, flotvörpu eða dragnótar, um lágmarks möskvastærðir þessara veiðarfæra og lágmarksstærðir þeirra fisktegunda, sem í þau veiðast. Skulu reglugerðarákvæði um þessi atriði aldrei ganga skemmra en alþjóðasamþykktir um sama efni, sem Ísland hefur eða mun staðfesta fyrir sitt leyti.

10. gr.

Ráðherra er heimilt, jafnan að fenginni umsögn Hafrannsóknastofnunarinnar, að veita eftirgreindar veiðiheimildir í fiskveiðilandhelginni, auk þess, sem annars staðar er getið í lögum þessum:

1. **Til dragnótaveiða.** Ráðherra getur ákveðið fyrir eitt ár í senn að dragnótaveiði sé heimil á tilteknu svæði eða svæðum á tímabilinu 15. júní til 31. okt. eða skemmri tíma. Sé veitt leyfi til dragnótaveiða fyrir Norðurlandi á tilteknu svæði eða svæðum, skal leyfisveiting þá miðuð við tímabilið 15. júlí til 30. nóvember. Leyfi til dragnótaveiða samkvæmt slíkri ákvörðun má veita íslenzkum fiskiskipum, sem eru 45 rúmlestir brúttó eða minni, og gilda leyfin fyrir 1 veiðitímabil í senn. Ráðherra setur þau skilyrði fyrir leyfisveitingunni, sem honum þykir nauðsynleg. Hafrannsóknastofnunin skal stöðugt fylgjast með dragnótaveiðum þeim, sem leyfðar verða samkvæmt grein þessari, og gera tillögur um tilhögun veiðanna og það hversu nálægt landi þær megi stunda á hverjum stað fyrir sig. Heimild þessi til veitingar dragnótaveiðileyfa skal ekki notuð til 1. júlí 1976 að því er varðar veiðar á Faxaflóa innan línu, sem dregin er úr punkti 4 sjómílur réttvísandi vestur af Garðskagavita í punkt 4 sjómílur réttvísandi suðvestur af Gáluvíkurtanga.
2. **Til rækjuveiða.** Ráðherra getur veitt vélbátum undanþágu til þess að stunda rækjuveiðar á tilteknum svæðum með venjulegum rækjuvörpum. Skal binda leyfin þeim skilyrðum, sem nauðsynleg þykja. Einnig er heimilt að miða leyfisveitingar við ákveðnar stærðir báta.
3. **Til humarveiða.** Leyfi til humarveiða getur ráðherra bundið þeim skilyrðum, sem honum þykja nauðsynleg og skal meðal annars vera heimilt að gera upp á milli báta með tilliti til stærðar eða annarra atriða.
4. **Til síldveiða.** Leyfi til síldveiða skulu bundin því skilyrði, að hlutaðeigandi veiðiskip sé eingöngu gert út til síldveiða. Auk þess getur ráðherra bundið leyfið öðrum þeim skilyrðum, sem hann telur nauðsynleg, þar á meðal, að allur afli annar en síld sé upptækur til ríkissjóðs.
5. **Til loðnuveiða.** Leyfi til loðnuveiða með flotvörpu getur ráðherra bundið þeim skilyrðum, er hann telur nauðsynleg. Skal það varða sviptingu veiðileyfa, ef bolfiskur er veiddur í þetta veiðarfæri og enn fremur er heimilt að gera annan afla, en loðnu upptækan til ríkissjóðs.
6. **Til veiðitilrauna.** Ráðherra er heimilt að veita leyfi til veiðitilrauna með botnvörpu eða flotvörpu á fisktegundum, sem ekki hafa verið hagnýttar, enda fari slíkar veiðitilraunir fram undir eftirliti Hafrannsóknastofnunarinnar.
7. **Til fiskirannsókna.** Ráðherra er heimilt að veita fiskirannsóknaskipum og vísindamönnum leyfi til að nota botnvörpu, flotvörpu eða dragnót í rannsóknaskyni í fiskveiðilandhelginni.

Togveiðiheimildir samkvæmt töluliðum nr. 1—7 skulu jafnan vera tímabundnar og auk umsagnar Hafrannsóknastofnunarinnar skal ráðherra leita umsagnar Fiskifélags Íslands eða annarra aðila, þegar honum þykir ástæða til.

11. gr.

Brot gegn 1.—6. grein laga þessara varða sektum svo sem hér segir:

1. Ef um er að ræða skip allt að 106 brúttó rúmlestir að stærð, skulu sektir nema 2 000.00—6 000.00 gullkr.
2. Ef um er að ræða skip frá 106—200 brúttó rúmlestir að stærð, skulu sektir nema 4 000—12 000 gullkr.
3. Ef um er að ræða skip frá 201—350 brúttó rúmlestir að stærð, skulu sektir nema 10 000—20 000 gullkr.
4. Ef um er að ræða skip frá 351—600 brúttó rúmlestir að stærð, skulu sektir nema 15 000—30 000 gullkr.
5. Ef um er að ræða skip stærri en 600 brúttó rúmlestir, skulu sektir nema 20 000—60 000 gullkr.

Allar sektir samkvæmt grein þessari eru miðaðar við gullkrónur, sbr. lög nr. 4 11. apríl 1924.

Brot gegn 1.—6. grein laga þessara skulu og varða upptöku á öllum veiðarfærum í skipinu þar með töldum dragstrengjum, svo og á öllum afla innanborðs. Nú næst ekki í skipstjóra og er þá einnig heimilt að gera upptækt skipið sjálft eða andvirði þess að hluta. Upptöku má einnig beita, þótt ekki hafi verið höfðað refsimál út af broti, og þótt refsimáli verði ekki komið fram. Máli til upptöku má þá beina gegn eigendum skipsins, umboðsmönnum þeirra eða umráðamönnum þess.

Leggja má löghald á skipið og selja það að undangenginni aðför, til lúkningar sektum samkvæmt þessari grein og kostnaði.

Við upptöku og aðför fellur niður veðréttur eða aðrar kvaðir, sem hvíla kunna á upptækum verðmætum.

12. gr.

Brot gegn 8. gr., reglum settum samkvæmt 9. gr. eða ákvæðum veiðileyfa, sem út eru gefin samkvæmt 10. gr. varða sektum, 1000—15 000 gullkrónum sbr. lög nr. 4 11. apríl 1924. Ef um ítrekað brot er að ræða, skv. þessari málsgrein, skal um upptöku afla og veiðarfæra fara svo sem greinir í 11. gr.

Nú er ljóst af öllum atvikum, að skipið hefur hvorki verið að veiðum innan fiskveiðimarka né undirbúningur gerður í því skyni og má þá ljúka málinu með áminningu, þegar um fyrsta brot er að ræða, en ef um ítrekað brot er að ræða, með sektum 1000—15 000 gullkrónum samkvæmt lögum nr. 4 11. apríl 1924.

13. gr.

Hver sá maður, er leiðbeinir skipi við ólöglegar botnvörpu- eða flotvörpuveiðar í íslenzkri fiskveiðilandhelgi, eða liðsinnir því við slíkar veiðar, eða hjálpar hinum brotlegu til að komast undan hegningu fyrir þær, skal sæta sektum, 1000—15 000 gullkrónum sbr. lög nr. 4 11. apríl 1924. Sömu hegningu skal hver sá sæta, sem er í botnvörpuskipi eða á bát við skipshliðina, þegar það er að ólöglegum veiðum í landhelgi, nema hann geti gert þá grein fyrir dvöl sinni þar, að líklegt þyki, að hann eigi enga hlutdeild í hinum ólöglega veiðiskap þess.

Ákvæði þessarar greinar gilda ekki um þá menn, sem eru lögskráðir skipverjar á botnvörpuskipinu.

14. gr.

Skipstjóra, er gerir sig sekan um ítrekað brot á lögum þessum, má auk sektarhegningar samkvæmt 11. gr., 12. gr. 1. mgr. og 13. gr., láta sæta fangelsi allt að 2 árum. Auk þess má og endranær, þegar miklar sakir eru, láta skipstjóra sæta sömu refsingu fyrir fyrsta brot á greinum þessum.

Einnig er heimilt að svipta skipstjóra skipstjórnarréttindum í tiltekinn tíma fyrir ítrekuð brot á lögum þessum.

15. gr.

Sektarfé eftir lögum þessum, svo og andvirði upptækra verðmæta, rennur í Landhelgissjóð Íslands. Um sölu upptæks afla og veiðarfæra skal jafnan leita samþykkis stjórnarráðsins. Aldrei má þó selja hinum seka upptæk veiðarfæri, og afla því aðeins, að knýjandi nauðsyn sé fyrir hendi.

16. gr.

Um mál þau, sem rísa út af brotum gegn lögum þessum, skal fara að hætti opinberra mála.

17. gr.

Frá gildistöku þessara laga falla úr gildi lög nr. 62 18. maí 1967 um bann gegn veiðum með botnvörpu og flotvörpu ásamt síðari breytingum sbr. lög nr. 21/1969, lög nr. 50/1971, lög nr. 89/1971 og lög nr. 101/1972.

Einnig falla þá úr gildi lög nr. 40/1960 um takmarkað leyfi til dragnótaveiða í fiskveiðilandhelgi Íslands undir vísindalegu eftirliti.

18. gr.

Sjávarútvegsráðuneytið skal láta endurskoða lög þessi fyrir 31. desember 1975.

19. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1973.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er samið og lagt fram að tilhlutan Fiskveiðilaganefndar, en í henni eiga sæti alþingismennirnir Gils Guðmundsson, formaður nefndarinnar, Guðlaugur Gíslason, Jón Ármann Héðinsson, Karvel Pálmason og Steingrímur Hermannsson. Flutningsmenn eru þeir 3 nefndarmenn, sem eiga sæti í neðri deild, en efri deildar þingmennirnir Jón Ármann Héðinsson og Steingrímur Hermannsson standa einnig að frumvarpinu.

Með bréfi 11. október 1971 skipaði sjávarútvegsráðherra 5 manna nefnd, fulltrúum allra stjórnmálaflokkanna, til að gera tillögur um nýjar reglur varðandi heimildir til botnvörpuveiða í fiskveiðilandhelginni sbr. niðurlagsákvæði laga nr. 21 10. maí 1969 um breyting á lögum nr. 62 18. maí 1967, um bann gegn veiðum með botnvörpu og flotvörpu. Þessir menn voru skipaðir í nefndina: Gils Guðmundsson, formaður, Guðlaugur Gíslason, Ingvar Gíslason, Jón Ármann Héðinsson og Karvel Pálmason. Það var niðurstaðan af störfum nefndarinnar, að rétt væri að framlengja í óbryttu formi gildandi togveiðiheimildir til ársloka 1972 og fresta þannig afgreiðslu málsins um skeið. Þetta var síðan gert með lögum nr. 89 24. desember 1971. Í byrjun september 1972 var þess formlega óskað, að nefndin héldi áfram störfum, og tók hún þá til starfa á ný með þeirri breytingu, að Steingrímur Hermannsson tók fljótlega sæti í nefndinni í stað Ingvars Gíslasonar. Jafnframt var Þórður Ásgeirsson, skrifstofustjóri í sjávarútvegsráðuneytinu, ráðinn ritari nefndarinnar.

Frá því í byrjun september og fram í byrjun desember 1972, vann nefndin síðan samkvæmt erindisbréfi sínu að endurskoðun á núgildandi togveiðiheimildum með sérstöku tilliti til breyttrar fiskveiðilandhelgi. Hafði nefndin einkum til athugunar atriði, er vörðuðu skipastærð, veiðisvæði, tímatakmarkanir og það hvort ekki væri unnt að gera heimildarreglurnar einfaldari og skýrari. Ennfremur var nefndinni í erindisbréfi falið að:

1. Athuga hvort rétt sé að auka almenna friðun frá því sem reglugerð nr. 189/1972 gerir ráð fyrir, m.a. hvort banna eigi veiðar með fleiri veiðarfærum en botnvörpu á þargreindum svæðum.
2. Gera tillögur varðandi notkun þorsk-, ýsu- og ufsanótar.

3. Athuga um breytingu á gildandi ákvæðum um möskvastærð í vörpum.
4. Endurskoða reglur um dragnótaveiðar.
5. Athuga hvort rétt sé að hafa viss grundvallaratriði varðandi rækju-, humar- og skelfiskveiðar, svo og veiðar á öðrum tegundum t.d. spærlingi, í þessum lögum, með víðtækum heimildum ráðuneytis til að setja reglur um þær veiðar.

Í ljós kom, að verkefni þetta var stærra en svo, að því yrði lokið í tæka tíð fyrir árslok 1972. Lagði nefndin þess vegna til að gildistími 2. og 3. greinar laga nr. 62 18. maí 1967, um bann gegn veiðum með botnvörpu og flotvörpu, sbr. lög nr. 21/1969, lög nr. 50/1971 og lög nr. 89/1971, skyldi framlengdur um takmarkaðan tíma. Gerði nefndin ráð fyrir því, að halda áfram störfum með það fyrir augum að skila áliti eigi síðar en í marz 1973.

Með lögum nr. 101 31. desember 1972 voru ofangreind botnvörpulög síðan framlengd til 1. júlí 1973, en jafnframt voru, samkvæmt tillögum nefndarinnar, gerðar nokkrar breytingar á botnvörpulögunum. Nefndin hafði þá þegar orðið samdóma um nauðsyn aukinnar friðunar fiskistofna og veiðisvæða og taldi einnig að ótvíræður vilji á þessu hefði komið fram alls staðar að af landinu. Þá taldi nefndin að auka þyrfti eftirlit með veiðum og veiðarfærum, svo og athuganir á árangri af friðunarráðstöfunum. Taldi nefndin atriði þessi svo mikilvæg, að ekki mætti bíða með að setja inn í botnvörpulögin ákvæði þar að lútandi. Þess vegna voru eftirfarandi 3 greinar settar inn í botnvörpulögin með lögum nr. 101/1972:

a. Nú á sér stað á tilteknu veiðisvæði, seiða- og smáfiskadráp í þeim mæli, að varhugavert eða hættulegt getur talizt, og skal þá sjávarútvegsráðuneytið, að fenginni umsögn Hafrannsóknastofnunarinnar, gera nauðsynlegar ráðstafanir til að sporna gegn því. Er ráðuneytinu heimilt með tilkynningu að loka afmörkuðum veiðisvæðum um lengri eða skemmri tíma fyrir öllum togveiðum, svo og öðrum veiðum, ef nauðsynlegt þykir. Jafnan skal umsögn Hafrannsóknastofnunarinnar liggja fyrir, áður en slíkar tímabundnar veiðitakmarkanir eru úr gildi numdar.

b. Þrátt fyrir ákvæði laga þessara getur sjávarútvegsráðuneytið auglýst ný friðunarsvæði og breytingar á eldri friðunarsvæðum, enda hafi áður verið leitað álits Hafrannsóknastofnunarinnar, um slíkar ákvarðanir.

c. Sjávarútvegsráðuneytið skal beita sér fyrir auknu eftirliti með veiðum fiskiskipa innan fiskveiðilögsögunnar, þar sem megináherzla er lögð á að fylgjast með veiðarfærabúnaði skipanna, stærð þess fisks, sem veiddur er, svo og öðru því, sem viðkemur vernd fiskistofnanna.

Ennfremur var við þetta sama tækifæri sett inn í botnvörpulögin heimild til ráðherra til að veita leyfi til loðnuveiða í landhelgi með flotvörpu. Höfðu tilraunir íslenzkra báta með þetta veiðarfæri gefizt all vel og vitað var að nokkrir aðilar höfðu áhuga á því að reyna loðnuveiðar í flotvörpu á loðnuvertíð 1973. Hafrannsóknastofnunin mælti með því að þetta yrði reynt og þess vegna þótti rétt að setja umrædda heimild í lögin.

Þess má geta, að Fiskveiðilaganefnd var í lok ársins 1972 samdóma um, að þegar bæri að gera ráðstafanir varðandi bolfiskveiðar í hringnót. Var samþykkt í nefndinni að beina þeim tilmælum til sjávarútvegsráðherra, að reglugerð um þorsk-, ýsu- og ufsaveiðar með nót o.fl. yrði breytt hið allra fyrsta þannig, að bolfiskveiðar í hringnót yrðu bannaðar, en þó skyldi sjávarútvegsráðuneytinu heimilt að veita leyfi til þorskveiða með hringnót bátum undir 50 smálestum, sem stundað hefðu þessar veiðar að marki s.l. 2 ár. Skyldi þessi heimild gilda til ársloka 1973. Hinn 7. febrúar 1973, gaf sjávarútvegsráðuneytið síðan út reglugerð þar sem farið var eftir þessum tillögum nefndarinnar og þorsk-, ýsu- og ufsaveiðar með hringnót bannaðar með ofangreindum undanþáguheimildum.

Eftir að fiskveiðilaganefnd hafði skilað álitsgerð sinni og tillögum í desember 1972, hélt hún áfram störfum og vann samfellt fram í byrjun apríl 1973. Voru störf

hennar á árinu 1973 einkum fólgin í því að yfirfara mikinn fjölda tillagna, sem henni höfðu borizt víðsvegar að af landinu, ýmist bréflega eða á almennum fundum nefndarnnar, sem hún hélt í öllum kjördæmum landsins. Einnig kallaði nefndin ýmsa aðila á sinn fund til ráðgjafar eftir því sem hugmyndir nefndarmanna þróuðust og gáfu tilefni til. Þá hafði nefndin einnig samband við alþingismenn úr öllum kjördæmum landsins og reyndi m.a. með því að tryggja, að hagsmunasjónarmið allra byggðarlaga, sem úrgerð varðar, kæmust til vitundar nefndarinnar. Nefndarmenn hafa í frumvarpi þessu tekið afstöðu til ólíkra sjónarmiða byggðarlaga og hagsmunahópa, að því er varðar togveiðiheimildir í íslenzkri fiskveiðilandhelgi. Hefur nefndin reynt að koma jafnt til móts við þarfir allra hagsmunahópa, hafandi jafnan í huga heildarhagsmuni landsmanna, einkum af því að vernda fiskistofna með nauðsynlegum friðunaraðgerðum. Hafa verið tekin upp í frumvarp þetta áður tilvitnuð ákvæði laga nr. 101/1972 um skyldu sjávarútvegsráðuneytisins til þess að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að sporna gegn seiða- og smáfiskadrápi, og til að beita sér fyrir auknu eftirliti með veiðum fiskiskipa innan fiskveiðilögsögunnar með sérstöku tilliti til verndunar fiskistofnanna, ásamt auknum heimildum fyrir ráðuneytið til auglýsingar friðunarsvæða.

Verður nú gerð nánari grein fyrir einstökum greinum frumvarpsins.

Um 1. gr.

1. grein laganna er stytt verulega frá því sem nú er, enda eru heimildir ráðherra til þess að veita sérstakar undanþágur frá lögunum nú settar í eina grein sem ekki fjallar um annað. Sjá greinargerð um 10. gr. frumvarpsins.

Í 1. málsgrein 1. greinar núgildandi laga, eru fiskveiðar með botnvörpu og flotvörpu með öllu bannaðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, en síðan eru í 1. grein og sérstaklega 2. grein gerðar mjög víðtækar undantekningar frá þessu banni. Núgildandi lög bera einnig nafn sitt af þessu banni og heita „Lög um bann gegn veiðum með botnvörpu og flotvörpu". Þar sem frumvarp þetta, eins og raunar núgildandi lög einnig, fjallar hins vegar efnislega fyrst og fremst um togveiðiheimildir íslenzkra skipa í fiskveiðilandhelginni, þótti rétt að breyta bæði fyrirsögn laganna og textum 1. og 2. greinar. Eru þannig í frumvarpi þessu lögin nefnd „Lög um veiðar með botnvörpu, flotvörpu og dragnót í fiskveiðilandhelginni", 1. gr. 1. mgr. áréttar ákvæði laga nr. 33 19. júní 1922, um bann gegn veiðum erlendra skipa í landhelginni, sbr. reglugerð nr. 189/1972 og 2. mgr. 1. gr. bannar íslenzkum skipum veiðar með botnvörpu, flotvörpu og dragnót í fiskveiðilandhelginni, nema þar sem sérstakar heimildir eru veittar til slíkra veiða í lögunum. Á það að sjálfsögðu jafnt við um reglur settar skv. þeim. 2. gr. verður þá bæði efnislega og formlega jákvæð aðalregla þessa frumvarps, en ekki eins og nú er að formi til undantekning frá aðalreglunni um algert togveiðibann jafnt fyrir íslenzk skip sem erlend.

Breytingar á fyrirsögn laganna, 1. gr. og 1. mgr. 2. gr., sem felast í frumvarpi þessu, eru því formlegar en ekki efnislegar.

Um 2. gr.

Með reglugerð nr. 189/1972 var gerð breyting á grunnlínupunktum og til samræmis við það er vísað til þeirrar reglugerðar í 1. mgr. 2. gr. frumvarps þessa. Að öðru leyti vísast um þessa málsgrein frumvarpsins til þess, er segir hér að ofan um 1. gr.

A. Norðurland.

Í frumvarpi þessu er togveiðiheimildum fyrir Norðurlandi breytt þó nokkuð frá því, sem nú er. Eru breytingarnar einkum fólgnar í mikilli friðun og einföldun á þeim reglum, sem nú gilda á þessu svæði. Þannig er gert ráð fyrir því, að togveiðar verði ekki leyfðar nær landi en 9 sjómílur miðað við sömu grunnlínu og í núgildandi heimildum, en samkvæmt þeim eru togveiðar heimilar upp að 4, 6 eða 8 mílum

á mismunandi tímum árs eftir mismunandi stærðum skipa. Frumvarpið gerir ráð fyrir því, að um leið og friðun er aukin með því að færa togveiðiheimildir fjær landi, þá verði stærðarflokkum skipa fækkað um einn og ekki verði lengur miðað við mismunandi tímabil. Er gert ráð fyrir því, að öll skip, sem eru minni en 350 rúmlestir, fái heimild til togveiða allt árið á svæði milli 9 og 12 sjómílna miðað við sömu grunnlínu og nú er, en öll skip stærri en 350 rúmlestir, megi veiða á svæðinu milli 12 og 50 sjómílna. Á tímabilinu 1. apríl til 1. júní takmarkast togveiðiheimildir fyrir Norðurlandi af ákvæðum 3. gr. reglugerðar nr. 189/1972, sem bannar allar togveiðar innan 50 sjómílna á svæði frá Rifstanga að Langanesi á þessu tímabili. Togveiðiheimildir í kringum Kolbeinsey og Grímsey verði óbreyttar frá því sem nú er.

Aukin friðun á þessu svæði þykir nauðsynleg vegna þeirrar alkunnu staðreyndar, að þarna eru einhverjar mestu uppeldisstöðvar þorsks á íslenzku landgrunni og hefur afli togbáta af þessu svæði samanstaðið af mun yngri og smærri fiski, en víðast annars staðar af landinu.

B. Austurland.

Á svæðinu frá Langanesi að Selskeri eru í frumvarpi þessu reglur einfaldaðar mjög frá því, sem nú er, og friðun aukin. Þannig er egrt ráð fyrir því, að togveiðiheimildir verði ekki lengur mismunandi eftir árstímum og friðun einnig aukin verulega með því að gert er ráð fyrir því, að togveiðar verði ekki leyfðar innan 12 sjómílna, nema hvað skip, sem eru minni en 350 rúmlestir, fái þó nokkrar heimildir innan þessarar línu á svæðinu frá Langanesi að Ósfles. Togveiðiheimildir í kringum Hvalsbak eru óbreyttar frá því sem nú er.

C. Suðausturland.

Á svæðinu frá Selskeri að Lundadrang gerir frumvarpið ráð fyrir aukinni friðun fiskistofna, enda finnst oft ungfiskur á þessu svæði í miklum mæli. Var það hvort tveggja friðunarsjónarmiðið og tillit til bátaútgerðarinnar, einkum hinna minni báta, á þessu svæði, og aðliggjandi svæðum, sem réði því, að í frumvarpinu er greint á milli þriggja stærðarflokka skipa í stað tveggja áður. Þannig er gert ráð fyrir því, að togveiðiheimildir skipa, minni en 105 rúmlestir, verði nánast óbreyttar frá því, sem nú er, en heimildir skipa af stærðinni frá 106 í 350 rúmlestir verði nokkuð skertar frá því sem nú er, á þann hátt, að skip af þessum stærðum fái ekki að toga nær landi, en 6 sjómílur miðað við fjörumark meginlandsins á þessu svæði. Togveiðiheimildir skipa, sem eru stærri en 350 rúmlestir, eru skertar enn frekar í frumvarpinu, en þó fá þessi skip heimild til togveiða utan línu, sem dregn er 9 sjómílur utan við grunnlínu samkvæmt reglugerð nr. 189/1972, á svæðinu frá Selskeri að Ingólfshöfða. Frumvarpið gerir ráð fyrir því, að allar togveiðar innan 12 sjómílna á svæðinu frá Selskeri að 18°00′ verði bannaðar á tímabilinu frá 1. marz til 1. maí og er það óbreytt frá því, sem nú er.

D. Suðurland.

Á svæði frá Lundadrang að Reykjanesaukavita, gerir frumvarpið ráð fyrir því, að reglur verði mun einfaldari en nú er, og friðun aukin. Þannig verði togveiðar hvergi leyfðar nær landi en 3 sjómílur og þannig afnumin 2 togveiðisvæði skipa minni en 350 rúmlestir, sem náðu alveg inn að fjörumarki. Að öðru leyti eru heimildir skipa af þessum stærðarflokki óbreyttar frá því, sem nú er, og heimildir skipa af stærðinni frá 106 til 350 rúmlestir eru einnig mjög lítið breyttar. Frumvarpið felur hins vegar í sér þó nokkra skerðingu á togveiðiheimildum skipa stærri en 350 rúmlestir. Er gert ráð fyrir því, að aðalreglan verði hér, sem annars staðar í kringum landið, sú, að skip af þessum stærðarflokki fái ekki að veiða með botnvörpu og

flotvörpu nær landi en 12 sjómílur miðað við grunnlínu. Þó er í frumvarpinu heimild fyrir þessi skip til togveiða utan línu, sem dregin er 9 sjómílur utan við grunnlínu frá svæðinu frá 21° v.lg. að 22°30′ v. lg. Togveiðiheimildir á þessu svæði takmarkast þó af ákvæðum 3. gr. reglugerðar nr. 189/1972, sem friðlýsir ákveðið svæði á Selvogsbanka á tímabilinu frá 20. marz til 20. apríl.

E. Reykjanes- og Faxaflóasvæði.

Þetta svæði nær frá línu réttvísandi suður úr Reykjaaukavita að línu réttvísandi suðvestur frá Gáluvíkurtanga (64°44,9′ n.br. 23°55,1′ v.lg.), og hér er einnig gert ráð fyrir því að reglur verði mun einfaldari og friðun aukin. Í frumvarpinu er línu þeirri, sem lokar Faxaflóa fyrir togveiðum breytt nokkuð frá því, sem nú er, þannig að hún færist nær landi um 2 sjómílur vestur af Garðskagavita, en hins vegar nokkuð fjær landi við Snæfellsnes þar sem miðað er við punkt 4 sjómílur réttvísandi suðvestur af Gáluvíkurtanga, en í núgildandi lögum er miðað við 1 sjómílu frá Malarrifsvita í stefnu á línuna. Utan þessarar línu er gert ráð fyrir því, að skipum minni en 350 rúmlestir verði heimilað togveiðar allt árið og eru það nánast óbreyttar heimildir frá því, sem nú er. Hér, sem annars staðar, er hins vegar reiknað með því, að skip stærri en 350 rúmlestir verði ekki nær landi en 12 sjómílur miðað við grunnlínu, en þó fá skip af þessum stærðarflokki heimild til togveiða inn að 9 sjómílum utan við grunnlínu í Jökuldjúpi að svæði, sem afmarkast að sunnan af 64°10′ n.br. og að norðan af 64°30′ n.br.

F. Breiðafjörður.

Á svæðinu frá Gáluvíkurtanga að Bjargtöngum gerir frumvarp þetta enn ráð fyrir einföldun gildandi reglna um togveiðar jafnframt því sem friðun er aukin. Þannig eru gerðar töluverðar breytingar á togveiðiheimildum skipa minni en 105 rúmlestir og er í frumvarpinu gert ráð fyrir einu svæði fyrir þessi skip, í stað þriggja áður. Á Breiðafjarðarsvæðinu er mikill fjöldi báta af þessum stærðarflokki og óvenju margir aðilar, einstaklingar og hagsmunasamtök, komu hugmyndum sínum um togveiðiheimildir á þessu svæði á framfæri við Fiskveiðilaganefnd. Með því að draga veiðisvæði þetta upp eins og gert er í frumvarpinu, hefur nefndin reynt að samræma hin ólíku sjónarmið, eins og frekast var unnt, auk þess sem friðunarsjónarmið voru einnig höfð í huga. Skip af stærðinni 106 til 350 rúmlestir færast nokkuð utar á þessu svæði, en þó er ekki um teljandi breytingar á togveiðiheimildum þeirra að ræða. Togveiðiheimildir skipa stærri en 350 rúmlestir, eru í frumvarpinu skertar nokkuð frá því, sem nú er, og er hér sem annars staðar miðað við að skip af þessum stærðarflokki stundi ekki togveiðar nær landi en 12 sjómílur miðað við grunnlínu. Þó er í frumvarpinu heimild fyrir þessi skip til togveiða inn að 9 sjómílum utan við grunnlínu í Kolluál á svæði, sem afmarkast að sunnan af 64°45′ n.br. og að norðan af 65°05′ n.br.

G. Vestfirðir.

Á svæðinu frá Bjargtöngum að Horni eru í frumvarpinu togveiðiheimildir óbreyttar frá því, sem nú er, nema hvað tvö togveiðisvæði ætluð skipum minni en 350 rúmlestir, eru felld burt, þannig að ekki er gert ráð fyrir því að neinar togveiðar verði leyfðar nær landi en 12 sjómílur miðað við grunnlínu á þessu svæði .

Um 3. gr.

Þessi grein frumvarpsins er tekin óbreytt úr núgildandi lögum, og þykir ekki gefa tilefni til sérstakra athugasemda.

Um 4. gr.

Í núgildandi lögum hefur ráðherra heimild til að undanþiggja með reglugerð tiltekin svæði frá veiðum með botnvörpu og flotvörpu. Hefur heimild þessi verið notuð á hverju ári með því að settar hafa verið reglugerðir um sérstök veiðisvæði fyrir línu eða fyrir línu og net fyrir Suðvesturlandi.

Í 1. mgr. þessarar greinar er orðuð almenn heimild ráðherra til þess að skipta veiðisvæðum milli veiðarfæra utan 12 sjómílna miðað við grunnlínu. Í 2. mgr. er kveðið skýrt á um heimild ráðherra til þess að auglýsa sérstök veiðisvæði fyrir línu eða net hvar sem er í fiskveiðilandhelginni og í 3. mgr. er það beinlínis gert að skyldu að nota heimildina á svæðum þar sem línuveiðar eru stundaðar í ríkum mæli, og fram koma tilmæli um slíkt frá heildarsamtökum sjómanna og útvegsmanna á viðkomandi stöðum. Mat á því hvort línuveiðar eru stundaðar í „ríkum mæli" eða ekki verður að vera í höndum ráðherra, en ekki þykir þó vafi á því t.d. að línuútgerð á Vestfjörðum, eins og hún er í dag, myndi uppfylla þetta skilyrði.

Um 5.—7. gr.

Í upphafi greinargerðar þessarar er fjallað um þessar 3 greinar frumvarpsins, sem tóku gildi, efnislega óbreyttar, með lögum nr. 101/1972. Þykir ekki ástæða til að fjölyrða frekar um þær.

Um 8. gr.

Þessi grein frumvarpsins er tekin upp óbreytt efnislega úr núgildandi lögum, nema hvað bætt er við þeirri skýringu á búlkun, að toghlerar séu í festingum og botnvörpur bundnar upp. Er þetta gert með sérstöku tilliti til skuttogskipa, en annars er ráðherra heimilt að setja nánari reglur um búlkun veiðarfæra í reglugerð samanber 9. gr.

Um 9. gr.

Núgildandi reglugerð um möskvastærðir botnvörpunetja og lágmarksstærðir fisktegunda, nr. 214/1966, sbr. rgl. nr. 160/1970 og rgl. nr. 46/1971, er sett samkvæmt 1. gr. laga nr. 44 5. apríl 1948. um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins, og lögum nr. 14 30. marz 1960, um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að láta öðlast gildi ákvæði alþjóðasamnings, er gerður var 24. janúar 1959, um fiskveiðar í norðausturhluta Atlantshafs, ásamt viðbæti.

Eðlilegt þykir, að heimilt verði að setja reglugerð um þessi atriði og önnur, svo sem um gerð útbúnað og frágang þeirra veiðarfæra, sem lög þessi fjalla um, á grundvelli þessara sömu laga. Þykir þetta sérstaklega eðlilegt þegar litið er til viðurlaga við brotum á 8. gr. og 10. gr. frumvarpsins, sem þykja eiga að vera í nokkru samræmi við viðurlög við misnotkun á þessum veiðarfærum.

Um 10. gr.

Eins og segir um 1. gr. í greinargerð þessari, hafa í þessa grein frumvarpsins verið settar undanbáguheimildir þær, sem er að finna í 1. gr. núgildandi laga. Auk þess hafa heimildir ráðherra til veitingar dragnótaveiðileyfa verið felldar inn í þessa grein ,en þær var áður að finna í lögum nr. 40/1960 um takmarkað leyfi til dragnótaveiða í fiskveiðilandhelgi Íslands undir vísindalegu eftirliti. Þá er einnig bætt inn í þessa grein heimild fyrir ráðherra til að veita leyfi til veiðitilrauna með botnvörpu eða flotvörpu á fisktegundum, sem ekki hafa verið hagnýttar, og einnig er hér tekið upp efnislega ákvæði laga nr. 101/1972 um heimild ráðherra til að veita leyfi til loðnuveiða í landhelgi Íslands með flotvörpu. Um einstaka töluliði greinarinnar er þetta hið helzta:

Um 1. Í frumvarpi þessu eru heimildir ráðherra til veitingar dragnótaveiðileyfa efnislega óbreyttar frá því sem er í núgildandi lögum. Þó eru ákvæði 3.—11. gr. laga nr. 40/1960 ekki tekin upp í frumvarp þetta, þar sem þau þóttu ýmist óþörf

eða þeim ofaukið (eins og t.d. refsiákvæðin) við það að dragnótaheimildarákvæðin færðust inn í þessi lög um veiðar með botnvörpu og flotvörpu. Ein megin breyting er þó gerð á grundvellinum fyrir heimildir ráðherra í þessu efni. Er þar um að ræða niðurfellingu ákvæðis laga nr. 40/1960 um að Fiskifélag Íslands skuli leita álits sveitarstjórna og annarra aðila, sem hagsmuna hafa að gæta á viðkomandi veiðisvæði o.s.fr. sbr. 1. gr. laga nr. 40/1960. Er ráðherra þess í stað skylt að leita umsagnar Hafrannsóknastofnunarinnar áður en dragnótaveiðiheimildir eru útgefnar og þykir sá háttur raunhæfari með tilliti til friðunarsjónarmiða. Ennfremur er á það að benda, að ráðherra skal leita umsagnar Fiskifélags Íslands, eða annarra aðila, þegar honum þykir ástæða til, áður en hann gefur út veiðiheimildir samkvæmt 10. gr. frumvarpsins.

Um 2. Heimild ráðherra til veitingar rækjuveiðileyfa er að finna efnislega óbreytta í 1. grein núgildandi laga. Hér er þó kveðið skýrt á um heimild ráðherra til þess að binda leyfin þeim skilyrðum, sem honum þykja nauðsynleg, m.a. að miða leyfisveitingar við ákveðnar stærðir báta.

Um 3. Efnislega samhljóða heimild til veitingar humarveiðileyfa er að finna í 1. grein núgildandi laga. Þó er hér kveðið skýrt á um heimild ráðherra til að binda leyfin þeim skilyrðum, sem honum þykja nauðsynleg, m.a. að gera upp á milli báta með tilliti til stærðar.

Um 4. Þetta ákvæði er tekið óbreytt úr 1. gr. núgildandi laga, nema hvað ekki er lengur gert að skyldu að fá tillögur Fiskifélags Íslands áður en slíkar heimildir eru veittar.

Um 5.—6. Um þessa liði, sjá inngang þessarar greinar.

Um 7. Þessi töluliður kveður á um heimild ráðherra til að veita fiskirannsóknaskipum og vísindamönnum leyfi til að nota botnvörpu, flotvörpu eða dragnót í rannsóknarskyni í fiskveiðilandhelginni í núgildandi lögum og þykir ekki ástæða til að fjalla frekar um þær.

Um 11. gr.

Þessi grein frumvarpsins kveður á um viðurlög við brotum gegn 1.—6. gr. Auk þess hefur 14. gr. að geyma viðurlög við brotum á þessum greinum og vísast um það til þess, er segir um þá grein. Í frumvarpinu eru sektir miðaðar við gullkrónur eins og gert er í núgildandi lögum. Sú breyting fellst þó í frumvarpinu, að mishár sektir eftir mismunandi stærðarflokkum skipa, eru nú í 5 flokkum í stað 3ja í núgildandi lögum. Þykir í núgildandi lögum gerður mjög óeðlilegur greinarmunur á því hvort skip er stærra eða minna en 200 rúmlestir. Skip, sem er t.d. 190 rúmlestir, fær þannig venjulega um 45.000.00 króna sekt, en skip sem er 210 rúmlestir, fær um 700.000,00 króna sekt. Það er til að minnka þennan óeðlilega mismun, að stærðarflokkunum er fjölgað um 2. Í frumvarpinu eru sektarfjárhæðir hækkaðar verulega, en jafnfremt er í því aukið svigrúm dómara til ákvörðunar sektar. Þó að sektir hafi verið og séu miðaðar við gullkrónur, og ættu því að hafa fylgt breyttu verðgildi peninga, þá er þess að gæta, að þau skip, sem veiðarnar stunda nú, eru miklu fullkomnari nú en áður var, að öllum búnaði, og veiðimöguleikar þeirra hafa því aukist stórkostlega. Þykja þessi atriði gera allverulega hækkun viðurlaga tímabæra nú. Í ákvæðum þessarar greinar um upptöku afla skips og veiðarfæra er ekki að finna nýmæli frá því, sem er í núgildandi lögum, en skýrt er kveðið á um að viðurlög þessarar greinar eigi við um brot á 1.—6. gr. frumvarpsins.

Um 12. gr.

Í þessari grein frumvarpsins er kveðið á um viðurlög við brotum gegn 8. gr. um búlkun veiðarfæra, svo og við brotum við reglum settum samkv. 9. gr. og ákvæðum veiðileyfa sem út eru gefin samkv. 10. gr. Þykir eðlilegt að hafa viðurlög við öllum þessum brotum í sama flokki, en gefa dómara mikið svigrúm við ákvörðun refsingar. Felld eru niður ákvæði núgildandi laga um misháar „hlerasektir" eftir stærð skips og þykir það eðlilegt með tilliti til þess hve sektarmörkin hafa verið rýmkuð mikið í frumvarpinu. Sektarfjárhæðir eru hækkaðar frá því, sem nú er, og fyrir skip allt að 200 rúmlestum er hér um mjög verulega hækkun að ræða, en fyrir skip stærri en 200 rúmlestir er hækkunin mun minni og lágmarkssekt raunar lækkuð um helming. Er þetta gert vegna þess, að í núgildandi lögum þykir mjög óeðlilegur greinarmunur gerður á því hvort skip er stærra eða minna en 200 rúmlestir. Breytingar þær, sem felast í frumvarpinu, eru gerðar til þess að minnka þennan óeðlilega greinarmun og gefa dómara aukið svigrúm til ákvörðunar sektarfjárhæða, og er ekki gert ráð fyrir því að þetta hafi í för með sér að „hlerasektir" hinna stærri togskipa muni í reynd lækka frá því sem nú er.

2. mgr. 12. gr. er tekin efnislega óbreytt úr núgildandi lögum að öðru leyti en því, að sektarfjárhæðir eru hækkaðar og sektarmörkin sömuleiðis víkkuð verulega.

Um 13. gr.

Efnisákvæði þessarar greinar frumvarpsins eru tekin óbreytt úr núgildandi lögum að öðru leyti en því, að sektarfjárhæðir eru hækkaðar frá því, sem nú er, og svigrúm dómara aukið til að ákveða sektarupphæð.

Um 14. gr.

Fyrri málsgrein 14. gr. kveður á um viðurlög við ítrekuðum brotum á 11. gr., 12. gr. 1. mgr. og 13. gr. frumvarpsins. Ennfremur eru brot á þessum greinum látin sæta sömu viðurlögum ef um miklar sakir er að ræða jafnvel þó fyrsta brot sé. Í þessari málsgrein felst annars sú breyting frá því, sem er í núgildandi lögum, að refsing er hér ákveðin fangelsi allt að tveimur árum í stað varðhalds eigi skemur en 2 mánuði. Jafnframt er afnumin sú skylda að dæma skipstjóra í varðhald fyrir ítrekað brot á þessum greinum, en þess í stað er dómara gefin heimild til þess að dæma skipstjóra í fangelsi. Þykir þetta rétt með tilliti til þess, að fangelsi er þyngri refsing en varðhald, auk þess sem hér er fylgt þeirri stefnu frumvarpsins að veita dómara meira svigrúm en nú er til ákvörðunar refsinga. 2. mgr. þessarar greinar frumvarpsins er tekin efnislega óbreytt úr núgildandi lögum og gefur ekki tilefni til sérstakra athugasemda.

Um 15.—17. gr.


Þessar greinar frumvarpsins þykja ekki gefa tilefni til sérstakra athugasemda.

Um 18.gr.

Þessi grein frumvarpsins gerir sjávarútvegsráðherra skylt að láta endurskoða lögin fyrir 31. desember 1975. Gert er ráð fyrir því, að þeirri endurskoðun verði hagað líkt og áður, þannig að ráðherra muni skipa sérstaka nefnd til þess að annast þetta verkefni. Þykir nauðsynlegt að hafa þetta í lögunum, þar sem öll fiskveiðimál Íslendinga eru nú mjög í deiglunni og skal í því sambandi nefna útfærslu landhelginnar í 50 mílur, mikla uppbyggingu og endurnýjun fiskiskipaflota Íslendinga svo og viðsjálvert ástand fiskistofna í kringum landið annars vegar og aukna þróun í veiðitækni hins vegar.


Fylgiskjal I.

Togveiðiheimildir skv. lögum nr. 21/1969.



Fylgiskjal II.

Togveiðiheimildir skv. frumvapi þessu.



Nd. 582. Nefndarálit [219. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 8 22. marz 1972, um tekjustofna sveitarfélaga.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og leggur til, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 9. apríl 1973.

Stefán Valgeirsson, form., frsm.	Garðar Sigurðsson, fundaskr.	Ágúst Þorvaldsson.
Gunnar Thoroddsen.	Ólafur G. Einarsson.	Bjarni Guðnason.
	Gylfi Þ. Gíslason.	

Nd. 583. Nefndarálit [221. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 41 27. apríl 1963, um aðstoð ríkisins við kaupstaði og kauptún vegna landakaupa.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og leggur til, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 9. apríl 1973.

Stefán Valgeirsson, form., frsm.	Garðar Sigurðsson, fundaskr.	Ágúst Þorvaldsson.
Gunnar Thoroddsen.	Ólafur G. Einarsson.	Bjarni Guðnason.
	Gylfi Þ. Gíslason.	

Ed. 584. Breytingartillaga [59. mál]

við frv. til l. um ríkisborgararétt.

Frá allsherjarnefnd.

Við 1. gr. Í greinina bætist í stafrófsröð:

1. Jeppesen, Knud Eigil, arkitekt í Reykjavík, f. í Danmörku 10. desember 1930.
2. Van der Linden, Machiel Eduard, símvirki í Garðahreppi, f. í Hollandi 4. ágúst 1938. Fær réttinn 1. júní 1973.

Nd. 585. Nefndarálit [223. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 30 12. maí 1970, um Húsnæðismálastofnun ríkisins.

Frá meiri hl. félagsmálanefndar.

Nefndin hefur athugað frv., sent það til umsagnar til Húsnæðismálastofnunar ríkisins og fengið þaðan umsagnir. Kallaðir voru á fund nefndarinnar ráðuneytis-

stjórinn í félagsmálaráðuneytinu, formaður húsnæðismálastjórnar og forstöðumaður veðdeildar Landsbanka Íslands.

Meiri hl. nefndarinnar leggur til, að frv. verði samþykkt óbreytt, en minni hl. taldi sig ekki tilbúinn að taka afstöðu til málsins og óskaði eftir, að málinu yrði frestað til næsta fundar.

Alþingi, 9. apríl 1973.

Stefán Valgeirsson, form., frsm. Garðar Sigurðsson, fundaskr. Ágúst Þorvaldsson.
Bjarni Guðnason.

Ed. 586. Nefndarálit [21. mál]

um frv. til laga um jafnlaunaráð.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frv. og mælir með samþykkt þess. Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja breytingartillögum, ef fram koma.

Alþingi, 9. apríl 1973.

Björn Jónsson, form. Helgi Seljan, fundaskr.,frsm. Björn Fr. Björnsson.
Geirþrúður Hildur Bernhöft. Eggert G. Þorsteinsson. Steingr. Hermannsson.
Þorv. Garðar Kristjánsson.

Nd. 587. Breytingartillaga [122. mál]

við frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka lán vegna framkvæmdaáætlunar fyrir árið 1973.

Frá fjármálaráðherra.

Við 8. gr. Á eftir greininni komi ný grein, svo hljóðandi:

Í tilefni af því, að nú er unnið að athugun á hafnargerðum á suðurströndinni vegna eldgossins í Vestmannaeyjum á vegum Alþjóðabankans í samráði við Seðlabanka Íslands og ljóst er, að niðurstaða þeirrar athugunar mun ekki liggja fyrir, áður en Alþingi lýkur störfum, er ríkisstjórninni heimilt að taka innlent eða erlent lán að jafnvirði allt að 150 millj. kr. til þeirrar hafnargerðar, ef ákveðin yrði.

Sþ. 588. Nefndarálit [19. mál]

um till. til þál. um endurskipulagningu á olíuverzlun í landinu.

Frá meiri hl. atvinnumálanefndar.

Nefndin hefur rætt tillöguna á tveimur fundum og sent hana til umsagnar til olíufélaganna, Sambands ísl. samvinnufélaga, Verzlunarráðs Íslands og Vinnuveitendasambands Íslands. Svörunum fylgdu ítarlegar greinargerðir um fyrirkomulag þessara mála.

Í málefnasamningi ríkisstjórnarinnar var m. a. talað um að taka skipulag olíusölunnar til endurskoðunar með það fyrir augum, að sjávarútveginum verði tryggt hagstætt olíuverð. Með þetta í huga og þar sem þáltill. felur ekki í sér neina frekari stefnumörkun umfram það, sem stefnt er að af hálfu ríkisstjórnarinnar, er það tillaga meiri hl. atvinnumálanefndar, að umræddri þáltill. verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Alþingi, 5. apríl 1973.

Ásgeir Bjarnason, form. Ragnar Arnalds, fundaskr. Björn Pálsson, frsm.
Pétur Sigurðsson, með fyrirvara. Karvel Pálmason.

Ed. 589. Breytingartillögur [79. mál]

við frv. til hafnalaga.

Frá Birni Jónssyni.

1. Við 26. gr., tölul. 2. Í stað „hafnarstjóra“ komi: hafnarstjórna.
2. Við 30. gr. Í stað „1973“ komi: 1974.

Ed. 590. Breytingartillaga [191. mál]

við frv. til laga um Iðnrekstrarsjóð.

Frá Geir Hallgrímssyni, Þorv. Garðari Kristjánssyni og Eggert G. Þorsteinssyni.

3. gr. orðist svo:
Stjórn Iðnlánasjóðs samkvæmt 3. gr. laga nr. 68/1967 fer með stjórn sjóðsins.

Nd. 591. Nefndarálit [76. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 7 23. marz 1972, um breyt. á lögum nr. 68 15. júní 1971, um tekjuskatt og eignarskatt.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur athugað frumvarpið, rætt það á mörgum fundum og kvatt sér til ráðuneytis ríkisskattstjóra og ráðuneytisstjórann í fjármálaráðuneytinu. Einnig hefur hún rætt þær brtt., sem fram komu við 1. umræðu málsins. Nefndin hefur og haft til meðferðar frumvarp um breytingar á sömu lögum, flm. Ingólfur Jónsson og fleiri. Þá hefur fjárhags- og viðskiptanefnd einnig fjallað um tillögur og ábendingar, sem nefndinni bárust frá fjármálaráðuneytinu.

Formaður nefndarinnar flytur nokkrar breytingartillögur, sem prentaðar eru á sérstöku þingskjali. Meiri hlutinn leggur til, að frv. verði samþykkt með greindum breytingum. Verður gerð nánari grein fyrir þeim í framsögu. Minni hlutinn mun skila séráliti.

Alþingi, 9. apríl 1973.

Vilhjálmur Hjálmarsson, form., frsm. Gils Guðmundsson, fundaskr. Þórarinn Þórarinsson.
Karvel Pálmason.

Sþ. **592. Tillaga til þingsályktunar** [242. mál]

um raforkumál.

Flm.: Jón Árnason, Gunnar Gíslason, Matthías Bjarnason, Friðjón Þórðarson, Ólafur G. Einarsson, Lárus Jónsson, Guðlaugur Gíslason, Pétur Sigurðsson, Sverrir Hermannsson, Geir Hallgrímsson, Þorv. Garðar Kristjánsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni í samráði við sveitarfélög og samtök þeirra að vinna að eftirfarandi stefnumörkun í raforkumálum:

1. Raforkuiðnaðurinn verði efldur, svo að tryggð verði næg og sem ódýrust og öruggust raforka til allra notenda, með því að:
   a) orkubúskapurinn verði rekinn með hag alþjóðar fyrir augum,
   b) stærstu verkefnin við orkuvinnsluna verði leyst með sameiginlegu átaki alþjóðar,
   c) hagkvæmi-, öryggis- og umhverfissjónarmið verði látin ráða við val á mannvirkjagerð til raforkuiðnaðar,
   d) fólkið í byggðum landsins fái sem beinust áhrif á stjórn raforkuiðnaðarins,
   e) unnið verði að verðjöfnun rafmagns um land allt, með því m. a. að veita óafturkræft stofnframlag til framkvæmda og jafna þannig aðstöðu raforkufyrirtækjanna, þar sem aðstæður eru óhagkvæmastar,
   f) tryggð sé eðlileg arðgjöf raforkufyrirtækja miðað við raunhæft endurmat eigna.
2. Stefnt verði að því, að orkuvinnslufyrirtæki séu sameign sveitarfélaga og ríkis eða eign sveitarfélaga, sameignarfélaga þeirra eða hlutafélaga.
3. Stefnt verði að samtengingu raforkuvera og raforkukerfa. Samtengingar komi til framkvæmda, þegar þær eru hagkvæmari en aðrir valkostir til orkuöflunar, eða í öryggisskyni.
4. Orkuvinnslufyrirtæki verði sameinuð í landshlutafyrirtæki, eftir því sem hagkvæmt er talið, og að því unnið þannig, að:
   a) samtenging fyrirtækjanna grundvallist á frjálsum samningum, framlögum aðila og mati á gildi markaðarins,
   b) skipting landsins í orkuvinnslusvæði markist af aðstæðum og
   c) tryggt sé, að meiri hluti stjórnar orkuvinnslufyrirtækja sé búsettur á orkuveitusvæði viðkomandi fyrirtækis.
5. Komið verði á fót samstarfsnefndum landshlutafyrirtækjanna varðandi orkuvinnslu og samrekstur.
6. Unnið verði að því, að allar dreifiveitur verði eign sveitarfélaga, sameignarfélaga þeirra og/eða hlutafélaga.
7. Stefnt verði að sameiningu dreifiveitna í stærri einingar, þar sem hagkvæmt þykir. Stærð slíkra fyrirtækja fari eftir landfræðilegum og félagslegum mörkum, sem þurfa þó ekki að falla að mörkum orkuvinnslusvæða.

Greinargerð.

Með þessari tillögu til þingsályktunar um raforkumál er í stórum dráttum mörkuð framtíðarstefna um skipan raforkumálanna í landinu.

Skömmu áður en orkulögin frá 1967 voru sett, hafði Alþingi samþykkt lög um Landsvirkjun og Laxárvirkjun, tvö raforkufyrirtæki í sameign ríkis og sveitarfélaga fyrir tiltekin svæði í landinu.

Segja má, að með þeirri samþykkt hafi Alþingi markað þá stefnu, sem einnig kemur fram í þessari tillögu, þ. e. að skipta landinu í orkuveitusvæði eftir hagkvæmum landfræðilegum mörkum og stjórnunarlegum, t. d. í samræmi við núverandi kjördæmaskipan. Í öllum landshlutum eru nú þegar fyrir hendi raforkuver, sem eðlilegt væri að byggðu grunninn undir þessa skipan mála.

Menn átta sig sífellt betur á því, að það er allri landsbyggðinni fyrir beztu, að öll sú þjónusta, sem um er að ræða og nauðsynleg er til hagkvæmrar byggðaþróunar, verði í ríkari mæli, eftir því sem við verður komið, færð frá miðstjórnarvaldinu í Reykjavík yfir til landsbyggðarinnar sjálfrar.

Skipan raforkumálanna er þar engin undantekning, því að fjarstýringar frá einhverri miðstöð í höfuðborginni er ekki þörf, umfram það, sem auðvitað er eðlilegt, að raforkuráðuneytið hafi með höndum yfirstjórn raforkumálanna.

Segja má, að raforkumálin, eða framkvæmd þeirra, standi á tímamótum um þessar mundir. Að rúmlega einu ári liðnu er gert ráð fyrir, að lokið verði lögn dreifilína um landið eða að öll þau býli í landinu, sem gert er ráð fyrir að fái rafmagn frá samveitum, hafi þá verið tengd við samveitukerfið.

Hitt er svo annað mál, að öll efling raforkuiðnaðarins og allt viðhald og aukning dreifilína verða að sjálfsögðu varanlegt verkefni framtíðarinnar.

Að sjálfsögðu verður að gera ráð fyrir, að sú skipulagsbreyting, sem hér er lagt til að komið verði á, eigi sér stað í áföngum og komi til framkvæmda, eftir því sem um semst og aðrar ástæður leyfa.

Ýmis sveitarfélagasambönd hafa nú þegar tekið þessi mál til athugunar, og er unnið að því að kanna möguleika heima fyrir um samstarf til eflingar á raforkuframleiðslunni og samrekstur dreifilína.

Með þessari tillögu er lagt til, að fólkið í byggðum landsins fái sem beinust áhrif á stjórn raforkumálanna, og enda þótt um sé að ræða sameign ríkis og sveitarfélaga, þá skal þess jafnan gætt, að meiri hluti stjórnar landshlutafyrirtækjanna sé búsettur á viðkomandi orkusvæði.

Gert er ráð fyrir, að stærstu verkefni við orkuframleiðsluna verði leyst með sameiginlegu átaki alþjóðar. Getur þar verið um að ræða, að samstarf takist milli ríkis og sveitarfélaga eða samtaka þeirra. Um eignarhlutföll er eðlilegt, að þau verði ákveðin með samningum milli aðila.

Af öryggisástæðum og með hagkvæmnisjónarmið raforkusvæðanna fyrir augum skal að öðru jöfnu lögð á það höfuðáherzla að nýta sem fyrst á hverju orkusvæði þær orkulindir, sem fyrir hendi eru, en að öðru leyti ber að stefna að samtengingum hinna ýmsu orkusvæða, eftir því sem hagkvæmt þykir og samningar takast um.

Í tillögu þessari er gert ráð fyrir, að stefnt verði að verðjöfnun á raforkunni, þannig að verð á raforku til sömu nota verði sem jafnast á öllu landinu.

Til þess að ná því marki er talið eðlilegt, að greitt verði óafturkræft framlag til handa þeim orku- eða samveitum, sem eiga við óhagstæðustu aðstæður að búa, og jafna þannig aðstöðumuninn.

Varðandi sjálfar dreifiveiturnar skal að því stefnt, að þær verði í sem stærstum einingum innan hvers landshluta og séu að öllu leyti í eigu íbúanna sjálfra og undir þeirra stjórn. Með því móti verður auðveldara að byggja upp og staðsetja í héruðunum sjálfum nauðsynlega tækniþjónustu með hæfilegu starfsliði og tryggja um leið meiri hagkvæmni í rekstrinum og betri og öruggari þjónustu heldur en ef um væri að ræða starfshópa með fjarstýringu frá miðstjórnarvaldi í Reykjavík.

Hér með fylgir sem fylgiskjal greinargerð um meginniðurstöður ráðstefnu S. Í. R. um raforkumál, sem haldin var 12.—13. okt. 1972.

Fylgiskjal.

Greinargerð ráðstefnu S. Í. R. 12.—13. okt. 1972.

Það er sameiginlegt álit stjórnar S. Í. R. og stjórnar Sambands íslenzkra sveitarfélaga, að meginniðurstaða ráðstefnu S. Í. R. hafi orðið eftirfarandi:

Inngangur.

1. Markmið raforkuiðnaðarins er að tryggja næga og sem ódýrasta raforku af viðunandi gæðum til allra notenda og að orkubúskapur þjóðarinnar verði rekinn með hag þjóðarheildarinnar fyrir augum. Viðræður skulu teknar upp milli eigenda raforkufyrirtækja um sameigningu þeirra í stærri einingar, þar sem hagkvæmt er talið. Skal hún grundvallast á frjálsum samningum, framlögum aðila og mati á gildi markaðarins. Samtök sveitarfélaga og iðnaðarráðuneytið beiti áhrifum sínum til að stuðla að framgangi málsins.
2. Skipting landsins í svæði markast af aðstæðum á hverjum stað. Hugsanleg framtíðarskipan er skipting í eftirtalda landshluta: Norðurland, Vesturland, Reykjanes, Suðurland, höfuðborgarsvæðið, Vestfirði og Austurland.
3. Tekjur Orkusjóðs skulu auknar umfram það, er um getur í 68. gr. orkulaga, með almennum orkuskatti, er komi í stað núverandi verðjöfnunargjalds og leggist á síðasta sölustig orkunnar. Kemur til álita, að framlag til raforkukerfisins verði bundið við skattgjald af raforkusölunni einni.

Raforkuvinnsla.

1. Meginstefnan sé, að orkuvinnslutæki séu sameign sveitarfélags og ríkis eða í eigu sveitarfélaga eða sameignarfélaga þeirra. Fyrirtækin skulu hafa sérstaka stjórn.
2. Tryggt skal, að meiri hluti í stjórn orkuvinnslufyrirtækja sé búsettur á orkuveitusvæði viðkomandi fyrirtækis.
3. Við val á mannvirkjagerð til raforkuvinnslu og aðalflutnings ber að láta hagkvæmni- og öryggissjónarmið ráða. Stefna ber að samtengingu raforkuvera og orkuveitukerfa. Samtengingar komi til framkvæmda, þegar þær eru hagkvæmari en aðrir valkostir til orkuöflunar eða tryggja betur öryggi.
4. Koma skal á fót samstarfsnefnd landshlutafyrirtækjanna varðandi orkuvinnslu og samrekstur.
5. Þar sem hagkvæmt telst, getur sama fyrirtækið annazt bæði raforkuvinnslu og dreifingu.
6. Stefna ber að sömu heildsölugjaldskrá innan hvers landshluta.

Raforkudreifing.

1. Unnið skal að því, að allar dreifiveitur verði eign sveitarfélaga eða sameignarfélaga þeirra.
2. Stefnt skal að sameiningu dreifiveitna í stærri einingar, þar sem hagkvæmt þykir. Stærð slíkra fyrirtækja er háð landfræðilegum og félagslegum mörkum, sem þurfa ekki að falla að mörkum orkuvinnslusvæða.
3. Þær dreifiveitur í strjálbýli, sem eru fjárhagslega óhagkvæmar, fái óafturkræf stofnfjárframlög úr Orkusjóði, sbr. 7. gr. gildandi orkulaga.

   Þær dreifiveitur, sem búa við sérstaklega hátt heildsöluverð raforku, fái verðjöfnunargreiðslur úr Orkusjóði til niðurgreiðslu á smásöluverði.
4. Koma skal á samræmdri smásölugjaldskrá (staðgjaldskrá) fyrir allar veitur, þannig að raunverulegur samanburður fáist á orkuverði til notenda.

Nd. **593. Frumvarp til laga** [169. mál]

um heilbrigðisþjónustu.

(Eftir 2. umr. í Nd., 7. apríl.)

1. gr.

1.1. Allir landsmenn skulu eiga kost á fullkomnustu heilbrigðisþjónustu, sem á hverjum tíma eru tök á að veita til verndar andlegri, líkamlegri og félagslegri heilbrigði.
1.2. Heilbrigðisþjónusta tekur til hvers kyns heilsugæzlu, heilbrigðiseftirlits, læknisingarannsókna, lækninga í sjúkrahúsum og endurhæfingarstarfs.
1.3. Ráðherra heilbrigðis- og tryggingamála sér um, að heilbrigðisþjónusta sé eins góð og þekking og reynsla leyfir og í samræmi við lög og reglugerðir.

I. KAFLI
Yfirstjórn.

2. gr.

2.1. Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið fer með yfirstjórn heilbrigðismála.
2.2 Ráðuneytisstjóri stýrir ráðuneytinu undir yfirstjórn ráðherra. Hann skal vera sérmenntaður embættislæknir eða hafa menntun í félagslækningum og heilbrigðisfræðum, sem telst jafngild.

3. gr.

3.1. Landlæknir er ráðunautur ráðherra og ríkisstjórnar um allt, er varðar heilbrigðismál, og annast framkvæmd tiltekinna málaflokka f. h. ráðherra samkvæmt lögum, reglum og venjum, er þar um gilda. Hann hefur eftirlit með starfi og starfsaðstöðu heilbrigðisstétta.
3.2. Forseti skipar landlækni. Hann skal vera sérmenntaður embættislæknir eða hafa jafngilda menntun til starfsins.
3.3. Ráðherra setur reglugerð um starf og stöðu landlæknis og embættis hans að höfðu samráði við Samtök heilbrigðisstétta, læknadeild Háskóla Íslands og Læknafélag Íslands. Í reglugerðinni skal kveða á um faglegt eftirlit landlæknis með heilbrigðisstofnunum, lyfjanotkun, heilbrigðiseftirliti og sóttvarnaráðstöfunum og einnig um sérhæft starfslið til þess að sinna þeim verkefnum.

4. gr.

4.1. Ráðuneytið annast framkvæmd mála fyrir hönd ráðherra og hefur eftirlit með því, að lögum og reglugerðum um framkvæmd heilbrigðismála sé framfylgt.

5. gr.

5.1. Ráðherra skal setja á stofn ráðgjafarnefnd um heilbrigðis- og almannatryggingamál: Heilbrigðisráð Íslands. Ráðuneytisstjóri er formaður ráðsins, en þessir aðilar tilnefna menn í það: læknadeild Háskóla Íslands, Læknafélag Íslands, Tannlæknafélag Íslands, Hjúkrunarfélag Íslands, Samband ísl. sveitarfélaga, tryggingaráð og stjórn atvinnuleysistryggingasjóðs. Samtök heilbrigðisstétta tilnefni 2 menn í ráðið og ráðherra skipar 3 menn án tilnefningar.
5.2. Skipun í ráðið er til þriggja ára. Í fyrsta sinn skal þó skipa 6 fyrsttöldu til fjögurra ára.
5.3. Ráðið er ráðgjafar- og umsagnaraðili um heilbrigðis- og almannatryggingamál. Heimilt er að skipta ráðinu í deildir eftir sérverkefnum. Ráðið setur sér starfsreglur, sem ráðherra staðfestir.

6. gr.

6.1. Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið skiptist í starfsdeildir í samræmi við ákvörðun ráðherra hverju sinni, en jafnan skal fylgt eftirfarandi heildarskiptingu málefna:

1. Sjúkrahúsmál og heilsugæzla.
2. Heilbrigðiseftirlit.
3. Lyfjamál.
4. Tryggingamál.
5. Áætlanir, rannsókn, skýrslugerð.

6.2. Sérmenntað starfslið skal ráða til að veita forustu heildarstarfsemi og annað starfslið eftir ákvörðun ráðherra.

II. KAFLI

Um læknishéruð.

7. gr.

7.1. Á Íslandi skulu vera læknishéruð svo sem hér greinir:

1. **Reykjavíkurhérað** tekur yfir lögsagnarumdæmi Reykjavíkur og Seltjarnarneshrepp. Aðsetur héraðslæknis í Reykjavík.
2. **Suður- og Vesturlandshérað** tekur yfir svæðið frá Skeiðará að Kollafirði á Barðaströnd. Aðsetur héraðslæknis í Hafnarfirði.
3. **Vestfjarðahérað** tekur yfir svæðið frá Kollafirði að Geirólfsgnúpi á Ströndum. Aðsetur héraðslæknis á Ísafirði.
4. **Norðurlandshérað** tekur yfir svæðið frá Geirólfsgnúpi á Ströndum að Kollumúla. Aðsetur héraðslæknis á Akureyri.
5. **Austurlandshérað** tekur yfir svæðið frá Kollumúla að Skeiðará. Aðsetur héraðslæknis á Egilsstöðum.

8. gr.

8.1. Héraðslæknar skulu vera sérmenntaðir embættislæknar eða hafa menntun í félagslækningum og heilbrigðisfræðum, sem telst jafngild.

8.2. Þeir eru skipaðir í embætti af forseta að fenginni umsögn nefndar, sbr. 34. gr.

9. gr.

9.1. Héraðslæknar annast embættisstörf hver í sínu héraði undir umsjá landlæknis og í samvinnu við viðkomandi deildir ráðuneytis. Landlæknir skipuleggur skýrslugerðir héraðslækna, annarra lækna og heilbrigðisstofnana, innheimtir fyrirskipaðar skýrslur frá þessum aðilum og annast útgáfu heilbrigðisskýrslna landsins í samvinnu við viðkomandi deildir ráðuneytisins. Héraðslæknar hafa ekki skyldu til almennra læknisstarfa, nema svo sé fyrir mælt í skipunarbréfi, en heimild hafa þeir til slíkra starfa, ef sérstaklega stendur á og leyfi landlæknis kemur til.

10. gr.

10.1. Héraðslæknir sér um, að framfylgt sé, lögum og reglum um heilbrigðismál í héraðinu. Hann hefur í héraðinu yfirumsjón með öllu heilbrigðisstarfi í umboði ráðuneytis, bæði á sjúkrahúsum, heilsugæzlustöðvum og annars staðar, þar sem slíkt starf fer fram. Hann annast samræmingu heilbrigðisstarfa í héraðinu og er ráðunautur ríkisvaldsins um öll heilbrigðismál héraðsins.

10.2. Ráðherra setur héraðslæknum erindisbréf, þar sem nánar er hveðið á um störf þeirra, réttindi og skyldur.

11. gr.

11.1. Kostnaður við embætti héraðslækna skal greiddur úr ríkissjóði.
11.2. Þeim skal tryggð starfsaðstaða fyrir sig og starfslið sitt á heilsugæzlustöð, þar sem þeir hafa aðsetur, og þeir skulu eiga kost á embættisbústað.
11.3. Ráðherra setur með reglugerð ákvæði um starfsaðstöðu og starfslið héraðslækna.

12. gr.

12.1. Héraðslæknar taka laun eftir launakerfi opinberra starfsmanna. Þeir skulu eiga rétt á staðaruppbót, þannig að laun þeirra séu á hverjum tíma í samræmi við laun lækna við sjúkrahús og heilsugæzlustöðvar.

13. gr.

13.1. Héraðslæknar skulu eiga rétt á 6 vikna leyfi annað hvert ár til rannsóknarstarfa og námsferða. Í slíku leyfi skulu þeir halda fullum launum og staðgengill vera launaður úr ríkissjóði. Þeir skulu og eiga rétt á að fá greiddan kostnað vegna ferða og námsdvalar á sama hátt og gildir um ferðir ríkisstarfsmanna erlendis og dvöl þeirra þar.
13.2. Læknaþing erlend og innlend skulu héraðslæknar sækja í samráði við landlækni og þá á kostnað ríkisins.
13.3. Ákvæði þessarar greinar skulu, eftir því sem við getur átt og ráðherra ákveður, einnig taka til annars fastráðins starfsliðs í heilbrigðisþjónustu.

III. KAFLI
Um heilsugæzlu.

14. gr.

14.1. Heilsugæzla merkir í þessum lögum heilsuverndarstarf og allt lækningastarf, sem unnið er vegna heilbrigðra og sjúkra, sem ekki dveljast í sjúkrahúsum.

15. gr.

15.1. Setja skal á stofn heilsugæzlustöðvar til þess að annast heilsugæzlu samkvæmt lögum þessum.
15.2. Þar sem aðstæður leyfa, skal heilsugæzlustöð vera í starfstengslum við sjúkrahús og þá ávallt rekin sem hluti af því, og í sömu byggingu, sé þess kostur.
15.3. Þar sem sjúkrahús er fyrir og afráðið er, að stofna skuli heilsugæzlustöð, skal byggja stöðina í starfstengslum við sjúkrahúsið, þannig að þjónustudeildir og starfslið nýtist fyrir hvort tveggja.
15.4. Þar sem afráðið verður samkvæmt lögum þessum að reisa heilsugæzlustöð og ekki er sjúkrahús á staðnum fyrir, skal kanna þörf héraðsins (umdæmisins) fyrir sjúkrahús, sbr. 36. gr., og hvort þörf sé fullnægt, einkum hvað viðvíkur hjúkrunar- og endurhæfingarheimilum, og haga framkvæmdum í samræmi við það.

16. gr.

16.1. Heilsugæzlustöðvar geta verið með tvennu móti: Heilsugæzlustöð I (H 1) þar sem starfar einn læknir hið minnsta og annað starfslið samkvæmt reglugerð, sbr. grein 22.2, svo og heilsugæzlustöð II (H 2) þar sem starfa 2 læknar hið minnsta ásamt öðru starfsliði samkvæmt reglugerð.
16.2. Starfslið heilsugæzlustöðvar getur að hluta verið sameiginlegt með annarri heilbrigðisstofnun í starfstengslum við stöðina.
16.3. Lyfjaútibú eða lyfjaútsala samkv. 43. og 44. gr. lyfsölulaga eða lyfjasala undir eftirliti lækna stöðvarinnar skal jafnan vera á heilsugæzlustöð, ef lyfjabúð er ekki á staðnum.

17. gr.

17.1. Heilsugæzlustöðvar ein eða fleiri skulu vera í héruðum skv. 7. gr. Héruðum skal skipt í heilsugæzluumdæmi, og skulu stöðvar innan sama umdæmis hafa samstarf og veita hver annarri aðstoð og þjónustu, eftir því sem við verður komið. Heilsugæzluumdæmi og heilsugæzlustöðvar skulu vera í héruðum svo sem hér greinir:

17.2. **Reykjavíkurhérað.**

1. Í Reykjavík H 2, starfssvæði Reykjavík og Seltjarnarneshreppur.

17.3. **Suður- og Vesturlandshérað.**

1. **Víkurumdæmi.**
   a) Vík í Mýrdal H 1, starfssvæði Hvammshreppur, Dyrhólahreppur og Austur-Eyjafjallahreppur.
   b) Kirkjubæjarklaustur H 1, starfssvæði Hörgslandshreppur, Kirkjubæjarhreppur, Skaftártunguhreppur, Leiðvallarhreppur og Álftaversshreppur.
2. **Hvolsvallarumdæmi** H 2, á Hvolsvelli, starfssvæði Vestur-Eyjafjallahreppur, Austur-Landeyjahreppur, Vestur-Landeyjahreppur, Fljótshlíðarhreppur, Hvolhreppur, Rangárvallahreppur, Landmannahreppur, Holtahreppur, Ásahreppur og Djúpárhreppur.
3. **Selfossumdæmi.**
   a) Laugarás H 2, starfssvæði Gnúpverjahreppur, Hrunamannahreppur, Skeiðahreppur, Biskupstungnahreppur, Laugardalshreppur og Grímsneshreppur.
   b) Selfoss H 2, starfssvæði Villingaholtshreppur, Hraungerðishreppur, Gaulverjabæjarhreppur, Sandvíkurhreppur, Selfosshreppur, Grafningshreppur, Stokkseyrarhreppur, Eyrarbakkahreppur, Ölfushreppur, Hveragerðishreppur og Selvogshreppur.
4. **Vestmannaeyjaumdæmi.** Vestmannaeyjar H 2, starfssvæði Vestmannaeyjar.
5. **Keflavíkurumdæmi.** Keflavík H 2, starfssvæði Keflavíkurkaupstaður, Njarðvíkurhreppur, Gerðahreppur, Miðneshreppur, Hafnahreppur, Grindavíkurhreppur og Vatnsleysustrandarhreppur.
6. **Hafnarfjarðarumdæmi.** Hafnarfjörður H 2, starfssvæði Hafnarfjarðarkaupstaður, Garðahreppur og Bessastaðahreppur.
7. **Kópavogsumdæmi.** Kópavogur H 2, starfssvæði Kópavogskaupstaður.
8. **Álafossumdæmi.** Reykjalundur H 2, starfssvæði Þingvallahreppur, Mosfellshreppur, Kjalarneshreppur og Kjósarhreppur.
9. **Akranesumdæmi.** Akranes H 2, starfssvæði Akraneskaupstaður, Hvalfjarðarstrandarhreppur, Skilmannahreppur, Innri-Akraneshreppur og Leirár- og Melahreppur.
10. **Borgarnesumdæmi.** Borgarnes H 2, starfssvæði Andakílshreppur, Skorradalshreppur, Lundarreykjadalshreppur, Reykholtsdalshreppur, Hálsahreppur, Hvítársíðuhreppur, Þverárhlíðarhreppur, Norðurárdalshreppur, Stafholtstungnahreppur, Borgarhreppur, Borgarneshreppur, Álftaneshreppur, Hraunhreppur, Kolbeinsstaðahreppur og Eyjahreppur.
11. **Ólafsvíkurumdæmi.** Ólafsvík H 2, starfssvæði Staðarsveit, Breiðuvíkurhreppur, Neshreppur, Ólafsvíkurhreppur og Fróðárhreppur.
12. **Stykkishólmsumdæmi.**
   a) Stykkishólmi H 2, starfssvæði Miklaholtshreppur, Eyrarsveit, Helgafellssveit, Stykkishólmshreppur, Skógarstrandarhreppur og Flateyjarhreppur.

b) Búðardal H 1, starfssvæði Hörðudalshreppur, Miðdalahreppur, Haukadalshreppur, Laxárdalshreppur, Hvammshreppur, Fellsstrandarhreppur, Klofningshreppur, Skarðshreppur, Saurbæjarhreppur, Geiradalshreppur, Reykhólahreppur og Gufudalshreppur.

17.4. **Vestfjarðahérað.**

1. **Patreksfjarðarumdæmi.** Patreksfjörður H 2, starfssvæði Patrekshreppur, Tálknafjarðarhreppur, Ketildalahreppur, Suðurfjarðahreppur, Múlahreppur, Barðastrandarhreppur og Rauðasandshreppur.
2. **Ísafjarðarumdæmi.**
   a) Ísafjörður H 2, starfssvæði Ísafjarðarkaupstaður, Súðavíkurhreppur, Ögurhreppur, Reykjarfjarðarhreppur, Nauteyrarhreppur, Snæfjallahreppur og Suðureyrarhreppur.
   b) Á Þingeyri H 1, starfssvæði Þingeyrarhreppur, Mýrahreppur og Auðkúluhreppur.
   c) Flateyri H 1, starfssvæði Mosvallahreppur og Flateyrarhreppur.
   d) Í Bolungarvík H 1, starfssvæði Hólshreppur.

17.5. **Norðurlandshérað.**

1. **Hvammstangaumdæmi.**
   a) Í Hólmavík H 1, starfssvæði Kaldrananeshreppur, Hrófbergshreppur, Hólmavíkurhreppur, Kirkjubólshreppur, Fellshreppur, Óspakseyrarhreppur og Árneshreppur.
   b) Hvammstanga H 2, starfssvæði Bæjarhreppur, Staðarhreppur, Fremri-Torfustaðahreppur, Ytri-Torfustaðahreppur, Hvammstangahreppur, Kirkjuhvammshreppur, Þverárhreppur og Þorkelshólshreppur.
2. **Blönduósumdæmi.** Blönduós H 2, starfssvæði Áshreppur, Sveinsstaðahreppur, Torfulækjarhreppur, Blöndóshreppur, Svínavatnshreppur, Bólstaðarhlíðarhreppur, Engihlíðarhreppur, Vindhælishreppur, Höfðahreppur og Skagahreppur.
3. **Sauðárkróksumdæmi.** Sauðárkróki H 2, starfssvæði Sauðárkrókur, Skefilsstaðahreppur, Skarðshreppur, Staðarhreppur, Seyluhreppur, Lýtingsstaðahreppur, Akrahreppur, Rípurhreppur, Viðvíkurhreppur, Hólahreppur, Hofshreppur, Hofsóshreppur og Fellshreppur.
4. **Siglufjarðarumdæmi.** Siglufirði H 2, starfssvæði Siglufjörður, Haganeshreppur og Holtshreppur.
5. **Dalvíkurumdæmi.**
   a) Á Ólafsfirði H 1, starfssvæði Ólafsfjarðarkaupstaður.
   b) Á Dalvík H 2, starfssvæði Hríseyjarhreppur, Dalvíkurhreppur, Svarfaðardalshreppur og Árskógshreppur.
6. **Akureyrarumdæmi.** Akureyri H 2, starfssvæði Akureyrarkaupstaður, Arnarneshreppur, Skriðuhreppur, Öxnadalshreppur, Glæsibæjarhreppur, Hrafnagilshreppur, Saurbæjarhreppur, Öngulsstaðahreppur, Svalbarðsstrandarhreppur, Grýtubakkahreppur, Hálshreppur og Grímseyjarhreppur.
7. **Húsavíkurumdæmi.** Húsavík H 2, starfssvæði Ljósavatnshreppur, Bárðdælahreppur, Skútustaðahreppur, Reykdælahreppur, Aðaldælahreppur, Reykjahreppur, Húsavíkurkaupstaður og Tjörneshreppur, Kelduneshreppur, Öxarfjarðarhreppur, Fjallahreppur og Presthólahreppur.
8. **Þórshafnarumdæmi.**
   a) Á Þórshöfn H 2, starfssvæði Raufarhafnarhreppur, Skeggjastaðahreppur, Sauðaneshreppur, Þórshafnarhreppur og Svalbarðshreppur.
   b) Á Vopnafirði H 1, starfssvæði Vopnafjarðarhreppur.

17.6. **Austurlandshérað.**

1. **Egilsstaðaumdæmi.**
   a) Á Egilsstöðum H 2, starfssvæði Hlíðarhreppur, Jökuldalshreppur, Eiðahreppur, Vallahreppur, Egilsstaðahreppur, Skriðdalshreppur, Hjaltastaðahreppur, Borgarfjarðarhreppur, Loðmundarfjarðarhreppur, Tunguhreppur, Fellahreppur og Fljótsdalshreppur.
   b) Á Seyðisfirði H 1, starfssvæði Seyðisfjarðarhreppur og Seyðisfjarðarkaupstaður.
2. **Norðfjarðarumdæmi.**
   a) Í Neskaupstað H 2, starfssvæði Neskaupstaður, Mjóafjarðarhreppur og Norðfjarðarhreppur.
   b) Á Eskifirði H 1, starfssvæði Helgustaðahreppur, Eskifjarðarhreppur og Reyðarfjarðarhreppur.
   c) Á Fáskrúðsfirði H 1, starfssvæði Fáskrúðsfjarðarhreppur, Búðahreppur og Stöðvarhreppur.
3. **Hafnarumdæmi.**
   a) Á Djúpavogi H 1, starfssvæði Beruneshreppur, Búlandshreppur, Geithellnahreppur og Breiðdalshreppur.
   b) Á Höfn í Hornafirði H 2, starfssvæði Bæjarhreppur, Hafnarhreppur, Nesjahreppur, Mýrahreppur, Borgarhafnarhreppur og Hofshreppur.

18. gr.

18.1. Flokkun stöðva samkvæmt 17. grein er ráðherra heimilt að breyta með reglugerð, ef aðstæður breytast svo, að þess sé talin þörf.

19. gr.

19.1. Þrátt fyrir skiptingu landsins milli heilsugæzlustöðva, svo sem rakið er í 17. gr., skulu íbúar einstakra sveitarfélaga og byggðarlaga jafnan eiga rétt á að leita læknishjálpar til þeirrar heilsugæzlustöðvar eða læknismóttöku, sem þeir eiga auðveldast með að ná til hverju sinni.

20. gr.

20.1. Ráða skal héraðshjúkrunarkonur til starfa með héraðslæknum, sbr. 7. gr. — Héraðshjúkrunarkonur skulu hafa yfirumsjón með hjúkrunarstarfi í héraðinu í samráði við héraðslækni og deildarstjóra ráðuneytisins í hjúkrunarmálum.
20.2. Ráða skal hjúkrunarkonur og ljósmæður til starfa við heilsugæzlustöðvar.
20.3. Allar hjúkrunarkonur og ljósmæður, sem hér um ræðir, skulu skipaðar af ráðherra og taka laun úr ríkissjóði.
20.4. Stefnt skal að því, að héraðshjúkrunarkonur hafi sérmenntun í heilsuvernd og stjórnunarstörfum á sviði hjúkrunar, og að hjúkrunarkonur á heilsugæzlustöðvum hafi sérmenntun í heilsuverndarstarfi, fæðingarfræði eða starfi hjúkrunarkonu á göngu- og slysadeildum.

21. gr.

21.1. Kostnaður við byggingu og búnað heilsugæzlustöðva svo og vegna aðstöðu til móttöku sjúklinga utan stöðva greiðist að 85% úr ríkissjóði, en að 15% af viðkomandi sveitarfélögum.
21.2. Íbúðarhúsnæði lækna, hjúkrunarkvenna og ljósmæðra telst hluti stöðvanna utan Stór-Reykjavíkursvæðisins og Akureyrar.
21.3. Ríkissjóður og sveitarfélag eru eigendur heilsugæzlustöðva í hlutfalli við fjárframlög, sbr. 21.1.

22. gr.

22.1. Á heilsugæzlustöð skal veita þjónustu, eftir því sem við á, svo sem hér segir:

1. Almenna læknisþjónustu, vaktþjónustu og vitjanir til sjúklinga.
2. Lækningarannsóknir.
3. Sérfræðilega læknisþjónustu og tannlækningar.
4. Heilsuvernd, svo sem:
   a) Mæðravernd.
   b) Ungbarna- og smábarnavernd.
   c) Heimahjúkrun.
   d) Skólaeftirlit.
   e) Íþróttaeftirlit.
   f) Atvinnusjúkdómaeftirlit.
   g) Berklavarnir.
   h) Kynsjúkdómavarnir.
   i) Geðvernd, áfengis- og fíknilyfjavarnir.
   j) Félagsráðgjöf.
   k) Hópskoðanir og skipulagða sjúkdómaleit.

Aðrar heilsuverndargreinar eftir ákvörðun ráðherra. Ráðherra getur og ákveðið, að heilbrigðiseftirlit hafi aðstöðu í heilsugæzlustöð.

22.2. Ráðherra setur með reglugerð ákvæði um stærð heilsugæzlustöðvar og fyrirkomulag, læknafjölda og sérmenntað starfslið, tækjabúnað og starfsháttu og fyrirkomulag heilsuverndarstarfs á hverjum stað, þar á meðal um móttöku sjúklinga utan stöðva. Ráðherra getur með reglugerð ákveðið að fjölga stöðvum í umdæmum að höfðu samráði við Læknafélag Íslands.

23. gr.

23.1. Rekstrarkostnaður heilsugæzlustöðva svo og kostnaður vegna aðstöðu lækna utan stöðva, annar en launakostnaður lækna, hjúkrunarkvenna og ljósmæðra, greiðist af þeim sveitarfélögum, sem hlut eiga að máli.

24. gr.

24.1. Stjórn Heilsugæzlustöðvar 1 er þannig skipuð, að starfslið stöðvarinnar kýs einn mann, en tveir skulu kosnir af hlutaðeigandi sveitarstjórnum. Á heilsugæzlustöð 2 kýs starfslið tvo menn og sveitastjórnir þrjá menn í stjórn stöðvarinnar.

24.2. Þegar heilsugæzlustöð er í starfstengslum við sjúkrahús, fer sjúkrahússtjórn, sbr. 33. gr., með stjórn allrar stofnunarinnar. Séu fleiri en ein stöð í sama sveitarfélagi, skulu þær vera undir sameiginlegri stjórn. Í Reykjavík skal Heilbrigðismálaráð fara með stjórn stöðva.

25. gr.

25.1. Læknar og tannlæknar, sem starfa við heilsugæzlustöðvar, skulu skipaðir af ráðherra. Þeir skulu taka laun með tvennu móti:

a) Föst laun fyrir gegningarskyldu, vaktþjónustu, heilsuverndarstarf og ráðgjafarþjónustu við heilbrigðiseftirlit.
b) Laun samkvæmt samningi stéttarfélaga lækna og tannlækna og Tryggingastofnunar ríkisins fyrir almenn læknisstörf og almennar tannlækningar.

IV. KAFLI
Um sjúkrahús.

26. gr.

26.1. Sjúkrahús er í lögum þessum hver sú stofnun, sem ætluð er sjúku fólki til dagvistunar eða fullrar vistunar og þar sem læknishjálp, hjúkrun og allur aðbúnaður er í samræmi við það, sem þessi lög og reglugerðir þar að lútandi krefjast.

27. gr.

27.1. Sjúkrahús skiptast í eftirfarandi flokka eftir tegund og þjónustu:

1. Sværðissjúkrahús er sjúkrahús, sem eitt sér eða í samvinnu við önnur veitir sérfræðiþjónustu í öllum eða nær öllum greinum læknisfræði, sem viðurkenndar eru hérlendis, og hefur aðgang að stoðdeildum og rannsóknardeildum til þess að annast þetta hlutverk.
2. Deildasjúkrahús er sjúkrahús, sem veitir sérhæfða meðferð í helztu greinum lyflæknisfræði, skurðlæknisfræði og geðsjúkdómafræði og hefur aðgang að stoðdeildum til að rækja það starf, svo sem röntgendeild, svæfingardeild, rannsóknadeild og endurhæfingardeild.
3. Almennt sjúkrahús er sjúkrahús, sem ekki hefur sérdeildir, en hefur á að skipa sérfræðingum eða almennum læknum og tekur við sjúklingum til rannsóknar og meðferðar, en hefur einnig aðstöðu til vistunar langlegusjúklinga.
4. Hjúkrunar- og endurhæfingarheimili er vistheimili fyrir sjúklinga, sem búið er að sjúkdómsgreina, en þarfnast meðferðar, sem hægt er að veita utan almennra og sérhæfðra sjúkrahúsa.
5. Sjúkraskýli er húsrými í heilsugæzlustöð eða annars staðar, sem eingöngu er ætlað til gæzlu eða athugunar sjúklinga um skamman tíma.
6. Vinnu- og dvalarheimili eru stofnanir, sem taka til vistunar geðsjúklinga, drykkjusjúklinga, líkamlega bæklaða eða fávita, til dvalar eða starfs.
7. Gistiheimili er dvalarstaður sjúklinga, sem eru til meðferðar á öðru sjúkrahúsi, en geta eigi dvalizt í heimahúsum.

27.2. Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um flokkun sjúkrahúsa samkvæmt þessari grein, að höfðu samráði við Landssamband sjúkrahúsa, og ákveður jafnframt starfssvið og verkaskiptingu þeirra sjúkrahúsa, er starfa við gildistöku laganna.

28. gr.

28.1. Þegar bygging eða starfræksla nýs sjúkrahúss er ákveðin, skal starfssvið þess ákveðið í samræmi við ákvæði 27. greinar.

29. gr.

29.1. Enginn má setja á stofn eða reka undir neinu nafni sjúkrahús samkv. 27. gr., nema með leyfi ráðherra. Sama máli gegnir um hvers konar aðra starfsemi, sem talin er vera í lækningaskyni.

29.2. Sama máli gegnir um allar meiri háttar breytingar á húsakynnum og starfsemi slíkra stofnana.

30. gr.

30.1. Beiðni til ráðherra um rekstrarleyfi samkvæmt 29. gr. skulu fylgja upplýsingar um verksvið stofnunar, hvar henni er ætlaður staður, uppdrættir af byggingum, lóðum og umhverfi og afstöðu til nágrennis, ásamt lýsingu á húsakynnum. Enn fremur fylgi greinargerð um eigendur stofnunar og fjárhagsástæður og loks skýrsla um starfsáætlun, um stjórn, starfsfólk og rekstrarfyrirkomulag, hve

mörgum sjúklingum stofnun þessari er ætlað að sinna eða hve mörgum vistmönnum að anna og með hvaða kjörum.

30.2. Ráðherra veitir því aðeins leyfið, að stofnunin fullnægi heilbrigðiskröfum og ætla megi, að hún geti leyst verkefni sitt á viðunandi hátt. Ætíð skal leita álits viðkomandi héraðslæknis á nauðsyn og gagnsemi stofnunar.

31. gr.

31.1. Heilbrigðisyfirvöld skulu eiga greiðan aðgang til eftirlits að stofnunum, sem um ræðir í þessum lögum.

32. gr.

32.1. Við hvert sjúkrahús samkvæmt 27. gr. skal starfa sérstakur sjúkrahúslæknir eða yfirlæknir og hjúkrunarmenntuð forstöðukona.

32.2. Á svæðis- og deildasjúkrahúsum skulu vera yfirlæknar sérgreina og yfirhjúkrunarkonur deilda.

32.3. Formaður læknaráðs svæðis- eða deildasjúkrahúss skal vera yfirlæknir allrar stofnunarinnar, nema stjórn sjúkrahúss ákveði annað.

32.4. Ráðherra setur með reglugerð, sbr. 27. gr., ákvæði um starfslið sjúkrahúsa í samræmi við starfssvið þeirra.

33. gr.

33.1. Sjúkrahús þau, er ríkið á eða starfrækir, skulu vera undir yfirstjórn sjúkrahúsmáladeildar ráðuneytis, en stjórn þeirra að öðru leyti falin 5 manna stjórnarnefnd. Nefndin skal skipuð þannig, að starfsmannaráð ríkisspítala, sbr. 35.3. gr., tilnefnir 2 menn, en ráðherra skipar 3 án tilnefningar og einn þeirra formann. Nefndin er skipuð til 4 ára, þó þannig að aldrei gangi nema 3 úr nefndinni í einu.

33.2. Sjúkrahúsum sveitarfélaga skal stjórnað af 5 manna stjórnum. Starfsmannaráð sjúkrahúsa kjósa 2 menn í stjórn og hlutaðeigandi sveitarstjórn eða stjórnir 3. Þegar um einkasjúkrahús eða sjálfseignarstofnun er að ræða, kýs starfsmannaráð 1 stjórnarmann, viðkomandi sveitarstjórn 1, en eigendur 3.

33.3. Yfirlæknar og forstöðukonur sjúkrahúsa skulu sitja stjórnarfundi og hafa þar tillögurétt og málfrelsi og yfirlæknar sérgreina, þegar málefni þeirra eru rædd.

33.4. Stefnt skal að því að ráða sérmenntaða sjúkrahússtjóra sem framkvæmdastjóra allra stærri sjúkrahúsa.

34. gr.

34.1. Ráðherra skipar 3 lækna í nefnd, er metur hæfni umsækjenda um stöðu landlæknis, stöður yfirlækna, sérfræðinga, héraðslækna og lækna heilsugæzlustöðva. Nefndin skal þannig skipuð: 1 tilnefndur af Læknafélagi Íslands, 1 tilnefndur af læknadeild Háskóla Íslands og landlækni, og er hann jafnframt formaður nefndarinnar. Sömu aðilar tilnefni varamenn. Nefndin skal skipuð til þriggja ára. Umsögn nefndarinnar fer síðan til stjórnarnefndar viðkomandi sjúkrahúsa og heilsugæzlustöðva.

34.2. Yfirlæknar við sjúkrahús ríkisins og aðrar heilbrigðisstofnanir skulu skipaðir af ráðherra að fenginni umsögn nefndar, sbr. 34.1. og læknaráðs viðkomandi sjúkrahúss. Um ráðningarkjör yfirlækna fer eftir samningum milli stéttarfélags lækna og viðkomandi stofnana eða samningum um kjör opinberra starfsmanna.

34.3. Yfirlæknar annarra sjúkrahúsa skulu ráðnir af viðkomandi sjúkrahússtjórn að fenginni umsögn nefndar, sbr. 34.1, og læknaráðs viðkomandi sjúkrahúss, sé slíkt fyrir hendi.

34.4. Ráða má eða skipa hvern þann lækni til starfa samkvæmt þessari grein, sem hæfur hefur verið talinn.

34.5. Forstöðukonur við sjúkrahús ríkisins skulu skipaðar af ráðherra að fenginni umsögn sjúkrahússtjórnar. Forstöðukonur annarra sjúkrahúsa skulu ráðnar að fenginni umsögn hjúkrunarstjóra ráðuneytisins.

35. gr.

35.1. Við öll sjúkrahús, þar sem 3 læknar eða fleiri starfa og a. m. k. 2 eru í fullu starfi, skal starfa læknaráð. Læknaráð skal vera stjórnendum til ráðuneytis um öll læknisfræðileg atriði í rekstri sjúkrahússins, og ber stjórnendum að leita álits læknaráðs um allt, sem varðar læknisþjónustu sjúkrahússins.

35.2. Læknaráð setja sér starfsreglur, sem sjúkrahússtjórnir staðfesta.

35.3. Stofna skal við sjúkrahús sérstök starfsmannaráð sjúkrahúsa, þar sem starfshópar eiga fulltrúa.

35.4. Með reglugerð skal kveða á um reglur fulltrúakjörs og starfsreglur starfsmannaráða.

36. gr.

36.1. Ráðherra lætur gera áætlun um heilbrigðisstofnanir samkvæmt 17. og 27. grein. Gera skal áætlun til 10 ára í senn og endurskoða hana á tveggja ára fresti. Leita skal umsagnar landlæknis um áætlunina.

36.2. Framkvæmdaáætlun byggð á heildaráætlun skal árlega lögð fyrir Alþingi við gerð fjárlaga.

37. gr.

37.1. Ráðuneytið sér um framkvæmd áætlunar þeirrar, er um getur í 36. gr.

37.2. Ef einstök sveitarfélög eða aðrir aðilar óska eftir, getur ráðherra gert við þá samning um að taka að sér ákveðnar framkvæmdir eða annast rekstur ákveðinna stofnana.

37.3. Framlag ríkisins til sjúkrahúsbygginga, sem þannig er stofnað til, skal nema 85% af kostnaði við byggingu og búnað.

37.4. Ríkissjóður, sveitarfélög og aðrir eignaraðilar eru eigendur sjúkrahúss í réttu hlutfalli við framlög hvers og eins.

38. gr.

38.1. Þau sjúkrahús í eigu sveitarfélaga eða einkaaðila, sem starfandi eru við gildistöku þessara laga, skulu í hvívetna fylgja þeim starfsreglum, er þeim verða settar. Að öðru leyti verður rekstur þeirra óbreyttur, verði ekki um annað samið milli eigenda og ríkisins.

V. KAFLI
Ýmis ákvæði.

39. gr.

39.1. Ráðuneytið skal í samvinnu við menntamálaráðuneytið, Háskóla Íslands, landlækni og hin ýmsu stéttarsamtök heilbrigðisstarfsmanna, eftir því sem við á, stuðla að aukinni þekkingu og endurbótum á grunn- og framhaldsmenntun heilbrigðisstarfsmanna í samræmi við þarfir landsmanna á hverjum tíma. Skal það enn fremur í samvinnu við ofangreinda aðila stuðla að viðhaldsmenntun heilbrigðisstarfsmanna. Óski menntamálaráðuneytið og Háskóli Íslands eftir, skal heimilt að binda kennsluskyldu við Háskóla Íslands við ákveðnar stöður innan heilbrigðisþjónustunnar.

40. gr.

40.1. Ráðherra skal gera samkomulag við rannsóknarstofnanir í sýkla- og veirufræði, eðlis- og efnafræði og lyfjafræði, svo að stofnanir heilbrigðiseftirlits, sem ekki reka eða hafa beinan aðgang að slíkum stofnunum, geti notið fullnægjandi rannsóknarþjónustu.

40.2. Verði ekki séð fyrir nefndri þjónustu með þessu móti á fullnægjandi hátt, skal ráðuneytið hafa forgöngu um lausn málsins með byggingu og starfrækslu slíkra rannsóknastofnana.

41. gr.

41.1. Ráðuneytið skal í samvinnu við landlækni hafa forgöngu um samvinnu þeirra aðila innanlands, sem starfa að heilbrigðis- og almannatryggingamálum, í samráði við utanríkisráðuneytið um eflingu samstarfs á sviði þessara mála við Norðurlönd, þjóðir Evrópu og á alþjóðavettvangi.

42. gr.

42.1. Öll ferðalög fastráðins starfsfólks, sem um ræðir í lögum þessum, skulu vera því að kostnaðarlausu, séu þau starfsins vegna, sbr. reglur um greiðslur kostnaðar vegna ferðalaga á vegum ríkisins, nr. 199/1970.

42.2. Reglur um bifreiðamál ríkisins, nr. 6/1970, skulu gilda um starfsmenn í heilbrigðisþjónustu, eftir því sem við getur átt.

43. gr.

43.1. Ráðuneytið gerir í samráði við samgönguráðuneyti og dóms- og kirkjumálaráðuneyti (vegamálastjóra, landhelgisgæzlu, flugmálastjóra) og landlækni áætlun um, hvernig bezt og öruggast verði séð um, að læknar komist frá heilsugæzlustöðvum til móttökustaða innan starfssvæðis, svo og um almennt sjúkraflug og neyðarþjónustu.

43.2. Ráðuneytið getur í þessu skyni gert samning við flugfélög um slíkar ferðir eða gerzt aðili að rekstri flugvélar eða þyrlu til þessara nota.

43.3. Á sama hátt gerir ráðuneytið í samráði við samgönguráðuneytið (póst- og símamálastjóra) áætlun um fjarskipta- og símaþjónustu í héruðum landsins, svo að tryggt sé, að landsmenn geti náð til læknis án tafar.

44. gr.

44.1. Heimilt er ráðuneytinu að fenginni umsögn læknadeildar Háskóla Íslands og landlæknis að veita læknastúdentum ríkisstyrki til náms gegn skuldbindingum um læknisþjónustu í strjálbýli að loknu námi. Nánari ákvæði um styrki þessa skal setja í reglugerð.

45. gr.

45.1. Læknishéraðasjóðum samkv. lögum nr. 82/1970, Bifreiðalánasjóði, samkv. 14. gr. laga nr. 43/1965, svo og ónotuðum fjárveitingum samkv. 15. og 16. gr. sömu laga, skal slá saman í einn sjóð, Læknishéraðasjóð, og skal ríkissjóður leggja honum til við stofnun 5 milljónir króna.

45.2. Hlutverk sjóðsins skal vera að bæta læknisþjónustu í dreifbýli með þeim ráðum, sem tiltæk eru hverju sinni. Ráðherra veitir lán og styrki úr sjóðnum að fengnum tillögum landlæknis.

45.3. Árlegar tekjur sjóðsins skulu vera þau embættislaun héraðslækna og lækna við heilsugæzlustöðvar, sem ekki koma til greiðslu, vegna þess að læknar hafa ekki fengizt til starfanna, og auk þess skal árlega leggja sjóðnum fé á fjárlögum.

45.4. Ráðherra setur sjóðnum reglugerð.

46. gr.

46.1. Heimilt er að tengja við ákveðnar sérfræðings- og aðstoðarlæknisstöður við ríkisspítala kvöð um störf við heilsugæzlustöðvar, allt að 2 mánuðum á ári fyrir sérfræðinga og allt að 4 mánuðum fyrir aðstoðarlækna.

47. gr.

47.1. Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1974. Jafnframt eru felld úr gildi sjúkrahúsalög nr. 54/1964, læknaskipunarlög, nr. 43/1965, með áorðnum breytingum, heilsu-

verndarlög nr. 44/1955, og lög um læknishéraðasjóði, nr. 82/1970 svo og önnur ákvæði laga, er fara í bág við þessi lög.

Ákvæði til bráðabirgða.

1. II. kafli laganna og gr. 20.1. taka ekki gildi fyrr en Alþingi ákveður. Meðan gildistöku þessara ákvæða er frestað, skal ráðherra skipa einn lækni í hverju heilsugæzluumdæmi til þess að gegna þeim embættisstörfum, sem tilgreind eru í II. kafla. Læknar þessir skulu vera starfandi við heilsugæzlustöðvar, þar sem því verður við komið. Þangað til þessir læknar hafa verið skipaðir, skulu borgarlæknirinn í Reykjavík og héraðslæknar gegna núverandi embættisstörfum sínum.
2. Til þess að koma á þeirri heilbrigðisþjónustu, sem ráðgerð er, skal úr ríkissjóði bjóða fram námsstyrki til heilbrigðisstarfsmanna, til þess að þeir geti aflað sér sérmenntunar. Námsstyrkir þessir skulu nægja fyrir skólagjöldum og dvalarkostnaði erlendis í allt að 1 ár.
3. Héraðslæknar á læknissetrum, sem leggja á niður, skulu flytjast til heilsugæzlustöðva, þegar aðstaða er fengin, en ella sitja á núverandi aðsetri. Meðan lögin eru að komast til fullra framkvæmda, er heimilt að ráða lækna og annað starfslið að heilsugæzlustöð með búsetu og starfsstað utan stöðvar.
4. Heilsuverndarstarf skv. lögum nr. 44/1955, sbr. lög nr. 28/1957, skal haldast óbreytt frá því, sem er við gildistöku laganna, þar til heilsugæzlustöðvar hafa verið skipulagðar til að annast það.

Nd. 594. Breytingartillögur [169. mál]

við frv. til l. um heilbrigðisþjónustu.

Frá heilbrigðis- og tryggingarnefnd.

1. Aftan við 3. gr. bætist nýr liður.
   3.4. Landlækni er skylt að sinna kvörtunum eða kærum, er varða samskipti almennings og heilbrigðisstétta.
2. Við 22. gr. bætist nýr liður: l) Sjónvernd og heyrnvernd.
3. Við 24. gr. 1 bætist: Kjörtímabil stjórna heilsugæzlustöðva er hið sama og sveitarstjórna. Heimilt er að stofna starfsmannaráð heilsugæzlustöðvar stjórninni til ráðuneytis.
4. Við 27. gr. 2 bætist: Þó skal í þeirri reglugerð ákveðið, að í hverju læknishéraði skuli vera a. m. k. eitt sjúkrahús samkvæmt tölulið 2 í 27.1, að geðdeild undanskilinni.
5. Við 34. gr. bætist: Þegar um er að ræða stöður yfirlækna og sérfræðinga, hefur nefndin heimild til að kveðja 2 sérfræðinga sér til ráðuneytis. Nefndin skal hafa skilað rökstuddu áliti innan fjögurra vikna, frá því að umsóknarfresti lauk.
6. Við 36. gr. 1 bætist: Þau umdæmi, þar sem erfitt er að halda uppi heilsugæzlu, skulu hafa forgang um byggingu heilsugæzlustöðva.
7. Upphaf 41. gr. orðist svo: Ráðuneytið og landlæknir skulu hafa forgöngu o. s. frv.
8. Við ákvæði til bráðabirgða:
   a. Við 1. lið bætist: Ákvæði í 17. gr. 3, 2—3 skulu ekki koma til framkvæmda, nema ákvörðun Alþingis komi til. Á meðan skulu héraðslæknar á Hvolsvelli, Hellu, Selfossi, Laugarási, Eyrarbakka og Hveragerði gegna embættum sínum samkvæmt læknaskipunarlögum, nr. 43/1965, með áorðnum breytingum.
   b. Við 3. lið bætist: Heimilt er ráðherra að ráða hjúkrunarkonur til lækna utan heilsugæzlustöðva.

Sþ. 595. Nefndarálit [17. mál]

um till. til þál. um fiskveiðar og fiskvinnslu í Norðurlandskjördæmi vestra.

Frá minni hl. atvinnumálanefndar.

Nefndin hefur rætt á nokkrum fundum sínum tillögu á þskj. 17. Nefndin hefur fengið nokkrar umsagnir, sem yfirleitt eru ekki jákvæðar. Nefndin hefur hins vegar ekki orðið sammála um afgreiðslu málsins. Meiri hluti nefndarinnar leggur til, að tillögunni verði vísað til ríkisstjórnarinnar. Ég legg hins vegar til, að tillögugreinin verði umorðuð.

BREYTINGARTILLAGA:

Tillögugreinin orðist svo:

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að gera á því sérstaka athugun, hvort hægt sé að efla atvinnumál í Norðurlandskjördæmi vestra og með hvaða hætti, má t. d. nefna með samvinnu eða samruna atvinnufyrirtækja.

Alþingi, 9. apríl 1973.

Pétur Pétursson.

Sþ. 596. Nefndarálit [19. mál]

um endurskipulagningu á olíuverzlun í landinu.

Frá minni hl. atvinnumálanefndar.

Nefndin varð ekki sammála um afgreiðslu þessarar þingsályktunartillögu. Meiri hlutinn vill vísa tillögunni til ríkisstjórnarinnar, en ég tel sjálfsagt, að hún verði samþykkt.

Tillagan gerir aðeins ráð fyrir, að kosin verði nefnd til að gera eins konar úttekt á sölumálum eða söluaðferðum með olíuvörur. Mér finnst einsýnt, að þetta sé eina ráðið til að komast að raunhæfri niðurstöðu um það, hvernig hagkvæmast sé fyrir Íslendinga að haga sölu og dreifingu á olíuvörum, með því að málið sé allt athugað í heild. Ég get í raun og veru alls ekki áttað mig á því, hvers vegna ekki má kanna þetta mál, eins og svo mörg önnur.

Alþingi, 9. apríl 1973.

Pétur Pétursson.

Nd. 597. Breytingartillögur [169. mál]

við frv. til l. um heilbrigðisþjónustu.

Frá Matthíasi Bjarnasyni, Bjarna Guðnasyni, Matthíasi Á Mathiesen og Birni Pálssyni.

1. Við 2. gr., 2. mgr. Síðari málsl. (Hann skal o. s. frv.) falli niður.
2. Við 5. gr 1. Í stað orðanna „Ráðuneytisstjóri er formaður ráðsins“ komi: Landlæknir er formaður ráðsins.
3. 6. gr. falli niður.

Ed. 598. Nefndarálit [104. mál]

um frv. til laga um fangelsi og vinnuhæli.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur tekið frv. þetta til athugunar og mælir með samþykkt þess eins og það liggur fyrir í deildinni.

Fjarverandi afgreiðslu málsins voru Magnús Jónsson og Oddur Ólafsson.

Alþingi, 9. apríl 1973.

Björn Fr. Björnsson, form., frsm. Geir Gunnarsson, fundaskr. Halldór Kristjánsson.
Ásgeir Bjarnason. Eggert G. Þorsteinsson.

Ed. 599. Lög [125. mál]

um breyting á lögum nr. 85 31. des. 1968, um eiturefni og hættuleg efni.

(Afgreidd frá Ed. 9. apríl.)

Samhljóða þskj. 435.

Ed. 600. Lög [25. mál]

um dvalarheimili aldraðra.

(Afgreidd frá Ed. 9. apríl.)

Samhljóða þskj. 459 (sbr. 301).

Ed. 601. Frumvarp til laga [59. mál]

um veitingu ríkisborgararéttar.

(Eftir 3 umr. í Ed., 9. apríl.)

1. gr.

Ríkisborgararétt skulu öðlast:

1. Amin, Vishnukumar Chunibhai Naranbhai, iðnverkamaður í Reykjavík, f. í Kenya 23. júní 1941.
2. Aylett, Patricia Ann, kennari á Selfossi, f. í Englandi 30. september 1941.
3. Ásgeir Viðar Ásgeirsson, barn í Reykjavík, f. í Þýzkalandi 20. janúar 1971.
4. Boucher, Antony Leifur Estcourt, nemandi í Reykjavík, f. í Englandi 8. maí 1954.
5. Brown, Margrét Ragnheiður, húsmóðir í Reykjavík, f. á Íslandi 17. febrúar 1949.
6. Bury, Susan, húsmóðir í Reykjavík, f. í Englandi 5. maí 1944.
7. Ciesielski, John Óli, nemandi í Reykjavík, f. í Bandaríkjunum 3. júní 1952.
8. Clark, June Eveline, barn í Reykjavík, f. í Bandaríkjunum 13. október 1960.
9. Clark, William Robert, barn í Reykjavík, f. í Bandaríkjunum 11. apríl 1962.
10. Corvetto, Nolberto Antonio Narvaez, járnsmiður í Hafnarfirði, f. í Chile 22. sept. 1948.
11. Danielssen, Andrea Ingigerd, tannsmiður í Reykjavík, f. í Færeyjum 26. febrúar 1950.

12. Einar Þór Jóhannsson, barn í Reykjavík, f. í Þýzkalandi 5. nóvember 1970.
13. Eva Roysdóttir, barn í Kópavogi, f. á Íslandi 24. október 1970.
14. Felton, Sonja Shirley, húsmóðir í Kópavogi, f. á Íslandi 15. september 1945.
15. Haubitz, Anna Ruth, húsmóðir í Reykjavík, f. í Þýzkalandi 11. apríl 1934.
16. Haubitz, Günter, bakari í Reykjavík, f. í Þýzkalandi 11. desember 1930.
17. Heidenreich, Freddy Andreas, sjómaður í Neskaupstað, f. í Danmörku 8. júní 1945.
18. Hupfeldt, Herdís Kirsten, húsmóðir í Reykjavík, f. á Íslandi 9. janúar 1950.
19. Ísidór Hinrik Hermannsson, aðstoðarmaður í Kópavogi, f. á Íslandi 18. janúar 1947.
20. Janis, David, skýrsluvélamaður í Reykjavík, f. í Indónesíu 4. febrúar 1946.
21. Jensen, Cecil Viðar, rafvélavirki í Reykjavík, f. á Íslandi 5. ágúst 1942.
22. Jensen, Gissur, mjólkurfræðingur á Selfossi, f. á Íslandi 12. janúar 1944.
23. Jensen, Henning Kjærgaard, verkamaður í Stafholtstungum, f. í Danmörk 1. ágúst 1939.
24. Jensen, Jóhanna, húsmóðir á Hellu, f. á Íslandi 17. ágúst 1946.
25. Jeppesen, Knud Eigil, arkitekt í Reykjavík, f. í Danmörk 10. desember 1930.
26. Jespersen, Eva Melberg, barn í Reykjavík, f. í Kaupmannahöfn 16. maí 1965.
27. Johansson, Birgit Maria, húsmóðir í Reykjavík, f. í Svíþjóð 6. apríl 1924.
28. Jürgens, Robert Michael Willy Ólafur, barn í Reykjavík, f. á Íslandi 9. marz 1965.
29. Van der Klein, Henrika Elisabeth Gerarda, nunna í Hafnarfirði, f. í Hollandi 5. febrúar 1932.
30. Kristiansen, Michala Juanita Josefine, húsmóðir í Reykjavík, f. í Færeyjum 25. nóvember 1924.
31. Van der Linden, Machiel Eduard, símvirki í Garðahreppi, f. í Hollandi 4. ágúst 1938. Fær réttinn 1. júní 1973.
32. Metzner, Marianne Elise, húsmóðir í Reykjavík, f. í Þýzkalandi 18. júní 1927.
33. Mork, Ulf, tæknifræðingur í Reykjavík, f. í Noregi 3. apríl 1912.
34. Nielsen, Kaj Erik, bakari í Kópavogi, f. í Danmörk 9. október 1926.
35. Obereder, Irmgard, húsmóðir í Garðahreppi, f. í Austurríki 30. apríl 1946.
36. Poulsen, Jákup Juel Johan Hendrikson, sjómaður í Reykjavík, f. í Færeyjum 10. október 1947.
37. Santos, Rogelio Zarsuela, aðstoðarmaður í Reykjavík, f. á Filippseyjum 20. desember 1943. Fær réttinn 5. ágúst 1973.
38. Szarvas, László, vélgæzlumaður í Reykjavík, f. í Ungverjalandi 25. febrúar 1935.
39. Török, Ivan, leikmyndateiknari í Reykjavík, f. í Ungverjalandi 20. nóvember 1941.
40. Vestergaard, Átni, bóndi á Saurbæ, Rauðasandi, f. í Færeyjum 18. ágúst 1939.
41. Wenger, Eric Martin, barn í Kópavogi, f. í Bandaríkjunum 2. september 1958.
42. Þóra Roysdóttir, barn í Kópavogi, f. á Íslandi 18. maí 1966.
43. Öen, Marie Gunhild, húsmóðir í Reykjavík, f. í Noregi 11. marz 1929.

2. gr.

Nú fær maður, sem heitir erlendu nafni, íslenzkt ríkisfang með lögum, og skal hann þá taka sér íslenzkt fornafn. Börn hans skulu taka sér íslenzk nöfn samkvæmt lögum um mannanöfn.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 602. Breytingartillaga [169. mál]

við frv. til l. um heilbrigðisþjónustu.

Frá Friðjóni Þórðarsyni og Benedikt Gröndal.

Við 17. gr. 3. Suður- og Vesturlandshérað. H 1 í upphafi b-liðs 12. töluliðs verður H 2.

Nd. 603. Frumvarp til hafnalaga. [79. mál]

(Eftir 3. umr. í Ed., 9. apríl.)

Samhljóða þskj. 83 með þessum breytingum:

2. gr. hljóðar svo:

Hafnamálastofnun ríkisins fer með framkvæmd hafnamála á þann hátt, sem ákveðið er í lögum þessum.

Hafnamálastjóri veitir Hafnamálastofnun ríkisins forstöðu.

Forseti Íslands skipar hafnamálastjóra, sem jafnframt gegnir starfi vitamálastjóra og hefur með höndum framkvæmd laga um leiðsögn skipa.

Ráðherra skipar skrifstofustjóra, verkfræðinga og annað fast starfslið að fengnum tillögum hafnamálastjóra.

3. gr. hljóðar svo:

Hafnamálastofnun ríkisins hefur yfirumsjón með hafnarframkvæmdum, sem styrktar eru samkvæmt lögum þessum.

Hafnamálastofnunin skal hafa umráð yfir vélum þeim og tækjum, sem nauðsynleg eru til að annast þau verkefni, sem henni eru falin, svo og hafa í þjónustu sinni sérþjálfað starfslið.

Heimilt er ráðherra, að fenginni umsögn hafnamálastjóra, að veita bæjar- eða sveitarfélagi leyfi til að hafa á hendi eigin hafnarframkvæmdir undir tækni- og fjárhagslegu eftirliti Hafnarmálastofnunarinnar.

Bjóða skal út, ef hagkvæmt þykir, einstakar hafnarframkvæmdir eða hluta þeirra.

6. gr. hljóðar svo:

Skilyrði fyrir greiðslu kostnaðarhluta ríkissjóðs og ábyrgð ríkissjóðs á láni samkvæmt 5. gr. eru:

1. Að bæjarfélag, hreppsfélag eða sýslufélag, eitt eða fleiri í sameiningu, hafi stofnað hafnarsjóð til þess að eiga og reka höfn og standa undir hafnarframkvæmdum og fengið til þess samþykki ráðuneytisins. Sé um fleiri en einn aðila að ræða, skulu þeir hafa gert með sér samning um kosningu hafnarstjórnar samkv. 11. gr., endurskoðun og úrskurðun reikninga, enda hafi samningurinn verið staðfestur af ráðuneytinu og hafnarstjórn fullskipuð.
2. Að hafnarsjóður hafi tryggt sér eignarrétt þess landsvæðis á strandlengju hafnarinnar, sem ráðuneytið og hlutaðeigandi hafnarstjórn telur þurfa undir hafnarmannvirki og starfsemi, sem nauðsynlegt er talið, að fari fram við höfnina. Ekki verður það þó gert að skilyrði samkvæmt þessum lið, að hafnarsjóður kaupi í þessu skyni íbúðar- eða verzlunarhús eða varanlegar byggingar af öðru tagi.
3. Að unnið sé að framkvæmdum samkvæmt tæknilegri og fjárhagslegri áætlun, sem sveitarstjórn hefur samþykkt, svo og ráðuneytið, að fenginni umsögn hafnamálastjóra.
4. Að fyrir liggi athugun á því, hvort hafnarsjóður geti staðið undir greiðslu eigin kostnaðarhluta, hvort sem er í formi framlags eða greiðslna af lánum.
5. Að tekjur og eignir hafnarsjóðs séu ekki fullnægjandi til þess að standa að öllu leyti undir þeim hluta af stofnkostnaði hafnarinnar, sem samkvæmt lögum þessum á annars að greiða af ríkissjóði.
6. Að hafnarsjóður hafi skuldbundið sig til þess að annast á sinn kostnað venjulegt viðhald hafnarmannvirkja samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð.
7. Að skýrslur og reikningar hafnarsjóðs hafi borizt hafnamálastjóra á lögboðnum tíma, sbr. 14. og 15. gr.

8. Að byrjað hafi verið að veita fé til hafnargerðarinnar á fjárlögum, áður en hún var hafin.

Heimilt er þó að veita ríkisábyrgð vegna hafnarframkvæmda, þótt eigi sé veittur til þeirra styrkur úr ríkissjóði.

8. gr. hljóðar svo:

Til styrkhæfs byggingarkostnaðar samþykkts hafnarmannvirkis telst kostnaður við undirbúningsrannsóknir og hönnunar- og útboðskostnaður, enda séu þessir kostnaðarliðir eðlilegir að dómi hafnamálastjóra.

Til styrkhæfs byggingarkostnaðar telst ekki kostnaður vegna lóða- eða landakaupa fyrir höfn, vaxtakostnaður á byggingartíma, svo og lántökukostnaður eða annar fjármögnunarkostnaður. Til styrkhæfs byggingarkostnaðar telst ekki heldur gengistap á erlendum lánum eða kostnaður vegna hækkunar verðtryggðra lána, nema slík lán hafi verið tekin út á kostnaðarhluta ríkissjóðs í framkvæmdinni.

Rísi ágreiningur milli hafnarstjórnar og hafnamálastjóra um, hvort einstakir kostnaðarliðir skuli teljast styrkhæfir eða ekki, skal málinu skotið til úrskurðar ráðuneytisins.

10. gr. hljóðar svo:

Hafnamálastjóri gerir í samráði við hafnarstjórnir tillögu að áætlun um hafnargerðir til fjögurra ára í senn.

Um gerð hafna og staðarval skal jafnan leita álits samtaka skipstjórnarmanna í byggðarlaginu, ef til eru, ella hjá landssamtökum þeirra.

Áður en gengið er endanlega frá áætluninni skal hafnamálastjóri senda stjórn hverrar hafnar tillögur sínar um framkvæmdir á áætlunartímabilinu við þá höfn, og gefa hafnarstjórninni nánar tiltekinn frest til að koma með athugasemdir og breytingartillögur.

Hafnamálastjóri skal á sama hátt senda áætlunina í heild stjórn Hafnamálasambands sveitarfélaga til umsagnar.

Hafnargerðaáætlunin skal miðuð við það fjármagn, sem ætlað er til hafnargerða í almennri framkvæmdaáætlun ríkisins, ef slík áætlun er gerð, en að öðrum kosti skal miða við það heildarfjármagn, sem líklegt er talið að til ráðstöfunar verði til hafnarframkvæmda.

Hafnargerðaáætlunin skal gerð á tveggja ára fresti og lögð fyrir sameinað Alþingi sem þingsályktunartillaga.

Áætlunin öðlast gildi, þegar Alþingi hefur samþykkt hana.

Hafnamálastjóri skal síðan vinna að framkvæmd áætlunarinnar í samráði við viðkomandi hafnarstjórnir og eftir því sem fjármagn er fyrir hendi.

Ráðherra skal leggja árlega fyrir Alþingi skýrslu um framkvæmd áætlunarinnar, áður en fjárveitingar eru ákveðnar.

16. gr. hljóðar svo:

Óheimilt er án samþykkis ráðuneytisins að selja, veðsetja eða leigja til langs tíma þær fasteignir hafnarsjóðs, er notið hafa ríkissyrks. Enn fremur er hafnarsjóðum, er njóta ríkisstyrks, óheimilt án samþykkis ráðuneytis að kaupa fasteignir eða taka lán til lengri tíma en svo, að þau verði endurgreidd af greiðsluafgangi ársins, sem í hönd fer. Enn fremur er hafnarstjórn óheimilt að hefja, án samþykkis ráðuneytisins, svo kostnaðarsamar framkvæmdir, að greiðsluafgangur hafnarsjóðs nægi ekki til að greiða kostnaðinn.

Rísi ágreiningur úa af ákvæðum þessarar greinar, sker ráðherra úr. Skal þá óheimilt að hefja eða halda áfram framkvæmdum, sem deilt er um, fyrr en úrskurður ráðherra hefur verið kveðinn upp.

Til þess að Hafnamálastofnuninni sé unnt að fylgjast sem bezt með, að ákvæði þessarar greinar séu haldin, er skylt að senda henni eftirrit af fundargerðum hafnarstjórnar, sé þess óskað.

19. gr. hljóðar svo:

Fé Hafnabótasjóðs skal ráðstafa á eftirgreindan hátt, að fengnu samþykki fjárveitinganefndar Alþingis:

1. Sjóðurinn veitir hafnarsjóðum lán til framkvæmda gegn ríkisábyrgð.
2. Sjóðnum er heimilt að styrkja endurbætur á hafnarmannvirkjum, sem skemmzt hafa af völdum náttúruhamfara eða af öðrum óviðráðanlegum orsökum, án mótframlags hafnarsjóðs.
3. Sjóðnum er heimilt að veita styrk til nýrra hafnaframkvæmda, sem nemi allt að 15% umfram ríkisframlag af heildarframkvæmdakostnaði, til staða, sem eiga við verulega fjárhagsörðugleika að stríða vegna dörrar mannvirkjagerðar, fólksfæðar eða annarra gildra orsaka.
4. Sjóðnum er heimilt að veita hafnarsjóðum lán út á væntanleg ríkisframlög samkvæmt lögum þessum, ef fé er umfram þarfir 1.—3. liðs.

20. gr. hljóðar svo:

Tekjur Hafnabótasjóðs eru þessar:

1. Árlegt framlag ríkissjóðs, sem sé 12% af framlagi til hafnarmannvirkja og lendingarbóta á fjárlögum hvers árs, en þó aldrie lægra en 30 millj. króna.
2. Tekjur af starfsemi sjóðsins.

26. gr. hljóðar svo:

Ráðuneytið setur samkvæmt lögum þessum og að fengnum tillögum hafnarstjórnar sérstaka hafnarreglugerð fyrir hverja höfn. Í þeirri reglugerð skulu m. a. sett nánari ákvæði um:

1. Stærð og takmörk hafnarsvæðis.
2. Kosning og starfssvið hafnarstjórna.
3. Reglur um umferð á sjó og landi.
4. Öryggisreglur um flutninga.
5. Reglur um varnir gegn mengun og um góða umgengni.

Setja skal í reglugerðina ákvæði um sektir fyrir brot á henni. Sektir renna í hafnarsjóð þann, sem hlut á að máli.

Að fengnum tillögum hafnarstjórnar skal ráðuneytið ákveða hafnsöguskyldu í hafnarreglugerð.

Að fengnum tillögum hafnarstjórnar skal ráðuneytið ákveða hafnsöguskyldu í hafnarreglugerð.

Hafnarreglugerð, er sett hefur verið samkvæmt lögum nr. 48/1967, gildir, unz ný reglugerð hefur verið sett í hennar stað samkvæmt þessum lögum, enda skal endurskoðun reglugerða og samræmingu við lög þessi lokið innan eins árs frá gildistöku þeirra.

Gjaldskrá skal gefin út sérstaklega, sbr. 12. gr., en hún telst engu að síður hluti reglugerðarinnar.

28. gr. hljóðar svo:

Ráðherra skal setja reglugerð um framkvæmd þessara laga, þar með talið um starfssvið og skipulag Hafnamálastofnunarinnar, og skal því lokið eigi síðar en fyrir árslok 1974.

30. gr. hljóðar svo:

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1974.

Bráðabirgðaákvæði hljóðar svo:

Ákvæði til bráðabirgða

I. Gera skal sérstakar ráðstafanir til að létta greiðslubyrði þeirra hafnarsjóða af lánum, sem verst eru settir, og skal þá miða við lán eins og þau eru, er lög þessi taka gildi.

Við fjárlagagerð fyrir árið 1974 skal samgönguráðuneytið gera Alþingi sérstaka grein fyrir fjárþörf í þessu efni.

Ráðherra skal gera tillögu til fjárveitinganefndar og Alþingis um skiptingu fjárins, og skal við skiptinguna hafa hliðsjón af tekjum og gjöldum hafnarsjóðs, framlagi sveitarfélags til hafnarsjóðs, fólksfjölda og öðrum þeim atriðum, sem hafa áhrif á greiðslugetu hafnarsjóðsins.

II. Heimilt er að greiða úr ríkissjóði allt að 40% af stofnkostnaði þeirra dráttarbrauta, sem byggðar hafa verið frá árinu 1960 til gildistöku þessara laga af einstaklingum og félögum, eftir því sem fé er veitt til á fjárlögum.

Skilyrði fyrir greiðslu slíks framlags sé:

1. Eigi sé nema ein dráttarbraut í sveitarfélaginu.
2. Jafnframt dráttarbrautinni sé rekin skipasmíðastöð.
3. Í sveitarfélaginu sé rekin veruleg útgerð að dómi samgönguráðuneytisins.
4. Viðkomandi hafnarsjóður eða sveitarsjóður leggi fram a. m. k. 10% stofnkostnaðar á móti framlagi ríkissjóðs.
5. Um dráttarbrautina sé stofnað hlutafélag, þar sem framlög ríkis og sveitarfélags verði eignarhluti þeirra, enda nemi hann a. m. k. 50% hlutafjár.

Nd. 604. Breytingartillaga [169. mál]

við frv. til laga um heilbrigðisþjónustu.

Frá Matthíasi Bjarnasyni.

Við 17. gr. 17.4. Vestfjarðahérað. Í stað 1. komi:

1. **Patreksfjarðarumdæmi.**
   a) Patreksfjörður H 2, starfssvæði Patrekshreppur, Tálknafjarðarhreppur, Múlahreppur, Barðastrandarhreppur og Rauðasandshreppur.
   b) Bíldudalur H 1, starfssvæði Suðurfjarðahreppur og Ketildalahreppur.

Nd. 605. Breytingartillaga [169. mál]

við frv. til laga um heilbrigðisþjónustu.

Frá Bjarna Guðnasyni og Matthíasi Bjarnasyni.

Við 5. gr. 1 bætist:
Ráðið skal starfa án þóknunar.

Sþ. 606. Fyrirspurnir. [243. mál]

I. Til menntamálaráðherra um afstöðu til þingsályktunar frá 18. maí 1972 um dreifingu menntastofnana o. fl.

Frá Ingvari Gíslasyni.

Hvernig hyggst ríkisstjórnin framfylgja vilja Alþingis, eins og hann birtist í þingsályktun frá 18. maí 1972 um dreifingu skóla og annarra mennta- og menningarstofnana um landið og eflingu Akureyrar sem skólabæjar og miðstöðvar mennta og vísinda utan höfuðborgarinnar?

II. Til menntamálaráðherra um verzlunarmenntun og stofnun verzlunarskóla á Akureyri.

Frá Ingvari Gíslasyni.

1. Hvað líður athugun á endurskipulagningu verzlunar- og viðskiptamenntunar?
2. Má vænta þess, að ríkisstjórnin stuðli að stofnun verzlunarskóla á Akureyri?

III. Til samgönguráðherra um endurskoðun á loftferðalögum.

Frá Axel Jónssyni.

Hvað líður framkvæmd þingsályktunar frá 8. febr. 1972 um endurskoðun á loftferðalögum?

IV. Til dómsmálaráðherra um afgreiðslu skaðabótamála vegna slysa.

Frá Axel Jónssyni.

Hvað líður framkvæmd á þingsályktun frá 8. febr. 1972 um afgreiðslu skaðabótamála vegna slysa?

Nd. 607. Breytingartillaga [169. mál]

við frv. til laga um heilbrigðisþjónustu.

Frá Pálma Jónssyni og Birni Pálssyni.

Við 17. gr. 2. töluliður 17.5. orðist svo:

Blönduósumdæmi.

a) Á Blönduósi H 2, starfssvæði Áshreppur, Sveinsstaðahreppur, Torfalækjarhreppur, Blönduóshreppur, Svínavatnshreppur, Bólstaðarhlíðarhreppur og Engihlíðarhreppur.
b) Á Skagaströnd H 1, starfssvæði Vindhælishreppur, Höfðahreppur og Skagahreppur.

Nd. 608. Breytingartillögur [169. mál]

við frv. til laga um heilbrigðisþjónustu.

Frá Stefáni Valgeirssyni og Jónasi Jónssyni.

Við 17. gr., 17.5.

1. 7. tölul. orðist svo:
   Húsavíkurumdæmi. Húsavík H 2, starfssvæði Ljósavatnshreppur, Bárðdælahreppur, Skútustaðahreppur, Reykdælahreppur, Aðaldælahreppur, Reykjahreppur, Húsavíkurkaupstaður og Tjörneshreppur.
2. Á eftir 7. tölul. komi nýr liður, svo hljóðandi:
   8. **Kópaskersumdæmi.** Kópasker H 1, starfssvæði Kelduneshreppur, Öxnafjarðarhreppur, Fjallahreppur og Presthólahreppur.

Ed. 609. Frumvarp til laga [122. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka lán vegna framkvæmdaáætlunar fyrir árið 1973.

(Eftir 3. umr. í Nd., 9. apríl.)

1. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að gefa út til sölu innanlands ríkisskuldabréf eða spariskírteini að fjárhæð allt að 350 millj. kr., en jafnframt falla niður 140 millj. kr. af heimild í 1. gr. laga nr. 26/1972.

2. gr.

Heimilt er að verðtryggja skuldabréf þau og spariskírteini, sem gefin verða út skv. 1. gr., með því að binda vexti af þeim og afborganir vísitölu.

Um lánstíma, vexti og önnur lánskjör, svo og fyrirkomulag verðtryggingar, fer eftir ákvörðun fjármálaráðherra.

3. gr.

Ríkisskuldabréfin og spariskírteinin, sbr. 1. gr., svo og vextir af þeim og verðbætur, skulu undanþegin framtalsskyldu og skattlagningu á sama hátt og sparifé, sbr. 21. gr. laga nr. 68/1971. Skuldabréfin og spariskírteinin skulu skráð á nafn eigenda.

4. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt að gefa út ný ríkisskuldabréf eða spariskírteini skv. ákvæðum 2. gr., eftir því sem á þarf að halda í stað þeirra, er upphaflega verða útgefin skv. ákvæðum 1. gr. að viðbættri áfallinni verðlagsuppbót.

5. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að gefa út til sölu innanlands happdrættisskuldabréf samtals að fjárhæð 80 millj. kr. til greiðslu kostnaðar af vega- og brúagerð á Skeiðarársandi, er opni hringveg um landið. Skulu ákvæði laga nr. 99/1971 gilda um skuldabréfaútgáfu þessa, eftir því sem við á.

6. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að taka vörukaupalán hjá ríkisstjórn Bandaríkjanna (P.L. 480 lán) allt að 600 þús. bandarískum dollurum.

7. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að taka erlent eða innlent lán að jafnvirði allt að 150 millj. kr. Af þeirri fjárhæð verði varið 100 millj. kr.

vegna kostnaðarauka við framkvæmdir á vegum Rafmagnsveitna ríkisins samkvæmt þessari áætlun, eftir því sem þörf gerist, og 50 millj. kr. vegna væntanlegrar samtengingar raforku milli Norður- og Suðurlands, ef fé skortir til nauðsynlegra rannsókna eða nauðsynlegt reynist að kaupa efni, þannig að framkvæmanlegt verði að hefja byggingu línunnar árið 1974.

8. gr.

Heimilt er fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs að ábyrgjast innlend eða erlend lán að jafnvirði allt að 172 millj. kr. til framkvæmda ríkisins í vega- og raforkumálum.

9. gr.

Í tilefni af því, að nú er unnið að athugun á hafnargerðum á suðurströndinni vegna eldgossins í Vestmannaeyjum á vegum Alþjóðabankans í samráði við Seðlabanka Íslands og ljóst er, að niðurstaða þeirrar athugunar mun ekki liggja fyrir, áður en Alþingi lýkur störfum, er ríkisstjórninni heimilt að taka innlent eða erlent lán að jafnvirði allt að 150 millj. kr. til þeirrar hafnargerðar, ef ákveðin yrði.

10. gr.

Heimilt er fjármálaráðherra að taka tækjakaupalán fyrir hönd ríkissjóðs að fjárhæð allt að 16 millj. kr. vegna radíóvita til vita- og hafnamálastjórnar og vegna fjarskiptabúnaðar til embættis lögreglustjórans í Reykjavík.

11. gr.

Lánsfé því, sem aflast með sölu ríkisskuldabréfa eða spariskírteina skv. 1. gr., með endurgreiðslu af áður útgefnum spariskírteinalánum, með sölu happdrættisskuldabréfa skv. 5. gr. og fyrri heimild, með P.L. 480 láni skv. 6. gr., með erlendri lántöku skv. 8. gr. og með tækjakaupalánum skv. 9. gr., skal verja sem hér segir:

	Millj. kr.
Rafmagnsveitur ríkisins, framkvæmdir	240
Rafmagnsveitur ríkisins, lenging lána	10
Laxárvirkjun	80
Stofnlína Norður- Suðurland	13
Sveitarafvæðing	110
Orkustofnun, vatnsorkurannsóknir	20
Orkustofnun, jarðhitarannsóknir	23
Orkustofnun, jarðhitaleitarlán	4
Orkustofnun, jarðboranir	6
Skeiðarársandsvegur	230
Aðrir vegir á vegáætlun	75
Hafnarfjarðarvegur í Kópavogi	65
Landshafnir	19
Radíó-vitar, tækjakaupalán	8
Norðurlandsáætlun, hafnir og flugvellir	42
Flugöryggismál	11
Lögreglustöðin í Reykjavík	19
Rannsóknastofnanir á Keldnaholti	9
Blævardalsárvirkjun	4
Halli á framkvæmdaáætlun 1972	30
	1018
Til Framkvæmdasjóðs Íslands	150
	1168

12. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 610. Breytingartillögur [169. mál]

við frv. til laga um heilbrigðisþjónustu.

Frá Pálma Jónssyni.

1. Við 21. gr. 21.3 orðist svo:
   Hlutaðeigandi sveitarfélög eru eigendur heilsugæzlustöðva.
2. Við 24. gr. 2. málsl. 24.1 orðist svo:
   Á heilsugæzlustöð 2 kýs starfslið einn mann og sveitarstjórnir 4 menn í stjórn stöðvarinnar.
3. Við 33. gr. 2. málsl. 33.2 orðist svo:
   Starfsmannaráð sjúkrahúsa kjósa 1 mann í stjórn og hlutaðeigandi sveitarstjórnir 4 menn.
4. Við 37. gr. 37.4 orðist svo:
   Núverandi eignaraðilar sjúkrahúsa skulu teljast eigendur þeirra framvegis.
5. 38. gr. orðist svo:
   Semja skal um starfsháttu þeirra sjúkrahúsa, er nú starfa í eigu sveitarfélaga og einkaaðila, milli eignaraðila og heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins.

Ed. 611. Frumvarp til laga [191. mál]

um Iðnrekstrarsjóð.

(Eftir 2. umr. í Ed., 9. apríl.)

Samhljóða þskj. 355 með þessum breytingum:

2. gr. hljóðar svo:

Sjóðurinn er undir yfirstjórn iðnaðarráðherra. Heimilt er ráðherra að fela banka eða annarri fjármálastofnun daglega afgreiðslu sjóðsins.

5. gr. hljóðar svo:

Stofnfé sjóðsins er:

1. Gengishagnaður skv. 3. og 4. mgr. 2. gr. laga nr. 97/1972.
2. Gengishagnaður á sérstökum reikningi ríkissjóðs hjá Seðlabankanum skv. síðustu málsgrein 5. gr. laga nr. 74/1968.
3. Framlög ríkissjóðs, 50 millj. kr. á ári, í fyrsta sinn 1973.

Annað ráðstöfunarfé sjóðsins er:

1. Vaxtatekjur.
2. Afborganir af veittum lánum.
3. Lántökur.
4. Aðrar tekjur.

Allur kostnaður við starfsemi sjóðsins greiðist af tekjum hans. Sjóðurinn er undanþeginn sköttum til ríkis og sveitarfélaga. Fé sjóðsins skal geyma á sérstökum reikningi í vörzlu Seðlabanka Íslands.

6. gr. hljóðar svo:

Hlutverk sjóðsins skal vera að styrkja útflutningsstarfsemi og erlenda markaðsöflun í þágu iðnaðarins, m. a. með eftirfarandi aðgerðum:

að stuðla að aukinni ráðgjöf, þjálfun og tækniþjónustu með framlögum eða lánum til stofnana, sem starfa einvörðungu í þágu iðnaðarins,

að auka framleiðni með stuðningi við aðgerðir, sem stefna að aukningu afkasta í iðnaði, meiri sérhæfingu í framleiðslu iðnfyrirtækja og virkari stjórnun þeirra,

að hvetja til samvinnu og samruna iðnfyrirtækja með lánum eða styrkjum, í þeim tilgangi að byggja upp hagkvæmari rekstrareiningar, þó þannig, að ekki verði dregið úr eðlilegri samkeppni innanlands.

7. gr. hljóðar svo:

Sjóðurinn má kaupa og selja hlutabréf í starfandi fyrirtækjum, taka þátt í stofnun nýrra hlutafélaga, sem og með öðrum hætti afla sér eignarhluta í starfandi eða nýjum fyrirtækjum, enda samrýmist slík ráðstöfun tilgangi sjóðsins.

Stjórn sjóðsins ákveður skilyrði fyrir þátttöku sjóðsins hverju sinni, hvort sem um er að ræða hlutafjárkaup, fjárframlög, lánveitingar eða styrkveitingar. Sama gildir um lánskjör.

Við ákvörðun lánakjara og vaxta skal leita umsagnar Seðlabanka Íslands.

Ákvæði til bráðabirgða hljóðar svo:

Ákvæði til bráðabirgða.

Lög þessi, svo og önnur lög um lánasjóði iðnaðarins, skal taka til endurskoðunar hið fyrsta með það fyrir augum að sameina sjóðina og verkefni þeirra.

Sþ. 612. Nefndarálit [210. mál]

um till. til þál. um bætt sjónvarpsskilyrði á Vestfjarðamiðum.

Frá fjárveitinganefnd.

Nefndin hefur rætt þessa tillögu og telur þörfu máli hreyft. Hins vegar álítur nefndin eðlilegra á þessu stigi, að gerð verði heildarkönnun á móttökuskilyrðum sjónvarpssendinga á fiskimiðum umhverfis landið og áætlun gerð um kostnað við úrbætur í því sambandi.

Nefndin leggur því til, að tillögugrein og fyrirsögn verði breytt á þann hátt, sem greinir í brtt. nefndarinnar, er prentaðar verða á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 9. apríl 1973.

Geir Gunnarsson, form., frsm.	Ingvar Gíslason, fundaskr.	Karvel Pálmason.
Jón Árnason.	Jón Árm. Héðinsson.	Steinþór Gestsson.
Ágúst Þorvaldsson.	Matthías Bjarnason.	Vilhjálmur Hjálmarsson.

Sþ. 613. Breytingartillögur [210. mál]

við till. til þál. um bætt sjónvarpsskilyrði á Vestfjarðamiðum.

Frá fjárveitinganefnd.

1. Tillögugreinin orðist svo:
   Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta kanna ítarlega skilyrði til móttöku sjónvarpssendinga á fiskimiðum umhverfis landið. Jafnframt verði gerð kostnaðaráætlun um úrbætur í þessum efnum, ef þeirra reynist þörf. Umræddri könnun og kostnaðaráætlun skal lokið fyrir næsta reglulegt Alþingi.
2. Fyrirsögn orðist svo:
   Tillaga til þingsályktunar um könnun sjónvarpsskilyrða á fiskimiðum umhverfis landið og gerð kostnaðaráætlunar í því sambandi.

Nd. **614. Breytingartillögur** [76. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 7 23. marz 1972, um breyt. á lögum nr. 68 15. júní 1971, um tekjuskatt og eignarskatt.

Frá Vilhjálmi Hjálmarssyni.

1. Á undan 1. gr. komi tvær nýjar greinar:
   a. (1. gr.) 5. málsgr. 14. gr. laganna (sbr. 6. gr. laga nr. 7/1972) orðist svo:
   Auk frádráttar samkvæmt 1.—4. mgr. þessarar greinar skal, áður en skattur er á lagður, draga 8% frá beinum tekjum lögskráðra og/eða hlutaráðinna manna af fiskveiðum á íslenzkum fiskiskipum.
   b. (2. gr.) 19. gr. laganna orðist svo:
   Skattskyldar eignir teljast með þeim takmörkunum, sem gerðar eru í 2. gr. 3. mgr. og 20. og 21. gr., fasteignir og lausafé skattgreiðanda ásamt hvers konar öðrum verðmætum eignarréttindum. Frá eignum skal draga, áður en skattur er á þær lagður, skuldir skattþegns. Til skuldar ber að telja m. a. ógreiddar uppbætur á keyptar afurðir og ógreiddan afslátt af seldum vörum við árslok, enda sé skattþegni skylt samkvæmt lögum, samþykktum sínum, ef um félag er að ræða, eða samningum að greiða viðskipta- eða félagsmanni sínum slíkan afslátt eða uppbætur. Þegar skattur greiðist samkvæmt 2. gr. 3. mgr., má þó aðeins draga frá þær skuldir, sem hvíla á þeim eignum, sem skattur er greiddur af. Eignirnar eru jafnt skattskyldar, hvort sem þær gefa af sér nokkrar tekjur eða ekki.

2. Við 1. gr. (sem verður 3. gr.). Í stað „11. greinar laganna“ komi: 25. gr. laganna (sbr. 11. gr. laga nr. 7/1972).

3. Við 2. gr. (sem verður 4. gr.). Í stað „11. greinar laganna“ komi: 25. gr. laganna (sbr. 11. gr. laga nr. 7/1972).

4. Á eftir 2. gr. (sem verður 4. gr.) komi þrjár nýjar greinar:
   a. (5. gr.) 1. málsgr. 37. gr. laganna orðist svo:
   Þegar framtalsfrestur er liðinn, skal skattstjóri leggja tekjuskatt og/eða eignarskatt á skattþegn samkvæmt framtali hans. Þó skal skattstjóri leiðrétta augljósar reikningsskekkjur í framtali svo og einstaka liði, ef þeir eru í ósamræmi við gildandi lög og fyrirmæli. Enn fremur skal skattstjóri leiðrétta einstaka liði, ef telja má, að óyggjandi upplýsingar séu fyrir hendi, en gera skal skattþegni strax viðvart um slíkar breytingar. Nú er framtalsskýrsla eða einstakir liðir hennar eða fylgigögn ófullnægjandi, óglögg eða tortryggileg, eða skattstjóri telur þurfa nánari skýringar á einhverju atriði, og skal hann þá skora á framteljanda að láta í té innan ákveðins tíma þau gögn öll, þar með talin bókhaldsgögn, sbr. 36. gr., er skattstjóri telur sér þörf á að fá, svo og skriflegar skýringar, og er framteljanda skylt að verða við áskorun skattstjóra. Fái skattstjóri fullnægjandi gögn og skýringar innan tiltekins tíma, leggur hann skatt á samkvæmt framtali og framkomnum gögnum og skýringum, sbr. þó 47. gr. Berist eigi svar frá framteljanda innan tiltekins tíma, skýringar hans eru ófullnægjandi, eigi eru send þau gögn, sem óskað er, eða send gögn eru ófullnægjandi, skal skattstjóri áætla tekjur og eign skattþegns svo ríflega, að eigi sé hætt við, að fjárhæðir séu áætlaðar lægri en þær eru í raun og veru, og ákveða skatta hans í samræmi við þá áætlun, sbr. þó einnig 47. gr. Áætlun skal tilkynna skattþegni skriflega. Ef eigi er kunnugt um dvalarstað framteljanda eða umboðsmanns hans, má skattstjóri áætla tekjur hans og eign án þess að gera honum viðvart.

b. (6. gr.) 46. gr. laganna orðist svo:

Gjalddagi tekju- og eignarskatts skal vera 1. ágúst ár hvert eða 1. dagur næsta mánaðar eftir álagningu, fari hún seinna fram. Lögreglustjórar — í Reykjavík Gjaldheimtan, sbr. reglugerð nr. 95/1962 — innheimta tekju- og eignarskatt. Sé skatturinn eigi greiddur áður en 2 mánuðir eru liðnir frá gjalddaga, skal greiða dráttarvexti til ríkissjóðs af því, sem ógreitt er, 1½% fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði, sem líður, talið frá og með gjalddaga, unz skatturinn er að fullu greiddur. Fjármálaráðherra getur með reglugerð sett fyllri ákvæði um innheimtuna, svo sem að gjalddagar skuli vera fleiri en einn á ári, þar sem það þykir henta, um tilbúning og sölu skattmerkja og þess háttar. Einnig getur fjármálaráðherra með reglugerð skyldað kaupgreiðendur til að gefa skýrslur um mannahald og halda eftir og skila til innheimtumanns upp í þinggjöld manna hluta af kaupi þeirra til lúkningar gjöldunum, og má í reglugerðinni setja ítarlegri ákvæði um allt, er að þessu lýtur. Kaupgreiðandi ábyrgist þá fé það, er hann hefur haldið eftir sem geymslufé. Fé þetta og gjöld, er ekki hefur verið haldið eftir vegna vanrækslu kaupgreiðanda, má taka lögtaki hjá honum sem eigin skattar væru. Nú vanrækir kaupgreiðandi að halda fé eftir upp í gjöldin, skila innheimtufé eða umkröfðum skýrslum, og má þá einnig beita sektum, ef eigi er úr bætt innan hæfilegs frests, er innheimtumaður ákveður. Nú skilar kaupgreiðandi ekki fé innan þess frests, sem þannig er ákveðinn, og ábyrgist hann þá einnig greiðslu dráttarvaxta, sem gjaldanda kunna að verða reiknaðir vegna vanskila á innheimtufé.

Innheimtumaður getur ekki krafið gjaldanda um þá fjárhæð, sem kaupgreiðandi hefur haldið eftir af launum hans til greiðslu skatta, þó að kaupgreiðandi hafi ekki staðið skil á greiðslunni til ríkissjóðs. Krafa ríkissjóðs í þrotabú kaupgreiðanda vegna slíkra greiðslna skal vera forgangskrafa og í skuldaröð með þeim kröfum, sem nefndar eru í a-lið 83. gr. laga nr. 3/1878, um skipti á dánarbúum og félagsbúum o. fl. Skattgreiðandi, sem ofgreitt hefur skatt til kaupgreiðanda samkv. þessari grein, á rétt á endurgreiðslu beint frá innheimtumanni, hvort sem kaupgreiðandi hefur greitt innheimtumanni skattinn eða ekki.

Þeir, sem hafa á hendi fjárforræði ólögráða manna, bera ábyrgð á skattgreiðslu þeirra. Um ábyrgð atvinnuveitenda á skattgreiðslu útlendinga, sem þeir hafa í þjónustu sinni, fer svo sem segir í 5. gr. laga nr. 22/1956.

Fjármálaráðherra getur með reglugerð ákveðið, að innheimta skuli fyrir fram upp í væntanleg þinggjöld yfirstandandi árs hjá hverjum gjaldanda fjárhæð, er nemi ákveðnum hluta þeirra þinggjalda, sem honum ber að greiða næstliðið ár. Við ákvörðun fyrirframgreiðslunnar skal gætt þeirra tekjubreytinga, sem orðið hafa, og almenns efnahagsástands í landinu. Ráðherra er heimilt að miða fyrirframgreiðslu skv. þessari málsgrein við hlutfall af tekjum yfirstandandi árs í stað hlutfalls af gjöldum næstliðins árs, telji hann þá aðferð betur henta. Þar sem innheimta opinberra gjalda er sameiginleg, sbr. lög nr. 68/1962, skulu heimildir þessarar mgr. taka með sama hætti til innheimtu annarra gjalda en þinggjalda.

Nú verður ljóst, þegar álagningu skatta lýkur, að gjaldandi hefur þegar greitt meira en álagða skatta, og skal þá endugreiða það, sem ofgreitt var, ásamt ½% vöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði, sem fé var í vörzlu ríkissjóðs.

Nú breytir ríkisskattanefnd skatti svo seint, að tilkynning um það hefur eigi náð innheimtumanni fyrir gjalddaga skattsins, og skal hann þá innheimta eða endurgreiða þann skatt síðar.

Óheimilt er að slíta félagi og úthluta eignum þess, fyrr en opinberir skattar af tekjum þess og eignum hafa verið greiddir að fullu fyrir allan starfstíma félagsins.

c. (7. gr.) 52. gr. laganna orðist svo:

Heimilt er skattstjóra að taka til greina umsókn skattþegns um lækkun tekjuskatts, þegar svo stendur á sem hér segir:

1. Ef ellihrörleiki, veikindi, slys eða mannslát hafa skert gjaldþol skattþegns verulega.
2. Ef á framfæri skattþegns eru börn, sem haldin eru langvinnum sjúkdómum eða eru fötluð eða vangefin og valda framfærendum útgjöldum umfram venjulegan framfærslukostnað. Fallist skattstjóri á umsókn skattþegns, skulu tekjur hans til álagningar lækkaðar um eigi lægri fjárhæð en nemur barnafrádrætti samkvæmt 16. gr. fyrir hvert barn, sem þannig er ástatt um.
3. Ef skattþegn hefur foreldra eða aðra vandamenn sannanlega á framfæri sínu.
4. Ef skattþegn hefur haft veruleg útgjöld vegna menntunar barna sinna eldri en 16 ára.
5. Ef skattþegn hefur orðið fyrir verulegu eignatjóni af völdum náttúruhamfara, eldsvoða eða búfjársjúkdóma, enda hafi hann ekki fengið tjón sitt bætt úr hendi annarra aðila.
6. Ef gjaldþol skattþegns hefur skerzt verulega vegna tapa á útistandandi kröfum, sem ekki stafa frá atvinnurekstri hans.
7. Ef skattþegn lætur af störfum vegna aldurs og gjaldþol hans skerðist verulega af þeim sökum.

Nánari ákvæði um skilyrði fyrir framangreindum ívilnunum skulu sett í reglugerð. Skattstjóri getur veitt ívilnanir samkvæmt þessari grein án umsóknar. Ákvörðun skattstjóra samkvæmt þessari grein má skjóta til ríkisskattstjóra, sem tekur endanlega ákvörðun í málinu. Ríkisskattstjóri skal sérstaklega fylgjast með ívilnunum þeim, sem skattstjórar veita samkvæmt þessari grein, og sjá til þess, að samræmis sé gætt og réttum reglum fylgt.

Greiði skattþegn, sem skattskyldur er hér á landi, samkvæmt ákvæðum I. kafla þessara laga, skatta af eignum sínum og tekjum, sem skattskyldar eru hér á landi, til ríkissjóðs eða opinberra aðila í ríki, sem Ísland hefur ekki gert við tvísköttunarsamning, er ríkisskattstjóra heimilt, samkvæmt umsókn skattþegns, að lækka tekjuskatt eða eignarskatt með hliðsjón af þessum skattgreiðslum.

5. Við 3. gr. (sem verður 8. gr.). Í stað „1971“ komi: 1972.

6. Fyrirsögn frv. orðist svo:

Frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 68 15. júní 1971, um tekjuskatt og eignarskatt, og lögum nr. 7 23. marz 1972, um breyting á þeim lögum.

Ed. 615. Lög [124. mál]

um vátryggingarstarfsemi.

(Afgreidd frá Ed. 9. apríl.)

Samhljóða þskj. 520 (sbr. 177).

Ed. 616. Lög [154. mál]

um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1970.

(Afgreidd frá Ed. 9. apríl.)

Samhljóða þskj. 288.

Ed. 617. Nefndarálit [222. mál]

um frv. til laga um atvinnuleysistryggingar.

Frá heilbrigðis- og trygginganefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og mælir með samþykkt þess. Einstakir nm. áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja hugsanlegum breytingartillögum.

Alþingi, 10. apríl 1973.

Helgi Seljan, form. Halldór Kristjánsson, fundaskr. Björn Jónsson., frsm.
Eggert G. Þorsteinsson. Ásgeir Bjarnason. Axel Jónsson.
Geirþrúður Hildur Bernhöft.

Ed. 618. Frumvarp til laga [244. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að staðfesta fyrir Íslands hönd alþjóðasamning, er gerður var 29. desember 1972, um varnir gegn mengun hafsins vegna losunar úrgangsefna og annarra efna í það.

(Lagt fyrir Alþingi á 93. löggjafarþingi, 1972—1973.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að staðfesta fyrir Íslands hönd samning frá 29. desember 1972 um varnir gegn mengun hafsins vegna losunar úrgangsefna og annarra efna í það.

Samningur þessi er prentaður á íslenzku og ensku sem fylgiskjal með lögum þessum.

2. gr.

Þegar samningur sá, sem um ræðir í 1. gr., hefur verið staðfestur fyrir Íslands hönd og hann öðlazt gildi gagnvart Íslandi samkvæmt auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda, skulu ákvæði hans hafa lagagildi hér á landi.

3. gr.

Ráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd samnings þessa.

4. gr.

Brot gegn samningi þessum, svo og reglugerð þeirri, er sett kann að verða samkvæmt 3. gr., skulu varða sektum frá 1 000.00 til 500 000.00 krónum, varðhaldi eða fangelsi allt að tveimur árum, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Samningur sá, sem hér um ræðir, er liður í baráttu manna gegn sívaxandi mengun í heiminum. Sú barátta er reyndar ekki ný af nálinni, eins og t. d. alþjóðasamþykktin frá 1954 um að fyrirbyggja óhreinkun sjávar af völdum olíu ber með sér, en Ísland gerðist á sínum tíma aðili að þeirri samþykkt.

Baráttan gegn menguninni hefur færzt mjög í aukana á síðustu tímum og hefur m. a. beinzt að vörnum gegn mengun af völdum losunar efna í hafið. Til marks um áhrif slíkrar þróunar hér á landi má nefna lög um bann við losun hættulegra efna í sjó nr. 20 frá 1972, en þau voru samþykkt af Alþingi 12. apríl það ár. Þá má og nefna lög frá 4. apríl 1973 um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að staðfesta fyrir Íslands hönd alþjóðasamning, er gerður var 15. febrúar 1972, um varnir gegn mengun sjávar vegna losunar úrgangsefna frá skipum og flugvélum, en sá samningur, oft nefndur Oslósamningurinn, tekur í stuttu máli yfir Norð-austur-Atlantshaf og hluta af Norður-Íshafi.

Samningur þessi, sem oft er nefndur Lundúnasamningurinn, tekur hins vegar til allra hafsvæða jarðar utan landhelgisgrunnlína. Segir í þessum almenna samningi, að stuðlað skuli að gerð sérstakra svæðissamninga, er komi til viðbótar honum, og skal gæta samræmis eftir föngum.

Undirbúningur samnings þessa á sér alllangan aðdraganda. Má þar fyrst til nefna fundi í Lundúnum og Ottawa, en það var ekki fyrr en á ráðstefnu, sem haldin var í Reykjavík 10.—15. apríl 1972, að skriður komst á undirbúninginn. Á þeirri ráðstefnu var gengið frá drögum að einstökum greinum alþjóðasamnings um varnir gegn mengun hafsins og viðaukum við slíkan samning. Á fundi í Lundúnum 30.—31. maí 1972 voru drögin síðan athuguð frekar og aukið við ákveðnum atriðum. Málið var þar næst lagt fram af Íslands hálfu samkvæmt ályktun Reykjavíkurráðstefnunnar og rætt í heild á hinni fjölsóttu umhverfismálaráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í Stokkhólmi 6.—17. júní 1972. Var þar ákveðið, að Reykjavíkurfrumdrögin og Lundúnaviðaukinn skyldu koma til athugunar á ráðstefnu þeirri, sem brezka ríkisstjórnin bauð síðan til í Lundúnum, þar eð ekki vannst tími til að ganga frá endanlegum alþjóðasamningi í Stokkhólmi. Lundúnaráðstefnan var svo haldin dagana 30. október—13. nóvember 1972, og sáttu hana fulltrúar frá 80 ríkjum, en auk þess áheyrnarfulltrúar frá 12 ríkjum og 8 alþjóðastofnunum. Aðalframkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna lét og ráðstefnuna til sín taka. Gengið var frá samningstexta á ráðstefnunni, en formlega telst samningurinn gerður 29. desember 1972, þegar hann var lagður fram til undirritunar. Skal hann ganga í gildi á þrítugasta degi eftir afhendingu fimmtánda staðfestingar- eða aðildarskjalsins til vörzlu.

Samningurinn gerir fyrst og fremst ráð fyrir banni við eða takmörkunum á losun úrgangsefna eða annarra efna í hafið, hvort heldur er úr skipum, flugvélum eða pöllum eða öðrum mannvirkjum á hafi úti.

Með losun úrgangsefna eða annarra efna, án tillits til forms eða tegundar, er átt við vísvitandi losun, m. a. á framangreindan hátt, en ýtarlega skilgreiningu er að finna í samningnum. Samningsaðilar skulu banna losun allra úrgangsefna eða annarra efna nema í samræmi við ákvæði samningsins, en í honum er gert ráð fyrir því, m. a. í þremur viðaukum, að losun efna, sem talin eru upp í I. viðauka, sé bönnuð nema í þröngum undantekningartilvikum, sérstakt leyfi þurfi að fá fyrirfram til losunar efna, sem talin eru upp í II. viðauka, og almennt leyfi þurfi að fá fyrirfram til losunar allra annarra efna. Ýtarleg ákvæði eru um athugunaratriði í sambandi við mótun reglna um útgáfu losunarleyfa, þ. e. um sérkenni og samsetningu efna, sérkenni losunarstaðar og losunaraðferð og loks almenn atriði og skilyrði, t. d. hugsanleg áhrif á þokkafull svæði. Sérhver samningsaðili skal tilnefna stjórnvald eða stjórnvöld í landi sínu til að annast m. a. útgáfu losunarleyfa. Á fundi, sem kveðja skal samningsaðila á eigi síðar en þremur mánuðum eftir gildistöku samningsins, skal tilnefna hæfa alþjóðastofnun til að annast skrifstofu-

störf vegna samningsins, en þau eru fjölþætt. Gert er ráð fyrir ýmiss konar samstarfi með samningsaðilum, þ. á m. fyrir milligöngu stofnunarinnar. Kemur m. a. til greina samvinna um eftirlit í varúðarskyni og rannsóknir, svo og gagnkvæm aðstoð í neyðartilvikum.

Ekkert í samningi þessum skal hafa áhrif á rétt nokkurs aðila til að gera í samræmi við meginreglur þjóðarréttar aðrar ráðstafanir en í samningnum greinir í því skyni að girða fyrir losun á hafi úti, og ekkert í samningnum skal hafa áhrif á hugsanlega bálkun og framþróun hafréttar á fyrirhugaðri hafréttarráðstefnu Sameinuðu þjóðanna né kröfur eða lagasjónarmið nokkurs ríkis nú eða í framtíðinni viðvíkjandi hafrétti og eðli og víðáttu lögsögu strandríkja og heimaríkja einstakra skipa. Stofnunin skal boða til fundar samningsaðila eftir hafréttarráðstefnuna og hvað sem öðru líður eigi síðar en árið 1976 í því skyni að skilgreina eðli og víðáttu réttar og skyldu strandríkja til að beita samningnum á sjávarbelti meðfram ströndum sínum. Er því hvergi í samningnum minnzt á dýpi í metrum né fjarlægð frá næsta landi í sjómílum, eins og gert er í viðauka við Oslóarsamninginn. Dýpi og fjarlægð frá strönd, án tilgreiningar, eru þó meðal athugunaratriða í III. viðauka, og taka má fram í þessu sambandi, að í 10. gr. samnings skuldbinda samningsaðilar sig til þess að móta reglur um mat á ábyrgð og lausn deilna út af losun.

Breyting á samningi þessum öðlast því aðeins gildi gagnvart aðila, að hún hafi verið samþykkt með tveimur þriðju hluta atkvæða á fundi aðila, auk þess sem afhenda þarf sérstakt skjal til staðfestu samþykki. Til þess að breyting á viðaukunum við samninginn öðlist gildi gagnvart aðila, þarf og samþykki tveggja þriðju viðstaddra á fundi aðila og að auki afhendingu sérstaks skjals til staðfestu samþykki. Þó öðlast breyting gildi gagnvart öllum þeim aðilum, sem hafa ekki samþykkt hana með hinum formlega hætti eftir hundrað daga frá samþykkt breytingarinnar á fundinum, nema aðilarnir lýsi yfir því fyrir lok hundrað daga frestsins, og þá með formlegum hætti, að þeir geti ekki fallizt á breytinguna á þeim tíma. Slíkt fyrirkomulag er ekki án fordæma í alþjóðasamningum, sem Ísland hefur gerzt aðili að.

Sérhver samningsaðili getur sagt samningi þessum upp, og skal hann þá tilkynna vörzluaðila samningsins uppsögnina með sex mánaða fyrirvara.

Í samningi þessum er tilgreint, gagnvart hverjum samningsaðili skuli beita samningnum. Þar kemur og fram, að sérhver aðili skuli gera viðeigandi ráðstafanir á landsvæði sínu til að stemma stigu við atferli, sem felur í sér brot á ákvæðum samningsins, og refsa fyrir það. Í ljósi þessa ber að skoða ákvæði lagafrumvarpsins um refsiviðurlög fyrir brot á samningnum og reglugerðinni, er sett kann að verða um framkvæmd hans. Þykir ekki ástæða til að ákveða þyngri refsimörk en greind eru í lagafrumvarpinu, en reynslan mun skera úr um það, hvort nauðsyn sé á nánari sundurgreiningu refsingar í sérstökum lögum.

Fylgiskjal.

SAMNINGUR UM VARNIR GEGN MENGUN HAFSINS VEGNA LOSUNAR ÚRGANGSEFNA OG ANNARRA EFNA Í ÞAÐ	CONVENTION ON THE PREVENTION OF MARINE POLLUTION BY DUMPING OF WASTES AND OTHER MATTER
Aðilar að samningi þessum	**The Contracting Parties to this Convention,**
viðurkenna, að hafið og gæði þess, m. a. lífið, sem það fóstrar, séu mannkyninu	**Recognizing** that the marine environment and the living organisms which it

lífsnauðsynleg og allir hafi áhuga á reglum, er tryggi, að hafkostum og auði sé ekki spillt;

viðurkenna, að hafið megni hvorki að taka við úrgangsefnum og gera þau skaðlaus né endurnýja náttúruauðæfi í ótakmörkuðum mæli;

viðurkenna, að samkvæmt sáttmála Sameinuðu þjóðanna og meginreglum þjóðaréttar sé ríkjum í skjóli yfirráðaréttar síns yfir eigin auðæfum heimilt að nýta þau í samræmi við stefnu sína í umhverfismálum, enda sé þeim skylt að sjá til þess, að athafnir, sem eru framkvæmdar innan lögsögu þeirra eða stjórnunarmarka, valdi ekki umhverfisspjöllum í öðrum ríkjum eða á svæðum utan lögsögu einstakra ríkja;

hafa í huga ályktun Allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna nr. 2749 (XXV) um meginreglur varðandi hafsbotninn utan lögsögu einstakra ríkja;

gefa því gaum, að mengun hafsins má rekja til margs, svo sem losunar efna, úrfellis, afrennslis áa og árósa og rennslis úr skolpræsum og leiðslum, og ríkjum ber nauðsyn til að grípa til hinna beztu tiltæku ráða í því skyni að girða fyrir slíka mengun og stuðla að þeirri þróun í framleiðslu og framleiðsluháttum, að dregið verði úr magni þeirra skaðlegu úrgangsefna, er losna þarf við;

eru þess fullvissir, að þegar í stað sé unnt og verði að grípa til alþjóðlegra aðgerða til að hafa hemil á mengun hafsins vegna losunar efna í það og þó sé ekki ástæða til að láta slíkar aðgerðir koma í veg fyrir umræður um ráðstafanir til að halda mengun hafsins af öðrum orsökum í skefjum eins fljótt og auðið er; og

hafa hug á að vernda betur hafið og gæði þess með því að hvetja ríki, sem hafa sameiginlegra hagsmuna að gæta á einstökum hnattsvæðum, til þess að gera með sér viðeigandi samninga, er komi til viðbótar samningi þessum;

hafa orðið ásáttir um eftirfarandi:

supports are of vital importance to humanity, and all people have an interest in assuring that it is so managed that its quality and resources are not impaired;

Recognizing that the capacity of the sea to assimilate wastes and render them harmless, and its ability to regenerate natural resources, is not unlimited;

Recognizing that States have, in accordance with the Charter of the United Nations and the principles of international law, the sovereign right to exploit their own resources pursuant to their own environmental policies, and the responsibility to ensure that activities within their jurisdiction or control do not cause damage to the environment of other States or of areas beyond the limits of national jurisdiction;

Recalling Resolution 2749 (XXV) of the General Assembly of the United Nations on the principles governing the sea-bed and the ocean floor and the subsoil thereof, beyond the limits of national jurisdiction;

Noting that marine pollution originates in many sources, such as dumping and discharges through the atmosphere, rivers, estuaries, outfalls and pipelines, and that it is important that States use the best practicable means to prevent such pollution and develop products and processes which will reduce the amount of harmful wastes to be disposed of;

Being convinced that international action to control the pollution of the sea by dumping can and must be taken without delay but that this action should not preclude discussion of measures to control other sources of marine pollution as soon as possible; and

Wishing to improve protection of the marine environment by encouraging States with a common interest in particular geographical areas to enter into appropriate agreements supplementary to this Convention;

Have agreed as follows:

1. gr.

Samningsaðilar skulu hver um sig og í sameiningu stuðla að virkri umsjón með öllum uppsprettum mengunar hafsins og gæða þess, og skuldbinda þeir sig sérstaklega til að gera allar tiltækilegar ráðstafanir til að varna mengun hafsins vegna losunar úrgangsefna og annarra efna, sem eru til þess fallin að stofna heilsu manna í hættu, skaða lifandi auðæfi og líf almennt í hafinu, spilla svip þokkafullra svæða eða valda röskun á öðrum lögmætum notum hafsins.

2. gr.

Samningsaðilar skulu í samræmi við ákvæði eftirfarandi greina, annars vegar hver í sínu lagi eftir vísindalegri, tæknilegri og fjárhagslegri getu og hins vegar sameiginlega, gera virkar ráðstafanir til að varna mengun hafsins af völdum losunar efna. Skulu aðilarnir samræma stefnu sína í þessu tilliti.

3. gr.

Í samningi þessum gilda eftirfarandi skýringar:

1. a) „Losun“ merkir,
   i) að úrgangsefnum eða öðrum efnum sé vísvitandi varpað í hafið úr skipum, flugvélum, pöllum eða öðrum mannvirkjum á hafi úti;
   ii) að skipum, flugvélum, pöllum eða öðrum mannvirkjum á hafi úti sé með ráðnum huga fleygt í hafið.

   b) „Losun“ tekur ekki yfir það,
   i) að kastað sé í hafið úrgangsefnum eða öðrum efnum, sem eru samfara eða stafa frá venjulegri starfrækslu skipa, flugvéla, palla eða annarra mannvirkja á hafi úti og viðkomandi útbúnaðar þeirra, nema um sé að ræða í fyrsta lagi þau úrgangsefni eða önnur efni, sem flutt eru í skip, flugvélar, palla eða önnur mannvirki á hafi úti til að láta eyða þeim þar eða í öðru lagi þau úrgangsefni eða önnur efni, sem verða til við slíka eyðingarmeðferð í hinum þar til ætluðu skipum, flugvélum, pöllum eða mannvirkjum;

Article I

Contracting Parties shall individually and collectively promote the effective control of all sources of pollution of the marine environment, and pledge themselves especially to take all practicable steps to prevent the pollution of the sea by the dumping of waste and other matter that is liable to create hazards to human health, to harm living resources and marine life, to damage amenities or to interfere with other legitimate uses of the sea.

Article II

Contracting Parties shall, as provided for in the following Articles, take effective measures individually, according to their scientific, technical and economic capabilities, and collectively, to prevent marine pollution caused by dumping and shall harmonize their policies in this regard.

Article III

For the purposes of this Convention:

1. (a) "Dumping" means:
   (i) any deliberate disposal at sea of wastes or other matter from vessels, aircraft, platforms or other man-made structures at sea.
   (ii) any deliberate disposal at sea of vessels, aircraft, platforms or other man-made structures at sea.

   (b) "Dumping" does not include:
   (i) the disposal at sea of wastes or other matter incidental to, or derived from the normal operations of vessels, aircraft, platforms or other man-made structures at sea and their equipment, other than wastes or other matter transported by or to vessels, aircraft, platforms or other man-made structures at sea, operating for the purpose of disposal of such matter or derived from the treatment of such wastes or other matter on such vessels, aircraft, platforms or structures;

ii) að efnum sé komið fyrir í öðrum tilgangi en að losna við þau, þó með því skilyrði að slík staðsetning sé ekki andstæð markmiðum samnings þessa.

c) Einstök samningsákvæði taka ekki til þess, að hent sé í hafið úrgangsefnum eða öðrum efnum, er stafa beint eða óbeint frá könnun, nýtingu og nátengdri meðferð á jarðefnum á og í hafsbotni.

2. „Skip og flugvélar" merkja hvers konar fljótandi för og loftför. Nær hugtak þetta yfir svifskip og fljótandi för, hvort sem þau eru knúin eigin vélarafli eða ekki.
3. „Haf" merkir allan sjó utan landhelgisgrunnlína.
4. „Úrgangsefni eða önnur efni" merkja hvers konar efni og hluti án tillits til forms eða tegundar.
5. „Sérstakt leyfi" merkir það leyfi, sem veitt er sérstaklega vegna umsóknar fyrir losun og þá samkvæmt II. og III. viðauka.
6. „Almennt leyfi" merkir það leyfi, sem veitt er fyrirfram og þá samkvæmt III. viðauka.
7. „Stofnunin" merkir þá stofnun, sem samningsaðilar velja í samræmi við 14. gr. 2. tölulið.

4. gr.

1. Í samræmi við ákvæði samnings þessa skulu samningsaðilar banna losun allra úrgangsefna eða annarra efna án tillits til forms eða ástands, nema undantekning sé gerð samkvæmt neðangreindu:
a) Losun þeirra úrgangsefna eða annarra efna, sem talin eru upp í I. viðauka, er bönnuð;
b) sérstakt leyfi þarf að fá fyrirfram til losunar þeirra úrgangsefna eða annarra efna, sem talin eru upp í II. viðauka;
c) almennt leyfi þarf að fá fyrirfram til losunar allra annarra úrgangsefna eða annarra efna.
2. Ekki skal gefa út neitt leyfi fyrr en að undangenginni gaumgæfilegri athugun

(ii) placement of matter for a purpose other than the mere disposal thereof, provided that such placement is not contrary to the aims of this Convention.

(c) The disposal of wastes or other matter directly arising from, or related to the exploration, exploitation and associated off-shore processing of sea-bed mineral resources will not be covered by the provisions of this Convention.

2. "Vessels and aircraft" means waterborne or airborne craft of any type whatsoever. This expression includes air cushioned craft and floating craft, whether self-propelled or not.
3. "Sea" means all marine waters other than the internal waters of States.
4. "Wastes or other matter" means material and substance of any kind, form or description.
5. "Special permit" means permission granted specifically on application in advance and in accordance with Annex II and Annex III.
6. "General permit" means permission granted in advance and in accordance with Annex III.
7. "The Organisation" means the Organisation designated by the Contracting Parties in accordance with Article XIV (2).

Article IV

1. In accordance with the provisions of this Convention Contracting Parties shall prohibit the dumping of any wastes or other matter in whatever form or condition except as otherwise specified below:
(a) the dumping of wastes or other matter listed in Annex I is prohibited;
(b) the dumping of wastes or other matter listed in Annex II requires a prior special permit;
(c) the dumping of all other wastes or matter requires a prior general permit.
2. Any permit shall be issued only after careful consideration of all the factors

á öllum þeim atriðum, sem greind eru í III. viðauka, en fyrirframkönnun á sérkennum losunarstaðar með hliðsjón af B- og C-lið þess viðauka fellur m. a. hér undir.

3. Ekkert ákvæði samnings þessa skal túlka þannig, að samningsaðila sé fyrir sitt leyti meinað að banna losun þeirra úrgangsefna eða annarra efna, sem eru ekki tilgreind í I. viðauka. Skal samningsaðilinn tilkynna stofnuninni slíkar aðgerðir.

5. gr.

1. Ákvæði 4. gr. eiga ekki við, þegar nauðsynlegt er að vernda mannslíf eða tryggja öryggi skipa, flugvéla og palla eða annarra mannvirkja á hafi úti við óviðráðanlegar aðstæður af völdum veðurofsa. Sama gildir í sérhverju því tilviki, þar sem mönnum er lífsháski búinn eða skip, flugvélar, pallar eða önnur mannvirki á hafi úti eru í raunverulegri hættu, enda virðist losun efna vera eina úrræðið til þess að afstýra hættunni og langlíklegast sé þar að auki, að tjón samfara slíkri losun verði minna en ella yrði raunin á. Slíka losun skal framkvæma þannig, að dregið sé sem mest úr líkum til tjóns á lífi manna eða sjávarlífvera, og skal þegar í stað tilkynna stofnuninni losunina.

2. Í neyðartilvikum getur samningsaðili gefið út sérstakt leyfi, er felur í sér undantekningu frá 4. gr. 1. tölulið a), enda sé heilsu manna stofnað í óhæfilega hættu og engin önnur hagkvæm lausn fyrir hendi. Aðilinn skal þó fyrst ráðgast við hvert það ríki, sem virðist hafa beinna hagsmuna að gæta, svo og við stofnunina, er skal í samræmi við 14. gr. og að höfðu samráði við aðra aðila og eftir atvikum alþjóðastofnanir mæla án tafar með hentugustu aðferðum til úrlausnar við aðilann. Skal hann fara eftir tillögum þessum, eftir því sem framast er unnt með hliðsjón af tímanum til framkvæmdanna og hinni almennu skyldu til að forðast að spilla hafinu og gæðum þess, og skal láta stofnuninni í té vitneskju um aðgerðir þær, sem hann grípur til. Samningsaðilar skuldbinda sig til gagnkvæmrar aðstoðar í tilvikum sem þessum.

set forth in Annex III, including prior studies of the characteristics of the dumping site as set forth in Sections B and C of that Annex.

3. No provision of this Convention is to be interpreted as preventing a Contracting Party from prohibiting, insofar as that Party is concerned, the dumping of wastes or other matter not mentioned in Annex I. That Party shall notify such measures to the Organisation.

Article V

1. The provisions of Article IV shall not apply when it is necessary to secure the safety of human life or of vessels, aircraft, platforms or other man-made structures at sea in cases of **force majeure** caused by stress of weather, or in any case which constitutes a danger to human life or a real threat to vessels, aircraft, platforms or other man-made structures at sea, if dumping appears to be the only way of averting the threat and if there is every probability that the damage consequent upon such dumping will be less than would otherwise occur. Such dumping shall be so conducted as to minimise the likelihood of damage to human or marine life and shall be reported forthwith to the Organisation.

2. A Contracting Party may issue a special permit as an exception to Article IV (1) (a), in emergencies, posing unacceptable risk relating to human health and admitting no other feasible solution. Before doing so the Party shall consult any other country or countries that are likely to be affected and the Organisation which, after consulting other Parties, and international organisations as appropriate, shall in accordance with Article XIV promptly recommend to the Party the most appropriate procedures to adopt. The Party shall follow these recommendations to the maximum extent feasible consistent with the time within which action must be taken and with the general obligation to avoid damage to the marine environment and shall inform the Organisation of the action it takes. The Parties pledge themselves to assist one another in such situations.

3. Sérhver samningsaðili getur afsalað sér rétti sínum samkvæmt 2. tölulið, annars vegar þegar hann staðfestir samning þennan eða gerist aðili að honum og hins vegar eftir slíkar athafnir.

3. Any Contracting Party may waive its rights under paragraph (2) at the time of, or subsequent to ratification of, or accession to this Convention.

6. gr.

1. Sérhver samningsaðili skal tilnefna viðeigandi yfirvald eða yfirvöld til að:

a) gefa út sérstök leyfi, sem afla þarf fyrirfram til losunar, annars vegar á þeim efnum, sem talin eru í II. viðauka, og hins vegar í þeim tilvikum, sem greind eru í 5. gr. 2. tölulið;
b) gefa út almenn leyfi, sem afla þarf fyrirfram til losunar á öllum öðrum efnum;
c) halda skrá um eðli og magn allra efna, sem leyft er að losa, svo og losunarstað, tíma og aðferð;

d) hafa á hendi í varúðarskyni, annaðhvort eitt eða ein sér eða í samvinnu við aðra aðila og þar til bærar alþjóðastofnanir, eftirlit með ástandi hafsins og lífríkis þess í samræmi við tilgang samnings þessa.

2. Viðeigandi yfirvald eða yfirvöld samningsaðila skulu fyrirfram gefa út sérstök eða almenn leyfi samkvæmt 1. tölulið, þegar efni þau, sem ætluð eru til losunar, eru:
a) fermd á landsvæði hans;
b) fermd í skip eða flugvél, sem skráð er á landsvæði hans eða siglir undir fána hans, enda fari ferming þá fram á landsvæði ríkis, sem er ekki aðili að samningi þessum.

3. Við útgáfu leyfa samkvæmt 1. tölulið a) og b) hér að ofan skal viðkomandi yfirvald eða yfirvöld fara eftir III. viðauka ásamt þeim viðbótarreglum, ráðstöfunum og kröfum, sem þau kunna að álíta viðeigandi.

4. Sérhver samningsaðili skal veita stofnuninni og eftir atvikum öðrum samningsaðilum þær upplýsingar, sem tilgreindar eru í 1. tölulið c) og d) hér að ofan, annaðhvort beint eða fyrir milligöngu skrifstofu, sem komið hefur verið á fót samkvæmt svæðissamningi. Sama gildir um reglurnar, ráðstafanirnar og kröfurnar, sem aðilinn stendur að sam-

Article VI

1. Each Contracting Party shall designate an appropriate authority or authorities to:

(a) issue special permits which shall be required prior to, and for, the dumping of matter listed in Annex II and in the circumstances provided for in Article V (2);
(b) issue general permits which shall be required prior to, and for, the dumping of all other matter;
(c) keep records of the nature and quantities of all matter permitted to be dumped and the location, time and method of dumping;
(d) monitor individually, or in collaboration with other Parties and competent International Organisations, the condition of the seas for the purposes of this Convention.

2. The appropriate authority or authorities of a Contracting Party shall issue prior special or general permits in accordance with paragraph (1) in respect of matter intended for dumping:
(a) loaded in its territory;
(b) loaded by a vessel or aircraft registered in its territory or flying its flag, when the loading occurs in the territory of a State not party to this Convention.

3. In issuing permits under sub-paragraphs (1) (a) and (b) above, the appropriate authority or authorities shall comply with Annex III, together with such additional criteria, measures and requirements as they may consider relevant.

4. Each Contracting Party, directly or through a Secretariat established under a regional agreement, shall report to the Organisation, and where appropriate to other Parties, the information specified in sub-paragraphs (c) and (d) of paragraph (1) above, and the criteria, measures and requirements it adopts in accordance with paragraph (3) above. The

kvæmt 3. tölulið hér að ofan. Skulu aðilar ráðgast hver við annan og koma sér saman um aðferðina, er fylgja skal, og eðli slíkra skýrslna.

7. gr.

1. Sérhver samningsaðili skal beita viðhlítandi ráðum, til að framfylgja samningi þessum gagnvart öllum:
a) skipum og flugvélum, sem skráð eru á landsvæði hans eða sigla undir fána hans;
b) skipum og flugvélum, sem ferma á landsvæði eða í landhelgi hans efni ætluð til losunar;
c) skipum og flugvélum og föstum eða fljótandi pöllum, sem lögsaga hans nær til, enda megi ætla, að þar sé fengizt við losun.
2. Sérhver aðili skal gera viðeigandi ráðstafanir á landsvæði sínu til að stemma stigu við atferli, sem felur í sér brot á ákvæðum samnings þessa, og refsa fyrir það.
3. Aðilarnir eru sammála um að vinna saman að mótun reglna til að tryggja virka framkvæmd samnings þessa, einkum á úthafinu, og þá m. a. reglna um kærur í þeim tilvikum, er vart verður þeirrar losunar úr skipum eða flugvélum, sem telja verður brot á samningnum.
4. Samningur þessi tekur ekki til þeirra skipa og flugvéla, er eiga rétt á friðhelgi að þjóðarétti. Sérhver aðili skal þó sjá til þess með viðeigandi ráðstöfunum, að slík skip og flugvélar, sem eru í eigu hans eða hann rekur, fari að í samræmi við mark og mið samnings þessa, og skal hann láta stofnuninni í té vitneskju þar um.

5. Ekkert í samningi þessum skal hafa áhrif á rétt nokkurs aðila til að gera í samræmi við meginreglur þjóðaréttar aðrar ráðstafanir í því skyni að girða fyrir losun á hafi úti.

8. gr.

Til þess að markmiðum samnings þessa verði enn frekar náð, skulu samningsaðilar, er hafa sameiginlegan hag af verndun hafsins og gæða þess á ákveðnum hnattsvæðum, leitast við, og þá með tilliti til sérstæðrar aðstöðu á hverju

procedure to be followed and the nature of such reports shall be agreed by the Parties in consultation.

Article VII

1. Each Contracting Party shall apply the measures required to implement the present Convention to all:
(a) vessels and aircraft registered in its territory or flying its flag;

(b) vessels and aircraft loading in its territory or territorial seas matter which is to be dumped;
(c) vessels and aircraft and fixed or floating platforms under its jurisdiction believed to be engaged in dumping.

2. Each Party shall take in its territory appropriate measures to prevent and punish conduct in contravention of the provisions of this Convention.

3. The Parties agree to co-operate in the development of procedures for the effective application of this Convention particularly on the high seas, including procedures for the reporting of vessels and aircraft observed dumping in contravention of the Convention.
4. This Convention shall not apply to those vessels and aircraft entitled to sovereign immunity under international law. However each Party shall ensure by the adoption of appropriate measures that such vessels and aircraft owned or operated by it act in a manner consistent with the object and purpose of this Convention, and shall inform the Organisation accordingly.
5. Nothing in this Convention shall affect the right of each Party to adopt other measures, in accordance with the principles of international law, to prevent dumping at sea.

Article VIII

In order to further the objectives of this Convention, the Contracting Parties with common interests to protect in the marine environment in a given geographical area shall endeavour, taking into account characteristic regional features, to

svæði, að gera með sér svæðissamninga um varnir gegn mengun, einkum þó vegna losunar, enda séu svæðissamningarnir í samræmi við samning þennan. Skulu aðilar að samningi þessum gera sér far um að fara eftir markmiðum og ákvæðum slíkra svæðissamninga, er stofnunin skal senda þeim tilkynningu um. Samningsaðilar skulu freista þess að taka höndum saman við aðila að svæðissamningum í því skyni að móta samræmdar reglur, sem aðilar að hinum einstöku samningum fari eftir. Samvinnu um eftirlit í varúðarskyni og rannsóknir skal gefa sérstakan gaum.

enter into regional agreements consistent with this Convention for the prevention of pollution, especially by dumping. The Contracting Parties to the present Convention shall endeavour to act consistently with the objectives and provisions of such regional agreements, which shall be notified to them by the Organisation. Contracting Parties shall seek to co-operate with the Parties to regional agreements in order to develop harmonized procedures to be followed by Contracting Parties to the different conventions concerned. Special attention shall be given to co-operation in the field of monitoring and scientific research.

9. gr.

Samningsaðilar skulu í samvinnu við stofnunina og aðrar alþjóðastofnanir hvetja til stuðnings við þá aðila, er leita eftir honum í því skyni að:

a) þjálfa rannsókna- og tæknistarfslið;

b) afla nauðsynlegs tækjabúnaðar og skapa nauðsynlega aðstöðu til rannsókna og eftirlits í varúðarskyni;

c) losna við úrgangsefni eða vinna úr þeim, svo og gera aðrar ráðstafanir til að varna eða draga úr mengun af völdum losunar;

Helzt skal þetta gerast í viðkomandi löndum, en með því móti verður betur en ella stefnt að marki og miði samnings þessa.

Article IX

The Contracting Parties shall promote, through collaboration within the Organisation and other international bodies, support for those Parties which request it for:

(a) the training of scientific and technical personnel;

(b) the supply of necessary equipment and facilities for research and monitoring;

(c) the disposal and treatment of wastes and other measures to prevent or mitigate pollution caused by dumping;

preferably within the countries concerned, so furthering the aims and purposes of this Convention.

10. gr.

Í samræmi við meginreglur þjóðaréttar um ábyrgð ríkja á þeim umhverfisspjöllum innan lögsögu annarra ríkja eða á öðrum svæðum, sem rakin verða til losunar hvers konar úrgangsefna og annarra efna, skuldbinda samningsaðilar sig til að móta reglur um ábyrgðarmat og lausn deilna út af losun.

Article X

In accordance with the principles of international law regarding State responsibility for damage to the environment of other States or to any other area of the environment, caused by dumping of wastes and other matter of all kinds, the Contracting Parties undertake to develop procedures for the assessment of liability and the settlement of disputes regarding dumping.

11. gr.

Á fyrsta viðræðufundi sínum skulu samningsaðilar fjalla um reglur um lausn deilna varðandi túlkun og beitingu samnings þessa.

Article XI

The Contracting Parties shall at their first consultative meeting consider procedures for the settlement of disputes concerning the interpretation and application of this Convention.

12. gr.

Samningsaðilar skuldbinda sig til að styðja á vettvangi þar til bærra sérstofnana Sameinuðu þjóðanna og annarra alþjóðastofnana ráðstafanir til að vernda hafið og gæði þess gegn mengun af völdum:

a) kolvetna, þ. á m. olíu, og úrgangsefna, er frá þeim stafa;
b) annarra skaðlegra eða hættulegra efna, sem flutt eru með skipum, en þó ekki í losunartilgangi;
c) úrgangsefna, sem verða til við starfrækslu skipa, flugvéla, palla og annarra mannvirkja á hafi úti;
d) hvers kyns geislavirkra mengunarvalda, þ. á m. skipa;
e) efna, sem ætluð eru til notkunar í efnafræðilegum og líffræðilegum hernaði;
f) úrgangsefna eða annarra efna, er stafa beint eða óbeint frá könnun, nýtingu og nátengdri meðferð á jarðefnum á og í hafsbotni.

Aðilarnir munu og á vettvangi viðeigandi alþjóðastofnunar stuðla að ákvörðun merkjakerfis til notkunar á skipum, er fást við losun.

Article XII

The Contracting Parties pledge themselves to promote, within the competent specialised agencies and other international bodies, measures to protect the marine environment against pollution caused by:

(a) hydrocarbons, including oil, and their wastes;
(b) other noxious or hazardous matter transported by vessels for purposes other than dumping;
(c) wastes generated in the course of operation of vessels, aircraft, platforms and other man-made structures at sea;
(d) radio-active pollutants from all sources, including vessels;
(e) agents of chemical and biological warfare;
(f) wastes or other matter directly arising from, or related to the exploration, exploitation and associated off-shore processing of sea-bed mineral resources.

The Parties will also promote, within the appropriate international organisation, the codification of signals to be used by vessels engaged in dumping.

13. gr.

Ekkert í samningi þessum skal hafa áhrif á hugsanlega bálkun og framþróun hafréttar á hafréttarráðstefnu Sameinuðu þjóðanna, sem kemur saman samkvæmt ályktun Allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna nr. 2750 C (XXV), né kröfur eða lagasjónarmið nokkurs ríkis nú eða í framtíðinni viðvíkjandi hafrétti og eðli og víðáttu lögsögu strandríkja og heimaríkja einstakra skipa. Samningsaðilar eru einhuga um að bera saman bækur sínar á fundi, er stofnunin skal boða til eftir hafréttarráðstefnuna og hvað sem öðru líður eigi síðar en árið 1976 í því skyni að skilgreina eðli og víðáttu réttar og skyldu strandríkja til að beita samningnum á sjávarbelti meðfram ströndum sínum.

Article XIII

Nothing in this Convention shall prejudice the codification and development of the law of the sea by the United Nations Conference on the Law of the Sea convened pursuant to Resolution 2750 C (XXV) of the General Assembly of the United Nations nor the present or future claims and legal views of any State concerning the law of the sea and the nature and extent of coastal and flag State jurisdiction. The Contracting Parties agree to consult at a meeting to be convened by the Organisation after the Law of the Sea Conference, and in any case not later than 1976, with a view to defining the nature and extent of the right and the responsibility of a coastal State to apply the Convention in a zone adjacent to its coast.

14. gr.

1. Ríkisstjórn Bretlands skal sem vörzluaðili samnings þessa kveðja samningsaðila til fundar eigi síðar en þremur mánuðum eftir gildistöku samningsins til að taka ákvarðanir um skipulagsmál.

2. Samningsaðilar skulu tilnefna hæfa stofnun, sem er til á þeim tíma, þegar fundurinn fer fram, til þess að annast skrifstofustörf með tilliti til samnings þessa. Sérhver sá aðili að samningi þessum, sem er ekki jafnframt aðili að þessari stofnun, skal leggja af mörkum viðeigandi skerf vegna kostnaðar stofnunarinnar við að framkvæma þessi skyldustörf.

3. Það skal teljast meðal skrifstofustarfa stofnunarinnar:

a) að kveðja saman viðræðufundi samningsaðila eigi sjaldnar en einu sinni á hverjum tveimur árum, svo og sérstaka fundi aðila, hvenær sem tveir þriðju aðilanna óska;

b) að undirbúa og aðstoða við mótun og framkvæmd reglna þeirra, sem vikið er að í 4. tölulið e) í þessari grein, og þá í samráði við samningsaðila og viðeigandi alþjóðastofnanir;

c) að athuga fyrirspurnir og upplýsingar frá samningsaðilum, ráðgast við þá og viðeigandi alþjóðastofnanir og gera tillögur til aðila um mál, sem samningur þessi tekur ekki sérstaklega til, en eru ekki fjarskyld efni hans;

d) að koma til hlutaðeigandi aðila öllum tilkynningum, sem stofnuninni berast samkvæmt 4. gr. 3. tölulið, 5. gr. 1. og 2. tölulið, 6. gr. 4. tölulið, 15. gr., 20. gr. og 21. gr.

Áður en til tilnefningar stofnunarinnar kemur, skulu störf þessi, eftir því sem nauðsyn ber til, framkvæmd af vörzluaðilanum, sem að þessu leyti skal vera ríkisstjórn Bretlands.

4. Á viðræðufundum eða sérstökum fundum samningsaðila skal framkvæmd

Article XIV

1. The Government of the United Kingdom of Great Britain and Northern Ireland as a depositary shall call a meeting of the Contracting Parties not later than three months after the entry into force of this Convention to decide on organisational matters.

2. The Contracting Parties shall designate a competent Organisation existing at the time of that meeting to be responsible for Secretariat duties in relation to this Convention. Any Party to this Convention not being a member of this Organisation shall make an appropriate contribution to the expenses incurred by the Organisation in performing these duties.

3. The Secretariat duties of the Organisation shall include:

(a) the convening of consultative meetings of the Contracting Parties not less frequently than once every two years and of special meetings of the Parties at any time on the request of two-thirds of the Parties;

(b) preparing and assisting, in consultation with the Contracting Parties and appropriate International Organisations, in the development and implementation of procedures referred to in sub-paragraph (4) (e) of this Article;

(c) considering enquiries by, and information from the Contracting Parties, consulting with them and with the appropriate International Organisations, and providing recommendations to the Parties on questions related to, but not specifically covered by the Convention;

(d) conveying to the Parties concerned all notifications received by the Organisation in accordance with Articles IV (3), V (1) and (2), VI (4), XV, XX and XXI.

Prior to the designation of the Organisation these functions shall, as necessary, be performed by the depositary, who for this purpose shall be the Government of the United Kingdom of Great Britain and Northern Ireland.

4. Consultative or special meetings of the Contracting Parties shall keep under

samnings þessa stöðugt vera til endurskoðunar og má þá m. a.:

a) endurskoða samning þennan og viðaukana við hann og samþykkja breytingar þar á í samræmi við 15. gr.;

b) fara þess á leit við viðeigandi vísindastofnun eða stofnanir, að þær hafi samstarf við aðila eða stofnunina um öll vísindaleg eða tæknileg atriði, er snerta samning þennan, einkum þó efni viðaukanna, og veiti ráð í því sambandi;

c) taka við skýrslum, sem gerðar hafa verið samkvæmt 6. gr. 4. tölulið, og athuga þær;

d) stuðla að samvinnu við svæðisstofnanir, sem láta sig skipta varnir gegn mengun hafsins, svo og samvinnu á milli þeirra;

e) móta eða samþykkja í samráði við viðeigandi alþjóðastofnanir þær aðferðir, sem getur í 5. gr. 2. tölulið og ná m. a. yfir grundvallarreglur til að ákvarða óvenjuleg tilvik og neyðartilvik, svo og aðferðir varðandi samráð og örugga losun efna í slíkum tilvikum, þ. á m. ákvörðun á hentugum losunarsvæðum, en loks gera tillögur viðvíkjandi framangreindu;

f) hugleiða hverjar þær aðgerðir aðrar, sem nauðsynlegar kunna að reynast.

5. Samningsaðilar skulu á fyrsta viðræðufundi sínum setja sér nauðsynleg fundarsköp.

15. gr.

1. a) Á þeim fundum samningsaðila, sem efnt er til samkvæmt 14. gr., má samþykkja breytingar á samningi þessum með atkvæðum tveggja þriðju viðstaddra. Breytingin skal ganga í gildi gagnvart þeim aðilum, er hafa samþykkt hana, á sextugasta degi eftir að tveir þriðju aðila hafa afhent stofnuninni til vörzlu skjal til staðfestu samþykki sínu á breytingunni. Að þeim tíma liðnum skal breytingin ganga í gildi gagnvart sérhverjum öðrum aðila þrjátíu dögum frá þeirri stundu, er hann afhendir samþykktarskjal sitt viðvíkjandi breytingunni til vörzlu.

continuing review the implementation of this Convention and may, **inter alia:**

(a) review and adopt amendments to this Convention and its Annexes in accordance with Article XV;

(b) invite the appropriate scientific body or bodies to collaborate with and to advise the Parties or the Organisation on any scientific or technical aspect relevant to this Convention, including particularly the content of the Annexes;

(c) receive and consider reports made pursuant to Article VI (4).

(d) promote co-operation with and between regional organisations concerned with the prevention of marine pollution;

(e) develop or adopt, in consultation with appropriate International Organisations, procedures referred to in Article V (2), including basic criteria for determining exceptional and emergency situations, and procedures for consultative advice and the safe disposal of matter in such circumstances, including the designation of appropriate dumping areas, and recommend accordingly;

(f) consider any additional action that may be required.

5. The Contracting Parties at their first consultative meeting shall establish rules of procedure as necessary.

Article XV

1. (a) At meetings of the Contracting Parties called in accordance with Article XIV amendments to this Convention may be adopted by a two-thirds majority of those present. An amendment shall enter into force for the Parties which have accepted it on the sixtieth day after two-thirds of the Parties shall have deposited an instrument of acceptance of the amendment with the Organisation. Thereafter the amendment shall enter into force for any other Party 30 days after that Party deposits its instrument of acceptance of the amendment.

b) Stofnunin skal tilkynna öllum samningsaðilum sérhverja beiðni um sérstakan fund samkvæmt 14. gr., svo og sérhverja breytingu, samþykkta á fundum aðila, ásamt deginum, þegar slík breyting gengur í gildi gagnvart hverjum einstökum aðila.

2. Breytingar á viðaukunum grundvallast á vísindalegum eða tæknilegum ástæðum. Skulu breytingar á viðaukunum, samþykktar af tveimur þriðju viðstaddra á fundi, sem kvatt hefur verið til samkvæmt 14. gr., ganga í gildi gagnvart sérhverjum samningsaðila, undireins og stofnuninni er tilkynnt samþykki hans, en gagnvart öllum öðrum aðilum hundrað dögum eftir samþykkt breytinga á fundinum, nema þeir lýsi því yfir fyrir lok hundrað daga frestsins, að þeir geti ekki fallizt á breytingu á þeim tíma. Aðilar skulu leitast við að kunngera stofnuninni samþykki sitt á breytingu, eins fljótt og auðið er eftir samþykkt hennar á fundi. Aðili getur hvenær sem er látið samþykki koma í stað fyrri andmælayfirlýsingar, og skal þá sú breyting, sem var áður andmælt, ganga í gildi gagnvart þeim aðila.

3. Samþykki eða andmælayfirlýsingu samkvæmt þessari grein skal gefa með því að koma skjali þar um í vörzlu hjá stofnuninni. Móttöku slíkra skjala skal stofnunin tilkynna öllum samningsaðilum.

4. Áður en til tilnefningar stofnunarinnar kemur, skal ríkisstjórn Bretlands sem einn vörzluaðila samnings þessa annast um stundarsakir skrifstofustörf þau, sem stofnuninni eru hér falin.

(b) The Organisation shall inform all Contracting Parties of any request made for a special meeting under Article XIV and of any amendments adopted at meetings of the Parties and of the date on which each such amendment enters into force for each Party.

2. Amendments to the Annexes will be based on scientific or technical considerations. Amendments to the Annexes approved by a two-thirds majority of those present at a meeting called in accordance with Article XIV shall enter into force for each Contracting Party immediately on notification of its acceptance to the Organisation and 100 days after approval by the meeting for all other Parties except for those which before the end of the 100 days make a declaration that they are not able to accept the amendment at that time. Parties should endeavour to signify their acceptance of an amendment to the Organisation as soon as possible after approval at a meeting. A Party may at any time substitute an acceptance for a previous declaration of objection and the amendment previously objected to shall thereupon enter into force for that Party.

3. An acceptance or declaration of objection under this Article shall be made by the deposit of an instrument with the Organisation. The Organisation shall notify all Contracting Parties of the receipt of such instruments.

4. Prior to the designation of the Organisation, the Secretarial functions herein attributed to it, shall be performed temporarily by the Government of the United Kingdom of Great Britain and Northern Ireland, as one of the depositaries of this Convention.

16. gr.

Samningur þessi skal á tímabilinu frá 29. desember 1972 til 31. desember 1973 liggja frammi til undirritunar af hálfu allra ríkja í Lundúnum, Mexíkóborg, Moskvu og Washington.

Article XVI

This Convention shall be open for signature by any State at London, Mexico City, Moskow and Washington from 29 December 1972 until 31 December 1973.

17. gr.

Samningur þessi er háður staðfestingu. Skulu staðfestingarskjölin afhent ríkis-

Article XVII

This Convention shall be subject to ratification. The instruments of ratifica-

stjórnum Bandaríkjanna, Bretlands, Mexíkós og Sovétríkjanna til vörzlu.

18. gr.

Eftir 31. desember 1973 skal sérhverju ríki heimilt að gerast aðili að samningi þessum. Aðildarskjölin skulu afhent ríkisstjórnum Bandaríkjanna, Bretlands, Mexíkós og Sovétríkjanna til vörzlu.

19. gr.

1. Samningur þessi skal ganga í gildi á þrítugasta degi eftir afhendingu fimmtánda staðfestingar- eða aðildarskjalsins til vörzlu.
2. Gagnvart sérhverjum samningsaðila, sem staðfestir samninginn eða gerist aðili að honum eftir afhendingu fimmtánda staðfestingar- eða aðildarskjalsins til vörzlu, skal samningurinn ganga í gildi á þrítugasta degi eftir afhendingu hans á staðfestingar- eða aðildarskjali sínu til vörzlu.

20. gr.

Vörzluaðilar skulu tilkynna samningsaðilum:

a) undirritanir undir samning þennan og afhendingu staðfestingar-, aðildar- eða uppsagnarskjala til vörzlu samkvæmt 16., 17., 18. og 21. gr., svo og

b) gildistökudag samnings þessa samkvæmt 19. gr.

21. gr.

Sérhver samningsaðili getur sagt samningi þessum upp og skal tilkynna vörzluaðila það með sex mánaða fyrirvara, en vörzluaðili skal tafarlaust láta alla aðila vita um slíka tilkynningu.

22. gr.

Frumriti samnings þessa, sem er gerður á ensku, frönsku, rússnesku og spænsku með jafngildum textum, skal komið í vörzlu ríkisstjórna Bandaríkjanna, Bretland, Mexíkó, Sovétríkjanna, Bretlands og Norður-Írlands og Bandaríkjanna.

tion shall be deposited with the Governments of Mexico, the Union of Soviet Socialist Republics, the United Kingdom of Great Britain and Northern Ireland, and the United States of America.

Article XVIII

After 31 December 1973, this Convention shall be open for accession by any State. The instruments of accession shall be deposited with the Governments of Mexico, the Union of Soviet Socialist Republics, the United Kingdom of Great Britain and Northern Ireland, and the United States of America.

Article XIX

1. This Convention shall enter into force on the thirtieth day following the date of deposit of the fifteenth instrument of ratification or accession.
2. For each Contracting Party ratifying or acceding to the Convention after the deposit of the fifteenth instrument of ratification or accession, the Convention shall enter into force on the thirtieth day after deposit by such Party of its instrument of ratification or accession.

Article XX

The depositaries shall inform Contracting Parties:

(a) of signatures to this Convention and of the deposit of instruments of ratification, accession or withdrawal, in accordance with Articles XVI, XVII, XVIII and XXI, and
(b) of the date on which this Convention will enter into force, in accordance with Article XIX.

Article XXI

Any Contracting Party may withdraw from this Convention by giving six months' notice in writing to a depositary, which shall promptly inform all Parties of such notice.

Article XXII

The original of this Convention of which the English, French, Russian and Spanish texts are equally authentic, shall be deposited with the Governments of

lands, Mexíkós og Sovétríkjanna, en þær skulu senda öllum ríkjum staðfest eftirrit af því.

ÞESSU TIL STAÐFESTU hafa undirritaðir fulltrúar, með fullu umboði frá ríkisstjórnum sínum, undirritað samning þennan.

GJÖRT í fjórum eintökum í Lundúnum, Mexíkóborg, Moskvu og Washington 29. desember 1972.

Mexico, the Union of Soviet Socialist Republics, the United Kingdom of Great Britain and Northern Ireland and the United States of America who shall send certified copies thereof to all States.

IN WITNESS WHEREOF the undersigned Plenipotentiaries, being duly authorised thereto by their respective Governments have signed the present Convention.

DONE in quadruplicate at London, Mexico City, Moscow and Washington, this twenty-ninth day of December, 1972.

I. VIÐAUKI

1. Lífræn halógensambönd.
2. Kvikasilfur og kvikasilfursambönd.
3. Kadmíum og kadmíumsambönd.
4. Varanleg plastefni og önnur varanleg gerviefni, t. d. net og tóg, sem borizt geta þannig til á eða í sjó, að verulegri röskun valdi á fiskveiðum, siglingum eða öðrum lögmætum notum hafsins.

5. Hráolía, brennsluolía, þykk dísilolía, smurningsolíur, drifvökvar og allar blöndur einhverra framangreindra efna, enda séu þau sett um borð í losunartilgangi.
6. Úrgangsefni eða önnur efni, sem eru geislavirk í ríkum mæli og viðeigandi alþjóðastofnun á þessu sviði, nú sem stendur Alþjóðakjarnorkumálastofnunin, hefur metið óhæf til losunar vegna hættu fyrir heilsu manna eða af líffræðilegum eða öðrum ástæðum.
7. Efni, framleidd til notkunar í líffræðilegum eða efnafræðilegum hernaði, og þá án tillits til þess, í hvaða formi þau koma fyrir, t. d. föst efni, fljótandi, seigfljótandi, loftkennd eða kvik.
8. Framangreindir töluliðir þessa viðauka taka ekki til efna, sem verða fljótt skaðlaus fyrir sakir eðlisfræðilegra, efnafræðilegra eða líffræðilegra breytinga í hafinu, svo framarlega sem þau:
   i) gera ekki ætt sjávarmeti bragðvont eða
   ii) stofna ekki heilsu manna eða húsdýra í hættu.

Ef vafi leikur á skaðleysi efnis, skal aðili

ANNEX I

1. Organohalogen compounds.
2. Mercury and mercury compounds.
3. Cadmium and cadmium compounds.
4. Persistent plastics and other persistent synthetic materials, for example, netting and ropes, which may float or may remain in suspension in the sea in such a manner as to interfere materially with fishing, navigation or other legitimate uses of the sea.
5. Crude oil, fuel oil, heavy diesel oil, and lubricating oils, hydraulic fluids, and any mixtures containing any of these, taken on board for the purpose of dumping.
6. High-level radio-active wastes or other high-level radio-active matter, defined on public health, biological or other grounds, by the competent international body in this field, at present the International Atomic Energy Agency, as unsuitable for dumping at sea.
7. Materials in whatever form (e.g. solids, liquids, semi-liquids, gases or in a living state) produced for biological and chemical warfare.

8. The preceding paragraphs of this Annex do not apply to substances which are rapidly rendered harmless by physical, chemical or biological processes in the sea provided they do not:
   (i) make edible marine organisms unpalatable, or
   (ii) endanger human health or that of domestic animals.

The consultative procedure provided for

fara þær samráðsleiðir, sem 14. gr. gerir ráð fyrir.

9. Þessi viðauki tekur ekki til úrgangsefna eða annarra efna, t. d. holræsaeðju og botnskrans, ef þau hafa að geyma sem snefilefni þau efni, sem getið er í 1.—5. tölulið hér að ofan. Um slík úrgangsefni skulu ákvæði II. og III. viðauka gilda, eftir því sem við á.

under Article XIV should be followed by a Party if there is doubt about the harmlessness of the substance.

9. This Annex does not apply to wastes or other materials (e.g. sewage sludges and dredged spoils) containing the matters referred to in paragraphs 1—5 above as trace contaminants. Such wastes shall be subject to the provisions of Annexes II and III as appropriate.

II. VIÐAUKI

Eftirtalin efni og hlutir, þar sem sérstakrar varkárni um meðferð er þörf, eru greind með tilliti til 6. gr. 1. töluliðs a).

A. Úrgangsefni, sem hafa að geyma töluvert magn neðantalinna efna, en þau eru:

arsenik, blý, eir, sink } og sambönd þessara efna

lífræn kísilsambönd
sýaníð
flúoríð
skordýraeitur og annað vágestaeitur ásamt aukaefnum, enda komi I. viðauki ekki til greina hér.

B. Við útgáfu leyfa til losunar mikils magns af sýrum og lút skal taka tillit til þess, að í slíkum úrgangsefnum kunna að leynast þau efni, sem talin eru í A-lið, og þar að auki eftirfarandi efni:

beryllíum, króm, nikkel, vanadíum } og sambönd þessara efna

C. Gámar, brotamálmar og önnur fyrirferðarmikil úrgangsefni, sem hafna fyrirsjáanlega á hafsbotni og kunna að verða til mikils trafala við fiskveiðar og siglingar.

D. Geislavirk úrgangsefni eða önnur geislavirk efni, sem I. viðauki tekur ekki til. Við útgáfu leyfa til losunar þessara efna skulu samningsaðilar taka fullt tillit til tillagna viðeigandi alþjóðastofnunar á þessu sviði, að svo stöddu Alþjóðakjarnorkumálastofnunarinnar.

ANNEX II

The following substances and materials requiring special care are listed for the purposes of Article VI (1) (a).

A. Wastes containing significant amounts of the matters listed below:

arsenic, lead, copper, zinc } and their compounds

organosilicon compounds
cyanides
fluorides
pesticides and their by-products not covered in Annex I.

B. In the issue of permits for the dumping of large quantities of acids and alkalis, consideration shall be given to the possible presence in such wastes of the substances listed in paragraph A and to the following additional substances:

beryllium, chromium, nickel, vanadium } and their compounds

C. Containers, scrap metal and other bulky wastes liable to sink to the sea bottom which may present a serious obstacle to fishing or navigation.

D. Radio-active wastes or other radio-active matter not included in Annex I. In the issue of permits for the dumping of this matter, the Contracting Parties should take full account of the recommendations of the competent international body in this field, at present the International Atomic Energy Agency.

III. VIÐAUKI

Með skírskotun til 4. gr. 2. töluliðs skal tekið fram, að athugunaratriði við mótun reglna um útgáfu leyfa til losunar efna í hafið skulu m. a. vera:

A. Sérkenni og samsetning efna

1. Heildarmagn og venjuleg samsetning efna, sem losuð eru, t. d. á ári hverju.
2. Form, t. d. fast, leðjukennt, fljótandi eða loftkennt.
3. Eiginleikar: eðlisfræðilegir, t. d. uppleysanleiki og eðlisþyngd, efnafræðilegir og lífefnafræðilegir, t. d. súrefnisþörf og næringarsölt, og líffræðilegir, t. d. veiru-, gerla-, gersveppa- eða sníklaburður.
4. Eiturstyrkleiki.
5. Varanleiki: eðlisfræðilegur, efnafræðilegur og líffræðilegur.
6. Samsöfnun og líffræðileg ummyndun í lífefnum eða setlögum.
7. Næmleiki fyrir eðlisfræðilegum, efnafræðilegum og lífefnafræðilegum breytingum og gagnverkun við önnur uppleyst lífræn og ólífræn efni í hafinu og gæðum þess.
8. Líkur á því að valda skemmdum eða öðrum breytingum, er draga úr söluhæfni auðæfa hafsins, t. d. fisks og skeldýra.

B. Sérkenni losunarstaðar og losunaraðferð

1. Staður, t. d. hnit (kóordínatar) losunarsvæðis, dýpi og fjarlægð frá strönd, og afstaða til annarra svæða, t. d. þokkafullra svæða, hrygningar- og uppeldisstöðva, fiskimiða og vinnslusvæða nýtanlegra auðæfa.
2. Losunarhraði á ákveðnu tímabili, t. d. magn á dag, viku eða mánuði.
3. Pökkunar- og geymsluaðferðir, ef einhverjar eru.
4. Upphafsþynning, framkvæmd með fyrirhugaðri losunaraðferð.
5. Sérkenni dreifingar, t. d. áhrif strauma, sjávarfalla og vinda á láréttan tilflutning og lóðrétta blöndun.
6. Eiginleikar sjávar, t. d. hitastig, sýrustig (pH-gildi), selta, lagskipting, breytingar á súrefni vegna mengunar — uppleyst súrefni (DO), efnafræðileg súrefnis-

ANNEX III

Provisions to be considered in establishing criteria governing the issue of permits for the dumping of matter at sea, taking into account Article IV (2), include:

A. Characteristics and composition of the matter

1. Total amount and average composition of matter dumped (e.g. per year).
2. Form, e.g. solid, sludge, liquid, or gaseous.
3. Properties: physical (e.g. solubility and density), chemical and biochemical (e.g. oxygen demand, nutrients) and biological (e.g. presence of viruses, bacteria, yeasts, parasites).
4. Toxicity.
5. Persistence: physical, chemical and biological.
6. Accumulation and biotransformation in biological materials or sediments.
7. Susceptibility to physical, chemical and biochemical changes and interaction in the aquatic environment with other dissolved organic and inorganic materials.
8. Probability of production of taints or other changes reducing marketability of resources (fish, shellfish, etc.).

B. Characteristics of dumping site and method of deposit

1. Location (e.g. co-ordinates of the dumping area, depth and distance from the coast), location in relation to other areas (e.g. amenity areas, spawning, nursery and fishing areas and exploitable resources).
2. Rate of disposal per specific period (e.g. quantity per day, per week, per month).
3. Methods of packaging and containment, if any.
4. Initial dilution achieved by proposed method of release.
5. Dispersal characteristics (e.g. effects of currents, tides and wind on horizontal transport and vertical mixing).
6. Water characteristics (e.g. temperature, pH, salinity, stratification, oxygen indices of pollution — dissolved oxygen (DO), chemical oxygen demand (COD),

þörf (COD) og lífefnafræðileg súrefnisþörf (BOD) — köfnunarefni í formi lífrænna efna og jarðefna, þ. á m. ammoníaks, svif, önnur næringarefni og framleiðni.
7. Sérkenni botns, t. d. botnlögun, jarðefnafræðileg og jarðfræðileg einkenni og líffræðileg framleiðni.

8. Fyrri losanir á losunarsvæðinu, ef einhverjar eru, og áhrif þeirra, t. d. svörun þungra málma og magn lífræns kolefnis.
9. Við útgáfu losunarleyfis skulu samningsaðilar athuga, hvort nægilega traustur vísindalegur grundvöllur sé fyrir hendi til að meta afleiðingar losunarinnar í samræmi við ákvæði þessa viðauka, enda séu árstíðabreytingar hafðar í huga.

C. Almenn athugunaratriði og skilyrði

1. Hugsanleg áhrif á þokkafull svæði, en hér koma t. d. til álita reköld eða reki, grugg, ógeðfelld lykt, upplitun og froðumyndun.
2. Hugsanleg áhrif á lífið í hafinu, fiski- og skeldýrarækt, fiskistofna og fiskveiðar, vinnslu og ræktun þangs og þara.
3. Hugsanleg áhrif á önnur not hafsins, t. d. minni gæði vatns til iðnaðarþarfa, tæring mannvirkja undir yfirborði sjávar, tálmanir á starfrækslu skipa vegna rekalda, svo og á fiskveiðum eða siglingum, vegna þess að úrgangsefnum eða föstum hlutum er búinn staður á hafsbotni, og loks verndun svæða, sem eru sérlega mikilvæg í vísindalegu eða friðunarlegu tilliti.
4. Raunhæf tök á að grípa til annarra ráða til að meðhöndla efni, finna þeim samastað eða eyða á landi ellegar draga úr skaðsemi þeirra fyrir losun í hafið.

biochemical oxygen demand (BOD) — nitrogen present in organic and mineral form including ammonia, suspended matter, other nutrients and productivity).

7. Bottom characteristics (e.g. topography, geochemical and geological characteristics and biological productivity).
8. Existence and effects of other dumpings which have been made in the dumping area (e.g. heavy metal background reading and organic carbon content).
9. In issuing a permit for dumping, Contracting Parties should consider whether an adequate scientific basis exists for assessing the consequences of such dumping, as outlined in this Annex, taking into account seasonal variations.

C. General considerations and conditions

1. Possible effects on amenities (e.g. presence of floating or stranded material, turbidity, objectionable odour, discolouration and foaming).
2. Possible effects on marine life, fish and shellfish culture, fish stocks and fisheries, seaweed harvesting and culture.
3. Possible effects on other uses of the sea (e.g. impairment of water quality for industrial use, underwater corrosion of structures, interference with ship operations from floating materials, interference with fishing or navigation through deposit of waste or solid objects on the sea floor and protection of areas of special importance for scientific or conservation purposes).
4. The practical availability of alternative land-based methods of treatment, disposal or elimination, or of treatment to render the matter less harmful for dumping at sea.

Ed. 619. Frumvarp til laga [245. mál]

um breyting á lögum nr. 3 12. apríl 1878 um skipti á dánarbúum og félagsbúum o. fl.

(Lagt fyrir Alþingi á 93. löggjafarþingi, 1972—1973.)

1. gr.

Undirfyrirsagnir I. og II. í 8. kapítula B. falli niður.

2. gr.

82. gr. orðist þannig:

Á undan öllum öðrum skuldum búsins ganga, sbr. þó 83. gr. 3. mgr.:

1. Útfararkostnaður hins framliðna eftir reikningi, sem skiptaráðandi úrskurðar.
2. Skiptakostnaður, þó ekki skiptagjöld í ríkissjóð.
3. Kröfur stofnaðar eftir upphaf skipta með löglegum samningum, sem skiptaráðandi eða aðrir umráðamenn búsins gera fyrir þess hönd.

3. gr.

83. gr. orðist þannig:

Næstar kröfum skv. 82. gr. ganga veðtryggðar kröfur og kröfur tryggðar með öðrum tryggingarréttindum í búinu.

Fjármuni í búinu, sem aðrir eiga tryggingarréttindi í, skal selja á löglegan hátt eftir ráðstöfun skiptaráðanda og greiða rétthafa af andvirði eignarinnar, en afgangur rennur saman við aðrar eignir í búinu. Um forgang einstakra rétthafa fer að lögum, en kröfur tryggðar með sjálfsvörzluveði í lausafé og almennu lögveði koma í kröfuröð eftir þinglýsingarreglum með sama hætti og aðrar veðkröfur, sem þær reglur skipa í röð. Óþinglýstar kröfur tryggðar með almennu lögveði ganga á eftir öðrum kröfum eftir þessari grein.

Kröfur skv. 82. gr. 2. og 3. liðum ganga fyrir kröfum skv. þessari grein að því leyti, sem þær að öllu eða nokkru snerta hin óbeinu eignarréttindi.

4. gr.

84. gr. orðist þannig:

Næstar kröfum skv. 82. og 83. gr. ganga að réttri tiltölu við fjárhæð hverrar kröfu:

1. Kröfur um laun og annað endurgjald fyrir vinnu í þjónustu hins látna, sem fallið hafa í gjalddaga síðasta árið fyrir andlátið.
2. Bótakröfur vegna uppsagnar vinnusamnings eftir upphaf skipta eða á síðasta árinu fyrir upphaf skipta.
3. Kröfur til orlofsfjár vegna launa, sem unnið hefur verið fyrir á orlofsárinu fyrir upphaf skipta og á yfirstandandi orlofsári.
4. Kröfur eftir 1.—3. tölul. fyrir lengri tíma en þar greinir, ef mál hefur verið höfðað þeirra vegna gegn hinum látna eða félagi, þar sem hann ber ótakmarkaða ábyrgð, innan árs frá gjalddaga og dómur hefur gengið á síðustu tveimur mánuðum fyrir upphaf skipta eða síðar.
5. Kröfur í bú þeirra, sem hafa sem opinberir sýslunarmenn með sjálfstæða fégæzlu fengið í sínar vörzlur fé annarra, enda sé um kröfu til slíks fjár að ræða.
6. Kröfur maka, fyrrverandi maka og barna til lífeyris og meðlags síðasta árið fyrir upphaf skipta, enda séu greiðslur þessar ákveðnar með yfirvaldsúrskurði, þar á meðal staðfestum skilnaðarsamningi, þær fáist ekki greiddar frá Tryggingastofnun ríkisins og séu ekki ósanngjarnar miðað við aðstæður, þegar þær voru ákveðnar.
7. Sanngjörn þóknun eftir úrskurði skiptaráðanda fyrir störf unnin síðasta árið fyrir upphaf skipta vegna tilrauna til nauðasamninga eða frjálsra samninga, sem líklegir voru til að koma nýrri skipan á fjármál hins látna, svo og annar nauðsynlegur kostnaður við slíkar tilraunir.

5. gr.

85. gr. orðist þannig:

Þegar lokið er öllum skuldum skv. 82.—84. gr., skal verja því, sem eftir er af fé búsins, til að greiða allar aðrar skuldir þess að réttri tiltölu við upphæð hverrar skuldar, sbr. þó 86. gr.

6. gr.

86. gr. orðist þannig:

Þegar lokið er öllum skuldum skv. 82.—85. gr., skal greiða í neðantalinni röð:

1. Kröfur um vexti, sem á hafa fallið eftir upphaf skipta, nema vexti af kröfum skv. 82. gr.

2. Kröfur um refsingar eða refsikennd viðurlög, þ. á m. skattsektir, ef slíkar kröfur verða heimtar úr búinu, svo og kröfur um févíti einkaréttarlegs eðlis, nema í þeim mæli, sem í þeim felast skaðabætur.

3. Gjafakröfur.

7. gr.

87. gr. orðist þannig:

Við framsal eða önnur aðilaskipti að kröfu fylgja réttindi í búinu skv. 82.—86. gr., nema um sé að ræða kröfu skv. 84. gr. 6. tölul., sem opinber aðili hefur eignazt. Nú greiðir samskuldari bús kröfu, og fer þá um framkröfu hans á hendur búinu með sama hætti og kröfuna, sem greidd var, en þó rýrir það ekki sjálfstæð tryggingarréttindi, sem samskuldari á.

8. gr.

88. og 89. gr. falli niður.

9. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1974.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í júnímánuði 1972 fól forsætis- og dómsmálaráðherra Ólafur Jóhannesson prófessor Þór Vilhjálmssyni að vinna að endurskoðun löggjafarinnar um skipti. Skyldi fyrst unnið að endurskoðun gjaldþrotaskiptalaganna. Í samráði við dómsmálaráðuneytið hefur það orðið að ráði, að taka reglurnar um skuldaröð út úr og breyta þeim fyrr en öðrum reglum skiptalöggjafarinnar.

Frumvarp þetta hefur prófessorinn samið í samræmi við framanritað og fylgdi því svo hljóðandi

Greinargerð.

Lögð hafa verið drög að því, að fram fari á næstunni endurskoðun löggjafarinnar um skipti, og mun fyrst unnið að athugun á reglunum um gjaldþrotaskipti. Frumvarp til nýrra gjaldþrotaskiptalaga er enn ekki tilbúið, en í nánum tengslum við gjaldþrotareglurnar eru lagaákvæðin um röð krafna (skuldaröð, forgangskröfur). Þessar reglur eru ekki í núgildandi gjaldþrotaskiptalögum nr. 25/1929 heldur í skiptalögum nr. 3/1878. Liggja til þess sögulegar ástæður. Reglurnar um skuldaröð eru úreltar, og er brýnni ástæða til að breyta þeim en flestum öðrum reglum skiptalöggjafarinnar. Hefur þess vegna þótt vera ástæða til að ráðast nú þegar í endurskoðun þeirra, áður en breytt er öðrum skiptareglum.

Réttarfarsreglur í íslenzkum lögum, sem lengi voru dreifðar og ófullkomnar, voru endurskoðaðar á árunum 1878—1951. Hófst það starf með setningu hinna almennu skiptalaga og lauk 73 árum síðar, þegar sett voru lög um meðferð opinberra mála. Réttarfarslög þau, sem sett voru á síðasta fjórðungi 19. aldar, voru samin eftir dönskum fyrirmyndum, en í grundvallarlögum Dana frá 1849 var mælt fyrir

um endurskoðun réttarfarslöggjafar. Dróst framkvæmd þess að vísu mjög, því að hin almennu dönsku réttarfarslög voru ekki samþykkt fyrr en 1916, en nokkur lög um afmörkuð efni voru þó sett miklu fyrr. Urðu þau Íslendingum fyrirmynd að skiptalögum (1878), svo sem fyrr segir, lögtakslögum (1885), aðfararlögum (1887) og gjaldþrotaskiptalögum (1894). Ný löggjöf leysti síðastnefndu lögin af hólmi 1929, en hin lögin eru enn í gildi með óverulegum breytingum. Þau lög frá 19. öld, sem nú voru nefnd, voru í upphafi vel vönduð, en eiga nú að ýmsu leyti verr við, svo sem vænta má um svo gamla löggjöf. Endurskoðun þeirra er ekki auðveld, þar sem efnið er vandasamt frá lögfræðilegu sjónarmiði, en æskilegt er að koma henni fram á fáum árum.

Í Danmörku voru gjaldþrotaskiptalög sett á undan almennum skiptalögum, og voru reglurnar um skuldaröð hafðar í fyrri lögunum þar í landi og eru þar enn. Á Íslandi var þessu öfugt farið, en um skuldaröðina voru sett ákvæði í eldri lögin, þ. e. almennu skiptalögin, og þar eru þau enn. Reglur þessar gilda um skipti á sumum dánarbúum (skuldafrágöngubúum) og þrotabúum, og þær geta einnig skipt máli við skipti á eignum félaga við félagsslit og við úthlutun uppboðsandvirðis án búskipta. Efni reglnanna mótast af viðhorfum fyrri tíma, og mun ekki leika á tveimur tungum, að æskilegt er að breyta þeim verulega að áliti flestra, sem um þessi mál fjalla.

Meginefni gildandi reglna um skuldaröð má segja, að sé þetta: Úr búum er fyrst greiddur útfararkostnaður, skiptakostnaður og skiptalaun, en til skiptakostnaðar eru taldar kröfur, sem stofnað er til af búinu, t. d. vegna framhalds atvinnurekstrar. Næst koma veðskuldir. Síðan koma ýmsar svonefndar forgangskröfur, sem í 83. gr. skiptalaganna eru flokkaðar í 3 aðalflokka, en einum þeirra er skipt í 5 undirflokka. Í fyrsta flokki eru kröfur vegna fjárhalds á opinberum vegum. Í öðrum flokki eru leigukröfur, skattakröfur og launakröfur skv. nánari ákvæðum í lagagreininni. Eru þetta algengar kröfur, sem oft hafa úrslitaáhrif á það, hverja úrlausn aðrir kröfuhafar fá. Í þriðja flokki forgangskrafna skv. 83. gr. skiptalaganna eru kröfur vegna lyfjakaupa og læknishjálpar. Eftir þetta koma kröfur tryggðar með sjálfsvörzluveði í lausafé og svonefndu almennu lögveði, sem er sjaldgæfur tryggingarréttur. Þá koma almennar kröfur, aðrar en gjafakröfur, sem eru flokkaðar síðastar. — Það eru einkum ákvæði 83. gr. núgildandi skiptalaga, sem þarfnast endurskoðunar. Að auki er ástæða til að kanna nokkur önnur ákvæði, m. a. um stöðu krafna, sem tryggðar eru með þeim veðtegundum, sem nú skipa þeim á eftir forgangskröfum eftir 83. gr. Mikilvægasta breytingin, sem þetta frumvarp felur í sér, er fækkun þeirra krafna, sem teljast til forgangskrafna. Er m. a. lagt til, að skattakröfur og leigukröfur verði hér eftir almennar kröfur, svo sem nánar er rökstutt í athugasemdum við einstakar greinar frumvarpsins. Þá er enn fremur lagt til, að aukinn verði réttur krafna, sem tryggðar eru með sjálfsvörzluveði í lausafé og almennu lögveði og þær settar á bekk með venjulegum samningsveðtryggðum kröfum.

Þess er að geta, að nefnd starfaði í Danmörku að endurskoðun laga um gjaldþrotaskipti og nauðasamninga á árunum 1958—1971. Gaf hún út tvö efnismikil álit, sem prentuð voru 1966 og 1971. Hið fyrra snýst um breytingar á reglunum um skuldaröð, og leiddi það til lagabreytinga um það efni 1969. Í síðara álitinu er frumvarp til nýrra gjaldþrotaskiptalaga, sem enn hefur ekki verið lagt fram í þjóðþingi Dana. Í Noregi starfaði nefnd að endurskoðun laga um sömu efni 1953—1972. Hún gaf út tvö ýtarleg álit, 1961 oð 1972. Eins og í Danmörku snýst hið fyrra um breytingar á reglunum um skuldaröð, og leiddi það til lagasetningar 1963. Í síðara álitinu eru 3 frumvörp: um nauðasamninga og gjaldþrot, um greiðslurétt kröfuhafa og loks um gildistöku breytinga á öðrum lögum o. fl. Frumvörp þessi hafa enn ekki verið lögð fyrir Stórþingið. Í Svíþjóð hefur sérstök lagastofnun („lagberedningen") fjallað um þessi efni, og komu út á árunum 1968—1970 þrjú álit á stofnunarinnar vegum. Ein þessara álitsgerða („Utsökningsrätt IX") er um forgangskröfur, og leiddi hún til lagasetningar um skuldaröð í Svíþjóð 1970. Í Finnlandi starfaði sérstök nefnd að endurskoðun laga um gjaldþrotaskipti á árunum 1956—1969. Nefnd þessi lauk ekki

störfum, og er nú unnið að þessu máli í lagastofnun, sem starfar í Finnlandi með svipuðum hætti og í Svíþjóð. — Á árunum 1960—1968 voru haldnir nokkrir norrænir fundir um þessi efni, en af Íslands hálfu var ekki um að ræða þátttöku í þeim. Norrænu lögin og álitsgerðirnar hafa verið hafðar til hliðsjónar við samningu þessa frumvarps, fyrst og fremst dönsku og norsku gögnin, enda hafa reglurnar á þessu sviði í þeim löndum um aldabil verið svipaðar reglum hérlendis.

Athugasemdir við einstakar greinar.

Um 82. gr. — Ekki er um að ræða verulega breytingu frá efni 82. gr. núgildandi skiptalaga um annað en það, að lagt er til, að skiptagjöld í ríkissjóð verði almenn krafa, en krafan um greiðslu þessara gjalda er nú forgangskrafa. Skiptagjöld eru nú 3% af brúttóeign bús skv. 9. gr. laga nr. 104/1965 um aukatekjur ríkissjóðs. Fyrir þessari breytingu eru sömu rök og fyrir því að fella skattkröfur almennt niður sem forgangskröfur, og er um þessi rök rætt í athugasemdum við 84. gr. — Nokkrar orðalagsbreytingar eru gerðar. Til þess er ætlazt, að skiptalaun falli undir skiptakostnað, og þykir ekki vera ástæða til að nefna þau sérstaklega eins og gert er í lögunum frá 1878. Þá þykir vera óeðlilegt að nota orðið skiptakostnað um þær kröfur, sem nefndar eru í 3. tölulið („massakröfur"), og er því sérstakur töluliður hafður um þær.

Um 83. gr. — Í skiptalögunum frá 1878 er 8. kapítula B, sem þetta frv. fjallar um breytingar á, skipt í tvo hluta: I. og II. Hinn fyrri (82.—85. gr.) ber fyrirsögnina: „Um niðurröðun skulda þeirra, er lúkast eiga úr búinu sem heild.". Hinn síðari (86.—89. gr.) kallast: „Um rétt þeirra skuldheimtumanna, er hafa tryggingu fyrir greiðslu skulda sinna í einstökum hlutum eða réttindum, sem eru eign búsins". Í þessu felst, að ekki er um samfellda lýsingu kröfuraðarinnar að ræða í lögunum, heldur eru tryggingarréttindi höfð sér. Þetta er að sönnu ekki stórt atriði, og má hugsa sér að fjalla alls ekki um tryggingarréttindi í skiptalögunum, heldur gera ráð fyrir, að skýra verði lögin með samanburði við veðreglur og skyld ákvæði. Til yfirlits er þó gleggst að hafa sem mest af reglunum um skuldaröð saman, og sýnist ástæðulaust að hafa þá tviskiptingu, sem verið hefur og lýst var.

Grein þessi kemur í stað alls II. hluta 8. kapítula B, eins og hann er nú. Gerð er tillaga um verulega efnisbreytingu, þ. e. aukin tryggingarréttindi þeirra, sem eiga kröfur tryggðar með sjálfsvörzluveði í lausafé eða almennu lögveði. Nú koma slíkar kröfur í skuldaröð á eftir þeim forgangskröfum, sem lagt er til, að hin nýja 84. gr. fjalli um, en 83. gr. núgildandi laga geymir fyrirmæli um, sbr. 84. og 89. gr. laga nr. 3/1878. Astæðan til þess, að sjálfsvörzluveði í lausafé hefur verið skipað í kröfuröð á eftir öðrum forgangskröfum er sú, að talin hefur verið hætta á misnotkun þessarar veðsetningaraðferðar til undanskots eigna og ívilnunar einstakra kröfuhafa. Í raun eru ýmsir lausafjármunir mikið notaðir til veðsetninga, t. d. bifreiðar, og er ástæða til að taka tillit til þeirrar staðreyndar. Jafnframt sýnist mega telja, að ástæðulaust sé að amast við þessari tegund veðsetninga og því rétt að skipa þeim að fullu á bekk með fasteignaveði, svo sem hér er lagt til, enda sé gætt þeirra ströngu reglna um þinglýsingu innan tiltekins frests, sem um ræðir í 7. gr. veðlaga nr. 18/1887. Um samningsbundið veð í heildarsafni muna, sem heimilað er í 4. gr. laga nr. 18/1887 og nefnt í núgildandi 84. gr. laga nr. 3/1887, fer eftir þessari grein. Hið almenna lögveð, sem nefnt er í tillögugreininni, er veð í öllum eignum veðþola, og er það einkum heimilað til tryggingar kröfum ríkissjóðs á hendur gjaldheimtumönnum sínum og yfirfjárráðendum, til tryggingar arfi skv. þinglýstum skiptaútdrætti og til tryggingar skuldum vegna framfærslustyrks. Þessar kröfur eiga skv. núgildandi reglum að ganga á eftir forgangskröfum, sem taldar eru í 83. gr. laga nr. 3/1878, svo sem launum og sköttum. Ástæða þykir vera til að fara með þær eins og venjulegar veðkröfur, þó þannig, að þær gangi á eftir öðrum kröfum, sem tillögugreinin fjallar um, ef þeim er ekki þinglýst.

Um 84. gr. — Í þessari frumvarpsgrein eru aðalbreytingarnar, sem í frumvarpinu felast. Fyrst mun lýst efni greinarinnar, en síðan mun verða vikið að forgangskröfum skv. skiptalögunum frá 1878, sem lagt er til, að brott falli.

Í 1. tölul. er lagt til, að launakröfur verði forgangskröfur, og er það ekki ný regla. Orðalag er haft almennara en nú er, enda hefur verið tilhneiging til að skýra gildandi ákvæði rúmt hér á landi. Annað endurgjald fyrir vinnu en peningagreiðslur fellur undir töluliðinn, t. d. laun, sem greiða átti í fríðu. Hugsanlegt er, að samningar þar að lútandi hafi skapað eignarrétt, en þar með er launamóttakandinn kominn í sérstaka aðstöðu. Er krafa hans þá utan skuldaraðar, og getur hann fengið tiltekna muni afhenta úr búinu. Ella myndu launin vera metin til peninga og greidd eftir þessu ákvæði. Það getur valdið verulegri röskun á hagsmunum annarra kröfuhafa, ef engin takmörk eru sett við greiðslu gamalla launakrafna sem forgangskrafna. Í lögunum frá 1878 er forgangsrétturinn þess vegna takmarkaður við launakröfur „fyrir síðasta árið". Þessu er haldið í frumvarpsgreininni, þó þannig, að miðað skuli vera við gjalddaga en ekki tímann, þegar unnið var. Á hinum Norðurlöndunum er yfirleitt miðað við 6 mánuði og launakröfur manna, sem hafa stjórnað fyrirtækjum, er verða gjaldþrota, eru ekki forgangskröfur. Hið sama gildir þar um launakröfur þeirra, sem eru í nánum fjölskyldutengslum við stjórnendur fyrirtækjanna eða eru sjálfir eigendur. Í íslenzkum rétti hefur ekki verið um ákvæði af þessu tagi að ræða, og er ekki lagt til, að þau verði tekin upp. — Þess skal getið, að Norðurlandaráð hefur gert ályktanir um ráðstafanir til að tryggja launakröfur í þrotabúum. Í ályktun nr. 12/1970, sem samþykkt var með 35 atkvæðum gegn 33 á þingi Norðurlandaráðs, er lagt til, að launakröfur séu forgangskröfur og gangi jafnvel á undan veðkröfum. Á þessari tillögu er ekki byggt í þeim frumvörpum, sem nýlega hafa verið birt í Danmörku og Noregi. Í ályktun nr. 30/1971 er skorað á ríkisstjórnir Norðurlanda, að koma á „fullnægjandi launaábyrgðarkerfi í gjaldþrotabúum". Þótt hér á landi verði settur upp kaupábyrgðasjóður í samræmi við þessa Norðurlandaráðsályktun, er ekki ástæða til að fella niður úr skiptalögunum ákvæði um forgangsrétt launakrafna.

Í 2. tölulið ræðir um bótakröfur vegna uppsagnar vinnusamnings, en slíkar kröfur geta stofnazt til dæmis vegna þess, að atvinnustarfsemi sé skyndilega hætt vegna andláts eða gjaldþrots. Geta kröfur um bætur vegna slíkra atvika verið jafntengdar persónulegum högum launþega og launakröfur, svo að rétt þykir að láta gilda um þær sömu reglur.

Í 3. tölulið ræðir um kröfur til orlofsfjár. Í lögum um orlof nr. 87/1971 7. gr. 4. mgr. segir, að krafa um greiðslu orlofsfjár sé forgangskrafa eins og launakröfur eftir 83. gr. skiptalaga. Rétt þykir að hafa þetta ákvæði í skiptalögunum sjálfum, og er það því sett hér, en ekki hefur þótt vera ástæða til að fella það jafnframt niður úr orlofslögunum. Tímamörk eru gerð glögg.

Í 4. tölulið er heimilað, að þær kröfur séu forgangskröfur, sem stofnazt hafa með sama hætti og kröfur eftir 1. — 3. töluliðum, þó að þær séu eldri en svo, að þær falli undir þessa tölulið. Á þetta við, ef ekki verður talið, að atvik, sem launþegi hafði á valdi sínu, hafi valdið töfum á innheimtu launa, svo sem nánar segir í tillögugreininni.

Í 5. tölulið er ákvæði, sem að efni til svarar til a-liðar í 83. gr. skiptalaganna frá 1878. Sumar af kröfum þeim, sem hér eru nefndar, eru nú tryggðar með almennu lögveði, en á því getur orðið breyting. Aðrar kröfur, sem undir þennan tölulið falla, eru ekki tryggðar með slíku veði, t. d. kröfur skjólstæðinga lögmanna til fjár, sem þeir varðveita fyrir þá. Nokkur vafi kann að vera um réttmæti þess að halda efni þessa töluliðs í lögum. Þó verður að telja æskilegt, að hið sérstaka trúnaðarsamband milli opinberra sýslunarmanna og almennings geti haldizt sem truflanaminnst, og er ákvæðinu ætlað að stuðla að því. Þá er þess einnig að geta, að geymsla fjár er sérstæð og verður ekki jafnað til skulda, þar sem ekki er til þess ætlazt, að um neina sérgreiningu sé að ræða frá eignaheild skuldara. Hefur af þessum sökum verið gerð tillaga um að halda efni þessa töluliðar í lögum, og er það önnur niðurstaða en varð í Danmörku.

Í 6. tölulið er lagt til, að kröfur til lífeyris og meðlags verði forgangskröfur með þar tilgreindum takmörkunum. Þessar kröfur eru ekki forgangskröfur nú, og er það að sönnu nokkuð andstætt meginstefnu þessa frumvarps að tjölga forgangskröfum. Þó að kröfur þessar hafi lögtaksrétt, er reynslan hér á landi sú, að erfiðleikar á innheimtu valda oft maka og stundum börnum erfiðleikum, þó að meðlag fáist að vissu marki greitt frá Tryggingastofnun ríkisins sem kunnugt er. Það er vafalítið almennt álit, að hóflegar meðlags- og lífeyriskröfur eigi forgangsrétt skilinn, og af þeim sökum hefur þetta ákvæði verið sett í frumvarpið. Geta má þess, að því var hafnað í Danmörku að veita kröfum sem þessum forgangsrétt, og í álitsgerð norsku gjaldþrotanefndarinnar, sem fyrr er nefnd og út kom 1972, er lagt til, að felld verði úr lögum regla þessa efnis, sem sett var þar í landi 1963.

Í 7. tölulið er eftir fyrirmynd frá Danmörku lagt til, að þóknun fyrir tilraunir til að koma skipan á fjármál hins látna (og þá jafnframt þrotamanna) sé forgangskrafa með nánar tilteknum hætti. Reglan myndi í raun aðallega skipta máli í þrotabússkiptum. Alkunnugt er, að oft eru gerðar allumfangsmiklar tilraunir til að koma á frjálsum nauðasamningum eða gera svipaðar ráðstafanir, og kann að vera vafi á, hvort þóknun fyrir það er forgangskrafa. Nauðsynlegt kann og að vera að stofna til annars kostnaðar við slíkar tilraunir. Rétt þykir að stuðla að slíkum ráðstöfunum með því ákvæði, sem hér um ræðir.

Eins og fyrr segir felst í tillögunni um hina nýju 84. gr., að felld er niður núgildandi regla um, að skattakröfur séu forgangskröfur. Er þetta í samræmi við þær tillögur, sem nú nýlega eru fram komnar í Danmörku og Noregi. Um langt skeið þótti sjálfsagt að tryggja kröfur konungsins og annarra opinberra aðila sem bezt og að veita þeim forréttindi umfram aðra kröfuhafa. Það er vart lengur almennt viðhorf, að kröfur opinberra aðila eigi að njóta sérréttinda. Að auki er þess að gæta, að slíkar kröfur, fyrst og fremst skattakröfur, eru nú oft svo háar, að forgangsréttindi þeirra rýra möguleika annarra kröfuhafa til að fá greiðslu upp í kröfur sínar. Má ætla, að skattakröfurnar séu nú tiltölulega hærri í búum en áður var. Það getur vart skipt ríkissjóð eða aðra opinbera aðila meginmáli, hvort skattakröfur eru forgangskröfur. Aðrir kröfuhafar geta hins vegar eins og fyrr segir beðið lítt þolanlegt tjón af að þurfa að standa að baki skattheimtumönnum. Er þetta ástæðan til þeirrar tillögugerðar, sem í frumvarpinu felst um þetta atriði.

Í 83. gr. skiptalaganna frá 1878 eru meðal forgangskrafna leigukröfur, hvers konar jarðarafgjöld og ofanálag á jarðir. Það er að sönnu hugsanlegt, að kröfur sem þessar varði persónulega hagi manna og að nokkur rök séu því til að þær séu forgangskröfur af svipuðum ástæðum og launakröfur. Þetta á þó varla við í ríkum mæli, og hefur þess vegna verið lagt til, að leigukröfur og skyldar kröfur verði hér eftir almennar kröfur.

Í skiptalögunum eru nú ákvæði þess efnis, að kröfur vegna sjúkrahjálpar séu forgangskröfur, sbr. c-lið 83. gr. Þar sem greiðslur þessar eru nú í flestum tilvikum inntar af hendi úr sjóðum almannatryggina, þykir ekki vera ástæða til að halda í gildandi reglu.

Um 85. gr. — Hér er ákvæði um almennar kröfur, sem ekki þarfnast skýringa.

Um 86. gr. — Í síðara hluta 85. gr. núgildandi skiptalaga segir, að gjafakröfur gangi á eftir almennum kröfum. Rétt þykir að taka nokkrar fleiri kröfur út úr og raða þeim á eftir kröfum skv. 85. gr. frumvarpsins.

Vextir, sem á falla eftir upphaf skipta, geta að sjálfsögðu verið ákveðnir með mismunandi hætti að því er hundraðshluta snertir. Vextir af forgangskröfum eftir skiptaupphaf geta einnig minnkað líkur fyrir því, að greiðsla fáist upp í almennar kröfur. Það er meginsjónarmið, að jafnrétti ríki milli lánardrottna eftir upphaf skipta, og þykir ekki vera ástæða til að vaxtareikningur eftir það tímamark raski þessu. Er þess vegna gerð tillaga í samræmi við það, sem er í Danmörku og Noregi, þess efnis, að vextir frá þessu tímamarki gangi á eftir almennum kröfum. Í raun leiðir þetta til þess, að slíkir vextir fást sjaldnast greiddir í þrotabúum. Ef til slíks

kemur, ber að fara eftir reglunum um skuldaröð milli þeirra, sem krefjast vaxtanna. Þar sem kröfur stofnaðar með löglegum hætti skv. 82. gr. hafa verulega sérstöðu og það eru hagsmunir búsins, að þær geti stofnazt, þykir ekki unnt að láta ákvæðið, sem hér um ræðir, ná til þeirra.

Kröfurnar, sem nefndar eru í 2. tölulið, eru sérstaks eðlis, og kemur fram í lögum á ýmsum stöðum, að þær eru lakar verndaðar en aðrar kröfur. Þykir rétt að láta þetta sjónarmið ráða hér. Hið sama er um gjafakröfur skv. 3. tölulið, en þar er ekki um efnisbreytingu að ræða, svo sem fyrr segir.

Um 87. gr. — Þörf er á glöggum reglum um það efni, sem fjallað er um í þessari grein, og er efnið í samræmi við kenningar fræðimanna. Þeirri stefnu er haldið að láta kröfur opinberra aðila yfirleitt ekki vera forgangskröfur.

Sþ. 620. Tillaga til þingsályktunar [246. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að gerast aðili að samningi um að koma í veg fyrir ólöglega töku loftfara og samningi um að koma í veg fyrir ólögmætar aðgerðir gegn öryggi flugsamgangna.

(Lagt fyrir Alþingi á 93. löggjafarþingi, 1972—1973.)

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að gerast fyrir Íslands hönd aðili að samningi um að koma í veg fyrir ólöglega töku loftfara, sem gerður var í Haag hinn 16. desember 1970, og samningi um að koma í veg fyrir ólögmætar aðgerðir gegn öryggi flugsamgangna, sem gerður var í Montreal hinn 23. september 1971.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

Samningar þeir, sem hér um ræðir eru birtir sem fylgiskjal með frumvarpi til laga um breyting á almennum hegningarlögum nr. 19 12. febrúar 1940, sem liggur fyrir þessu 93. löggjafarþingi, sbr. 202. mál, þingskjal nr. 386. Í athugasemdum með lagafrumvarpinu er gerð grein fyrir samningum þessum.

Ed. 621. Nefndarálit [218. mál]

um frv. til l. um breyting á mörkum Gullbringusýslu og Kjósarsýslu og skipan lögsagnarumdæma.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og er sammála um að mæla með samþykkt þess.

Alþingi, 10. apríl 1973.

Björn Fr. Björnsson, form.	Geir Gunnarsson, fundaskr., frsm.	Eggert G. Þorsteinsson.
Axel Jónsson.	Magnús Jónsson.	Ásgeir Bjarnason.
	Halldór Kristjánsson.	

Sþ. 622. Nefndarálit [35. mál]

um till. til þál. um áætlun um nýtingu íslenzkra orkulinda til raforkuframleiðslu.

Frá meiri hl. atvinnumálanefndar.

Nefndin hefur athugað tillöguna og sent hana til umsagnar Sambandi íslenzkra sveitarfélaga, sem leggur aðaláherzlu á, að haft verði samráð við landshlutasamtök sveitarfélaga við áætlunargerð um nýtingu orkulinda til raforkuframleiðslu.

Orkustofnunin segir í umsögn sinni, að unnið sé að vissum þáttum þess, er tillagan fer fram á.

Í trausti þess, að þau sjónarmið, sem felast í tillögunni, verði höfð í huga, þegar áætlanir eru gerðar um nýtingu orkulinda, leggur nefndin til, að tillögunni verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Alþingi, 9. apríl 1973.

Ásgeir Bjarnason, form., frsm. — Ragnar Arnalds, fundaskr. — Björn Pálsson.

Pétur Pétursson. — Karvel Pálmason.

Nd. 623. Nefndarálit [198. mál]

um frv. til l. um breyt. á sveitarstjórnarlögum, nr. 58 frá 29. marz 1961.

Frá meiri hl. félagsmálanefndar.

Nefndin hefur athugað frv., en varð ekki sammála um afgreiðslu þess. Meiri hl. nefndarinnar leggur til, að frumvarpið verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU:

Við 1. gr. 110. gr. orðist svo:

Ákvæði þessa kafla gilda um landshlutasamtök sveitarfélaga, sem hvert um sig nær yfir eitt eða fleiri kjördæmi, og um Reykjavíkurborg eftir því sem við á, sbr. einkum b-lið 112. gr. Um svæðaskipun landshlutasamtakanna skal nánar kveðið á í reglugerð, er félagsmálaráðherra setur að höfðu samráði við Samband ísl. sveitarfélaga.

Garðar Sigurðsson mun skila séráliti.

Alþingi, 10. apríl 1973.

Stefán Valgeirsson, form. — Ágúst Þorvaldsson, frsm. — Gylfi Þ. Gíslason.

Gunnar Thoroddsen. — Bjarni Guðnason. — Ólafur G. Einarsson.

Nd. 624. Nefndarálit [127. mál]

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Gerðahreppi jarðirnar Útskála og Brekku í Gerðahreppi.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og leggur til, að það verði samþykkt með svofelldri

BREYTINGU:

Við 1. gr. Aftan við fyrri málslið bætist: að undanskildu heimatúni Útskála. Jarðirnar má ekki endurselja öðrum en ríkissjóði.

Eðvarð Sigurðsson var fjarstaddur við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 3. apríl 1973.

Stefán Valgeirsson, form., frsm. Vilhjálmur Hjálmarsson. Benedikt Gröndal.
Ágúst Þorvaldsson. Gunnar Gíslason. Pálmi Jónsson.

Nd. 625. Nefndarálit [223. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 30 12. maí 1970, um Húsnæðismálastofnun ríkisins.

Frá 1. minni hl. félagsmálanefndar.

Nefndin varð ekki sammála um afgreiðslu frv. Meiri hl. leggur til, að frv. verði samþykkt óbreytt, en minni hl., undirritaðir nefndarmenn og Gylfi Þ. Gíslason, óskaði eftir, að málið fengi nánari athugun, en við þeirri ósk var ekki orðið.

Ljóst er, að nauðsyn ber til að hækka þau lán, sem veita má úr Byggingarsjóði á hverja íbúð. Í frv. er gert ráð fyrir, að þau megi vera allt að kr. 800 000.00. Miðað við væntanlegan byggingarkostnað á árinu 1973 þyrfti hámarkslán að vera minnst kr. 900 000.00 á íbúð. Við flytjum þó ekki brtt. í þessa átt, þar sem ljóst er, að Byggingarsjóður er fjárvana og ríkisstjórnin hefur vanrækt að afla honum aukinna tekna. Það er því tilgangslítið að ákveða hærri hámarkslán, en gera ekkert til að sjá um fjármögnun framkvæmdanna.

Samkvæmt áætlun húsnæðismálastjórnar fyrir árið 1973 vantar samtals 555 millj. kr., ef veita á jafnmörg lán og veitt voru í fyrra til nýrra íbúða, þ. e. 1500 íbúða. Í áætluninni er því ekki gert ráð fyrir nýjum lánum, umfram frumlán, til þeirra ca. 450 íbúða, sem fokheldar urðu fyrir 1. jan. s. l., en sú upphæð nemur um 136 millj. kr. Þessi viðbótarlán er nauðsynlegt að veita fyrir næstu áramót.

Hinn 20. marz s. l. urðu lánshæfar umsóknir hjá stofnuninni 1032 og óafgreiddar umsóknir 1442, samtals 2474 umsóknir.

Þá er ekki heldur reiknað með neinu fjármagni í ný framkvæmdalán til verkamannabústaða og annarra aðila, sem eiga rétt til slíkra lána. Húsnæðismálastjórn telur óvarlegt að ætla minna en ca. 150 milljónir til þessara lána.

Undirritaðir nefndarmenn átelja þau vinnubrögð, sem hér eru viðhöfð. Ef hækkun lána á að verða raunhæf, verður ríkisstjórnin að sýna, hvernig hún ætlar að afla Byggingarsjóði aukinna tekna. Það hefur hún ekki gert og nefndarmenn engar upplýsingar fengið um fyrirhugaðar aðgerðir.

Í 2. mgr. 1. gr. frv. er gert ráð fyrir að heimila allt að 80% lán til byggingar leiguíbúða á vegum sveitarfélaga.

Við þessa málsgrein flytjum við brtt. á sérstöku þingskjali. Leggjum við þar til, að lán þessi verði ekki bundin því skilyrði að leiguíbúðir verði byggðar á vegum sveitarfélaga einna, heldur verði einnig heimilað að lána til íbúða, sem einstaklingar, félög eða fyrirtæki byggja. Þetta er í samræmi við þingsályktun, sem samþykkt var á síðasta þingi, en þar segir m. a.: „ . . . að leggja fyrir Alþingi frumvarp til laga um útvegun fjármagns og útlán þess til sveitarfélaga og annarra þeirra aðila, sem byggja vilja leiguíbúðir, þannig að þeim sé gert fjárhagslega kleift að byggja og reka leiguhúsnæði, þar sem þess er þörf. Skal þess gætt, að þessi sérstaka fjármagnsútvegun dragi ekki úr öflun lánsfjár til byggingar eigin íbúðarhúsnæðis.“

Ákvæði 2. mgr. 1. gr. frv. eru ekki í samræmi við þessa þingsályktun. Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir því í þingsályktuninni, að útvegað verði fjármagn til þessara nýju lána, en eins og fyrr er nefnt vantar hundruð milljóna króna í byggingarsjóð á þessu ári, og ríkisstjórnin hefur ekki greint frá, hvernig það fjármagn verði útvegað. Í öðru lagi er ætlazt til þess í þingsályktuninni, að heimilt sé að veita fleiri aðilum en sveitarfélögum þessa fyrirgreiðslu. Til þess er ekki ætlazt skv. frv., og því er brtt. flutt við þessa málsgrein.

Það hefur oft komið fram hjá ýmsum atvinnurekendum úti um land, ekki sízt í sjávarútvegi, að þeir hafi talið sig nauðsynlega þurfa að hafa aðstöðu til að byggja leiguhúsnæði fyrir starfsfólk sitt og væri það forsenda fyrir því, að þeir gætu fengið fólk til vinnu við framleiðsluna.

Því leggjum við til, að breyting verði gerð á frv., þannig að fleiri en sveitarfélög geti notið þessara kjara. Samþykkt þeirrar brtt. mun án efa stuðla að lausn húsnæðisvandans á ýmsum stöðum á landinu og verða til þess að styrkja atvinnuuppbyggingu og framleiðslu.

Alþingi, 10. apríl 1973.

Ólafur G. Einarsson, frsm. Gunnar Thoroddsen.

Nd. 626. Breytingartillaga [223. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 30 12. maí 1970, um Húsnæðismálastofnun ríkisins.

Frá Ólafi G. Einarssyni og Gunnari Thoroddsen.

Við 1. gr. 2. mgr. 1. málsl. orðist svo:

Heimilt er að veita lán til byggingar leiguíbúða á vegum sveitarfélaga, félaga, fyrirtækja eða einstaklinga, er nemi allt að 80% af byggingarkostnaði, enda hafi hlutaðeigandi byggingaraðili ekki byggt íbúðir samkv. 1. gr. laga nr. 97 22. des. 1965 og íbúar viðkomandi sveitarfélags ekki átt kost á íbúðum, sem þar um ræðir.

Ed. 627. Nefndarálit [237. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 29 1963, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur rætt frv. og samþykkt að mæla með því, að það verði að lögum.

Björn Jónsson var fjarstaddur.

Alþingi, 10. apríl 1973.

Ragnar Arnalds, form. Páll Þorsteinsson. fundaskr. Halldór Kristjánsson, frsm.

Jón Árm. Héðinsson. Magnús Jónsson. Geir Hallgrímsson.

Ed. 628. Nefndarálit [235. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 59 28. maí 1969, um tollheimtu og tolleftirlit.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur rætt frv. og stendur einhuga að því að mæla með samþykkt þess.

Björn Jónsson var fjarstaddur afgreiðslu málsins.

Alþingi, 10. apríl 1973.

Ragnar Arndals, form.	Páll Þorsteinsson, fundaskr.	Halldór Kristjánsson, frsm.
Jón Árm. Héðinsson.	Magnús Jónsson.	Geir Hallgrímsson.

Nd. 629. Nefndarálit [198. mál]

um frv. til l. um breyt. á sveitarstjórnarlögum, nr. 58 frá 29. marz 1961.

Frá minni hl. félagsmálanefndar.

Félagsmálanefnd Nd. hefur fjallað um frv., en varð ekki á eitt sátt um afgreiðslu þess. Undirritaður sér enga knýjandi nauðsyn á að festa í lögum slíkt frv. um landshlutasamtök sveitarfélaganna. Landshlutasamtökin eru til, og getur undirritaður ekki séð, að þau geti ekki unnið að málefnum þeirra sveitarfélaga, sem í þeim vilja vera, eins og hingað til, þótt ekki komi til samþykkt þessa frv. Auk þess finnst undirrituðum ógeðfellt að skylda sveitarfélög til að ganga í samtök sveitarfélaga í sínum landshluta, eins og gert er ráð fyrir í 1. gr. (111. gr.).

Margt annað í frv. finnst undirrituðum vera flausturslega unnið og ekki veitti af að vanda betur lagasetningu um þetta efni.

Vegna ofanskráðs leggur undirritaður til, að frv. verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Alþingi, 10. apríl 1973.

Garðar Sigurðsson,
fundaskr.

Nd. 630. Nefndarálit [200. mál]

um frv. til laga um róðrartíma fiskibáta.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin leggur til, að frv. verði samþykkt. — Stefán Gunnlaugsson var fjarverandi.

Alþingi, 10. apríl 1973.

Garðar Sigurðsson, form., frsm.	Björn Pálsson.	Guðl. Gíslason.
Pétur Sigurðsson.	Jón Skaftason.	Karvel Pálmason.

Sþ. 631. Nefndarálit [247. mál]

I. Til menntamálaráðherra um endurskoðun laga um námslán og námsstyrki.

Frá Ellert B. Schram.

Hvað líður endurskoðun laga um námslán og námsstyrki?

II. Til menntamálaráðherra um þjóðleikhús.

Frá Ellert B. Schram.

Hvað veldur því, að frumvarp til laga um þjóðleikhús hefur ekki verið endurflutt á þessu þingi?

Nd. 632. Nefndarálit [223. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 30 12. maí 1970, um Húsnæðismálastofnun ríkisins.

Frá 2. minni hl. félagsmálanefndar.

Í frv. felst heimild til þess að hækka hámarkslán Húsnæðismálastofnunar úr 600 000 kr. í 800 000 kr. og að veita megi lán til byggingar leiguíbúða á vegum sveitarfélaga, sem nemi allt að 80% af byggingarkostnaði, út á allt að 1000 íbúðir á næstu 5 árum.

Þessar heimildir eru til bóta frá því, sem nú er. Heimildirnar eru þó ekki nægilegar til þess, að af framkvæmdum verði. Til framkvæmda þarf fjármagn. Á það er ekki minnzt í þessu frv. né greinargerð þess.

Meðlimum húsnæðismálastjórnar er þessi staðreynd hins vegar ljós, og er bent á hana í öllum þeim þrem umsögnum, sem bárust frá þessum aðilum. Þar er bent á, að sjóðinn vanti a. m. k. 550 millj. kr. til þess að geta fullnægt lánaþörf þeirra, sem nú byggja, ríkisstjórnin hafi ekki enn útvegað fé til þessara þarfa, hvað þá til þess, að hægt verði að nota heimildir skv. þessu frv. Af þessum sökum tala því meðlimir húsnæðismálastjórnar um „sýndarmennsku“ og „dauðan bókstaf“ í þessu sambandi. Eru umsagnir húsnæðismálastjórnar prentaðar sem fylgiskjal, þingmönnum til fróðleiks.

Í von um, að ríkisstjórninni takist að afla með heilbrigðum hætti fjár til þess að fullnægja þörfum húsbyggjenda, legg ég til, að heimildir þær, sem gert er ráð fyrir í frv., verði veittar.

Alþingi, 10. apríl 1973.

Gylfi Þ. Gíslason.

Fylgiskjal.

HÚSNÆÐISMÁLASTOFNUN RÍKISINS

Reykjavík, 9. apríl 1973.

Félagsmálanefnd neðri deildar,

hr. alþm. Stefán Valgeirsson,
Alþingi.

Hér með sendist yður umsögn húsnæðismálastjórnar um frumvarp til breytinga á l. 30/1970.

Húsnæðismálastjórn var ekki sammála í öllum atriðum um umsögn um frumvarpið og sendast yður því þær umsagnir, sem fram komu.

Virðingarfyllst,

Skúli Sigurðsson.

Háttvirt félagsmálanefnd neðri deildar Alþingis hefur með bréfi, dagsettu 6. apríl, óskað umsagnar húsnæðismálastjórnar um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 30 12. maí 1970, um Húsnæðismálastofnun ríkisins. Umsagnar er óskað fyrir 9. apríl, og vinnst því ekki tími til að samræma sjónarmið stjórnarmanna til þessara mála.

Við undirritaðir fulltrúar í húsnæðismálastjórn viljum þó láta í ljós okkar álit á frumvarpinu með eftirfarandi athugasemdum:

Húsnæðismálastjórn hefur þegar samþykkt, með samþykki ráðherra, hámark lána á þessu ári og látið í ljós það álit sitt, að æskilegt sé að breyta lánsupphæð til nýrra íbúða árlega til samræmis við byggingarkostnað, og fögnum við því, ef þessi atriði verða nú sett í lög, eins og frumvarpið gerir ráð fyrir.

Okkur, sem störfum í húsnæðismálastjórn er vel kunnugt um þá brýnu þörf, sem er á því að byggja leiguíbúðir í flestum kaupstöðum og sjávarþorpum um allt land, og fögnum því ákvæði frumvarpsins um að heimila að veita sveitarfélögum lán allt að 80% af byggingarkostnaði slíkra íbúða, eins og lagt er til í frumvarpinu.

En um leið og við lýsum ánægju okkar með ákvæði þessa frumvarps, viljum við vekja athygli háttv. félagsmálanefndar og allra alþingismanna á því, að samkvæmt áætlun um tekjur og gjöld Byggingarsjóðs ríkisins á þessu ári vantar sjóðinn að minnsta kosti 550 milljónir króna til þess að geta fullnægt lánaþörf þeirra, sem nú eru að byggja. Slík lagasetning sem þessi verður því dauður bókstafur, nema sjóðnum verði séð fyrir nýjum tekjustofnum til að mæta þessu viðamikla verkefni, sem frumv. gerir ráð fyrir. Er því ekki raunhæft að ætla sjóðnum að sinna nýjum verkefnum nema sjá honum um leið fyrir nýjum tekjustofnum.

Þessi fjárhagsstaða Byggingarsjóðs hefur þegar verið kynnt hæstv. félagsmálaráðherra, ásamt nokkrum hugmyndum einstakra fulltrúa í húsnæðismálastjórn um leiðir til tekjuöflunar, og teljum við því ekki ástæðu til að fara frekar inn á þau atriði í umsögn okkar um frumvarp það, sem hér liggur fyrir.

Sigurður Guðgeirsson. Jón H. Guðmundsson. Þráinn Valdimarsson.
Ólafur Jónsson. Haukur Vigfússon.

Vegna beiðni háttvirtrar félagsmálanefndar neðri deildar Alþingis um umsögn húsnæðismálastjórnar um frv. til breytinga á l. nr. 30 12. maí 1970, mál nr. 223, vilja undirritaðir fulltrúar í húsnæðismálastjórn taka fram:

Húsnæðismálastjórn hefur nýverið gefið háttvirtri félagsmálanefnd Alþingis umsögn varðandi þingsályktunartillögu um hækkun úr 600 þús. í 900 þús. á hverja íbúð.

Meiri hluti húsnæðismálastjórnar mælti ekki með þeirri hækkun, en lagði til, að lánsupphæðin yrði ákveðin kr. 800 þús., en minni hlutinn mælti með tillögunni um hámarkslán kr. 900 þús.

Báðir aðilar færðu rök fyrir sínu máli, og sjáum við því ekki ástæðu til að endurtaka þá röksemdafærslu.

Við teljum það til bóta, eins og um getur í framlögðu frumvarpi, að heimilt sé að breyta lánsfjárhæð árlega í samræmi við breytingar á vísitölu byggingarkostnaðar, þegar tekið er tillit til þeirra miklu hækkana, sem orðið hafa á vísitölum og öllum húsnæðiskostnaði upp á síðkastið, og teljum því rétt, að þetta ákvæði verði samþykkt.

Varðandi 2. málsgrein 1. greinar frumvarpsins viljum við benda á eftirfarandi:

Á síðasta Alþingi var samþykkt þingsályktunartillaga, þar sem ríkisstjórninni er falið „að gera hið fyrsta ráðstafanir til þess að bæta úr þeim alvarlega skorti á leiguhúsnæði, sem ríkjandi er í flestum þorpum og kaupstöðum landsins".

Í annarri grein þessarar þingsályktunartillögu segir: „Að leggja fyrir Alþingi frumvarp til laga um útvegun fjármagns og útlán þess til sveitarfélaga og **annarra þeirra aðila,** sem byggja vilja leiguíbúðir, þannig að þeim sé gert fjárhagslega kleift að byggja og reka leiguhúsnæði, þar sem þess er þörf. Skal þess gætt, að þessi sérstaka fjármagnsútvegun dragi ekki úr **öflun lánsfjár til** byggingar eigin íbúðarhúsnæðis".

Við getum ekki séð, að framlagt frumvarp sé í samræmi við þessa þingsályktun, sem vitnað er til og samþykkt var.

Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir því í þingsályktuninni, að útvegað verði fjármagn til þessara nýju lána, en eins og húsnæðismálastjórn hefur gert háttvirtum félagsmálaráðherra kunnugt, telur stjórnin, að Byggingarsjóð muni vanta á þessu ári allt að 700 milljónir króna til að geta veitt svipaða fyrirgreiðslu varðandi lánveitingar og var á s. l. ári. Er því að okkar áliti með öllu útilokað, að Byggingarsjóður geti með nokkru móti tekið á sig meiri kvaðir en nú er, nema dregið verði þá úr lánveitingum til annarra íbúðarhúsbygginga, svo sem byggingar eigin íbúðarhúsnæðis, verkamannabústaða o. fl.

Í öðru lagi er ætlazt til þess í þingsályktuninni, að heimilt sé að veita fleiri aðilum en sveitarfélögum þessa fyrirgreiðslu, og teljum við það sjálfsagt. Það hefur margsinnis komið fram hjá ýmsum atvinnurekendum úti á landi, ekki sízt í sjávarútvegi, að þeir hafi talið sig nauðsynlega þurfa að hafa aðstöðu til að byggja leiguhúsnæði fyrir starfsfólk sitt, og væri það forsenda fyrir því, að þeir gætu fengið fólk til vinnu við framleiðsluna.

Teljum við því rétt, að þessi fyrirgreiðsla nái til fleiri aðila en sveitarfélaga og það muni tvímælalaust styrkja atvinnuuppbyggingu og framleiðslu á hinum ýmsu stöðum.

Við teljum því, að þetta frumvarp þurfi verulegra breytinga við, eigi það að koma að tiltæluðu gagni.

Ólafur Jensson. Gunnar Helgason.

Hæstvirt félagsmálanefnd neðri deildar Alþingis hefur með bréfi, dags. 6. apríl 1973, sent húsnæðismálastjórn ríkisins til umsagnar frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 30 12. maí 1970, um húsnæðismálastofnun ríkisins, þskj. 223. Í frumvarpi þessu eru tvær nýjar breytingar frá gildandi lögum.

1. Að hámarkslán skuli vera kr. 800 þús. í stað 600 þús.
2. Að sveitarfélög utan Reykjavíkursvæðisins skuli á næstu 5 árum hafa rétt til að fá íbúðarlán til byggingar leiguíbúða fyrir allt að 1000 íbúðum, 80% af kostnaðarverði frá Byggingarsjóði til allt að 33 ára.

Varðandi þessi atriði viljum vér taka fram eftirfarandi:

1. Miðað við væntanlegan byggingarkostnað á árinu 1973 teljum vér, að hámarkslán til íbúðabygginga á árinu 1973 megi ekki vera lægri en kr. 900 þús. pr. íbúð. Sú upphæð mun aldrei verða meira en rúm 30% af kostnaðarverði meðalíbúðar, eins og það mun reynast árið 1973.
2. Lán til leiguíbúða, er sveitarfélög byggja utan Reykjavíkursvæðis, er ákveðið að megi vera allt að 80% af kostnaðarverði til 1000 íbúða á næstu 5 árum.

   Þetta ákvæði álítum vér réttmætt til jöfnunar við Breiðholtsframkvæmdirnar, þar sem 1250 íbúðir á atvinnusvæði Reykjavíkur hafa notið slíkra kjara, eða koma til með að fá þau kjör. Vér mælum því með þeim lið á þskj. 223. Vér viljum hins vegar benda á, að slíkt hámarkslán til 1000 íbúða á næstu 5 árum er aðeins til að leiðrétta þann ójöfnuð, sem byggðirnar utan Reykjavíkur hafa sætt.

Með tilliti til þess viljum vér ekki láta hjá líða að benda á, að ef eitthvað er hugsað um að stöðva flóttann frá hinum dreifðu byggðum, þá þyrfti slíkt hámarks-

lán að ná til allra íbúða, sem byggðar væru utan Reykjavíkursvæðisins á næstu 5 árum. Einstaklingar þurfa að fá þennan lánsrétt líka, ekki síður en sveitarfélögin, og viljum vér í því sambandi benda á frumvarp Þorvalds Garðars Kristjánssonar á þskj. 228, sem nú liggur fyrir hinu háa Alþingi.

Að lokum viljum við benda á það, að það er lítils virði að ákveða hámarkslán til þessarar eða hinnar framkvæmdarinnar, en hafa enga tilburði uppi um það að sjá um fjármögnun til framkvæmdanna. Vér skorum því á háttvirta félagsmálanefnd að gera tillögur til Alþingis varðandi aukna fjáröflun, sem nemi allt að 550 millj. kr. á þessu ári. Sé það ekki gert, eru allar samþykktir um hækkun lána sýndarmennskan ein og kemur að takmörkuðu gagni.

Tillögur um aukna fjáröflun liggja fyrir bæði hjá hæstvirtum félagsmálaráðherra og ýmsum meðlimum félagsmálanefndar Alþingis.

Hannes Pálsson.

Ed. 633. Nefndarálit [122. mál]

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka lán vegna framkvæmdaáætlunar fyrir árið 1973.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur athugað frumvarpið. Meiri hlutinn leggur til, að það verði samþykkt óbreytt. Minni hlutinn skilar sérálitum.

Alþingi, 10. apríl 1973.

Ragnar Arnalds, form., frsm.
Páll Þorsteinsson, fundaskr.
Halldór Kristjánsson.
Björn Jónsson, með fyrirvara.

Ed. 634. Nefndarálit [122. mál]

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka lán vegna framkvæmdaáætlunar fyrir árið 1973.

Frá 1. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Þetta frv. var lagt fyrir Alþingi 13. des. s. l. Í umræðum við afgreiðslu fjárlaga var því lofað, að þetta mál yrði látið fylgja skjótt á eftir fjárlögunum. En hver er raunin? Efri deild fær frv. á lokadögum þingsins, og svo hart er keyrt á eftir afgreiðslu þar af hálfu ríkisstjórnarflokkanna, að nefndarfundir eru boðaðir í hliðarherbergjum Ed., er fundur stendur yfir í sameinuðu þingi.

Þetta er meira mál en svo, að unnt sé að fjalla um það með áorðnum breytingum í fjármálum þjóðarinnar á stuttum skyndifundi nefndar. Þetta frv. er eðli sínu samkv. hluti af heildarfjármálum ríkisins, og ættu því fyllri upplýsingar að liggja fyrir, t. d. varðandi niðurskurð á gildandi fjárlögum um allt að 15%, eins og boðað hefur verið.

Af þessum sökum mun þingflokkur Alþýðuflokksins ekki greiða atkv. um þetta frumvarp.

Alþingi, 10. apríl 1973.

Jón Árm. Héðinsson.

Ed. 635. Nefndarálit [96. mál]

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Grýtubakkahreppi jörðina Grenivík, eyðibýlið Svæði og nýbýlið Höfðabrekku.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og leggur til, að það verði samþykkt ásamt breytingartillögum, sem fram koma á sérstöku þskj.

Alþingi, 10. apríl 1973.

Ásgeir Bjarnason, form., frsm.
Helgi Seljan, fundaskr.
Jón Árnason.
Páll Þorsteinsson.
Jón Árm. Héðinsson.
Steinþór Gestsson.
Björn Jónsson.

Ed. 636. Breytingartillögur [96. mál]

við frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Grýtubakkahreppi jörðina Grenivík, eyðibýlið Svæði og nýbýlið Höfðabrekku.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. Við 1. gr.
   a. Á eftir fyrri málsgr. komi ný málsgrein, svo hljóðandi:
      Ríkisstjórninni er enn fremur heimilt að selja Borgarneshreppi þann hluta lands Borgar í Borgarhreppi, sem er sunnan þjóðvegarins vestur á Snæfellsnesi.
   b. Orðið „jarðanna“ í síðari málsgr. falli brott.
2. Við fyrirsögn bætist: og Borgarneshreppi hluta af landi Borgar.

Nd. 637. Nefndarálit [134. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 30 12. maí 1970, um Húsnæðismálastofnun ríkisins.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið á mörgum fundum, sent það til umsagnar til Húsnæðismálastofnunar ríkisins, Byggingarsamvinnufélags Reykjavíkur, veðdeild Landsbankans og Ríkisábyrgðasjóðs. Bárust umsagnir frá öllum þessum aðilum.

Nefndin mælir með því, að frumvarpið verði samþykkt, en Gunnar Thoroddsen, Gylfi Þ. Gíslason og Ólafur G. Einarsson töldu við meðferð málsins í nefndinni, að ástæðulaust væri að afgreiða frv. á þessu þingi, þar eð það á ekki að taka gildi fyrr en í byrjun næsta árs, enda þurfi ýmis ákvæði frv. nánari athugunar við. Þeir áskilja sér þess vegna rétt til þess að flytja brtt. og fylgja tillögum, sem fram kunna að koma.

Nefndin flytur við frv. eftirfarandi

BREYTINGARTILLÖGUR:

1. Við 4. gr. 2. málsl. 1. málsgr. orðist svo:
   Lágmarkstala stofnenda skal vera 10 manns, en í þeim sveitarfélögum, sem hafa yfir 15 þúsund íbúa, skal lágmarkstalan vera 50.
2. Við 5. gr.
   a. 2. málsgr. A-liðar orðist svo:
      Stofnsjóðsinnstæður félagsmanna skulu geymdar í Byggingarsjóði ríkisins, og skulu þær endurgreiddar að viðbættum vöxtum, þegar framkvæmdir hefjast í byggingarflokki viðkomandi félagsmanns. Vaxtakjör skulu vera þau sömu, og eru á ársinnstæðubókum viðskiptabankanna á innstæðutímum.
   b. Aftan við 2. málsl. D-liðar bætist nýr málsliður:
      Veðdeildarbréf þessi skulu aðeins gefin út á nafn lífeyrissjóðs eða innlánsstofnunar, og fellur ríkisábyrgð niður, ef bréfin eru framseld.
3. Við 6. gr. Á eftir 3. málsl. 2. málsgr. komi ný málsgrein, svo hljóðandi, og verði þá 4. málsl. sérstök málsgrein:
   Þegar nýr byggingarflokkur er stofnaður, skulu þeir, sem aðild eiga að honum, kjósa þrjá menn úr sínum hópi til þess að fylgjast með framkvæmdum fjárreiðum byggingarflokksins. Þessir menn skulu hafa aðgang að öllum gögnum félagsins varðandi þeirra byggingarflokk, vera viðstaddir opnun tilboða og fylgjast með samningum við verktaka. Enn fremur skulu þeir ásamt löggiltum endurskoðanda yfirfara og stimpla með dagsetningu öll fylgiskjöl og árita reikninga byggingarflokksins. Þannig frágengnir skulu reikningar lagðir fyrir fund viðkomandi byggingarflokks til staðfestingar.
4. Við 8. gr. Í stað orðanna „eftir afhendingu“ í 1. málsgr. komi: frá því að byggingarframkvæmdir hófust.
5. Við 11. gr. Greinin falli niður.
6. Við 12. gr. 1. málsl. greinarinnar orðist svo:
   Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1974 og taka til þeirra íbúða, sem þá hafa eigi verið afhentar eigendum.

Alþingi, 10. apríl 1973.

Stefán Valgeirsson, form., frsm.	Garðar Sigurðsson, fundaskr.	Ágúst Þorvaldsson.
Gunnar Thoroddsen.	Bjarni Guðnason.	Ólafur G. Einarsson.
	Gylfi Þ. Gíslason.	

Ed. 638. Nefndarálit [122. mál]

um frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka lán vegna framkvæmdaáætlunar 1973.

Frá 2. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Frv. þetta var lagt fram snemma á þessu þingi, og átti með því að marka nýja stefnu um skjótari og samræmdari vinnubrögð en áður í sambandi við meðferð og afgreiðslu framkvæmdaáætlunar ríkisstjórnarinnar.

Reyndin er sú, að málið hefur legið í salti mánuðum saman og er nú knúið fram í mesta óðagoti síðustu daga þingsins. Skýrsla fjármálaráðherra var lögð fram fyrir fáum dögum. Er hún harla snubbótt og m. a. vitnað í skýrslu Framkvæmdastofnunar ríkisins, sem ekki hefur enn verið birt þinginu. Þrátt fyrir tilveru þessarar miklu stofnunar, sem stöðugt þenur sig út og átti enda að gerbreyta og flýta allri

áætlanagerð, þá bera öll vinnubrögð við framkvæmdaáætlun nú þess sízt merki, þótt fjármálaráðherra hafi talað stór orð um það efni í haust.

Engar upplýsingar hafa verið fáanlegar um niðurskurð fjárlaga, heldur er stöðugt bætt við nýjum útgjöldum. Engin leið er því að fá heildarmynd af fjárfestingardæminu. Útgjaldatill. frv. varða allar nytjamál, en ekki er sjáanleg nein breyting í þá átt að „raða" framkvæmdum þannig, að ofþenslu í efnahagskerfinu yrði bægt frá, svo sem ríkisstjórnin hefur talið sína helztu „patent"-lausn á því sviði. Hvarvetna blasir við þensluástand og verðbólguþróun geigvænleg og lítið sem ekkert tillit tekið til alvarlegra aðvarana efnahagssérfræðinga, bæði varðandi framkvæmdaþenslu, óhemjulega skuldasöfnun og greiðsluhalla við útlönd. Hið mikla og dýra skipulagskerfi ríkisstj. virðist hér ekki koma að neinu gagni, því að aldrei hefur gætt eins handahófslegra og mótsagnakenndra vinnubragða í fjármálum og efnahagsmálum og nú.

Þótt hinar ýmsu framkvæmdir, sem frv. fjallar um, séu út af fyrir sig nytsamlegar, þá er frv. þáttur í heildarþróun efnahagsmála, sem við viljum ekki bera ábyrgð á.

Alþingi, 10. apríl 1973.

Magnús Jónsson, frsm. Geir Hallgrímsson.

Ed. 639. Breytingartillaga [122. mál]

við frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka lán vegna framkvæmdaáætlunar fyrir árið 1973.

Frá Magnúsi Jónssyni.

Við 11. gr. Í stað orðanna „Stofnlína Norður—Suðurland" komi: Til rannsókna á orkuöflunarleiðum fyrir Norðurland.

Ed. 640. Breytingartillögur [122. mál]

við frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka lán vegna framkvæmdaáætlunar fyrir árið 1973.

Frá Magnúsi Jónssyni.

Við 11. gr. Sundurliðun breytist þannig:

a. Nýr liður á eftir liðnum Blævardalsárvirkjun:
   Norðurlandsáætlun vegna Ólafsfjarðarhafnar 8
b. Til Framkvæmdasjóðs Íslands.
   Fyrir „150" komi 142

Ed. 641. Nefndarálit [233. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 68 frá 10. okt. 1967, um Iðnlánasjóð.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og mælir með samþykkt þess.
Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja og fylgja breytingartillögum.

Fjarverandi við afgreiðslu málsins var Þorvaldur Garðar Kristjánsson.

Alþingi, 10. apríl 1973.

Steingrímur Hermannsson, form., frsm.	Halldór Kristjánsson, fundaskr.	Björn Fr. Björnsson.
Ragnar Arnalds.	Eggert G. Þorsteinsson.	Geir Hallgrímsson.

Ed. 642. Breytingartillaga [233. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 68 frá 10. okt. 1967, um Iðnlánasjóð.

Frá Steingrími Hermannssyni og Ragnari Arnalds.

Aftan við frv. bætist svofellt ákvæði til bráðabirgða:
Álagning iðnlánasjóðsgjalds skv. 1. gr. skal koma til framkvæmda við álagningu á árinu 1973.

Ed. 643. Nefndarálit [5. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 54 20. apríl 1954, um orkuver Vestfjarða.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og mælir með samþykkt þess óbreytts.

Fjarverandi við afgreiðslu málsins var Þorvaldur Garðar Kristjánsson.

Alþingi, 10. apríl 1973.

Steingrímur Hermannsson, form., frsm.	Halldór Kristjánsson, fundaskr.	Ragnar Arnalds.
Björn Fr. Björnsson.	Eggert G. Þorsteinsson.	Geir Hallgrímsson.

Nd. 644. Nefndarálit [236. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 14 15. marz 1965, um launaskatt, sbr. lög nr. 104 31. des. 1972.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og leggur til, að það verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU:

Við 1. gr. Greinin orðist svo:
1. mgr. 1. gr. laganna orðist svo:
Leggja skal á launagreiðendur almennan launaskatt, að fjárhæð 2½% af greiddum vinnulaunum og hvers konar atvinnutekjum, öðrum en tekjum sjómanna á íslenzkum fiskiskipum, sem aflað er í tengslum við úthald skipanna til fiskveiða, og tekjum af landbúnaði, svo sem ákveðið er í lögum þessum.

Alþingi, 10. apríl 1973.

Vilhjálmur Hjálmarsson, form., frsm. Gils Guðmundsson, fundskr. Gylfi Þ. Gíslason.
Karvel Pálmason. Matthías Bjarnason. Matthías Á. Mathiesen.
Þórarinn Þórarinsson.

Sþ. 645. Þingsályktun [12. mál]

um könnun á samkeppnisaðstöðu íslenzks skipasmíðaiðnaðar við erlendan.

(Afgreidd frá Sþ. 10. apríl.)

Samhljóða þskj. 12.

Sþ. 646. Þingsályktun [50. mál]

um samstarf Íslendinga, Norðmanna og Færeyinga að fiskveiðum og fisksölu.

(Afgreidd frá Sþ. 10. apríl.)

Samhljóða þskj. 53.

Sþ. 647. Þingsályktun [115. mál]

um stofnun verðjöfnunarsjóðs vöruflutninga og bætt skipulag þeirra flutninga.

(Afgreidd frá Sþ. 10. apríl.)

Alþingi ályktar að kjósa 5 manna milliþinganefnd til þess að:
1. Kanna þátt flutningskostnaðar í mismunandi vöruverði í landinu.
2. Skila áliti um, hvort tiltækt væri að jafna kostnað við vöruflutninga með stofnun og starfrækslu verðjöfnunarsjóðs, þannig að verð á allri vöru verði hið sama á öllum stöðum á landinu, sem vöruflutningaskip sigla til og flugvélar og vöruflutningabifreiðar halda uppi áætlunarferðum til.

3. Kanna, hver kostnaður væri af rekstri slíks sjóðs og hver ætla mætti að yrðu þjóðhagsleg áhrif af starfrækslu hans.
4. Gera tillögur um bætt skipulag vöruflutninga á sjó og landi og í lofti. Skulu þá m. a. hafðar í huga breytingar á tilhögun flutninga frá helztu viðskiptaborgum Íslendinga erlendis til hinna ýmsu hafna á landinu.

Kostnaður við störf nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

Ed. 648. Frumvarp til laga [169. mál]

um heilbrigðisþjónustu.

(Eftir 3. umr. í Nd., 10. apríl.)

1. gr.

1.1. Allir landsmenn skulu eiga kost á fullkomnustu heilbrigðisþjónustu, sem á hverjum tíma eru tök á að veita til verndar andlegri, líkamlegri og félagslegri heilbrigði.
1.2. Heilbrigðisþjónusta tekur til hvers kyns heilsugæzlu, heilbrigðiseftirlits, lækningarannsókna, lækninga í sjúkrahúsum og endurhæfingarstarfs.
1.3. Ráðherra heilbrigðis- og tryggingamála sér um, að heilbrigðisþjónusta sé eins góð og þekking og reynsla leyfir og í samræmi við lög og reglugerðir.

I. KAFLI

Yfirstjórn.

2. gr.

2.1. Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið fer með yfirstjórn heilbrigðismála.
2.2. Ráðuneytisstjóri stýrir ráðuneytinu undir yfirstjórn ráðherra.

3. gr.

3.1. Landlæknir er ráðunautur ráðherra og ríkisstjórnar um allt, er varðar heilbrigðismál, og annast framkvæmd tiltekinna málaflokka f. h. ráðherra samkvæmt lögum, reglum og venjum, er þar um gilda. Hann hefur eftirlit með starfi og starfsaðstöðu heilbrigðisstétta.
3.2. Forseti skipar landlækni. Hann skal vera sérmenntaður embættislæknir eða hafa jafngilda menntun til starfsins.
3.3. Ráðherra setur reglugerð um starf og stöðu landlæknis og embættis hans að höfðu samráði við Samtök heilbrigðisstétta, læknadeild Háskóla Íslands og Læknafélag Íslands. Í reglugerðinni skal kveða á um faglegt eftirlit landlæknis með heilbrigðisstofnununum, lyfjanotkun, heilbrigðiseftirliti og sóttvarnaráðstöfunum og einnig um sérhæft starfslið til þess að sinna þeim verkefnum.
3.4. Landlækni er skylt að sinna kvörtunum eða kærum, er varða samskipti almennings og heilbrigðisstétta.

4. gr.

4.1. Ráðuneytið annast framkvæmd mála fyrir hönd ráðherra og hefur eftirlit með því, að lögum og reglugerðum um framkvæmd heilbrigðismála sé framfylgt.

5. gr.

5.1. Ráðherra skal setja á stofn ráðgjafarnefnd um heilbrigðis- og almannatryggingamál: Heilbrigðisráð Íslands. Landlæknir er formaður ráðsins, en þessir aðilar tilnefna menn í það: læknadeild Háskóla Íslands, Læknafélag Íslands, Tannlæknafélag Íslands, Hjúkrunarfélag Íslands, Samband ísl. sveitarfélaga, tryggingaráð og stjórn atvinnuleysistryggingasjóðs. Samtök heilbrigðisstétta til-

nefni 2 menn í ráðið og ráðherra skipar 3 menn án tilnefningar. Ráðið skal starfa án þóknunar.

5.2. Skipun í ráðið er til þriggja ára. Í fyrsta sinn skal þó skipa 6 fyrsttöldu til fjögurra ára.

5.3. Ráðið er ráðgjafar- og umsagnaraðili um heilbrigðis- og almannatryggingamál. Heimilt er að skipta ráðinu í deildir eftir sérverkefnum. Ráðið setur sér starfsreglur, sem ráðherra staðfestir.

II. KAFLI
Um læknishéruð.

6. gr.

6.1. Á Íslandi skulu vera læknishéruð svo sem hér greinir:

1. **Reykjavíkurhérað** tekur yfir lögsagnarumdæmi Reykjavíkur og Seltjarnarneshrepp. Aðsetur héraðslæknis í Reykjavík.
2. **Suður- og Vesturlandshérað** tekur yfir svæðið frá Skeiðará að Kollafirði á Barðaströnd. Aðsetur héraðslæknis í Hafnarfirði.
3. **Vestfjarðahérað** tekur yfir svæðið frá Kollafirði að Geirólfsgnúpi á Ströndum. Aðsetur héraðslæknis á Ísafirði.
4. **Norðurlandshérað** tekur yfir svæðið frá Geirólfsgnúpi á Ströndum að Kollumúla. Aðsetur héraðslæknis á Akureyri.
5. **Austurlandshérað** tekur yfir svæðið frá Kollumúla að Skeiðará. Aðsetur héraðslæknis á Egilsstöðum.

7. gr.

7.1. Héraðslæknar skulu vera sérmenntaðir embættislæknar eða hafa menntun í félagslækningum og heilbrigðisfræðum, sem telst jafngild.

7.2. Þeir eru skipaðir í embætti af forseta að fenginni umsögn nefndar, sbr. 33. gr.

8. gr.

8.1. Héraðslæknar annast embættisstörf hver í sínu héraði undir umsjá landlæknis og í samvinnu við viðkomandi deildir ráðuneytis. Landlæknir skipuleggur skýrslugerðir héraðslækna, annarra lækna og heilbrigðisstofnana, innheimtir fyrirskipaðar skýrslur frá þessum aðilum og annast útgáfu heilbrigðisskýrslna landsins í samvinnu við viðkomandi deildir ráðuneytisins. Héraðslæknar hafa ekki skyldu til almennra læknisstarfa, nema svo sé fyrir mælt í skipunarbréfi, en heimild hafa þeir til slíkra starfa, ef sérstaklega stendur á og leyfi landlæknis kemur til.

9. gr.

9.1. Héraðslæknir sér um, að framfylgt sé lögum og reglum um heilbrigðismál í héraðinu. Hann hefur í héraðinu yfirumsjón með öllu heilbrigðisstarfi í umboði ráðuneytis, bæði á sjúkrahúsum, heilsugæzlustöðvum og annars staðar, þar sem slíkt starf fer fram. Hann annast samræmingu heilbrigðisstarfa í héraðinu og er ráðunautur ríkisvaldsins um öll heilbrigðismál héraðsins.

9.2. Ráðherra setur héraðslæknum erindisbréf, þar sem nánar er kveðið á um störf þeirra, réttindi og skyldur.

10. gr.

10.1. Kostnaður við embætti héraðslækna skal greiddur úr ríkissjóði.

10.2. Þeim skal tryggð starfsaðstaða fyrir sig og starfslið sitt á heilsugæzlustöð, þar sem þeir hafa aðsetur, og þeir skulu eiga kost á embættisbústað.

10.3. Ráðherra setur með reglugerð ákvæði um starfsaðstöðu og starfslið héraðslækna.

11. gr.

11.1. Héraðslæknar taka laun eftir launakerfi opinberra starfsmanna. Þeir skulu eiga rétt á staðaruppbót, þannig að laun þeirra séu á hverjum tíma í samræmi við laun lækna við sjúkrahús og heilsugæzlustöðvar.

12. gr.

12.1. Héraðslæknar skulu eiga rétt á 6 vikna leyfi annað hvert ár til rannsóknarstarfa og námsferða. Í slíku leyfi skulu þeir halda fullum launum og staðgengill vera launaður úr ríkissjóði. Þeir skulu og eiga rétt á að fá greiddan kostnað vegna ferða og námsdvalar á sama hátt og gildir um ferðir ríkisstarfsmanna erlendis og dvöl þeirra þar.

12.2. Læknaþing erlend og innlend skulu héraðslæknar sækja í samráði við landlækni og þá á kostnað ríkisins.

12.3. Ákvæði þessarar greinar skulu, eftir því sem við getur átt og ráðherra ákveður, einnig taka til annars fastráðins starfsliðs í heilbrigðisþjónustu.

III. KAFLI
Um heilsugæzlu.

13. gr.

13.1. Heilsugæzla merkir í þessum lögum heilsuverndarstarf og allt lækningastarf, sem unnið er vegna heilbrigðra og sjúkra, sem ekki dveljast í sjúkrahúsum.

14. gr.

14.1. Setja skal á stofn heilsugæzlustöðvar til þess að annast heilsugæzlu samkvæmt lögum þessum.

14.2. Þar sem aðstæður leyfa, skal heilsugæzlustöð vera í starfstengslum við sjúkrahús og þá ávallt rekin sem hluti af því, og í sömu byggingu, sé þess kostur.

14.3. Þar sem sjúkrahús er fyrir og afráðið er, að stofna skuli heilsugæzlustöð, skal byggja stöðina í starfstengslum við sjúkrahúsið, þannig að þjónustudeildir og starfslið nýtist fyrir hvort tveggja.

14.4. Þar sem afráðið verður samkvæmt lögum þessum að reisa heilsugæzlustöð og ekki er sjúkrahús á staðnum fyrir, skal kanna þörf héraðsins (umdæmisins) fyrir sjúkrahús, sbr. 35. gr., og hvort þörf sé fullnægt, einkum hvað viðvíkur hjúkrunar- og endurhæfingarheimilum, og haga framkvæmdum í samræmi við það.

15. gr.

15.1. Heilsugæzlustöðvar geta verið með tvennu móti: Heilsugæzlustöð I (H 1) þar sem starfar einn læknir hið minnsta og annað starfslið samkvæmt reglugerð sbr. grein 21.2., svo og heilsugæzlustöð II (H 2) þar sem starfa 2 læknar hið minnsta ásamt öðru starfsliði samkvæmt reglugerð.

15.2. Starfslið heilsugæzlustöðvar getur að hluta verið sameiginlegt með annarri heilbrigðisstofnun í starfstengslum við stöðina.

15.3. Lyfjaútibú eða lyfjaútsala samkv. 43. og 44. gr. lyfsölulaga eða lyfjasala undir eftirliti lækna stöðvarinnar skal jafnan vera á heilsugæzlustöð, ef lyfjabúð er ekki á staðnum.

16. gr.

16.1. Heilsugæzlustöðvar ein eða fleiri skulu vera í héruðum skv. 6. gr. Héruðum skal skipt í heilsugæzluumdæmi og skulu stöðvar innan sama umdæmis hafa samstarf og veita hver annarri aðstoð og þjónustu eftir því, sem við verður komið. Heilsugæzluumdæmi og heilsugæzlustöðvar skulu vera í héruðum svo sem hér greinir:

16.2. **Reykjavíkurhérað.**

1. Í Reykjavík, H 2, starfssvæði Reykjavík og Seltjarnarneshreppur.

16.3. **Suður- og Vesturlandshérað.**

1. **Víkurumdæmi.**
   a) Vík í Mýrdal, H 1, starfssvæði Hvammshreppur, Dyrhólahreppur og Austur-Eyjafjallahreppur.

b) Kirkjubæjarklaustur H 1, starfssvæði Hörgslandshreppur, Kirkjubæjarhreppur, Skaftártunguhreppur, Leiðvallahreppur og Álftaversshreppur.

2. **Hvolsvallarumdæmi,** H 2 á Hvolsvelli, starfssvæði Vestur-Eyjafjallahreppur, Austur-Landeyjahreppur, Vestur-Landeyjahreppur, Fljótshlíðarhreppur, Hvolhreppur, Rangárvallahreppur, Landmannahreppur, Holtahreppur, Ásahreppur og Djúpárhreppur.

3. **Selfossumdæmi.**
   a) Laugarás H 2, starfssvæði Gnúpverjahreppur, Hrunamannahreppur, Skeiðahreppur, Biskupstungnahreppur, Laugardalshreppur og Grímsneshreppur.
   b) Selfoss H 2, starfssvæði Villingaholtshreppur, Hraungerðishreppur, Gaulverjabæjarhreppur, Sandvíkurhreppur, Selfosshreppur, Grafningshreppur, Stokkseyrarhreppur, Eyrarbakkahreppur, Ölfushreppur, Hveragerðishreppur og Selvogshreppur.

4. **Vestmannaeyjaumdæmi.** Vestmannaeyjar H 2, starfssvæði Vestmannaeyjar.

5. **Keflavíkurumdæmi.** Keflavík H 2, starfssvæði Keflavíkurkaupstaður, Njarðvíkurhreppur, Gerðahreppur, Miðneshreppur, Hafnahreppur, Grindavíkurhreppur og Vatnsleysustrandarhreppur.

6. **Hafnarfjarðarumdæmi.** Hafnarfjörður H 2, starfssvæði Hafnarfjarðarkaupstaður, Garðahreppur og Bessastaðahreppur.

7. **Kópavogsumdæmi.** Kópavogur H 2, starfssvæði Kópavogskaupstaður.

8. **Álafossumdæmi.** Reykjalundur H 2, starfssvæði Þingvallahreppur, Mosfellshreppur, Kjalarneshreppur og Kjósarhreppur.

9. **Akranesumdæmi.** Akranes H 2, starfssvæði Akraneskaupstaður, Hvalfjarðarstrandarhreppur, Skilmannahreppur, Innri-Akraneshreppur og Leirár- og Melahreppur.

10. **Borgarnesumdæmi.** Borgarnes H 2, starfssvæði Andakílshreppur, Skorradalshreppur, Lundarreykjadalshreppur, Reykholtsdalshreppur, Hálsahreppur, Hvítársíðuhreppur, Þverárhlíðarhreppur, Norðurárdalshreppur, Stafholtstungnahreppur, Borgarhreppur, Borgarneshreppur, Álftaneshreppur, Hraunhreppur, Kolbeinsstaðahreppur og Eyjahreppur.

11. **Ólafsvíkurumdæmi.** Ólafsvík H 2, starfssvæði, Staðarsveit, Breiðuvíkurhreppur, Neshreppur, Ólafsvíkurhreppur og Fróðárhreppur.

12. **Stykkishólmsumdæmi.**
   a) Stykkishólmi H 2, starfssvæði Miklaholtshreppur, Eyrarsveit, Helgafellssveit, Stykkishólmshreppur, Skógarstrandarhreppur og Flateyjarhreppur.
   b) Búðardal H 1, starfssvæði Hörðudalshreppur, Miðdalahreppur, Haukadalshreppur, Laxárdalshreppur, Hvammshreppur, Fellsstandarhreppur, Klofningshreppur, Skarðshreppur, Saurbæjarhreppur, Geiradalshreppur, Reykhólahreppur og Gufudalshreppur.

16.4. **Vestfjarðahérað.**

1. **Patreksfjarðarumdæmi.** Patreksfjörður H 2, starfssvæði Patrekshreppur, Tálknafjarðarhreppur, Ketildalahreppur, Suðurfjarðahreppur, Múlahreppur, Barðastrandarhreppur og Rauðasandshreppur.

2. **Ísafjarðarumdæmi.**
   a) Ísafjörður H 2, starfssvæði Ísafjarðarkaupstaður, Súðavíkurhreppur, Ögurhreppur, Reykjarfjarðarhreppur, Nauteyrarhreppur, Snæfjallahreppur og Suðureyrarhreppur.

b) Á Þingeyri, H 1, starfssvæði Þingeyrarhreppur, Mýrahreppur og Auðkúluhreppur.
c) Flateyri H 1, starfssvæði Mosvallahreppur og Flateyrarhreppur.
d) Í Bolungarvík, H 1, starfssvæði Hólshreppur.

16.5. **Norðurlandshérað.**

1. **Hvammstangaumdæmi.**
   a) Í Hólmavík H 1, starfssvæði Kaldrananeshreppur, Hrófbergshreppur, Hólmavíkurhreppur, Kirkjubólshreppur, Fellshreppur, Óspakseyrarhreppur og Árneshreppur.
   b) Hvammstanga H 2, starfssvæði Bæjarhreppur, Staðarhreppur, Fremri-Torfustaðahreppur, Ytri-Torfustaðahreppur, Hvammstangahreppur, Kirkjuhvammshreppur, Þverárhreppur og Þorkelshólshreppur.
2. **Blönduósumdæmi.** Blönduós H 2, starfssvæði Áshreppur, Sveinstaðahreppur, Torfulækjarhreppur, Blönduóshreppur, Svínavatnshreppur, Bólstaðarhlíðarhreppur, Engihlíðarhreppur, Vindhælishreppur, Höfðahreppur og Skagahreppur
3. **Sauðárkróksumdæmi.** Sauðárkróki H 2, starfssvæði Sauðárkrókur, Skefilsstaðahreppur, Skarðshreppur, Staðarhreppur, Seyluhreppur, Lýtingsstaðahreppur, Akrahreppur, Rípurhreppur, Viðvíkurhreppur, Hólahreppur, Hofshreppur, Hofsóshreppur og Fellshreppur.
4. **Siglufjarðarumdæmi.** Siglufirði H 2, starfssvæði Siglufjörður, Haganeshreppur og Holtshreppur.
5. **Dalvíkurumdæmi.**
   a) Á Ólafsfirði H 1, starfssvæði Ólafsfjarðarkaupstaður.
   b) Á Dalvík H 2, starfssvæði Hríseyjarhreppur, Dalvíkurhreppur, Svarfaðardalshreppur og Árskógshreppur.
6. **Akureyrarumdæmi.** Akureyri H 2, starfssvæði Akureyrarkaupstaður, Arnarneshreppur, Skriðuhreppur, Öxnadalshreppur, Glæsibæjarhreppur, Hrafnagilshreppur, Saurbæjarhreppur, Öngulsstaðahreppur, Svalbarðsstrandarhreppur, Grýtubakkahreppur, Hálshreppur og Grímseyjarhreppur.
7. **Húsavíkurumdæmi.** Húsavík H 2, starfssvæði Ljósavatnshreppur, Bárðdælahreppur, Skútustaðahreppur, Reykdælahreppur, Aðaldælahreppur, Reykjahreppur, Húsavíkurkaupstaður, Tjörneshreppur, Kelduneshreppur, Öxarfjarðarhreppur, Fjallahreppur og Presthólahreppur.
8. **Þórshafnarumdæmi.**
   a) Á Þórshöfn H 2, starfssvæði Raufarhafnarhreppur, Skeggjastaðahreppur, Sauðaneshreppur, Þórshafnarhreppur og Svalbarðshreppur.
   b) Á Vopnafirði H 1, starfssvæði Vopnafjarðarhreppur.

16.6. **Austurlandshérað.**

1. **Egilsstaðaumdæmi.**
   a) Á Egilsstöðum H 2, starfssvæði Hlíðarhreppur, Jökuldalshreppur, Eiðahreppur, Vallahreppur, Egilsstaðahreppur, Skriðudalshreppur, Hjaltastaðahreppur, Borgarfjarðarhreppur, Loðmundarfjarðarhreppur, Tunguhreppur, Fellahreppur og Fljótsdalshreppur.
   b) Á Seyðisfirði H 1, starfssvæði Seyðisfjarðarhreppur og Seyðisfjarðarkaupstaður.
2. **Norðfjarðarumdæmi.**
   a) Í Neskaupstað H 2, starfssvæði Neskaupstaður, Mjóafjarðarhreppur og Norðfjarðarhreppur.

b) Á Eskifirði H 1, starfssvæði Helgustaðahreppur, Eskifjarðarhreppur og Reyðarfjarðarhreppur.
c) Á Fáskrúðsfirði H 1, starfssvæði Fáskrúðsfjarðarhreppur, Búðahreppur og Stöðvarhreppur.

3. **Hafnarumdæmi.**
a) Á Djúpavogi H 1, starfssvæði Beruneshreppur, Búlandshreppur, Geithellnahreppur og Breiðdalshreppur.
b) Á Höfn í Hornafirði H 2, starfssvæði Bæjarhreppur, Hafnarhreppur, Nesjahreppur, Mýrahreppur, Borgarhafnarhreppur og Hofshreppur.

17. gr.

17.1. Flokkun stöðva samkvæmt 16. grein er ráðherra heimilt að breyta með reglugerð, ef aðstæður breytast svo að þess sé talin þörf.

18. gr.

18.1. Þrátt fyrir skiptingu landsins milli heilsugæzlustöðva, svo sem rakið er í 16. gr., skulu íbúar einstakra sveitarfélaga og byggðarlaga jafnan eiga rétt á að leita læknishjálpar til þeirrar heilsugæzlustöðvar eða læknismóttöku, sem þeir eiga auðveldast með að ná til hverju sinni.

19. gr.

19.1. Ráða skal héraðshjúkrunarkonur til starfa með héraðslæknum, sbr. 6. gr. — Héraðshjúkrunarkonur skulu hafa yfirumsjón með hjúkrunarstarfi í héraðinu í samráði við héraðslækni og deildarstjóra ráðuneytisins í hjúkrunarmálum.
19.2. Ráða skal hjúkrunarkonur og ljósmæður til starfa við heilsugæzlustöðvar.
19.3. Allar hjúkrunarkonur og ljósmæður, sem hér um ræðir, skulu skipaðar af ráðherra og taka laun úr ríkissjóði.
19.4. Stefnt skal að því, að héraðshjúkrunarkonur hafi sérmenntun í heilsuvernd og stjórnunarstörfum á sviði hjúkrunar, og að hjúkrunarkonur á heilsugæzlustöðvum hafi sérmenntun í heilsuverndarstarfi, fæðingarfræði eða starfi hjúkrunarkonu á göngu- og slysadeildum.

20. gr.

20.1. Kostnaður við byggingu og búnað heilsugæzlustöðva svo og vegna aðstöðu til móttöku sjúklinga utan stöðva greiðist að 85% úr ríkissjóði, en að 15% af viðkomandi sveitarfélögum.
20.2. Íbúðarhúsnæði lækna, hjúkrunarkvenna og ljósmæðra telst hluti stöðvanna utan Stór-Reykjavíkursvæðisins og Akureyrar.
20.3. Ríkissjóður og sveitarfélag eru eigendur heilsugæzlustöðva í hlutfalli við fjárframlög, sbr. 20.1.

21. gr.

21.1. Á heilsugæzlustöð skal veita þjónustu, eftir því sem við á, svo sem hér segir:
1. Almenna læknisþjónustu, vaktþjónustu og vitjanir til sjúklinga.
2. Lækningarannsóknir.
3. Sérfræðilega læknisþjónustu og tannlækningar.
4. Heilsuvernd, svo sem:
a) Mæðravernd.
b) Ungbarna- og smábarnavernd.
c) Heimahjúkrun.
d) Skólaeftirlit.
e) Íþróttaeftirlit.
f) Atvinnusjúkdómaeftirlit.
g) Berklavarnir.

h) Kynsjúkdómavarnir.
i) Geðvernd, áfengis- og fíknilyfjavarnir.
j) Félagsráðgjöf.
k) Hópskoðanir og skipulagða sjúkdómaleit.
l) Sjónvernd og heyrnvernd.

Aðrar heilsuverndargreinar eftir ákvörðun ráðherra. Ráðherra getur og ákveðið, að heilbrigðiseftirlit hafi aðstöðu í heilsugæzlustöð.

21.2. Ráðherra setur með reglugerð ákvæði um stærð heilsugæzlustöðvar og fyrirkomulag, læknafjölda og sérmenntað starfslið, tækjabúnað og starfsháttu og fyrirkomulag heilsuverndarstarfs á hverjum stað, þar á meðal um móttöku sjúklinga utan stöðva. Ráðherra getur með reglugerð ákveðið að fjölga stöðvum í umdæmum að höfðu samráði við Læknafélag Íslands.

22. gr.

22.1. Rekstrarkostnaður heilsugæzlustöðva svo og kostnaður vegna aðstöðu lækna utan stöðva, annar en launakostnaður lækna, hjúkrunarkvenna og ljósmæðra, greiðist af þeim sveitarfélögum, sem hlut eiga að máli.

23. gr.

23.1. Stjórn Heilsugæzlustöðvar I er þannig skipuð, að starfslið stöðvarinnar kýs einn mann en tveir skulu kosnir af hlutaðeigandi sveitastjórnum. Á heilsugæzlustöð II kýs starfslið tvo menn og sveitarstjórnir þrjá menn í stjórn stöðvarinnar. Kjörtímabil stjórna heilsugæzlustöðva er hið sama og sveitarstjórna. Heimilt er að stofna starfsmannaráð heilsugæzlustöðvar stjórninni til ráðuneytis.

23.2. Þegar heilsugæzlustöð er í starfstengslum við sjúkrahús, fer sjúkrahússtjórn, sbr. 32. gr., með stjórn allrar stofnunarinnar. Séu fleiri en ein stöð í sama sveitarfélagi, skulu þær vera undir sameiginlegri stjórn. Í Reykjavík skal Heilbrigðismálaráð fara með stjórn stöðva.

24. gr.

24.1. Læknar og tannlæknar, sem starfa við heilsugæzlustöðvar, skulu skipaðir af ráðherra. Þeir skulu taka laun með tvennu móti:
a) Föst laun fyrir gegningarskyldu, vaktþjónustu, heilsuverndarstarf og ráðgjafarþjónustu við heilbrigðiseftirlit.
b) Laun samkvæmt samningi stéttarfélaga lækna og tannlækna og Tryggingastofnunar ríkisins fyrir almenn læknisstörf og almennar tannlækningar.

IV. KAFLI
Um sjúkrahús.

25. gr.

25.1. Sjúkrahús er í lögum þessum hver sú stofnun, sem ætluð er sjúku fólki til dagvistunar eða fullrar vistunar og þar sem læknishjálp, hjúkrun og allur aðbúnaður er í samræmi við það, sem þessi lög og reglugerðir þar að lútandi krefjast.

26. gr.

26.1. Sjúkrahús skiptast í eftirfarandi flokka eftir tegund og þjónustu:
1. Svæðissjúkrahús er sjúkrahús, sem eitt sér eða í samvinnu við önnur veitir sérfræðiþjónustu í öllum eða nær öllum greinum læknisfræði, sem viðurkenndar eru hérlendis, og hefur aðgang að stoðdeildum og rannsóknardeildum til þess að annast þetta hlutverk.
2. Deildasjúkrahús er sjúkrahús, sem veitir sérhæfða meðferð í helztu greinum lyflæknisfræði, skurðlæknisfræði og geðsjúkdómafræði og hefur aðgang að stoðdeildum til að rækja það starf, svo sem röntgendeild, svæfingardeild, rannsóknadeild og endurhæfingardeild.

3. Almennt sjúkrahús er sjúkrahús, sem ekki hefur sérdeildir, en hefur á að skipa sérfræðingum eða almennum læknum og tekur við sjúklingum til rannsóknar og meðferðar, en hefur einnig aðstöðu til vistunar langlegusjúklinga.
4. Hjúkrunar- og endurhæfingarheimili er vistheimili fyrir sjúklinga, sem búið er að sjúkdómsgreina, en þarfnast meðferðar, sem hægt er að veita utan almennra og sérhæfðra sjúkrahúsa.
5. Sjúkraskýli er húsrými í heilsugæzlustöð eða annars staðar, sem eingöngu er ætlað til gæzlu eða athugunar sjúklinga um skamman tíma.
6. Vinnu- og dvalarheimili eru stofnanir, sem taka til vistunar geðsjúklinga, drykkjusjúklinga, líkamlega bæklaða eða fávita, til dvalar eða starfs.
7. Gistiheimili er dvalarstaður sjúklinga, sem eru til meðferðar á öðru sjúkrahúsi, en geta eigi dvalizt í heimahúsum.

26.2. Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um flokkun sjúkrahúsa samkvæmt þessari grein, að höfðu samráði við Landssamband sjúkrahúsa, og ákveður jafnframt starfssvið og verkaskiptingu þeirra sjúkrahúsa, er starfa við gildistöku laganna. Þó skal í þeirri reglugerð ákveðið, að í hverju læknishéraði skuli vera a. m. k. eitt sjúkrahús samkvæmt tölulið 2 í 26.1., að geðdeild undanskilinni.

27. gr.

27.1. Þegar bygging eða starfræksla nýs sjúkrahúss er ákveðin, skal starfssvið þess ákveðið í samræmi við ákvæði 26. greinar.

28. gr.

28.1. Enginn má setja á stofn eða reka undir neinu nafni sjúkrahús samkv. 26. gr., nema með leyfi ráðherra. Sama máli gegnir um hvers konar aðra starfsemi, sem talin er vera í lækningaskyni.

28.2. Sama máli gegnir um allar meiri háttar breytingar á húsakynnum og starfsemi slíkra stofnana.

29. gr.

29.1. Beiðni til ráðherra um rekstrarleyfi samkvæmt 28. gr. skulu fylgja upplýsingar um verksvið stofnunar, hvar henni er ætlaður staður, uppdrættir af byggingum, lóðum og umhverfi og afstöðu til nágrennis, ásamt lýsingu á húsakynnum. Enn fremur fylgi greinargerð um eigendur stofnunar og fjárhagsástæður og loks skýrsla um starfsáætlun, um stjórn, starfsfólk og rekstrarfyrirkomulag, hve mörgum sjúklingum stofnun þessari er ætlað að sinna eða hve mörgum vistmönnum að anna og með hvaða kjörum.

29.2. Ráðherra veitir því aðeins leyfið, að stofnunin fullnægi heilbrigðiskröfum og ætla megi, að hún geti leyst verkefni sitt á viðunandi hátt. Ætíð skal leita álits viðkomandi héraðslæknis á nauðsyn og gagnsemi stofnunar.

30. gr.

30.1. Heilbrigðisyfirvöld skulu eiga greiðan aðgang til eftirlits að stofnunum, sem um ræðir í þessum lögum.

31. gr.

31.1. Við hvert sjúkrahús samkvæmt 26. gr. skal starfa sérstakur sjúkrahúslæknir eða yfirlæknir og hjúkrunarmenntuð forstöðukona.

31.2. Á svæðis- og deildasjúkrahúsum skulu vera yfirlæknar sérgreina og yfirhjúkrunarkonur deilda.

31.3. Formaður læknaráðs svæðis- eða deildasjúkrahúss skal vera yfirlæknir allrar stofnunarinnar, nema stjórn sjúkrahúss ákveði annað.

31.4. Ráðherra setur með reglugerð, sbr. 26. gr., ákvæði um starfslið sjúkrahúsa í samræmi við starfssvið þeirra.

32. gr.

32.1. Sjúkrahús þau, er ríkið á eða starfrækir, skulu vera undir yfirstjórn sjúkrahúsmáladeildar ráðuneytis, en stjórn þeirra að öðru leyti falin 5 manna stjórnarnefnd. Nefndin skal skipuð þannig, að starfsmannaráð ríkisspítala, sbr. 34.3. gr., tilnefnir 2 menn, en ráðherra skipar 3 án tilnefningar og einn þeirra formann. Nefndin er skipuð til 4 ára, þó þannig að aldrei gangi nema 3 úr nefndinni í einu.

32.2. Sjúkrahúsum sveitarfélaga skal stjórnað af 5 manna stjórnum. Starfsmannaráð sjúkrahúsa kjósa 2 menn í stjórn og hlutaðeigandi sveitarstjórn eða stjórnir 3. Þegar um einkasjúkrahús eða sjálfseignarstofnun er að ræða, kýs starfsmannaráð 1 stjórnarmann, viðkomandi sveitarstjórn 1, en eigendur 3.

32.3. Yfirlæknar og forstöðukonur sjúkrahúsa skulu sitja stjórnarfundi og hafa þar tillögurétt og málfrelsi og yfirlæknar sérgreina, þegar málefni þeirra eru rædd.

32.4. Stefnt skal að því að ráða sérmenntaða sjúkrahússtjóra sem framkvæmdastjóra allra stærri sjúkrahúsa.

33. gr.

33.1. Ráðherra skipar 3 lækna í nefnd, er metur hæfni umsækjenda um stöðu landlæknis, stöður yfirlækna, sérfræðinga, héraðslækna og lækna heilsugæzlustöðva. Nefndin skal þannig skipuð: 1 tilnefndur af Læknafélagi Íslands, 1 tilnefndur af læknadeild Háskóla Íslands og landlæknir, og er hann jafnframt formaður nefndarinnar. Sömu aðilar tilnefni varamenn. Nefndin skal skipuð til þriggja ára. Umsögn nefndarinnar fer síðan til stjórnarnefndar viðkomandi sjúkrahúsa og heilsugæzlustöðva. Þegar um er að ræða stöður yfirlækna og sérfræðinga, hefur nefndin heimild til að kveðja 2 sérfræðinga sér til ráðuneytis. Nefndin skal hafa skilað rökstuddu áliti innan fjögurra vikna, frá því að umsóknarfresti lauk.

33.2. Yfirlæknar við sjúkrahús ríkisins og aðrar heilbrigðisstofnanir skulu skipaðir af ráðherra að fenginni umsögn nefndar, sbr. 33.1., og læknaráðs viðkomandi sjúkrahúss. Um ráðningarkjör yfirlækna fer eftir samningum milli stéttarfélags lækna og viðkomandi stofnana eða samningum um kjör opinberra starfsmanna.

33.3. Yfirlæknar annarra sjúkrahúsa skulu ráðnir af viðkomandi sjúkrahússtjórn að fenginni umsögn nefndar, sbr. 33.1., og læknaráðs viðkomandi sjúkrahúss, sé slíkt fyrir hendi.

33.4. Ráða má eða skipa hvern þann lækni til starfa samkvæmt þessari grein, sem hæfur hefur verið talinn.

33.5. Forstöðukonur við sjúkrahús ríkisins skulu skipaðar af ráðherra að fenginni umsögn sjúkrahússtjórnar. Forstöðukonur annarra sjúkrahúsa skulu ráðnar að fenginni umsögn hjúkrunarstjóra ráðuneytisins.

34. gr.

34.1. Við öll sjúkrahús, þar sem 3 læknar eða fleiri starfa og a. m. k. 2 eru í fullu starfi, skal starfa læknaráð. Læknaráð skal vera stjórnendum til ráðuneytis um öll læknisfræðileg atriði í rekstri sjúkrahússins, og ber stjórnendum að leita álits læknaráðs um allt, sem varðar læknisþjónustu sjúkrahússins.

34.2. Læknaráð setja sér starfsreglur, sem sjúkrahússtjórnir staðfesta.

34.3. Stofna skal við sjúkrahús sérstök starfsmannaráð sjúkrahúsa, þar sem starfshópar eiga fulltrúa.

34.4. Með reglugerð skal kveða á um reglur fulltrúakjörs og starfsreglur starfsmannaráða.

35. gr.

35.1. Ráðherra lætur gera áætlun um heilbrigðisstofnanir samkvæmt 16. og 26. grein. Gera skal áætlun til 10 ára í senn og endurskoða hana á tveggja ára fresti. Leita skal umsagnar landlæknis um áætlunina. Þau umdæmi, þar sem erfitt er að halda uppi heilsugæzlu, skulu hafa forgang um byggingu heilsugæzlustöðva.

35.2. Framkvæmdaáætlun byggð á heildaráætlun skal árlega lögð fyrir Alþingi við gerð fjárlaga.

36. gr.

36.1. Ráðuneytið sér um framkvæmd áætlunar þeirrar, er um getur í 35. gr.
36.2. Ef einstök sveitarfélög eða aðrir aðilar óska eftir, getur ráðherra gert við þá samning um að taka að sér ákveðnar framkvæmdir eða annast rekstur ákveðinna stofnana.
36.3. Framlag ríkisins til sjúkrahúsbygginga, sem þannig er stofnað til, skal nema 85% af kostnaði við byggingu og búnað.
36.4. Ríkissjóður, sveitarfélög og aðrir eignaraðilar eru eigendur sjúkrahúss í réttu hlutfalli við framlög hvers og eins.

37. gr.

37.1. Þau sjúkrahús í eigu sveitarfélaga eða einkaaðila, sem starfandi eru við gildistöku þessara laga, skulu í hvívetna fylgja þeim starfsreglum, er þeim verða settar. Að öðru leyti verður rekstur þeirra óbreyttur, verði ekki um annað samið milli eigenda og ríkisins.

V. KAFLI
Ýmis ákvæði.

38. gr.

38.1. Ráðuneytið skal í samvinnu við menntamálaráðuneytið, Háskóla Íslands, landlækni og hin ýmsu stéttarsamtök heilbrigðisstarfsmanna, eftir því sem við á, stuðla að aukinni þekkingu og endurbótum á grunn- og framhaldsmenntun heilbrigðisstarfsmanna í samræmi við þarfir landsmanna á hverjum tíma. Skal það enn fremur í samvinnu við ofangreinda aðila stuðla að viðhaldsmenntun heilbrigðisstarfmanna. Óski menntamálaráðuneytið og Háskóli Íslands eftir, skal heimilt að binda kennsluskyldu við Háskóla Íslands við ákveðnar stöður innan heilbrigðisþjónustunnar.

39. gr.

39.1. Ráðherra skal gera samkomulag við rannsóknarstofnanir í sýkla- og veirufræði, eðlis- og efnafræði og lyfjafræði, svo að stofnanir heilbrigðiseftirlits, sem ekki reka eða hafa beinan aðgang að slíkum stofnunum, geti notið fullnægjandi rannsóknarþjónustu.
39.2. Verði ekki séð fyrir nefndri þjónustu með þessu móti á fullnægjandi hátt, skal ráðuneytið hafa forgöngu um lausn málsins með byggingu og starfrækslu slíkra rannsóknastofnana.

40. gr.

40.1. Ráðuneytið og landlæknir skulu hafa forgöngu um samvinnu þeirra aðila innanlands, sem starfa að heilbrigðis- og almannatryggingamálum, í samráði við utanríkisráðuneytið um eflingu samstarfs á sviði þessara mála við Norðurlönd, þjóðir Evrópu og á alþjóðavettvangi.

41. gr.

41.1. Öll ferðalög fastráðins starfsfólks, sem um ræðir í lögum þessum, skulu vera því að kostnaðarlausu, séu þau starfsins vegna, sbr. reglur um greiðslur kostnaðar vegna ferðalaga á vegum ríkisins, nr. 199/1970.
41.2. Reglur um bifreiðamál ríkisins, nr. 6/1970, skulu gilda um starfsmenn í heilbrigðisþjónustu, eftir því sem við getur átt.

42. gr.

42.1. Ráðuneytið gerir í samráði við samgönguráðuneyti og dóms- og kirkjumálaráðuneyti (vegamálastjóra, landhelgisgæzlu, flugmálastjóra) og landlækni áætlun um, hvernig bezt og öruggast verði séð um, að læknar komist frá heilsugæzlustöðvum til móttökustaða innan starfssvæðis, svo og um almennt sjúkraflug og neyðarþjónustu.

42.2. Ráðuneytið getur í þessu skyni gert samning við flugfélög um slíkar ferðir eða gerzt aðili að rekstri flugvélar eða þyrlu til þessara nota.

42.3. Á sama hátt gerir ráðuneytið í samráði við samgönguráðuneytið (póst- og símamálastjóra) áætlun um fjarskipta- og símaþjónustu í héruðum landsins, svo að tryggt sé, að landsmenn geti náð til læknis án tafar.

43. gr.

43.1. Heimilt er ráðuneytinu að fenginni umsögn læknadeildar Háskóla Íslands og landlæknis að veita læknastúdentum ríkisstyrki til náms gegn skuldbindingum um læknisþjónustu í strjálbýli að loknu námi. Nánari ákvæði um styrki þessa skal setja í reglugerð.

44. gr.

44.1. Læknishéraðasjóðum samkv. lögum nr. 82/1970, Bifreiðalánasjóði, samkv. 14. gr. laga nr. 43/1965, svo og ónotuðum fjárveitingum samkv. 15. og 16. gr. sömu laga, skal slá saman í einn sjóð, Læknishéraðasjóð og skal ríkissjóður leggja honum til við stofnun 5 milljónir króna.

44.2. Hlutverk sjóðsins skal vera að bæta læknisþjónustu í dreifbýli með þeim ráðum, sem tiltæk eru hverju sinni. Ráðherra veitir lán og styrki úr sjóðnum að fengnum tillögum landlæknis.

44.3. Árlegar tekjur sjóðsins skulu vera þau embættislaun héraðslækna og lækna við heilsugæzlustöðvar, sem ekki koma til greiðslu, vegna þess að læknar hafa ekki fengizt til starfanna, og auk þess skal árlega leggja sjóðnum fé á fjárlögum.

44.4. Ráðherra setur sjóðnum reglugerð.

45. gr.

45.1. Heimilt er að tengja við ákveðnar sérfræðings- og aðstoðarlæknisstöður við ríkisspítala kvöð um störf við heilsugæzlustöðvar, allt að 2 mánuðum á ári fyrir sérfræðinga og allt að 4 mánuðum fyrir aðstoðarlækna.

46. gr.

46.1. Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1974. Jafnframt eru felld úr gildi sjúkrahúsalög nr. 54/1964, læknaskipunarlög nr. 43/1965, með áorðnum breytingum, heilsuverndarlög nr. 44/1955 og lög um læknishéraðasjóði nr. 82/1970 svo og önnur ákvæði laga, er fara í bág við þessi lög.

Ákvæði til bráðabirgða.

1. II. kafli laganna og gr. 19.1. taka ekki gildi fyrr en Alþingi ákveður. Meðan gildistöku þessara ákvæða er frestað, skal ráðherra skipa einn lækni í hverju heilsugæzluumdæmi til þess að gegna þeim embættisstörfum, sem tilgreind eru í II. kafla. Læknar þessir skulu vera starfandi við heilsugæzlustöðvar, þar sem því verður við komið. Þangað til þessir læknar hafa verið skipaðir, skulu borgarlæknirinn í Reykjavík og héraðslæknar gegna núverandi embættisstörfum sínum. Ákvæði í 16. gr. 3., 2—3 skulu ekki koma til framkvæmda, nema ákvörðun Alþingis komi til. Á meðan skulu héraðslæknar á Hvolsvelli, Hellu, Selfossi, Laugarási, Eyrarbakka og Hveragerði gegna embættum sínum samkvæmt læknaskipunarlögum, nr. 43/1965, með áorðnum breytingum.

2. Til þess að koma á þeirri heilbrigðisþjónustu, sem ráðgerð er, skal úr ríkissjóði bjóða fram námsstyrki til heilbrigðisstarfsmanna, til þess að þeir geti aflað sér sérmenntunar. Námsstyrkir þessir skulu nægja fyrir skólagjöldum og dvalarkostnaði erlendis í allt að 1 ár.
3. Héraðslæknar á læknissetrum, sem leggja á niður, skulu flytjast til heilsugæzlustöðva, þegar aðstaða er fengin, en ella sitja á núverandi aðsetri. Meðan lögin eru að komast til fullra framkvæmda, er heimilt að ráða lækna og annað starfslið að heilsugæzlustöð með búsetu og starfsstað utan stöðvar. Heimilt er ráðherra að ráða hjúkrunarkonur til lækna utan heilsugæzlustöðva.
4. Heilsuverndarstarf skv. lögum nr. 44/1955, sbr. lög nr. 28/1957, skal haldast óbreytt frá því, sem er við gildistöku laganna, þar til heilsugæzlustöðvar hafa verið skipulagðar til að annast það.

Ed. 649. Nefndarálit [231. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 75 13. maí 1966, um Fiskveiðasjóð Íslands, sbr. lög nr. 33/1970.

Frá meiri hl. sjávarútvegsnefndar.

Nefndin hefur athugað frv., og leggur undirritaður meiri hl. til, að það verði samþykkt. Aðrir nm. munu skila sérálitum.

Alþingi, 11. apríl 1973.

Björn Jónsson, varaform. Geir Gunnarsson, fundaskr. Halldór Kristjánsson, frsm.
Steingr. Hermannsson.

Nd. 650. Nefndarálit [241. mál]

um frv. til l. um veiðar með botnvörpu, flotvörpu og dragnót.

Frá meiri hl. sjávarútvegsnefndar.

Nefndin ræddi frv. á fundi sínum í dag. Frv. var ekki sent til umsagnar neinna aðila.

Meiri hl. nefndarinnar, GuðlG, JSk, KP, BP, GS, mælir með, að frv. verði samþ., en einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja brtt., sem fram kunna að koma. Pétur Sigurðsson skilar séráliti. Stefán Gunnlaugsson var fjarstaddur við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 11. apríl 1973.

Garðar Sigurðsson, form., frsm. Jón Skaftason. Guðl. Gíslason.
Karvel Pálmason. Björn Pálsson.

Nd. 651. Nefndarálit [27. mál]

um frv. til l. um Tæknistofnun sjávarútvegsins.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Sjávarútvegsnefnd hefur margrætt þetta frv. á fundum sínum, en ekki hefur náðst samkomulag um afgreiðslu þess.

Öllum nefndarmönnum ber saman um, að nauðsyn beri til, að helzt ein stofnun vinni að tæknimálum sjávarútvegsins, en það hefur verið þyrnir í augum meiri hluta nefndarinnar, hversu margir aðilar fást þegar við sömu eða skyld verkefni, og einnig, að hvergi í frv. er að finna ákvæði þess efnis, að hinar ýmsu stofnanir komi til með að leggja niður þá starfsemi, sem að áliti nefndarmanna ættu helzt að vinna í einni stofnun.

Nefndin telur ekki nægilegt að greina milli verkefna nefndra stofnana með reglugerð, þar sem fyrir eru lög um téðar stofnanir, sem stæðu áfram þrátt fyrir reglugerðarákvæði. Þess vegna leggur nefndin til, að þetta frumvarp og þau lög, er varða tæknimál sjávarútvegsins, verði endurskoðuð og breytt með það fyrir augum að koma í veg fyrir, að margir aðilar starfi að sömu verkefnunum. Skal þeirri endurskoðun lokið fyrir næsta þing og fyrir það lagt frumvarp til laga um slíka stofnun fyrir sjávarútveginn, sem kæmu í veg fyrir tví- eða margverknað í þessum málum.

Í trausti þess, að farið verði að ofannefndri tillögu, leggur nefndin til, að frv. verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Alþingi, 11. apríl 1973.

Garðar Sigurðsson, form., frsm.	Jón Skaftason.	Guðl. Gíslason.
Björn Pálsson.	Pétur Sigurðsson.	Karvel Pálmason.

Nd. 652. Nefndarálit [188. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 62 18. maí 1967, um bann gegn veiðum með botnvörpu og flotvörpu, sbr. l. nr. 21/1969 og 50/1971.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Meiri hl. nefndarinnar, GS, GuðlG, KP, JSk, leggur til, að frv. verði fellt. Pétur Sigurðsson leggur til, að frv. verði samþ. óbreytt. Björn Pálsson tekur ekki afstöðu til málsins. Stefán Gunnlaugsson var fjarstaddur við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 11. apríl 1973.

Garðar Sigurðsson, form., frsm.	Jón Skaftason.	Guðl. Gíslason.
Björn Pálsson.	Pétur Sigurðsson.	Karvel Pálmason.

Sþ. 653. Tillaga til þingsályktunar [248. mál]

um kennslu í haffræði og skyldum greinum við Háskóla Íslands.

Flm.: Ingvar Gíslason, Jón Árnason, Geir Gunnarsson, Jón Ármann Héðinsson, Karvel Pálmason, Vilhjálmur Hjálmarsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta kanna svo fljótt sem verða má, hvort ekki sé tímabært að hefja kennslu í haffræði og skyldum greinum við Háskóla Íslands.

Greinargerð.

Með þingsályktunartillögu þessari er hreyft máli, sem flm. telja mikla nauðsyn á að verði kannað til hlítar. Íslendingar eru umfram allt fiskveiðiþjóð, og þjóðarbúskapurinn stendur og fellur með sjávaraflanum. Sem eyþjóð eru Íslendingar einnig í slíkri nálægð og snertingu við hafið, að ekki fer milli mála, að það er hluti af nánasta umhverfi íslenzku þjóðarinnar. Á Íslendingum hvílir því sérstök skylda um rannsóknir á hafinu, auk þess sem víst er, að þekking á eðli sjávar hefur hagnýtt gildi fyrir þjóðarbúskapinn.

Íslendingar hafa vissulega lagt mikið af mörkum á sviði fræðilegra og hagnýtra **fiskirannsókna**, sem fram fara á vegum Hafrannsóknastofnunarinnar. Einnig hefur sú stofnun með höndum **haffræðirannsóknir**, eftir því sem fjármagn og mannafli hrekkur til, en með haffræði er í stuttu máli átt við þá fræðigrein, sem fjallar alhliða um hafið og náttúru þess í víðri merkingu.

Það er skoðun flm., að auka beri haffræðirannsóknir og haffræðilega þekkingu. Við teljum flest rök mæla með því, að tekin verði upp kennsla í þessari vísindagrein við Háskóla Íslands.

Kunnastur haffræðingur íslenzkur er án efa dr. Unnsteinn Stefánsson, sem um nokkurra ára skeið hefur starfað við góðan orðstír hjá Menningar- og vísindastofnun Sameinuðu þjóðanna, m. a. að því að skipuleggja kennslu í haffræði í ýmsum löndum, einkum hinum svonefndu þróunarlöndum. Flm. hafa átt þess kost að kynnast viðhorfum dr. Unnsteins varðandi þá hugmnyd að hefja kennslu í haffræði og skyldum greinum við Háskóla Íslands. Þar sem flm. hafa undir höndum skriflegar tillögur hans um þetta efni, þykir einlægast að birta þær sem fylgiskjal með þingsályktunartillögu þessari, enda er þar að finna rökstuðning fyrir málinu, sem flm. vilja gera að sínum.

Fylgiskjal.

Tillögur um kennslu í haffræði við Háskóla Íslands.

Inngangur.

Um heimsbyggð alla fer nú áhugi manna ört vaxandi á hafinu, verndun þess og skynsamlegri nýtingu í nútíð og framtíð. Til þess liggja ýmsar gildar ástæður, eins og nú skal greina:

1) Hafið þekur meira en 70 hundraðshluta af yfirborði jarðar, og rúmtak þess er um það bil 14-falt stærra en allra landssvæða ofan sjávarmáls. Haldgóð þekking á þessum stóra hluta af yfirborði jarðar er forsenda þess, að við öðlumst viðhlítandi skilning á þeim heimi, sem við búum í. Þannig er orkubúskapur jarðar að miklu leyti háður hafinu og samspili þess við andrúmsloftið. Veðurfar á hverjum stað er nátengt hafinu, ástandi þess og straumakerfum. Ýmsar merkustu nýjungar, er lúta að þróunar-

sögu jarðar og fram hafa komið á seinustu árum, eru byggðar á rannsóknum á sjávarbotninum, lögun hans og gerð. Líf á jörðu hófst í hafinu, og þróun og viðhald flókinna og margbreytilegra lífsforma, eins og við þekkjum þau, er erfitt að hugsa sér á hafsnauðum hnetti. Þó er talið, að nú á 8. áratug þessarar aldar viti menn minna um hafsbotninn en yfirborð tunglsins.

2) Eins og Íslendingar þekkja flestum betur, er öflun matvæla úr hafinu mjög mikilvæg, og almennt er nú talið, að hafið sé það forðabúr, sem í æ ríkari mæli muni sjá jarðbúum fyrir næringu í framtíðinni, ef forða á mannkyninu frá hungurdauða. Enn sem komið er notfæra menn sér þó aðeins lítið brot af þeim eggjahvituefnum og öðrum fæðutegundum, sem í hafinu eru.

3) Fjölmargar aðrar auðlindir hafsins en matvæli eru nú þegar hagnýttar víða um heim. Nægir í því sambandi að nefna saltvinnslu úr sjó, vinnslu þangs og þara, nýtingu verðmætra efna af sjávarbotni og olíuvinnslu. Með vaxandi tækni á komandi árum er líklegt talið, að í framtíðinni fari vinnsla málma aðallega fram af hafsbotni.

4) Þekking á hafinu hefur mikið hagnýtt gildi í daglegu lífi manna, hvort sem um er að ræða siglingar og samgöngur á sjó, gerð hafnarmannvirkja, veðurspár o. fl.

5) Á seinustu árum hafa menn vaknað upp við vondan draum og orðið þess áskynja, að „heilsufar" hafsins er á hraðri afturför. Víða er mengun slík á strandsvæðum, að fiskistofnar eru í bráðri hættu, fuglar og önnur dýr veslast upp og farast í olíubrák, og notkun baðstranda leggst niður vegna óþrifnaðar og sýkingarhættu. Vaxandi magn eiturefna í hafinu og lífverum þess er mikið áhyggjuefni, og sums staðar hefur sala ákveðinna fisktegunda og annarra sjávarafurða verið bönnuð af heilsufarsástæðum. Nýjustu athuganir benda jafnvel til þess, að mengunarvandamálið sé slíkt, að ekki aðeins grunnslóðir, heldur heimshöfin sjálf séu í bráðri hættu, ef ekkert verður að gert.

Af þeim ástæðum, sem hér hafa verið raktar, eru nú til athugunar hjá Sameinuðu þjóðunum og sérstofnunum þeirra ýmsar ráðagerðir um víðtæka alþjóðasamvinnu um auknar rannsóknir á hafinu sjálfu, könnun á auðlindum þess og ráðstafanir til að vernda það gegn frekari mengun. Menn gera sér jafnframt ljóst, að slíkum fyrirætlunum verður því aðeins hrundið í framkvæmd, að til komi aukin fjárframlög til könnunar á hafinu og jafnframt þurfi að mennta stóran hóp sérfræðinga á ýmsum sviðum haffræða og í tæknigreinum, er lúta að rannsóknum og nýtingu hafsins og auðlinda þess. Því er það, að kennslumál í haffræðum eru nú mjög ofarlega á dagskrá hjá Menningar- og fræðslustofnun Sameinuðu þjóðanna. Á það hefur einnig verið lögð áherzla, að ekki sé nóg að mennta sérfræðinga, heldur sé það engu síður mikilvægt að efla þekkingu á hafinu meðal almennings og vekja hann til umhugsunar um verndun þess og skynsamlega hagnýtingu. Sú uppfræðsla er einnig hugsuð sem liður í þeirri viðleitni að kenna uppvaxandi kynslóð að meta kosti þess að búa við hreint og heilnæmt umhverfi og njóta óspilltrar náttúru, hvort heldur er til fjalla, á láglendi, við fjöruborð eða á hafi úti.

Hjá fáum þjóðum heims sýnist meiri ástæða til uppfræðslu um hafið og vandamál því viðkomandi en á Íslandi. Frá fyrstu tíð hefur líf fólksins í landinu verið nátengt hafinu, duttlungum þess og gjafmildi, og mun svo væntanlega verða um langa framtíð. Hjá slíkri þjóð ætti að vera hagsmunamál og siðferðileg skylda að efla ekki aðeins rannsóknir, heldur einnig almenna fræðslu um hafsvæðin umhverfið landið og íslenzkt landgrunn, sem að dómi undirritaðs ber að skoða sem óaðskiljanlegan hluta íslenzkrar náttúru.

Samt er það svo, að til þessa hefur gætt furðulegs tómlætis í þessum efnum í íslenzku skólakerfi. Þannig er fræðsla um hafið af mjög skornum skammti í miðskólum landsins og þá eingöngu veitt af kennurum, sem litla eða enga þekkingu hafa í haffræðum. Til skamms tíma var engin fræðsla veitt um hafið í menntaskólum landsins. Ástæðan fyrir þessari vanrækslu er vafalaust fyrst og fremst sú, að náttúrufræðikennarar á Íslandi hafa engan kost átt á því að læra um hafið eða hafrannsóknir, og því eðlilega litlu getað miðlað nemendum sínum í þeim efnum.

Sýnist, að nú megi eigi lengur við svo búið standa og beri okkur sem eyþjóð, sem á allt sitt undir hafinu og auðæfum þess, að kosta kapps um að veita staðgóða fræðslu um hafið í skólum landsins. En til þess að svo geti orðið, þarf að gefa náttúrufræðikennurum landsins kost á að nema grundvallaratriði þessara fræða. Hér hefur Háskóli Íslands stóru hlutverki að gegna.

Kennslugreinar í haffræði við Háskóla Íslands.

Lagt er til, að Háskóli Íslands taki upp kennslu í haffræðum og hefjist fyrsti þáttur kennslunnar strax á næsta skólaári, þ. e. 1972—1973. Megintilgangur slíkrar kennslu ætti að vera:

a) að veita fræðslu í haffræðum fyrir framhaldsskólakennara í náttúrufræðum.
b) að skapa möguleika fyrir íslenzka námsmenn, sem áhuga hafa á að leggja fyrir sig hafrannsóknir sem lífsstarf, að ljúka fyrri hluta prófi í haffræði á Íslandi, og
c) að útskrifa aðstoðarsérfræðinga í haffræðum.

Gert er ráð fyrir, að fyrst um sinn verði einungis tekin upp haffræðikennsla til B. Sc. prófs, og er ástæðan sú, að ætla má, að á næstu árum verði fjöldi þeirra nemenda, sem hyggja á síðari hluta nám í haffræðum, tiltölulega lítill. Auk þess verður að telja æskilegt, að slíkt síðari hluta nám sé sótt til stærri landa, sem lengra eru á veg komin í hafrannsóknum en við Íslendingar. Síðar meir, þegar íslenzkar hafrannsóknir hafa eflzt og þróazt frá því, sem nú er, kynni það að vera athugandi að koma á síðari hluta námi og jafnvel að gefa erlendum stúdentum kost á að stunda nám í þessum greinum á Íslandi.

Til skamms tíma var það almenn skoðun, að haffræði táknaði nánast þá fræðigrein, sem lýtur að eðlisfræði hafsins. Enda var um nokkurt árabil sá háttur hafður á erlendis, t. d. í Noregi og Þýzkalandi, að annars vegar miðaði kennslan við hafeðlisfræðinga og hins vegar við fiskifræðinga. Þetta viðhorf hefur breytzt hin síðari ár í flestum löndum. Mönnum er nú ljóst, hve hinar ýmsu greinar hafrannsókna eru samtvinnaðar og hver annarri nátengdar. Því er nú lagt kapp á að veita alhliða fræðslu um hafið sem undirstöðu fyrir þá, sem leggja stund á sérfræðigreinar, hvort heldur um er að ræða hafeðlisfræði, hafefnafræði, hafliffræði eða jarðfræðilega haffræði. Hér er lagt til, að þessari stefnu sé fylgt í kennslufyrirkomulagi við Háskóla Íslands og eftirfarandi námsgreinar teknar upp:

I. Almenn haffræði, 10 námseiningar (og er gert ráð fyrir 30 námseiningum á ári). Þetta námskeið skal veita all ítarlegt yfirlit yfir almenna haffræði og yrði undirstaða undir allt frekara haffræðinám. Aðgang að námskeiðinu hefðu stúdentar í eðlisfræði, efnafræði, landafræði og náttúrufræðigreinum.

II. Hafeðlisfræði. 10 námseiningar. Að þessu námskeiði hefðu aðgang stúdentar á þriðja ári með eðlisfræði sem aðalfag og skyldu þeir fyrst hafa lokið almennri haffræði.

III. Hafefnafræði, 10 námseiningar. Að þessu námskeiði hefðu aðgang stúdentar á þriðja ári með efnafræði sem aðalgrein að loknu námskeiði í almennri haffræði.

IV. Hafliffræði, 10 námseiningar. Að þessu námskeiði hefðu aðgang stúdentar með líffræði sem aðalgrein að loknu námskeiði í almennri haffræði og tveggja ára námi í almennum líffræðigreinum.

V. Jarðfræðileg haffræði, 10 námseiningar. Að námskeiðinu hefðu aðgang þeir stúdentar, er stundað hafa jarðfræði sem aðalgrein og lokið hafa námskeiði í almennri haffræði og tveggja ára námi í almennum jarðfræðigreinum.

VI., VII., VIII. og IX. Sérhæft viðbótarnám í hafeðlisfræði, hafefnafræði, hafliffræði eða jarðfræðilegri haffræði, 20 námseiningar. Þetta nám yrði í nánum tengslum við rannsóknastofnanir.

Auk þess að veita næga undirstöðu til frekari haffræðináms er I. námskeið, almenn haffræði, hugsað sem liður í almennri náttúrufræðimenntun fyrir kennara í framhaldsskólum. Hin námskeiðin eru aftur á móti hugsuð sem liður í haffræði-

námi til B. Sc. prófs (í hafeðlisfræði, hafefnafræði o.s.frv.). B. Sc. próf í haffræði ætti að a) veita næga undirstöðu til að kenna haffræði við menntaskóla sem aðalkennslugrein; b) veita næga undirstöðu til síðari hluta náms í haffræði við erlenda háskóla og c) veita réttindi til starfa sem aðstoðarsérfræðingur við rannsóknastofnanir.

Til þess að ljúka B. Sc. prófi í haffræði þyrfti nemandinn að ljúka auk undirstöðugreina, sem færu eftir sérgrein hans, almennri haffræði (10 námseiningum), sérgrein (10 námseiningum) og hinu sérhæfða viðbótarnámi (20 námseiningum). Með núverandi námstíma á ári við Háskóla Íslands er hæpið, að þessu námi verði lokið á skemmri tíma en 4 árum. Hugsanlegt er þó með sumarvinnu að hinu sérstaka verkefni, að náminu megi ljúka á 3½ ári. Með lengingu námsins í 4 ár mætti verja lengri tíma til hins sérhæfða viðbótarnáms og auk þess bæta við æskilegum greinum skyldum aðalfagi.

Lýsing á námsefni.

I. Almenn haffræði.

1. Könnun hafsins að fornu og nýju — ágrip af sögu haffræðinnar.
2. Skipting lands og sjávar — heimshöfin, stærð og landfræðileg einkenni.
3. Sjókort og dýptarmælingar.
4. Eðlisfræðilegir eiginleikar og aðalefni sjávar.
5. Orkubúskapur hafsins. — Samskipti lofts og sjávar.
6. Hita-, seltu- og eðlisþyngdardreifing.
7. Blöndun í hafinu. — Sjógerðir.
8. Ágrip af lífefnafræði hafsins. — Áhrif efna- og eðlisfræðilegra eiginleika á lífskjör í hafinu.
9. Hafstraumar og helztu orsakir þeirra.
10. Bylgjur og sjávarföll.
11. Lífið í hafinu.
12. Myndunarsaga heimshafanna. — Sjávarbotninn — lögun, gerð og myndun setlaga.
13. Rannsóknaskip og mælitæki.
14. Sjórinn kringum Ísland.
15. Hafís.
16. Auðlindir hafsins. — Vinnsla verðmætra efna úr hafinu og af hafsbotni.
17. Verndun hafsins.
18. Alþjóðasamvinna um rannsóknir og nýtingu hafsins.
19. Maðurinn og hafið — framtíðarnot.

Gert er ráð fyrir alls um það bil 100 fyrirlestrum, en auk þess a. m. k. 20 tímum á viku hverri við úrlausn verkefna, dæmaútreikninga og nokkrar verklegar æfingar. Loks er hugsað, að þátttakendur námskeiðsins fari eins dags ferð á rannsóknaskipi út í Faxaflóa.

II. Hafeðlisfræði.

1. Eðlisfræðilegir eiginleikar sjávar (viðbót við I. námkeið).
2. Stöðufræði hafsins. Þyngdar-, þrýstings- og massasvið. Stöðugleiki („stabilitet"). „Adiabatisk" áhrif. Vektorsvið. „Kontinuitetsjafnan" og hagnýt notkun hennar við einstök haffræðileg viðfangsefni.
3. Hreyfingarfræði hafsins. Hreyfingarlíkingar. „Geostrofisk", „inertial", „meander" og „cyelostrofisk" hreyfing. „Vorticitet". Randskilyrði o. fl.
4. Stöðugir hafstraumar í lagskiptum sjó án núningsmótstöðu. Útreikningar á afstæðum straumhraða og rennsli. Áhrif botnlögunar á hafstrauma.
5. Núningsmótstaða og vindstraumar. Ekman-líkingar og Ekman-rennsli.
6. „Thermo-halin" hringrás í hafinu.
7. Helztu einkenni hringrásar og lagskiptingar heimshafanna.
8. Sjógerðagreining byggð á eðlisfræðilegum og efnafræðilegum eiginleikum.
9. Bylgjufræði. Stormbylgjur og bylgjuspár.

10. Stormflóð og tsunamis.
11. Neðansjávarbylgjur.
12. Sjávarföll og sjávarfallastraumar.
13. Blöndun í hafinu. „Turbulens“ og „diffusion“.
14. Stærðfræðilíkön af hafinu og samskiptum lofts og sjávar.
15. Mælitækni. Staðsetningartæki. Straummælingatæki. Bylgjumælar. Ljósmælingatæki. Dýptarmælar og fiskritar.

Gert er ráð fyrir alls um það bil 80 fyrirlestrum, en auk þess færu u. þ. b. 25 tímar á viku í umræðutíma, úrlausn verkefna, dæmatíma og verklegar æfingar.

III. Hafefnafræði.

1. Eðlis-efnafræðilegir eiginleikar hafsins (viðbót við námsefni í I. námskeiði).
2. Aðalefni sjávar, næringarsölt og snefilefni (ítarlegt yfirlit).
3. Frávik í efnasamsetningu sjávar og orsakir þeirra.
4. Valdir kaflar úr varmaaflfræði, er lúta sérstaklega að hafefnafræði.
5. Lofttegundir og efnajafnvægi við andrúmsloft.
6. Karbónat-bórat-kerfið, pH og „púffer“-eiginleikar hafsins.
7. Áhrif eðlisfræðilegra og jarðfræðilegra „processa“ á dreifingu efna í hafinu og efnajafnvægi.
8. Lífefnafræði hafsins.
9. Lífræn efni í upplausn og greining þeirra.
10. „Súspenderuð“ efni í hafinu.
11. Ísótópar í hafinu og dreifing þeirra.
12. Mengun og mengunarmælingar.
13. Notkun efnafræðilegra aðferða til sjógerðagreiningar.
14. Kemisk líkön af hafinu.
15. Mælitækni.
16. Vinnsla kemiskra efna úr hafinu og af hafsbotni.

Gert er ráð fyrir alls um það bil 80 fyrirlestrum, en auk þess færu u. þ. b. 25 tímar á viku í verklegar æfingar, skriflegar úrlausnir o. fl.

Um námsefni IV. námskeiðs, haflíffræði, og V. námskeiðs, jarðfræðilegrar haffræði, verður ekki fjallað hér, enda ekki á færi undirritaðs.

Hið sérhæfða viðbótarnám (námskeið VI., VII o.s.frv.) er hugsað, að fari fram í seminörum og sem sérþjálfun á rannsóknastofnunum. Gert er ráð fyrir, að nemendur vinni þar að minni háttar sjálfstæðu verkefni undir handleiðslu sérfræðings í viðkomandi grein.

Skipulag.

Gert er ráð fyrir, að í fyrsta áfanga verði hafin kennsla í almennri haffræði, svo og hafeðlisfræði og hafefnafræði, ef í ljós kemur nægileg þátttaka. En síðar, eftir því sem mannafli og eftirspurn gefa tilefni til, ber að stefna að því að fjölga sérgreinum.

Lagt er til, að í fyrstu verði ráðinn einn prófessor, er annist skipulagningu kennslunnar, taki að sér meginhluta fyrirlestranna í almennri haffræði og einnig í sérgrein sinni. Með hliðsjón af námsefni því, sem hér er lagt til að kennt verði í I. námskeiði, virðist eðlilegast að hann sé hafeðlis- eða hafefnafræðingur með viðtaka reynslu á sviði almennra hafrannsókna. Jafnframt verði ráðinn dósent, sem sé sérfróður í annarri þeirra greina, sem lagt er til að kennsla hefjist í. Einnig þyrfti að ráða til aðstoðar aukakennara til kennslu þess hluta námsefnisins, sem liggur utan sérsviðs aðalkennara, svo og aðstoðarkennara til að hafa á hendi æfingar með stúdentum. Loks verður að hafa í huga, að ráða þyrfti fleiri fastakennara eða prófessora að Háskólanum í haffræðigreinum, eftir því sem kennslugreinum og stúdentum fjölgar.

Bókakostur, kennslutæki og kennsluaðstaða.

Í sambandi við kennsluna þyrfti Háskólinn að kaupa allmargar almennar kennslubækur og uppsláttarrit í haffræðigreinum, handbækur og kort. Sömuleiðis nokkur valin haffræðitímarit. Auk þess þyrfti að leita til Hafrannsóknastofnunarinnar um aðgang að bókasafni hennar í sérfræðilegum greinum. Þá er nauðsynlegt, að í Háskólanum sé aðstaða í sambandi við kennsluna til sýninga á skuggamyndum og kvikmyndum.

Ætla má, að endanlega komi að því, að Háskólinn þurfi að eignast eigin kennslutæki, rannsóknastofur í haffræðirannsóknum og jafnvel rannsóknaskip. Fyrst um sinn og jafnvel til frambúðar virðist þó eðlilegra að leita eftir samvinnu við Hafrannsóknastofnunina um rannsókna- og kennsluaðstöðu. Í fyrsta lagi þyrfti verkleg kennsla að fara þar fram að miklu leyti. Á hinu fyrsta námskeiði, almennri haffræði, mundi þörf á kennsluaðstöðu utan Háskólans vera lítil, og þyrfti því ekki að valda teljandi truflunum á starfsemi stofnunarinnar. Í sérfræðigreinum, einkum hafefnafræði og haflíffræði, yrði þörfin á aðstöðu til verklegrar kennslu aftur á móti miklu meiri, og sérstaklega í hinu sérhæfða viðbótarnámi. Þar sem tæplega yrði um að ræða mikinn fjölda stúdenta, a. m.k. ekki næstu árin, telur sá, er þetta ritar, að Hafrannsóknastofnunin mundi geta látið slíka aðstöðu í té, einkum ef henni yrði dreift niður á lengri tíma í hverju námskeiði.

Í öðru lagi þyrfti að semja við Hafrannsóknastofnunina um aðstöðu á hafrannsóknaskipum. Í hinu fyrsta námskeiði er gert ráð fyrir eins dags leiðangri, þar sem um væri að ræða allstóran hóp nemenda. Í sérfræðinámi síðari námskeiða má hugsa sér, að örfáir, t.d. 1—3 stúdentar hverju sinni, hefðu aðstöðu til að fara með í leiðöngrum stofnunarinnar, þar sem þeir fengju leyfi til að sinna eigin verkefnum, en mundu jafnframt hjálpa til við aðra gagnasöfnun, eins og jafnan hefur tíðkazt um þátttakendur í leiðöngrum Hafrannsóknastofnunarinnar.

Í þriðja lagi er nauðsynlegt, að fastakennarar Háskólans í haffræðum hafi rannsóknaaðstöðu. Í flestum tilvikum yrði sú aðstaða bezt á Hafrannsóknastofnuninni.

Það er skoðun undirritaðs, að sú samvinna, sem hér er stungið upp á, gæti orðið báðum stofnununum, Háskólanum og Hafrannsóknastofnuninni, mjög gagnleg. Hún mundi a.m.k. fyrst um sinn leysa að verulegu leyti fjárhagslegan vanda Háskólans í sambandi við kennsluna og koma á tengslum hans við rannsóknastofnun aðalatvinnuvegar þjóðarinnar. Hinir föstu starfsmenn Háskólans mundu í langflestum tilvikum vinna að rannsóknaverkefnum, sem væru beinlínis í þágu Hafrannsóknastofnunarinnar, án þess að hún þyrfti að greiða þeim laun. Og stúdentar, sem ynnu að eigin verkefnum, mundu jafnframt hjálpa til við gagnasöfnun í leiðöngrum. Enn mikilvægara er þó, að verkefni stúdentanna mundu oftast nær falla undir ákjósanleg verkefni Hafrannsóknastofnunarinnar.

Aðstaða til þjálfunar stúdenta kæmi einnig til greina á öðrum stofnunum, svo sem Veðurstofunni og Vita- og hafnamálastofnuninni.

Lokaorð.

Þær uppástungur, sem hér hafa verið bornar fram, ber að skoða sem fyrstu tillögur um skipulag haffræðikennslu á Íslandi.

Nauðsynlegt verður að athuga einstök atriði nánar, svo sem skipulag námsbrauta, samstarf við aðrar stofnanir og kennaraþörf. Auk þess þyrfti að gera ítarlega könnun á líklegri aðsókn stúdenta að haffræðinámi og þörf fyrir haffræðimenntaða menn á Íslandi á komandi árum.

París, 17.11. 1971.

Unnsteinn Stefánsson.

Nd. 654. Nefndarálit [76. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 7 23. marz 1972, um breyt. á lögum nr. 68 15. júní 1971, um tekjuskatt og eignarskatt.

Frá 1. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Í nefndaráliti og í umræðum um frv. til l. um breyting á lögunum um tekjuskatt og eignarskatt á s. l. þingi gerðum við undirritaðir nefndarmenn ítarlega grein fyrir meginsjónarmiðum Sjálfstæðisflokksins í þessum efnum og fluttum breytingartillögur þar að lútandi í framhaldi af þeirri skattalöggjöf, sem fyrrv. ríkisstjórn og stuðningsflokkar hennar höfðu beitt sér fyrir.

Harðlega voru gagnrýnd þau breyttu vinnubrögð svo og sjónarmið, sem lágu til grundvallar þeim breytingum, sem ríkisstjórnin vildi koma fram á þeirri löggjöf, sem sett var 1971.

Á það var bent, að þær breytingar, sem ríkisstjórnin hygðist gera, yrðu til þess að gera stöðu atvinnuveganna lakari, sérstaklega iðnaðarins með tilliti til inngöngu Íslands í EFTA og þeirra viðskiptasamninga, sem við nú höfum gert við Efnahagsbandalagið.

Þá var gerð glögg grein fyrir því, hversu skattbyrði einstaklinga væri þyngd með tillögum ríkisstjórnarinnar, og sérstaklega vakin athygli þingmeirihlutans á því, hver yrði hlutur aldraðra og öryrkja með hinni nýju skattastefnu.

Á það var ekki hlustað og allar tillögur felldar.

Við 1. umr. frv. þessa var gerð grein fyrir því, hversu reynslan hefur staðfest, að öll gagnrýni stjórnarandstöðunnar á s. l. ári var á rökum reist.

Það kom m. a. fram, þrátt fyrir fullyrðingar stjórnarsinna um lækkun skatta, að skattinnheimta hefur aldrei verið jafnmikil og í tíð núverandi stjórnar. Á tekjur fólks 1971 var álagður tekju- og eignarskattur 4449 millj. í stað 1525 millj. 1970.

Af tekjum fólks 1971 var tekið í opinber gjöld 20% í stað 18.1% 1970.

Tafla frá Framkvæmdastofnun ríkisins, hagrannsóknadeild, sem prentuð er sem fylgiskjal, sýnir staðreyndir þessa máls, svo að ekki verður um villzt.

Frumvarp það, sem fyrir liggur, er þó gleggsta dæmið um vinnubrögð ríkisstjórnarinnar.

Þegar fyrir lá álagning skatta s. l. vor, kom í ljós, að skattbyrði **aldraðra og öryrkja, hafði rúmlega tvöfaldazt.**

Fjölmargir mótmæltu þessum álögum, þ. á m. miðstjórn Sjálfstæðisflokksins, sem skoraði á ríkisstjórnina að rétta hlut aldraðra og öryrkja þegar í stað með útgáfu bráðabirgðalaga. Er samþykkt miðstjórnar Sjálfstæðisflokksins frá 1. ágúst 1972 birt sem fylgiskjal, en hún var send ríkisstjórninni.

Ríkisstjórnin sá sig tilneydda að gera bragarbót á þessu með því að gefa út bráðabirgðalög þar að lútandi.

Því miður gengu þau lög of skammt, auk þess sem misræmis gætir við skattlagningu skv. þeim. Því fluttum við fulltrúar Sjálfstæðisflokksins í fjárhags- og viðskiptanefnd við 1. umr. málsins tillögu til breytingar á frumvarpinu, þar sem lagt er til, að upp sé tekið í skattalögin í framhaldi af sérstöku ákvæði í löggjöfinni frá 1971, með tilliti til þeirra breytinga, sem gerðar voru á lögunum um almannatryggingar á s.l. ári, að elli- og örorkulífeyrir skv. almannatryggingalögum, nr. 67/1971, sé undanþeginn skattlagningu, og kemur tillaga þessi til afgreiðslu nú við 2. umr.

Verði tillaga þessi felld, munum við engu að síður greiða atkvæði með frumvarpinu, en munum við 3. umr. freista þess að bera fram aðrar breytingartillögur og reyna til hins ítrasta að fá bættan hag þeirra þjóðfélagsþegna, sem minnst mega sín.

Í framsögu verður gerð grein fyrir afstöðu til breytingartillagna, er form. nefndarinnar flytur á þskj. 614, svo og annarra frv. um breyting á lögum um tekjuskatt og eignarskatt, sem visað hefur verið til nefndarinnar.

Alþingi, 11. apríl 1973.

Matthías Á. Mathiesen, frsm. Matthías Bjarnason.

Fylgiskjal I.

FRAMKVÆMDASTOFNUN RÍKISINS
Hagrannsóknadeild

28. marz 1972.

Lausleg áætlun um heildarskattbyrði einstaklinga 1965—1972.

	Brúttótekjur M.kr.	Álagðir skattar[1] M.kr.	Álagðir skattar % af tekjum fyrri ára %	Álagðir skattar % af tekjum greiðsluárs %
1964	10 710	—	—	—
1965	13 150	1 496	14.0	11.4
1966	15 600	1 997	15.2	12.8
1967	16 260	2 279	14.6	14.0
1968	17 330	2 580	15.9	14.9
1969	19 950	2 946	17.0	14.8
1970	25 652	3 410	17.1	13.3
1971	32 900	4 651	18.1	14.1
1972[2]	42 200	6 600	20.1	15.6

Fylgiskjal II.

Á fundi miðstjórnar Sjálfstæðisflokksins, þann 1. ágúst 1972, var eftirfarandi ályktun gjörð:

„Miðstjórn Sjálfstæðisflokksins vekur athygli á, að fram er komið, að hin nýja skattalöggjöf felur í sér óhæfilegar skattaálögur á almenning, eins og málsvarar Sjálfstæðisflokksins vöruðu við, þegar hin nýja skattalöggjöf var til meðferðar á Alþingi.

Sérstaklega eru skattaálögur þessar þungbærar elli- og örorkulífeyrisþegum, sem lítil úrræði hafa til þess að auka tekjur sínar. Vandkvæði eldra fólksins og öryrkja

1) Tekju- og eignarskattur ásamt byggingarsjóðsgjaldi, tekju- og eignarútsvar, fasteignaskattur, almannatryggingagjald og sjúkrasamlagsgjald.

2) Aukin útgjöld almannatrygginga vegna hinnar miklu hækkunar á bótum almannatrygginga samkvæmt lögum nr. 67/1971, er komu til framkvæmda 1. ágúst s. l., og samkvæmt breytingum á þessum lögum frá 27. des. s. l., hljóta óhjákvæmilega að leiða til aukinnar skattbyrðа einstakingra á árinu 1972. Samkvæmt mjög lauslegri áætlun má gera ráð fyrir, að heildarskattbyrði einstaklinga þyngist af þessum sökum nálægt 0.7% m. v. tekjur fyrra árs og um 0.5% m. v. tekjur greiðsluárs; þ. e. um þriðjungur skattbyrðaraukningar m. v. tekjuár og nær helmingur m. v. greiðsluár eru af þessum ástæðum. Einnig má benda á, að útgjaldaaukning ríkis og sveitarfélaga vegna launahækkunar opinberra starfsmanna eftir samninga í des. 1971 hlýtur að orsaka nokkra aukningu heildarskattbyrðar, en laun opinberra starfsmanna hafa hækkað mun meira en atvinnutekjur almennt.

af þessum sökum eru svo alvarleg, að miðstjórnin telur brýna nauðsyn bera til þess að ríkisstjórnin geri nú þegar ráðstafanir til þess að létta byrðar þessa fólks, m. a. með því að lögfesta með bráðabirgðalögum að nýju hinn sérstaka persónufrádrátt til handa ellilífeyrisþegum, sem fyrrverandi ríkisstjórn beitti sér fyrir, að lögfestur var á þinginu 1970—1971 og nam ⅔ af persónufrádrætti, 58 þús. kr. hjá einstaklingum og 116 þús. kr. hjá hjónum, en þessi viðbótarfrádráttur var felldur niður með skattalöggjöfinni á síðasta þingi. Enn fremur verði aukafrádráttur þessi veittur örorkulífeyrisþegum, eins og gert var ráð fyrir í breytingartillögum sjálfstæðismanna á s. l. vetri. Bendir miðstjórnin á, að sérstakar ráðstafanir til hagsbóta elli- og örorkulífeyrisþegum raska væntanlega ekki tekjuöflun ríkissjóðs samkv. gildandi fjálögum, þar sem ástæða er til að ætla, að ríkissjóður fái meiri tekjur af tekjuskatti á þessu ári en fjárlög gera ráð fyrir.

Jafnframt leggur miðstjórn Sjálfstæðisflokksins áherzlu á, að skattalöggjöfin, sem sett var á síðasta Alþingi, verði tekin til raunhæfrar heildarendurskoðunar nú þegar í samræmi við þá meginstefnu í skattamálum, er fólst í tillögum sjálfstæðismanna á Alþingi s. l. vetur. Bendir miðstjórnin m. a. á brýna nauðsyn endurskoðunar ákvæða vinnurekstrar. Tillögur til breytinga verða lagðar fyrir Alþingi, strax og það kemur saman í haust. Til þess að svo megi verða, þarf fullskipuð nefnd allra þingflokka og hlutaðeigandi aðila að öðru leyti, svo sem Sambands ísl. sveitarfélaga, að eiga þess kost að hafa málin til meðferðar og tillögugerðar."

Virðingarfyllst,

Jóhann Hafstein, formaður.

Til:

Ríkisstjórnar Íslands,
Stjórnarráðshúsinu,
Reykjavík.

Sþ. 655. Nefndarálit [226. mál]

um till. til þál. um athugun á staðsetningu nýrrar hafnar á suðurströnd landsins.

Frá fjárveitinganefnd.

Nefndin hefur athugað tillöguna og mælir með því, að hún verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU:

Í stað inn fyrir „nefnd sex manna" í tillgr. komi: nefnd sjö manna, — og á eftir orðunum „bæjarstjórn Vestmannaeyja" bætist við: einn af Sambandi sveitarfélaga á Suðurlandi.

Alþingi, 11. apríl 1973.

Geir Gunnarsson, form.	Vilhjálmur Hjálmarsson, fundaskr.	Ágúst Þorvaldsson, frsm.
Steinþór Gestsson.	Karvel Pálmason.	Jón Árnason.
Ingvar Gíslason.	Matthías Bjarnason.	Jón Árm. Héðinsson.

Sþ. 656. Nefndarálit [41. mál]

um till. til þál. um endurskoðun laga varðandi úrskurðarvald félagsmálaráðuneytisins o. fl. um ályktanir sveitarstjórna.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur haft þessa till. til meðferðar og þykir rétt að mæla með samþykkt hennar.

Alþingi, 11. apríl 1973.

Björn Fr. Björnsson, form., frsm. Jón Skaftason. Jónas Árnason.
Lárus Jónsson. Ragnhildur Helgadóttir.

Ed. 657. Nefndarálit [244. mál]

um frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til að staðfesta fyrir Íslands hönd alþjóðasamning, er gerður var 29. des. 1972, um varnir gegn mengun hafsins vegna losunar úrgangsefna og annarra efna í það.

Frá allsherjarnefnd.

Nefnin hefur athugað frv. og mælir einróma með samþykkt þess.

Alþingi, 11. apríl 1973.

Björn Fr. Björnsson, form., frsm. Geir Gunnarsson, fundaskr. Magnús Jónsson.
Eggert G. Þorsteinsson. Ásgeir Bjarnason. Halldór Kristjánsson.
Axel Jónsson.

Nd. 658. Breytingartillaga [198. mál]

við frv. til l. um breyt. á sveitarstjórnarlögum, nr. 58 frá 29. marz 1961.

Frá Pétri Péturssyni og Birni Pálssyni.

Við 1. gr. 110. gr. orðist svo:

Ákvæði kafla þessa gilda um landshlutasamtök sveitarfélaga, þ. e. samtök sveitarfélaga í hverju kjördæmi landsins.

Heimilt er tveim landshlutasamtökum að hafa sameiginlega fundi og framkvæmdastjórn, álíti þau það hagkvæmt.

Ákvæði þessa kafla gilda um Reykjavíkurborg, eftir því sem við á, sbr. einkum b-lið 112. gr., en ákvæði kaflans hagga ekki gildandi reglum um stjórn borgarinnar.

Sþ. 659. Fyrirspurn [249. mál]

til viðskiptaráðherra um endurskoðun bankakerfisins.

Frá Bjarna Guðnasyni.

Hvað veldur því, að frumvarp um endurskoðun bankakerfisins hefur ekki verið lagt fram á þessu þingi?

Ed. 660. Frumvarp til laga [250. mál]

um breyting á lögum nr. 76/1970, um lax- og silungsveiði.

Flm.: Geir Hallgrímsson, Steingrímur Hermannsson, Jón Árm. Héðinsson, Helgi F. Seljan.

1. gr.

14. gr. laganna orðist svo:

1. Eigi má veiða lax í sjó.
2. Nú veiðist lax í sjó í veiðitæki, sem ætluð eru til veiði annarra fiska, og skal þá þeim, er veiðir, skylt að sleppa honum í sjó aftur.
3. Veiði göngusilungs í sjó skal hlíta sömu reglum sem veiði í ósöltu vatni, eftir því sem unnt er.
4. Rétt er ráðherra að takmarka eða banna veiði göngusilungs í sjó á tilteknum svæðum, enda æski veiðinotendur eða veiðifélag slíkrar friðunar og sýslunefnd mæli með henni eða bæjarstjórn, ef veiði er fyrir bæjarlandi.
5. Með sama skilorði og í 4. mgr. segir, er ráðherra rétt að banna veiði fiska framan við árósa, þar sem hætta er á, að lax og silungur geti veiðzt í veiðiútbúnað, sem ætlaður er til slíkrar veiði.

2. gr.

2. mgr. 94. gr. laganna orðist þannig:

Mat samkv. 1. mgr. og annað mat, sem getur í lögum þessum, skulu framkvæma 2 menn dómkvaddir af héraðsdómara, þar sem er vatn það, sem meta skal. Héraðsdómari skal að jafnaði dómkveðja menn búsetta í öðru lögsagnarumdæmi, og skal annar þeirra vera vatnalíffræðingur. Héraðsdómari skal ráðfæra sig við veiðimálastjóra, en hann framkvæmir dómkvaðningu. Matsmenn skulu rökstyðja niðurstöður sínar. Nú varðar mat merkivatn milli lögsagnarumdæma, og ákveður þá ráðherra, hvaða héraðsdómari dómkveður matsmenn.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með frumvarpi þessu er lagt til að breyta gildandi lagaákvæðum varðandi undanþágu til laxveiði í sjó.

Eins og kunnugt er, hefur það verið yfirlýst stefna Íslendinga að leyfa ekki laxveiði í sjó. Frá þessari meginstefnu hefur þó verið vikið með undanþáguákvæði í lögunum um lax- og silungsveiði. Undanþáguákvæði þetta nær í framkvæmd aðeins til örfárra aðila í landinu.

Í 14. gr. laganna um lax- og silungsveiði er þessi heimild orðuð þannig:

„Nú hefur laxveiði í sjó verið metin sérstaklega til dýrleika í fasteignamati því, er öðlaðist gildi árið 1932, eða tillit hefur verið tekið til hennar við ákvörðun fasteignaverðs í því mati, og er þá sú veiði leyfileg.“

Lagt er til í þessu frv. að fella niður þessa heimildareglu.

Þýðingarmikið er, að stefna Íslendinga sé skýr og án undantekninga í þessum efnum. Mikill ágreiningur er í ýmsum löndum um veiði á laxi í sjó, og um reglur varðandi slíkar veiðar er oft tekizt á æðihart á erlendum vettvangi, m. a. í fiskveiðistofnunum, sem Íslendingar taka þátt í.

Það veikir aðstöðu okkar Íslendinga varðandi þessi mál að hafa í okkar lögum undanþáguákvæði, sem heimila laxveiðar í sjó. Undanþáguregla þessi veikir einnig mjög aðstöðu til að halda uppi ströngu eftirliti með netaveiðum í sjó í nánd við veiðiár, en eins og kunnugt er, eru deilur um slíkar veiðar algengar.

Undanþága til laxveiða í sjó hefur staðið svo lengi, að ekki sýnist nein ástæða til að halda henni lengur.

Nd. **661. Hafnalög.** [79. mál]

(Afgreidd frá Nd. 11. apríl.)

Samhljóða þskj. 603 (sbr. 83).

Nd. **662. Lög** [3. mál]

um hlutdeild ríkisins í byggingu og rekstri dagvistunarheimila.

(Afgreidd frá Nd. 11. apríl.)

Samhljóða þskj. 485 (sbr. 3).

Nd. **663. Lög** [202. mál]

um breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19 12. febr. 1940.

(Afgreidd frá Nd. 11. apríl.)

Samhljóða þskj. 386.

Nd. **664. Lög** [209. mál]

um breyting á lögum nr. 44 1971, um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Hafnarfjarðarkaupstað hluta af landi jarðarinnar Dysja í Garðahreppi og Dalvíkurhreppi jörðina Háagerði í Dalvíkurhreppi.

(Afgreidd frá Nd. 11. apríl.)

Samhljóða þskj. 400.

Nd. 665. Frumvarp til laga [236. mál]

um breyting á lögum nr. 14 15. marz 1965, um launaskatt, sbr. lög nr. 104 31. des. 1972.

(Eftir 2. umr. í Nd., 11. apríl.)

1. gr.

1. mgr. 1. gr. laganna orðist svo:

Leggja skal á launagreiðendur almennan launaskatt, að fjárhæð 2½% af greiddum vinnulaunum og hvers konar atvinnutekjum, öðrum en tekjum sjómanna á íslenzkum fiskiskipum, sem aflað er í tengslum við úthald skipanna til fiskveiða, og tekjum af landbúnaði, svo sem ákveðið er í lögum þessum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og gilda til 31. desember 1973. Launaskattur skal greiddur samkvæmt lögum þessum af launum, sem greidd eru vegna starfa, sem unnin eru frá og með 1. janúar 1973.

Nd. 666. Frumvarp til laga [127. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Gerðahreppi jarðirnar Útskála og Brekku í Gerðahreppi.

(Eftir 2. umr. í Nd., 11. apríl.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja Gerðahreppi jarðirnar Útskála og Brekku í Gerðahreppi, að undanskildu heimatúni Útskála, fyrir það verð, sem um semst. Jarðirnar má ekki endurselja öðrum en ríkissjóði. Náist ekki samkomulag um söluverð jarðanna, skal það metið af dómkvöddum mönnum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Sþ. 667. Nefndarálit [192. mál]

um till. til þál. um lífeyrisréttindi sjómanna.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin telur, að sjálfsagt sé, að flýtt verði sem mest framkvæmd þessa réttlætismáls, sem menn af ýmsum flokkum hafa beitt sér fyrir þing eftir þing. Og eftir atvikum álítur nefndin rétt, að tillögunni verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Stefán Gunnlaugsson var ekki á fundi, þegar málið var afgreitt.

Alþingi, 11. apríl 1973.

Björn Fr. Björnsson, form.	Jónas Árnason, fundaskr., frsm.	Ragnhildur Helgadóttir.
Lárus Jónsson.	Bjarni Guðnason.	Jón Skaftason.

Ed. 668. Frumvarp til laga [233. mál]

um breyting á lögum nr. 68 frá 10. okt. 1967, um Iðnlánasjóð.

(Eftir 2. umr. í Ed., 11. apríl.)

1. gr.

1. töluliður 5. gr. laganna breytist þannig:
Í stað „0.4%“ komi: 0.5%.
Að öðru leyti skal 1. töluliður 5. greinar vera óbreyttur.

2. gr.

2. töluliður 5. gr. laganna orðist þannig:
Framlag ríkissjóðs, 50 milljónir ár hvert, í fyrsta sinn 1973.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða:

Álagning iðnlánasjóðsgjalds skv. 1. gr. skal koma til framkvæmda við álagningu á árinu 1973.

Ed. 669. Frumvarp til laga [96. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Grýtubakkahreppi jörðina Grenivík, eyðibýlið Svæði og nýbýlið Höfðabrekku og Borgarneshreppi hluta af landi Borgar.

(Eftir 2. umr. í Ed., 11. apríl.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja Grýtubakkahreppi í Suður-Þingeyjarsýslu jarðirnar Grenivík (að undanteknum 7 ha., sem eru eign hafnarsjóðs), Svæði og Höfðabrekku í sama hreppi.

Ríkisstjórninni er enn fremur heimilt að selja Borgarneshreppi þann hluta lands Borgar í Borgarhreppi, sem er sunnan þjóðvegarins vestur á Snæfellsnesi.

Náist ekki samkomulag um söluverð, skal það metið af dómkvöddum mönnum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 670. Breytingartillaga [76. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 7 23. marz 1972, um breyt. á l. nr. 68 15. júní 1971, um tekjuskatt og eignarskatt.

Frá sjávarútvegsráðherra.

Á undan 1. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:
1. málsgr. 14. gr. laganna orðist svo:

Frá tekjum sjómanna lögskráðra á íslenzk skip skal draga kostnað vegna hlífðarfatna. Frádrátturinn ákveðst 800 kr. á mánuði og miðast við þann viku-

fjölda, sem þeir eru háðir greiðslu slysatryggingariðgjalda hjá útgerðinni, enda ráðnir sem sjómenn.

Ed. 671. Nefndarálit [231. mál]

um frv. til l. um breyting á lögum nr. 75 13. maí 1966, um Fiskveiðasjóð Íslands, sbr. lög nr. 33/1970.

Frá minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Með frv. þessu er gert ráð fyrir nýjum álögum í c-lið 1. gr. um 1% af fob.-verði útfluttra sjávarafurða, reiknað á sama hátt og annað útflutningsgjald af sömu vöru. Þetta nýja gjald á að gefa á ársgrundvelli um 160—170 millj. kr.

Þar sem þetta gjald verður dregið frá, áður en verð til skipta til áhafnar er ákveðið, er augljóst, að það kemur niður á sjávaraflanum í heild að bera gjaldið í viðbót við aðrar álögur, sem nýlega hafa verið lagðar á, m. a. í hafnalögunum. Þótt reiknað sé í d-lið frv. með jafnháu framlagi úr ríkissjóði, þá kemur það undarlega fram, þegar fjmrh. hefur boðað niðurskurð um 15% á gildandi fjárlögum.

Augljóst er, að vandamál Fiskveiðasjóðs eru engan veginn leyst með þessu atriði, þar sem fjármagnsþörf sjóðsins er nú þegar yfir 1300 millj. krónur umfram eigið ráðstöfunarfé og þess vegna útilokað annað en að leysa fjármögnun sjóðsins með sérstakri lántöku.

Fiskveiðasjóður fær samkv. gildandi lögum í gegnum útflutningsgjaldakerfið um 50—60 millj. á ársgrundvelli frá útgerðinni.

Á fund nefndarinnar komu Jón Sigurðsson, form. Sjómannasambands Íslands, og Kristján Ragnarsson, form. L.Í.Ú., og gerðu grein fyrir afstöðu samtaka sinna til þessa nýja gjalds. Þeir lögðust eindregið á móti nýjum álögum, sem kæmu fram í lækkuðu fiskverði til handa sjómönnum og útgerð.

Í málefnasamningi ríkisstjórnarinnar var því lofað að lækka vexti á stofnlánum bátanna og lengingu lána. Vextirnir voru lækkaðir úr 6½% í 5½% og lánstími lengdur úr 15 árum í 20 ár. Þessi breyting jók að sjálfsögðu fjármagnsþörf sjóðsins að verulegu leyti.

Nú hefur Fiskveiðasjóður tekið 125 millj. króna lán með útlánskjörum, bundin við vísitölu byggingarkostnaðar, og endurlánar fjármagnið með þessum sérstaka hætti. Undirritaðir vilja vekja sérstaka athygli á þeirri stefnubreytingu, sem nú hefur átt sér stað um fjármögnun Fiskveiðasjóðs, þar sem sjóðurinn nú á tímum óðaverðbólgu er fjármagnaður með lánsfé, sem bundið er vísitölu byggingarkostnaðar, en benda má á, að byggingarvísitalan hefur hækkað, frá því að núverandi ríkisstjórn tók við, úr 535 stigum í 708 stig. Þetta stingur mjög í stúf við fyrri fyrirheit um hagkvæmari lánskjör fyrir útveginn. Útvegsmenn hafa um langan aldur samþykkt nokkra kvöð á sig í fjármögnun Fiskveiðasjóðs í gegnum útflutningsgjaldakerfið, en eðlilega eru þröng takmörk fyrir auknar álögur í þessu skyni.

Undirrituðum er ljóst vandamál Fiskveiðasjóðs, en telja, að málið þurfi meiri undirbúning, þar sem m. a. hefur komið í ljós, að ekki hefur verið haft samráð við samtök útvegs- eða sjómanna um málið.

Við leggjum því til, að málinu verði vísað til ríkisstjórnarinnar og henni falið að vinna að lausn þess í samráði við hlutaðeigandi aðila.

Alþingi, 11. apríl 1973.

Jón Árnason, frsm. Jón Árm. Héðinsson. Axel Jónsson.

Sþ. 672. Nefndarálit [17. mál]

um till. til þál. um fiskveiðar og fiskvinnslu í Norðurlandskjördæmi vestra.

Frá meiri hl. atvinnumálanefndar.

Atvinnumálanefnd hefur sent tillöguna til umsagnar til fyrirtækja í Norðurlandskjördæmi vestra. Umsagnir voru yfirleitt neikvæðar. Meiri hl. atvinnumálanefndar leggur því til, að tillögunni verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Ragnar Arnalds, Ingólfur Jónsson og Pétur Sigurðsson voru fjarstaddir, þegar málið var afgreitt.

Alþingi, 9. apríl 1973.

Ásgeir Bjarnason, form. Björn Pálsson, frsm. Karvel Pálmason.

Sþ. 673. Nefndarálit [37. mál]

um till. til þál. um fjárlagaáætlanir.

Frá minni hl. fjárveitinganefndar.

Fjárveitinganefnd hefur haft mál þetta til athugunar. Leitað var umsagnar um tillöguna hjá Fjárlaga- og hagsýslustofnun ríkisins, sem lét í té umsögn um málið.

Í niðurstöðum þeirrar umsagnar kemur fram, að stofnunin telur til mikilla bóta, að teknar yrðu upp fjárlagaáætlanir til langs tíma hér á landi, í samræmi við þær hugmyndir, sem fram koma í þingsályktunartillögunni.

Jafnframt er á það bent, að mikilvægt sé að vanda mjög til undirbúnings áætlana og að til þess þurfi aukinn vinnukraft, sérstaklega í fyrstu, meðan verið er að móta framtíðarkerfið.

Um afgreiðslu þessa máls varð ekki samkomulag innan nefndarinnar. Leggja undirritaðir nefndarmenn til, að tillagan verði afgreidd með svofelldri

BREYTINGU:

Tillögugreinin orðist svo:

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að fela Fjárlaga- og hagsýslustofnuninni að gera fjögurra ára áætlun um þróun útgjalda og tekna ríkissjóðs, miðað við gildandi lagaskuldbindingar og tekjuheimildir og aukningu ólögbundinna útgjaldaliða með hliðsjón af fenginni reynslu. Verði að því stefnt, að fjárlagaáætlanir þessar geti fylgt fjárlagafrumvarpi fyrir árið 1975.

Alþingi, 11. apríl 1973.

Jón Árnason, frsm. Jón Árm. Héðinsson. Matthías Bjarnason.

Steinþór Gestsson.

Nd. **674. Frumvarp til laga** [134. mál]

um breyting á lögum nr. 30 12. maí 1970, um Húsnæðismálastofnun ríkisins.

(Eftir 2. umr. í Nd., 11. apríl.)

1. gr.

1. málsliður 2. mgr. A-liðar 8. gr. laganna orðist svo:

Húsnæðismálastjórn er heimilt, meðan á byggingartíma stendur, að veita framkvæmdalán til byggingarsamvinnufélaga samkvæmt C-lið 29. gr., svo og til byggingarmeistara, byggingarfyrirtækja, sveitarfélaga og annarra byggingaraðila, sem byggja íbúðir, er seldar verði fullgerðar til einstaklinga, sem fullnægja lánareglum húsnæðismálastjórnar.

2. gr.

Á eftir IV. kafla laganna komi nýr kafli, er verði V. kafli, 27.—35. gr., með fyrirsögninni: Um byggingarsamvinnufélög, og breytist núverandi töluröð kafla og greina í samræmi við það þannig, að V.—VI. kafli verða VI.—VII. kafli og 27.—33. gr. verða 36.—42. gr.

3. gr.

27. gr. laganna orðist svo:

Ákvæði þessa kafla taka til sérhvers félags, sem starfar á samvinnugrundvelli með því markmiði að reisa með sem hagfelldustum kjörum íbúðarhús fyrir félagsmenn sína til eigin afnota ásamt öðrum byggingum, sem teljast verða í eðlilegum tengslum við íbúðarhúsnæðið.

Tilgangur byggingarsamvinnufélags getur enn fremur verið eftirfarandi:

a. Að taka til ávöxtunar sparifé félagsmanna, er þeir hyggjast síðar nota til öflunar íbúðarhúsnæðis, sbr. A-lið 29. gr.
b. Að eiga aðild að fyrirtækjum með takmarkaðri ábyrgð, svo sem samvinnusamböndum samkvæmt lögum nr. 46 1937, um samvinnufélög, og hlutafélögum, enda starfi hlutaðeigandi fyrirtæki á sviði byggingariðnaðar eða að öðrum verkefnum, sem mikilvæg verða að teljast fyrir byggingarsamvinnufélagið.
c. Að útvega lán til byggingarframkvæmda þeirra, sem félagið annast.

Félag, sem ákvæði þessa kafla taka til, skal í nafni sínu hafa orðið „byggingarsamvinnufélag“, og jafnframt er öðrum félögum óheimilt að bera slíkt heiti.

4. gr.

28. gr. laganna orðist svo:

Um félagsstofnun, skrásetningu, félagsstjórn og félagsslit byggingarsamvinnufélags fer eftir því, sem við getur átt, eftir ákvæðum laga nr. 46/1937, um samvinnufélög. Lágmarkstala stofnenda skal vera 10 manns, en í þeim sveitarfélögum, sem hafa yfir 15 þúsund íbúa, skal lágmarkstalan vera 50.

Óheimilt er að skrásetja byggingarsamvinnufélag, fyrr en samþykktir þess hafa verið staðfestar af félagsmálaráðuneytinu. Skal ráðuneytið gera fyrirmynd að samþykktum, er miði m. a. að því, að ákvæði um réttindi og skyldur einstakra félagsmanna og byggingarflokka, svo og ákvæði um fjárhagsáætlanir og tilhögun byggingarframkvæmda verði sem skýrust.

5. gr.

29. gr. laganna orðist svo:

Byggingarsamvinnufélagi sé aflað fjár:

A. Með frjálsum framlögum hvers félagsmanns í stofnsjóð, unz fjárhæð hans í sjóðnum nemur minnst ⅕ hluta andvirðis þess húsnæðis, sem ákveðið verður, að félagið komi upp fyrir hann. Þegar þessari fjárhæð er náð, fer um rétt félags-

manns til byggingar íbúðar eftir því, sem nánar verður ákveðið í samþykktum félags, enda gangi stofnsjóðsinneign hans upp í byggingarkostnaðinn.

Stofnsjóðsinnstæður félagsmanna skulu geymdar í Byggingarsjóði ríkisins, og skulu þær endurgreiddar að viðbættum vöxtum, þegar framkvæmdir hefjast í byggingarflokki viðkomandi félagsmanns. Vaxtakjör skulu vera þau sömu og eru á ársinnstæðubókum viðskiptabankanna á innstæðutímum.

Stofnsjóðsinnstæður falla til útborgunar við andlát félagsmanns, við gjaldþrot og við úrsögn úr félaginu, enda hafi hann fullnægt öllum skuldbindingum sínum við það. Við úrsögn úr félaginu skal félagsmaður þó aldrei fá endurgreidda hærri fjárhæð en innlög að viðbættum almennum sparisjóðsvöxtum hjá Landsbanka Íslands, en mismunur rennur í varasjóð félagsins.

B. Með árlegu gjaldi í rekstrarsjóð félagsins, sem ákveðið skal í samþykktum þess, og sé sjóði þessum varið til að standa straum af rekstrarkostnaði félagsins. Kostnaður við að reisa nýjar byggingar, þar með talinn kostnaður af auknum rekstri, meðan á undirbúningi byggingarframkvæmda, byggingarframkvæmdunum sjálfum og uppgjöri þeirra stendur, telst ekki rekstrarkostnaður í þessu sambandi.

C. Með framkvæmdalánum, sbr. A-lið 8. gr. Íbúðum, sem byggingarsamvinnufélagi er veitt framkvæmdalán til, skal að jafnaði skila fullgerðum, en þó skal húsnæðismálastjórn veita undanþágu frá því skilyrði, ef tryggilega er kveðið á um, hvernig lokafrágangi skuli hagað.

D. Með sölu veðskuldabréfa til veðdeildar Landsbanka Íslands, þó ekki yfir 80% af matsverði viðkomandi íbúða. Lán þessi greiðir veðdeildin með veðdeildarbréfum, sem nánar skal kveðið á um í reglugerð, sbr. 7. gr. laga nr. 11 1961, um Landsbanka Íslands. Veðdeildarbréf þessi skulu aðeins gefin út á nafn lífeyrissjóðs eða innlánsstofnunar, og fellur ríkisábyrgð niður, ef bréfin eru framseld. Um skiptingu láns milli félagsmanna fer eftir ákvæðum samþykkta félagsins. Hver félagsmaður er ábyrgur fyrir sínum hluta lánsins.

Nú hefur félagsmaður lagt fram fé í stofnsjóð samkvæmt A-lið með reglubundnum hætti um a. m. k. þriggja ára skeið, áður en byggingarframkvæmdir hefjast, og samanlögð fjárhæð þessara innlaga án vaxta nemur a. m. k. 10% af áætluðum byggingarkostnaði, og skal hann þá auk almenns láns samkvæmt 8. gr. eiga rétt á, að Byggingarsjóður ríkisins kaupi af honum veðdeildarbréf samkvæmt þessum staflið fyrir fjárhæð, er sé jafnhá hinum reglubundnu framlögum, þó aldrei meira en 25% af áætluðum byggingarkostnaði. Enginn einstaklingur á rétt á slíku viðbótarláni nema einu sinni. Húsnæðismálastjórn setur nánari reglur um tilhögun framlaga þeirra, er veita þennan rétt.

E. Með varasjóðstillagi, er nemi 1% af byggingarkostnaði hverrar íbúðar. Til varasjóðs skulu enn fremur renna aðrar tekjur byggingarsamvinnufélags en þær, sem samkvæmt ákvæðum laga þessara renna í stofnsjóð eða rekstrarsjóð.

6. gr.

30. gr. laganna orðist svo:

Íbúðir byggingarsamvinnufélaga skulu uppfylla skilyrði húsnæðismálastjórnar um hámarksstærð samkvæmt E-lið 8. gr. Þær skulu gerðar úr varanlegu efni og hafa til að bera venjuleg nútímaþægindi.

Byggingarsamvinnufélag skal gera byggingarsamning við félagsmenn, áður en framkvæmdir hefjast. Í samningnum skal m. a. kveðið á um greiðslutilhögun, afhendingartíma og viðurlög við vanefndum. Þar skal enn fremur kveðið á um rétt félagsmanna byggingarflokksins til að fylgjast með framkvæmdum á byggingarstigi og vera með í ráðum.

Þegar nýr byggingarflokkur er stofnaður, skulu þeir, sem aðild eiga að honum, kjósa þrjá menn úr sínum hópi til þess að fylgjast með framkvæmdum og fjárreið-

um byggingarflokksins. Þessir menn skulu hafa aðgang að öllum gögnum félagsins varðandi þeirra byggingarflokk, vera viðstaddir opnun tilboða og fylgjast með samningum við verktaka. Enn fremur skulu þeir ásamt löggiltum endurskoðanda yfirfara og stimpla með dagsetningu öll fylgiskjöl og árita reikninga byggingarflokksins. Þannig frágengnir skulu reikningar lagðir fyrir fund viðkomandi byggingarflokks til staðfestingar.

Félagsstjórn úrskurðar um skiptingu byggingarkostnaðar milli einstakra íbúðareigenda í samræmi við ákvæði byggingarsamnings og almennar reglur, ef til eru.

Nú óska fleiri félagsmenn að gerast aðilar að byggingarsamningi en unnt er að sinni, og skal þá umsækjendum raðað eftir því, í hvaða röð þeir uppfylltu skilyrði A-liðar 29. gr. um stofnframlag. Þeim, sem ekki hafa uppfyllt skilyrði þessi, áður en byggingarsamningur er gerður, skal raðað eftir þeirri röð, er þeir gengu í félagið.

Félagsmaður getur því aðeins gerzt aðili að byggingarsamningi, að hann sé fjárráða og eigi lögheimili innan þeirra sveitarfélaga, sem félagið nær til.

7. gr.

31. gr. laganna orðist svo:

Byggingarsamvinnufélag annast byggingarframkvæmdir í umboði félagsmanna hlutaðeigandi byggingarflokks, þar með talda samningagerð við verktaka og aðra í sambandi við þær. Kemur stjórn félagsins fram fyrir hönd íbúðareigenda í málum, sem rísa kunna í sambandi við framkvæmdirnar, unz íbúðirnar hafa verið afhentar, og heimilt er henni að taka að sér slíkan málarekstur á síðara stigi, ef íbúðareigendur bera fram skriflega beiðni þess efnis. Kostnaður við slík málaferli og úrbætur telst til sameiginlegs kostnaðar félagsmanna í hlutaðeigandi byggingarflokki og skal jafnað niður á íbúðirnar eftir eignarhlutföllum. Heimilt er þó að ákveða, að varasjóður félagsins taki þátt í slíkum kostnaði, allt að þeirri fjárhæð, sem nemur framlagi hlutaðeigandi byggingarflokks til varasjóðs.

Byggingarsamvinnufélag verður ekki krafið skaðabóta af einstökum félagsmönnum eða byggingarflokki, nema tjón verði rakið til mistaka eða vanrækslu stjórnar eða framkvæmdastjóra félagsins.

8. gr.

32. gr. laganna orðist svo:

Ákveðið skal í samþykktum byggingarsamvinnufélags, að enginn, sem fengið hefur íbúð að tilhlutan félagsins, megi selja hana fyrstu fimm árin, frá því að byggingarframkvæmdir hófust, nema stjórnin hafi áður hafnað forkaupsrétti félagsins vegna, og eigi á þeim tíma leigja nema nokkurn hluta af íbúðinni. Þó getur eigandi að fengnu leyfi stjórnarinnar leigt heila íbúð um stundarsakir, ef sérstaklega stendur á. Söluverð íbúðar, hversu oft sem eigendaskipti kunna að verða, má á 5 ára tímabilinu aldrei vera hærra en kostnaðarverð hennar að viðbættri verðhækkun samkvæmt vísitölu byggingarkostnaðar, en að frádreginni hæfilegri fyrningu samkvæmt mati dómkvaddra manna. Sé um leigu að ræða, ákveður stjórn félgsins, hve há leigan megi vera.

Nú sannast, að félagsmaður hefur selt hús hærra verði en leyfilegt er samkvæmt 1. mgr., og rennur þá sá hluti söluverðsins, sem er umfram hið löglega verð, til félagsins og leggst í varasjóð. Hefur félagið veð fyrir skuldinni í hinni seldu íbúð, næst á eftir áhvílandi veðum, sbr. 33. gr.

Nú neytir stjórn byggingarsamvinnufélags eigi forkaupsréttar, og er þá eiganda heimilt að selja eignina hverjum þeim manni, sem félagsstjórnin samþykkir, en þó verður kaupandi að gerast félagi í byggingarsamvinnufélaginu og hlíta samþykktum þess. Ekkja látins félagsmanns, börn hans og tengdabörn hafa forkaupsrétt að eigninni, enda gerist þau félagsmenn.

9. gr.

33. gr. laganna orðist svo:

Óheimilt er að veðsetja húseignir byggingarsamvinnufélaga fyrir hærri fjárhæð samtals en nemur 80% af brunabótamatsverði þeirra, enda verður eigi gert fjárnám í eignunum fyrir hærri fjárhæð.

10. gr.

34. gr. laganna orðist svo:

Húsnæðismálastofnun ríkisins skal vera stjórnum byggingarsamvinnufélaga til aðstoðar og leiðbeiningar við byggingarframkvæmdir og undirbúning þeirra, sbr. 3. gr. Stofnunin skal m. a. aðstoða við útvegun leigulóða og láta í té teikningar í samræmi við þá grein. Enn fremur skal hún með framkvæmdalánum samkvæmt A-lið 8. gr. stuðla að því, að unnt sé að bjóða út framkvæmdir.

Húsnæðismálastjórn skal hafa öruggt eftirlit með framkvæmdum og húsbyggingum samvinnufélaga. Skal þeim skylt að senda Húsnæðismálastofnuninni ársreikninga sína, og jafnan skal hún hafa aðgang að bókhaldi þeirra. Þá skal hún vinna að því að koma á samræmdum reglum um skiptingu byggingarkostnaðar milli einstakra íbúðareigenda.

11. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1974 og taka til þeirra íbúða, sem þá hafa eigi verið afhentar eigendum. Frá sama tíma falla úr gildi lög nr. 36 1952, um opinbera aðstoð við byggingar íbúðarhúsa í kaupstöðum og kauptúnum. Þau lög gilda þó áfram um íbúðir á vegum byggingarsamvinnufélaga, sem hafizt hefur verið handa um að reisa eða veitt hafa verið lán til með ríkisábyrgð fyrir gildistöku laga þessara.

Nd. 675. Frumvarp til laga [76. mál]

um breyting á lögum nr. 68 15. júní 1971, um tekjuskatt og eignarskatt, og lögum nr. 7 23. marz 1972, um breyting á þeim lögum.

(Eftir 2. umr. í Nd., 11. apríl.)

1. gr.

5. málsgr. 14. gr. laganna (sbr. 6. gr. laga nr. 7/1972) orðist svo:

Auk frádráttar samkvæmt 1.—4. mgr. þessarar greinar skal, áður en skattur er á lagður, draga 8% frá beinum tekjum lögskráðra og/eða hlutaráðinna manna af fiskveiðum á íslenzkum fiskiskipum.

2. gr.

19. gr. laganna orðist svo:

Skattskyldar eignir teljast með þeim takmörkunum, sem gerðar eru í 2. gr. 3. mgr. og 20. og 21. gr., fasteignir og lausafé skattgreiðanda ásamt hvers konar öðrum verðmætum eignarréttindum. Frá eignum skal draga, áður en skattur er á þær lagður, skuldir skattþegns. Til skuldar ber að telja m. a. ógreiddar uppbætur á keyptar afurðir og ógreiddan afslátt af seldum vörum við árslok, enda sé skattþegni skylt samkvæmt lögum, samþykktum sínum, ef um félag er að ræða, eða samningum að greiða viðskipta- eða félagsmanni sínum slíkan afslátt eða uppbætur. Þegar skattur greiðist samkvæmt 2. gr. 3. mgr., má þó aðeins draga frá þær skuldir, sem hvíla á þeim eignum, sem skattur er greiddur af. Eignirnar eru jafnt skattskyldar, hvort sem þær gefa af sér nokkrar tekjur eða ekki.

3. gr.

IV. liður 25. gr. laganna (sbr. 11. gr. laga nr. 7/1972) orðist svo:

Tekjuskatt þeirra manna, sem náð hafa 67 ára aldri á skattárinu, eða áttu rétt til örorkulífeyris samkvæmt lögum nr. 67/1971, um almannatryggingar, skal lækka sem hér segir:

a. Tekjuskatt 14 000 krónur eða lægri hjá einstaklingum og 22 000 krónur eða lægri hjá hjónum, skal fella niður.
b. Tekjuskatt einstaklinga á bilinu frá 14 000 til 56 000 krónur skal lækka um fjárhæð, sem nemur 14 000 krónum, að frádregnum þriðjungi þeirrar fjárhæðar sem óskertur tekjuskattur er hærri en 14 000 krónur.
c. Tekjuskatt hjóna á bilinu frá 22 000 til 88 000 krónur skal lækka um fjárhæð, sem nemur 22 000 krónum, að frádregnum þriðjungi þeirrar fjárhæðar, sem óskertur tekjuskattur er hærri en 22 000 krónur.

4. gr.

VI. liður 25. gr. laganna (sbr. 11. gr. laga nr. 7/1972) fellur niður.

5. gr.

1. málsgr. 37. gr. laganna orðist svo:

Þegar framtalsfrestur er liðinn, skal skattstjóri leggja tekjuskatt og/eða eignarskatt á skattþegn samkvæmt framtali hans. Þó skal skattstjóri leiðrétta augljósar reikningsskekkjur í framtali svo og einstaka liði, ef þeir eru í ósamræmi við gildandi lög og fyrirmæli. Enn fremur skal skattstjóri leiðrétta einstaka liði, ef telja má, að óyggjandi upplýsingar séu fyrir hendi, en gera skal skattþegni strax viðvart um slíkar breytingar. Nú er framtalsskýrsla eða einstakir liðir hennar eða fylgigögn ófullnægjandi, óglögg eða tortryggileg, eða skattstjóri telur þurfa nánari skýringar á einhverju atriði, og skal hann þá skora á framteljanda að láta í té innan ákveðins tíma þau gögn öll, þar með talin bókhaldsgögn, sbr. 36. gr., er skattstjóri telur sér þörf á að fá, svo og skriflegar skýringar, og er framteljanda skylt að verða við áskorun skattstjóra. Fái skattstjóri fullnægjandi gögn og skýringar innan tiltekins tíma, leggur hann skatt á samkvæmt framtali og framkomnum gögnum og skýringum, sbr. þó 47. gr. Berist eigi svar frá framteljanda innan tiltekins tíma, skýringar hans eru ófullnægjandi, eigi eru send þau gögn, sem óskað er, eða send gögn eru ófullnægjandi, skal skattstjóri áætla tekjur og eign skattþegns svo ríflega, að eigi sé hætt við, að fjárhæðir séu áætlaðar lægri en þær eru í raun og veru, og ákveða skatta hans í samræmi við þá áætlun, sbr. þó einnig 47. gr. Áætlun skal tilkynna skattþegni skriflega. Ef eigi er kunnugt um dvalarstað framteljanda eða umboðsmanns hans, má skattstjóri áætla tekjur hans og eign án þess að gera honum viðvart.

6. gr.

46. gr. laganna orðist svo:

Gjalddagi tekju- og eignarskatts skal vera 1. ágúst ár hvert eða 1. dagur næsta mánaðar eftir álagningu, fari hún seinna fram. Lögreglustjórar — í Reykjavík Gjaldheimtan, sbr. reglugerð nr. 95/1962 — innheimta tekju- og eignarskatt. Sé skatturinn eigi greiddur áður en 2 mánuðir eru liðnir frá gjalddaga, skal greiða dráttarvexti til ríkissjóðs af því, sem ógreitt er, 1½% fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði, sem líður, talið frá og með gjalddaga, unz skatturinn er að fullu greiddur. Fjármálaráðherra getur með reglugerð sett fyllri ákvæði um innheimtuna, svo sem að gjalddagar skuli vera fleiri en einn á ári, þar sem það þykir henta, um tilbúning og sölu skattmerkja og þess háttar. Einnig getur fjármálaráðherra með reglugerð skyldað kaupgreiðendur til að gefa skýrslur um mannahald og halda eftir og skila til innheimtumanns upp í þinggjöld manna hluta af kaupi þeirra til lúkningar gjöldunum, og

má í reglugerðinni setja ítarlegri ákvæði um allt, er að þessu lýtur. Kaupgreiðandi ábyrgist þá fé það, er hann hefur haldið eftir sem geymslufé. Fé þetta og gjöld, er ekki hefur verið haldið eftir vegna vanrækslu kaupgreiðanda, má taka lögtaki hjá honum sem eigin skattar væru. Nú vanrækir kaupgreiðandi að halda fé eftir upp í gjöldin, skila innheimtufé eða umkröfðum skýrslum, og má þá einnig beita sektum, ef eigi er úr bætt innan hæfilegs frests, er innheimtumaður ákveður. Nú skilar kaupgreiðandi ekki fé innan þess frests, sem þannig er ákveðinn, og ábyrgist hann þá einnig greiðslu dráttarvaxta, sem gjaldanda kunna að verða reiknaðir vegna vanskila á innheimtufé.

Innheimtumaður getur ekki krafið gjaldanda um þá fjárhæð, sem kaupgreiðandi hefur haldið eftir af launum hans til greiðslu skatta, þó að kaupgreiðandi hafi ekki staðið skil á greiðslunni til ríkissjóðs. Krafa ríkissjóðs í þrotabú kaupgreiðanda vegna slíkra greiðslna skal vera forgangskrafa og í skuldaröð með þeim kröfum, sem nefndar eru í a-lið 83. gr. laga nr. 3/1878, um skipti á dánarbúum og félagsbúum o. fl. Skattgreiðandi, sem ofgreitt hefur skatt til kaupgreiðanda samkv. þessari grein, á rétt á endurgreiðslu beint frá innheimtumanni, hvort sem kaupgreiðandi hefur greitt innheimtumanni skattinn eða ekki.

Þeir, sem hafa á hendi fjárforræði ólögráða manna, bera ábyrgð á skattgreiðslu þeirra. Um ábyrgð atvinnuveitenda á skattgreiðslu útlendinga, sem þeir hafa í þjónustu sinni, fer svo sem segir í 5. gr. laga nr. 22/1956.

Fjármálaráðherra getur með reglugerð ákveðið, að innheimta skuli fyrir fram upp í væntanleg þinggjöld yfirstandandi árs hjá hverjum gjaldanda fjárhæð, er nemi ákveðnum hluta þeirra þinggjalda, sem honum ber að greiða næstliðið ár. Við ákvörðun fyrirframgreiðslunnar skal gætt þeirra tekjubreytinga, sem orðið hafa, og almenns efnahagsástands í landinu. Ráðherra er heimilt að miða fyrirframgreiðslu skv. þessari málsgrein við hlutfall af tekjum yfirstandandi árs í stað hlutfalls af gjöldum næstliðins árs, telji hann þá aðferð betur henta. Þar sem innheimta opinberra gjalda er sameiginleg, sbr. lög nr. 68/1962, skulu heimildir þessarar mgr. taka með sama hætti til innheimtu annarra gjalda en þinggjalda.

Nú verður ljóst, þegar álagningu skatta lýkur, að gjaldandi hefur þegar greitt meira en álagða skatta, og skal þá endurgreiða það, sem ofgreitt var, ásamt ½% vöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði, sem fé var í vörzlu ríkissjóðs.

Nú breytir ríkisskattanefnd skatti svo seint, að tilkynning um það hefur eigi náð innheimtumanni fyrir gjalddaga skattsins, og skal hann þá innheimta eða endurgreiða þann skatt síðar.

Óheimilt er að slíta félagi og úthluta eignum þess, fyrr en opinberir skattar af tekjum þess og eignum hafa verið greiddir að fullu fyrir allan starfstíma félagsins.

7. gr.

52. gr. laganna orðist svo:

Heimilt er skattstjóra að taka til greina umsókn skattþegns um lækkun tekjuskatts, þegar svo stendur á sem hér segir:

1. Ef ellihrörleiki, veikindi, slys eða mannslát hafa skert gjaldþol skattþegns verulega.
2. Ef á framfæri skattþegns eru börn, sem haldin eru langvinnum sjúkdómum eða eru fötluð eða vangefin og valda framfærendum útgjöldum umfram venjulegan framfærslukostnað. Fallist skattstjóri á umsókn skattþegns, skulu tekjur hans til álagningar lækkaðar um eigi lægri fjárhæð en nemur barnafrádrætti samkvæmt 16. gr. fyrir hvert barn, sem þannig er ástatt um.
3. Ef skattþegn hefur foreldra eða aðra vandamenn sannanlega á framfæri sínu.
4. Ef skattþegn hefur haft veruleg útgjöld vegna menntunar barna sinna eldri en 16 ára.

5. Ef skattþegn hefur orðið fyrir verulegu eignatjóni af völdum **náttúruhamfara**, eldsvoða eða búfjársjúkdóma, enda hafi hann ekki fengið tjón sitt bætt úr hendi annarra aðila.
6. Ef gjaldþol skattþegns hefur skerzt verulega vegna tapa á útistandandi **kröfum**, sem ekki stafa frá atvinnurekstri hans.
7. Ef skattþegn lætur af störfum vegna aldurs og gjaldþol hans skerðist verulega af þeim sökum.

Nánari ákvæði um skilyrði fyrir framangreindum ívilnunum skulu sett í reglugerð. Skattstjóri getur veitt ívilnanir samkvæmt þessari grein án umsóknar. Ákvörðun skattstjóra samkvæmt þessari grein má skjóta til ríkisskattstjóra, sem tekur endanlega ákvörðun í málinu. Ríkisskattstjóri skal sérstaklega fylgjast með ívilnunum þeim, sem skattstjórar veita samkvæmt þessari grein, og sjá til þess, að samræmis sé gætt og réttum reglum fylgt.

Greiði skattþegn, sem skattskyldur er hér á landi, samkvæmt ákvæðum I. kafla þessara laga, skatta af eignum sínum og tekjum, sem skattskyldar eru hér á landi, til ríkissjóðs eða opinberra aðila í ríki, sem Ísland hefur ekki gert við tvísköttunarsamning, er ríkisskattstjóra heimilt, samkvæmt umsókn skattþegns, að lækka tekjuskatt eða eignarskatt með hliðsjón af þessum skattgreiðslum.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við álagningu skatta til ríkissjóðs fyrir skattárið 1972.

Ed. 676. Lög [21. mál]

um Jafnlaunaráð.

(Afgreidd frá Ed. 11. apríl.)

Samhljóða þskj. 489.

Ed. 677. Lög [104. mál]

um fangelsi og vinnuhæli.

(Afgreidd frá Ed. 11. apríl.)

Samhljóða þskj. 551 (sbr. 130).

Ed. 678. Lög [218. mál]

um breyting á mörkum Gullbringusýslu og Kjósarsýslu og skipan lögsagnarumdæma.

(Afgreidd frá Ed. 11. apríl.)

Samhljóða þskj. 565.

Ed. 679. Lög [5. mál]

um breyting á lögum nr. 54 20. apríl 1954, um orkuver Vestfjarða.

(Afgreidd frá Ed. 11. apríl.)

Samhljóða þskj. 5.

Sþ. 680. Fyrirspurn [251. mál]

til samgönguráðherra um bætta aðstöðu ferðafólks og verndun eftirsóttustu ferðamannastaða.

Frá Jónasi Jónssyni.

Eru fyrirhugaðar sérstakar aðgerðir á komandi sumri til að bæta hreinlætisaðstöðu fyrir ferðafólk á eftirsóttustu ferðamannastöðum og til að koma í veg fyrir örtröð á slíkum stöðum? Eru hér sérstaklega hafðir í huga staðir eins og við Mývatn og Ásbyrgi.

Ed. 681. Nefndarálit [219. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 8 22. marz 1972, um tekjustofna sveitarfélaga.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frv. og mælir einróma með samþykkt þess.

Auður Auðuns var fjarverandi afgreiðslu málsins.

Alþingi, 12. apríl 1973.

Björn Jónsson, form.	Steingr. Hermannsson, fundaskr.	Helgi Seljan, frsm.
Þorv. Garðar Kristjánsson.	Björn Fr. Björnsson.	Eggert G. Þorsteinsson.

Ed. 682. Nefndarálit [221. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 41 27. apríl 1963, um aðstoð ríkisins við kaupstaði og kauptún vegna landakaupa.

Frá félagsmálanefnd.

Að athuguðu máli leggur nefndin til, að frv. verði samþykkt.

Auður Auðuns var fjarstödd afgreiðslu málsins.

Alþingi, 12. apríl 1973.

Björn Jónsson, form., frsm.	Steingr. Hermannsson, fundaskr.	Björn Fr. Björnsson.
Þorv. Garðar Kristjánsson.	Helgi Seljan.	Eggert G. Þorsteinsson.

Ed. 683. Breytingartillaga [96. mál]

við frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Grýtubakkahreppi jörðina Grenivík, eyðibýlið Svæði og nýbýlið Höfðabrekku og Borgarneshreppi hluta af landi Borgar.

Frá landbúnaðarnefnd.

Við 1. gr. Aftan við greinina bætist:
Jarðirnar má ekki endurselja öðrum en ríkissjóði.

Nd. 684. Breytingartillaga [241. mál]

við frv. til l. um veiðar með botnvörpu, flotvörpu og dragnót í fiskveiðilandhelginni.

Frá Pétri Sigurðssyni.

Við 2. gr. E. Reykjanes- og Faxaflóasvæði bætist:

Þrátt fyrir ákvæði þessarar greinar er ráðherra heimilt að veita 8 bátum allt að 70 brt. rúmlestir að stærð leyfi til að veiða neyzlufisk fyrir þéttbýlissvæðið við innanverðan Faxaflóa um takmarkaðan tíma ár hvert með botnvörpu og dragnót, eins og þeir höfðu skv. l. nr. 21/1969, 2. gr. lið E 1—E 9, áður en lög nr. 50 16. apríl 1971 komu til framkvæmda.

Nd. 685. Nefndarálit [241. mál]

um frv. til l. um veiðar með botnvörpu, flotvörpu og dragnót í fiskveiðilandhelgi.

Frá minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Þegar frv. þessu, sem fjallar um stærsta hagsmunamál íslenzku þjóðarinnar, var dreift á Alþingi á síðustu dögum þingsins, var áliðið dags. Mikill meiri hluti þingmanna sá þá í fyrsta sinn till. þeirrar nefndar, sem samkvæmt greinargerð frv. hafði „reynt að koma jafnt til móts við þarfir allra hagsmunahópa, hafandi jafnan í huga heildarhagsmuni landsmanna, einkum af því að vernda fiskistofna með nauðsynlegum friðunaraðgerðum.“

Þrátt fyrir stöðuga þingfundi s. l. mánudag allan með litlum hléum var málið tekið fyrir á kvöldfundi, þegar sárafáir þm. voru viðstaddir, en afbrigði höfðu fengizt í atkvæðagreiðslu fyrr um daginn.

Á kvöldfundi þessum kom í ljós í framsöguræðu formanns landhelgisnefndar og máli sjávarútvegsráðherra, að báðir vildu þeir félagar, að frv. yrði að umræðu lokinni vísað aftur til áðurnefndrar fimm manna nefndar, en ekki til þeirrar nefndar þingsins, sjávarútvegsnefndar, sem skilyrðislaust á um mál þetta að fjalla.

Virðist sem hér hafi átt að taka upp nýja siði á Alþingi, sambærilega við, að frumvörpum ríkisstjórnarinnar væri ekki vísað til fastanefnda þingsins, heldur til ríkisstjórnarinnar aftur, sem þá væntanlega mundi mæla með samþykkt þeirra, nema einstökum ráðherrum hefði ekki verið kynnt efni þeirra, áður en þau voru fram lögð, sem nú virðist ekki ótítt.

Frá þessu var þó horfið vegna hvassyrtrar gagnrýni og frv. vísað til sjávarútvegsnefndar neðri deildar. Þar var málið tekið fyrir á miðvikudagsmorgun, 11. apríl, rætt lítillega á stuttum fundi, og voru þá flestir nm. reiðubúnir til að afgreiða málið, ekki aðeins þeir, sem teljast til fyrrnefndrar nefndar, heldur líka hinir, sem telja sig eiga heima í hópi slíkra spekinga.

Ekki þótti meiri hl. nefndarinnar ástæða til að leita umsagnar hagsmunaaðila um þennan fullbúna skapnað nefndarinnar, enda kváðust þeir, sem þar tjáðu sig, hafa hlustað á alla, sem hagsmuna höfðu að gæta, og tekið inn í frv. sitt það, sem vit þeirra og „réttlætiskennd“ teldi, að þar ætti að vera.

Ábendingar um, að gildandi lög falla ekki úr gildi fyrr en 1. júlí n. k. og að þingmenn væru á launum allt árið og því óhætt að hittast aftur eftir páska, fengu engan hljómgrunn, og virðist nú sem „guðföður“ ríkisstjórnarinnar, forseta sameinaðs þings, tjói ekki lengur að halda fram skoðunum sínum um lengd þingtímans og nægan tíma til að athuga mál gaumgæfilega.

Telur undirritaður, að með þessu sé verið að grafa undan sjálfu þingræðinu, eftir standi „æðið“ eitt hjá hæstv. ráðherrum, sem fyrir alla muni vilja losna við eigin

„stuðningsmenn“ heim af þingi, svo að vært verði í ráðherrastólum, unz þeir, sem möguleika hafa þar á, nái rétti sínum skv. lögum til eftirlauna ráðherra.

Ekki verður á móti því borið, að þau störf, sem fiskveiðilaganefnd var falið að vinna, voru vandasöm. Þau eru ekki aðeins vandmeðfarin vegna þeirrar þýðingar, sem málið sjálft hefur fyrir efnahag þjóðarinnar allrar, heldur vegna þess, að sterkust verða á metunum þau hagsmunasjónarmið, sem ráða hjá einstökum byggðarlögum, einstaklingum og hópum, sem telja sínum hag bezt borgið með notkun ákveðinna veiðarfæra og með nýtingu ákveðinna miða, þar í blandast venjur og hefðir, sem erfitt er að útskýra nema að rannsókn lokinni, hvernig á því standi, að sum veiðarfæri eru meira nýtt á einum stað en öðrum.

Má vera, að skýringar séu einfaldar og þessu ráði fólksfæð á einum stað, en ekki öðrum, gerð og stærð báta, samningar um kaup og kjör og vegalengd úr heimahöfn á miðin, — og síðast en ekki sízt sú staðreynd, að mörg mið eru gjöful á línu- og færafisk, þótt ekki fáist bein úr sjó í önnur veiðarfæri, og svo er þetta að sjálfsögðu öfugt. Einnig er þetta tímabundið. Hefði mátt ætla, að þegar nefnd skilar frá sér jafnviðamiklum till. og hér er um að ræða, reyni hún að gera þjóðinni grein fyrir forsendum sínum að leyfum, boðum og bönnum, sem fram koma í frv.

Þá má geta þess, að inn í málið blandast yfirstandandi deila okkar við þýðingarmiklar viðskiptaþjóðir vegna útfærslu fiskveiðilögsögunnar. Verður að draga mjög í efa, að þessi lagasetning nú verði nokkurt hjálpræði í deilu okkar, nema síður sé. Má vænta enn harðari gagnrýni og andstöðu erlendra þjóða við útfærslu okkar, er þær sjá svart á hvítu ætlun okkar um einkanýtingu út að 50 mílna mörkunum. Einnig verður að ætla, að betra væri að bíða með slík lagaákvæði, unz samningaumleitanir ríkisstjórnarinnar við Breta og Vestur-Þjóðverja hafa annað hvort náð í höfn eða verið endanlega afskrifaðar.

Eitt meginatriði frv. er það, að togskipum, sérstaklega hinum stærri, sem eru flest frá örfáum byggðarlögum, en fjölmennum, er ætlað miklu minna athafnasvæði á grunnmiðum en áður og eru með frv., ef samþ. verður, svipt sumum þýðingarmestu miðum sínum. Forsenda þessa er sú, að athafnasvæði togskipa muni stóraukast, „ef og þegar tekst að friða það“, eins og formaður fiskveiðilaganefndar sagði við 1. umr. málsins. Nú liggur sú friðun enn ekki fyrir, og virðist því vera um nokkurt bráðræði að ræða, þegar þess er gætt, að forsendan, sem gefin er fyrir svo þýðingarmikilli ákvörðun, er alls ekki fyrir hendi. Virðist þessi ástæða einnig benda til þess, að málinu eigi að fresta, því að mjög hæpið verður að telja, að togaraútgerðin þoli slíkt „náðarstuð“ til viðbótar við missi sinna beztu miða við útfærsluna 1958.

Eftirtektarvert er, að n. virðist hunza með öllu ábendingar allra hagsmunaaðila á því svæðinu, sem tekur um helming þjóðarinnar og er ein stærsta verstöð landsins. Eigendur og skipstjórar hinna stærri togskipa eru sniðgengnir, útgerðarmenn hinna smærri vélbáta í Reykjavík og Keflavík eru sniðgengnir og álit borgarstjórnar í Reykjavík virt að vettugi. Mundi þetta látið afskiptalaust, ef jafnt gengi yfir alla, en þar sem þegnunum er stórlega mismunað með frv. þessu, verður að benda á þá staðreynd, að nefndin telur, að friðunarsjónarmiðið eigi að ríkja á miðum hinna smærri Reykjavíkurbáta, en hagsmunasjónarmiðið fyrir önnur byggðarlög. Virðist fiskveiðilaganefnd loka báðum augum, þegar drepa á í dragnót og troll ýsuna, sem elst upp við Suðausturlandið og gengur vestur með landinu, eða þegar þessi veiðarfæri drepa ungþorskinn, sem elst upp í kalda sjónum norðan lands og austan. Virðist nefndin einblína á rök þeirra, sem hafa bann á notkun slíkra veiðarfæra í Faxaflóa að trúaratriði. Hún virðist taka meira mark á blaðaskrifum fjörgamalla útgerðarmanna, sem þó gátu aldrei gert út nema með tapi og ekki rekið sitt frystihús skammlaust nema með afla dragnóta- og togveiðibáta, heldur en vísindamanna okkar. Fiskveiðilaganefndin leggur í sambandi við Faxaflóaveiðar meira upp úr orðum þeirra, sem hafa litla aðra þekkingu á fiski en á matardiski sínum, þeirra sem vilja líta á fiskiskip okkar sem íþróttatæki og fiskveiðarnar sem trimm fyrir innisetu-

menn. Ekki er það gáfulegt, hafandi í huga, að okkar eina stóriðja, fiskiðnaðurinn, stendur og fellur með miklu og góðu hráefni, sem ekki verður aflað með stangveiði. Virðist mörgum sú staðreynd gleymd, að það voru togveiðarfærin, sem komu íslenzku þjóðinni fyrst og fremst af steinaldarstigi veiðimennskunnar og fiskveiðunum á stig nútímalegrar og vísindalegrar notkunar tækja, búnaðar og veiðarfæra, sem við þekkjum í dag.

Allir vita, að Faxaflói er þýðingarmikill sem uppeldisstöð, en að hann geti verið eldistöð fyrir allt landið er mikill misskilningur, enda hrygningarsvæði og uppeldisstöðvar nytjafiska í kringum allt land, þótt í misjöfnum mæli sé.

Það skal viðurkennt, að um áhrif togveiðarfæra sérstaklega á viðgang fiskstofna er ekki vitað of mikið. Þó er vitað, að í Norðursjó og Eystrasalti, þar sem nær eingöngu eru notuð togveiðarfæri til veiða á ýmsum tegundum þorskfiska, hefur undanfarin ár orðið vart stærri árganga þorsks og ýsu en nokkru sinni fyrr, og hefur veiði verið með afbrigðum góð. Samt er enginn vafi á því, að mikið magn af ýsu- og þorkseiðum veiðist í hin smáriðnu síldartroll, sem þar eru mikið notuð. En hann við notkun togveiðarfæra getur ekki verið ráðandi um styrkleika stofnanna, t. d. klak eða uppvöxt. Hins vegar hlýtur að veiðast meira á önnur veiðarfæri, svo sem línu, þegar þau eru bönnuð, fyrst og fremst vegna þess, að sóknin verður minni. Meginatriðið er heildarsóknin og heildaraflinn, en ekki tegund veiðarfæris.

Spurningunni um, hvaða veiðarfæri menn meti mest, hvað sé hagkvæmast, hefur nefndin svarað með þeim endemum, sem fram koma í frv., að dæma togveiðarfærin sérlega hættuleg í Faxaflóa, en ekki annars staðar, og þar með metið hagsmuni sumra fram yfir hagsmuni annarra.

Samkvæmt fullyrðingum Útvegsmannafélags Akraness er talið, að ýsuafli línubáta hafi farið minnkandi um mörg ár. En mest stafar þetta af því, að um langt árabil kom enginn sterkur ýsuárgangur fram. Einnig er of mikilli veiði um að kenna. Árgangaskipan breytist ekki við það, hvort veiðarfærið er notað, lína eða togveiðarfæri. En spurningunni um hagkvæmni veiðarfæra verður ekki svarað með mismunun eftir búsetu, heldur með skiptingu veiðisvæða eftir veiðarfærum og þá ekki aðeins utan 9—12 mílna frá grunnlínum.

Það getur líka verið ábyrgðarhluti að hrekja hin minni skip, sem hentug eru til tog- og dragnótaveiða, út á dýpra vatn — fjær landi.

Um einstakar greinar mætti skrifa langt mál, en hér skal aðeins stiklað á stóru, en nánari grein gerð fyrir skoðunum minni hlutans við 2. og 3. umræðu.

Stærðarmörk skipanna í frv. þessu eru að sjálfsögðu alveg út í bláinn. Væri verðugt rannsóknarefni að kanna, hvort nefndarmenn hafi hallazt að þessum stærðarmörkum ekki aðeins vegna flota ákveðinna verstöðva, heldur máske einnig vegna ákveðinna skipa. Nefndin hefði átt að hafa hugfast, að nú er hægt að mæla skip niður fyrir 350 brúttórúmlestir, þótt það hefði verið skv. eldri mælingu 600 brúttórúmlestir eða meira. Veiðimöguleikinn og yfirferðin fer ekki aðeins eftir stærð skipsins, kraftur vélar og stærð veiðarfæris hafa þar miklu meira að segja.

105 brúttórúmlesta markið er út í hött og hefur valdið stórtjóni í þróun fiskveiðiflotans til þessa. Einkennilegt er, ef „hin einu og sönnu mörk", sem í frv. er lagt til að gildi fyrir togveiðar, geta færzt úr stað með ráðherrabréfi, ef hafís hamlar veiðum á leyfðu svæði, en takmörkuð leyfi til veiða á neyzlufiski fyrir höfuðborgina og næsta nágrenni yrðu forboðin.

Skv. 9. gr. ber ráðherra að ákveða með reglugerð eitt og annað, t. d. möskvastærð togveiðarfæra. Undirritaður telur, að þetta og fleira ætti að vera bundið í lögum og mundi þá vekja verðuga eftirtekt erlendis.

Skv. 10. gr. er ráðherra nú heimilt að leyfa dragnótaveiði á tilteknum svæðum (nema Faxaflóa) í tiltekinn tíma. Eru áhrif sveitarstjórna þar á útilokuð um leið.

Í þessari grein og mörgum öðrum kemur fram hjá fiskveiðilaganefnd ofsatrú á viti og þekkingu sjávarútvegsráðherra í fiskveiði- og verndunarmálum okkar. Ekki vill undirritaður draga í efa, að svo sé, og mun því við 2. umr. bera fram brtt. á sér-

stöku þskj. um heimild ráðherra til að veita leyfi til takmarkaðra tog- og dragnótaveiða með takmörkuðum fjölda báta í takmarkaðan tíma árlega til að veiða neyzlufisk fyrir þéttbýlissvæðið við innanverðan Faxaflóa. Ég tel þó, að hagsmunaaðilar eigi nú að fá málið til umsagnar og engin goðgá væri að fresta því til hausts, hafandi í huga þau rök, sem hér hefur verið bent á.

Alþingi, 12. apríl 1973.

Pétur Sigurðsson.

Sþ. 686. Nefndarálit [37. mál]

um till. til þál. um fjárlagaáætlanir.

Frá meiri hl. fjárveitinganefndar.

Fjárveitinganefnd hefur fjallað um tillögu þessa, en ekki orðið ásátt um afgreiðslu hennar. Undirritaður meiri hluti er þeirrar skoðunar, að rétt sé að stefna að því að taka upp langtímaáætlanir í sambandi við fjárlagagerð, og að athuguðu máli og að fengnu áliti hagsýslustjóra leggur meiri hl. n. til, að málinu verði vísað til ríkisstjórnarinnar í trausti þess, að hún kanni nánar efnisrök og ástæður þessa máls.

Alþingi, 11. apríl 1973.

Geir Gunnarsson, form. Vilhjálmur Hjálmarsson, fundaskr. Ingvar Gíslason, frsm.

Ágúst Þorvaldsson. Karvel Pálmason.

Nd. 687. Nefndarálit [59. mál]

um frv. til l. um veitingu ríkisborgararéttar.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. eins og það kom frá Ed., en formenn allsherjarnefnda beggja deilda ásamt skrifstofustjóra Alþingis höfðu áður athugað frv. og yfirfarið umsóknir um íslenzkan ríkisborgararétt. Leggur nefndin til, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 12. apríl 1973.

Svava Jakobsdóttir, form., frsm. Bjarni Guðnason, fundaskr. Pétur Pétursson.

Ólafur G. Einarsson. Stefán Valgeirsson. Ellert B. Schram.

Jónas Jónsson.

Nd. **688. Frumvarp til laga** [252. mál]

um heykögglaverksmiðjur ríkisins.

(Lagt fyrir Alþingi á 93. löggjafarþingi, 1972—1973.)

1. gr.

Landbúnaðarráðherra ákveður, í samráði við Búnaðarfélag Íslands og Framkvæmdastofnun ríkisins, stofnun heykögglaverksmiðja samkvæmt lögum þessum, svo og stærð og stað.

Heykögglaverksmiðja er föst heyþurrkunarstöð, sem hraðþurrkar gras og grænfóður og skilar köggluðu fóðri með eigi meiri rakainnihaldi en 10%. Hver verksmiðja skal eigi hafa minni eimingargetu en 2.5 tonn á klst.

2. gr.

Stofnfjárframlög ríkssjóðs til heykögglaverksmiðja skulu ákveðin í fjárlögum.

3. gr.

Heykögglaverksmiðjur ríkisins lúta yfirstjórn landbúnaðarráðherra. Ein stjórn skal vera fyrir þær heykögglaverksmiðjur, sem ríkið á og rekur. Í stjórninni skulu vera þrír menn, skipaðir af landbúnaðarráðherra til fjögurra ára í senn. Ráðherra skipar formann stjórnarinnar og ákveður stjórnarlaun. Til meiri háttar skuldbindinga þarf undirskrift tveggja stjórnarmanna.

Verksmiðjustjórn er heimilt að ráða framkvæmdastjóra með samþykki ráðherra.

4. gr.

Stjórn heykögglaverksmiðjanna ræður verksmiðjustjóra fyrir hverja verksmiðju, sem annast daglega stjórn verksmiðjunnar. Stjórnin setur verksmiðjustjórum erindisbréf, sem kveður á um starfsskyldur þeirra.

5. gr.

Hver verksmiðja skal hafa sér bókhald, sem endurskoðað er af ríkisendurskoðun.

6. gr.

Landbúnaðarráðhera ákveður verð á framleiðsluvöru verksmiðjanna, svo og söluskilmála, að fengnum tillögum stjórnarinnar. Verðið skal miðað við, að reksturinn standi undir öllum kostnaði, þar á meðal vöxtum og afskriftum af fjármagnskostnaði. Ávallt skal hafa hliðsjón af verði á innfluttu kjarnfóðri.

7. gr.

Stofni ríkið nýja heykögglaverksmiðju, skal stjórnin láta gera framkvæmda- og kostnaðaráætlun og leggur hana fyrir landbúnaðarráðherra.

8. gr.

Lög þessi ná til heykögglaverksmiðja, sem nú þegar eru í eigu ríkisins.

9. gr.

Heykögglaverksmiðjur ríkisins skulu undanþegnar öllum sköttum og opinberum gjöldum nema fasteignagjöldum og landsútsvari, samkvæmt b-lið 11. gr. laga nr. 8, 22. marz 1972 um tekjustofna sveitarfélaga.

10. gr.

Nánari ákvæði um rekstur heykögglaverksmiðja ríkisins og gæðamat framleiðslunnar getur landbúnaðarráðherra sett með reglugerð.

11. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1974. Jafnframt fellur úr gildi X. kafli laga nr. 45/1971, um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið af nefnd, er landbúnaðarráðherra skipaði 29. sept. 1972 til að endurskoða lög nr. 45 frá 16. apríl 1971, um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum og önnur skyld lagaákvæði, eftir því sem nefndin teldi við þurfa.

Samhliða þessu frumvarpi eru lögð fyrir Alþingi frumvarp til laga um Stofnlánadeild landbúnaðarins og frumvarp til jarðalaga, og koma þessi frumvörp, ef að lögum verða, í stað laga n. 45/1971.

X. kafli laga nr. 45/1971 fjallar um byggingar og rekstur grænfóðurverksmiðja, og er í frumvarpinu í höfuðdráttum fylgt stefnu gildandi laga. Málum ríkisrekinna atvinnustofnana er skipað með sérstökum lögum fyrir hverja stofnun, og virðist rétt, að sami háttur sé á hafður um þessar verksmiðjur, sem í frumvarpinu eru nefndar heykögglaverksmiðjur til samræmis við ríkjandi málvenju.

Árið 1948 var fyrst framleitt heymjöl hér á landi. Það var á Sámsstöðum í Fljótshlíð, og stóð Klemenz Kr. Kristjánsson fyrir þeirri tilraun. Mjöl var framleitt fram til ársins 1960, nema árið 1955. Það sumar, sem var mikið rigningasumar, lá framleiðslan niðri. Á þessum 12 árum voru alls framleidd 360 tonn af mjöli. Þetta mjöl var notað í fóðurblöndur, aðallega fyrir svín og hænsn.

Um 1960 fara 3 aðilar að hugsa sér til hreyfings um framleiðslu mjöls og köggla. Það voru þessir: Samband ísl. samvinnufélaga, þeir bræður Páll og Jón Ólafssynir í Brautarholti á Kjalarnesi og landbúnaðarráðuneytið. Sambandið reisti sína verksmiðju á Stórólfsvelli, og tók hún til starfa árið 1961. Þar var fyrst notaður bandþurrkari, með lág hitakerfi, hitastig um 140 C, en árið 1964 var tekinn í notkun þar sívalningsþurrkari með eimingargetu 2.5 tonn á/klst. Hitastig í sívalningsþurrkurum er yfirleitt ca. 1000 C inngangshiti og ca. 120 C útgangshiti.

Árið 1970 seldi Sambandið Landnámi ríkisins verksmiðjuna, og voru þá keypt viðbótartæki til kögglagerðar og verksmiðjunni breytt, þannig að nú er bæði hægt að framleiða þar mjöl og köggla. Einnig er hægt að nota þurr efni til íblöndunar. Kögglaframleiðsla hófst hjá Stórólfsvallarbúinu sumarið 1971. Framleiðsla Stórólfsvallarbúsins hefur verið þessi:

1962	404	tonn mjöl
1963	396	— —
1964	684	— —
1965	510	— —
1966	815	— —
1967	95	— —
1968	530	— —
1969	237	— —
1970	270	— —
1971	817	— kögglar
1972	1360	— —

Alls 3941 tonn mjöl og 2177 tonn kögglar.

Þegar ríkið tók við rekstri Stórólfsvallarbúsins vorið 1970, var fyrirtækinu sett 3ja manna stjórn, og er Stórólfsvallarbúið síðan rekið sem sérstakt ríkisfyrirtæki.

Árið 1963 hófst rekstur í Brautarholti. Þar hefur til þessa verið notaður bandþurrkari, en nú hafa þeir keypt sívalningsþurrkara með eimingargetu 2.5 tonn á/klst., ásamt tilheyrandi tækjum til kögglagerðar.

Alls voru framleidd 2150 tonn af mjöli í Brautarholti frá 1963 til og með 1971. Árið 1972 voru framleidd 220 tonn af mjöli og 201 tonn af kögglum í Brautarholti.

Á vegum landbúnaðarráðuneytisins hófst mjölframleiðsla í Gunnarsholti á Rangárvöllum árið 1964, um hana sér sérstakt ríkisfyrirtæki, Fóður- og fræframleiðslan, sem er undir stjórn þriggja manna.

Í Gunnarsholti er sívalningsþurrkari með eimingargetu 2.5 tonn á/klst. og tilheyrandi vélar til kögglagerðar. Á árunum 1961 til 1967 var all veruleg kornrækt á vegum Fóður- og fræframleiðslunnar í Gunnarsholti.

Framleiðsla verksmiðjunnar í Gunnarsholti hefur verið sem hér segir:

1964	56 tonn mjöl og	51 tonn kögglar
1965	91 — — —	111 — —
1966	132 — — —	84 — —
1967		514 — —
1968		560 — —
1969		788 — —
1970		801 — —
1971		1265 — —
1972		1168 — —
Alls	279 tonn mjöl	5342 tonn kögglar

Fram til þessa hafa því alls verið framleidd hérlendis 6950 tonn af heymjöli og 7720 tonn af heykögglum.

Árið 1972 var sett upp verksmiðja í Saurbæjarhreppi í Dalasýslu. Þar er sívalningsþurrkari með eimingargetu 2.8 tonn/klst. og tilheyrandi tæki til kögglagerðar.

Þessi verksmiðja er rekin á vegum hlutafélags, er heitir Fóðuriðjan h/f. Í þessari verksmiðju er einnig gert ráð fyrir að þurrka þang og framleiða þangmjöl og jafnvel þangköggla, svo og að gera tilraun með að framleiða köggla úr blöndu af þangmjöli og heymjöli.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér er mörkuð sú stefna, að landbúnaðarráðherra ákveði stofnun heykögglaverksmiðja í samráði við Búnaðarfélag Íslands og Framkvæmdastofnun ríkisins, í samræmi við hlutverk hennar samkv. 1. gr. laga nr. 93/1971. Í greinni er skýrgreining á því, hvað átt er við með heykögglaverksmiðju, en það eru aðeins fastar stöðvar, sem skila fóðrinu með minna rakainnihaldi en 10%. Hins vegar taka lög þessi ekki til hraðþurrkunarstöðva, sem ýmist eru fastar eða færanlegar og kögglafóðrið oft í grófara ástandi, eða skila því ómöluðu og með meira rakainnihaldi, eða allt að 15%.

Um 2. gr.

Samkvæmt greininni ákveður fjárveitingarvaldið stofnframlög til heykögglaverksmiðja ríkisins hverju sinni í fjárlögum.

Um 3. gr.

Í 55. gr. laga nr. 45/1971 er ákveðið, að hver verksmiðja skuli hafa þriggja manna stjórn. 3. gr. frumvarpsins gerir ráð fyrir þeirri breytingu, að ein stjórn skuli vera fyrir allar heykögglaverksmiðjur ríkisins. Þessi skipan á að tryggja hagkvæmari rekstur.

Um 4. og 5. gr.

Greinar þessar þarfnast ekki skýringa.

Um 6. gr.

Hér er gert ráð fyrir, að landbúnaðarráðherra ákveði söluverð heykögglaframleiðslu hverrar verksmiðju, og er það lagt í vald ráðherra að ákveða, hvort söluverðið skuli ákvarðast af afkomu hverrar verksmiðju fyrir sig, eða sama meðalverð skuli gilda fyrir þær allar, miðað við vörugæði.

Um 7.—11. gr.

Greinar þessar þarfnast ekki skýringa.

Ed. 689. Frumvarp til ábúðarlaga. [253. mál]

(Lagt fyrir Alþingi á 93. löggjafarþingi, 1972—1973.)

I. KAFLI
Um byggingu jarða.

1. gr.

Jörð eða lögbýli nefnist í lögum þessum hvert það býli, sem sérstaklega er metið til verðs í fasteignamati, með ákveðnum landamerkjum eða með ákveðnum tún- og engjamerkjum, ef um hjáleigu eða býli er að ræða, sem hefur sameiginlegt beitiland með annarri jörð eða jörðum. Enn fremur verður býlið að hafa það landrými eða búrekstraraðstöðu, að það framfleyti minnst 10 kúgildum. Auk þess sé á landinu nauðsynlegur húsakostur til að nytja jörðina.

Jörð, sem ekki hefur verið setin í 2 ár eða lengur, telst eyðijörð og þó hús séu fallin eða rifin, telst hún lögbýli, nema jörðinni sé ráðstafað til annarra nota með samþykki byggðaráðs t. d. lögð til afréttar eða sameinuð annarri jörð.

Jörð eða lögbýli teljast enn fremur nýbýli, garðyrkjubýli og smábýli, sem hlotið hafa samþykki landnámsstjórnar eða staðfestingu landbúnaðarráðuneytisins sem lögbýli.

2. gr.

Hver sá, sem á jörð og rekur ekki búskap á henni sjálfur, er skyldur að byggja hana hæfum umsækjanda, að dómi úttektarmanna. Nú rækir jarðeigandi eigi þessa skyldu og ber þá sveitarstjórn að áminna hann um það og setja honum frest til næstu fardaga. Nú byggir hann eigi jörðina að þessum fresti liðnum fyrir 15. febrúar næst eftir að frestur rann út og er þá sveitarstjórn heimilt að ráðstafa jörðinni til ábúðar 5 ár í senn.

Byggðaráð getur undanþegið jarðareiganda byggingarskyldu á jörð, ef hún er að dómi þess svo kostarýr til búskapar eða þannig í sveit sett, að byggðaráð telur ekki fært að hafa búskap þar að aðalatvinnu.

Nú hefur eigandi jarðar nytjað eignarjörð sína, án þess að sitja á jörðinni og hvorki hann né fjölskylda hans hefur þar lögheimili, en jörðin rýrnar svo, að sveitarfélagið bíður hnekki af, að mati byggðaráðs, og er þá sveitarstjórn heimilt að krefjast þess, að jarðareigandi bæti það, er áfátt er innan tveggja missera, eða byggi jörðina frá næstu fardögum, en sæti ella ráðstöfun sveitarstjórnar á jörðinni skv. 1. málsgr.

Nú er land fallið úr tölu lögbýla eða hefur skipzt úr jörð án þess að verða nýbýli og er ekki nytjað af eiganda né leigt hreppsbúum, en þess er þörf vegna búskapar í sveitarfélaginu að mati byggðaráðs, og getur þá sveitarstjórn tekið það leigunámi til þeirra nota 5 ár í senn, en ábyrgjast verður hún að landið sé hóflega nýtt að viðlagðri bótaskyldu. Á sama hátt fer um jarðir, sem undanþegnar eru byggingarskyldu skv. 2. málsgr.

Eftirgjald jarða eða landa, er sveitarstjórn tekur til ráðstöfunar skv. ákvæðum þessarar greinar, ákveða úttektarmenn, nema um semjist við eiganda, en hvor aðili um sig getur krafizt yfirmats skv. 44. gr.

3. gr.

Sé ekki um annað samið, skal byggja jörð frá fardögum til fardaga, og skal um það bréf gera, sem er byggingarbréf fyrir jörðinni. Gera skal þrjú samhljóða frumrit af byggingarbréfi, er landsdrottinn og leiguliði rita nöfn sín undir í votta viðurvist. Heldur landsdrottinn einu, leiguliði öðru, en hið þriðja skal afhenda byggðaráði, er varðveitir það í skjalasafni sínu.

4. gr.

Í byggingarbréfi skal greina landamerki jarðar og geta þeirra ítaka, er hún á í annarra lönd, svo og þess, ef kvaðir hvíla á henni. Þá skal og kveða á um í byggingarbréfi, hverja landskuld skuli greiða eftir jörðina og í hverju hún sé goldin, svo og ef kúgildi fylgja jörð og hversu mörg þau séu.

Undanskilin leiguliðaafnotum eru vatnsréttindi, þar með talið jarðhiti, námur, byggingarefni, svo sem sand- og malarnámur og önnur jarðefni, sem ekki geta talizt til venjulegra leiguliðanota af jörð, einnig land til nauðsynlegra bygginga, til þess að eigandi geti hagnýtt þessi efni. Þó á leiguliði rétt á vatni til áveitu og heimilisrafstöðvar og til upphitunar á húsum jarðar, þar með talin gróðurhús til eigin atvinnurekstrar, svo og byggingarefni til búsþarfa. Leiguliði á rétt á bótum fyrir jarðrask og átroðning, sem leiðir af virkjun vatns eða starfrækslu þvílíkra fyrirtækja.

II. KAFLI

Um ábúðartíma og eftirgjald.

5. gr.

Jarðir skal byggja hið skemmsta til 5 ára í senn. Jarðir í eigu ríkis, sveitarfélaga, opinberra sjóða og stofnana, skal byggja lífstíð leigutaka, nema nauðsyn beri til að ráðstafa jörð, svo sem embættisjörðum, skólajörðum, jörð, sem sveitarfélag á innan hreppsins og jörðum, sem líkt stendur á um, þær skal byggja tiltekinn tíma.

Ekkja leiguliða heldur ábúðarrétti hans, en hann fellur niður, ef hún giftir sig að nýju.

Heimilt er eiganda að taka jörð eða jarðarhluta úr lífstíðarábúð vegna eigin þarfa eða til ábúðar handa sjálfum sér, barni sínu, barnabarni, kjörbarni, fósturbarni, systkini eða foreldri, nema landsdrottinn hafi fallið frá þessum rétti í byggingarbréfi.

Nú segir landsdrottinn upp ábúð, en hvorki flytur sjálfur á jörðina né afhendir hana öðrum til ábúðar, skv. þessari grein, og er þá sú uppsögn ógild, og á leiguliði heimtingu á að fá jörðina aftur, ef hann krefst þess, innan árs frá því að hann flutt af jörðinni. Auk þess bæti landsdrottinn allan þann skaða, er leiguliði kann að hafa beðið af þessum sökum.

6. gr.

Nú hefur landsdrottinn vanrækt að gera byggingarbréf fyrir jörð, og skal þá svo telja, að hún hafi verið byggð lífstíð leigutaka og eftirgjald skal ákveðið af úttektarmönnum, nema um annað semjist.

7. gr.

Landskuld, sem aðilar kunna að semja um, er heimilt að miða við ákveðna tölu búfjár eða ákveðið magn búsafurða eða verðmæti þeirra hlunninda, sem jörðinni fylgja, og greiðist í peningum eftir gangverði þessara afurða í viðkomandi sýslu ár hvert.

Samningsaðilar eiga rétt á því, hvor um sig, á fimm ára fresti að krefjast breytinga á landskuld, hafi verðlagsbreytingar átt sér stað. Eigi sér stað verulegar breyt-

ingar á tekjum af hlunnindum, er samningsaðilum heimilt að krefjast endurskoðunar samnings að því, er tekjur af þeim varðar, annað hvert ár.

Náist ekki samkomulag, skal mat úttektarmanna ráða.

8. gr.

Nú meta úttektarmenn jörð til eftirgjalds, og er þá rétt að miða landskuld við afrakstur hennar í búrekstri, aðstöðu til ræktunar og sölu afurða, arð af sérstökum hlunnindum, húsakost, vátryggingarkostnað, girðingar og önnur mannvirki, er jörðinni fylgja, svo og kvaðir, sem á henni hvíla.

9. gr.

Ef jörð spillist af ástæðum, sem leiguliði má ekki við gera og spjöllin valda röskun á búskaparaðstöðu hans, á hann rétt á eftirgjaldslækkun, að mati úttektarmanna, náist ekki samkomulag við landsdrottinn.

III. KAFLI

Um mannvirki, ræktun, stöðu landsdrottins og leiguliða vegna framkvæmda.

10. gr.

Þegar jörð er byggð til lífstíðar eða á erfðaábúð, er landsdrottni ekki skylt að láta jörðinni fylgja önnur hús en þau, sem eru á jörðinni og í hans eigu við upphaf leigutíma.

11. gr.

Jörð, sem leigð er til ákveðins árabils, er landsdrottni skylt að láta íbúðarhús og peningshús í nothæfu ástandi fylgja, hvort tveggja að dómi úttektarmanna.

Vítalaust er landsdrottni, ef íbúðarhús er fullnægjandi fyrir meðalfjölskyldu og þá vinnuhjálp, sem ætla má að þurfi, til þess að jörð verði nytjuð með venjulegum hætti, og peningshús fylgja fyrir ¾ hluta þess bústofns, sem úttektarmenn meta, að jörðin geti borið, miðað við ástand hennar, þegar ábúandi tekur við ábúðinni.

Nú er ekki fyrir hendi hinn tilskildi húsakostur, er viðtaka fer fram, og skal þá í byggingarbréfi ákveðinn sá frestur, er landsdrottinn hefur, til þess að úr sé bætt og tilgreint, með hvaða hætti það skuli gert. Húsakostur telst ekki leigufær án umbóta, ef ekki má ætla, að hann með eðlilegu viðhaldi sé nothæfur í 10 ár.

Undanþeginn þessari húsaskyldu er landsdrottinn um þær jarðir, sem vegna kostarýrðar, skorts á ræktunarskilyrðum eða annarri aðstöðu til búrekstrar, verða ekki taldar búhæfar að mati byggðaráðs, svo og jarðir innan takmarka kaupstaða, sjávar- og sveitaþorpa, er rétt þykir að dómi landbúnaðarráðuneytisins, að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands, að skipta niður í ræktunarlóðir.

12. gr.

Þegar endurreisa þarf jarðarhús eða auka við þau, hefur landsdrottinn rétt til að ákveða, að hann sjálfur kosti alla endurbyggingu á jörðinni. Hann ræður þá byggingarfyrirkomulagi. Landsdrottni er þá heimilt, að endurbyggingu fullgerðri, að hækka landskuld. Náist ekki samkomulag, skulu úttektarmenn meta, hverju sú hækkun nemur. Við matið skal þess gætt, að landskuldarhækkun ber aðeins að reikna af húsakosti, sem er við hæfi jarðarinnar og miðast af því, er tekur til peningshúsa við þann bústofn, sem jörðin ber, og íbúðarhús með hliðsjón af búsþörfum.

Nú leggur landsdrottinn, að ósk leiguliða, fram fé til umbóta á jörð sinni og skal þá landskuld hækka, þannig að af framlagi til byggingarframkvæmda greiðist sömu vextir og af lánum hjá Stofnlánadeild landbúnaðarins, en af framlagi til annarra umbóta sömu vextir og af lánum Ræktunarsjóðs, eins og þeir vextir eru á hverjum tíma.

Nú vill leiguliði auka húsakost ábúðarjarðar sinnar, og hans telst þörf, að mati viðkomandi héraðsráðunautar og byggingafulltrúa, en landsdrottinn vill ekki kosta auknar byggingaframkvæmdir. Leiguliða er þá heimilt að byggja, eftir að hafa

sannanlega tilkynnt landsdrottni, enda sé gerð bygginga og fyrirkomulag samþykkt af byggingafulltrúa viðkomandi héraðs.

13. gr.

Ef leiguliði vill gera meiriháttar jarðarbætur, skal hann leita samkomulags og samþykkis landsdrottins og fara fram á, að hann láti gera jarðarbæturnar á sinn kostnað og hækki þá eftirgjald jarðarinnar sem svarar vöxtum Stofnlánadeildar Búnaðarbanka Íslands.

Ef landsdrottinn vill ekki gera jarðarbótina á sinn kostnað, en hún er samkvæmt skriflegu áliti hlutaðeigandi héraðsráðunautar, álitleg til að gefa góðan arð, er leiguliða heimilt að framkvæma verkið.

14. gr.

Nú vill landsdrottinn gera meiriháttar jarðarbætur á jörð sem er í fastri byggingu, og skal hann þá leita samkomulags um það við leiguliða. Náist ekki samkomulag, getur hann látið gera jarðarbótina engu síður, en bæti leiguliða það, sem verkið kann að spilla leiguliðaafnotum hans. Þegar jarðarbótinni er lokið, getur landsdrottinn látið úttektarmenn skoða hana og meta, hversu mikið jarðarafgjald megi hækka við jarðarbótina miðað við aðstæður leiguliða. Getur landsdrottinn þá afhent hana leiguliða, og ber leiguliða að halda henni vel við og svara henni í góðu lagi eða með álagi. Enn fremur ber leiguliða að gjalda árlega þá hækkun á eftirgjaldi, sem metin er fyrir jarðarbótina.

15. gr.

Leiguliða er heimilt að veðsetja ábúðarjörð sína til tryggingar þeim lánum, sem hann á kost á í Búnaðarbanka Íslands, Lífeyrissjóði bænda og Orkusjóði vegna framkvæmda á ábúðarjörð sinni, sem samþykktar hafa verið af byggingafulltrúa eða jarðræktarfulltrúa.

16. gr.

Nú á fráfarandi leiguliði hús, hlut í húsum eða umbætur á jörð, og er það til frambúðar haganlega fyrirkomið og nauðsynlegt til búrekstrar á jörðinni, að dómi úttektarmanna, og skal þá landsdrottni skylt að kaupa þær eignir fráfaranda því verði, er úttektarmenn meta, enda séu þá hús jarðarinnar og önnur mannvirki ekki meiri og dýrari en svo, að jörðina megi leigja fyrir hæfilegt afgjald, að mati úttektarmanna. Séu hús ekki nauðsynleg vegna almenns búrekstrar, skal taka tillit til þess við mat þeirra og þau metin lægra verði en hin nauðsynlegu jarðarhús. Landsdrottni er einnig skylt að kaupa ræktun, sem fráfarandi hefur látið gera.

Við mat á eignum fráfaranda ber að draga frá fyrningu og styrki. Fjárhæð þá, er landsdrottni er gert að greiða samkvæmt mati, ber honum að greiða með jöfnum árlegum afborgunum á næstu átta árum frá úttektardegi, nema um annað semjist. Landsdrottni ber að greiða sömu vexti af skuldum vegna kaupa á mannvirkjum leiguliða og Stofnlánadeild Búnaðarbanka Íslands reiknar af lánum.

Þau hús, sem ekki teljast nauðsynleg til búrekstrar, og unnt er að flytja, er jarðareigandi ekki skyldugur að kaupa af fráfaranda. Verði ekki samkomulag um kaup á þeim, hefur fráfarandi rétt til að flytja þau af jörðinni eða selja þau öðrum til brottflutnings og er skylt að sjá um, að þau verði rifin, ef viðtakandi krefst, og þá svo, að viðtakanda sé sem minnst mein af. Séu mannvirki minna virði, að mati úttektarmanna, en þau voru, er leiguliði tók við jörð, skal hann greiða landsdrottni mismuninn. Sá mismunur, er greiðast skal, er lögtakskræfur. Við matsgerðir þessar ber úttektarmönnum að taka tillit til almennra verðbreytinga, sem orðið hafa á kostnaði við mannvirkjagerð.

17. gr.

Leiguliða er skylt að halda við húsum, öðrum mannvirkjum og ræktun, þannig að ekki rýrni umfram eðlilega fyrningu, að mati úttektarmanna.

Landbúnaðarráðherra setur reglur um viðhald húsa á leigujörðum, að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands og Byggingastofnunar landbúnaðarins.

18. gr.

Skylt er úttektarmönnum, ef landsdrottinn eða leiguliði krefst, að skoða öll hús á leigujörð, mannvirki og ræktun og gefa um það skýrslu til aðila. Skulu úttektarmenn sérstaklega athuga umgengni og viðhald húsa og hvernig jörðin er setin yfirleitt.

19. gr.

Jarðarhús öll á leigujörðum skulu vátryggð gegn eldsvoða og skal landsdrottinn bera kostnaðinn, nema um annað sé samið. Um tryggingar gegn skaða af náttúruhamförum geta aðilar komið sér saman, enda skal þess getið í byggingarbréfi. Skylt er leiguliða að annast vátryggingar fyrir hönd landsdrottins á eign hans í húsum og sjá um greiðslu iðgjalds gegn endurgreiðslu, beri landsdrottni að greiða iðgjaldið. Af sameign aðila í húsum greiðir ábúandi iðgjald af sínum eignarhluta.

20. gr.

Sjái landsdrottinn sér ekki fært að fullnægja þeim skyldum, sem á hann eru lagðar samkvæmt lögum þessum, getur hann boðið leiguliða jörðina til kaups fyrir það verð, er úttektarmenn meta, enda fái leiguliði gjaldfrest á ⅔ hlutum þess kaupverðs, er kann að vera umfram veðskuldir. Skal leiguliði greiða þá fjárhæð með jöfnum árlegum afborgunum á 8 árum, nema öðruvísi semjist, gegn sömu vöxtum og bankar greiða af óbundnu sparifé og veði í jörðinni, næst á eftir áhvílandi veðskuldum.

Neiti leiguliði að kaupa eða hafi hann ekki svarað tilboði innan misseris, hefur hann fyrirgert ábúðarrétti sínum.

Geti ábúandi ekki keypt ábúðarjörð sína eða vilji hann það ekki, hefur sveitarstjórn rétt til að ganga í kaupin með þeim skilmálum, sem jörðin var boðin ábúanda.

IV. KAFLI

Um réttindi og skyldur leiguliða og ábúðarlok.

21. gr.

Skylt er leiguliða að eiga lögheimili á ábúðarjörð sinni, nytja hana og reka þar bú, nema sveitarstjórn og landsdrottinn samþykki annað.

22. gr.

Þegar leiguliðaskipti verða á jörð, má viðtakandi taka til voryrkju, þegar hann vill, en ekki má hann flytja bú sitt á jörðina fyrir fardaga, nema fráfarandi leyfi. Fardagar eru fjórir og hefjast, þegar sex vikur eru af sumri. Fimmtudagur í sjöundu viku sumars er fyrstur þeirra, en sunnudagur seinastur.

Leiguliða er skylt hið síðasta að hefja ábúð, þegar sjö vikur eru af sumri ella fyrirgerir hann ábúðarrétti sínum, en ber að greiða eins árs jarðarafgjald auk bóta eftir almennum reglum, ef meira tjón sannast.

23. gr.

Fráfaranda ber að hafa hreinsað öll hús og haugstæði, flutt bú sitt, tæki og allt, sem er í hans eign á jörðinni, í burtu hinn síðasta fardag, nema um annað semjist. Nú vill fráfarandi selja hey, sem hann á á jörðinni við ábúðarlok og á þá viðtakandi forkaupsrétt.

24. gr.

Leiguliði skal hafa öll leiguliðaafnot ábúðarjarðar sinnar, sbr. þó 2. mgr. 4. gr., en það eru leiguliðaafnot að hafa full afnotaumráð þeirra nytja, er jörðin sjálf gefur af sér, án þess að hún eða sá hluti hennar, sem afraksturinn gefur, rýrni eða eyði-

leggist við notkunina. Enn fremur telst til leiguliðaafnota réttur til framkvæmda, er auka framleiðsluhæfni jarðarinnar.

Til leiguliðaafnota teljast öll hús, mannvirki, ræktun, svo og hlunnindi, er jörðinni fylgja, svo sem lax- og silungsveiði, sellátur, eggver og annað, sem leiguliðaafnotum hefur fylgt að fornri landsvenju, nema sérstakur samningur sé um annað eða lög mæli öðruvísi fyrir.

Leiguliði skal hafa not slíkra hlunninda það vor, sem hann flytur á jörð, nema um annað sé samið. Heimilt er landsdrottni eða leiguliða, ef samkomulag verður þar um, að leigja öðrum hlunnindi, sem vegna fjarlægðar eða aðstöðu er erfitt að nytja af jörðinni, enda sé slíkt gert í samráði við byggðaráð og býlið lífvænlegt til búrektrar, að dómi byggðaráðs, þó að þau hlunnindi séu undan tekin. Þá má landsdrottinn og leigja lóðir undir hús eða land til uppsáturs og fiskverkunarreita og spildur til ræktunar í óyrktu landi leigujarðar, ef hlutaðeigandi héraðsráðunautur eða trúnaðarmaður Búnaðarfélags Íslands telur það ekki valda leiguliða verulegum skaða eða takmarki ekki aðstöðu hans til ræktunar á jörðinni, enda lækki jarðarafgjaldið að réttri tiltölu eftir mati úttektarmanna.

25. gr.

Þegar reki fylgir jörð, er leiguliða skylt að hirða það, er rekur og draga það úr flæðarmáli, svo að ekki taki út aftur. Hið sama gildir, þar sem sérstakt rekaítak er í ábýlisjörð hans. Skal hann þá marka þann við viðarmerki eiganda ítaksins. Til endurgjalds fyrir björgun og umhirðu rekans ber leiguliða ⅓ hluta hans, nema byggingarbréf taki annað fram. Um allan annan reka á leigujörð fer eftir lagaákvæðum, er gilda þar um hverju sinni.

26. gr.

Ekki má leiðuliði byggja öðrum af leigujörð sinni, né leyfa not hlunninda eða landsnytja, nema landsdrottinn leyfi, eða ekki verði hjá því komizt vegna ákvæða laga.

27. gr.

Skylt er leiguliða að halda við húsum jarðar og öllu, sem þeim fylgir, þannig að þau gangi ekki úr sér umfram eðlilega fyrningu. Honum ber einnig að halda við öðrum mannvirkjum, ræktun og hlunnindum. Hann skal á sinn kostnað annast viðhald heimreiðar, ræktunar, girðinga, framræsluskurða og lokræsa, þannig að þessi mannvirki gangi ekki úr sér umfram eðlilega fyrningu.

28. gr.

Leiguliði skal greiða skatta og skyldur, sem lög ákveða og tengdar eru notum hans af jörðinni, landsdrottni að kostnaðarlausu. Landskuld, leigur og önnur gjöld skal hann greiða fyrir 31. des. ár hvert, nema öðruvísi sé um samið.

29. gr.

Nú er leiguliðaréttur brotinn og á leiguliði sókn þess máls. Ef leiguliði sækir ekki, á landsdrottinn sókn, enda skal leiguliði gera aðvart, ef leiguliðaréttur hans er brotinn og láta vita, hvort hann sækir.

30. gr.

Vanefni leiguliði verulega skyldur sínar samkvæmt ábúðarsamningi eða lögum þessum, er landsdrottni heimilt að byggja leiguliða út.

Hvarvetna, þar sem landsdrottinn segir leiguliða upp ábúð eða byggir honum út, vegna vanefnda á skyldum hans, skal hann hafa gert það sannanlega fyrir jól, miðað við næstu fardaga.

31. gr.

Nú vill leiguliði flytja sig af ábúðarjörð sinni, og skal hann þá hafa sagt jörðinni lausri fyrir jól miðað við næstu fardaga. Skal hann segja landsdrottni eða umboðsmanni hans upp, þannig að sannað verði.

V. KAFLI
Um erfðaábúð.

32. gr.

Heimilt er að byggja jarðir í einkaeign, í eigu ríkissjóðs, kirkna landsins eða sjóða, sem eru almannaeign (kristfjárjarðir, jarðir gjafasjóða, sýslusjóða eða hreppssjóða) á erfðaleigu.

33. gr.

Afgjald af jörðum þeim, sem um ræðir í 32. gr., skal vera 3% af fasteignamatsverði landsins og jarðarhúsa. Með verði jarðarhúsa telst það álag, er kann að fylgja jörð, þegar erfðaábúð hefst.

34. gr.

Erfðaleiguábúanda er skylt að greiða árlega iðgjöld af brunabótavirðingu húsa á ábúðarjörð sinni, án endurgjalds frá landsdrottni. Kostnað við virðingu á eignum greiðir hver eigandi af sínum hluta.

35. gr.

Meðan sama ætt heldur jörð, skal afgjald ekki hækka umfram það, er leiðir af hækkun fasteignamats vegna verðbreytinga og framlögum jarðareiganda. Ef liðin eru þrjú ár eða meira frá síðasta fasteignamati, þegar ákvarða skal eftirgjald, er heimilt að krefjast millimats fasteignamatsnefndar og leggja það til grundvallar ákvörðun um eftirgjald.

36. gr.

Þegar ábúendaskipti verða á milli ættliða á jörð, sem er í erfðaábúð, skulu úttektarmenn tilkvaddir, ásamt jarðareiganda eða umboðsmanni hans, og jörðin tekin út. Úttektargerðin skal bera með sér:

a) Eign jarðeiganda í húsum og öðrum mannvirkjum, sem fráfarandi hefur tekið við, ásamt eign jarðeiganda í húsum og mannvirkjum vegna fjárframlags hans til þeirra í tíð fráfaranda.
b) Eign ættarinnar, sem fráfarandi tók við í húsum og mannvirkjum á jörðinni, og auk þess það, er fráfarandi leggur fram sem eignarauka. Að öðru leyti fer um úttekt þessa eftir almennum reglum.

37. gr.

Réttur til ábúðar á jörðum þeim, sem um ræðir í þessum kafla laganna, þar með talin hús og mannvirki, sem viðkomandi ætt á á jörðinni, erfist sem hér segir:

1) Það hjóna, sem lengur lifir, heldur réttindum, meðan það lifir.
2) Erfðaréttur erfist til barna þess hjóna, sem erfðaábúðarréttinn stofnaði eða erfði og til barna þeirra og kjörbarna.
3) Foreldrar koma sér saman um, hvert af börnum þeirra skal erfa ábúðarréttinn og skuli tilkynna það sýslumanni ekki síðar en þegar erfðaábúandi er fullra 60 ára.
4) Verði hjón ekki ásátt um, hvert barna þeirra skuli hljóta réttinn, skulu börnin eða forráðamenn þeirra leita samkomulags að viðstöddum sýslumanni.
5) Náist ekki samkomulag skv. 3. og 4. lið, skal elzta barnið erfa réttinn. Afsali það sér réttinum, hafa börnin hann eftir aldri.
6) Nú hefur erfingi erfðaábúðar ekki náð lögaldri, þegar ábúendaskipti verða, og skal þá sýslumaður byggja jörðina öðrum um stundarsakir, óski erfingi eða fjárráðamaður fyrir hans hönd ekki að taka jörðina sjálfur til ábúðar.
7) Óski ekkert barnanna að nota erfðaréttinn og nytja jörðina áfram, þá er foreldrum heimilt að ánafna hana fósturbarni.
8) Nú deyr erfingi ábúðarréttar barnlaus innan 10 ára frá því er hann hefur tekið við ábýli sínu, enda hafi hann ekki tekið kjörbarn áður en hann dó, og hefur þá næsti erfingi rétt til að ganga inn í ábúðina.

9) Ef engar tillögur eða óskir liggja fyrir frá fráfaranda um ráðstöfun jarðarinnar, skal henni ráðstafað að tillögu byggðaráðs.

VI. KAFLI
Um úttektir á leigujörðum.

38. gr.

Þegar leiguliðaskipti verða á jörðum, skal taka þær út með lögmætri skoðunargerð.

Úttekt á jörð skal fara fram fyrir 20. júní. Úttektarmenn skulu gera viðtakanda og fráfaranda aðvart með nægum fyrirvara, hvenær úttekt fer fram, svo og landsdrottni eða umboðsmanni hans, svo að þeir geti verið viðstaddir og gætt réttar síns.

39. gr.

Úttektarmenn skulu vera tveir. Hreppstjórar eru úttektarmenn, hver í sínum hreppi, en hinn aðalúttektarmanninn skipar sýslumaður og tvo varamenn að fengnum tillögum sveitarstjórnar. Nú hefur úttektarmaður forfall eða er svo nákominn aðila, að hann mætti eigi dómkveðja til matsstarfa í dómsmáli hans, eða getur talizt vilhallur, og tekur þá varamaður sæti hans. Ef úttektarmenn greinir á, skal kalla til varamann þann, sem nær er, og er hann þá oddamaður.

40. gr.

Úttektarmenn, aðrir en hreppstjóri, skulu skipaðir til 6 ára. Enginn er skyldugur að taka við endurskipun, fyrr en 6 ár eru liðin frá því hann hætti starfanum.

Allir fullveðja búendur hreppsins, yngri en 60 ára, eru skyldir að taka útnefningu.

Úttektarmenn skulu, áður en þeir byrja störf sín, undirrita í úttektarbókina drengskaparheit um að gegna starfi sínu hlutdrægnislaust og eftir beztu vitund og sannfæringu.

41. gr.

Úttektarmenn fá þóknun fyrir starf sitt, sem hér segir:

1) Fyrir úttekt á jörð skal greiðslan miðast við dagkaup, eins og það er reiknað í verðlagsgrundvelli landbúnaðarafurða hverju sinni. Kostnaður þessi greiðist að jöfnu af fráfaranda og viðtakanda.
2) Fyrir aðrar virðingar- og skoðunargerðir ákveðst greiðslan á sama hátt, og ber þeim, að greiða, sem krafizt hefur virðingar- eða skoðunargerðar. Þó kosta landsdrottinn og leiguliði skoðun og virðing, sem gerð er samkv. 16. gr. að hálfu hvor.

42. gr.

Úttektarmenn skulu hafa gerðarbók, er sveitarsjóður borgar og sýslumaður löggildir. Skal í hana rita allar úttektir jarða, skoðunargerðir á jörðum samkvæmt 18. gr. og allar matsgerðir úttektarmanna samkvæmt lögum þessum. Þegar úttekt, skoðunargerð eða mati er lokið, skulu úttektarmenn og þeir aðilar, sem eru við úttektina, rita nöfn sín undir í bókina til staðfestingar. Ef aðilar, einn eða fleiri, neita að rita undir úttektargerð, skal þess getið í bókun. Skyldir eru úttektarmenn að gefa staðfest eftirrit úr gerðarbók gegn hæfilegu gjaldi.

43. gr.

Úttektarmenn skulu lýsa nákvæmlega stærð og ásigkomulagi húsa, skemmdum á þeim, ef orðið hafa af völdum ábúanda, hvernig húsunum hefur verið viðhaldið og annað, eftir því, sem þurfa þykir. Enn fremur skulu þeir taka út og lýsa öðrum mannvirkjum landsdrottins og leiguliða á jörðinni. Ef kúgildi fylgja jörð, skulu úttektarmenn meta, hvort þau séu fullgild. Þeir skulu og kynna sér nákvæmlega allar jarðarnytjar og meta, hvort jörð hafi verið sæmilega setin.

44. gr.

Ef einhver, sem hlut á að máli, vill ekki hlíta úttekt, sem gerð er á jörð, eða öðrum mats- og skoðunargerðum úttektarmanna samkvæmt lögum þessum, getur hann innan tveggja vikna krafizt yfirúttektar eða yfirmats. Í hverri sýslu skal vera sérstök yfirúttektar- og virðingarnefnd. Skal hún þannig skipuð:

Sýslumaður skipar tvo menn í nefndina eftir tilnefningu sýslunefndar til 6 ára og varamenn til sama tíma. Sýslumaður eða fulltrúi hans er sjálfkjörinn formaður nefndarinnar. Heimilt er sýslumanni að kveðja, ef ástæða þykir til, að auki í nefndina tvo meðnefndarmenn, jarðræktarráðunaut og byggingarfulltrúa viðkomandi sýslu. Skylt er formanni nefndarinnar að tilkynna gagnaðila, að krafizt hafi verið yfirmats og veita honum nægan frest, svo að hann geti gætt réttar síns.

Yfirnefndarmenn eiga sömu laun fyrir starfa sinn sem úttektarmenn og auk þess hæfilegan ferðakostnað. Yfirnefnd úrskurðar hvernig kostnaður við yfirmat greiðist.

VII. KAFLI

Niðurlagsákvæði.

45. gr.

Vanræki jarðeigandi skyldur sínar samkvæmt 2.—3. gr., 1. mgr. 4. gr. laga þessara, varðar það brot hans sektum, allt að kr. 100 000.00. Með mál út af brotum gegn lögum þessum skal fara að hætti opinberra mála.

46. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru numin úr gildi ábúðarlög nr. 1 frá 1884, nr. 87/1933, nr. 8/1951, nr. 36/1961 og VIII. kafla laga nr. 102/1961, ásamt síðari lögum um breytingar á þeim lögum, svo og önnur lagafyrirmæli, að því leyti, sem þau fara í bága við lög þessi.

Fara skal eftir ákvæðum laga þessara um réttindi og skyldur leiguliða og landsdrottins varðandi framkvæmdir á leigujörð, sbr. 12.—16. gr., greiðslu jarðarafgjalds og annarra gjalda af jörð, sbr. 7.—9. gr., riftun og uppsögn ábúðarsamnings, sbr. 30. og 31. gr., enda þótt ábúðarsamningur hafi verið gerður fyrir gildistöku laganna.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Nú eru í gildi ábúðarlög nr. 1 12. jan. 1884, nr. 87 19. júní 1933, nr. 8 5. febr. 1951 og lög nr. 36 29. marz 1961.

Lögin eiga við eftir því hvenær ábúð hefst. Þannig fer eftir lögum nr. 1 frá 1884 um ábúð þeirra, sem hófu búskap fyrir 1. jan. 1934. Samkvæmt þeim lögum er réttarstaða leiguliða mun verri heldur en eftir yngri ábúðarlögum, þannig er landsdrottinn t. d. ekki skyldur að kaupa hús, sem leiguliði hefur látið gera, þó að haganleg séu, og er leiguliða þá heimilt að rífa hús og hafa með sér efni og önnur verðmæti úr þeim.

Ábúðarlögin frá 1933, 1951 og 1961 eru í höfuðatriðum efnislega lík. Þessi mörgu lög um nær sama efni hafa hins vegar oft orðið til að valda misskilningi.

Í lögunum eru ákvæði, sem eru óþörf vegna almennra reglna laga eða breyttra búhátta og þjóðfélagsaðstæðna.

Leitazt hefur verið við að haga efnisskipan þessa frumvarps þannig, að saman væri það, sem saman á, stytta lögin eftir föngum, án þess af þeim sökum að rýra þau að efnisgildi frá fyrri lögum.

Var ákveðið, eftir að hafa ráðgazt við próf. Gauk Jörundsson, að gera tillögu um að fella úr gildi með þessum lögum eldri ábúðarlög, þó svo, að samningar skv. þeim lögum haldi gildi sínu að svo miklu leyti, sem annað leiðir ekki af ákvæðum frumvarps þessa, ef að lögum verður.

Rétt var talið að taka með í ábúðarlögum ákvæði um erfðaábúð, sem hingað til hafa verið í sérstökum lögum, nú lög nr. 102 21. des. 1962.

Gerðar hafa verið nokkrar meiriháttar efnisbreytingar á ábúðarlögunum í því frumvarpi, sem hér liggur fyrir, og verður þeirra getið við skýringar á einstökum greinum.

Athugasemdir við einstakar greinar.

Um 1. gr.

Notazt er við sömu skýrgreiningu á jörð og í lögum nr. 36 1961, að öðru leyti en því að fellt er niður ákvæði um, að landamerkjum þurfi að hafa verið þinglýst, þar sem vitað er um, að slíkt hefur verið vanrækt og ekki rétt, að það geti opnað leið til að komast undan því, að jörð, sem uppfyllir önnur skilyrði ábúðarlaga, falli ekki undir ákvæði laganna.

Um 2. gr.

Er efnislega hliðstæð 3. gr. núgildandi laga. Þó er felld niður skylda á landsdrottni í 4. mgr. til að auglýsa jörð, sem sveitarstjórn hefur ekki tekizt að byggja.

3. mgr. 3. gr. laga nr. 36/1961 er einnig felld niður. Ákvæði um opinber gjöld eru tekin annars staðar, en skylda landsdrottins til að gefa hreppsnefnd eða Landnámi ríkisins kost á að kaupa jörð, sem ekki hefur tekizt að koma í ábúð, er felld niður, því 12. gr. jarðalaga kemur þar í staðinn.

Um 3. gr.

Rétt er talið að gefa samningsaðilum frjálst við hvaða tíma þeir miða gildistöku ábúðarsamnings, eða hvenær hann fellur úr gildi, en í núgildandi lögum er skylt að byggja jörð frá fardögum til fardaga. Einnig er nýmæli, að byggðaráð eiga framvegis að hafa í sinni vörzlu eintak af byggingabréfi í stað sýslumanna.

Um 4. gr.

4. gr. er að mestu samhljóða 6. gr. í núgildandi lögum.

Um 5. gr.

Í þessari grein felst veruleg breyting frá 9. gr. núgildandi laga.

Skylt var að byggja allar jarðir ævilangt, en frumvarpið gerir ráð fyrir skemmstum leigutíma 5 árum, að öðru leyti skulu samningsaðilar frjálsir að semja um tímalengd samnings.

Vitað er, að fjöldi samninga hefur verið gerður með ákvæðum um tímatakmörk, þrátt fyrir skylduna til að byggja ævilangt. Jarðir í opinberri eigu skal þó byggja lífstíð leiguliða.

Um 6. gr.

Reikna má með að við gildistöku laganna sé eitthvað af leiðuliðum, sem sitja jarðir, án þess að gert hafi verið byggingarbréf. Þeir leiguliðar verða að eiga trygga áframhaldandi ábúð. Ákvæði um lífstíðarábúð, sé vanrækt að gera byggingarbréf, ætti að verka hvetjandi, þannig að jarðareigendur gæti þess að ganga á lögformlegan hátt frá ábúðarsamningi.

Um 7. gr.

Í 10. gr. núgildandi laga er mælt fyrir um, að landskuld skuli miðuð við búrekstrargildi jarðar. Ekki er víst, að samstaða náist milli samningsaðila um, hvað skuli teljast búrekstrargildi jarðar. Rétt var talið að veita aðilum frelsi til að semja um eftirgjald.

Um 8. gr.

Í greininni felst ábending um það, hvernig úttektarmenn skuli meta eftirgjald.

2. mgr. 7. gr. laga nr. 36/1961 fjallar um sama efni, en í þeirri grein eru úttektarmenn skyldaðir til að vinna eftir ákveðnum matsreglum.

Um 9. gr.

Greinin fjallar um sama efni og 35. gr. laga nr. 36/1961, en er stytt til muna.

Um 10. gr.

Samkvæmt 11. gr. laga nr. 36/1961 er landsdrottinn skyldur að láta nauðsynlegan húsakost fylgja jörð, sem hann leigir og bæta úr, ef ábótavant þykir. Frumvarpið skyldar þá landsdrottna, sem leigja til lífstíðar eða á erfðaábúð aðeins til að láta þann húsakost fylgja, sem til er á jörð við upphaf leigutíma. Að öðru leyti er ekki um efnisbreytingar að ræða.

Um 11. gr.

Greinin fjallar um sama og 11. gr. laga nr. 36/1961.

Um 12. gr.

Geymir ákvæði um sama efni og 12. gr. laga nr. 36/1961, en greinin er stytt og nokkur atriði felld niður.

Um 13. gr.

Greinin fjallar um sama og 41. gr. laga nr. 36/1961.

Um 14. gr.

Greinin er sama efnis og fyrri hluti 42. gr. laga nr. 36/1961.

Um 15. gr.

Samkvæmt 12. gr. laga nr. 36/1961 er landsdrottinn skyldur til, að viðlögðum dagsektum, að veita leiguliða veðleyfi vegna lántöku til framkvæmda á ábúðarjörð sinni. Skv. 45. gr. laga nr. 102/1962 er erfðaábúðarhöfum heimilt að veðsetja ábúðarjarðir sínar vegna lána til framkvæmda.

Þetta er nú samræmt í 15. gr.

Um 16. gr.

16. gr. fjallar um sama efni og 13. gr. og að nokkru 51. gr. laga nú. Tími sá, sem landsdrottinn hefur til að greiða andvirði eigna, er lengdur úr 4 árum í 8. Jafnframt er hér tekið fram, að styrkir skuli dregnir frá greiðslu til fráfaranda. Slíkt er tekið fram í núgildandi 42. gr. um jarðabótastyrk.

Um 17. gr.

17. gr. er um sama og 15. gr. laga nr. 36/1961.

Um 18. gr.

18. gr. er um sama og 16. gr. laga nr. 36/1961.

Um 19. gr.

19. gr. er óbreytt frá 17. gr. laga nr. 36/1961.

Um 20. gr.

20. gr. er að nokkru um sama og 18. gr. nú.

Skylda landsdrottins til að bjóða leiguliða jörð til kaups, geti landsdrottinn ekki staðið við skyldur sínar, er felld niður, en honum er heimilt að velja þá leið.

Kaupi leiguliði jörð af þessari ástæðu, er greiðslutími kaupverðs lengdur úr 3 árum í 8. Felldur er niður réttur leiguliða til að krefjast að fá jörð keypta. Við greinina er bætt ákvæðum 44. gr. laga nr. 36/1961.

Um 21. gr.

21. gr. er óbreytt frá því, sem 19. gr. laga nr. 36/1961.

Um 22. gr.

22. gr. er sama efnis og 20. gr. laga nr. 36/1961.

Um 23. gr.

23. gr. kemur fyrir 21., 22. og 1. mgr. 23. gr. laga nr. 36/1961.

Um 24. gr.

Greinin fjallar að mestu um sama efni og 25. gr. laga nr. 36/1961. Auk þess er bætt í greinina 2. mgr. 23. gr. laga nr. 36/1961.

Um 25. gr.

Greinin er samhljóða 37. og 39. gr. laga nr. 36/1961. Ákvæði 38. gr. laga nr. 36/1961 um hvalreka eru felld niður.

Um 26. gr.

Greinin er sama efnis og upphaf 26. gr. laga nr. 36/1961, en að öðru leyti er efni þeirrar greinar fellt niður.

Um 27. gr.

Greinin er efnislega hliðstæð 1. mgr. 27. gr. laga nr. 36/1961. Síðari málsgreinin er felld niður og efni hennar felst í 30. gr. frumvarpsins.

Um 28. gr.

Greinin er sama efnis og fyrri málsgrein 28. gr. laga nr. 36/1961. Síðari málsgrein 28. greinar er felld niður og kemur 30. gr. frumvarpsins í hennar stað.

Um 29. gr.

Greinin er samhljóða 4. mgr. 25. gr. laga nr. 36/1961.

Um 30. gr.

Greinin kemur í stað 30. og 31. gr. laga nr. 36/1961. Auk þess breytist með henni síðasti málsliður 2. mgr. 9. gr. laga nr. 36/1961, þannig að uppsagnarfrestur verður alltaf hinn sami.

Um 31. gr.

Greinin er sama efnis og 32. gr. laga nr. 36/1961.

Um 32. gr.

Skv. 32. gr. núgildandi laga um erfðaábúð, er skylt að byggja jarðir í opinberri eign á erfðaábúð og taka lögin ekki til annarra jarða. Skv. frumvarpinu eru samningsaðilar frjálsir að því, hvort samið er um erfðaábúð eða annað ábúðarform.

Um 33. gr.

Grein þessi er sama efnis og 33. gr. laga nr. 102/1962.

Um 34. gr.

Greinin er sama efnis og 4. mgr. 35. gr. laga nr. 102/1962.

Um 35. gr.

Greinin er sama efnis og 38. gr. laga nr. 102/1962.

Um 36. gr.

Greinin fjallar um sama og 41. gr. laga nr. 102/1962.

Um 37. gr.

Greinin er að mestu sama efnis og 46. gr. laga nr. 102/1962. Þó er í 2. tölulið fellt niður, að skilgetin börn hafi rétt umfram óskilgetin, og í 9. tölulið er gert ráð fyrir, að byggðaráð hafi áhrif á ráðstöfun jarðar, sem enginn er til að taka við af erfðaábúðarhafa.

Um 38. gr.

Greinin er sama efnis og 45. gr. laga nr. 36/1961.

Um 40. gr.

Samhljóða 47. gr. laga nr. 36/1961.

Um 41. gr.

Greinin er sama efnis og 48. gr. laga nr. 36/1961. Auk þess er ákveðið, hvernig úttektarmenn skuli reikna laun sín.

Um 42. gr.

Greinin er samhljóða 49. gr. laga nr. 36/1961.

Um 43. gr.

Greinin fjallar um verkefni úttektarmanna og er styttri heldur en 50. gr. laga nr. 36/1961, sem fjallar um sama efni.

Um 44. gr.

Greinin er að mestu samhljóða 53. gr. laga nr. 36/1961. Ekki er þó talið rétt að hafa yfirúttektar- og virðingardóm, eins og í lögum nr. 36/1961, þar sem ekki getur verið um dómsvald að ræða. Í þess stað er gert ráð fyrir yfirúttektar- og virðingarnefnd.

Þá er í þessu frumvarpi gert ráð fyrir, að yfirnefnd úrskurði um, hver greiði kostnað af yfirmati.

Um 45. gr.

Greinin skýrir sig sjálf.

Um 46. gr.

Eins og vikið er að í upphafi greinargerðar fyrir frv. þessu, þykir rétt að nema eldri ábúðarlög úr gildi. Þar með er þó engan veginn sagt, að réttaráhrifa þeirra gæti ekki um ábúðarsamninga, sem gerðir hafa verið í gildistíð eldri laga, þar sem að sjálfsögðu verður oft að líta svo á, að ákvæði eldri laga séu til fyllingar ábúðarsamningum, sem gerðir hafa verið undir þeim. Engu að síður þykir rétt, að um tiltekin atriði í skiptum landsdrottins og leiguliða fari eftir ákvæðum frv. þessa, ef að lögum verður, þar sem æskilegt er, að um þau gildi samræmdar reglur, og auk þess óviðunandi, að reglur um sum þessa atriða verði ekki færðar til nútímahorfs vegna breyttra búskaparhátta.

Ed. 690. Frumvarp til jarðalaga. [254. mál]

(Lagt fyrir Alþingi á 93. löggjafarþingi, 1972—1973.)

I. KAFLI

1. gr.

Tilgangur laga þessara er að tryggja, að nýting lands utan skipulagðra þéttbýlissvæða sé eðlileg og hagkvæm frá þjóðhagslegu sjónarmiði og að eignarráð á landi og búseta á jörðum sé í samræmi við hagsmuni sveitarfélaga og þeirra, sem landbúnað stunda.

2. gr.

Landbúnaðarráðherra hefur yfirstjórn þeirra mála, sem lög þessi taka til.

3. gr.

Landbúnaðarráðuneytið sér um, að haldin verði skrá yfir allar jarðir og ábúendur jarða, og að gerðir verði, eftir því sem aðstæður leyfa, uppdrættir af sveitum landsins, þar sem m. a. verði mörkuð landamerki jarða og land greint eftir notagildi til landbúnaðar.

4. gr.

Lög þessi taka til jarða, afréttarlanda, öræfa, lóða og landspildna, svo og til jarðarhluta, ítaka, skóga, vatnsréttinda, jarðhita, veiðiréttinda og hvers konar annarra landgæða, hvort sem þau eru skilin frá jörð eða ekki. Skipulögð þéttbýlissvæði, þar sem 100 íbúar eða fleiri hafa fasta búsetu, eru undanskilin ákvæðum laga þessara.

Rísi ágreiningur um, hvað teljast skuli þéttbýlissvæði skv. lögum þessum eða um starfssvið byggingarráðs að öðru leyti, sker landbúnaðarráðherra úr þeim ágreiningi.

II. KAFLI

Byggðaráð.

5. gr.

Í hverri sýslu skal starfa byggðaráð, skipað þremur mönnum og jafnmörgum til vara. Sýslunefnd og búnaðarsamband hlutaðeigandi sýslu tilnefna hvort sinn mann í byggðaráð, og skulu þeir kunna góð skil á byggð og búháttum í sýslunni. Ráðherra skipar byggðaráð og formann þess, án tilnefningar. Varamenn skulu valdir á sama hátt.

Heimilt er, ef sýslunefndir, sem hlut eiga að máli, samþykkja, að láta starfssvæði byggðaráðs vera hið sama og þess búnaðarsambands, sem starfar á svæðinu. Ef sýslunefndir koma sér þá eigi saman um tilnefningu manna í byggðaráð, skipar ráðherra einhvern þeirra, sem sýslunefndir gera tillögu um.

Allir byggðaráðsmenn skulu vera búsettir á starfssvæði byggðaráðs.

Byggðaráð skal skipað til sex ára í senn.

6. gr.

Byggðaráðum ber að vinna, hverju á sínu svæði, að framkvæmd laga þessara, sbr. 1. gr., m. a. með því að:

1. Fylgjast með og taka ákvarðanir varðandi eigendaskipti og aðrar ráðstafanir fasteigna samkvæmt nánari fyrirmælum laga þessara.
2. Eiga samvinnu við hlutaðeigandi sveitarstjórn og skipulagsyfirvöld um skipulag dreifbýlis.

3. Gera tillögur um úthlutun landsvæða til ræktunar, byggingar sumarbústaða og almennra útilífsnota, þar sem þörf er talin fyrir land í þessu skyni.
4. Fylgjast með töku hvers konar jarðefna.
5. Gæta þess, að mannvirki verði ekki reist, án heimildar réttra yfirvalda.
6. Fylgjast með búsetu á jörðum og stuðla að góðri og hreinlegri umgengni lands og mannvirkja.

7. gr.

Nú eru fyrirhuguð aðilaskipti að eignarréttindum yfir fasteign eða stofnun slíkra réttinda, svo sem fyrir kaup, gjöf, skipti, nauðungarsölu á uppboði, þar með talinni útlagningu til veðhafa, bússkipti, félags- og sameignarslit fyrirframgreiðslu arfs, lán eða leigu, og er þá jafnan skylt að tilkynna það byggðaráði og afla samþykkis þess til ráðstöfunarinnar.

Samþykkis þarf ekki að afla:

1. Ef eigandi afhendir fasteign einhverjum þeirra, sem upp eru taldir í 1. tölulið 28. gr. laga þessara.
2. Þegar sveitarfélag eða ríkissjóður kaupa fasteignir eða selja.
3. Þegar banki eða önnur opinber lánastofnun, sem á veð í fasteign, lögveðshafar eða lögtakshafar vegna opinberra gjalda, kaupa eða fá útlagða eign á nauðungaruppboði.
4. Þegar veiðifélög ráðstafa veiðiréttindum.
5. Þegar leigðar eru slægjur, námur eða vatnsréttindi.

Ákvæði greinar þessarar taka ekki til aðilaskipta að eignarréttindum fyrir lögerfðir eða ráðstöfun slíkra réttinda til annars hjóna við bússkipti vegna skilnaðar, en tilkynna skal þó byggðaráði um breytingar á eignaraðild, sem verða með þessum hætti.

8. gr.

Byggðaráð skal ekki veita leyfi sitt til ráðstöfunar fasteigna, sbr. 1. mgr. 7. gr., sé ástæða til að ætla, að ráðstöfunin sé gerð í því skyni að hafa af henni sérstakan fjárhagslegan ávinning eða að ráðstafa eigninni eða hluta af henni fljótlega aftur í hagnaðarskyni.

9. gr.

Nú er leitað samþykkis byggðaráðs til ráðstöfunar fasteignar, og ber þá byggðaráði að afgreiða erindið innan 30 daga frá því að það barst skrifstofu ráðsins. Hafi svar byggðaráðs þá ekki borizt, er hin áformaða ráðstöfun heimil. Samþykki byggðaráðs gildir í 6 mánuði frá dagsetningu þess.

10. gr.

Nú neitar byggðaráð að samþykkja áformaða sölu fasteignar og ráðuneytið staðfestir þá ákvörðun. Getur þá eigandi eða umráðamaður eignarinnar, gert kröfu til þess, að ríkissjóður kaupi eign þá, sem hann vildi láta af hendi. Náist ekki samkomulag um verð, skal mat dómkvaddra manna ráða.

11. gr.

Óheimilt er að þinglýsa skjölum varðandi ráðstöfun fasteignar, sem lög þessi taka til, nema þau séu árituð af byggðaráði um, að ráðstöfunin hafi verið tilkynnt því, og að samþykki byggðaráðs til ráðstöfunarinnar liggi fyrir, þar sem þess er krafizt samkvæmt lögum þessum.

12. gr.

Skylt er að halda yrktu landi í þeirri rækt, sem jarðræktarráðunautur viðkomandi héraðs telur nauðsynlega.

Byggðaráð getur krafizt úrbóta og látið gera endurbætur á ræktuðu landi á kostnað eiganda, hafi hann vanrækt það, þrátt fyrir ábendingar jarðræktarráðunautar og byggðarráðs.

Ef meðferð jarða eða ræktaðs lands er ekki í samræmi við ákvæði laga þessara og þörf er á landinu til bættrar aðstöðu búrekstrar í byggðarlaginu, getur landbúnaðarráðuneytið heimilað sveitarstjórn eignarnám á slíkum eignum, enda hafi Búnaðarfélag Íslands og byggðaráð mælt með eignarnámi.

13. gr.

Þegar byggðaráð gera tillögur um skipulagsmál í sveit, skal það gert í samráði við hlutaðeigandi hreppsnefndir, Búnaðarfélag Íslands og náttúruverndarnefndir. Leitazt skal þá við að meta framtíðarmöguleika býla innan sveitarinnar, m. a. með tilliti til framleiðsluskilyrða, markaðsaðstæðna, og hvort almennur hagur verði talinn að stofnun nýrra býla, stuðningi við félagsræktun eða eflingu býla, sem fyrir eru.

Land, sem við gildistöku laganna er nýtt til landbúnaðar, má ekki taka til annarra nota án samþykkis ráðherra, enda hafi það áður verið samþykkt af byggðaráði og Búnaðarfélagi Íslands.

14. gr.

Samþykki Búnaðarfélags Íslands og byggðaráðs þarf til að skipta landi jarða, eða sameiginlegu landi fleiri jarða, og til að sameina jarðir, eða leggja lönd eða jarðir til afrétta. Eigi að skipta landi til að stofna nýtt býli til venjulegrar búvöruframleiðslu, skal að jafnaði miða við, að ræktanlegt land sé ekki minna en 100 ha.

Heimilt er þó að víkja frá þessari landstærð, ef í staðinn koma beitilönd eða hlunnindi til lands og sjávar.

Stofnun nýrra býla er háð samþykki byggðaráðs og Búnaðarfélags Íslands og staðfestingu landbúnaðarráðuneytisins.

15. gr.

Þar sem skipting jarðar hefur átt sér stað, og bú er ekki rekið á úrskiptum jarðarhluta, er ráðherra heimilt að leyfa eiganda og ábúanda jarðar þeirrar, sem skipt var úr, að fengnum meðmælum Búnaðarfélags Íslands og byggðaráðs, að leysa til sín hinn úrskipta jarðarhluta og leggja hann til hinnar upphaflegu jarðar. Á sama hátt er eiganda og ábúanda nýbýlis heimilt að leysa til býlis síns það, sem eftir stendur af landi hinnar upphaflegu jarðar, sé ekki rekinn þar sjálfstæður búskapur.

Séu nýbýlin fleiri en eitt getur einn eigandi krafizt þess lands, sem ónytjað er skv. framansögðu. Skal landinu þá skipt á grundvelli tillagna Byggðaráðs. Náist ekki samkomulag um verð, skal um mat og greiðslu bóta fara eftir lögum um eignarnám.

16. gr.

Nú er jörð í sameign, en einn sameiganda rekur bú á jörðinni og hefur þar fasta búsetu, og getur ráðherra þá leyft honum að leysa til sín eignarhluta meðeigenda sinna, enda hafi Búnaðarfélag Íslands og byggðaráð mælt með því. Náist ekki samkomulag um verð á hinum innleystu hlutum, skal fara um mat og greiðslu bóta eftir lögum um framkvæmd eignarnáms.

17. gr.

Þar sem menn hafa komið sér saman um rekstur félagsbús, ber þeim að gera með sér skriflegan samning um rekstur þess, þar sem meðal annars greinir frá skiptingu landsnytja og arðs af búinu. Skylt er að afhenda þeim, er annast skráningu jarða skv. 3. gr., afrit af samningum um félagsbú.

18. gr.

Skylt er hreppstjórum, oddvitum, ráðunautum, eigendum og ábúendum jarða, og öðrum, sem til þess hafa aðstöðu, að láta í té upplýsingar um jarðir og ábúð á þeim, eftir því, sem þörf kann að verða á samkvæmt lögum þessum.

19. gr.

Ákvörðunum byggðaráðs er heimilt að skjóta innan eins mánaðar til landbúnaðarráðuneytisins, og skal úrskurður ráðuneytisins tilkynntur kæranda innan fjögurra vikna frá því, er kæra barst.

20. gr.

Nú er fasteign ráðstafað andstætt fyrirmælum laga þessara, og varðar sú ráðstöfun refsingu, sbr. 64. gr. Auk þess getur sveitarstjórn þá með samþykki byggðaráðs og ráðherra höfðað mál til ógildingar ráðstöfuninni með kröfu um, að sveitarfélag fái þau umráð og not fasteignar, er ráðstöfunin laut að og með sömu skilmálum. Þó getur sveitarstjórn krafizt mats á endurgjaldi í samræmi við ákvæði 27. gr. Málssókn skal hefjast innan þriggja mánaða frá því að byggðaráði barst vitneskja um ráðstöfunina, og ber að halda málinu áfram með eðlilegum hraða.

21. gr.

Byggðaráð skal ákveða aðsetursstað sinn í samráði við viðkomandi sýslunefnd og búnaðarsamband.

Rétt er, þar sem við verður komið, að byggðaráð og búnaðarsamband hafi samvinnu um skrifstofuhald.

Byggðaráði er heimilt að kaupa sérfræðilega aðstoð, þegar þörf krefur.

Rita skal fundargerðir á öllum fundum byggðaráðs, og halda ber skýrslu yfir allar ráðstafanir fasteigna, sem ráðið fjallar um.

22. gr.

Kostnaður við störf byggðaráðs greiðist að hálfu af viðkomandi sýslu og búnaðarsambandi og að hálfu af ríkissjóði.

Landbúnaðarráðherra ákveður þóknun til byggðaráðsmanna.

III. KAFLI

Forkaupsréttur.

23. gr.

Eigi að selja fasteignarréttindi, sem lög þessi taka til, sbr. 4. gr., á sveitarstjórn þess sveitarfélags, þar sem eignin er, forkaupsrétt að þeim, nema um ráðstöfun ættaróðals sé að ræða, sbr. og 28. gr. laga þessara.

Nú hefir leiguliði setið jörð í 10 ár eða lengur og skal þá sveitarstjórn bjóða honum að nota forkaupsréttinn, enda taki hann jörðina til ábúðar og fullra nytja.

24. gr.

Ef fasteignarréttindi eru seld á opinberu uppboði eða lögð veðhafa út, getur forkaupsréttarhafi skv. 23. gr. gengið inn í hæsta boð.

Uppboðshaldara er skylt að tilkynna forkaupsréttarhafa um leið og uppboðsþing er ákveðið. Forkaupsréttarhafi á 3ja sólarhringa frest frá því að uppboðsþingi er slitið, til að ákveða, hvort hann notar rétt sinn.

25. gr.

Forkaupsréttur skv. 23. gr. skal jafnan boðinn skriflega þeirri sveitarstjórn, sem á hlut að máli. Söluverð og aðrir skilmálar skal jafnframt tilgreint. Ef um er að ræða makaskipti á fasteignaréttindum, tilgreini seljandi, hversu hátt hann metur hin framboðnu réttindi til peningaverðs, og hefur þá forkaupsréttarhafi rétt til þess að kaupa þau því verði. Sveitarstjórn skal svara forkaupsréttartilboði skriflega innan fjögurra

vikna frá því að henni barst tilboð. Vanræki sveitarstjórn að svara innan þess tíma, hefur hún í það sinn glatað rétti sínum til kaupa.

Yfirlýsing um afsal forkaupsréttar skal miðuð við ákveðinn kaupanda og fellur úr gildi sex mánuðum frá dagsetningu.

26. gr.

Ef eigandi eða annar rétthafi fasteignar ráðstafar fasteignarréttindum andstætt fyrirmælum laga þessara um forkaupsrétt, getur forkaupsréttarhafi, sem órétti var beittur, krafizt þess, að salan verði ógilt, enda sé málssókn til þess hafin innan sex mánaða frá því, að hann fékk vitneskju um misfelluna og málinu fram haldið með hæfilegum hraða.

27. gr.

Sé söluverð eignar óeðlilega hátt, miðað við líklegt raunverð að áliti byggðaráðs, getur forkaupsréttarhafi krafizt mat dómkvaddra manna á eigninni, og gildir það þá sem söluverð.

28. gr.

Ákvæði laga þessara um forkaupsrétt koma ekki til framkvæmda:

1. Þegar jarðeigandi selur eða afhendir jörð maka sínum, barni sínum, barnabarni, kjörbarni, fósturbarni, systkini eða foreldri enda taki viðtakandi jörðina til ábúðar og fullra nytja.
2. Þegar ríkissjóður selur fasteignir.

Falli fasteignarréttindi við erfðir til annarra en þeirra, er greinir í 1. tölulið, á hreppsnefnd rétt á að fá þau keypt því verði, sem þau eru lögð erfingjum til arfs.

IV. KAFLI

Um jarðir í opinberri eigu.

29. gr.

Jarðeignadeild landbúnaðarráðuneytisins fer með málefni jarða í ríkiseign, nema annað sé ákveðið í lögum.

Allar eignir ríkissjóðs í landi og lausum aurum, sem hafa verið í vörzlu Landnáms ríkisins falla undir forræði jarðadeildar landbúnaðarráðuneytisins.

30. gr.

Ráðherra er heimilt að selja jarðir eða jarðarhluta í ríkiseign til þeirra sveitarfélaga, sem jarðirnar eru í, enda mæli byggðaráð með sölu og geri tillögur um söluverð, sem endanlega er ákveðið af ráðherra eða samkvæmt matsgerð dómkvaddra manna.

Ríkisjarðir, sem ekki byggjast samkvæmt ábúðarlögum og ekki eru teknar til sérstakra nota í þágu hins opinbera, er heimilt að leigja lengst til 10 ára í senn. Leigusamninga um lóðir úr ríkislandi er heimilt að gera til allt að 50 ára, enda séu þeir gerðir í samræmi við skipulagsákvæði.

31. gr.

Ábúendur ríkisjarða og jarða í eigu opinberra stofnana og sjóða, — nema ákvæði gjafabréfa og skipulagskráa mæli gegn því —, sem hafa fengið erfða- eða lífstíðarábúð á jörðum sínum, hafa rétt til að fá ábúðarjarðir sínar keyptar, ef þeir fullnægja eftirtöldum skilyrðum:

1. Hafa búið á jörðinni minnst 10 ár.
2. Gefa út við undirskrift kaupsamnings skuldbindingu um að gera jörðina að ættaróðali og leggja fram nauðsynleg skilríki þar að lútandi.

3. Leggja fram yfirlýsingu hlutaðeigandi hreppsnefndar um, að ábúandi hafi setið jörðina vel og að hreppsnefndin mæli með, að hann fái jörðina keypta. Þó getur hann skotið þeirri umsögn til sýslunefndar.
4. Leggja fram meðmæli byggðaráðs viðkomandi sýslu með kaupum.

Ákvæði þessarar greinar taka þó ekki til jarða, sem þegar eru ákveðnar sem bústaðir embættismanna eða til annarrar opinberrar notkunar, né jarða, sem að dómi Búnaðarfélags Íslands og hlutaðeigandi byggðaráðs, eru líklegar til að verða teknar til annarra nota en venjulegs búreksturs, svo sem til fólkvanga eða fyrir sumarbústaðalönd. Ekki heldur þeirra jarða, sem að dómi Náttúruverndarráðs og byggðaráðs hafa sérstök og verðmæt náttúrufyrirbæri innan sinna landamarka, og ekki til jarða, sem að áliti viðkomandi sýslunefndar og aðliggjandi bæjarfélaga teljast líklegar til opinberra nota eða skiptingar í náinni framtíð.

Námaréttindi og réttur til efnistöku skulu undanskilin sölu, sömuleiðis vatns- og jarðhitaréttindi umfram heimilisþörf, ásamt nauðsynlegri aðstöðu til að hagnýta þau réttindi.

Sé áformuð sala jarðarhluta eða jarðar, sem seld hefur verið af ríkissjóði skv. grein þessari, á ríkissjóður forkaupsrétt.

Náist ekki samkomulag um verð milli kaupanda og seljanda, skal mat dómkvaddra manna ráða.

V. KAFLI
Jarðeignasjóður.

32. gr.

Við jarðadeild landbúnaðarráðuneytisins skal starfrækt sjóð, er nefnist Jarðeignasjóður ríkisins.

Hlutverk sjóðsins er skv. nánari ákvörðun laga þessara, að aðstoða sveitarfélög og bændur við eigendaskipti að jörðum og stuðla að því með lánveitingum og framlögum, að búseta á jörðum og nýting lands verði í sem mestu samræmi við hagsmuni viðkomandi sveitarfélags.

33. gr.

Jarðeignasjóði ríkisins er heimilt að kaupa jarðir, sem svo er ástatt um, er hér greinir, enda hafi sveitarstjórn hafnað forkaupsrétti.

1. Jarðir, sem ekki seljast með eðlilegum hætti, en eigandi þeirra verður að hætta búskap vegna aldurs eða vanheilsu.
2. Jarðir, sem hafa óhagstæð búskaparskilyrði.
3. Jarðir, sem ekki njóta framlaga og lána, sem veitt eru til umbóta á lögbýlum, sbr. jarðræktarlög nr. 79/1972.
4. Jarðir, sem eru afskekktar og liggja illa við samgöngum.
5. Jarðir, sem eigendur hafa ekki tök á að sitja lengur vegna áhvílandi skulda, enda sé tryggt, að jörðin byggist á erfðaábúð.
6. Jarðir, sem hreppsnefndir hafa hafnað forkaupsrétti á, en byggðaráð viðkomandi sýslu mælir með, að Jarðeignasjóður kaupi.
7. Jarðir, sem hlunnindi eða önnur sérstök verðmæti fylgja eða eru þýðingarmiklar fyrir sveitarfélög til að koma betra skipulagi á byggð.

34. gr.

Landbúnaðarráðuneytinu er heimilt, að fengnum tillögum byggðaráðs og Búnaðarfélags Íslands, að veita framlög úr Jarðeignasjóði til að tryggja ábúð jarða, sem hætt er við að fari í eyði, en mikilvægt er að halda í byggð.

35. gr.

Nú hefur jörð, sem 2.—4. töluliður 33. gr. tekur til undanfarin 5 ár verið í leiguábúð bónda, sem vill halda áfram búrekstri, og er þá Jarðeignasjóði heimilt að veita bónda þessum lán til að kaupa aðra jörð með góð framtíðarbúskaparskilyrði. Jarðeignasjóði er heimilt að veita sveitarfélögum lán til jarðakaupa, þá er þau neyta forkaupsréttar, skv. III. kafla laga þessara.

36. gr.

Við ákvörðun kaupverðs, samkv. 33. gr., skal af hálfu kaupanda höfð hliðsjón af gangverði hliðstæðra jarða, sé þess kostur, og fjármunum þeim, sem eigandi hefur lagt í jörðina. Náist ekki samkomulag um kaupverð, er hvorum aðila um sig heimilt að óska mats á jörðinni, samkvæmt ákvæðum 39. greinar.

Jarðeignasjóði skal ætlað það fjármagn á fjárlögum, að hann geti sinnt hlutverki sínu skv. lögum þessum, að lágmarki kr. 12 000 000.00 ár hvert, auk þess skal greiða andvirði seldra ríkisjarða í jarðeignasjóð.

37. gr.

Jarðir, sem ríkið eignast, samkvæmt 33. gr. laga þessara, má selja sveitarfélögum eða upprekstrarfélögum, sem jörðin heyrir til, enn fremur einstaklingum til varanlegrar ábúðar, ef það, að dómi byggðaráðs, verður til að styðja aðra byggð í viðkomandi sveitarfélagi. Setja skal í sölusamninga ákvæði um meðferð jarðarinnar.

Heimilt er og, að fengnum meðmælum byggðaráðs, að selja jarðir þessar öðrum jarðeigendum í sama sveitarfélagi, til að bæta búrekstraraðstöðu þeirra.

Ábúendur jarða, sem selt hafa jarðir sínar skv. 5. tölulið 33. gr., eiga rétt á að kaupa þær aftur, ef þeir óska þess.

Náist ekki samkomulag um verð milli Jarðeignasjóðs og kaupanda, er hvorum aðila um sig heimilt að óska mats nefndar þeirrar, er starfar samkvæmt 39. gr.

38. gr.

Byggðaráði og Búnaðarfélagi Íslands er skylt, áður en kaup fara fram, að rannsaka búrekstrarskilyrði þeirra jarða, sem ríkinu eru boðnar til kaups, skv. 1-7 tölulið 33. greinar, og gera álitsgjörð um það, hvort réttmætt sé og æskilegt, samkvæmt ákvæðum þessara laga, að ríkið kaupi.

39. gr.

Landbúnaðarráðherra skipar þrjá menn í nefnd til fjögurra ára í senn til að meta kaupverð jarða, sem Jarðeignasjóður áformar að kaupa og mats er óskað á. Einn nefndarmanna skal skipaður án tilnefningar, annar samkvæmt tilnefningu Stéttarsambands bænda, en þriðji nefndarmaðurinn skal skipaður samkvæmt tilnefningu Hæstaréttar, og er hann formaður nefndarinnar.

Varamenn skulu skipaðir með sama hætti. Fjárlaga- og hagsýslustofnun ákveður þóknun nefndarmanna, er greiðist úr Jarðeignasjóði með öðrum kostnaði.

40. gr.

Jarðeignasjóður ríkisins er undanþeginn öllum opinberum gjöldum og sköttum, af ónytjuðum jörðum sjóðsins, öðrum en fasteignaskatti. Allar skuldbindingar, sem gefnar eru út af sjóðnum, og í hans nafni, skulu undanþegnar stimpilgjaldi og þinglýsingargjöldum.

Nú er fasteign seld á nauðungaruppboði eða við gjaldþrotaskipti, og ber þá uppboðshaldara að rannsaka, hvort eignin sé veðsett Jarðeignasjóði og geta þess í uppboðsgerðinni. Ef svo reynist, skal landbúnaðarráðuneytinu gert aðvart svo tímanlega, að unnt sé að mæta eða láta mæta við uppboðið.

VI. KAFLI
Um óðalsjarðir.

41. gr.

Sérhverjum jarðeiganda er heimilt að gera jörð sína að ættaróðali, ef þessi skilyrði eru fyrir hendi:

a. Að jörðin sé svo stór eða svo gæðarík, að afraksturinn af búi, er jörðin getur borið, með hlunnindum, er henni fylgja, geti framfært að minnsta kosti meðalfjölskyldu, að dómi Búnaðarfélags Íslands og viðkomandi byggðaráðs.
b. Að fyrir liggi samþykki barna jarðeiganda, 16 ára og eldri, um að jörðin sé gerð að ættaróðali.
c. Að á jörðinni hvíli ekki aðrar veðskuldir en þær, sem kunna að hafa verið teknar í Stofnlánadeild Búnaðarbanka Íslands og Orkusjóði, vegna þeirra framkvæmda á jörðinni, sem þessar stofnanir lána til, eða lánastofnanir, sem koma kunna í þeirra stað.

42. gr.

Þegar jörð er gerð að ættaróðali, skal skylt að láta fylgja henni hlunnindi og annað það, er jörðinni hefur fylgt og jarðeigandi á, enn fremur afurðir, sem framleiddar eru á jörðinni og eru nauðsynlegar við búreksturinn, svo sem áburð, hey o. fl. Jarðeigandi skal auk þess láta fylgja jörðinni skjöl, er varða jörðina frá fyrri tíð og eru í hans vörzlu, einnig myndir og muni, er hafa minningargildi fyrir þá bændur eða bændaætt, er situr eða setið hefur jörðina.

43. gr.

Nú óskar jarðeigandi að gera jörð sína að ættaróðali, og skal hann þá afhenda sýslumanni yfirlýsingu þar að lútandi ásamt lýsingu af jörð og jarðarhúsum og skilríki fyrir því, að fullnægt sé ákvæðum 42. gr.

Þegar sýslumaður hefur sannfært sig um, að fullnægt sé ákvæðum laganna um stofnun ættaróðals, skal hann færa jörðina á skrá um ættaróðul í sérstaka bók, er fylgi embættinu. Enn fremur skal hann senda Búnaðarfélagi Íslands um hver áramót skýrslu um þær jarðir, sem gerðar hafa verið að ættaróðali á árinu í umdæmi hans, ásamt staðfestu samriti af gerningi þar að lútandi.

Búnaðarfélag Íslands skal láta gera fyrirmynd, í samráði við landbúnaðarráðuneytið, að gerningi, þar sem fram sé tekið, auk þess sem áður er tilgreint, þáverandi fasteignamat jarðarinnar, jarðarverð sér og húsaverð sér, svo og tölur, er sýni stærð ræktaðs lands og ræktanlegs, meðaltal af afrakstri jarðarinnar síðustu 3 árin, hlunninndi og aðra aðstöðu til búrekstrar.

Verði misbrestur á, að stjórn Búnaðarfélags Íslands berist þau gögn, er að framan greinir, skal stjórn félagsins krefjast, að úr því verði bætt.

44. gr.

Allar tryggingar, sem stofnað hefur verið til vegna ættaróðalsins eða þess, sem því fylgir, tilheyra óðalinu ásamt skaðabótum, sem greiddar eru samkvæmt þeim.

45. gr.

Nú hefur bóndi gert jörð sína að ættaróðali, og eiga þá skylduerfingjar hans kröfu til þess, að viðtakandi (óðalserfingi) greiði fráfarandi eða búi hans fjárhæð sem svarar hálfu fasteignamati jarðarinnar.

Frá þessari greiðslu ber að draga áhvílandi veðskuldir, er viðtakandi tekur að sér.

46. gr.

Eignir óðalsbónda og konu hans, aðrar en ættaróðalið og fylgifé þess, erfast samkvæmt ákvæðum erfðalaga.

47. gr.

Skylt er þeim, sem óðal hlýtur, að lofa fyrrverandi óðalsbónda og konu hans, ef með þarf, að dveljast á óðalsjörðinni meðan þau kjósa, enda sé honum það ekki um megn.

Rísi ágreiningur um þetta atriði, sker sýslumaður úr.

48. gr.

Erfðafjárskattur greiðist ekki af ættaróðali eða fylgifé þess við afhendingu óðalsins til erfingja eða viðtakanda.

49. gr.

Jarðeigandi og aðrir geta ánafnað ættaróðali fylgifé, svo sem kvikfénað, verkfæri, húsmuni eða annað, og er það þá fylgifé óðalsins, sem skylt er að halda við og endurnýja. Jarðræktarstyrkur, byggingarstyrkur og aðrir opinberir styrkir, sem veittir eru til umbóta á óðalsjörðum, verða eign óðalsins.

50. gr.

Heimilt er eiganda ættaróðalsins, að fengnu samþykki landbúnaðarráðherra, að skipta því milli erfingja í tvö eða fleiri býli, enda fullnægi hin nýju býli ákvæðum 41. greinar.

Þegar skipti eru ákveðin, skal gera landamerki milli hinna nýju ættaróðala, svo sem þörf krefur. Skjöl og minjagripir, sem til eru, tilheyra gamla óðalinu.

51. gr.

Heimilt er óðalsbónda að taka lán með veði í óðalinu til húsabóta eða annarra varanlegra umbóta á jörðinni í Stofnlánadeild Búnaðarbanka Íslands, í Orkusjóði og Lífeyrissjóði bænda, samkvæmt þeim reglum, er um slík lán gilda á hverjum tíma.

52. gr.

Þegar eigendaskipti verða á óðalsjörð, skal kveðja til úttektarmenn hreppsins.

Úttektarmenn skulu færa í úttektarbók lýsingu á jörðinni, mannvirkjum hennar og fylgifé, svo að auðvelt sé að gera sér grein fyrir ástandi jarðarinnar og öðru, er henni fylgir.

Verði ágreiningur um afhendingu ættaróðals, sem úttektarmenn geta ekki jafnað, getur hvor aðili um sig krafizt yfirúttektar og fer um það samkvæmt 43. gr. ábúðarlaga.

53. gr.

Nú krefst skuldheimtumaður, að gerð sé aðför í ættaróðali vegna áhvílandi veðskulda eða opinberra gjalda af eigninni, og skal sýslumaður þá tilkynna óðalseiganda um kröfuna með símskeyti eða á annan jafntryggan hátt. Geti óðalseigandi ekki innan mánaðar fullnægt skuldheimtumanni, svo að hann taki kröfuna aftur, skal sýslumaður þá þegar kveðja til fundar þá, er vegna frændsemi koma til greina sem erfingjar óðalsins eða forráðamenn þeirra ásamt óðalseiganda með auglýsingu í Lögbirtingablaðinu. Skuldheimtumanni eða umboðsmanni hans ber að koma á slíkan fund. Á fundinum skal sýslumaður hlutast til um, að ákveðið sé, hver taki við óðalinu og taki að sér aðkallandi greiðslur.

Nú vill enginn af hlutaðeigendum taka við jörðinni, og skal þá sýslumaður selja hana með tilheyrandi fylgifé, enda hafi hlutaðeigandi hreppur hafnað kaupum á jörðinni.

54. gr.

Eigi má gera aðför í ættaróðali eða selja það til lúkningar skuldum öðrum en áhvílandi veðskuldum eða opinberum sköttum, er hvíla á eigninni sjálfri. Sama gildir um fylgifé óðalsins.

55. gr.

Þegar óðalsbóndi bregður búi eða deyr og hefur ekki ráðstafað óðalsréttindum, skal sýslumaður, samanber þó 59. gr., kveðja til fundar þá, er næstir standa til að erfa óðalið, og skal þar tekin ákvörðun um, hver tekur við því, eða ákveða annan fund síðar, ef það telst nauðsynlegt.

Nú treystist enginn, sem rétt hefur til óðalsins, að taka við því, og skal þá sýslumaður ráðstafa jörðinni ásamt fylgifé hennar sem ættaróðali í samráði við fráfarandi óðalseiganda eða maka hans, ef á lífi eru, annars sýslunefnd. Söluverð jarðarinnar má ekki fara yfir fasteignamatsverð hennar, en skal þó ekki vera lægri en áhvílandi veðskuldir og greiðist með jöfnum afborgunum á 10 árum.

56. gr.

Nú tekur maður af annarri ætt við ættaróðalinu, og falla þá minjagripir ættarinnar til erfingja fráfarandi óðalsbónda ásamt andvirði jarðarinnar að frádregnum veðskuldum og kostnaði.

57. gr.

Ættaróðal og fylgifé þess gengur óskipt til eftirgreindra aðila og í þessari röð, ef óðalseigandi hefur ekki gert aðrar ráðstafanir:

a) Það hjóna, er lengur lifir, heldur réttindum, meðan það lifir.
b) Til barna þess hjónanna, sem óðalsréttinn stofnaði eða erfði. Á sama hátt fá kjörbörn óðalsrétt.
c) Til barnabarna óðalsbónda, systkina hans og barna þeirra.

58. gr.

Foreldrar koma sér saman um, hvert af börnum eða fjarskyldari erfingjum, að börnum frágengnum, skuli erfa óðalið. Þessi ráðstöfun skal tilkynnt sýslumanni ekki síðar en þegar óðalsbóndi er fullra 60 ára, og skal sýslumaður hlutast til um, að þessi ákvörðun sé gerð í viðurvist hans.

Verði hjón eigi ásátt um, hvert af börnunum skuli hljóta réttinn, skal það hjónanna, er erfði óðalið, ráða viðtakanda.

Sé engin ákvörðun tekin, skal skiptafundur ákveða viðtakanda eða viðtakendur, ef heimilt er að skipta jörðinni, sbr. 50. gr., og sitji það barn eða þau börn fyrir, sem hafa að staðaldri unnið með foreldrum sínum á jörðinni og eru líklegust til að stunda þar áframhaldandi búskap. Náist eigi samkomulag, sker skiptaráðandi úr.

59. gr.

Þegar svo stendur á, að óðalserfingi hefur ekki náð lögaldri, er skipti fara fram, skal fjárráðamaður hans byggja jörðina öðrum um stundarsakir, óski erfingi eða fjárráðamaður fyrir hans hönd ekki að taka jörðina til ábúðar. Á umráðamanni (eftirlifandi maka, óðalserfingja eða lögráðamanni) hvíla sömu skyldur gagnvart óðalinu og á óðalsbónda, meðan hann fer með það. En hafi óðalseigandi ekki tekið jörðina til ábúðar, þegar hann er 26 ára gamall, skal sýslumaður ráðstafa henni til næstu erfingja, sbr. 55. gr.

Óski ekkert barnanna að nota óðalsréttinn og nytja jörðina áfram, þá er foreldrum heimilt að ánafna hana fósturbarni. Nú er óðalsbóndi eða kona hans síðasti maður, er erfðarétt hefur til óðalsins, eða enginn af þeim, sem rétt hefur til óðalsins, treystist til að taka við því, er þau bregða búi eða að þeim látnum, og er þá óðalsbónda og maka hans heimilt að gefa óðalið, enda verði það ættaróðal þiggjanda.

60. gr.

Nú deyr það hjónanna, er óðalsréttinn erfði, barnlaust, enda hafa hjónin ekki tekið kjörbarn, og hafa þá næstu erfingjar rétt til að taka við óðali, þó ekki fyrr en að 1 ári liðnu frá andláti óðalseiganda.

Slíti óðalseigandi og kona hans samvistum, heldur það hjónanna óðalinu, sem erfði það.

61. gr.

Enginn óðalseigandi getur átt nema eitt ættaróðal. Nú erfir maður fleiri en eitt ættaróðal, og er honum þá heimilt að velja milli þeirra, en sá, er næstur stendur til arfs, tekur við hinu.

Við ákvörðun á búshluta maka og erfðahlutum erfingja, skal telja óðal á því verði, sem viðtakanda þess ber að gjalda fyrir það samkvæmt 44. gr.

Ákvæði erfðalaga um skylduarf eru því ekki til fyrirstöðu, að óðalsbóndi ráðstafi óðali til eins erfingja samkvæmt því, sem nánar greinir í þessum kafla, en andvirði óðalsins samkvæmt 44. gr. rennur í búið.

62. gr.

Óðalsbóndi fyrirgerir óðalsrétti sínum, ef hann:

a) Greiðir ekki samningsbundna vexti og afborganir af þeim skuldum, sem á ættaróðalinu hvíla, svo að það leiði til kröfu um sölu, sem hann getur ekki afstýrt.
b) Telji sér heimili annars staðar en á ættaróðalinu eða hætti að reka þar búskap, sbr. þó 59. gr.
c) Ef hann að áliti sýslunefndar, enda skal leitað álits viðkomandi hreppsnefndar, situr óðalið svo illa, að það mundi varða útbyggingu eftir ábúðarlögum.

63. gr.

Þegar óðalsbóndi verður að bregða búi vegna elli, vanheilsu eða af öðrum þeim ástæðum, sem valda því, að honum er ókleift að halda áfram búskap, er landbúnaðarráðherra heimilt að leysa óðalið frá óðalsákvæðum, ef engir þeirra ættingja, sem rétt hafa til óðalsins, vilja taka við því til ábúðar, enda mæli sýslunefnd og Búnaðarfélag Íslands með þeirri ráðstöfun. Samþykki landbúnaðarráðherra lausn óðals frá óðalsákvæðum, er óðalsréttarhafa heimilt að selja það við því verði og þeim kaupanda, er hann kýs, enda hafi þeir, sem forkaupsrétt eiga að lögum, hafnað honum.

64. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum allt að kr. 100 000.00. Mál út af brotum gegn lögum þessum skulu sæta meðferð opinberra mála.

65. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Jafnframt falla úr gildi lög nr. 40/1948, nr. 54/1967, og I.—VII. kafli laga nr. 102/1962.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Búnaðarþing 1971 samþykkti ályktun um að fela Búnaðarfélagi Íslands að hlutast til um við landbúnaðarráðherra að skipa nefnd, til þess að endurskoða eftirtalin lög:

1. Lög um kauprétt á jörðum nr. 40 frá 5. apríl 1948.
2. Ábúðarlög nr. 36 29. marz 1961.
3. Lög um ættaróðul, ættarjarðir, erfðaábúð og sölu þjóð- og kirkjujarða nr. 102 21. desember 1962.
4. Lög um Jarðeignasjóð ríkisins nr. 54 27. apríl 1967.

Hlutverk þeirrar nefndar, sem skipuð yrði, skyldi vera að gera frumvarp til nýrra laga um framangreind efni eða breytingartillögur á gildandi lögum, þar sem þess yrði meðal annars gætt, að aðstaða sveitarfélaga og einstaklinga búsettra innan

þeirra við að ná og halda eignar- og umráðarétti á landi innan viðkomandi sveitarfélaga, yrði tryggð sem bezt, einnig að ábúðar- og erfðaábúðarlög verði gerð einföld og réttlát í framkvæmd.

Hinn 18. ágúst 1971 skipaði landbúnaðarráðherra nefnd til þess að starfa að þessu verkefni. Nefndina skipuðu Ásgeir Bjarnason, alþingismaður, formaður, Sveinbjörn Dagfinnsson, skrifstofustjóri, og Árni Jónasson, fulltrúi.

Nefndin hefur haldið marga fundi og átt viðræður við ýmsa varðandi viðfangsefni sitt. Meðal annarra búnaðarmálastjóra, formann Stéttarsambands bænda, framkvæmdastjóra Sambands sveitarfélaga, skipulagsstjóra, skógræktarstjóra, auk viðræðna við ýmsa bændur og sveitarstjórnarmenn.

Nefndin hefur aflað sér upplýsinga um meðferð jarða og fasteigna utan þéttbýlissvæða í Noregi, Svíþjóð og Danmörku.

Þá hefur nefndin farið yfir núgildandi ábúðarlög, lög um ættaróðul, ættarjarðir, óðalsrétt og erfðaábúð. Nefndin kynnti sér hver væri fjöldi skráðra ættaróðala og ættarjarða við öll sýslumannsembættin. Niðurstaða þeirra athugana er sú, að mjög fáir bændur hafa gert jarðir sínar að ættaróðulum, aðrir en þeir, sem keypt hafa jarðir af ríkinu, en þá er það skylda.

Allmörg dæmi eru þess, að bændur, sem eiga óðalsjarðir, hafa fengið jarðir sínar leystar undan ákvæðum óðalslaga samkvæmt heimild í lögum nr. 18 frá 1968. Ættarjarðir eru sárafáar skráðar, þó að vitað sé að mikill fjöldi jarða hefur verið lengur í eigu eða ábúð sömu ættar en 75 ár, og við athugun nefndarinnar upplýstist, að andstaða er meðal eigenda fjölda jarða, að þær verði gerðar að ættarjörðum.

Að fengnum upplýsingum og eftir athugun á gildandi lagaákvæðum um framanskráð efni var ákveðið að leitast við að stytta ábúðarlögin frá 1961, auk efnisbreytinga, sem á þeim yrðu gerðar. Ákvæði um ættaróðul, óðalsrétt og erfðaábúð halda sér lítið breytt, en kaflinn um ættarjarðir er felldur úr gildi.

Ákveðið var að taka efni það, sem fjallað hefur verið um saman í tvo lagabálka, sem bera heitin Jarðalög og Ábúðarlög. Í Jarðalögunum eru nýmæli í íslenzkum lögum um meðferð á landi og eignarhald á jörðum, landi og landspildum.

Í nóvembermánuði s. l. var nefndinni að auki falið af nefnd, sem endurskoðar lög um landnám ríkisins, Stofnlánadeild landbúnaðarins o. fl., að fella inn í Jarðalagafrumvarpið ákvæði úr IV.—VIII. kafla laga nr. 45/1971, sem þörf var talin á að héldu áfram gildi, þó lögin yrðu felld úr gildi í núverandi formi.

Í Jarðalög eru tekin ákvæði um byggðaráð, hvernig skuli fara með hvers konar aðilaskipti að umráðum yfir fasteignum og fasteignaréttindum, auk þess ákvæði um forkaupsrétt að jörðum, jarðir í opinberri eign, Jarðeignasjóð og óðalsjarðir.

Í ábúðarlögin er bætt inn kafla um erfðaábúð og er þannig lögum nr. 102/1962 um ættaróðul, ættarjarðir, erfðaábúð og sölu jarða í ríkiseign skipt upp milli þessara tveggja lagabálka.

Stutt yfirlit yfir afskipti ríkisvalds og sveitarstjórna af eignahreyfingum á jörðum, lóðum og lendum, utan skipulagðra svæða í Noregi, Svíþjóð og Danmörku.

NOREGUR

Samkvæmt lögum, sem sett voru á tímabilinu frá árinu 1909 til 1920 þarf leyfi landbúnaðarráðuneytisins til þess að eigendaskipti geti orðið að landeignum utan skipulagðra svæða og gildir þar jafnt, hvort um er að ræða skóglendi, mýrlendi, fjalllendi eða ræktað land. Ákvæðum þessara laga hefur verið beitt allt fram til þessa dags og þannig, að hvenær sem eigendaskipti eru áformuð að landi eða bújörð verður að leggja inn beiðni um heimild til eigendaskiptanna, áður en þau eru endanlega framkvæmd. Í norskum lögum frá 18. marz 1955, jarðalögum, er ákvæði um forkaupsrétt ríkisins að bújörðum, skóglendum og fjalllendum, sem áformað er að selja eða að láta af hendi á annan hátt. Tilgangur þessara lagaákvæða er sá að

reyna að tryggja það, að land verði nýtt á sem hagkvæmastan hátt fyrir þjóðfélagið og þá, sem hafa afkomu sína af landbúnaði. Enn fremur er það tilgangurinn að gæta þess svo sem tök eru á að hafa hamlandi áhrif á miklar verðhækkanir lands. Mörg dæmi eru þess, að norska landbúnaðarráðuneytið hafi neitað að heimila eigendaskipti að jörð, þar sem að mati ráðuneytisins hefur verið um of hátt kaupverð að ræða. Slíkar neitanir byggjast gagngert á því að gera það, sem tök eru á, til þess að halda verðlagi lands niðri. Slík afstaða er m. a. rökstudd með því, að norska ríkið hafi aukið verðmæti lands með framlögum og eigin framkvæmdum.

Beiðni um eigendaskipti að landi, þar sem ástæða er til að ætla að áformað sé að skipta landi niður í hagnaðarskyni, t. d. í sumarbústaðalóðir, er að jafnaði neitað. Norska ríkið er ekki skylt að kaupa land, sem það leyfir ekki sölu á. Ákvæði er í lögum um það, að engri þeirri jörð, sem hægt er að nota til landbúnaðar megi skipta niður, nema að áður fengnu sérstöku samþykki landbúnaðarstjórnar viðkomandi héraðs.

Algengt er, að norska ríkið noti forkaupsréttarheimild sína og kaupi þær jarðir og landspildur, sem til sölu eru eða eigendaskipti eru áformuð á af öðrum ástæðum. Slíkt er nær undantekningarlaust gert í hagræðingarskyni, til þess að fella saman jarðir í stærri einingar eða á annan hátt að auka hagkvæmni við landbúnað, og eru þessar eignir því að öllum jafnaði seldar aftur innan tiltölulega skamms tíma frá því að ríkið eignaðist þær.

Til þess að annast kaup og sölu fasteigna og lands í þessu skyni starfar sérstakur sjóður, er Norðmenn kalla Jordfond og fær hann fjárveitingu eftir því, sem þörf krefur á fjárlögum hvers árs.

Fyrir Stórþinginu liggur nú frumvarp að lögum um leyfi, til þess að eignast fasteign (konsesjonsloven). Tilgangurinn með þessu lagafrumvarpi er, að lögin komi í stað þeirra laga, sem áður hafa gilt um eigendaskipti að fasteignum á dreifbýlissvæðum og taka nánari afstöðu til þarfa landbúnaðarins, þéttbýlissvæða, almennrar náttúruverndar og útilífsáhugamála. Í því eru ákvæði um, að ekki geti orðið eigendaskipti að fasteignum utan skipulagðra svæða, nema með leyfi ráðuneytisins, og jafnframt er í frumvarpinu ákvæði um forkaupsrétt ríkis og sveitarfélaga að þeim fasteignum, sem til sölu eru eða eigendaskipti eru áformuð á. Í frumvarpinu er tekið fram, að leyfi til eigendaskipta skuli ekki veitt, þar sem ástæða þykir til að ætla, að kaupandinn ætli sér fyrst og fremst að afla eignarinnar til þess að ávaxta á þann hátt fé og heldur ekki ef ástæða er til þess að ætla að sá, sem eignina ætlar að kaupa eða yfirtaka, ætli sér með því að hafa fjárhagslegan ávinning af að selja eignina aftur eða hluta af henni innan skamms tíma.

SVÍÞJÓÐ

Í Svíþjóð hafa verið í gildi lög allt frá árinu 1916, sem hafa í för með sér vissar takmarkanir á rétti manna til þess að hafa frjáls eigendaskipti að bújörðum. Nú gilda um þetta efni lög nr. 290 frá 1965. Í 1. gr. þeirra laga segir, að ekki megi verða eigendaskipti að fasteign, sem sé skattlögð sem jörð, nema með leyfi viðkomandi landbúnaðarráðs, ef um er að ræða kaup, skipti eða gjöf, viðbót við fyrri eign eða skipti út úr eign. Landbúnaðarráð eru lögboðin í öllum lénum Svíþjóðar.

Undantekningar eru frá þessu ákvæði laganna, m. a. ef eignin er keypt af ríki eða sveitarfélagi, ef eignin er keypt á nauðungaruppboði, eða þéttbýli er skipulagt á henni. Í lögunum segir, að umsókn um leyfi til eigendaskipta sé heimilt að neita, þegar ástæða er til að ætla, að aðaltilgangurinn með kaupunum sé ekki sá að reka landbúnað á eigninni. Enn fremur segir í lögunum, að þegar ríkið neitar um leyfi til eigendaskipta að fasteign, þá sé það skylt, ef seljandinn hefur rekið þar landbúnað, að kaupa eignina á því verði, sem seljandinn átti kost á að fá fyrir eignina, en skyldan nær ekki til þess að kaupa, ef verðið telst óeðlilega hátt.

Framkvæmd þessara laga er þannig, að þegar kaup á fasteignum eru áformuð, þá eru umsóknir lagðar til landbúnaðarráðs viðkomandi léna, sem eru undir stjórn landbúnaðarráðuneytisins en fjallað er um leyfin í landbúnaðarráðuneytinu. Þegar neitað er um leyfi til sölu á jörð af hagkvæmnisástæðum, er venja að ríkið kaupi slíkar eignir. Þegar kaup virðast áformuð í því skyni að hafa af því sérstakan fjárhagslegan ávinning, þá er það meginregla, samkvæmt upplýsingum þeirra, sem hafa með framkvæmd laganna að gera, að neita um leyfi til sölu.

Takmark laga þessara er að auka hagkvæmni í landbúnaði og í nýtingu lands. Aðalreglan er sú, að leyfi eru veitt til sölu jarða, og meira frjálsræði ríkir nú á þessu sviði, heldur en var. Samkvæmt ársskýrslu sænska landbúnaðarráðuneytisins fyrir árið 1970 yfir störf landbúnaðarráða landsins, hefur á því ári verið neitað um leyfi til þess að selja jarðir eða fasteignir utan þéttbýlissvæða í 543 tilvikum. Þess hefur verið gætt, áður en leyfi er veitt til sölu eða eigendaskipta að fasteign, að hafa samband við viðkomandi sveitarfélag og athuga, hvort það samþykkir þá ráðstöfun og sveitarfélög eiga síðan 1968 forkaupsrétt að slíkum eignum, sem til sölu eru. Yfirvöld hafa heimild til að hafa áhrif á söluverð lands samkvæmt 4. gr. laga frá 1965, og í greinargerð með þeim lögum er tekið fram, að sérstök ástæða sé til að neita um kaup á landi til annarra en þeirra, sem vinna við landbúnað sem aðalstarf, einkum þegar ljóst er, að um sé að ræða „spekulations eða kapitalplacerings" kaup, sem þar að auki, vegna hinna verðhækkandi áhrifa, sem slík kaup hafa á land, samrýmast ekki frumhagsmunum þjóðarheildar. Eins og áður kemur fram, er reynt eftir beztu getu að hafa áhrif á aukna hagkvæmni í nýtingu lands og að fella saman lendur og skákir í hagræðingarskyni, og flest öll kaup ríkisins á landi byggjast á þeim rökum. Samkvæmt ársskýrslu landbúnaðarráðuneytisins var eign sænska ríkisins í landbúnaðarfasteignum í ársbyrjun 1970 19144 ha. akurlendis, 132 þús. ha. af skógi, og heildarverðmæti þessa lands er metið á 106 458 þús. s.kr. Á árinu 1970 keypti ríkið í 1541 tilfelli samtals 10 114 ha. akurlendis og 44 785 ha. af skógi, en matsverð þessara eigna 62 761 þús., en kaupverð 115 696 000.00. Á sama ári áttu sér stað 2 298 sölur á ríkiseignum, og voru seldir 9 168 ha. af akurlendi og 49 917 ha. af skógi. Matsverð þessara eigna var 58 462 000.00 s.kr. en söluverðið var 106 495 000.00 s.kr. Í árslok 1970 var heildareign ríkisins í landbúnaðarfasteignum þessi: Akurlendi 19 495 ha., skóglendi 127 383 ha., og er heildarmatsverð þessara eigna 115 833 000.00 s.kr.

Tími sá, sem líður frá því að ríkið eignast land og þar til það hefur verið selt aftur, er að jafnaði 2 ár, akurlendi, en 3 ár, skóglendi.

All mörg dæmi eru þess, að ríkið kaupi eignir af bændum, sem þurfa að yfirgefa eignir sínar og fara í önnur störf. Sænska ríkið kaupir einnig af hliðstæðum ástæðum og Jarðeignasjóður gerir hér. Árið 1970 keypti sænska ríkið 22 fasteignir á þann hátt.

DANMÖRK

Í Danmörku eru í gildi lög nr. 256 frá 1971 um bújarðir. Samkvæmt 1. gr. laganna hvílir búrekstrarskylda á jörðum, og getur aðeins ráðuneytið upphafið þá skyldu og þá undir sérstökum kringumstæðum. Samkvæmt lögunum þarf leyfi landbúnaðarráðuneytisins til þess, að sami maður geti átt fleiri en tvær jarðir, og til þess að félagssamtök geti eignazt bújarðir, þarf leyfi landbúnaðarráðuneytisins. Lög varðandi sölu eða eigendaskipti á fasteignum eða landi í Danmörku hafa verið í endurskoðun vegna aðildar landsins að Efnahagsbandalaginu.

Athugasemdir við einstakar greinar.

Um 1. gr.

Á undanförnum árum hefur eftirspurn eftir landi til annarra nota en landbúnaðar farið stórvaxandi. Einkum hafa jarðir verið keyptar háu verði, þar sem

góð aðstaða er til að setja niður sumarbústaði, eða eftirsóknarverð hlunnindi fylgja jörðum, svo sem veiði.

Verð slíkra jarðar er þegar orðið svo hátt, að sjaldnast er viðráðanlegt fyrir bændur að kaupa þær, og reynist oft fullerfitt fyrir sveitarfélög, þrátt fyrir að þau eiga lögboðinn forkaupsrétt.

Afleiðingin er því sú, að margar vildisbújarðir hafa verið skákaðar niður, en það hefur torveldað eðlilegan búrekstur, og á mörgum hefur föst búseta lagzt niður, vegna jarðarkaupa félagssamtaka eða manna, sem ekki hyggja á búskap.

Rétt verður að teljast að gefa þéttbýlisbúum og öðrum, sem eftir sækjast, kost á landspildum til ræktunar og útivistar og til að reisa sumardvalarhús.

Reynslan sýnir hins vegar nú þegar, að brýn þörf er á að fylgjast með slíkum ráðstöfunum lands og hafa áhrif á hvar og hvernig landi er ráðstafað á þann hátt. Að öðrum kosti vofir yfir stórfelld röskun á búsetuaðstöðu fólks á dreifbýlissvæðum umfram það, sem þegar er orðið.

Lögum þessum er m. a. ætlað að veita byggðarlögunum meira áhrifavald í þessu efni, styrkja aðstöðu bænda, bændaefna og sveitarfélaga til jarðakaupa, og skapa aðstöðu til að fylgjast með öllum ráðstöfunum fasteigna og fasteignaréttinda, utan skipulagðra þéttbýlissvæða.

Um 2. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 3. gr.

Með grein þessari á að tryggja, að haldin verði fullkomin jarðaskrá af einum aðila, og að unnið verði að því að setja inn á uppdrætti landamerki jarða.

Um 4. gr.

Lögunum er ætlað að ná til alls lands og landréttinda utan skipulagðra þéttbýlissvæða, en með því er átt við svæði, sem hafa t. d. sameiginlega gatnagerð, holræsagerð o. s. frv., sem unnin er af viðkomandi sveitarstjórn.

Um 5. gr.

Byggðaráðum er ætlað að starfa í hverri sýslu. Jafnframt leggjast niður landnámsnefndir skv. l. nr. 45/1971. Verksvið byggðaráðs er mun víðtækara en verksvið landbúnaðarnefndanna. Búseta byggðaráðsmanna innan starfssvæðis þeirra ætti að tryggja þekkingu á staðháttum og hagsmunum byggðarlagsins.

Um 6. gr.

Byggðaráði er ætlað að fylgjast með og halda skráðum öllum ráðstöfunum fasteigna og fasteignaréttinda, hafa áhrif á, hvaða landsvæði verða tekin til útivistar og ræktunar og fylgjast með búsetu á jörðum.

Um 7. gr.

Með þeim undantekningum, sem upp eru taldar í 1.—5. tölulið er skylt að afla samþykkis byggðaráðs til hvers konar ráðstöfunar fasteigna, og til þess að halda skráningu réttri, er tilkynningaskyldan undantekningarlaus.

Um 8. gr.

Tilgangur greinarinnar er að hafa hamlandi áhrif á óeðlilega verðhækkun lands og kaupskap með land.

Um 9. gr.

Rétt þykir að gefa byggðaráði nokkurn tíma til að afgreiða erindi, sem berast, m. a. má reikna með að fara þurfi á þann stað, sem erindið varðar.

Um 10. gr.

Greinin skýrir sig sjálf.

Um 11. gr.

Til þess að fyrirbyggja eftir föngum ólögmætar ráðstafanir skv. lögunum er óheimilt að þinglýsa skjölum, nema þau beri með sér, að byggðaráð hafi fjallað um þau.

Um 12. gr.

Rétt þykir að skapa aukið aðhald um meðferð ræktaðs lands, sem oftast hefur verið greitt ríkisframlag til.

3. mgr. heimilar eignarnám á landi, sem ekki er nytjað eða hirt á eðlilegan hátt þrátt fyrir aðvaranir og getur með eigendaskiptum orðið til þess að bæta búrekstraraðstöðu manna með fasta búsetu í byggðarlaginu. Þessi málsgrein gerir óþarfa 5. mgr. 3. gr. l. nr. 36/1961, sem skyldar jarðareiganda að gefa hlutaðeigandi hreppi eða Landnámi ríkisins kost á að kaupa jörð hans, hafi hún verið í eyði í þrjú ár og af þeim sökum rýrnað að búskapargildi.

Um 13. gr.

Byggðaráðum er ætlað að hafa áhrif á skipulag og nýtingu dreifbýlis gagnvart skipulagsyfirvöldum og vinna að þeim málum í samvinnu við þær stofnanir, sem bezt þekkja til hagsmuna dreifbýlisins. Þetta verkefni hefur verið eitt af verkefnum landnámsstjóra. Að öðru leyti fjallar greinin að mestu um sama efni og 2. mgr. 29. gr. l. nr. 45/1971.

2. mgr. 13. gr. er nýmæli.

Um 14. gr.

Rétt þykir að hafa meiri gát á um skiptingu lands, sameiningu jarða eða stofnun nýbýla, heldur en verið hefur. Þess vegna þurfa slík mál nú að fara fyrir fleiri aðila en áður, til þess að fá afgreiðslu.

Ákvæði um lágmarkslandstærð til stofnunar nýbýlis eru þau sömu og eru í 39. gr. l. nr. 45/1971.

Um 15. gr.

Mörg dæmi eru þess, að landi hefur verið skipt út úr jörðum, án þess að það hafi síðan verið nýtt á eðlilegan hátt til búrekstrar, en oft orðið til þess að rýra búrekstraraðstöðu þeirrar jarðar, sem land var tekið frá.

Um 16. gr.

Sameign ábúanda og annarra að jörð getur, vegna ólíkra hugsmuna og sjónarmiða, leitt til margvíslegra erfiðleika. Rétt þykir að veita þeim, sem jörð situr, möguleika á að komast út úr þeim erfiðleikum, sem sameign getur valdið, með því að kaupa skv. eignarnámsmati hluti meðeigenda sinna.

Um 17. gr.

Mjög hefur skort á, að þeir, sem hafa komið sér saman um rekstur félagsbús, hafi gengið frá samningum um slíkt á viðunandi hátt. Greininni er ætlað að tryggja, að aðilar geri með sér samninga og auðvelda eftirlit með því, að samningar séu gerðir.

Um 18. gr.

Upplýsingaskylda um jarðir auðveldar gerð jarðaskrár og aðra nauðsynlega gagnaöflun. Hliðstætt ákvæði er nú í 42. gr. laga nr. 45/1971.

Um 19. gr.

Rétt þykir að gefa nokkurn tíma fyrir landbúnaðarráðuneytið til að athuga þau mál, sem til þess kann að verða skotið eftir meðferð hjá byggðaráðum, m. a. getur þurft athuganir á vettvangi.

Um 20. gr.

Til þess að tryggja virkni byggðaráðs og fyrirbyggja tilraunir að komast fram hjá þeirri stofnun, er talið nauðsynlegt að geta riftað ráðstöfunum, sem heyra undir byggðaráð, en farið er með fram hjá því.

Um 21. gr.

Talið er að því hagræði og stjórnunarlegur ávinningur, að búnaðarsambönd og byggðaráð hafi sameiginlegt skrifstofuhald, þar sem þess er kostur. Hagkvæmt verður að telja, með tilliti til afgreiðslu þeirra erinda, sem fyrir byggðaráð verða lögð, að þau séu staðsett á sama stað og sýsluskrifstofan.

Um 22. gr.

Greinin skýrir sig sjálf.

Um 23. gr.

Greinin kemur í stað 2. gr. laga nr. 40/1948.

2. mgr. um kauprétt leiguliða sem setið hefur sömu jörð í 10 ár eða lengur er breyting frá því sem nú er.

Samkvæmt 2. mgr. 4. gr. laga nr. 40/1948 hefur leiguliði eftir 3ja ára búsetu kauprétt á undan sveitarstjórn.

Þessi réttur leiguliða eftir tiltölulega skamma búsetu getur leitt til misnotkunar og því er talið rétt að lengja búsetutíma sem leiðir til kaupréttar ábúanda á undan sveitarstjórn. Noti ábúandi sér ekki kaupréttinn, verður forkaupsréttur sveitarfélags aftur virtur.

Um 24. gr.

Í greininni er það nýmæli að eigi að selja eign á nauðungaruppboði, er tilkynningarskylda á fógeta gagnvart forkaupsréttarhafa.

Um 25. gr.

Í greininni er ekki efnisbreyting frá því, sem er í núgildandi lögum, önnur en sú, að frestur, sem sveitarstjórn hefur til þess að svara forkaupsréttarboði, er 15 dagar en frestur þessi er lengdur í sex vikur. Nauðsyn var talin til að lengja frest sveitarstjórna svo þeim gæfist rýmri tími til fjármagnsútvegunar og annarra athugana vegna kaupa. Rétt verður að telja að binda afsal forkaupsréttar við nafn.

Um 26. gr.

Greinin fjallar um sama efni og 6. gr. laga nr. 40/1948.

Um 27. gr.

Greinin er nýmæli og ætluð til þess að fyrirbyggja, að sveitarstjórnum sé skákað frá í að nota kaupréttarheimild sína, vegna þess að verð sé sett mjög hátt á eignir, jafnvel án þess að greiðsla skv. því sé áformuð.

Um 28. gr.

Í greinina er bætt við frá því, sem nú er í 4. gr. l. nr. 40/1948, að forkaupsréttur verður ekki virkur, ef eigandi selur maka sínum eða barnabarni. Skv. 2. tölulið eiga sveitarfélög ekki forkaupsrétt gagnvart sölum ríkissjóðs, enda á slík sala sér aðeins stað samkvæmt lögum. Einnig er bætt við ákvæði um skyldur viðtakanda til að reka bú á jörðinni.

Um 29. gr.

Rétt þykir af hagkvæmnisástæðum að hafa sem mest af því, er varðar jarðir og land í ríkiseign á einni hendi. Þess vegna er einnig gert ráð fyrir, að jarðadeild ráðuneytisins fari með málefni þeirra jarða og lendna, sem hafa hingað til heyrt undir Landnám ríkisins.

Um 30. gr.

Með almennri lagaheimild til að selja sveitarfélögum jarðir sparast að setja heimildarlög um slíkt hverju sinni.

Í lögum eru ekki ákvæði um leigu lands eða jarða í ríkiseign, önnur en um leigu til búrekstrar. Rétt þykir að setja í lög ákvæði um hámarkstímalengd samninga.

Um 31. gr.

Greinin fjallar um sama efni og 47. gr. l. nr. 102/1962, en nýjum skilyrðum þarf að fullnægja, svo jörð sé seld ábúanda.

Um 32. gr.

Nú eru í gildi lög um Jarðeignasjóð nr. 54/1967, með breytingum frá 13. marz 1972. Þau lög eru nú felld inn í jarðalögin með litlum breytingum.

Um 33. gr.

Í greinina hefur verið bætt tveimur nýjum töluliðum, 6. og 7., frá því, sem er í gildandi lögum, til þess að rýmka heimild Jarðeignasjóðs og kaupa jarðir í því skyni að stuðla að framkvæmd laga þessara.

Um 34. gr.

Greinin kemur í stað 2. mgr. 45. gr. laga nr. 45/1971.

Um 35. gr.

Í greinina er sett ákvæði um heimild Jarðeignasjóðs til þess að lána sveitarfélögum til jarðakaupa, ef þau nota sér forkaupsrétt.

Um 36. gr.

Í 36. gr. er sú efnisbreyting frá því, sem er í núgildandi lögum, að hámarksverð jarða, sem sjóðurinn kaupir, er ekki lengur bundið við fasteignamat, heldur opnast möguleiki, að verðið fari hærra, ef raunverulegt verðmæti jarðarinnar er meira. Auk þess er nú hægt að ljúka kaupum með samningum milli kaupanda og seljanda, en samkvæmt lögum var skylt að láta meta jarðir.

Gert er ráð fyrir að hækka framlag til Jarðeignasjóðs um helming frá því, sem nú er. Aðrar verulegar efnisbreytingar eru ekki í kaflanum um Jarðeignasjóð.

Um 37. gr.

Greinin er um sama efni og 6. gr. laga nr. 54/1967, sbr. 3. gr. laga nr. 11/1972.

Um 38. gr.

Greinin er sama efni og 7. gr. laga nr. 54/1967, en í stað Landnáms ríkisins kemur nú byggðaráð.

Um 39. gr.

Greinin er hliðstæð 8. gr. laga nr. 54/1967, en í stað þess að fjármálaráðuneytið tilnefni mann í nefnd, til að meta kaupverð jarða, kemur nú landbúnaðarráðuneytið.

Um 40. gr.

Greinin er samhljóða 10. gr. laga nr. 54/1967.

Um 41. gr.

Greinin er efnislega eins og 1. gr. laga nr. 102/1962.

Um 42. gr.

Greinin er samhljóða 2. gr. laga nr. 102/1962.

Um 43. gr.

Greinin er samhljóða 3. gr. laga nr. 102/1962, að öðru en því að felldur er niður síðasti málsliður 2. málsgreinar.

Um 44. gr.

Greinin er samhljóða 4. gr. laga nr. 102/1962.

Um 45. gr.

Greinin er nokkuð breytt frá 5. gr. laga nr. 102/1962, sem veitir aðeins erfingjum í fyrsta lið kröfu á óðalserfingja við yfirtöku óðals.

Um 46. gr.

Greinin er um sama efni og 6. gr. laga nr. 102/1962.

Um 47. gr.

Greinin er samhljóða 7. gr. laga nr. 102/1962.

Um 48. gr.

Greinin er samhljóða 9. gr. laga nr. 102/1962.

Um 49. gr.

Greinin er upphaf 10. gr. laga nr. 102/1962, en síðari hluti hennar er felldur niður.

Um 50. gr.

Greinin er sama efnis og fyrri málsgrein 11. gr. laga nr. 102/1962, en síðari málsgrein hennar er felld niður.

Um 51. gr.

Upphaf 12. gr. laga nr. 102/1962 fjallar um sama efni. Að öðru leyti er sú grein felld niður.

Um 52. gr.

Greinin er samhljóða 14. gr. laga nr. 102/1962, nema að síðari hluti 14. gr. er felldur niður.

Um 53. gr.

Greinin er samhljóða 15. gr. laga nr. 102/1962.

Um 54. gr.

Greinin er samhljóða 16. gr. laga nr. 102/1962.

Um 55. gr.

Greinin er samhljóða 17. gr. laga nr. 102/1962.

Um 56. gr.

Greinin fjallar um sama og 18. gr. laga nr. 102/1962, en breytingar hafa verið gerðar.

Um 57. gr.

Greinin er samhljóða 19. gr. laga nr. 102/1962.

Um 58. gr.

Greinin er samhljóða 20. gr. laga nr. 102/1962.

Um 59. gr.
Greinin er samhljóða 21. gr. laga nr. 102/1962.

Um 60. gr.
Greinin er samhljóða 23. gr. laga nr. 102/1962.

Um 61. gr.
Greinin er samhljóða 24. gr. laga nr. 102/1962.

Um 62. gr.
Greinin er að mestu samhljóða 25. gr. laga nr. 102/1962.

Um 63. gr.
Greinin er samhljóða 2. gr. laga nr. 18/1968.

Nd. 691. Breytingartillögur [76. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 68 15 júní 1971, um tekjuskatt og eignarskatt, og lögum nr. 7 23. marz 1972, um breyting á þeim lögum.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
   Við 5. málsgr. 14. gr. laganna (sbr. 6. gr. l. nr. 7/1972) bætist nýr málsliður, svo hljóðandi: Þessi ákvæði eiga einnig við um hlutaráðna landmenn.
2. Á eftir 1. gr. komi ný gr., svo hljóðandi:
   Við B-lið 15. gr. laganna bætist nýr málsliður:
   Heildarfyrningarverð eigna skv. 2. tölulið A-liðs þessarar greinar má þó jafnan vera fasteignamatsverð, enda þótt kaup- eða kostnaðarverð hafi verið lægra.
3. Við 3. gr. Tölur í stafliðum a, b og c breytast þannig: Fyrir „14 000“ komi: 18 000, fyrir „22 000“ komi: 26 000, fyrir „56 000“ komi: 72 000 og fyrir „88 000“ komi: 104 000.
4. Á eftir 7. gr. komi ný grein:
   53. gr. laganna orðist svo:
   Skylt er að hækka eða lækka þær fjárhæðir, sem um ræðir í A- og D-liðum 13. gr., 14. gr. og 16. gr., svo og þrepin í skattstiga þeim, sem um ræðir í I. lið 25. gr., og fjárhæðir í IV. lið þeirrar gr., í samræmi við skattvísitölu, sem ákveðin skal í fjárlögum ár hvert.

Ed. 692. Nefndarálit [214. mál]

um frv. til l. um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna á íslenzkum skipum.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og mælir með samþykkt þess.

Alþingi, 11. apríl 1973.

Björn Jónsson, form., frsm.	Geir Gunnarsson, fundaskr.	Jón Árm. Héðinsson.
Axel Jónsson.	Steingr. Hermannsson.	Halldór Kristjánsson.
	Jón Árnason.	

Nd. 693. Nefndarálit [152. mál]

um frv. til laga um skipulag ferðamála.

Frá meiri hl. samgöngunefndar.

Nefndin hefur haldið þrjá fundi um málið, sent það til umsagnar og fengið svör frá 14 aðilum.

Meiri hluti nefndarinnar leggur til, að frv. verði samþykkt með smávegis breytingum, en þrír nefndarmanna álitu, að fresta bæri afgreiðslu frv. til næsta þings, og munu þeir væntanlega skila séráliti.

Alþingi, 11. apríl 1973.

Björn Pálsson, form., frsm. Garðar Sigurðsson, fundaskr. Karvel Pálmason.
Stefán Valgeirsson.

Nd. 694. Breytingartillögur [152. mál]

við frv. til laga um skipulag ferðamála.

Frá meiri hl. samgöngunefndar.

1. Við 4. gr. 2. mgr. orðist svo:
   Skulu þeir skipaðir af samgönguráðherra, og skal einn þeirra vera úr hópi fastra starfsmanna samgönguráðuneytisins, einn skipaður eftir tilnefningu Náttúruverndarráðs, tveir skipaðir eftir tilnefningu Ferðamálaráðs.
2. Við 27. gr. Við greinina bætist: ef fleiri en fjórar lánshæfar umsóknir liggja fyrir til afgreiðslu.
3. Við 34. gr. Fyrri málsgr. orðist svo: Lög þessi öðlast gildi 1. sept. 1973.

Ed. 695. Nefndarálit [220. mál]

um frv. til l. um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur tekið mál þetta til meðferðar og er sammála um að mæla með samþykkt frumvarpsins. Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að fylgja og flytja breytingartillögur. Auður Auðuns var fjarstödd afgreiðslu málsins.

Alþingi, 12. apríl 1973

Björn Jónsson, form. Steingr. Hermannsson, fundaskr. Þorv. Garðar Kristjánsson, frsm.
Björn Fr. Björnsson. Eggert G. Þorsteinsson. Helgi Seljan.

Nd. 696. Nefndarálit [164. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 80 16. sept. 1971, um aflatryggingasjóð sjávarútvegsins.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin ræddi þetta frv. á fundi 12. apríl. Samþykktu nefndarmenn frv. með áskilnaði um rétt til að flytja eða fylgja breytingartillögum. Stefán Gunnlaugsson var fjarverandi afgreiðslu málsins.

Alþingi, 12. apríl 1973.

Garðar Sigurðsson, form., frsm. Jón Skaftason. Björn Pálsson.
Guðl. Gíslason. Pétur Sigurðsson. Karvel Pálmason.

Ed. 697. Breytingartillaga [169. mál]

við frv. til l. um heilbrigðisþjónustu.

Frá Ragnari Arnalds, Steingrími Hermannssyni og Þorv. Garðari Kristjánssyni.

1. Við 21. gr. bætist nýr liður, svo hljóðandi:
   Heimilt er að ráða lækna og annað starfslið að heilsugæzlustöð með búsetu og starfssvið utan stöðvar, þar sem núverandi aðstaða leyfir. Jafnframt er ráðherra heimilt að ráða hjúkrunarkonur til lækna utan heilsugæzlustöðva.
2. 2. og 3. málsl. 3. tl. ákvæðis til bráðabirgða fellur niður.

Ed. 698. Breytingartillaga [169. mál]

við frv. til l. um heilbrigðisþjónustu.

Frá Þorv. Garðari Kristjánssyni.

1. **Patreksfjarðarumdæmi.**
   Við 16. gr. 16.4. Vestfjarðahérað. í stað 1 komi:
   a) Patrekshreppur H 2, starfssvæði Patrekshreppur, Tálknafjarðarhreppur, Múlahreppur, Barðastrandarhreppur og Rauðasandshreppur.
   b) Bíldudalur H 1, starfssvæði Suðurfjarðahreppur og Ketildalahreppur.

Nd. 699. Frumvarp til laga [96. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Grýtubakkahreppi jörðina Grenivík, eyðibýlið Svæði og nýbýlið Höfðabrekku og Borgarneshreppi hluta af landi Borgar.

(Eftir 3. umr. í Ed., 12. apríl.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja Grýtubakkahreppi í Suður-Þingeyjarsýslu jarðirnar Grenivík (að undanteknum 7 ha., sem eru eign hafnarsjóðs), Svæði og Höfðabrekku í sama hreppi.

Ríkisstjórninni er enn fremur heimilt að selja Borgarneshreppi þann hluta lands Borgar í Borgarhreppi, sem er sunnan þjóðvegarins vestur á Snæfellsnes.

Náist ekki samkomulag um söluverð, skal það metið af dómkvöddum mönnum.

Jarðirnar má ekki endurselja öðrum en ríkissjóði.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 700. Lög [122. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka lán vegna framkvæmdaáætlunar fyrir árið 1973.

(Afgreidd frá Ed. 12. apríl.)

Samhljóða þskj. 609.

Ed. 701. Nefndarálit [130. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 49/1967, um skólakostnað.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og brtt., sem fram er komin frá menntamálaráðherra. Nefndin mælir með samþykkt frumvarpsins og brtt. — Þorvaldur Garðar Kristjánsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 12. apríl 1973.

Ragnar Arnalds, form., frsm.	Páll Þorsteinsson, fundaskr.	Auður Auðuns, með fyrirvara.
Björn Jónsson.	Jón Árm. Héðinsson.	Steingr. Hermannsson.

Ed. 702. Frumvarp til laga [76. mál]

um breyting á lögum nr. 68 15. júní 1971, um tekjuskatt og eignarskatt, og lögum nr. 7 23. marz 1972, um breyting á þeim lögum.

(Eftir 3. umr. í Nd., 12. apríl.)

1. gr.

1. málsgr. laganna orðist svo:

Frá tekjum sjómanna lögskráðra á íslenzk skip skal draga kostnað vegna hlífðarfata. Frádrátturinn ákveðst 800 kr. á mánuði og miðast við þann vikufjölda, sem þeir eru háðir greiðslu slysatryggingariðgjalda hjá útgerðinni, enda ráðnir sem sjómenn.

2. gr.

Við 5. málsgr. 14. gr. laganna (sbr. 6. gr. l. nr. 7/1972) bætist nýr málsliður, svo hljóðandi: Þessi ákvæði eiga einnig við um hlutaráðna landmenn.

3. gr.

Við B-lið 15. gr. laganna bætist nýr málsliður:

Heildarfyrningarverð eigna skv. 2. tölulið A-liðs þessarar greinar má þó jafnan vera fasteignamatsverð, enda þótt kaup- eða kostnaðarverð hafi verið lægra.

4. gr.

19. gr. laganna orðist svo:

Skattskyldar eignir teljast með þeim takmörkunum, sem gerðar eru í 2. gr. 3. mgr. og 20. og 21. gr., fasteignir og lausafé skattgreiðanda ásamt hvers konar öðrum verðmætum eignarréttindum. Frá eignum skal draga, áður en skattur er á þær lagður, skuldir skattþegns. Til skuldar ber að telja m. a. ógreiddar uppbætur á keyptar afurðir og ógreiddan afslátt af seldum vörum við árslok, enda sé skattþegni skylt samkvæmt lögum, samþykktum sínum, ef um félag er að ræða, eða samningum að greiða viðskipta- eða félagsmanni sínum slíkan afslátt eða uppbætur. Þegar skattur greiðist samkvæmt 2. gr. 3. mgr., má þó aðeins draga frá þær skuldir, sem hvíla á þeim eignum, sem skattur er greiddur af. Eignirnar eru jafnt skattskyldar, hvort sem þær gefa af sér nokkrar tekjur eða ekki.

5. gr.

IV. liður 25. gr. laganna (sbr. 11. gr. laga nr. 7/1972) orðist svo:

Tekjuskatt þeirra manna, sem náð hafa 67 ára aldri á skattárinu, eða áttu rétt til örorkulífeyris samkvæmt lögum nr. 67/1971, um almannatryggingar, skal lækka sem hér segir:

a. Tekjuskatt, 18 000 krónur eða lægri hjá einstaklingum og 26 000 krónur eða lægri hjá hjónum, skal fella niður.
b. Tekjuskatt einstaklinga á bilinu frá 18 000 til 72 000 krónur skal lækka um fjárhæð, sem nemur 18 000 krónum, að frádregnum þriðjungi þeirrar fjárhæðar, sem óskertur tekjuskattur er hærri en 18 000 krónur.
c. Tekjuskatt hjóna á bilinu frá 26 000 til 104 000 krónur skal lækka um fjárhæð, sem nemur 26 000 krónum, að frádregnum þriðjungi þeirrar fjárhæðar, sem óskertur tekjuskattur er hærri en 26 000 krónur.

6. gr.

VI. liður 25. gr. laganna (sbr. 11. gr. laga nr. 7/1972) fellur niður.

7. gr.

1. málsgr. 37. gr. laganna orðist svo:

Þegar framtalsfrestur er liðinn, skal skattstjóri leggja tekjuskatt og/eða eignarskatt á skattþegn samkvæmt framtali hans. Þó skal skattstjóri leiðrétta augljósar reikningsskekkjur í framtali svo og einstaka liði, ef þeir eru í ósamræmi við gildandi lög og fyrirmæli. Enn fremur skal skattstjóri leiðrétta einstaka liði, ef telja má, að óyggjandi upplýsingar séu fyrir hendi, en gera skal skattþegni strax viðvart um slíkar breytingar. Nú er framtalsskýrsla eða einstakir liðir hennar eða fylgigögn ófullnægjandi, óglögg eða tortryggileg, eða skattstjóri telur þurfa nánari skýringar á einhverju atriði, og skal hann þá skora á framteljanda að láta í té innan ákveðins tíma þau gögn öll, þar með talin bókhaldsgögn, sbr. 36. gr., er skattstjóri telur sér þörf á að fá, svo og skriflegar skýringar, og er framteljanda skylt að verða við áskorun skattstjóra. Fái skattstjóri fullnægjandi gögn og skýringar innan tiltekins tíma, leggur hann skatt á samkvæmt framtali og framkomnum gögnum og skýringum, sbr. þó 47. gr. Berist eigi svar frá framteljanda innan tiltekins tíma, skýringar hans eru ófullnægjandi, eigi eru send þau gögn, sem óskað er, eða send gögn eru

ófullnægjandi, skal skattstjóri áætla tekjur og eign skattþegns svo ríflega, að eigi sé hætt við, að fjárhæðir séu áætlaðar lægri en þær eru í raun og veru, og ákveða skatta hans í samræmi við þá áætlun, sbr. þó einnig 47. gr. Áætlun skal tilkynna skattþegni skriflega. Ef eigi er kunnugt um dvalarstað framteljanda eða umboðsmanns hans, má skattstjóri áætla tekjur hans og eign án þess að gera honum viðvart.

8. gr.

46. gr. laganna orðist svo:

Gjalddagi tekju- og eignarskatts skal vera 1. ágúst ár hvert eða 1. dagur næsta mánaðar eftir álagningu, fari hún seinna fram. Lögreglustjórar — í Reykjavík Gjaldheimtan, sbr. reglugerð nr. 95/1962 — innheimta tekju- og eignarskatt. Sé skatturinn eigi greiddur áður en 2 mánuðir eru liðnir frá gjalddaga, skal greiða dráttarvexti til ríkissjóðs af því, sem ógreitt er, 1½% fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði, sem líður, talið frá og með gjalddaga, unz skatturinn er að fullu greiddur. Fjármálaráðherra getur með reglugerð sett fyllri ákvæði um innheimtuna, svo sem að gjalddagar skuli vera fleiri en einn á ári, þar sem það þykir henta, um tilbúning og sölu skattmerkja og þess háttar. Einnig getur fjármálaráðherra með reglugerð skyldað kaupgreiðendur til að gefa skýrslur um mannahald og halda eftir og skila til innheimtumanns upp í þinggjöld manna hluta af kaupi þeirra til lúkningar gjöldunum, og má í reglugerðinni setja ítarlegri ákvæði um allt, er að þessu lýtur. Kaupgreiðandi ábyrgist þá fé það, er hann hefur haldið eftir sem geymslufé. Fé þetta og gjöld, er ekki hefur verið haldið eftir vegna vanrækslu kaupgreiðanda, má taka lögtaki hjá honum sem eigin skattar væru. Nú vanrækir kaupgreiðandi að halda fé eftir upp í gjöldin, skila innheimtufé eða umkröfðum skýrslum, og má þá einnig beita sektum, ef eigi er úr bætt innan hæfilegs frests, er innheimtumaður ákveður. Nú skilar kaupgreiðandi ekki fé innan þess frests, sem þannig er ákveðinn, og ábyrgist hann þá einnig greiðslu dráttarvaxta, sem gjaldanda kunna að verða reiknaðir vegna vanskila á innheimtufé.

Innheimtumaður getur ekki krafið gjaldanda um þá fjárhæð, sem kaupgreiðandi hefur haldið eftir af launum hans til greiðslu skatta, þó að kaupgreiðandi hafi ekki staðið skil á greiðslunni til ríkissjóðs. Krafa ríkissjóðs í þrotabú kaupgreiðanda vegna slíkra greiðslna skal vera forgangskrafa og í skuldaröð með þeim kröfum, sem nefndar eru í a-lið 83. gr. laga nr. 3/1878, um skipti á dánarbúum og félagsbúum o. fl. Skattgreiðandi, sem ofgreitt hefur skatt til kaupgreiðanda samkv. þessari grein, á rétt á endurgreiðslu beint frá innheimtumanni, hvort sem kaupgreiðandi hefur greitt innheimtumanni skattinn eða ekki.

Þeir, sem hafa á hendi fjárforræði ólögráða manna, bera ábyrgð á skattgreiðslu þeirra. Um ábyrgð atvinnuveitenda á skattgreiðslu útlendinga, sem þeir hafa í þjónustu sinni, fer svo sem segir í 5. gr. laga nr. 22/1956.

Fjármálaráðherra getur með reglugerð ákveðið, að innheimta skuli fyrir fram upp í væntanleg þinggjöld yfirstandandi árs hjá hverjum gjaldanda fjárhæð, er nemi ákveðnum hluta þeirra þinggjalda, sem honum ber að greiða næstliðið ár. Við ákvörðun fyrirframgreiðslunnar skal gætt þeirra tekjubreytinga, sem orðið hafa, og almenns efnahagsástands í landinu. Ráðherra er heimilt að miða fyrirframgreiðslu skv. þessari málsgrein við hlutfall af tekjum yfirstandandi árs í stað hlutfalls af gjöldum næstliðins árs, telji hann þá aðferð betur henta. Þar sem innheimta opinberra gjalda er sameiginleg, sbr. lög nr. 68/1972, skulu heimildir þessarar mgr. taka með sama hætti til innheimtu annarra gjalda en þinggjalda.

Nú verður ljóst, þegar álagningu skatta lýkur, að gjaldandi hefur þegar greitt meira en álagða skatta, og skal þá endurgreiða það, sem ofgreitt var, ásamt ½% vöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði, sem fé var í vörzlu ríkissjóðs.

Nú breytir ríkisskattanefnd skatti svo seint, að tilkynning um það hefur eigi náð innheimtumanni fyrir gjalddaga skattsins, og skal hann þá innheimta eða endurgreiða þann skatt síðar.

Óheimilt er að slíta félagi og úthluta eignum þess, fyrr en opinberir skattar af tekjum þess og eignum hafa verið greiddir að fullu fyrir allan starfstíma félagsins.

9. gr.

52. gr. laganna orðist svo:

Heimilt er skattstjóra að taka til greina umsókn skattþegns um lækkun tekjuskatts, þegar svo stendur á sem hér segir:

1. Ef ellihrörleiki, veikindi, slys eða mannslát hafi skert gjaldþol skattþegns verulega.
2. Ef á framfæri skattþegns eru börn, sem haldin eru langvinnum sjúkdómum eða eru fötluð eða vangefin og valda framfærendum útgjöldum umfram venjulegan framfærslukostnað. Fallist skattstjóri á umsókn skattþegns, skulu tekjur hans til álagningar lækkaðar um eigi lægri fjárhæð en nemur barnafrádrætti samkvæmt 16. gr. fyrir hvert barn, sem þannig er ástatt um.
3. Ef skattþegn hefur foreldra eða aðra vandamenn sannanlega á framfæri sínu.
4. Ef skattþegn hefur haft veruleg útgjöld vegna menntunar barna sinna eldri en 16 ára.
5. Ef skattþegn hefur orðið fyrir verulegu eignatjóni af völdum náttúruhamfara, eldsvoða eða búfjársjúkdóma, enda hafi hann ekki fengið tjón sitt bætt úr hendi annarra aðila.
6. Ef gjaldþol skattþegns hefur skerzt verulega vegna tapa á útistandandi kröfum, sem ekki stafa frá atvinnurekstri hans.
7. Ef skattþegn lætur af störfum vegna aldurs og gjaldþol hans skerðist verulega af þeim sökum.

Nánari ákvæði um skilyrði fyrir framangreindum ívilnunum skulu sett í reglugerð. Skattstjóri getur veitt ívilnanir samkvæmt þessari grein án umsóknar. Ákvörðun skattstjóra samkvæmt þessari grein má skjóta til ríkisskattstjóra, sem tekur endanlega ákvörðun í málinu. Ríkisskattstjóri skal sérstaklega fylgjast með ívilnunum þeim, sem skattstjórar veita samkvæmt þessari grein, og sjá til þess, að samræmis sé gætt og réttum reglum fylgt.

Greiði skattþegn, sem skattskyldur er hér á landi, samkvæmt ákvæðum I. kafla þessara laga, skatta af eignum sínum og tekjum, sem skattskyldar eru hér á landi, til ríkissjóðs eða opinberra aðila í ríki, sem Ísland hefur ekki gert við tvísköttunarsamning, er ríkisskattstjóra heimilt, samkvæmt umsókn skattþegns, að lækka tekjuskatt eða eignarskatt með hliðsjón af þessum skattgreiðslum.

10. gr.

53. gr. laganna orðist svo:

Skylt er að hækka eða lækka þær fjárhæðir, sem um ræðir í A- og D-liðum 13. gr., 14. gr. og 16. gr., svo og þrepin í skattstiga þeim, sem um ræðir í I. lið 25. gr. og fjárhæðir í IV. lið þeirrar gr., í samræmi við skattvísitölu, sem ákveðin skal í fjárlögum ár hvert.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við álagningu skatta til ríkissjóðs fyrir skattárið 1972.

Ed. 703. Nefndarálit [238. mál]

um frv. til laga um Stofnlánadeild landbúnaðarins og byggingar í sveitum.

Frá meiri hl. landbúnaðarnefndar.

Meiri hl. landbúnaðarnefndar mælir með frumvarpinu og leggur til, að það verði samþykkt með svofelldri

BREYTINGU:

Við 6. gr.

a. Aftan við 8. málsgr. bætist: og ekki heldur þegar um er að ræða framkvæmdir á býlum, sem eru innan þéttbýlismarka, ef fyrirsjáanlegt þykir, að ekki verði þar um framtíðarbúrekstur að ræða.
b. 10. málsgr. falli brott.

Alþingi, 12. apríl 1973.

Ásgeir Bjarnason, form., frsm.
Helgi Seljan, fundaskr.
Páll Þorsteinsson.
Björn Jónsson.

Ed. 704. Nefndarálit [238. mál]

um frv. til l. um Stofnlánadeild landbúnaðarins og byggingar í sveitum.

Frá 1. minni hl. landbúnaðarnefndar.

Frv. þetta er samið af nefnd, sem landbúnaðarráðherra skipaði 29. sept. 1972. Með samningu þessa frv. er inntur af hendi hluti þess viðfangsefnis, sem nefndinni var falið, því að í skipunarbréfinu fær hún þessi fyrirmæli:

„Endurskoðunin skal við það miðuð, að Landnám ríkisins hætti starfsemi sinni sem sjálfstæð stofnun, en verkefni þess verði falið öðrum stofnunum, sem vinna í þágu landbúnaðarins, eftir því sem við á og hagkvæmt þykir."

Nefndin, sem samdi þetta frv., segir í athugasemdum með því, að viðfangsefni hennar „greinist í þrjá höfuðþætti:

1) Stofnlánadeild landbúnaðarins, stjórn hennar og fjárhagsaðstaða. 2) Landnám ríkisins, skipan þeirra mála, er því eru falin í lögum. 3) Bygging og rekstur grænfóðurverksmiðja."

Sagt er, að nefndin hafi samið sérstakt frumvarp um heykögglaverksmiðjur ríkisins, og verði það lagt fyrir Alþingi samhliða þessu frv.

Einnig er frá því skýrt í athugasemdum, að sérstök nefnd hafi samið frv. til jarðalaga, sem spanni yfir hluta af þeim viðfangsefnum, sem Landnám ríkisins hefur haft með höndum.

Af þessu má ljóst vera, að lög um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum, nr. 45 frá 16. apríl 1971, sem ákveðið er í þessu frv. að fella úr gildi 1. janúar n. k., eru ekki nema að hluta til inni í þessu frv. Aðrir mikilvægir þættir laganna eru enn óséðir og þingmönnum því ókleift að gera sér grein fyrir og meta á hlutlægan hátt þá breytingu á gildandi skipulagi um stjórnun fjárfestingarmála og skipulagsmála strjálbýlisins, sem boðað er í athugasemdum með frv., að stefnt sé að.

Þar sem frumvörpin til jarðalaga og til laga um heykögglaverksmiðjur hafa ekki enn verið lögð fram á Alþingi, er með engu móti unnt að finna þá stefnu í þessum málum, sem nefndinni frá 29. sept. 1972 var ætlað að móta, og með því að ekkert knýr á um það að samþykkja þetta frv. í heild, sem hér er til ákvörðunar, þá getur 1.

minni hl. landbúnaðarnefndar ekki stutt það. Hins vegar munum við bera fram tillögu um að efla fjárhagsstöðu Stofnlánadeildarinnar, því að í því er aðkallandi þörf.

Sú tekjuáætlun, sem gerð var um fjárhagsafkomu Stofnlánadeildarinnar, hefur ekki staðizt þá áköfu verðþenslu, sem er í byggingaiðnaðinum. Sú þróun krefur um hærri fjárhæðir frá ári til árs til þessa fjárfestingasjóðs eins og annara. Þar sem 4. gr. frv. gerir ráð fyrir hliðstæðum fjáröflunarleiðum til Stofnlánadeildarinnar eins og upphaflega var lagður grundvöllur að 1962, getum við fallizt á ákvæði greinarinnar og leggjum til, að hún verði samþykkt óbreytt og felld inn í gildandi lög um Stofnlánadeild landbúnaðarins, en að öðru leyti verði ekki hróflað við gildandi lögum, en aðrar greinar þessa frv. verði felldar niður og efni gildandi laga um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum tekið til endurskoðunar og afgreiðslu í einu lagi, þegar frumvörp um þau efni liggja fyrir og alþingismenn fá tíma til að skoða þau í heild.

1. minni hl. landbúnaðarnefndar leggur til, að frv. verði breytt á þann hátt, sem tilgreint er í brtt. okkar, sem prentaðar eru á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 10. apríl 1973.

Steinþór Gestsson, frsm. Jón Árnason.

Ed. 705. Breytingartillögur [238. mál]

við frv. til l. um Stofnlánadeild landbúnaðarins og byggingar í sveitum.

Frá 1. minni hl. landbúnaðarnefndar.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
   4. gr. laganna orðist svo:
   Tekjur deildarinnar eru:
   1. Árlegt framlag ríkissjóðs, er nemi 25 milljón krónum.
   2. Álag á söluvörur landbúnaðarins, 1%, til ársloka 1980.
      Álag þetta skal ákvarða og innheimta á sama hátt og búnaðarmálasjóðsgjald, samkvæmt lögum nr. 38 15. febrúar 1945.
   3. Gjald á útsöluverð mjólkur og rjóma og á heildsöluverð annarra landbúnaðarvara, er nemi 1%, frá 1. júlí 1973 til ársloka 1980.
      Gjald á vörur, sem ekki eru í verðlagsgrundvelli, skal miða við áætlað útsöluverð, séu þær ekki verðlagðar af Sexmannanefnd. Sölusamtök framleiðenda og aðrir seljendur skulu standa skil á gjaldinu samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð.
      Gjald þetta nær til allra sömu vörutegunda og gjald samkvæmt 2. tl. þessarar gr. — Innheimta skal sama gjald af innfluttum kartöflum og tekið er af kartöflum framleiddum innanlands.
   4. Árlegt framlag ríkissjóðs, er nemi jafnhárri fjárhæð og samanlagðar tekjur samkvæmt 2. og 3. lið þessarar greinar.
   5. Vaxtatekjur.
      Framleiðsluráð landbúnaðarins annast innheimtu á gjöldum samkvæmt 2. og 3. tölulið þessarar greinar.
2. Við 30. gr. Greinin verði 2. gr. og orðist svo:
   Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1973.
3. Fyrirsögn orðist svo:
   Frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 45 16. apríl 1971, um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum.

Ed. 706. Nefndarálit [238. mál]

um frv. til l. um Stofnlánadeild landbúnaðarins og byggingar í sveitum.

Frá 2. minni hl. landbúnaðarnefndar.

Efni þessa frv. er tvíþætt. Annars vegar fjallar það um ráðstafanir til að afla fjár til Stofnlánadeildar landbúnaðarins, en hins vegar er það liður í víðtækari áformum um að breyta skipulagi yfirstjórnar landbúnaðarins, m. a. með því að leggja niður Landnám ríkisins.

Ekki verður um deilt, að Stofnlánadeildina skortir fé til að geta sinnt umsóknum bænda um lán. Stafar það meðal annars af því, að deildin hefur tekið fé að láni með hærri vöxtum og til skemmri tíma en gildir um hennar eigin útlán. Gerir frumvarpið ráð fyrir, að deildinni verði aflað fjár með því að auka álögur á bændur, hækka verð landbúnaðarafurða til neytenda og veita fé úr ríkissjóði, sem að sjálfsögðu lendir á hinum almennu skattgreiðendum. Alþýðuflokkurinn getur ekki samþykkt slíka fjáröflun til stofnlánasjóðs, sízt af öllu enn eina hækkun á verði landbúnaðarafurða, sem neytendum hefur þótt hækka ærið ört í seinni tíð.

Alþýðuflokkurinn telur skynsamlegt að endurskoða stjórnkerfi landbúnaðarins og e. t. v. leggja niður einhverjar stofnanir til að gera kerfið einfaldara og ódýrara. Hins vegar liggja ekki fyrir upplýsingar um þessa endurskipulagningu í heild, óljóst er, hvernig verkefnum landnámsins verður sinnt, og engar skýringar hafa verið gefnar á kostum hins nýja kerfis eða hugsanlegum sparnaði. Eru það óviðunandi vinnubrögð að ætla Alþingi að samþykkja einn þátt þessa máls án þess að fá að sjá aðra þætti eða kanna málið sem heild. Af þeim sökum legg ég til, að frv. verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Alþingi, 12. apríl 1973.

Jón Árm. Héðinsson.

Nd. 707. Breytingartillögur [152. mál]

við frv. til laga um skipulag ferðamála.

Frá Eysteini Jónssyni.

1. **Við 22. gr. 3. tölulið:**
   a. Orðin „utan alfaraleiða“ í 1. málslið falli niður.
   b. Síðari málsliður (Styrkveitingar mega þó aldrei o. s. frv.) falli niður.
2. **Við 32. gr. Við greinina bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Ákvæði þessi taka þó ekki til þjóðgarða eða annarra svæða á vegum Náttúruverndarráðs, nema samþykki þess komi til.**

Ed. 708. Nefndarálit [169. mál]

um frv. til laga um heilbrigðisþjónustu.

Frá heilbrigðis- og tryggingánefnd.

Nefndin hefur fjallað um frv. og mælir með samþykkt frv. eins og það liggur fyrir frá neðri deild.

Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja breytingartillögum, sem fram koma. Fjarverandi var Bjarni Guðbjörnsson.

Alþingi, 13. apríl 1973.

Helgi Seljan, form., frsm. Ásgeir Bjarnason. Eggert G. Þorsteinsson.
Björn Jónsson. Auður Auðuns. Axel Jónsson.

Nd. 709. Nefndarálit [94. mál]

um frv. til l. um breyting á orkulögum, nr. 58 29. apríl 1967.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og er sammála um að mæla með samþykkt þess óbreytts eins og það er á þskj. 486.

Alþingi, 13. apríl 1973.

Eðvarð Sigurðsson, form., frsm. Pétur Pétursson, fundaskr. Þórarinn Þórarinsson.
Bjarni Guðnason. Gunnar Thoroddsen. Lárus Jónsson.
Jónas Jónsson.

Ed. 710. Breytingartillaga [169. mál]

við frv. til l. um heilbrigðisþjónustu.

Frá Auði Auðuns og Eggert G. Þorsteinssyni.

Við 26. gr. Í stað orðanna „að geðdeild undanskilinni“ í niðurlagi 26. 2 komi: með þeim deildum, sem þar eru taldar, og við verður komið.

Nd. 711. Nefndarálit [222. mál]

um frv. til laga um atvinnuleysistryggingar.

Frá heilbrigðis- og tryggingarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og mælir með samþykkt þess. Einstakir nm. áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja hugsanlegum breytingartillögum. Stefán Gunnlaugsson var fjarverandi er málið var afgreitt.

Alþingi, 13. apríl 1973.

Jón Skaftason, form. Ragnhildur Helgadóttir, fundaskr. Ingvar Gíslason, frsm.
Bjarni Guðnason. Sverrir Hermannsson. Jónas Árnason.

Nd. 712. Nefndarálit [237. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 29 1963, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og samþykkt að mæla með því, að það verði að lögum.

Alþingi, 13. apríl 1973.

Vilhjálmur Hjálmarsson, form., frsm.	Gils Guðmundsson, fundaskr.	Matthías Bjarnason.
Matthías Á. Mathiesen.	Karvel Pálmason.	Gylfi Þ. Gíslason.
	Þórarinn Þórarinsson.	

Sþ. 713. Fyrirspurn [255. mál]

til menntamálaráðherra um leiklistarskóla ríkisins.

Frá Gylfa Þ. Gíslasyni.

Má búast við því, að menntamálaráðuneytið beiti sér fyrir stofnun leiklistarskóla ríkisins, er tekið geti til starfa næsta haust?

Nd. 714. Nefndarálit [152. mál]

um frv. til laga um skipulag ferðamála.

Frá minni hl. samgöngunefndar.

Nefndin hefur ekki orðið sammála um afgreiðslu þessa máls. Er það eindregin skoðun minni hlutans, að engin tök séu á að afgreiða svo viðamikið og mikilvægt mál á örskömmum tíma í þinglok. Minni hlutinn álítur hins vegar, að nauðsyn sé að setja ný lög um skipulag ferðamála, og telur frv. miða í rétta átt, en þurfi miklu meiri athugunar við.

Nefndin sendi frv. til umsagnar fjölmargra aðila og hafa álit borizt, en fyrir örskömmu, svo að mjög lítið tóm hefur gefizt til rannsóknar á þeim. Þá eiga umsagnirnar nálega allar eitt sameiginlegt, en það er tillaga um að fresta afgreiðslu málsins um hríð, svo að kostur gefist á ítarlegri athugun.

Minni hlutinn leggur áherzlu á, að mál þetta verði tekið til meðferðar og afgreiðslu þegar á næsta þingi, en tíminn milli þinga notaður til að undirbúa þessa lagasetningu nánar.

Alþingi, 12. apríl 1973.

Sverrir Hermannsson, frsm.	Pétur Pétursson.	Friðjón Þórðarson.

Nd. 715. Breytingartillaga [222. mál]

um frv. til laga um atvinnuleysistryggingar.

Frá Bjarna Guðnasyni.

2. gr. orðist svo:

Stjórn atvinnuleysistryggingasjóðs skipa 7 menn, tveir tilnefndir af Alþýðusambandi Íslands, einn tilnefndur af Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, einn tilnefndur af Vinnuveitendasambandi Íslands, einn tilnefndur af Vinnumálasambandi samvinnufélaganna og tveir kosnir af sameinuðu Alþingi með hlutfallskosningu. Varamenn skulu vera jafnmargir og aðalmenn og kosnir með sama hætti. Skipun stjórnar fer fram að loknum hverjum almennum alþingiskosningum.

Ráðherra skipar formann og varaformann sjóðstjórnar.

Ráðherra ákveður þóknun stjórnarnefndarmanna.

Sþ. 716. Nefndarálit [175. mál]

um till. til þál. um endurskoðun á tryggingakerfinu.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað till. þessa. Án þess að nefndin taki beina afstöðu til allra þeirra íhugunaratriða, sem till. hefur að geyma, er hún á einu máli um, að höfuðefni till. sé allrar athygli vert.

Í trausti þess, að málið fái eigi að síður rækilega könnun, þykir nefndinni eftir atvikum rétt að leggja til, að till. verði vísað til ríkisstjórnarinnar.

Alþingi, 11. apríl 1973.

Björn Fr. Björnsson, form., frsm.	Jónas Árnason, fundaskr.	Jón Skaftason
Lárus Jónsson.	Bjarni Guðnason.	Ragnhildur Helgadóttir.

Ed. 717. Breytingartillögur [169. mál]

við frv. til laga um heilbrigðisþjónustu.

Frá Magnúsi Jónssyni, Jóni Árm. Héðinssyni, Birni Jónssyni og Bjarna Guðbjörnssyni.

Við 16 gr., 16.5.

1. 7. tölul. orðist svo:
   Húsavíkurumdæmi, Húsavík H 2, starfssvæði Ljósavatnshreppur, Bárðdælahreppur, Skútustaðahreppur, Reykdælahreppur, Aðaldælahreppur, Reykjahreppur, Húsavíkurkaupstaður og Tjörneshreppur.
2. Á eftir 7. tölul. komi nýr liður, svo hljóðandi:
   8. Kópaskersumdæmi. Kópasker H 1, starfssvæði Kelduneshreppur, Öxnafjarðarhreppur, Fjallahreppur og Presthólahreppur.

Nd. 718. Nefndarálit [93. mál]

um frv. til l. um breyting á lögum um almannatryggingar, nr. 67 frá 20. apríl 1971, sbr. lög nr. 96 frá 27. des. 1971.

Frá heilbrigðis- og trygginganefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið að undanförnu og hefur orðið sammála um að leggja til, að því verði vísað til ríkisstjórnarinnar í trausti þess, að endurskoðunarnefnd almannatryggingalaga fái efni þess til athugunar.

Alþingi, 13. apríl 1973.

Jón Skaftason, form., frsm. Ragnhildur Helgadóttir, fundaskr. Ingvar Gíslason. Jónas Árnason.
Bjarni Guðnason. Sverrir Hermannsson. Pétur Pétursson.

Nd. 719. Nefndarálit [88. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum um almannatryggingar, nr. 67 frá 20. apríl 1971, sbr. lög nr. 96 1971, um breyt. á þeim lögum.

Frá heilbrigðis- og trygginganefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið að undanförnu og hefur orðið sammála um að leggja til, að því verði vísað til ríkisstjórnarinnar í trausti þess, að endurskoðunarnefnd almannatryggingalaga fái efni þess til athugunar.

Alþingi, 13. apríl 1973.

Jón Skaftason, form., frsm. Ragnhildur Helgadóttir, fundaskr. Ingvar Gíslason. Jónas Árnason.
Bjarni Guðnason. Sverrir Hermannsson. Pétur Pétursson.

Sþ. 720. Þingsályktun [157. mál]

um milliþinganefnd í byggðamálum.

(Afgreidd frá Sþ. 13. apríl.)

Alþingi ályktar að kjósa 7 manna nefnd þingmanna, kosinna hlutfallskosningu í sameinuðu Alþingi, sem geri tillögur um markmið, leiðir og mörkun almennrar stefnu í byggðamálum. Skal að því stefnt, að varanleg starfsemi í byggðamálum verði efld og viðurkennd sem fastur þáttur í íslenzkri stjórnsýslu. Nefndin skal m. a. hafa eftirtalin verkefni:

1. Kanna, hvaða atriði valda fyrst og fremst mismunun á milli landsmanna eftir búsetu, bæði fjárhagslegri og félagslegri.
2. Kanna og meta eins og unnt er hin þjóðhagslegu áhrif þeirrar þróunar í byggðamálum, sem átt hefur sér stað á undanförnum áratugum.
3. Kanna, hvaða ráðstafanir nágrannaþjóðirnar hafa gert á þessu sviði og hvaða almenna stefnu þær hafa markað.
4. Athuga, hvað unnt er að gera af opinberri hálfu til þess að jafna metin á milli landsmanna, og gera tilraun til að meta áhrif slíkra aðgerða og kostnað.

5. Gera tillögur um markmið í byggðamálum.
6. Gera tillögur um leiðir til þess að ná fyrrgreindum markmiðum.
7. Leggja fram drög að almennri stefnu í byggðamálum.

Auk þess skal nefndin athuga tillögu til þingsályktunar á þingskjali 383 og leggja fram þau frv. til breytinga á lögum þegar í byrjun næsta þings, sem nefndin telur, að ekki þoli bið. Nefndin skal einnig leitast við að gefa Alþingi bráðabirgðaskýrslu í byrjun næsta þings um verkefni sitt.

Forsætisráðherra skipar formann nefndarinnar. Í samráði við forsætisráðuneytið skal nefndin fá eðlilega starfsaðstöðu, og henni skal heimilt að leita álits sérfróðra manna. Framkvæmdastofnun ríkisins skal skylt að veita nefndinni nauðsynlegar upplýsingar og aðstoð. Kostnaður við störf nefndarinnar greiðist úr Byggðasjóði.

Sþ. 721. Þingsályktun [226. mál]

um athugun á staðsetningu nýrrar hafnar á suðurströnd landsins.

(Afgreidd frá Sþ. 13. apríl.)

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta nú þegar hefja athugun á staðsetningu nýrrar hafnar á suðurströnd landsins á svæðinu frá Dyrhólaey og vestur um. Athuguninni verði hraðað eins og kostur er á, sérstaklega með tilliti til þess, ef svo kynni að fara, að höfnin í Vestmannaeyjum og hafnarstæði þar færi forgörðum af völdum eldgossins.

Til að framkvæma athugunina skal samgönguráðuneytið skipa nefnd sjö manna. Skal einn tilnefndur af Hafnamálastofnun ríkisins, einn af skipulagsstjórn ríkisins, einn af Útvegsbændafélagi Vestmannaeyja, einn sameiginlega af samtökum sjómanna og verkalýðsfélögunum í Vestmannaeyjum, einn af bæjarstjórn Vestmannaeyja, einn af Sambandi sveitarfélaga á Suðurlandi, og enn fremur skal samgönguráðuneytið skipa einn mann í nefndina án tilnefningar, og skal hann vera formaður nefndarinnar.

Nefndin skal skila áliti svo fljótt sem við verður komið.

Nd. 722. Lög [96. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Grýtubakkahreppi jörðina Grenivík, eyðibýlið Svæði og nýbýlið Höfðabrekku og Borgarneshreppi hluta af landi Borgar.

(Afgreidd frá Nd. 13. apríl.)

Samhljóða þskj. 699.

Ed. 723. Nefndarálit [200. mál]

um frv. til laga um róðrartíma fiskibáta.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin leggur til, að frv. verði samþ. óbreytt. — Jón Árnason var fjarstaddur vegna veikinda.

Alþingi, 13. apríl 1973.

Bjarni Guðbjörnsson, form., frsm.	Geir Gunnarsson, fundaskr.	Björn Jónsson.
Jón Árm. Héðinsson.	Axel Jónsson.	Steingr. Hermannsson.

Nd. 724. Nefndarálit [69. mál]

um frv. til l. um breyting á l. nr. 57 18. apríl 1962, um Hæstarétt Íslands.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin er sammála um að mæla með frumvarpinu óbreyttu.

Alþingi, 13. apríl 1973.

Svava Jakobsdóttir, form.	Bjarni Guðnason, fundaskr.	Stefán Valgeirsson, frsm.
Pétur Pétursson.	Jónas Jónsson.	Ellert B. Schram.
	Ólafur G. Einarsson.	

Ed. 725. Breytingartillaga [169. mál]

við frv. til l. um heilbrigðisþjónustu.

Frá Ásgeiri Bjarnasyni, Bjarna Guðbjörnssyni og Þorv. Garðari Kristjánssyni.

Við 16. gr. 3. Suður- og Vesturlandshérað. H 1 í upphafi b-liðs 12. töluliðar verður H 2.

Ed. 726. Frumvarp til laga [238. mál]

um Stofnlánadeild landbúnaðarins og byggingar í sveitum.

(Eftir 2. umr. í Ed., 13. apríl.)

Samhljóða þskj. 556 með þessari breytingu:

6. gr. hljóðar svo:

Stjórn Stofnlánadeildar setur henni útlánareglur, sem landbúnaðarráðherra staðfestir. Þær skulu miða að því, að fjárfestingarlán til landbúnaðarins og þjónustufyrirtækja hans stuðli að þeirri þróun, sem æskilegust er fyrir atvinnuveginn og þjóðarbúið í heild.

Lánareglur deildarinnar skulu miðaðar við það, að bændur, sem hafa minna en verðlagsgrundvallarbú, en hafa möguleika til að ná aukinni hagkvæmni með stækkun búanna, njóti hagkvæmustu lánakjara til umbóta á jörðum sínum, að því marki, að náð sé bústærð, sem svarar einu og hálfu verðlagsgrundvallarbúi, eins og það er á hverjum tíma.

Þegar um viðurkenndan félagsbúskap er að ræða, nýtur hver aðili að búinu lánaréttinda sem sjálfstæður bóndi.

Nú hefur bóndi stærra bú en sem svarar einu og hálfu verðlagsgrundvallarbúi, eða sækir um lán til framkvæmda, sem svara til stærra bús, og er þá heimilt að skipta lánum til viðkomandi framkvæmda þannig, að hluti þeirra sé með öðrum kjörum eða lægri hundraðshluti verði veittur út á framkvæmdina.

Upphæð lána má að jafnaði vera allt að 60% kostnaðarverðs, eins og meðalkostnaður sambærilegra framkvæmda er talinn ár hvert. Heimilt er þó, ef sérstaklega stendur á, að veita hærri lán, eða allt að 70%, ef ástæða þykir til að örva ákveðna framleiðslugrein á einstökum landssvæðum eða aðrar ástæður mæla sérstaklega með auknum stuðningi við viðkomandi framkvæmdir.

Til vélgrafinna skurða má lána allt að 85% kostnaðarverðs.

Njóti framkvæmdir framlags samkvæmt jarðræktarlögum, lækkar lánsupphæðin sem svarar framlaginu.

Um ákvörðun lána skal stjórn deildarinnar hafa hliðsjón af því, hve mikil önnur veðlán hvíla á eigninni, og skal eigi veita lán, ef ástæða er til að ætla, að búrekstur á jörðinni fái ekki staðið undir auknum lánum og ekki heldur þegar um er að ræða framkvæmdir á býlum, sem eru innan þéttbýlismarka, ef fyrirsjáanlegt þykir, að ekki verði þar um framtíðarbúrekstur að ræða.

Lán til húsa er heimilt að veita í áföngum, eftir að hús eru fokheld.

Ed. 727. Frumvarp til laga [256. mál]

um heimilisfræðaskóla.

(Lagt fyrir Alþingi á 93. löggjafarþingi, 1972—1973.)

I. KAFLI

Markmið, námstími.

1. gr.

Hlutverk heimilisfræðaskóla er að veita verklega og bóklega menntun í hagnýtum greinum heimilisfræða og búa nemendur undir:

1. Hirðingu og umönnun heimilis og fjölskyldu.
2. Störf og þjónustu í hússtjórnargreinum og félagsmálum.
3. Framhaldsnám í æðri skólum, t. d. kennaraskólum, félagsmálaskólum, fóstruskólum, hjúkrunarskólum, hótelskólum o. fl.

Kennslan skal miða að því að þroska sjálfstæði, dómgreind og félagsanda nemenda, jafnframt skal hvetja þá til þess að varðveita menningararf þjóðarinnar.

2. gr.

Starfstími heimilisfræðaskóla skal vera 36 vikur — kennsla og próf — þar sem verkleg kennsla skiptist í þrjár annir: matreiðslu, sauma og þvott og ræstingu, en bóknám dreifist jafnt á allan námstímann. Um nánari skiptingu í verklegt og bóklegt nám skal ákveða í reglugerð.

3. gr.

Stofna skal til framhaldsnáms í hússtjórnar- og heimilisfræðum fyrir þá, sem hyggjast veita forstöðu mötuneytum og viststofnunum. Menntamálaráðuneyti ákveður, hvenær stofna skuli til slíks framhaldsnáms og setur í reglugerð ákvæði um námsgreinar og lengd námstíma.

II. KAFLI

Inntökuskilyrði, námsgreinar og próf.

4. gr.

Inntökuskilyrði skulu vera þessi:

a) Að nemandinn hafi lokið skyldunámi (þ. e. grunnskóla) með lágmarkseinkunn, sem ákveðin er í reglugerð.
b) Að nemandinn sé eigi haldinn neinum andlegum eða líkamlegum kvilla eða annmarka, er hamli honum í námi eða starfi að dómi skólastjóra og skólanefndar.

5. gr.

Kennslu skal veita í því námsefni, sem hér er talið:

a) Íslenzku, dönsku, ensku og stærðfræði.
b) Manneldisfræðigreinum.

c) Hagfræðigreinum og verkstjórn.
d) Uppeldis- og félagsfræðigreinum.
e) Heilbrigðisfræðigreinum og umhverfisvernd.
f) Handíðagreinum.

Í reglugerð skal ákveða nánar um fjölda námsgreina og hvað kenna skal í hverri grein.

6. gr.

Próf skal halda í lok hverrar annar. Þau skulu vera samræmd í ákveðnum fjölda námsgreina, sem menntamálaráðuneytið ákveður hverju sinni. Í reglugerð skal setja ákvæði um samræmingu prófa og námsbækur. Hússtjórnarfulltrúi menntamálaráðuneytisins ræður sérfræðinga til þess að semja prófverkefni. Um próf og einkunnir skal setja ákvæði í reglugerð. Menntamálaráðuneyti skipar prófdómara að fengnum tillögum skólastjóra.

Eins árs nám í heimilisfræðaskóla skal veita sömu réttindi til framhaldsnáms og eins árs nám í almennum framhaldsskóla að loknu skyldunámi.

III. KAFLI
Skólastjórn og kennarar.

7. gr.

Menntamálaráðuneyti fer með yfirstjórn heimilisfræðaskóla. Í ráðuneytinu skal starfa hússtjórnarfulltrúi, sem hefur sérþekkingu á sviðum heimilisfræða. Hússtjórnarfulltrúinn skal vinna að skipulagningu á kennslu í heimilisfræðum. Menntamálaráðherra skipar skólastjóra. Hann skipar einnig fasta kennara, að fengnum tillögum skólastjóra og skólanefndar. Til þess að vera settur skólastjóri eða kennari við heimilisfæðaskóla þarf kennarapróf frá Húsmæðrakennaraskóla Íslands, Hústjórnarkennaraskóla Íslands eða Kennaraháskóla Íslands. Þá eina má setja skólastjóra, er gegnt hafa kennslu í að minnsta kosti eitt ár.

8. gr.

Við heimilisfræðaskóla skal starfa skólanefnd, sem menntamálaráðuneyti skipar til fjögurra ára í senn og starfar hún samkvæmt erindisbréfi, er ráðuneytið setur. Formann skal skipa án tilnefningar, en tvo nefndarmanna skal skipa samkvæmt tilnefningu héraðssambands kvenfélaga í byggðarlagi skólans og tvo tilnefnda af landshlutasamtökum sveitarfélaga. Skólastjóri skal sitja fundi skólanefndar með tillögurétti og málfrelsi.

9. gr.

Skólastjóri fer með stjórn heimilisfræðaskóla samkvæmt gildandi lögum og reglugerðum þar um og í samræmi við erindisbréf, er menntamálaráðuneytið setur. Hann ræður stundakennara og annað starfsfólk með samþykki menntamálaráðuneytis. Skólastjóra til aðstoðar skal vera kennararáð. Í kennararáði skulu vera allir fastráðnir kennarar skólans og skólastjóri, sem er sjálfkjörinn formaður. Heimilt er nemendum að kjósa úr sínum hópi einn til tvo fulltrúa í kennararáð til ráðuneytis um málefni nemenda.

10. gr.

Skólastjóri og kennarar eru embættismenn ríkisins og taka laun samkvæmt gildandi kjarasamningum á hverjum tíma.

11. gr.

Heimilt er skólastjóra að kveðja kennara sér til aðstoðar við eftirlit og umsjón í skólanum. Ennfremur skulu kennarar starfa með nemendum utan kennslustunda í samráði við skólastjóra og vinna önnur störf í þágu skólans eftir því, sem ástæður

leyfa og ákveðið er í reglugerð og erindisbréfi. Má þá fækka skyldustundum kennara svo og vegna mikillar heimavinnu eða annarra aukastarfa, að fengnu samþykki menntamálaráðuneytis.

Orlof.

12. gr.

Nú hefur kennari gegnt embætti í 5 ár og óskar að hverfa frá störfum um skeið til þess að efla þekkingu sína og kennsluhæfni. Skal hann þá senda menntamálaráðuneytinu beiðni um orlof ásamt greinargerð um, hvernig hann hyggst verja orlofstímanum, sem skal notaður til a) reglulegs náms í viðurkenndri menntastofnun, eða b) a. m. k. tveggja mánaða námsferðar, sem skipulögð er eða boðið til af aðila eða stofnun, sem menntamálaráðuneytið viðurkennir. Ef menntamálaráðuneytið telur umsókn og greinargerð kennara fullnægjandi, getur það veitt honum orlof, allt að einu ári, á föstum embættislaunum.

Menntamálaráðuneytið getur veitt kennara, er orlof hlýtur, styrk til að standa straum af kostnaði við ferðalög og námsdvöl í sambandi við orlofið, ef hann ver því til að stunda reglulegt nám við viðurkennda menntastofnun eða til námsferðar, sem hann nýtur ekki sambærilegs styrks til frá öðrum aðilum. Þá getur menntamálaráðuneytið auglýst eftir umsækjendum til að leggja fyrir sig tiltekið nám, gegn veitingu orlofs eða sérstakra styrkja, nema hvort tveggja sé. Styrki til viðbótar orlofi má veita af fé því, sem í fjárlögum er hverju sinni ætlað til að kosta orlof kennara. Þá getur menntamálaráðuneytið eða aðrir aðilar í samstarfi við það efnt til allt að þriggja vikna námsferða með hópum kennara á þeim árstíma, sem skólar hérlendis starfa ekki. Slíkar ferðir skulu að jafnaði farnar í júní eða ágúst, þegar kennurum gefst kostur á að kynnast skólum erlendis í starfi. Þeir aðilar, sem að slíkum ferðum standa, skulu skipuleggja þær fyrirfram og birta væntanlegum þátttakendum fyrirhugaða starfs- og ferðaáætlun. Menntamálaráðuneytið getur veitt af orlofsveitingu styrk, sem nemur allt að ⅔ af áætluðum ferða- og dvalarkostnaði þeirra kennara, sem þátt taka í slíkum hópferðum. Enginn kennari getur fengið á starfsævi sinni hærri fjárhæð í orlof og orlofsstyrki samanlagt en nemur 1½ árs embættislaunum hans.

Menntamálaráðuneytið setur reglugerð um framkvæmd orlofs kennara. Skal þess gætt eftir föngum, að það trufli ekki störf skóla eða torveldi þau. Að orlofi loknu skulu kennarar skila til ráðuneytisins skýrslu um störf sín og nám á orlofstímanum. Skilyrði má setja þeim, sem hljóta orlof eða styrk til reglulegs náms, að þeir starfi að námi loknu að skólamálum eða kennslu á Íslandi minnst þrjú ár. Ákvæði þessi taka einnig til skólastjóra. Heimilt er ráðuneytinu að veita kennurum orlof með launum að nokkru eða öllu leyti til þess að vinna að samningu eða útgáfu kennslubóka eða kennslugagna. Ennfremur er heimilt að veita kennurum launalaust leyfi, þegar sérstakar ástæður mæla með því.

IV. KAFLI
Fjármál.

13. gr.

Heimilisfræðaskólar skulu vera ríkisskólar og kostaðir að fullu úr ríkissjóði. Nemendur skulu þó greiða efniskostnað vegna verklegrar kennslu og kostnað við mötuneyti svo sem gert er í öðrum heimavistarskólum. Nemendur greiði einnig húsaleigu samkvæmt ákvörðun menntamálaráðuneytis.

14. gr.

Miða skal stærð heimilisfræðaskóla við það, að þar sé kennsluaðstaða og annað húsrými fyrir að minnsta kosti 36-40 nemendur. Í verklegum greinum skal nemendafjöldi ekki vera lægri en 12 í hópi að jafnaði. Að fengnum tillögum skólastjóra, skólanefnda og húsmæðrakennarafulltrúa skal menntamálaráðuneyti sjá skólunum fyrir nauðsyn-

legu húsnæði, er nægi til allrar starfsemi þeirra ásamt heimavist og íbúðum handa starfsliði, þar sem þess gerist þörf. Heimilisfræðaskólunum skal einnig séð fyrir nægilegum búnaði kennslutækja og bókasafni, sem nemendur hafa aðgang að.

Í reglugerð skal ákveða nánar um lágmarksbúnað skólanna.

V. KAFLI
Handíðaskóli.

15. gr.

Stofna skal 36 vikna handíðaskóla í tóvinnu, vefnaði, saumum og fleiri handíðum.

Kennslu skal veita í því námsefni, sem hér segir:

a) Íslenzku, dönsku, ensku og stærðfræði.
b) Handíða- og textílgreinum.
c) Hagfræðigreinum og verkstjórn.
d) Uppeldis- og félagsfræðigreinum.
e) Heilbrigðisfræðigreinum og umhverfisvernd.

Í reglugerð skal ákveða nánar um fjölda námsgreina og hvað kenna skal í hverri grein.

Um próf og réttindi til framhaldsnáms skulu gilda sömu ákvæði og um heimilisfræðaskóla, sbr. 6. gr.

VI. KAFLI
Námskeið

16. gr.

Heimilt er að starfrækja í heimilisfræða- og handíðaskólum námskeið með mismunandi námsefni og stundafjölda; svo sem framhaldsnámskeið í sérgreinum og námskeið fyrir starfshópa, sem vilja afla sér menntunar á afmörkuðum sviðum heimilisfræða og handíða, heimilishjálpar o. fl.

Setja skal reglugerð um starfsemi þeirra heimilisfræðaskóla, sem starfa eftir föstu námskeiða fyrirkomulagi, svo og önnur námskeið, enda hafi menntamálaráðuneyti samþykkt námskeiðshald, námsefni og námskeiðsgjöld.

VII. KAFLI
Ýmis ákvæði

17. gr.

Í reglugerð skal setja ákvæði um heilsuvernd í skólunum.

18. gr.

Menntamálaráðuneytið setur í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

19. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Við gildistöku þeirra falla úr gildi lög nr. 49/1946, svo og önnur lagaákvæði, er koma kunna í bága við þau.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið af nefnd, sem menntamálaráðuneytið skipaði 29. nóv. 1971 til þess að endurskoða gildandi lög um húsmæðrafræðslu og Húsmæðrakennaraskóla Íslands. Í nefndina voru skipuð Steinunn Ingimundardóttir, skólastjóri, samkvæmt tilnefningu skólastjóra húsmæðraskólanna, og var hún jafnframt skipuð formaður nefndarinnar, Björn Halldórsson, skrifstofustjóri, skipaður samkv. tilnefningu Sambands ísl. sveitarfélaga, Halldóra Eggertsdóttir, formaður kennarafélagsins Húsmæðrakennarar, skipuð samkv. tilnefningu félagsins, Sigríður Haraldsdóttir, kennari,

skipuð samkv. tilnefningu Kvenfélagasambands Íslands, og Vigdís Jónsdóttir, skólastjóri Húsmæðrakennaraskóla Íslands, skipuð án tilnefningar.

Nefndin hefur samið og sent ráðuneytinu með bréfi, dags. 7. marz 1973, tvö lagafrumvörp:

— Frumvarp til laga um heimilisfræðaskóla, og

— frumvarp til laga um Húsmæðrakennaraskóla Íslands.

Er tekið fram í bréfinu, að nefndarmenn séu í aðalatriðum sammála um frumvörpin.

Frumvarp þetta um heimilisfræðaskóla var lagt fram óbreytt frá því sem nefndin skilaði því, nema hvað það var felld niður svofelld grein, sem var 19. grein: „Lög þessi skulu endurskoðuð innan fimm ára frá gildistöku þeirra.“ Ráðuneytið telur ástæðulaust að slíkt ákvæði sé í lögum, því að sjálfsagt er að endurskoða lög ef aðstæður gera það eðlilegt, en óeðlilegt að binda það við ákveðið árabil.

Frumvarpið er lagt fram nú til þess að kynna málið.

Greinargerð nefndarinnar fer hér á eftir:

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

I. KAFLI

Um 1. gr.

Í frumvarpi því, sem hér liggur fyrir, er nafni húsmæðraskólanna breytt í heimilisfræðaskóla, þar sem það hæfir betur því starfssviði, sem skólanum er ætlað og ráð er gert fyrir, að bæði konur og karlar stundi þetta nám.

Meginácherzla verður hér eftir sem hingað til lögð á það að veita nemendum fræðilega þekkingu og starfsþjálfun til þess að vera færir um að hafa á hendi mótun og stjórnun heimila, bæði á sviði uppeldis, félagsmála, manneldis og heilbrigðishátta.

Um 2. gr.

Níu mánaða starfstími heimilisfræðaskóla þarf ekki að vera bundinn við vetrarmánuðina eingöngu, heldur geta skólarnir starfað á þeim tíma árs, sem bezt hentar á hverjum stað.

Ungt fólk leggur eins og er meginácherzlu á að mennta sig fyrir einhvers konar störf á vinnumarkaðinum, æ færri stúlkur virðast gefa sér tíma til að stunda níu mánaða nám, sem að mestu leyti er undirbúningur undir heimilisstörf og stjórn, en styttir ekki framhaldsnám.

Hins vegar verður í þjóðfélagi okkar stöðugt meiri þörf fyrir vel menntað fólk í heimilisfræðagreinum. Má í því sambandi minna á vaxandi ferðamannaþjónustu, mötuneytisþjónustu í skólum, á vinnustöðum og víðar. Hingað til hefur orðið að ráða fólk án sérmenntunar til slíkra starfa. Það er þjóðarbúinu fyrir beztu að þetta starfsfólk hafi staðgóða undirstöðumenntun og ber að stefna að því, að slík vinna verði metin að verðleikum.

Um 3. gr.

Hér er stofnað til framhaldsmenntunar fyrir þá, sem óska að afla sér menntunar og starfsréttinda á afmörkuðum sviðum heimilisfræða. Mikil þörf er fyrir þetta fólk, samanber næstu grein hér á undan.

Um 4. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

II. KAFLI

Um 5. gr.

Í þessari grein eru taldir þeir námsgreinaflokkar, er kenna skal í heimilisfræðaskólum.

a) Íslenzku, dönsku, ensku, stærðfræði;

b) manneldisfræðigreinar: næringarefnafræði, vöruþekking fæðuefna, meðferð og nýting fæðuefna og matreiðsla;
c) uppeldis- og félagsfræðigreinar: barnasálarfræði, uppeldisfræði, þjóðfélagsfræði og siðfræði;
d) hagfræðigreinar og verkstjórn: heimilishagfræði, híbýlafræði, vinnuhagfræði, áætlanagerð og stjórnun;
e) heilbrigðisfræði og umhverfisvernd: heilsufræði, hjálp í viðlögum, meðferð ungbarna, þvottur og ræsting, viðhald á fatnaði, búsmunum og húsum;
f) handíðagreinar: fatasaumur og ýmiss konar greinar á sviði heimilisiðnaðar og tómstundaiðju, svo sem tóvinnu, prjón, hekl, vefnað, útsaum o. fl.

Um skiptingu námsins í verklegar og bóklegar annir skal mælt fyrir um í reglugerð, svo og um fjölda kennslustunda og námsefni.

Nefndin telur sjálfsagt, að við heimavistarskólana starfi sérstakur tómstundakennari, er leiðbeint geti í ýmiss konar handíðum og félagsstarfi.

Í húsmæðraskólunum hefur hingað til verið kenndur vefnaður, sem ein af fjórum aðalgreinum verknáms. Samkvæmt þessu frumvarpi er hann felldur niður. Er það gert á þeirri forsendu, að hann er nær hvergi tíðkaður á heimilum nú á dögum. Hins vegar er æskilegt, að nemendur njóti tilsagnar í vefnaði í tómstundum. Sjá enn fremur 15. og 16. gr., þar sem fjallað er um handíðaskóla og námskeið.

Um 6. gr.

Skortur er á námsbókum í ýmsum greinum heimilisfræða. Nauðsynlegt er því að ráða sem fyrst sérfræðinga til að annast samantekt á heppilegu námsefni. Grein þessi stefnir að því að einfalda og stytta prófin og þar með lækka kostnað við þau. Með samræmingu námsefnis og um leið prófa á að vera hægt að fá sambærilegt mat á kunnáttu og hæfni nemandans til framhaldsnáms í öðrum skólum. Nefndin telur að til þess að þetta megi takast, þurfi að starfa fastráðinn hússtjórnarfulltrúi í menntamálaráðuneytinu, er hafi þessi mál með höndum. Eðlilegt er að heimilisfræði verði valgrein til stúdentsprófs, t.d. fyrir nemendur, sem að loknu stúdentsprófi hyggja á nám í matvælaiðnaði og lífefnafræði, auk þess, sem öllum er nauðsyn að kunna skil á undirstöðuatriðum heimilisstarfa, næringarfræði og heimilishagfræði.

Nefndin telur, að heimilisfræði ættu skilyrðislaust að vera þáttur í félagsfræðikjörsviði menntaskólanáms.

III. KAFLI

Um 7. gr.

Í þessari grein er eindregið gert ráð fyrir sérstökum hússtjórnarfulltrúa í menntamálaráðuneytinu, sem fari með málefni þessara skóla. Að fenginni reynslu þeirra, er starfað hafa við húsmæðraskóla síðustu árin, er óviðunandi það ástand, sem skapazt hefur, síðan lagt var niður embætti námsstjóra fyrir húsmæðrafræðslu í öllu landinu árið 1968, en í staðinn settur námsstjóri fyrir heimilisfræðslu gagnfræðastigsins í Reykjavík einni. Húsmæðraskólar landsins eru dreifðir um allt land, starfsliðið fámennt og störfum hlaðið, svo að erfitt er um samstarf og fundi. Menntun þeirra nemenda, sem lokið hafa námi í húsmæðraskólum, er þar af leiðandi mismunandi og á reiki. Hafa því aðrir skólar átt erfitt með að meta árangur námsins til að byggja á framhaldsmenntun.

Um 8. gr.

Skólanefndir hafa ætíð starfað við húsmæðraskólana. Þær eru skipaðar fulltrúum, sem kosnir hafa verið af ákveðnum aðilum í heimahéruðum skólanna og við það hafa skapazt tengsl við héraðsbúa. Ef heimilisfræðaskólarnir verða gerðir að ríkisskólum, þykir hlýða, að menntamálaráðuneytið hafi með höndum endanlegt val fulltrúa í skólanefndir, en þó með tilnefningu frá aðilum í heimabyggðum.

Um 9. gr.

Skólastjóri fer með stjórn skólans og tekur ákvarðanir um málefni hans, annað hvort einn eða með tilstyrk skólanefndar, skólaráðs og fulltrúa nemenda. Ýmissa sérhæfðra kennara er oft þörf við heimilisfræðaskóla og er eðlilegast, að skólastjóri sjái um ráðningu þeirra með samþykki menntamálaráðuneytis. Fram til þessa hefur verið mjög fámennt starfslið við húsmæðraskólana og gegnir skólastjóri bæði húsmóður- og húsvarðarstarfi. Nemendur hafa haft á hendi þrif húsa og starfað við mötuneytið undir handleiðslu kennara. Miklu af þessum störfum þarf að létta af nemendum til þess, að námið geti orðið hnitmiðaðra og umfangsmeira en verið hefur, enda er gert ráð fyrir því í frumvarpi þessu.

Um 10. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 11. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 12. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

IV. KAFLI

Um 13. gr.

Húsmæðraskólar eru nú flestir reknir af ríki og sveitarfélögum sameiginlega, sbr. lög nr. 49/1967.

Hin síðari ár hefur sumstaðar gengið erfiðlega að fá framlög sveitarfélaga greidd, enda er greiðslugeta þeirra lítil. Hafa margir skólanna lent í greiðsluörðugleikum af þessum sökum.

Í frumvarpi því, sem hér liggur fyrir, er gert ráð fyrir, að ríkissjóður stofni og reki heimilisfræðaskóla, enda tæpast eðlilegt að einstökum sveitarfélögum sé ætlað að greiða fjárframlag á móti ríkissjóði, þar sem nemendur skólanna eru víðsvegar að af landinu og hér er ekki um skyldunám að ræða. Mjög er óvíst um fjölda þeirra skóla, sem starfrækja þarf, en miðað við núverandi aðsókn að húsmæðraskólunum virðist mega gera ráð fyrir að 3—4 skólar fullnægi þörfinni næstu árin.

Kostnaðarauki ríkissjóðs af samþykkt þessa frumvarps yrði því upphæð, sem svarar til hluta sveitarfélaga í rekstri þeirra skóla, er hér um ræðir.

Gert er ráð fyrir, að nemendur greiði efniskostnað vegna verklegrar kennslu og mötuneytiskostnað á sama hátt og nemendur annarra framhaldsskóla. Þá er einnig gert ráð fyrir, að þeir greiði húsaleigu skv. ákvörðun menntamálaráðuneytis.

Um 14. gr.

Ekki þykir hagkvæmt að reka minni heimilisfræðaskóla en fyrir 36—40 nemendur, svo að rekstrarkostnaður þeirra verði ekki óhæfilega hár miðað við nemendafjölda. Húsrými og aðstaða á mörgum húsmæðraskólanna er alls óviðunandi og langt frá að fullnægja nútímakröfum í þessum efnum. T. d. er það grundvallaratriði, að í heimilisfræðaskólum sé sérstök kennslustofa fyrir bóknám. Þá eru margir skólarnir mjög vanbúnir, hvað snertir kennslutæki og bókasöfn.

V. KAFLI

Um 15. gr.

Í þessari grein er gert ráð fyrir sérstökum skóla í handíðum, þar sem verklega námið er vefnaður, tóvinna og fatasaumur, auk ýmissa annarra greina á sviði heimilisiðnaðar og tómstundaiðju, svo sem prjón, hekl, útsaumur, tauþrykk, leðurvinna og tréskurður.

Íslenzkur heimilisiðnaður er að hasla sér völl að nýju í útflutningi þjóðarinnar og virðist mikil þörf á að beina fólki að þessu námi — og stuðla með því að varðveizlu og eflingu íslenzks ullariðnaðar með því að veita undirstöðumenntun á þessu sviði.

Þessi skóli er hliðstæður heimilisfræðaskólunum þannig, að nemendur fá að námi loknu sömu réttindi til framhaldsnáms í hinum almenna framhaldsskóla.

VI. KAFLI

Um 16. gr.

Sjálfsagt þykir, að heimilisfræða- og handíðaskólar starfræki námskeið í ýmsum greinum heimilisfræða og handíða og að þéttbýlisskólar verði jafnvel eingöngu námskeiðsskólar án heimavistar.

Ljóst er, að miklar og margvíslegar nýjungar verða á komandi tímum á sviði heimilisfræða, það þykir því nauðsyn, að menn hafi aðstöðu til framhaldsmenntunar og endurhæfingar, jafnframt því sem haldin eru námskeið fyrir byrjendur.

Útlit er fyrir vaxandi þörf á fólki til þess að veita aðstoð í heimahúsum í veikindaforföllum húsráðenda, svo og við umönnun aldraðs fólks. Nauðsynlegt er því að halda námskeið fyrir fólk, sem starfar við heimilisþjónustu.

Íslendingar búa við vaxandi ferðamannastraum, en hins vegar er sárafátt af sérmenntuðu fólki til starfa við ferðamannaþjónustu. Námskeiðshald í ýmsum greinum hótelstarfa gæti bætt þar úr brýnni þörf.

VII. KAFLI

Um 17. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 18. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 19. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Ed. 728. Frumvarp til laga [257. mál]

um Hússtjórnarkennaraskóla Íslands.

(Lagt fyrir Alþingi á 93. löggjafarþingi, 1972—1973.)

I. KAFLI

Tilgangur, námstími og réttindi.

1. gr.

Hússtjórnarkennaraskóli Íslands skal annast menntun hússtjórnarkennara og matráðsmanna.

2. gr.

Hússtjórnarkennaraskóli Íslands skal starfa í tveimur deildum, kennardeild og matráðsdeild.

Kennaradeild býr nemendur undir kennslu í heimilisfræðum, svo og þeim greinum öðrum, er reglugerð ákveður, í grunnskólum og framhaldsskólum ásamt störfum við rannsóknir og leiðbeiningaþjónustu neytenda og atvinnuvega.

Matráðsdeild menntar starfsmenn til þess að veita forstöðu mötuneytum sjúkrahúsa, heimavistarskóla, vistheimila og annarra stofnana.

3. gr.

Lokapróf frá Hússtjórnarkennaraskóla Íslands veita réttindi til þeirra starfa, er talin eru í annarri grein samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð.

4. gr.

Hússtjórnarkennaraskóli Íslands skal vera þriggja ára skóli. Námstími skal vera 110—120 vikur.

Skiptingu kennslunnar í námstímabil skal ákveða í reglugerð.

II. KAFLI

Inntökuskilyrði, námsgreinar og próf.

5. gr.

Inntökuskilyrði í Hússtjórnarkennaraskóla Íslands eru:

a) Stúdentspróf ásamt 20 vikna hússtjórnarnámskeiði.
b) Próf úr heimilisfræðaskóla, að viðbættu prófi úr tveggja ára framhaldsdeildum gagnfræðaskóla.
c) Með samþykki menntamálaráðuneytis má veita umsækjendum með annað nám að baki skólavist, ef skólastjórn telur það jafngilt og mælir með því. Þeir, sem bezta undirbúningsmenntun hafa, sitja fyrir um skólavist.
d) Nemandi skal eigi haldinn neinum kvilla, er öðrum geti að meini orðið og hamli skólavist að dómi skólastjórnar.

6. gr.

Í báðum deildum Hússtjórnarkennaraskóla Íslands skal kenna þessar námsgreinar:

a) Íslenzku og íslenzk fræði, framsögn.
b) Næringarefnafræðigreinar.
c) Raungreinar.
d) Hagfræði- og félagsfræðigreinar.
e) Heilbrigðisfræðigreinar og umhverfisvernd.
f) Í kennaradeild skal kenna uppeldisgreinar. Í matráðsdeild skal kenna verkstjórn og áætlanagerð, diet- og sjúkdómafræði.

7. gr.

Þær kennsluæfingar, sem ekki fara fram í skólanum eða í æfinga- og tilraunaskóla Kennaraháskóla Íslands, verði í skólum þeim, sem menntamálaráðuneyti ákveður, að fengnum tillögum skólastjóra Hússtjórnarkennaraskóla Íslands, og skal hafa um þetta samráð við fræðsluskrifstofur og skólastjóra viðkomandi skóla.

8. gr.

Nemendur matráðsdeildar Hússtjórnarkennaraskóla Íslands skulu fá verklega kennslu í stofnunum ríkis- og Reykjavíkurborgar, eftir samkomulagi þar um við forráðamenn viðkomandi stofnana.

Skylt er leiðbeinendum, sem taka að sér verklega kennslu matráðsnema, að veita þeim tilsögn í samráði við skólastjóra Hússtjórnarkennaraskóla Íslands samkvæmt reglugerð.

9. gr.

Próf skal halda í lok hvers námstímabils. Við lokapróf í hverri grein skulu prófdómendur skipaðir af menntamálaráðuneyti, að fengnum tillögum skólastjóra.

Í reglugerð skal ákveða nánar um prófgreinar, próftíma, lágmarkseinkunnir, skiptingu lokaprófs á námstímabil og annað er að prófum lýtur.

III. KAFLI
Skólastjórn og kennarar.

10. gr.

Menntamálaráðuneytið fer með yfirstjórn Húsmæðrakennaraskóla Íslands.

Menntamálaráðherra skipar fimm manna skólanefnd til 4 ára í senn þannig:

Húsmæðrafulltrúa menntamálaráðuneytis og er hann formaður nefndarinnar. Rektor Kennaraháskóla Íslands eða fulltrúa hans. Einn fulltrúa tilnefndan af Kvenfélagasambandi Íslands. Einn fulltrúa tilnefndan af Kennarafélaginu Húsmæðrum. Einn fulltrúa tilnefndan af Félagi matráðskvenna.

Formaður skólanefndar boðar til fundar, þegar skólastjóri eða einhver nefndarmanna óskar þess, þó eigi sjaldnar en einu sinni á ári.

Skólastjóri á rétt til að sitja á fundum nefndarinnar.

11. gr.

Fastir kennarar ásamt einum fulltrúa nemenda úr hvorri deild skólans, mynda skólaráð, sem er skólastjóra til ráðuneytis um skólastarfið.

Skólastjóri er í forsæti á fundum skólaráðs.

12. gr.

Skólastjóri og fastir kennarar skólans eru embættismenn ríkisins og taka laun samkvæmt kjarasamningum.

Skólastjóri skal skipaður af forseta Íslands. Menntamálaráðherra skipar kennara, að fengnum tillögum skólanefndar og skólastjóra.

Hann ræður einnig yfirkennara, ef þurfa þykir, að fengnum tillögum skólastjóra.

13. gr.

Heimilt er skólastjóra að kveðja kennara sér til aðstoðar við eftirlit og umsjón í skólanum.

Enn fremur skulu kennarar starfa með nemendum utan kennslustunda í samráði við skólastjóra og vinna önnur störf í þágu skólans, eftir því sem ástæður leyfa og ákveðið er í reglugerð og erindisbréfi.

Má þá fækka skyldustundum kennara, svo og vegna mikillar heimavinnu eða annarra aukastarfa, að fengnu samþykki menntamálaráðuneytis.

14. gr.

Þá eina má setja skólastjóra og kennara við Húsmæðrakennaraskóla Íslands, sem lokið hafa fullnaðarprófi frá Húsmæðrakennaraskóla Íslands, Húsmæðrakennaraskóla Íslands eða hafa kennarapróf frá hliðstæðum kennaraskólum erlendum og hafa stundað framhaldsnám í húsmæðrafræðum, uppeldisfræðum eða dietfræðum.

Þeir kennarar, er lokið hafa kandidatsprófi frá Norræna búsýsluskólanum eða kandidatsprófi í einhverri aðalkennslugrein skólans, að viðbættri uppeldisfræðilegri menntun, sitja að öðru jöfnu fyrir um stöður.

Til þess að fá skipun við skólann þurfa kennarar að hafa stundað framhaldsnám, sem menntamálaráðuneyti metur gilt á hverjum tíma. Skólastjóri ræður sérfræðinga til stundakennslu.

15. gr.

Menntamálaráðherra setur skólanefnd, skólastjóra og kennurum erindisbréf.

IV. KAFLI
Ýmis ákvæði.

16. gr.

Stofn- og rekstrarkostnaður Hússtjórnarkennaraskóla Íslands greiðist úr ríkissjóði. Menntamálaráðuneyti ákveður heimavistargjöld og þátttöku nemenda vegna efniskostnaðar, að fengnum tillögum skólastjóra.

17. gr.

Skólastjóri ræður, með samþykki menntamálaráðuneytis, starfslið til að annast húsvörzlu, ræstingu, skrifstofustörf og önnur nauðsynleg störf vegna rekstrar skólans.

18. gr.

Nú hefur kennari gegnt embætti í 5 ár og óskar að hverfa frá störfum um skeið til að efla þekkingu sína og kennarahæfni. Skal hann þá senda menntamálaráðuneytinu beiðni um orlof ásamt greinargerð um, hvernig hann hyggist verja orlofstímanum, sem skal notaður til: a) reglulegs náms í viðurkenndri menntastofnun, eða b) a. m. k. tveggja mánaða námsferðar, sem skipulögð er eða boðið til af aðila eða stofnun, sem menntamálaráðuneytið viðurkennir.

Ef menntamálaráðuneytið telur umsókn og greinargerð kennara fullnægjandi, getur það veitt honum orlof, allt að einu ári með föstum embættislaunum.

Menntamálaráðuneytið getur veitt kennara, er orlof hlýtur, styrk til að standa straum af kostnaði við ferðalög og námsdvöl í sambandi við orlofið, ef hann ver því til að stunda regluglegt nám við viðurkennda menntastofnun eða til námsferðar, sem hann nýtur ekki sambærilegs styrks til frá öðrum aðilum.

Þá getur menntamálaráðuneytið auglýst eftir umsækjendum til að leggja fyrir sig tiltekið nám, gegn veitingu orlofs eða sérstakra styrkja, nema hvorttveggja sé.

Styrki til viðbótar orlofi má veita af fé því, sem í fjárlögum er hverju sinni ætlað til að kosta orlof kennara.

Þá getur menntamálaráðuneytið eða aðrir aðilar í samstarfi við það efnt til allt að 3 vikna námsferða með hópum kennara á þeim árstíma sem skólar hérlendis starfa ekki.

Slíkar ferðir skulu að jafnaði farnar í júní eða ágúst, þegar kennurum gefst kostur á að kynnast skólum erlendis í starfi. Þeir aðilar, sem fyrir slíkum ferðum standa, skulu skipuleggja þær fyrirfram og birta væntanlegum þátttakendum fyrirhugaða starfs- og ferðaáætlun.

Menntamálaráðuneytið getur veitt af orlofsfjárveitingu styrk, sem nemur allt að ⅔ af áætluðum ferðakostnaði og dvalarkostnaði þeirra kennara, sem þátt taka í slíkum hópferðum.

Enginn kennari getur á starfsævi sinni fengið hærri fjárhæð í orlof og orlofsstyrki samanlagt en nemur 1½ árs embættislaunum hans.

Menntamálaráðuneytið setur reglugerð um framkvæmd orlofs kennara.

Skal þess gætt eftir föngum, að það trufli ekki störf skóla eða torveldi þau. Að orlofi loknu skulu kennarar skila til ráðuneytisins skýrslu um störf sín og nám á orlofstímanum.

Skilyrði má setja þeim, sem hljóta orlof eða styrk til reglulegs náms, að þeir starfi að námi loknu að skólamálum eða kennslu á Íslandi minnst 3 ár.

Ákvæði þessi taka einnig til skólastjóra.

Heimilt er ráðuneytinu að veita kennurum orlof með launum að nokkru eða öllu leyti til þess að vinna að samningu eða útgáfu kennslubóka eða kennslugagna. Enn fremur er heimilt að veita kennara launalaust leyfi, þegar sérstakar ástæður mæla með því.

19. gr.

Skylt er Húsmæðrakennaraskóla Íslands að fenginni sérstakri fjárveitingu og í samráði við menntamálaráðuneyti, að halda endurhæfingarnámskeið í sérgreinum skólans fyrir húsmæðrakennara og matráðsmenn.

20. gr.

Í reglugerð skal setja ákvæði um heilsuvernd í skólanum.

21. gr.

Menntamálaráðuneyti setur í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

22. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og tekur Húsmæðrakennaraskóli Íslands þá við hlutverki Húsmæðrakennaraskóla Íslands. Teljast fastir starfsmenn Húsmæðrakennarskóla Íslands starfsmenn Húsmæðrakennaraskóla Íslands frá sama tíma.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frv. þetta er samið af nefnd, sem menntamálaráðuneytið skipaði 29. nóvember 1971 til þess að endurskoða gildandi lög um húsmæðrafræðslu og Húsmæðrakennaraskóla Íslands.

Í nefndina voru skipuð: Steinunn Ingimundardóttir, skólastjóri, samkvæmt tilnefningu skólastjóra húsmæðraskólanna og var hún jafnframt skipuð formaður nefndarinnar, Björn Halldórsson, skrifstofustjóri, samkvæmt tilnefningu Sambands ísl. sveitarfélaga, Halldóra Eggertsdóttir, form. Kennarafélagsins Húsmæðrakennara, samkv. tilnefningu félagsins, Sigríður Haraldsdóttir, kennari, samkvæmt tilnefningu Kvenfélagasambands Íslands, og Vigdís Jónsdóttir, skólastjóri Húsmæðrakennaraskóla Íslands, skipuð án tilnefningar.

Nefndin hefur samið og sent ráðuneytinu með bréfi, dags. 7. marz 1973, tvö lagafrumvörp: um Húsmæðrakennaraskóla Íslands og um heimilisfræðaskóla. Er tekið fram, að nefndarmenn séu í aðalatriðum sammála um frumvörpin.

Frv. til laga um Húsmæðrakennaraskóla Íslands er lagt hér fram óbreytt frá því sem nefndin skilaði því, nema hvað felld er niður svofelld grein: „Lög þessi skal endurskoða samtímis endurskoðun laga um Kennaraháskóla Íslands, þó eigi síðar en að 5 árum liðnum frá gildistöku þeirra.“ Bæði er, að lögin um Kennaraháskólann eru þegar í endurskoðun og lög á að sjálfsögðu að endurskoða hvenær sem ástæða virðist til.

Frumvarpið er lagt fram nú til þess að kynna málið.

Greinargerð nefndarinnar fer hér á eftir:

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í þessari grein er nafni skólans breytt úr Húsmæðrakennaraskóli Íslands í Húsmæðrakennaraskóli Íslands um leið og ákveðnar eru tvær námsbrautir innan skólans, þ. e. fyrir húsmæðrakennara og matráðsmenn.

Um 2. gr.

Það er hlutverk Húsmæðrakennaraskóla Íslands að veita kennaranemum fullnægjandi þekkingu og leikni bæði bóklega og verklega, til að leiðbeina ungum og öldnum í heimilisfræðum.

Skólinn skal temja kennaraefnum fræðilegt viðhorf og þann heildarskilning á nemendum og umhverfi þeirra, er geri þá hæfa til samvinnu við vandamenn nemenda sinna, sérfræðinga og aðra aðila, sem að uppeldismálum vinna.

Miða verður kennsluna að því að kenna öllum nemendum hagkvæm og skipuleg vinnubrögð í námi og starfi, bæði sem einstaklingum og í hópvinnu.

Einnig skal þjálfa sjálfstæða hugsun, glæða hugkvæmni, skyldurækni og félagsþroska.

Skapa ber skólanum aðstöðu til að láta nemendur fylgjast með nýjungum í vísindum og viðhorfum heimilisfræða og dietfræða.

Um 3. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 4. gr.

Samkvæmt gildandi lögum er Húsmæðrakennaraskóli Íslands þriggja ára skóli og starfar í 8—9 mánuði ár hvert, auk 3½ mánaðar sumarnámskeiðs.

Í frumvarpi þessu eru nefndar heildartölur fyrir allan námstímann — 110—120 vikur — en heppilegra þykir að ákvæði um skiptingu hans á námsárin verði sett í reglugerð.

Í frumvarpi því, er hér liggur fyrir, er krafizt stúdentsprófs eða ígildis þess til inngöngu í skólann. Kennaranám hússtjórnarkennara verður því hliðstætt námi í Kennaraháskóla Islands, en þar er námstíminn samkvæmt gildandi lögum 3 ár.

Um 5. gr.

Óhjákvæmilegt er að krefjast stúdentsprófs til inngöngu í Hússtjórnarkennaraskóla Íslands, koma þar til 2 meginatriði:

1. Sífellt meiri kröfur eru gerðar um almenna menntun.
2. Sú veigamikla staðreynd, að nauðsynlegri, faglegri og kennslufræðilegri sérhæfingu kennaraefna verður eigi við komið á þeim tíma, sem í frumvarpinu er ætlaður, nema nemendur hafi áður aflað sér stúdentsmenntunar eða ígildis hennar.

b og c liðir greinarinnar lúta að því að meta aðfaramenntun og hæfni umsækjanda, er hann hefur aflað sér eftir öðrum menntabrautum.

Um 6. gr.

Námsefni skólans er:

a) Íslenzka, íslenzk fræði, framsögn.
b) Næringarfræðigreinar: næringarefnafræði, vöruþekking, matreiðsla, tilraunamatreiðsla, dietfræði.
c) Raungreinar: eðlis- og efnafræði, gerlafræði, líffærafræði, lífeðlisfræði, lífefnafræði og stærðfræði.
d) Hagfræði- og félagsfræðigreinar: almenn hagfræði, heimilishagfræði, híbýlafræði, félagsfræði, fjölskyldufræði og bókfærsla.
e) Heilbrigðisfræðigreinar og umhverfisvernd: heilsufræði, hjálp í viðlögum, þvottur og ræsting, viðhald húsa og húsbúnaðar og viðhald fatnaðar.

Í lok greinarinnar er námi hinna tveggja deilda skipt. Kennaraefni nema uppeldisgreinar: sálarfræði, uppeldisfræði, kennslufræði og stunda kennsluæfingar.

Matráðsmenn nema: verkstjórn og áætlanagerð, diet- og sjúkdómafræði og hljóta verklega tilsögn í mötuneytum sjúkrahúsa.

Um 7. gr.

Nemendur Hússtjórnarkennaraskóla Íslands þurfa miklar kennsluæfingar, bæði í bóklegum og verklegum greinum.

Æskilegt er, að skólinn hafi aðstöðu og húsrými til að hafa þessa kennslu innan sinna vébanda. Samstarf skal haft við Kennaraháskóla Íslands um aðstöðu til æfingakennslu.

Fræðsluskrifstofur skulu annast milligöngu um samninga vegna æfingakennslu í skólum, þar sem aðstaða er fyrir hendi.

Um 8. gr.

Nauðsynlegt er að flétta inn í nám matráðsnema Hússtjórnarkennaraskóla Íslands verklega kennslu, sem farið getur fram í mötuneytum sjúkrahúsa og annarra þeirra stofnana, er hafa yfir að ráða vélakosti og aðstöðu sem líkasta þeim, er gerist á beztu vinnustöðum sinnar tegundar.

Um 9. gr.

Grein þessi miðar að því að einfalda próf, jafnframt því sem hún á að gera kleift að fylgjast með nemendum í námi og starfi.

Námsefni skal, eftir því sem reglugerð ákveður, skipt niður í áfanga, og er eðlilegt að ljúka hverjum áfanga með prófi.

Próf í lok fyrsta námsárs á að skera úr um það, hvort nemanda lætur kennsla eða ekki, svo að hann geti í tæka tíð snúið sér að öðru námi eða starfi.

Um 10. gr.

Ákvæði þessu um skólanefnd Hússtjórnarkennaraskóla Íslands er ætlað að tryggja, að í verki nýtist sjónarmið og reynsla þeirra, sem mesta þekkingu hafa á menntun heimilisfræðakennara og matráðsmanna.

Til að tryggja tengsli og samstarf við Kennaraháskóla Íslands þykir rétt, að rektor hans eða fulltrúi eigi sæti í nefndinni.

11., 12. og 13. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 14. gr.

Í þessari grein eru ákvæði um menntun skólastjóra og kennara og eru þau sett til þess að tryggja, að skólinn hafi ávallt á að skipa hinum hæfustu starfskröftum.

15. og 16. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 17. gr.

Þar sem skólinn er rekinn eingöngu af ríkinu, þykir eðlilegt að skólastjóri annist ráðningu starfsliðs þess, er hér um ræðir, með samþykki menntamálaráðuneytis.

Um 18. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 19. gr.

Vegna sífelldrar þróunar þykir sjálfsagt að Hússtjórnarkennaraskóli Íslands í samvinnu við menntamálaráðuneyti annist endurmenntun og viðbótarmenntun hússtjórnarkennara og matráðsmanna með námskeiðum.

20., 21. og 22. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Nd. 729. Nefndarálit [231. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 75 13. maí 1966, um Fiskveiðasjóð Íslands, sbr. lög nr. 33/1970.

Frá meiri hl. sjávarútvegsnefndar.

Nefndin hefur rætt frv. á fundi sínum, en ekki orðið ásátt um afgreiðslu þess. Meiri hl. (GS, JSk, KP og BP) leggur til, að frv. verði samþ., þó áskilja nefndarmenn sér rétt til að fylgja eða flytja brtt. Minni hl. (GuðlG og PS) skilar séráliti. Frsm. minni hl. PS.

Stefán Gunnlaugsson var fjarverandi afgreiðslu málsins.

Alþingi, 14. apríl 1973.

Garðar Sigurðsson, form., frsm. Jón Skaftason. Björn Pálsson.
Karvel Pálmason.

Nd. 730. Nefndarálit [244. mál]

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að staðfesta fyrir Íslands hönd alþjóðasamning, er gerður var 29. des. 1972, um varnir gegn mengun hafsins vegna losunar úrgangsefna og annarra efna í það.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og leggur til, að það verði samþykkt.

Stefán Gunnlaugsson var fjarverandi afgreiðslu frv.

Alþingi, 14. apríl 1973.

Garðar Sigurðsson, form., frsm. Jón Skaftason. Karvel Pálmason.
Björn Pálsson. Guðl. Gíslason. Pétur Sigurðsson.

Ed. 731. Nefndarálit [236. mál]

um frv. til l. um breyting á lögum nr. 14 15. marz 1965, um launaskatt, sbr. lög nr. 104 31. des. 1972.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og leggur til, að það verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU:

Við 1. gr. Greinin orðist svo:

1. mgr. 1. gr. laganna orðist svo:

Leggja skal á launagreiðendur almennan launaskatt, að fjárhæð 2½% af greiddum vinnulaunum og hvers konar atvinnutekjum öðrum en tekjum sjómanna á

íslenzkum fiskiskipum, þar með töldum tekjum hlutaráðinna landmanna, sem aflað er í tengslum við úthald skipanna til fiskveiða, og tekjum af landbúnaði, svo sem ákveðið er í lögum þessum.

Alþingi, 14. apríl 1973.

Ragnar Arnalds, form.	Páll Þorsteinsson, fundaskr.	Bjarni Guðbjörnsson, frsm.
Geir Hallgrímsson, með fyrirvara.	Björn Jónsson.	Jón Árm. Héðinsson.

Ed. 732. Nefndarálit [225. mál]

um frv. til l. um jöfnun flutningskostnaðar á sementi.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og mælir með því, að það verði samþykkt óbreytt.

Magnús Jónsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 14. apríl 1973.

Ragnar Arnalds, form., frsm.	Páll Þorsteinsson, fundaskr.	Björn Jónsson.
Jón Árm. Héðinsson.	Geir Hallgrímsson.	Bjarni Guðbjörnsson.

Nd. 733. Nefndarálit [233. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 68 frá 10. okt. 1967, um Iðnlánasjóð.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og mælir með samþykkt þess eins og það er á þskj. 668.

Alþingi, 14. apríl 1973.

Eðvarð Sigurðsson, form., frsm.	Pétur Pétursson, fundaskr.	Þórarinn Þórarinsson.
Gunnar Thoroddsen.	Bjarni Guðnason.	Lárus Jónsson.
	Jónas Jónsson.	

Ed. 734. Nefndarálit [134. mál]

um frv. til l. um breyting á lögum nr. 30 12. maí 1970, um Húsnæðismálastofnun ríkisins.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og leggur til, að það verði samþykkt. Nm. áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja breytingartillögum.

Alþingi, 14. apríl 1973.

Björn Jónsson, form., frsm. Halldór Kristjánsson, fundaskr. Auður Auðuns.
Helgi Seljan. Björn Fr. Björnsson. Eggert G. Þorsteinsson
Þorv. Garðar Kristjánsson.

Ed. 735. Nefndarálit [223. mál]

um frv. til l. um breyting á lögum nr. 30 12. maí 1970, um Húsnæðismálastofnun ríkisins.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og leggur til, að það verði samþykkt. Nm. áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja breytingartillögum.

Alþingi, 14. apríl 1973.

Björn Jónsson, form., frsm. Halldór Kristjánsson, fundaskr. Auður Auðuns.
Helgi Seljan. Björn Fr. Björnsson. Eggert G. Þorsteinsson
Þorv. Garðar Kristjánsson.

Ed. 736. Breytingartillögur [238. mál]

við frv. til l. um Stofnlánadeild landbúnaðarins og byggingar í sveitum.

Frá meiri hl. landbúnaðarnefndar.

1. Framan við I. kafla komi svofellt ákvæði:

1. gr.

Í stað I. og II. kafla laganna, 1.—24. gr., komi nýr kafli, sem verði I. kafli og orðist svo:

2. Við 5. gr. Í stað 2. og 3. málsgr. komi:
   4. Til vinnslustöðva landbúnaðarafurða.
   5. Til heykögglaverksmiðja og heyþurrkunarstöðva, viðgerðarverkstæða fyrir landbúnaðarvélar og annarra verkstæða, er veita þjónustu fyrir viðkomandi sveitir; til bústofnskaupa, búvéla og þungavinnuvéla búnaðar- og ræktunarsambanda.
3. 19.—29. gr. falli niður.

4. 30. gr. verði 2. gr. og orðist svo:
   Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1973.
5. Aftan við frv. komi svo hljóðandi

Ákvæði til bráðabirgða:

1. liður 5. gr. I. kafla laganna kemur ekki til framkvæmda fyrr en ákvæðum laga um Veðdeild Búnaðarbanka Íslands hefur verið breytt til samræmis við lög þessi.

6. Fyrirsögn orðist svo:
   Frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 45 16. apríl 1971, um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum.

Nd. 737. Nefndarálit [231. mál]

um frv. til l. um breyting á lögum nr. 75 13. maí 1966, um Fiskveiðasjóð Íslands, sbr. lög nr. 33/1970.

Frá minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Með frv., þessu er gert ráð fyrir nýjum álögum í c-lið 1. gr. um 1% af fob.-verði útfluttra sjávarafurða, reiknað á sama hátt og annað útflutningsgjald af sömu vöru. Þetta nýja gjald á að gefa á ársgrundvelli um 160—170 millj. kr.

Þar sem þetta gjald verður dregið frá, áður en verð til skipta til áhafnar er ákveðið, er augljóst, að það kemur niður á sjávaraflanum í heild að bera gjaldið í viðbót við aðrar álögur, sem nýlega hafa verið lagðar á, m.a. í hafnalögunum. Þótt reiknað sé í d-lið frv. með jafnháu framlagi úr ríkissjóði, þá kemur það undarlega fyrir, þegar fjmrh. hefur boðað niðurskurð um 15% á gildandi fjárlögum.

Augljóst er, að vandamál Fiskveiðasjóðs eru engan veginn leyst með þessu atriði, þar sem fjármagnsþörf sjóðsins er nú þegar yfir 1300 millj. krónur umfram eigið ráðstöfunarfé og þess vegna útilokað annað en að leysa fjármögnun sjóðsins með sérstakri lántöku.

Fiskveiðasjóður fær samkv. gildandi lögum í gegnum útflutningsgjaldakerfið um 50—60 millj. á ársgrundvelli frá útgerðinni.

Á fund nefndarinnar komu Jón Sigurðsson, form. Sjómannasambands Íslands, og Kristján Ragnarsson, form. L.Í.Ú., og gerðu grein fyrir afstöðu samtaka sinna til þessa nýja gjalds. Þeir lögðust eindregið á móti nýjum álögum, sem kæmu fram í lækkuðu fiskverði til handa sjómönnum og útgerð, en að óbreyttu erlendu verði þýðir skattur þessi 2—3% lækkun fiskverðs við næstu verðákvörðun.

Í málefnasamningi ríkisstjórnarinnar var því lofað að lækka vexti á stofnlánum bátanna og lengingu lána. Vextirnir voru lækkaðir úr 6½% í 5½% og lánstími lengdur úr 15 árum í 20 ár. Þessi breyting jók að sjálfsögðu fjármagnsþörf sjóðsins að verulegu leyti.

Nú hefur Fiskveiðasjóður tekið 125 millj. króna lán með útlánskjörum, bundin við vísitölu byggingarkostnaðar, og endurlánar fjármagnið með þessum sérstaka hætti. Undirritaðir vilja vekja sérstaka athygli á þeirri stefnubreytingu, sem nú hefur átt sér stað um fjármögnun Fiskveiðasjóðs, þar sem sjóðurinn nú á tímum gjaldeyrisbólgu er fjármagnaður með lánsfé, sem bundið er vísitölu byggingarkostnaðar, en benda má á, að byggingarvísitalan hefur hækkað, frá því að núverandi ríkisstjórn tók við, úr 535 stigum í 708 stig. Þetta stingur mjög í stúf við fyrri fyrirheit um hagkvæmari lánskjör fyrir útveginn. Útvegsmenn hafa um langan aldur samþykkt nokkra kvöð á sig í fjármögnun Fiskveiðasjóðs í gegnum útflutningsgjaldakerfið, en eðlilega eru þröng takmörk fyrir auknar álögur í þessu skyni. Þessi takmörk

eru enn þrengri en áður vegna minnkandi fiskmagns en aukins tilkostnaðar. Því verður að selja hverja einingu dýrara en áður.

Undirrituðum er ljóst vandamál Fiskveiðasjóðs, en telja, að málið þurfi meiri undirbúning, þar sem m. a. hefur komið í ljós, að ekki hefur verið haft samráð við samtök útvegs- eða sjómanna um málið. Enda eru fleiri atriði í lögum þessum, sem endurskoðunar þurfa með, svo sem um skipun stjórnar sjóðsins á þann veg, að þeir, sem beint eða óbeint leggja honum til fjármagn, eigi þar aðild að. Er það í samræmi við þær brtt., sem nú eru gerðar á Stofnlánadeild landbúnaðarins.

Við leggjum því til, að málinu verði vísað til ríkisstjórnarinnar og henni falið að vinna að lausn þess í samráði við hlutaðeigandi aðila.

Stefán Gunnlaugsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 14. apríl 1973.

Pétur Sigurðsson, frsm. Guðl. Gíslason.

Nd. 738. Frumvarp til laga [258. mál]

um eftirlaun starfsmanna stjórnmálaflokkanna.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

1. gr.

Starfsmenn stjórnmálaflokkanna, sem óska að njóta eftirlauna skv. 3. gr. þessara laga, skulu greiða í Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins 4% af þeim hámarkslaunum, sem ríkisstarfsmenn í 15., 23. og 28. launaflokki hafa á hverjum tíma, eftir því sem um semst milli starfsmanna og vinnuveitenda þeirra. Skal upphæðin dragast frá kaupi starfsmanna mánaðarlega og greiðast sjóðnum ásamt 6% mótframlagi frá vinnuveitanda.

Starfsmenn stjórnmálaflokkanna samkvæmt lögum þessum eru þeir, sem vinna fullt starf hjá stjórnmálaflokki eða deildum hans, þó ekki starfsfólk við blaðaútgáfu.

Undir ákvæði laganna falla þeir, sem störfuðu hjá flokkunum árið 1971 eða hefja starf eftir það, og njóta þeir réttinda fyrir allan þann tíma, sem þeir hafa unnið fullt starf hjá flokknum, enda greiði þeir iðgjald til sjóðsins frá ársbyrjun 1971 eða frá því að þeir hófu starf hjá stjórnmálaflokki, ef það var seinna.

Starfsmenn stjórnmálaflokkanna skulu vera í sérstakri deild innan Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins með sérstöku reikningshaldi.

2. gr.

Þegar starfsmaður stjórnmálaflokks, sem uppfyllir skilyrði 1. gr., hefur látið af störfum fyrir flokkinn og er 65 ára eða eldri, eða er öryrki, á hann rétt á eftirlaunum úr sjóðnum eftir þeim reglum, sem lýst er í 3. gr. laga þessara.

Þegar talað er um öryrkja í lögum þessum, er átt við 75% örorku eða meira. Heimilt er þó stjórn sjóðsins að ákveða, ef sérstaklega stendur á, að greiða skuli starfsmanni, sem aflað hefur sér eftirlaunaréttar samkvæmt lögum þessum, hluta af eftirlaunum hans, en aldrei meira en 50% eftirlaunanna, þótt örorka hans nái ekki 75%.

Þó að starfsmaður hafi látið af störfum hjá stjórnmálaflokki, áður en hann hefur náð 65 ára aldri, fær hann eigi að síður eftirlaun, þegar hann hefur fyllt 65 ár, miðað við samanlagðan starfstíma sinn hjá flokknum, minnst 6 ár, sbr. 3. gr. laga þessara.

3. gr.

Starfsmaður stjórnmálaflokks, sem uppfyllir ákvæði 1. og 2. greinar þessara laga, á rétt á eftirlaunum sem hér segir:

Fyrir 6—10 ára starf 35% af hámarkslaunum ríkisstarfsmanns í þeim launaflokki, sem iðgjöld viðkomandi starfsmanns eru miðuð við, eða samsvarandi flokki, ef flokkaskipun verður breytt, fyrir 11—15 ára starf 50%, fyrir 16—20 ára starf 55% og fyrir 21—25 ára starf 60% af hámarkslaunum í viðkomandi launaflokki.

Hafi starfsmaður unnið lengur en 25 ár samanlagt hjá stjórnmálaflokki, á hann rétt á hækkun eftirlauna sem nemur 1% af áðurnefndum launum fyrir hvert ár, sem hann starfar fram yfir 25 ár. Þó skulu eftirlaun aldrei vera hærri en 70% af launum í þeim launaflokki, sem við er miðað.

Eftirlaun miðast við laun í fyrrgreindum launaflokkum, eins og þau eru á hverjum tíma. Brot úr ári, sem nær ekki 6 mánuðum, fellur niður, en 6 mánuðir og meira reiknast sem heilt ár.

4. gr.

Maki fyrrverandi starfsmanns, sem nýtur eftirlauna samkvæmt lögum þessum, á rétt á að fá 50% af eftirlaunum maka síns að honum látnum.

5. gr.

Nú andast starfsmaður, sem greitt hefur iðgjöld til sjóðsins, áður en hann nær 65 ára aldri, og á þá eftirlifandi maki hans rétt á makalífeyri, sem nemur 50% af þeim eftirlaunum, sem starfsmaðurinn hefði öðlazt rétt til frá 65 ára aldri, ef hann hefði þá verið á lífi.

6. gr.

Ef starfsmaður, sem öðlast rétt til eftirlauna samkvæmt þessum lögum, eignast einnig rétt á lífeyri úr öðrum deildum Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins eða öðrum lögboðnum lífeyrissjóði, skulu eftirlaun samkvæmt þessum lögum við það miðuð, að samanlögð eftirlaun verði ekki hærri en þau eftirlaun, sem hámarksstarfsaldur í þeim sjóðnum, sem er starfsmanninum hagkvæmari, mundi veita rétt til.

7. gr.

Halli, sem verða kann á deild starfsmanna stjórnmálaflokkanna við Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, greiðist úr ríkissjóði.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt skv. ósk fjármálaráðherra. Fylgja því eftirfarandi athugasemdir.

Lífeyrissjóðsréttindi eða eftirlaun fyrir starfsmenn stjórnmálaflokkanna hafa verið til athugunar um skeið. Viðræður um þau efni hófust fyrir rúmum tveimur árum, og hafa ýmsar leiðir verið athugaðar í því sambandi.

Hér er um að ræða fámennan hóp, sem ekki á fyllilega samleið með öðrum starfsmönnum. Pólitísk veðrabrigði geta valdið því, að starf þeirra er ótryggt líkt og þingseta alþingismanna. Þeir eiga ekki fyllilega samleið með skrifstofufólki vegna sérstaks eðlis starfsins. Vinnutími þessara manna getur ekki verið fastbundinn við ákveðinn skrifstofutíma og verður stundum næsta óreglulegur.

Eftir verulega athugun þessara mála hefur orðið samkomulag um að leggja til, að starfsmennirnir skuli vera í sérstakri deild innan Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins með sérstöku reikningshaldi. Lagt er til, að lífeyrisréttindi þeirra verði að

nokkru leyti sniðin eftir réttindum þingmanna. Verður að telja það eðlilegt, m. a. með tilliti til þess, hversu líkt er um atvinnuöryggi þessara tveggja starfshópa.

Þeir starfsmenn, sem fengju rétt til aðildar að lífeyrissjóði samkvæmt þessu frv., eru 10—15 talsins. Flestir þeirra eru tiltölulega ungir og yrði því lítið um greiðslur ellilífeyris til þeirra fyrstu 10 árin, svo að fé mundi safnast fyrir á þeim tíma.

Ed. 739. Breytingartillaga [169. mál]

við frv. til laga um heilbrigðisþjónustu.

Frá Eggert G. Þorsteinssyni.

Við 16. gr. 2. töluliður 16.5 orðist svo:

Blönduósumdæmi.

a) Á Blönduósi H 2, starfssvæði Áshreppur, Sveinsstaðahreppur, Torfalækjarhreppur, Blönduóshreppur, Svínavatnshreppur, Bólstaðarhlíðarhreppur og Engihlíðarhreppur.

b) Á Skagaströnd H 1, starfssvæði Vindhælishreppur, Höfðahreppur og Skagahreppur.

Ed. 740. Breytingartillögur [223. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 30 12. maí 1970, um Húsnæðismálastofnun ríkisins.

Frá Þorv. Garðari Kristjánssyni og Auði Auðuns.

1. Við 1. gr.
   a) Í stað „kr. 800 000.00“ í 1. mgr. komi: kr. 900 000.00.
   b) Á eftir orðunum „á vegum sveitarfélaga“ í 2. mgr. komi inn til viðbótar: og annarra þeirra aðila, sem byggja vilja leiguíbúðir.
   c) Ný málsgrein bætist við, er verði 3. mgr., þannig orðuð:
   Byggðasjóður skal kaupa árlega skuldabréf (bankavaxtabréf) samkvæmt 5. gr. til að mæta þeirri fjármagnsþörf, er nemur mismuninum á almennri lánsupphæð samkv. 1. mgr. og hinum sérstöku lánum samkv. 2. mgr. B-liðar.
2. Ný grein bætist við, er verði 2. gr., svo hljóðandi:
   Í stað orðsins „helmingi“ í 2. mgr. 18. gr. komi: fjórðungi.
3. Ný grein bætist við, er verði 3. gr., svo hljóðandi:
   Í stað orðanna „jafnhátt og“ í 2. mgr. 20. gr. komi: þreföld.

Nd. 741. Breytingartillaga [231. mál]

við frv. til l. um breyting á l. nr. 75 13. maí 1966, um Fiskveiðasjóð Íslands, sbr. l. nr. 33/1970.

Frá Pétri Sigurðssyni, Guðlaugi Gíslasyni, Birni Pálssyni, Sverri Hermannssyni, Bjarna Guðnasyni og Benedikt Gröndal.

Á eftir 1. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:

7. gr. laganna orðist svo:

Fiskveiðasjóður heyrir undir ráðherra þann, sem fer með sjávarútvegsmál. Skal stjórn hans vera í höndum 7 manna, sem ráðherra skipar til tveggja ára í senn eftir tilnefningum. Tilnefnir Seðlabanki Íslands einn fulltrúa í stjórnina, Landsbanki Íslands einn, Útvegsbanki Íslands einn, Landssamband ísl. útvegsmanna einn,

Sjómannasamband Íslands einn, Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, Sölusamband ísl. fiskframleiðenda og Sjávarafurðadeild S. Í. S. einn sameiginlega og Farmanna- og fiskimannasamband Íslands einn. Ráðherra skipar á sama hátt jafnmarga varamenn. Stjórnin kýs sér formann og varaformann. Til þess að fundur sjóðsstjórnar sé lögmætur, þarf meiri hluti stjórnarinnar að sitja hann, og ræður einfaldur meiri hluti fundarins ákvörðun stjórnarinnar.

Sþ. 742. Þingsályktun [61. mál]

um verðaukaskatt af lóðum og lendum.

(Afgreidd frá Sþ. 14. apríl.)

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta undirbúa löggjöf um verðaukaskatt, sem lagður skal á sölu fasteigna, annarra en íbúðarhúsnæðis, atvinnurekstrarhúsnæðis og ábýlisjarða.

Skal markmið löggjafarinnar vera að skattleggja sölu lóða og lendna, sem hækkað hafa í verði án tilverknaðar eigenda umfram almennar verðhækkanir.

Skattur þessi renni til sveitarfélaga.

Sþ. 743. Þingsályktun [210. mál]

um könnun sjónvarpsskilyrða á fiskimiðum umhverfis landið og gerð kostnaðaráætlunar í því sambandi.

(Afgreidd frá Sþ. 14. apríl.)

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta kanna ítarlega skilyrði til móttöku sjónvarpssendinga á fiskimiðum umhverfis landið. Jafnframt verði gerð kostnaðaráætlun um úrbætur í þessum efnum, ef þeirra reynist þörf. Umræddri könnun og kostnaðaráætlun skal lokið fyrir næsta reglulegt Alþingi.

Sþ. 744. Þingsályktun [41. mál]

um endurskoðun laga varðandi úrskurðarvald félagsmálaráðuneytisins o. fl. um ályktanir sveitarstjórna.

(Afgreidd frá Sþ. 14. apríl.)

Samhljóða þskj. 43.

Ed. 745. Nefndarálit [173. mál]

um frv. til laga um verkfræðiþjónustu á vegum landshlutasamtaka sveitarfélaga.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og mælir með samþykki þess. Einstakir nefndarmenn eru þó óbundnir um breytingartillögur, sem fram kunna að koma.

Alþingi, 14. apríl 1973.

Björn Jónsson, form. Halldór Kristjánsson, fundaskr., frsm. Helgi Seljan.

Auður Auðuns. Eggert G. Þorsteinsson. Þorv. Garðar Kristjánsson.

Björn Fr. Björnsson.

Ed. 746. Breytingartillögur [76. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 68 15. júní 1971, um tekjuskatt og eignarskatt, og l. nr. 7 23. marz 1972, um breyt. á þeim lögum.

Frá Magnúsi Jónssyni og Geir Hallgrímssyni.

Á eftir 3. gr. komi ný grein, sem orðist svo:

Við 16. gr. laganna (sbr. 8. gr. laga nr. 7/1972) bætist ný málsgrein svo hljóðandi:

Auk frádráttar samkvæmt 1. mgr. skal draga frá hreinum tekjum einstaklinga og hjóna, sem annað hvort eða bæði eru orðin 67 ára á skattárinu, fjárhæð, er jafnist fullum árlegum ellilífeyri á skattárinu, miðað við, að hann sé fyrst tekinn frá 67 ára aldri, sbr. ákvæði 11. gr. laga nr. 67/1971, um almannatryggingar. Hjá þeim, sem rétt áttu til örorkulífeyris á skattárinu, skal aukafrádráttur þessi nema fullum árlegum örorkulífeyri, sbr. ákvæði 1. mgr. 12. gr. greindra laga.

2. Við 5. gr. Greinin falli niður.

3. Á eftir 11. gr. komi ákvæði til bráðabirgða:

Skattvísitala fyrir skattárið 1972 skal vera 135.

Nd. 747. Nefndarálit [217. mál]

um frv. til l. um norrænan tækni- og iðnþróunarsjóð.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og mælir með samþykkt þess.

Alþingi, 14. apríl 1973.

Vilhjálmur Hjálmarsson, form., frsm.	Gils Guðmundsson, fundaskr.	Karvel Pálmason,
Matthías Bjarnason.	Matthías Á. Mathiesen.	Gylfi Þ. Gíslason.
	Þórarinn Þórarinsson.	

Nd. 748. Frumvarp til laga [238. mál]

um breyting á lögum nr. 45 16. apríl 1971, um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum.

(Eftir 3. umr. í Ed., 14. apríl.)

1. gr.

Í stað I. og II. kafla laganna, 1.—24. gr., komi nýr kafli, sem verði I. kafli og orðist svo:

I. KAFLI

Um Stofnlánadeild landbúnaðarins.

1. gr.

Stofnlánadeild landbúnaðarins er deild í Búnaðarbanka Íslands. Um samband Stofnlánadeildarinnar við aðrar deildir bankans fer eftir lögum um Búnaðarbanka Íslands og ákvæðum þessara laga.

Hlutverk Stofnlánadeildar landbúnaðarins er að efla framleiðslu og framleiðni í íslenzkum landbúnaði og treysta byggð í sveitum landsins. Hún veitir fjármagn til framkvæmda á sveitabýlum og til þjónustufyrirtækja landbúnaðarins, svo sem nánar er tilgreint í lögum þessum.

Landbúnaðarráðherra hefur yfirstjórn þeirra mála, er lög þessi taka til.

2. gr.

Stjórn Búnaðarbanka Íslands hefur á hendi stjórn Stofnlánadeildar. Þegar bankaráð tekur til meðferðar og ákvörðunar málefni Stofnlánadeildar eða Byggingarstofnunar landbúnaðarins, skulu fulltrúi frá Stéttarsambandi bænda og fulltrúi frá Búnaðarfélagi Íslands taka sæti í bankaráði Búnaðarbanka Íslands sem fullgildir bankaráðsmenn. Fulltrúar þessir og varamenn þeirra skulu tilnefndir til fjögurra ára í senn, í fyrsta sinn gildir sú tilnefning til 31. desember 1976.

3. gr.

Bankaráð skal ráða deildinni forstöðumann og ákveður starfssvið hans með erindisbréfi. Forstöðumaður gerir tillögur til bankastjórnar um lánveitingar deildarinnar samkvæmt reglum, sem settar verða samkvæmt lögum þessum.

Verði ágreiningur um einstakar lánveitingar milli bankastjórnar og forstöðumanns, getur forstöðumaður skotið þeim ágreiningi til bankaráðs til endanlegrar ákvörðunar.

4. gr.

Tekjur deildarinnar eru:

1. Árlegt framlag ríkissjóðs, er nemi 25 milljón krónum.
2. Álag á söluvörur landbúnaðarins, 1%, til ársloka 1980.
   Álag þetta skal ákvarða og innheimta á sama hátt og búnaðarmálasjóðsgjald, samkvæmt lögum nr. 38 15. febrúar 1945.
3. Gjald á útsöluverð mjólkur og rjóma og á heildsöluverð annarra landbúnaðarvara, er nemi 1%, frá 1. júlí 1973 til ársloka 1980.
   Gjald á vörur, sem ekki eru í verðlagsgrundvelli, skal miða við áætlað útsöluverð, séu þær ekki verðlagðar af Sexmannanefnd. Sölusamtök framleiðenda og aðrir seljendur skulu standa skil á gjaldinu samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð.
   Gjald þetta nær til allra sömu vörutegunda og gjald samkvæmt 2. tl. þessarar gr. — Innheimta skal sama gjald af innfluttum kartöflum og tekið er af kartöflum framleiddum innanlands.
4. Árlegt framlag ríkissjóðs, er nemi jafnhárri fjárhæð og samanlagðar tekjur samkvæmt 2. og 3. lið þessarar greinar.
5. Vaxtatekjur.

Framleiðsluráð landbúnaðarins annast innheimtu á gjöldum samkvæmt 2. og 3. tölulið þessarar greinar.

5. gr.

Stofnlánadeildin veitir lán til eftirtalinna verkefna:

1. Til jarðakaupa.
2. Til nýbygginga og endurbygginga íbúðarhúsa á lögbýlum.
3. Til ræktunar, útihúsa, vatnsveitna og varmaveitna og annarra mannvirkja, er varða landbúnað, þar með talin ylrækt, loðdýrarækt og lax- og silungseldi.
4. Til vinnslustöðva landbúnaðarafurða.
5. Til heykögglaverksmiðja og heyþurrkunarstöðva, viðgerðarverkstæða fyrir landbúnaðarvélar og annarra verkstæða, er veita þjónustu fyrir viðkomandi sveitir; til bústofnskaupa, búvéla og þungavinnuvéla búnaðar- og ræktunarsambanda.

6. gr.

Stjórn Stofnlánadeildar setur henni útlánareglur, sem landbúnaðarráðherra staðfestir. Þær skulu miða að því, að fjárfestingarlán til landbúnaðarins og þjónustufyrirtækja hans stuðli að þeirri þróun, sem æskilegust er fyrir atvinnuveginn og þjóðarbúið í heild.

Lánareglur deildarinnar skulu miðaðar við það, að bændur, sem hafa minna en verðlagsgrundvallarbú, en hafa möguleika til að ná aukinni hagkvæmni með stækkun búanna, njóti hagkvæmustu lánakjara til umbóta á jörðum sínum, að því marki, að náð sé bústærð, sem svarar einu og hálfu verðlagsgrundvallarbúi, eins og það er á hverjum tíma.

Þegar um viðurkenndan félagsbúskap er að ræða, nýtur hver aðili að búinu lánaréttinda sem sjálfstæður bóndi.

Nú hefur bóndi stærra bú en sem svarar einu og hálfu verðlagsgrundvallarbúi, eða sækir um lán til framkvæmda, sem svara til stærra bús, og er þá heimilt að skipta lánum til viðkomandi framkvæmda þannig, að hluti þeirra sé með öðrum kjörum eða lægri hundraðshluti verði veittur út á framkvæmdina.

Upphæð lána má að jafnaði vera allt að 60% kostnaðarverðs, eins og meðalkostnaður sambærilegra framkvæmda er talinn ár hvert. Heimilt er þó, ef sérstaklega stendur á, að veita hærri lán, eða allt að 70%, ef ástæða þykir til að örva ákveðna framleiðslugrein á einstökum landssvæðum eða aðrar ástæður mæla sérstaklega með auknum stuðningi við viðkomandi framkvæmdir.

Til vélgrafinna skurða má lána allt að 85% kostnaðarverðs.

Njóti framkvæmdir framlags samkvæmt jarðræktarlögum, lækkar lánsupphæðin sem svarar framlaginu.

Um ákvörðun lána skal stjórn deildarinnar hafa hliðsjón af því, hve mikil önnur veðlán hvíla á eigninni, og skal eigi veita lán, ef ástæða er til að ætla, að búrekstur á jörðinni fái ekki staðið undir auknum lánum, og ekki heldur þegar um er að ræða framkvæmdir á býlum, sem eru innan þéttbýlismarka, ef fyrirsjáanlegt þykir, að ekki verði þar um framtíðarbúrekstur að ræða.

Lán til húsa er heimilt að veita í áföngum, eftir að hús eru fokheld.

7. gr.

Lán má veita gegn þessum tryggingum:

1. Gegn veði í fasteign, enda hvíli eigi veðskuldir á henni til annarra en Stofnlánadeildarinnar eða annarra opinberra sjóða á undan veðrétti þeim, sem Stofnlánadeildin fær. Ef umbætur þær, sem lán eru veitt til, eru gerðar á fasteign þeirri sjálfri, sem veðsett er, skal heimilt að telja verð umbótanna til viðbótar verðgildi eignarinnar óbættrar.
2. Gegn veði í þeim húsum, sem lánað er til, ásamt tilheyrandi lóð og lóðarréttindum, ef þau eru byggð fyrir sjálfstæðan rekstur, svo sem sláturhús, mjólkurvinnslustöðvar, verkstæði o. þ. h.
3. Gegn veði í þeim vélum, sem keyptar eru.
4. Gegn veði í tilteknum flokki eða flokkum búfjár, þrátt fyrir ákvæði 4. gr. laga um veð frá 4. nóvember 1887.

Tryggingar þær, sem taldar eru undir 1. tölulið, skulu fullgildar einar saman, ef um er að ræða lán til jarðakaupa, ræktunar eða byggingar íbúðarhúsa, peningshúsa og geymsluhúsa á lögbýlum, en ef um er að ræða lán til verksmiðja, véla, gróðurhúsa og bústofnsauka, skulu þau veð, sem látin eru til tryggingar samkv. 2.—4. tölulið, styrkt með fasteignaveði eða ábyrgð hrepps eða sýslufélags, ef nauðsynlegt þykir.

Hús og vélar eru því aðeins fullgilt veð fyrir lánum úr Stofnlánadeild, að vátryggð séu í vátryggingarstofnun, sem deildin tekur gilda.

8. gr.

Lánstími skal vera 5—42 ár, eftir því til hvers lánað er. Lán til íbúðarhúsa má vera til allt að 42 ára, ef húsin eru talin byggð úr nægilega varanlegu efni. Lán til annarra nýrra bygginga og ræktunar mega vera til allt að 25 ára, svo og til þeirra framkvæmda við ylrækt og lax- og silungsrækt, sem varanlegar teljast, en til vélakaupa, girðinga, bústofnsauka og annars þess, sem ekki á að tryggja langa endingu, eigi nema 5—12 ár. Skal nánar kveða á í reglugerð, hve langur lánstími má vera til hverrar tegundar lána.

Heimilt er, að lán til útihúsabygginga og íbúðarhúsabygginga séu höfð afborgunarlaus fyrstu 2 árin, þegar sérstaklega stendur á.

Lánin skulu endurgreidd með jöfnum ársgreiðslum, nema lántaki vilji greiða þau hraðar.

9. gr.

Ríkisstjórnin ákveður, að fengnu áliti stjórnar Seðlabanka Íslands og stjórnar Stofnlánadeildarinnar, vexti af lánum deildarinnar, sbr. lög nr. 4 1960, um efnahagsmál. Vextir af lánum til byggingar íbúðarhúsa skulu þó að minnsta kosti vera ½% lægri en af almennum lánum deildarinnar.

Heimilt er að hafa mismunandi háa vexti af lánum til sömu framkvæmdar, sbr. ákvæði 6. gr. Þá er heimilt að ákveða vexti af lánum til vinnslustöðva, verkstæða og annarra slíkra framkvæmda hærri en af almennum lánum.

10. gr.

Heimilt er Búnaðarbanka Íslands vegna Stofnlánadeildar landbúnaðarins, að fengnu samþykki ríkisstjórnarinnar, að taka lán í samræmi við ákvörðun Alþingis í framkvæmdaáætlun hverju sinni.

Eigi er Stofnlánadeild landbúnaðarins heimilt að endurlána erlent lánsfé nema með gengisákvæði. Sama máli gegnir um verðtryggt innlent lánsfé, enda gangi slík lán til vinnslustöðva, vélakaupa og bygginga, sem reistar eru til sameiginlegra þarfa bændasamtakanna.

11. gr.

Ríkissjóður ábyrgist allar skuldbindingar Stofnlánadeildar landbúnaðarins og greiðir þær, ef eignir og tekjur hennar hrökkva ekki til.

12. gr.

Lán til endurbyggingar íbúðarhúsa á lögbýlum skulu veitt með þessum skilyrðum:

1. Að húsið sé gert úr góðum og viðurkenndum byggingarefnum og samþykkt af Byggingastofnun landbúnaðarins.
2. Að lögð hafi verið fram lýsing á bæjarhúsum umsækjanda frá hlutaðeigandi byggingafulltrúa eða bygginganefndum, og beri sú lýsing vitni um, að endurbyggingar sé þörf.
3. Að fyrir liggi vottorð frá landnámsstjórn um, að býlið hafi framtíðarmöguleika, að íbúðarhúsið sé við hæfi þess og að húsið verði reist á hentugum stað miðað við ræktun, vatnsból, vegi, rafleiðslur og annað það, er tryggir framtíð þess.

Lán skulu enn fremur því aðeins veitt til endurbyggingar íbúðarhúsa á lögbýlum, að hús eða viðbygging við hús sé allt byggt að nýju, eða gamalt hús endurbyggt þannig, að telja megi jafngilt nýju húsi til íbúðar.

13. gr.

Heimilt er að telja lán eða eftirstöðvar láns úr Stofnlánadeild landbúnaðarins fallnar í gjalddaga án uppsagnar:

1. Þegar áskilið árgjald er ekki greitt á réttum gjalddaga.
2. Við eigendaskipti að veði fyrir láni, ef deildinni hefur ekki verið tilkynnt um eigendaskiptin.
3. Ef veðið gengur svo úr sér eða rýrnar að gildi, að lánið er ekki lengur tryggt að dómi deildarinnar.
4. Ef lögð er niður landbúnaðarframleiðsla eða störf fyrir landbúnaðinn á eignum þeim, sem veðsettar eru deildinni.

14. gr.

Þegar lán er komið í gjalddaga, hefur Stofnlánadeild landbúnaðarins heimild til að láta selja veðið við opinbert uppboð, án undanfarandi dóms, sáttar eða fjárnáms samkvæmt ákvæðum í lögum um lögræði, nr. 95 5. júní 1947, 39. gr., eða láta leggja deildinni það út til eignar, ef þörf krefur.

15. gr.

Ef veð er selt á nauðungaruppboði eða við gjaldþrotaskipti, ber uppboðshaldara að geta þess í uppboðsgerðinni, að eignin sé veðsett Stofnlánadeild landbúnaðarins, og skal stjórn hennar gert aðvart svo tímanlega, að hún geti látið fulltrúa sinn vera við uppboðið.

16. gr.

Stofnlánadeild landbúnaðarins er undanþegin öllum sköttum til ríkis og sveitarfélaga.

17. gr.

Stofnlánadeild landbúnaðarins greiðir Lífeyrissjóði bænda til ársloka 1985 fé til lífeyrisgreiðslna samkvæmt 17. gr. og 18. gr. laga um Lífeyrissjóð bænda, er nemur 37.5% árlegra lífeyrisgreiðslna.

Einnig greiðir deildin Lífeyrissjóði bænda framlag samkvæmt 6. gr. þeirra laga í eitt ár í senn, ef árlegar tekjur sjóðsins hrökkva ekki fyrir árlegum útgjöldum hans, enda á Stofnlánadeildin rétt á lánum, er nemi 25% af árlegum iðgjöldum og framlögum í sjóðinn fyrstu 15 starfsár hans.

18. gr.

Setja má með reglugerð nánari ákvæði um starfsemi Stofnlánadeildarinnar, m. a. um tilhögun á innheimtu álags á landbúnaðarvörur samkvæmt 4. gr., enda brjóti sú reglugerð ekki í bága við nein ákvæði í lögum.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1973.

Ákvæði til bráðabirgða:

1. liður 5. gr. I. kafla laganna kemur ekki til framkvæmda fyrr en ákvæðum laga um veðdeild Búnaðarbanka Íslands hefur verið breytt til samræmis við lög þessi.

Nd. 749. Nefndarálit [235. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 59 28. maí 1969, um tollheimtu og tolleftirlit.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og leggur til, að það verði samþykkt.

Alþingi, 14. apríl 1973.

Vilhjálmur Hjálmarsson, form., frsm. Gils Guðmundsson, fundaskr. Gylfi Þ. Gíslason.
Matthías Á. Mathiesen. Matthías Bjarnason. Þórarinn Þórarinsson.
Karvel Pálmason.

Nd. 750. Nefndarálit [191. mál]

um frv. til l. um Iðnrekstrarsjóð.

Frá minni hl. iðnaðarnefndar.

Undirritaðir nefndarmenn mæla með frumvarpinu óbreyttu.

Alþingi, 14. apríl 1973.

Eðvarð Sigurðsson, form. Þórarinn Þórarinsson, frsm. Jónas Jónsson.

Ed. 751. Frumvarp til laga [130. mál]

um breyting á lögum nr. 49/1967, um skólakostnað.

Eftir 2. umr. í Ed., 14. apríl.

1. gr.

Við síðustu málsgr. 6. gr. laganna bætist:

Nú næst ekki samkomulag um kaup á nauðsynlegu landi undir skólamannvirki, og er þá heimilt að taka það eignarnámi. Fer um slíkt eignarnám eftir lögum um framkvæmd eignarnáms.

2. gr.

Upphaf 14. greinar laga nr. 49/1967, um skólakostnað, orðist þannig:

Fjárveitingar ríkisins til skólamannvirkja, aðrar en til undirbúnings framkvæmdum, skiptast á tvö til fjögur ár vegna hverrar framkvæmdar. Heildarframlög ríkissjóðs til hverrar framkvæmdar skal vera til reiðu innan fjögurra ára frá því að fyrsta fjárveiting er veitt, önnur en fjárveiting til undirbúnings, sbr. þó 8. gr., og greiðist með sex greiðslum, eftir því sem verkinu þokar áfram, þannig:

3. gr.

Ákvæði til bráðabirgða:

Fjárveitingum til þeirra skólamannvirkja, sem samkvæmt gildandi lögum áttu að fá lokaframlag í fjárlögum 1973, má skipta á árin 1973 og 1974.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Sþ. 752. Nefndarálit [246. mál]

um till. til þál. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að gerast aðili að samningi um að koma í veg fyrir ólöglega töku loftfara og samningi um að koma í veg fyrir ólögmætar aðgerðir gegn öryggi flugsamgangna.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin leggur til, að tillagan verði samþykkt.

Alþingi, 14. apríl 1973.

Þórarinn Þórarinsson, form., frsm.
Gils Guðmundsson, fundaskr.
Jóhann Hafstein.
Bjarni Guðnason.
Eysteinn Jónsson.
Gylfi Þ. Gíslason.
Matthías Á. Mathiesen.

Nd. 753. Nefndarálit [191. mál]

um frv. til l. um Iðnrekstrarsjóð.

Frá meiri hl. iðnaðarnefndar.

Nefndin hefur rætt þetta frv. á tveim fundum sínum. Hún er efnislega sammála um að mæla með frumvarpinu að öðru leyti en því, að hún gat ekki orðið sammála um 3. gr. frumv., sem fjallar um stjórn Iðnrekstrarsjóðs.

Á því er enginn vafi, að bráðnauðsynlegt er að auka vaxtarmöguleika iðnaðar í landinu, og felur frumvarpið í sér rekstraraðstoð við iðnaðinn, sem atvinnuvegurinn þarf nauðsynlega að fá. Meiri hluti nefndarinnar telur hins vegar, að það sé ekki aðeins óþarfi, heldur beinlínis óhyggilegt að koma á fót sérstakri stjórn með tilheyrandi skrifstofuliði til að annast þetta verkefni. Alveg sérstaklega telur meiri hlutinn þetta óhyggilegt, þar sem ákvæði til bráðabirgða, sem sett var inn í frv. í hv. Ed., gerir ráð fyrir, að þessi lög og önnur lánamál iðnaðarins verði endurskoðuð hið fyrsta, væntanlega fyrir næsta þing.

Meiri hluti nefndarinnar minnir á, að nú þegar starfa auk Iðnaðarbanka Íslands þrjár lánastofnanir bundnar við iðnaðinn: Útflutningslánasjóður, Iðnþróunarsjóður og Iðnlánasjóður. Auk þess eru svo auðvitað fjölmargar stofnanir, sem snerta beint og óbeint hlutverk Iðnrekstrarsjóðs. Má t. d. nefna Rannsóknastofnun iðnaðarins, Iðnþróunarstofnunina, Útflutningsmiðstöð iðnaðarins, Framkvæmdastofnun ríkisins og e. t. v. fleiri.

Meiri hluti nefndarinnar telur rétt að minna í þessu sambandi á umsögn Seðlabanka Íslands, dags. 23. marz 1973, en í henni segir m. a.:

„Bankastjórnin vill hins vegar benda á, hvort ekki væri eðlilegra að beina fjármagni þessu til þeirra sjóða iðnaðarins, sem þegar eru starfandi, sem yrði þá jafnframt falið það verkefni, sem frv. mælir fyrir um, í stað þess að setja á stofn sérstakan sjóð í þessu skyni. Hefur réttilega verið talið æskilegt að vinna að því að fækka fjárfestingalánasjóðum með sameiningu þeirra sjóða, sem þegar eru starfandi, í stærri og hagkvæmari einingar. Stofnun nýs sjóðs til að vinna að eflingu iðnaðar til viðbótar þeim tveimur, sem fyrir eru, er ekki í samræmi við þessa stefnu.“

Meiri hl. nefndarinnar telur því fráleitt að bæta beinlínis einni stofnun við og getur ekki séð betur en að verkefnið rúmist annað hvort innan ramma Iðnlánasjóðs eða Iðnþróunarsjóðs, en hefur valið Iðnlánasjóð.

Meiri hlutinn leggur því til, að á frv. sé gerð eftirfarandi

BREYTING:

3. gr. orðist svo:
Stjórn Iðnlánasjóðs samkv. 3. gr. laga nr. 68/1967 fer með stjórn sjóðsins, sem skal vera sérstök deild í Iðnlánasjóði.

Alþingi, 14. apríl 1973.

Pétur Pétursson, frsm. Gunnar Thoroddsen. Bjarni Guðnason.

Lárus Jónsson.

Nd. 754. Lög [164. mál]

um breyting á lögum nr. 80 16. sept. 1971, um aflatryggingasjóð sjávarútvegsins.

(Afgreidd frá Nd. 14. apríl.)

Samhljóða þskj. 304.

Nd. 755. Lög [59. mál]

um veitingu ríkisborgararéttar.

(Afgreidd frá Nd. 14. apríl.)

Samhljóða þskj. 601.

Ed. 756. Breytingartillaga [169. mál]

við frv. til laga um heilbrigðisþjónustu.

Frá Þorv. Garðari Kristjánssyni.

Við 16. gr. 2. tölulið 16.5. orðist svo:

Blönduósumdæmi.

a) Blönduós H 2, starfssvæði Áshreppur, Sveinsstaðahreppur, Torfulækjarhreppur, Blönduóshreppur, Svínavatnshreppur, Bólstaðarhlíðarhreppur og Engihlíðarhreppur.
b) Skagaströnd H 1, starfssvæði Vindhælishreppur, Höfðahreppur og Skagahreppur.

Ed. 757. Lög [220. mál]

um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

(Afgreidd frá Ed. 14. apríl.)

Samhljóða þskj. 471.

Ed. 758. Lög [219. mál]

um breyting á lögum nr. 8 22. marz 1972, um tekjustofna sveitarfélaga.

(Afgreidd frá Ed. 14. apríl.)

Samhljóða þskj. 470.

Ed. 759. Lög [221. mál]

um breyting á lögum nr. 41 27. apríl 1963 um aðstoð ríkisins við kaupstaði og kauptún vegna landakaupa.

(Afgreidd frá Ed. 14. apríl.)

Samhljóða þskj. 475.

Ed. 760. Frumvarp til laga [169. mál]

um heilbrigðisþjónustu.

(Eftir 2. umr. í Ed., 14. apríl.)

Samhljóða þskj. 648 með þessari breytingu:

16. gr. hljóðar svo:

16.1. Heilsugæzlustöðvar ein eða fleiri skulu vera í héruðum skv. 6. gr. Héruðum skal skipt í heilsugæzluumdæmi og skulu stöðvar innan sama umdæmis hafa samstarf og veita hver annarri aðstoð og þjónustu eftir því, sem við verður komið. Heilsugæzluumdæmi og heilsugæzlustöðvar skulu vera í héruðum svo sem hér greinir:

16.2. **Reykjavíkurhérað.**
1. Í Reykjavík, H 2, starfssvæði Reykjavík og Seltjarnarneshreppur.

16.3. **Suður- og Vesturlandshérað.**
1. **Víkurumdæmi.**
   a) Vík í Mýrdal, H 1, starfssvæði Hvammshreppur, Dyrhólahreppur og Austur-Eyjafjallahreppur.
   b) Kirkjubæjarklaustur H 1, starfssvæði Hörgslandshreppur, Kirkjubæjarhreppur, Skaftártunguhreppur, Leiðvallahreppur og Álftaversshreppur.
2. Hvolsvallarumdæmi H 2, á Hvolsvelli, starfssvæði Vestur-Eyjafjallahreppur, Austur-Landeyjahreppur, Vestur-Landeyjahreppur, Fljótshlíðarhreppur, Hvolshreppur, Rangárvallahreppur, Landmannahreppur, Holtahreppur, Ásahreppur og Djúpárhreppur.
3. Selfossumdæmi.
   a) Laugarás H 2, starfssvæði Gnúpverjahreppur, Hrunamannahreppur, Skeiðahreppur, Biskupstungnahreppur, Laugardalshreppur og Grimsneshreppur.
   b) Selfoss H 2, starfssvæði Villingaholtshreppur, Hraungerðishreppur, Gaulverjabæjarhreppur, Sandvíkurhreppur, Selfosshreppur, Grafningshreppur, Stokkseyrarhreppur, Eyrarbakkaheppur, Ölfushreppur, Hveragerðishreppur og Selvogshreppur.
4. Vestmannaeyjaumdæmi. Vestmannaeyjar H 2, starfssvæði Vestmannaeyjar.

5. **Keflavíkurumdæmi.** Keflavík H 2, starfssvæði Keflavíkurkaupstaður, Njarðvíkurhreppur, Gerðahreppur, Miðneshreppur, Hafnahreppur, Grindavíkurhreppur og Vatnsleysustrandarhreppur.
6. **Hafnarfjarðarumdæmi.** Hafnarfjörður H 2, starfssvæði Hafnarfjarðarkaupstaður, Garðahreppur og Bessastaðahreppur.
7. **Kópavogsumdæmi.** Kópavogur H 2, starfssvæði Kópavogskaupstaður.
8. **Álafossumdæmi.** Reykjalundur H 2, starfssvæði Þingvallahreppur, Mosfellshreppur, Kjalarneshreppur og Kjósarhreppur.
9. **Akranesumdæmi.** Akranes H 2, starfssvæði Akraneskaupstaður, Hvalfjarðarstrandarhreppur, Skilmannahreppur, Innri-Akraneshreppur og Leirár- og Melahreppur.
10. **Borgarnesumdæmi.** Borgarnes H 2, starfssvæði Andakílshreppur, Skorradalshreppur, Lundarreykjadalshreppur, Reykholtsdalshreppur, Hálsahreppur, Hvítársíðuhreppur, Þverárhlíðarhreppur, Norðurárdalshreppur, Stafholtstungnahreppur, Borgarhreppur, Borgarneshreppur, Álftaneshreppur, Hraunhreppur, Kolbeinsstaðahreppur og Eyjahreppur.
11. **Ólafsvíkurumdæmi.** Ólafsvík H 2, starfssvæði, Staðarsveit, Breiðuvíkurhreppur, Neshreppur, Ólafsvíkurhreppur og Fróðárhreppur.
12. **Stykkishólmsumdæmi.**
    a) Stykkishólmi H 2, starfssvæði Miklaholtshreppur, Eyrarsveit, Helgafellssveit, Stykkishólmshreppur, Skógarstrandarhreppur og Flateyrarhreppur.
    b) Búðardal H 2, starfssvæði Hörðudalshreppur, Miðdalahreppur, Haukadalshreppur, Laxárdalshreppur, Hvammshreppur, Fellsstrandarhreppur, Klofningshreppur, Skarðshreppur, Saurbæjarhreppur, Geiradalshreppur, Reykhólahreppur og Gufudalshreppur.

16.4. **Vestfjarðahérað.**

1. **Patreksfjarðarumdæmi.** Patreksfjörður H 2, starfssvæði Patrekshreppur, Tálknafjarðarhreppur, Ketildalahreppur, Suðurfjarðarhreppur, Múlahreppur, Barðastrandarhreppur og Rauðasandshreppur.
2. **Ísafjarðarumdæmi.**
    a) Ísafjörður H 2, starfssvæði Ísafjarðarkaupstaður, Súðavíkurhreppur, Ögurhreppur, Reykjarfjarðarhreppur, Nauteyrarhreppur, Snæfjallahreppur og Suðureyrarhreppur.
    b) Á Þingeyri, H 1, starfssvæði Þingeyrarhreppur, Mýrahreppur og Auðkúluhreppur.
    c) Flateyri H 1, starfssvæði Mosvallahreppur og Flateyrarhreppur.
    d) Í Bolungarvík, H 1, starfssvæði Hólshreppur.

16.5. **Norðurlandshérað.**

1. **Hvammstangaumdæmi.**
    a) Í Hólmavík H 1, starfssvæði Kaldrananeshreppur, Hrófbergshreppur, Hólmavíkurhreppur, Kirkjubólshreppur, Fellshreppur, Óspakseyrarhreppur og Árneshreppur.
    b) Hvammstanga H 2, starfssvæði Bæjarhreppur, Staðarhreppur, Fremri-Torfustaðahreppur, Ytri-Torfustaðahreppur, Hvammstangahreppur, Kirkjuhvammshreppur, Þverárhreppur og Þorkelshólshreppur.
2. **Blönduósumdæmi.** Blönduós H 2, starfssvæði Áshreppur, Sveinsstaðahreppur, Torfulækjarhreppur, Blönduóshreppur, Svínavatnshreppur, Bólstaðarhríðarhreppur, Engihlíðarhreppur, Vindhælishreppur, Höfðahreppur og Skagahreppur.
3. **Sauðárkróksumdæmi.** Sauðárkróki H 2, starfssvæði Sauðárkrókur, Skefilsstaðahreppur, Skarðshreppur, Staðarhreppur, Seyluhreppur, Lýtingsstaðahreppur, Akrahreppur, Rípurhreppur, Viðvíkurhreppur, Hólahreppur, Hofs-

hreppur, Hofsóshreppur og Fellshreppur.
4. **Siglufjarðarumdæmi.** Siglufirði H 2, starfssvæði Siglufjörður, Haganeshreppur og Holtshreppur.
5. **Dalvíkurumdæmi.**
   a) Á Ólafsfirði H 1, starfssvæði Ólafsfjarðarkaupstaður.
   b) Á Dalvík H 2, starfssvæði Hríseyjarhreppur, Dalvíkurhreppur, Svarfaðardalshreppur og Árskógshreppur.
6. **Akureyrarumdæmi.** Akureyri H 2, starfssvæði Akureyrarkaupstaður, Arnarneshreppur, Skriðuhreppur, Öxnadalshreppur, Glæsibæjarhreppur, Hrafnagilshreppur, Saurbæjarhreppur, Öngulsstaðahreppur, Svalbarðsstrandarhreppur, Grýtubakkahreppur, Hálshreppur og Grímseyjarhreppur.
7. **Húsavíkurumdæmi.** Húsavík H 2, starfssvæði Ljósavatnshreppur, Bárðdælahreppur, Skútustaðahreppur, Reykdælahreppur, Aðaldælahreppur, Reykjahreppur, Húsavíkurkaupstaður og Tjörneshreppur.
8. **Kópaskersumdæmi.** Kópasker H 1, starfssvæði Kelduneshreppur, Öxafjarðarhreppur, Fjallahreppur og Presthólahreppur.
9. **Þórshafnarumdæmi.**
   a) Á Þórshöfn H 2, starfssvæði Raufarhafnarhreppur, Skeggjastaðahreppur, Sauðaneshreppur, Þórshafnarhreppur og Svalbarðshreppur.
   b) Á Vopnafirði H 1, starfssvæði Vopnafjarðarhreppur.

16.6. **Austurlandshérað.**
1. **Egilsstaðaumdæmi.**
   a) Á Egilsstöðum H 2, starfssvæði Hlíðarhreppur, Jökuldalshreppur, Eiðahreppur, Vallahreppur, Egilsstaðahreppur, Skriðudalshreppur, Hjaltastaðahreppur, Borgarfjarðarhreppur, Loðmundarfjarðarhreppur, Tunguhreppur, Fellahreppur og Fljótsdalshreppur.
   b) Á Seyðisfirði H 1, starfssvið Seyðisfjarðarhreppur og Seyðisfjarðarkaupstaður.
2. **Norðfjarðarumdæmi.**
   a) Í Neskaupstað H 2, starfssvæði Neskaupstaður, Mjóafjarðarhreppur og Norðfjarðarhreppur.
   b) Á Eskifirði H 1, starfssvæði Helgustaðahreppur, Eskifjarðarhreppur og Reyðarfjarðarhreppur.
   c) Á Fáskrúðsfirði H 1, starfssvæði Fáskrúðsfjarðarhreppur, Búðahreppur og Stöðvarhreppur.
3. **Hafnarumdæmi.**
   a) Á Djúpavogi H 1, starfssvæði Beruneshreppur, Búlandshreppur, Geithellnahreppur og Breiðdalshreppur.
   b) Á Höfn í Hornafirði H 2, starfssvæði Bæjarhreppur, Hafnarhreppur, Nesjahreppur, Mýrahreppur, Borgarhafnarhreppur og Hofshreppur.

Nd. 761. Frumvarp til laga [169. mál]

um heilbrigðisþjónustu.

(Eftir 3. umr. í Ed., 14. apríl.)

Samhljóða þskj. 648 með þessum breytingum:
16. gr. hljóðar svo:

16.1. Heilsugæzlustöðvar ein eða fleiri skulu vera í héruðum skv. 6. gr. Héruðum skal skipt í heilsugæzluumdæmi og skulu stöðvar innan sama umdæmis hafa samstarf og veita hver annarri aðstoð og þjónustu eftir því, sem við verður

komið. Heilsugæzluumdæmi og heilsugæzlustöðvar skulu vera í héruðum svo sem hér greinir:

16.2. **Reykjavíkurhérað.**
1. Í Reykjavík, H 2, starfssvæði Reykjavík og Seltjarnarneshreppur.

16.3. **Suður- og Vesturlandshérað.**
1. **Víkurumdæmi.**
   a) Vík í Mýrdal, H 1, starfssvæði Hvammshreppur, Dyrhólahreppur og Austur-Eyjafjallahreppur.
   b) Kirkjubæjarklaustur H 1, starfssvæði Hörgslandshreppur, Kirkjubæjarhreppur, Skaftártunguhreppur, Leiðvallarhreppur og Álftavershreppur.
2. **Hvolsvallarumdæmi** H 2, á Hvolsvelli, starfssvæði Vestur-Eyjafjallahreppur, Austur-Landeyjahreppur, Vestur-Landeyjahreppur, Fljótshlíðarhreppur, Hvolhreppur, Rangárvallahreppur, Landmannahreppur, Holtahreppur, Ásahreppur og Djúpárhreppur.
3. **Selfossumdæmi.**
   a) Laugarás H 2, starfssvæði Gnúpverjahreppur, Hrunamannahreppur, Skeiðahreppur, Biskupstungnahreppur, Laugardalshreppur og Grímsneshreppur.
   b) Selfoss H 2, starfssvæði Villingaholtshreppur, Hraungerðishreppur, Gaulverjabæjarhreppur, Sandvíkurhreppur, Selfosshreppur, Grafningshreppur, Stokkseyrarhreppur, Eyrarbakkaheppur, Ölfushreppur, Hveragerðishreppur og Selvogshreppur.
4. **Vestmannaeyjaumdæmi.** Vestmannaeyjar H 2, starfssvæði Vestmannaeyjar.
5. **Keflavíkurumdæmi.** Keflavík H 2, starfssvæði Keflavíkurkaupstaður, Njarðvíkurhreppur, Gerðahreppur, Miðneshreppur, Hafnahreppur, Grindavíkurhreppur og Vatnsleysustrandarhreppur.
6. **Hafnarfjarðarumdæmi.** Hafnarfjörður H 2, starfssvæði Hafnarfjarðarkaupstaður, Garðahreppur og Bessastaðahreppur.
7. **Kópavogsumdæmi.** Kópavogur H 2, starfssvæði Kópavogskaupstaður.
8. **Álafossumdæmi.** Reykjalundur H 2, starfssvæði Þingvallahreppur, Mosfellshreppur, Kjalarneshreppur og Kjósarhreppur.
9. **Akranesumdæmi.** Akranes H 2, starfssvæði Akraneskaupstaður, Hvalfjarðarstrandarhreppur, Skilmannahreppur, Innri-Akraneshreppur og Leirár- og Melahreppur.
10. **Borgarnesumdæmi.** Borgarnes H 2, starfssvæði Andakílshreppur, Skorradalshreppur, Lundarreykjadalshreppur, Reykholtsdalshreppur, Hálsahreppur, Hvítársíðuhreppur, Þverárhlíðarhreppur, Norðurárdalshreppur, Stafholtstungnahreppur, Borgarhreppur, Borgarneshreppur, Álftaneshreppur, Hraunhreppur, Kolbeinsstaðahreppur og Eyjahreppur.
11. **Ólafsvíkurumdæmi.** Ólafsvík H 2, starfssvæði, Staðarsveit, Breiðuvíkurhreppur, Neshreppur, Ólafsvíkurhreppur og Fróðárhreppur.
12. **Stykkishólmsumdæmi.**
   a) Stykkishólmi H 2, starfssvæði Miklaholtshreppur, Eyrarsveit, Helgafellssveit, Stykkishólmshreppur, Skógarstrandarhreppur og Flateyjarhreppur.
   b) Búðardal H 2, starfssvæði Hörðudalshreppur, Miðdalahreppur, Haukadalshreppur, Laxárdalshreppur, Hvammshreppur, Fellsstrandarhreppur, Klofningshreppur, Skarðshreppur, Saurbæjarhreppur, Geiradalshreppur, Reykhólahreppur og Gufudalshreppur.

16.4. **Vestfjarðahérað.**
1. **Patreksfjarðarumdæmi.** Patreksfjörður H 2, starfssvæði Patrekshreppur, Tálknafjarðarhreppur, Ketildalahreppur, Suðurfjarðahreppur, Múlahreppur, Barðastrandarhreppur og Rauðasandshreppur.

2. **Ísafjarðarumdæmi.**
   a) **Ísafjörður H 2,** starfssvæði Ísafjarðarkaupstaður, Súðavíkurhreppur, Ögurhreppur, Reykjafjarðarhreppur, Nauteyrarhreppur, Snæfjallahreppur og Suðureyrarhreppur.
   b) **Á Þingeyri, H 1,** starfssvæði Þingeyrarhreppur, Mýrahreppur og Auðkúluhreppur.
   c) **Flateyri H 1,** starfssvæði Mosvallahreppur og Flateyrarhreppur.
   d) **Í Bolungarvík, H 1,** starfssvæði Hólshreppur.

16.5. **Norðurlandshérað.**
1. **Hvammstangaumdæmi.**
   a) **Í Hólmavík H 1,** starfssvæði Kaldrananeshreppur, Hrófbergshreppur, Hólmavíkurhreppur, Kirkjubólshreppur, Fellshreppur, Óspakseyrarhreppur og Árneshreppur.
   b) **Hvammstanga H 2,** starfssvæði Bæjarhreppur, Staðarhreppur, Fremri-Torfustaðahreppur, Ytri-Torfustaðahreppur, Hvammstangahreppur, Kirkjuhvammshreppur, Þverárhreppur og Þorkelshólshreppur.
2. **Blönduósumdæmi.** Blönduós H 2, starfssvæði Áshreppur, Sveinsstaðahreppur, Torfalækjarhreppur, Blönduóshreppur, Svínavatnshreppur, Bólstaðarhríðarhreppur, Engihlíðarhreppur, Vindhælishreppur, Höfðahreppur og Skagahreppur.
3. **Sauðárkróksumdæmi.** Sauðárkróki H 2, starfssvæði Sauðárkrókur, Skefilsstaðahreppur, Skarðshreppur, Staðarhreppur, Seyluhreppur, Lýtingsstaðahreppur, Akrahreppur, Rípurhreppur, Viðvíkurhreppur, Hólahreppur, Hofshreppur, Hofsóshreppur og Fellshreppur.
4. **Siglufjarðarumdæmi.** Siglufirði H 2, starfssvæði Siglufjörður, Haganeshreppur og Holtshreppur.
5. **Dalvíkurumdæmi.**
   a) **Á Ólafsfirði H 1,** starfssvæði Ólafsfjarðarkaupstaður.
   b) **Á Dalvík H 2,** starfssvæði Hríseyjarhreppur, Dalvíkurhreppur, Svarfaðardalshreppur og Árskógshreppur.
6. **Akureyrarumdæmi.** Akureyri H 2, starfssvæði Akureyrarkaupstaður, Arnarneshreppur, Skriðuhreppur, Öxnadalshreppur, Glæsibæjarhreppur, Hrafnagilshreppur, Saurbæjarhreppur, Öngulsstaðahreppur, Svalbarðsstrandarhreppur, Grýtubakkahreppur, Hálshreppur og Grímseyjarhreppur.
7. **Húsavíkurumdæmi.** Húsavík H 2, starfssvæði Ljósavatnshreppur, Bárðdælahreppur, Skútustaðahreppur, Reykdælahreppur, Aðaldælahreppur, Reykjahreppur, Húsavíkurkaupstaður og Tjörneshreppur.
8. **Kópaskersumdæmi.** Kópasker H 1, starfssvæði Kelduneshreppur, Öxarfjarðarhreppur, Fjallahreppur og Presthólahreppur.
9. **Þórshafnarumdæmi.**
   a) **Á Þórshöfn H 2,** starfssvæði Raufarhafnarhreppur, Skeggjastaðahreppur, Sauðaneshreppur, Þórshafnarhreppur og Svalbarðshreppur.
   b) **Á Vopnafirði H 1,** starfssvæði Vopnafjarðarhreppur.

16.6. **Austurlandshérað.**
1. **Egilsstaðaumdæmi.**
   a) **Á Egilsstöðum H 2,** starfssvæði Hlíðarhreppur, Jökuldalshreppur, Eiðahreppur, Vallahreppur, Egilsstaðahreppur, Skriðdalshreppur, Hjaltastaðahreppur, Borgarfjarðarhreppur, Loðmundarfjarðarhreppur, Tunguhreppur, Fellahreppur og Fljótsdalshreppur.
   b) **Á Seyðisfirði H 1,** starfssvið Seyðisfjarðarhreppur og Seyðisfjarðarkaupstaður.

2. **Norðfjarðarumdæmi.**
   a) Í Neskaupstað H 2, starfssvæði Neskaupstaður, Mjóafjarðarhreppur og Norðfjarðarhreppur.
   b) Á Eskifirði H 1, starfssvæði Helgustaðahreppur, Eskifjarðarhreppur og Reyðarfjarðarhreppur.
   c) Á Fáskrúðsfirði H 1, starfssvæði Fáskrúðsfjarðarhreppur, Búðahreppur og Stöðvarhreppur.
3. **Hafnarumdæmi.**
   a) Á Djúpavogi H 1, starfssvæði Beruneshreppur, Búlandshreppur, Geithellnahreppur og Breiðdalshreppur.
   b) Á Höfn í Hornafirði H 2, starfssvæði Bæjarhreppur, Hafnarhreppur, Nesjahreppur, Mýrahreppur, Borgarhafnarhreppur og Hofshreppur.

26. gr. hljóðar svo:

26.1. Sjúkrahús skiptast í eftirfarandi flokka eftir tegund og þjónustu:
1. Svæðissjúkrahús er sjúkrahús, sem eitt sér eða í samvinnu við önnur veitir sérfræðiþjónustu í öllum eða nær öllum greinum læknisfræði, sem viðurkenndar eru hérlendis, og hefur aðgang að stoðdeildum og rannsóknardeildum til þess að annast þetta hlutverk.
2. Deildasjúkrahús er sjúkrahús, sem veitir sérhæfða meðferð í helztu greinum lyflæknisfræði, skurðlæknisfræði og geðsjúkdómafræði og hefur aðgang að stoðdeildum til að rækja það starf, svo sem röntgendeild, svæfingardeild, rannsóknadeild og endurhæfingardeild.
3. Almennt sjúkrahús er sjúkrahús, sem ekki hefur sérdeildir, en hefur á að skipa sérfræðingum eða almennum læknum og tekur við sjúklingum til rannsóknar og meðferðar, en hefur einnig aðstöðu til vistunar langlegusjúklinga.
4. Hjúkrunar- og endurhæfingarheimili er vistheimili fyrir sjúklinga, sem búið er að sjúkdómsgreina, en þarfnast meðferðar, sem hægt er að veita utan almennra og sérhæfðra sjúkrahúsa.
5. Sjúkraskýli er húsrými í heilsugæzlustöð eða annars staðar, sem eingöngu er ætlað til gæzlu eða athugunar sjúklinga um skamman tíma.
6. Vinnu- og dvalarheimili eru stofnanir, sem taka til vistunar geðsjúklinga, drykkjusjúklinga, líkamlega bæklaða eða fávita, til dvalar eða starfs.
7. Gistiheimili er dvalarstaður sjúklinga, sem eru til meðferðar á öðru sjúkrahúsi, en geta eigi dvalizt í heimahúsum.

26.2 Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um flokkun sjúkrahúsa samkvæmt þessari grein, að höfðu samráði við Landssamband sjúkrahúsa, og ákveður jafnframt starfssvið og verkaskiptingu þeirra sjúkrahúsa, er starfa við gildistöku laganna. Þó skal í þeirri reglugerð ákveðið, að í hverju læknishéraði skuli vera a. m. k. eitt sjúkrahús samkvæmt tölulið 2 í 26.1., með þeim deildum, sem þar eru taldar og við verður komið.

Ed. 762. Lög [200. mál]

um róðrartíma fiskibáta.

(Afgreidd frá Ed. 14. apríl.)

Samhljóða þskj. 384.

Sþ.

763. Skýrsla

samgönguráðherra um framkvæmd vegáætlunar 1972.

I. Innheimta tekna.

Samkvæmt bráðabirgðayfirliti ríkisbókhaldsins hinn 1. jan. 1973 voru innkomnar tekjur vegasjóðs 31. des. 1972, eins og hér segir:

	Áætlun m.kr.		Rauntekjur m.kr.		Mismunur m.kr.
1.1. Benzíngjald:					
Brúttótekjur	680.2		671.9		
Endurgreiðslur	22.0		17.8		
		658.2		654.1	+ 4.1
1.2. Þungaskattur:					
Brúttótekjur	213.5		212.2		
Endurgreiðslur	2.0		1.2		
		211.5		211.0	+ 0.5
1.3. Gúmmígjald		47.1		65.1	+18.0
Alls		916.8		930.1	+13.4

1.1 Tekjur af benzíngjaldi:

Brúttósala á benzíni á tekjuárinu 1972, þ. e. nóv. 1971—okt. 1972 var í upphaflegri vegáætlun áætluð 83.6 m.ltr, en var síðan hækkuð vegna kjarasamninganna í des. 1971, upp í 86.4 m.ltr af Framkvæmdastofnun ríkisins og þannig samþykkt af Alþingi. Raunveruleg sala samkvæmt söluskýrslum olíufélaganna reyndist hins vegar vera 84.9 m.ltr eða 1.7% lægri en áætlað var. Endurgreiðslur á benzíngjaldi urðu 17.8 m.kr., sem er 1.2 m.kr. lægri upphæð en áætluð var og vegur því að nokkru upp halla á brúttótekjuspánni.

Brúttósala á benzíni undanfarin 6 tekjuár hefur verið eins og hér segir:

1967	72.2	millj. lítra
1968	71.5	— —
1969	69.3	— —
1970	69.7	— —
1971	77.5	— —
1972	84.9	— —

Aukning brúttósölu á benzíni á árinu 1972 er 9.5% miðað við árið 1971.

Heildarfjölgun bifreiða á árinu varð skv. bráðabirgðatölum um 9.2%, sem er nokkuð svipuð aukning og á benzínsölu. Á árinu voru fluttar inn 7 132 bifreiðar, notaðar og nýjar. Afskráðar bifreiðar eru áætlaðar um 2 300, og verður því aukning bifreiðaeignar 1972 um 4 830 bifreiðar.

1.2 Tekjur af þungaskatti:

Áætlaðar brúttótekjur af þungaskatti voru 213.5 m.kr., en endurgreiðslur 2.0 m.kr. Rauntekjur brúttó urðu hins vegar 212.2 m.kr., sem skiptust þannig:

Alm. þungask.	99.6 m.kr.	46.9%
Km-gjald	112.6 —	53.1%
	212.2 m.kr.	100.0%

Endurgreiðslur voru á árinu 1972 1.2 m.kr., er það 0.8 m.kr. lægri upphæð en áætlað var. Rauntekjur brúttó voru hins vegar 1.3 m.kr. undir áætlun. Nettótekjur verða því 0.5 m.kr. lægri en áætlað var.

Tekjur af þungaskatti fyrir tvö síðastliðin ár voru þessar:

	1971	1972
Alm. þungaskattur	97.7 m.kr.	99.6 m.kr.
Km-gjald	89.5 —	112.6 —
	187.2 m.kr.	212.2 m.kr.

Þar sem innheimta km.gjalds hvers ársfjórðungs er vegna aksturs á næsta ársfjórðungi á undan, eru þessar tölur ekki alveg sambærilegar vegna hækkunar á þungaskatti 1. jan. 1971. Ef innheimta á 1. ársfjórðungi 1971 er leiðrétt með tilliti til þessa, verður skipting alm. þungask. og km-gjalds þessi:

	1971	1972
Alm. þungaskattur	50.8%	46.9%
Km-gjald	49.2%	53.1%
	100.0%	100.0%

Þessar tölur benda til þess að þróunin sé sú, að stærri vörubifreiðar séu að leysa þær minni af hólmi og líklegt er, að hlutdeild km-gjaldsins í þungaskattinum eigi eftir að vaxa frekar.

1.3 Tekjur af gúmmígjaldi:

Tekjur af gúmmígjaldi voru áætlaðar 47.1 m.kr., en urðu 65.1 m.kr., og er það 18.0 m.kr. umfram áætlun. Samkvæmt þessu hefur sala á hjólbörðum á árinu 1972, að meðtöldum hjólbörðum á innfluttum bifreiðum, numið alls um 1808 tonnum, sem er 11.6% aukning frá árinu áður. Þessi mikla hækkun stafar að mestu leyti af því, að innflutningur varð mun meiri á árunum 1971 og 1972 en gert hafði verið ráð fyrir í vegáætlun, og einnig er líklegt að endurnýjun sé eitthvað meiri en áætlað var.

Samsvarandi tölur fyrir innflutning á hjólbörðum undanfarin 6 ár eru eins og hér segir:

Árið 1967	1 260 tonn
— 1968	917 —
— 1969	825 —
— 1970	1 200 —
— 1971	1 620 —
— 1972	1 808 —

II. Skipting útgjalda.

2.1. STJÓRN OG UNDIRBÚNINGUR

2.1.1. Launagreiðslur og 2.1.3. Skrifstofukostnaður.

Í vegáætlun voru útgjöld á þessum liðum áætluð samtals 45.1 millj. kr. Sökum hækkunar kaupgjaldsvísitölu og breytinga á kjarasamningi opinberra starfsmanna frá og með 1. júní s. l. hækka þessi útgjöld um tæpar 3 millj. kr. í samtals 48.0 millj. kr.

2.1.2. Eftirlaunagreiðslur.

Eftirlaunagreiðslur til fyrrverandi verkstjóra og ekkna þeirra og nokkurra fyrrv. verkamanna voru áætlaðar 4.1 millj. kr., en urðu ekki nema 3.5 millj. kr. Stafar þetta af því, að greiðsla eftirlauna til fyrrv. verkamanna var ekki látin koma til framkvæmda fyrr en um s. l. áramót, þar sem allmjög var liðið á árið, þegar vegáætlun tók gildi, og hagkvæmast þótti því að miða uppsögn þessara manna við áramót.

2.1.4. Verkfræðilegur undirbúningur framkvæmda.

Unnið var að verkfræðilegum undirbúningi framkvæmda í öllum vegaflokkum með svipuðu sniði og á undanförnum árum. Álag á tæknilegt starfslið í því sambandi var þó mun meira en verið hefur sökum þess, að í vegáætlun 1972 var veitt fé til fjölda nýrra framkvæmda umfram það, sem bráðabirgðavegáætlun fyrir sama ár gerði ráð fyrir. Á þetta eigi hvað sízt við ýmsar framkvæmdir undir lið 2.3.6.

Unnið var að því á árinu að undirbúa flutning umdæmisverkfræðinga með búsetu í hin einstöku umdæmi. Var á árinu starfandi umdæmisverkfræðingur, tæknifræðingur og mælingamaður með búsetu á Egilsstöðum auk tæknifræðings, sem búsettur var á Akureyri. Er gert ráð fyrir, að á fyrri hluta ársins 1973 verði orðin góð starfsaðstaða fyrir umdæmisverkfræðing ásamt nauðsynlegu tæknilegu starfsliði á Akureyri. Einnig var unnið að því að skapa starfsaðstöðu fyrir umdæmisverkfræðing á Ísafirði.

Í maí 1972 voru verkstjórar Vegagerðarinnar kvaddir til tveggja daga fundar með umdæmisverkfræðingum. Var hin nýja fjögurra ára vegáætlun kynnt og rætt um ýmis tæknileg framkvæmdaatriði við vegagerð.

Í september skilaði svonefnd Hvalfjarðarnefnd áliti varðandi samgöngumöguleika fyrir Hvalfjörð, en nefnd þessi var skipuð af ráðuneytinu skv. þingsályktun 18. apríl 1967.

Þá lauk einnig störfum nefnd, sem ráðuneytið skipaði á árinu 1970 til þess að rannsaka hentugustu samgönguleið frá Akureyri um Eyjafjörð og Vaðlaheiði að Fnjóskárbrú.

Bæði þessi nefndarálit hafa verið kynnt hlutaðeigandi aðilum.

Fjárveiting til verkfræðilegs undirbúnings framkvæmda var 5.0 m.kr. Kostnaður á þessum lið mun þó verða allmiklu meiri en fjárveitingin, en mestur hluti þess, sem umfram er, mun færður á einstök verk.

2.1.5. Umferðartalning og eftirlit.

Fjárveiting var 3.4 m.kr.

A. Talning umferðar.

Umferðartalning var aukin nokkuð á árinu. Var alls talin sumarumferð á 154 stöðum á þjóðvegum landsins, þar af voru fastir teljarar á 36 stöðum allt sumarið. Talið var allt árið á 24 stöðum.

Þá var umferð greind í flokka eftir ökutækjum á sex stöðum, eina viku á hverjum stað.

Á árinu voru keyptir 15 nýir umferðarteljarar.

Umferðartalningarnar sýna yfirleitt verulega aukningu á umferð frá síðasta ári, einna mest virðist hún á Grindavíkurvegi eða um 20% af sumarumferð.

Á vegum í nágrenni Selfoss er aukningin um 10% og á vegum í nágrenni Akureyrar allt að 19%.

Þá hefur umferð á Hafnarfjarðarvegi aukizt verulega eða um 13% frá fyrra ári og er meðalumferð þar komin yfir 15000 bifreiðar á dag og 1800 bifreiðar á klukkustund, þegar mest er.

Á fylgiskjölum nr. 2.1.5.-1-4 eru talningarstaðir sýndir ásamt umferðartölum á hverjum stað.

B. **Vegaeftirlit.**

Haft var eftirlit með öxulþunga ökutækja í náinni samvinnu við lögregluyfirvöld með sama hætti og síðastliðin ár. Sérstök áherzla var lögð á eftirlit með öxulþunga, meðan klaki var að fara úr vegum s. l. vor, því að þótt klaki hafi verið lítill, voru vegir samt sem áður viðkvæmir fyrir skemmdum á þessu tímabili.

Enginn vafi er á, að mun betur er nú farið eftir gildandi reglum um öxulþunga ökutækja en áður var, en greinilegt er samt sem áður, að nauðsynlegt er að slaka ekki á eftirliti.

Bílavogir, sem vegaeftirlit hefur til umráða, voru einnig notaðar af eftirlitsmönnum eða af vegaverkstjórum til að vigta hlassþunga í sambandi við malarakstur.

2.1.6. Áhrif verðhækkana.

Kostnaðaráætlanir í vegáætlun fyrir árið 1972 voru miðaðar við áætlað verðlag og kaupgjald 1. júní 1972, eftir því sem bezt var vitað í marzmánuði það ár. Breytingar á vísitölu einstakra framkvæmdaliða hafa orðið eins og hér segir:

	Ágúst 1971	Júní 1972	Ágúst 1972	Hækkun í % júní '72—ág. '72
Vegaviðhald	1 046	1 106	1 252	13.2
Vegagerð	973	1 041	1 163	11.7
Brúagerð	1 349	1 553	1 710	10.1

Þessi hækkun á vísitölu einstakra framkvæmdaliða stafar í fyrsta lagi af hækkun kaupgjaldsvísitölu úr 109.29 stigum í marz í 117 stig í ágúst, í öðru lagi hækkaði taxti Landssambands vörubifreiðastjóra og taxti vinnuvélaeigenda 12—14% meira en áætlað var, og í þriðja lagi varð hækkun á efniskostnaði.

Dregið var úr framkvæmdum eins og unnt reyndist, strax og þessar miklu hækkanir urðu. En verulegur hluti af framkvæmdum við hraðbrautir er bundinn samningum við verktaka og fóru þær því 21 millj. kr. fram úr áætlun af þessum sökum. Einnig eru brúagerðir bundnar við að ná ákveðnum áfanga og varð því ekki hjá því komizt, að þær færu 7.7 millj. kr. fram úr áætlun.

2.2. VIÐHALD ÞJÓÐVEGA

2.2.1. Viðhaldskostnaður þjóðvega.

Fjárveiting var 355.0 m.kr.

A. **Vetrarviðhald.**

Kostnaður við vetrarviðhald á tímabilinu janúar—júní varð 22.0 m.kr., en s. l. vetur var sérstaklega snjóléttur um land allt. Á árinu 1970 var kostnaður af vetrarviðhaldi 47.2 m.kr. á þessu tímabili og 37.7 m.kr. 1971 miðað við verðlag 1972. Kostnaður á tímabilinu október—desember 1972 varð hins vegar um 10 m.kr. meiri

en áætlað hafði verið eða 27.7 m.kr. Haustið var ekki snjóþungt, en í nóvemberlok og fram yfir miðjan desember snjóaði mikið, sérstaklega á norðanverðum Vestfjörðum, Norðurlandi og Austurlandi. Snjómokstur varð því mjög mikill í þessum landshlutum á ofangreindu tímabili.

Kostnaður við vetrarviðhald á árinu varð því alls 49.7 m.kr. eða um 5.7% minni en síðastliðið ár, en þá var kostnaður 52.7 m.kr.

Farið var algjörlega eftir snjómokstursreglum, sem settar voru í desember 1967 og viðbótarreglum frá því um haustið 1971.

Á eftirfarandi yfirliti er sýndur kostnaður við vetrarviðhald undanfarin 6 ár, en í síðasta stöpli er sýnt, hvernig kostnaður hefur verið miðað við árið 1968, en það var fyrsta árið, sem unnið var eftir núgildandi reglum.

Eins og sést í kostnaðaryfirliti, er það í fyrsta sinn í ár, sem snjómokstur er meiri á tímabilinu okt.—des. en á tímabilinu jan.—júní, en það stafar af því, eins og áður er sagt, að s. l. vetur var sérstaklega snjóléttur.

Yfirlit um kostnað við vetrarviðhald 1967—1972.

Ár	Jan.—júní m.kr.	Okt.—des. m.kr.	Allt árið m.kr.	Vísitala viðhaldskostn.	Á verðl. 1972	Hlutfallstala
1967	17.8	10.2	28.0	571	61.4	102.1
1968	25.5	6.4	31.9	665	60.1	100.0
1969	18.3	13.4	31.7	812	48.9	81.3
1970	34.0	12.0	46.0	902	63.8	106.2
1971	34.0	18.7	52.7	1 046	63.1	105.0
1972	22.0	27.7	49.7	1 252	49.7	82.7

B. **Tjón af völdum náttúruhamfara.**

Um áramótin 1971—1972 urðu miklar skemmdir á vegum á Suðvesturlandi og Vesturlandi vegna vatnságangs, og aftur í febrúar 1972 urðu skemmdir á þessum sömu stöðum vegna flóða. Kostnaður við viðgerðir á þessu svæði námu alls um 5.4 m.kr.

Í janúar urðu skemmdir vegna vatnságangs á Vestfjörðum og á vestanverðu Norðurlandi, en kostnaður við viðgerðir þar varð 3.4 m.kr.

S. l. vor varð að gera við skemmdir, sem urðu á Austurlandi síðast á árinu 1971, en kostnaður við það varð um 1.6 m.kr.

Í lok 1972 varð mikið tjón af völdum vatnságangs á Austurlandi og þá einkum sunnantil. Reynt var að gera við þær skemmdir strax, en eitthvað verður að bíða til vors.

Auk þessa urðu skemmdir á öðrum stöðum, þannig að heildarkostnaður vegna viðgerða vegna tjóns af völdum náttúruhamfara varð 14.5 m.kr., sem er um 5 m.kr. umfram áætlun, sem gerð var s. l. vor.

C. **Sumarviðhald.**

Til þessa liðar telst allur kostnaður við viðhald á auðum vegum og fer mest af því fram að sumarlagi. Skiptist þessi liður í almennt viðhald, heflun, styrkingu vega, mölun og hörpun efnis, viðhald brúa og rykbindingu vega.

Á árinu 1971 var veghefilstjóri sendur á námskeið í vegheflun í Svíþjóð, og voru síðan haldin námskeið fyrir veghefilstjóra og vegaverkstjóra víðs vegar um landið og í framhaldi af því ferðaðist veghefilstjórinn s. l. sumar um landið til að kenna og leiðbeina veghefilstjórum.

Eins og undanfarin ár var lögð mikil áherzla á, að sem minnst af viðhaldsfé færi í vorviðgerðir, en sem mest til venjulegs viðhalds og endurbóta á vegum. S. l. vor var einstaklega gott hvað þetta snertir, því að frost var víðast hvar mjög lítið í vegum og frostskemmdir því litlar. Reynt var þó eins og undanfarin ár að hafa

hemil á vorskemmdum með því að auka eftirlit með öxulþunga og takmarka, þar sem nauðsyn krafði.

Alls eru 4 mulningsvélasamstæður á landinu, sem vinna að því að mala efni í slitlag og jöfnunarlag. Á Suðurlandi og Vesturlandi er stór mulningsvélasamstæða, sem vinnur annað hvort ár á Reykjanesi og Suðurlandi og hitt árið á Reykjanesi og Vesturlandi. Einnig er stór mulningsvélasamstæða á Norðurlandi. Á Vestfjörðum og Austurlandi eru mulningsvélar, sem eru hentugri til flutninga milli staða og því ekki jafn afkastamiklar.

Á svipaðan hátt eru 4 hörpunarflokkar á landinu, sem vinna einnig efni í slitlag og jöfnunarlag.

Yfirlit um hörpun og mölun.

	Hörpun	Mölun
Suðurland	21 463 m³	
Reykjanes	11 700 m³	
Vesturland	118 213 m³	77 155 m³
Vestfirðir	21 513 m³	22 493 m³
Norðurland	83 954 m³	72 068 m³
Austurland	13 114 m³	41 356 m³
Alls	268 040 m³	213 072 m³

D. Skipting viðhaldskostnaðar.

Á meðfylgjandi töflu er sýnt yfirlit um skiptingu viðhaldskostnaðar á árinu 1971, en sams konar skipting fyrir 1972 er enn ekki fyrir hendi. Einnig er tilgreindur fjöldi akfærra vega í hverju kjördæmi og kostnaður af viðhaldi vega á km.

Viðhaldskostnaður þjóðvega árið 1971 (þús. kr.).

Kjördæmi	Vetrar-viðhald	Almennt viðhald	Veg-heflun	Viðhald brúa	Mölun efnis	Ryk-binding	Vatns-skaðar	Samtals	Lengd akfærra vega í km	Kostn. á km vegar
Reykjanes-	5 403	12 542	9 602	296	4 847	2 242	537	35 469	353	100.5
Vesturlands-	7 443	15 691	8 994	344	4 401	323	2 127	39 323	1 350	29.1
Vestfjarða-	13 467	12 743	3 433	1 157	1 577	323	1 528	34 228	1 227	27.9
Norðurland vestra	5 762	13 108	4 754	680	4 274	323	1 805	30 706	1 048	29.3
Norðurland eystra	6 977	10 272	3 910	1 635	4 274	323	234	27 625	1 237	22.3
Austurlands-	12 453	16 902	6 603	592	5 160	323	1 694	43 727	1 426	30.7
Suðurlands-	1 182	17 714	8 782	2 723	14 445	322	4 665	49 833	1 463	34.1
Samtals	52 687	98 972	46 078	7 427	38 978	4 179	12 590	260 911	8 104	32.2

2.2.2. Vegmerkingar.

Fjárveiting var 5.0 m.kr.

Sett voru upp ný umferðarmerki samkvæmt reglugerð nr. 61/1959 og gömlum merkjum haldið við.

Á árinu 1972 var einkum unnið við að setja upp ný merki á Suðurlandi, Vesturlandi og Vestfjörðum. Samhliða uppsetningu nýrra merkja voru eldri merki á þessum stöðum endurskoðuð.

Hafinn var undirbúningur að uppsetningu á nýjum vegvísum og leiðamerkjum í nágrenni Reykjavíkur og á Suðurlandi.

Af einstökum flokkum vega samkvæmt vegáætlun 1972—1975 er nú lokið merkingu eins og hér segir:

Af	325 km	af akfærum hraðbrautum	eru merktir 325 km	eða 100%
Af	2 734 km	af akfærum þjóðbrautum	eru merktir 2 734 km	eða 100%
Af	5 054 km	af akfærum landsbrautum	eru merktir 3 588 km	eða 71%
Af	8 104 km	af akfærum þjóðvegum	eru merktir 6 647 km	eða 82%

2.3. TIL NÝRRA ÞJÓÐVEGA

2.3.0. Lán til vegaframkvæmda.

1. Föst lán til vegaframkvæmda.

Samkvæmt I. kafla vegáætlunar og með heimild í lögum nr. 26/1972 um framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar og reglugerð nr. 17/1972 um happdrættislán til framkvæmda á Skeiðarársandi, sem sett var samkv. heimild í lögum nr. 99/1971, hefur ráðuneytið aflað fastra lána til landshlutaáætlana í vegagerð og nokkurra sérstakra framkvæmda, sem hér segir:

	Heimild til lántöku (í millj. kr.)	Notuð heimild til lántöku (í millj. kr.)
1. Hraðbrautir (Alþjóðab.)	140.1	133.6
2. Skeiðarársandur	100.0	100.0
3. Austurlandsáætlun	75.0	75.0
4. Norðurlandsáætlun	120.0	100.0
5. Djúpvegur	25.0	0.0
6. Sérstök lánsfjáröflun	50.0	50.0
Samtals	510.1	458.6

Auk þessa var aflað 3.1 millj. kr. láns til Ólafsfjarðarvegar. Var þar um að ræða eftirstöðvar af alls 40.5 millj. kr. fjögurra ára lánum, sem aflað var til þjóðbrauta og landsbrauta árið 1971 samkvæmt heimild í III. kafla vegáætlunar 1971.

Af láni því til hraðbrautaframkvæmda og vélakaupa, sem tekið var hjá Alþjóðabankanum og samið um í upphafi að skyldi verða alls 360 millj. kr. eða að jafngildi 4.1 millj. Bandaríkjadala, var bankinn búinn að greiða um s. l. áramót 334.8 millj. kr. en framkvæmt hafði verið fyrir alls 357.6 millj. kr. af lánsfénu til síðustu áramóta. Sökum gengisfellingarinnar í desember, hækkuðu eftirstöðvar lánsfjárins að krónutölu, þannig að ónotaðar eftirstöðvar um áramót voru 16.8 millj. kr.

Lán til framkvæmda á Skeiðarársandi er inn komið andvirði seldra happdrættisskuldabréfa samkvæmt reglugerð nr. 17/1972.

Lánsheimild til Austurlandsáætlunar var notuð að fullu, en ekki nema 100 millj. kr. af lánsheimild til Norðurlandsáætlunar.

Lánsfjáröflun til Djúpvegar var frestað til 1973, en framkvæmdir í þeim vegi voru fjármagnaðar með geymslufé vegasjóðs til bráðabirgða.

Sérstök lánsfjáröflun, 50 millj. kr., var notuð til að mæta því, sem á vantaði, að markaðar tekjur vegasjóðs nægðu til að fjármagna aðrar framkvæmdir samkvæmt vegáætlun.

Ríkissjóður sá nú um greiðslu vaxta og afborgana af öllum föstum lánum vegasjóðs og voru þær greiðslur áætlaðar samkvæmt vegáætlun alls 187.9 millj. kr. en urðu hins vegar ekki nema 181.1 millj. kr. Stafar þessi mismunur af því, að lán að upphæð samtals 70 millj. kr., sem heimilt var að taka samkvæmt framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar árin 1970—1971 til greiðslu af lánum teknum vegna Reykjanesbrautar, voru ekki tekin.

Föst lán til vegagerðar í árslok 1972 að meðtöldu 116 millj. kr. gengistapi vegna gengisfellingar í desembermánuði s. l. voru 1632 millj. kr. auk samtals 115 millj. kr.

lántökuheimildar samkvæmt framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar árin 1970—1972 vegna Reykjanesbrautar.

2. Bráðabirgðalán til vegaframkvæmda.

Á árinu var fylgt sömu reglu og undanfarin ár að samþykkja aðeins bráðabirgðalán til þeirra vegaframkvæmda, sem fjárveitingu hafa í vegáætlun næstu ár.

Bráðabirgðalán til vegaframkvæmda í árslok 1971 og 1972 voru eins og hér segir:

	Árslok 1971 þús. kr.	Árslok 1972 þús. kr.
1. Þjóðbrautir	3 543	0
2. Landsbrautir	11 092	8 004
3. Sýslu- og fjallvegir	1 200	581
Samtals	15 835	8 585
4. Viðhald þjóðvega	1 380	0
Samtals	17 215	8 585

Bráðabirgðalán í árslok 1971 eru talin 300 þús. kr. lægri en í skýrslu um framkvæmd vegáætlunar 1971, sem stafar af því, að lánsheimildir voru ekki notaðar að fullu. (Austurlandvegur í Skriðdal ónotuð lánsh. 200 þús. kr. og Villingaholtsvegur 100 þús. kr.).

Í árslok 1972 eru bráðabirgðalánin helmingi lægri en í árslok 1971. Veldur þar mestu um, að nánast öll lán frá 1971 voru endurgreidd og engin ný lán tekin til þjóðbrauta né vegaviðhalds.

Skipting bráðabirgðalána til einstakra vegaflokka er nánar tilgreind í greinargerð um framkvæmdir á einstökum vegum.

Lán yfirtekin af ríkissjóði.
(Upphæðir í m.kr.)

	Eftirstöðvar pr. 31/12 '71	Ný lán tekin '72	Afborganir 1972	Gengistap 1972	Eftirstöðvar pr. 31/12 '72	Vextir og vísitöluálag '72
Reykjanesbraut:						
Innlend	116.0		15.1		100.9	26.4
Erlend	268.2		5.4	30.1	292.9	19.6
Önnur lán:						
Innlend	116.1	328.1	19.4		424.8	55.1
Erlend	557.9	133.6	10.4	80.0	761.1	26.3
Samtals	1 058.2	461.7	50.3	110.1	1 579.7	127.4
Lán til vélakaupa	46.4			5.9	52.3	3.4
Samtals	1 104.6	461.7	50.3	116.0	1 632.0	130.8

2.3.1. Til hraðbrauta.

1 **Suðurlandsvegur:**

2. Um Skeggjastaði:
   Fjárveiting var 3.0 m.kr., en framkvæmdum var frestað og er ætlunin að fella þær inn í heildaráætlun um Suðurlandsveg í Flóa, sem skv. vegáætlun á að framkvæma á árinu 1974.
4. Framkvæmdir á leiðinni Reykjavík—Selfoss:
   Fjárveiting var 119.2 m.kr. og var varið til eftirtalinna framkvæmda:

a) Rauðavatn—Lækjarbotnar (áfangi SV1):

Framkvæmdum við þennan kafla var haldið áfram skv. verksamningi frá 1971 og lauk þeim að mestu í nóvember s. l. Fyrstu hlutar hans voru teknir í notkun þegar á síðasta ári og kaflinn allur um miðjan nóvember s. l. Vegarkaflinn er 7.2 km með 7.3 m breiðri akbraut úr malbiki og 1.5 m breiðum öxlum. Innifalið í framkvæmdum var bygging 30 m langrar steyptrar plötubrúar á Hólmsá og tveggja 8 m langra steyptra renna á Bugðu. Ýmsum frágangi er enn ólokið og bíður næsta sumars. Verkið er unnið af Ístaki h. f. og var samningsupphæð 110.4 m.kr. Kafli þessi er að nokkru leyti byggður fyrir lán frá Alþjóðabankanum og aðrar upplýsingar um kostnað, bæði hvað við kemur framkvæmdum, eftirliti með þeim og kostnaði vegna vegstæðis (þ. e. kaup á landi og húsum á vegstæðinu, færslu girðinga og færslu og tryggingu vatnslagna, síma- og raflína) er að finna á fylgiskjali 2.3.1.-2. Þar er einnig gerð grein fyrir áætluðum hækkunum og lokakostnaði.

b) Reykjarfell—Hellisheiði:

Neðstu Kambar (áfangi SV5 og SV6):

Framkvæmdum við þessa kafla var haldið áfram skv. verksamningi frá 1971 og lauk þeim að mestu í nóvember. Austari hluti áfanga SV5 og allur áfangi SV6 voru teknir í notkun 1. nóvember og vestari hluti áfanga SV5 var tekinn í notkun 24. nóvember. Var það síðasti hluti vegarins milli Reykjavíkur og Selfoss, sem opnaður var til umferðar með bundnu slitlagi. Vegarkaflarnir eru 12.4 km með 7.3 m breiðri akbraut úr olíumöl og 3.0 m breiðum öxlum. Í brekkunum upp á Hellisheiði beggja vegna er akbrautin þó breiðari, en þar er bætt við 3.5 m breiðri aukaakrein (klifurrein), sem einkum er ætluð þungum bílum á leið upp brekkurnar, svo að þeir trufli ekki akstur minni og léttari bíla. Er klifurrein 3.1 km vestan heiðar, en 6.9 km austan heiðar. Ýmsum frágangi er ólokið og bíður næsta sumars. Verkið er unnið af Þórisósi s.f., að nokkru leyti fyrir lán frá Alþjóðabankanum og er nánari grein gerð fyrir kostnaði í fylgiskjali 2.3.1.-2.

c) Neðstu Kambar—Bakkarholtsá (áfangi SV7):

Framkvæmdum við kafla þennan lauk að mestu 1971 og var hann allur tekinn í notkun þá um haustið. Ýmsum frágangi lauk að fullu, en verkið var unnið af Þórisósi s.f. samkv. samningi frá 1970, að nokkru fyrir lán frá Alþjóðabankanum og er nánari grein gerð fyrir kostnaði í fylgiskjali 2.3.1.-2 undir áfangaheitinu SV7+8.

d) Bakkarholtsá—Selfoss (áfangi SV8):

Framkvæmdum við þennan kafla var haldið áfram skv. samningi frá 1970. Fyrstu hlutar kaflans voru fullgerðir og teknir í notkun þegar á síðasta hausti, en kaflinn allur um miðjan október. Vegarkaflinn er 7.4 km með 7.3 m breiðri akbraut úr olíumöl og 1.5 m breiðum öxlum. Ýmsum frágangi er ólokið og bíður næsta sumars. Verkið er unnið af Þórisósi s.f. og var samningsupphæð 57.6 m.kr., en hluti kostnaðar er greiddur með láni frá Alþjóðabankanum. Aðrar upplýsingar um kostnað er að finna í fylgiskjali 2.3.1.-2. Rétt þykir að geta þess, að verktakanum var falin afrétting vegna sigs, sem ekki var inni í tilboði, þar sem Vegagerð ríkisins ætlaði að annast þær framkvæmdir, og nemur hækkun kostnaðar vegna þessa viðbótarverks um 7.5 m.kr.

41 **Reykjanesbraut:**

Engar framkvæmdir voru við þennan veg á árinu, en fjárveiting, 6.8 m.kr., rann til greiðslu vaxta og afborgana á lánum þeim, sem ríkissjóður yfirtók.

Umferð jókst um 12.7% við Straum. Á fskj. 2.3.1.-1 eru sýndar tekjur, brúttó og nettó, og innheimtukostnaður veggjalds frá 26.10.1965 til 31.12.1972, er gjaldheimta var lögð niður.

45 **Garðskagavegur:**

1. Um Garðinn:

Fjárveiting var 1.0 m.kr., og var ætlunin að leggja olíumöl á 1.5 km kafla, sem undirbúinn var haustið 1971. Fresta varð þó þessum framkvæmdum, þar sem olíumöl fékkst ekki í tæka tíð fyrir veturinn.

1 **Vesturlandsvegur:**

1. Framkvæmdir á leiðinni Reykjavík—Kollafjörður:

Fjárveiting var 96.5 m.kr. og var varið til eftirtalinna framkvæmda:

a) Miklabraut—Rofabær (áfangi VV1A):

Lokið var við gerð lýsingar, en á hluta kaflans hafði verið bráðabirgðalýsing á tréstaurum. Sett voru upp 8 möstur í 20 m hæð yfir akbraut á kaflanum frá Elliðavogi og skammt austur fyrir Elliðaár. Er nú framkvæmdum við kafla þennan að fullu lokið.

b) Höfðabakki—Úlfarsá (áfangi VV2):

Framkvæmdum við þennan kafla var að mestu lokið og hann tekinn í notkun haustið 1971. Í sumar lauk síðasta frágangi og var verkið unnið af Aðalbraut s.f., skv. samningi frá 1970, og að nokkru fyrir lán frá Alþjóðabankanum og er nánari grein gerð fyrir kostnaði í fylgiskjali 2.3.1.-2.

c) Úlfarsá—Þingvallavegur (áfangi VV3):

Framkvæmdum við þennan kafla var haldið áfram skv. verksamningi frá 1971 og lauk þeim að mestu í október og var vegurinn þá tekinn í notkun. Vegarkaflinn er 6.4 km langur með 7.5 m breiðri steyptri akbraut og 1.5 m breiðum öxlum og innifalið í verkinu var bygging 6 m langrar steyptrar rennu á Varmá. Ýmsum frágangi er enn ólokið og bíður næsta sumars. Verkið er unnið af Þórisósi s.f. og var samningsupphæð 74.6 m.kr. Það er að nokkru unnið fyrir lán frá Alþjóðabankanum og er upplýsingar um kostnað að finna í fylgiskjali 2.3.1.-2.

d) Þingvallavegur—Mógilsá (áfangi VV4):

Framkvæmdum við þennan kafla var haldið áfram skv. verksamningi frá 1971 og lauk að mestu í nóvember og var síðasti hluti kaflans tekinn í notkun í byrjun desember. Vegarkaflinn er 4.6 km langur með 7.5 m breiðri steyptri akbraut og 1.5 m breiðum öxlum. Innifalið í framkvæmdum var endurbygging (breikkun) brúar á Köldukvísl, bygging 20 m langrar steyptrar plötubrúar í tveimur höfum yfir Leirvogsá, bygging 6 m langra steyptra brúa á Kollafjarðará og Mógilsá. Einnig var innifalið í gerð vegarins útgröftur fiskeldistjarna í Kollafirði, en tjarnarsvæðin voru að hluta notuð sem efnisnámur fyrir vegagerðina. Ýmsum frágangi er ólokið og bíður næsta sumars. Verkið er unnið af Þórisósi s.f. og var samningsupphæð 87.3 m.kr. Aðrar upplýsingar um kostnað er að finna í fylgiskjali 2.3.1.-2., en hluti hans er greiddur með láni frá Alþjóðabankanum.

6. Hvammsvík og Hvítanes:

Fjárveiting var 3.0 m.kr., en var ekki notuð til framkvæmda, heldur til að standa undir auknum kostnaði á kaflanum um vegamót Borgarfjarðarbrautar hjá Haugum og á kaflanum um Litlu-Fellsöxl á Akranesvegi.

9. Um vegamót Borgarfjarðarbrautar hjá Haugum:
Fjárveiting var 2.7 m.kr. Fullgerður var með malarslitlagi 1.0 km langur kafli um vegamótin.

10. Um Bifröst:
Fjárveiting var 3.0 m.kr. Ekki reyndist unnt að hefja framkvæmdir, þar sem mikill tími fór í athuganir á legu vegarins og efnistöku til hans vegna náttúruverndaratriða og hefur náðst samstaða um legu vegarins og efnistöku að mestu. Vegna þessara tímafreku athugana var framkvæmdum frestað til næsta vors.

11. Til rannsókna á Hvalfirði og Borgarfirði:
Fjárveiting var 0.1 m.kr. og var varið til þessara rannsókna, en nánar er gerð grein fyrir þeim í kaflanum um verkfræðilegan undirbúning.
Hvalfjarðarnefnd lauk störfum og skilaði áliti í september. Niðurstöður þeirra athugana, sem nefndin hefur gert, eru í stuttu máli þær, að leggja skuli fullkominn veg fyrir Hvalfjörð með þeim styttingum á núverandi vegi, sem hagkvæmar eru. Fást þannig 14—15% afkastavextir og er það álit nefndarinnar, að þessi kostur sé þjóðhagslega hagkvæmastur þeirra, sem völ er á.
Nefndin álítur jafnframt, að æskilegt sé, að einhvers konar farkostur til fólksflutninga sé í förum milli Reykjavíkur og Akraness, telur, að það geti verið arðsöm fjárfesting, og gerir það að tillögu sinni, að rekstursöryggi og rekstursafkoma slíks farkosts verði könnuð til hlítar.

51 **Akranesvegur:**

1. Um Litlu-Fellsöxl:
Fjárveiting var 6.0 m.kr. Fullgerður var með malarslitlagi 2.1 km langur kafli um Litlu-Fellsöxl.

1 **Norðurlandsvegur:**

1. Höfnersbryggja—flugvallarvegur:
Framkvæmdum við kafla þennan var haldið áfram samkv. samningi frá 1971. Lokið var að mestu við jarðvinnu, malarslitlag sett á til bráðabirgða og kaflinn tekinn í notkun. Gerð var nokkur breyting á verkinu þannig að í stað grjótvarnar á vegkanti var gerður garður þvert á veginn nyrzt á leirunum m. t. t. þess, að líklegt sé, að vegur verði lagður norðan flugvallar áður en langt um líður. Verkið er unnið af Norðurverki h. f. og hefur seinkað nokkuð miðað við umsaminn skiladag. Samningsupphæð var 13.5 m.kr., en með verðhækkunum og breytingum (varnargarði) er líklegt, að lokakostnaður verði um 19 m.kr., en til viðbótar kemur síðan kostnaður við eftirlit, færslu lagna og girðinga, breytingu heimreiða o. þ. h. og svo að sjálfsögðu kostnaður við gerð slitlags (malbiks) og við lýsingu vegarins.

92 **Norðfjarðarvegur:**

1. Um Egilsstaði:
Fjárveiting var 2.4 m.kr. Greidd var skuld 0.5 m.kr. Fullgerður var að mestu og tekinn í notkun með malarslitlagi um 0.9 km langur kafli um Egilsstaðakauptún. Enn er þó eftir að lækka veginn á stuttu klapparhafti og gerðar hafa verið kröfur um bætur vegna töku lands undir veginn, þó að enn sé óvissa um bótaskyldu.

Verkfræðilegur undirbúningur:

Fjárveiting var 7.0 m.kr. Eftirfarandi er það helzta, sem gert var á árinu:

1 **Suðurlandsvegur:**

Unnið er nú að gerð lokaáætlunar um kaflann frá Selfossi að vegamótum Hrunamannavegar, en vegáætlun gerir ráð fyrir framkvæmdum við kaflann árið 1974. Verkfræðistofunni Hnit s.f. var falin kortagerð og nauðsynlegar mælingar og Almennu verkfræðistofunni s.f. var falin jarðvegsathugun og gerð lokaáætlunar um kaflann, sem að mestu mun liggja á eða við núverandi veg. Lokaáætlun ásamt útboðsgögnum mun liggja fyrir innan fárra mánaða.

41 **Reykjanesbraut:**

Unnið var að lokaáætlun um kaflann yfir Miðnesheiði og er henni lokið og komið að útgáfu útboðsgagna.

43 **Grindavíkurvegur:**

Unnið var að lokaáætlun um allan veginn, og er henni nær lokið, og útboðsgögn gætu legið fyrir í byrjun marz.

1 **Vesturlandsvegur:**

Unnið var að lokaáætlun um allan kaflann frá Mógilsá upp að Kiðafelli. Hlutanum frá Mógilsá að Móum er nú nær lokið og gæti farið í útboð snemma árs 1973, en framhaldið í marz—apríl.

Unnið hefur verið að gagnasöfnun vegna kaflans um Brynjudal og Botnsvog í Hvalfirði, gerðar voru jarðvegskannanir og boranir á leirum og í fjarðarbotninn, en Náttúruverndarráð hefur farið fram á líffræðilega og vistfræðilega rannsókn á leirunum og fjarðarbotninum vegna hugsanlegra áhrifa, sem breytt lega vegarins gæti haft á gróður og samfélag lífvera, sem byggir sjó og fjörur samfara röskun á lífi fugla og fiska. Verið er að gera samning um rannsókn þessa við Háskóla Íslands og Hafrannsóknarstofnunina og tekur hún til Hvalfjarðar og Borgarfjarðar og til samanburðar verður tekinn Hraunsfjörður og e. t. v. Ölfusárósar. Rannsóknirnar á að vera endanlega lokið í maí 1974. Niðurstöður gætu hæglega haft töluverð áhrif á legu vegarins á þessum stöðum. Meðan líffræðirannsóknirnar fara fram verður haldið áfram undirbúningi að lokaáætlun, en augljóst er að framkvæmdir munu ekki geta hafizt 1973, eins og vegáætlun gerir ráð fyrir.

Haldið var áfram mælingum og jarðvegsathugunum í Leirársveit.

Unnið var að frekari könnun á Borgarfirði, settir voru upp vindmælar til þess að glöggva sig á öldufari á firðinum vegna hæðar og grjótvarnar fyllinga, boranir gerðar til að athuga burðareiginleika botnsins vegna hárra fyllinga og vegna undirstaða brúa og verið er að hefja líffræðilegar rannsóknir, eins og áður segir. Búizt er við að ákvörðun á legu vegar yfir fjörðinn frá Seleyri að Borgarnesi muni liggja fyrir seinni hluta 1973 og munu framkvæmdir þá geta hafizt 1974 eins og vegáætlun gerir ráð fyrir, komi engin óvænt atriði í ljós.

60 **Vestfjarðavegur:**

Vegarkaflinn milli Ísafjarðar og Hnífsdals var mældur upp og athuganir gerðar á breyttri legu hans næst Hnífsdal. Leitað var steinefna í bundin slitlög og standa rannsóknir á þeim nú yfir.

1 **Norðurlandsvegur um Akureyri:**

Gerð var frumáætlun um kaflann norðan Akureyrar að vegamótum Ólafsfjarðarvegar og lokaáætlun um kaflann milli Lónsbrúar og Dvergasteins. Gerðar

voru talsvert umfangsmiklar jarðboranir á leirunum í botni Eyjafjarðar m. t. t. að vegurinn verði fluttur norður fyrir flugvöll. Einnig voru gerðar athuganir á legu vegarins gegnum skógræktarsvæði austan fjarðar í samráði við skógræktaryfirvöld og síðan áfram norður Svalbarðsströnd. Athuganir þessar eru í samræmi við niðurstöður Vaðlaheiðarnefndarinnar, sem lauk störfum og skilaði áliti í desember, en meginniðurstöður nefndarinnar eru þær, að leggja beri veginn um leirurnar norðan flugvallar, út Svalbarðsströnd og yfir Víkurskarð í stað þess að fara yfir Vaðlaheiði um Steinsskarð eins og nú er.

2.3.2. Til þjóðbrauta.

1 **Suðurlandsvegur:**

1. Skarphóll—Skeiðflötur:
   Fjárveiting var 2.0 m.kr. Fresta varð fyrirhuguðum framkvæmdum vegna mjög óhagstæðs tíðarfars.
4. Þorvaldseyri—Holtsá:
   Fjárveiting var 2.4 m.kr. Byggður var 1.2 km langur kafli milli Holtsár og Varmahlíðar, en eftir er frágangur að miklu leyti.
7. Affall—Þverá:
   Fjárveiting var 1.8 m.kr. Grafnir voru skurðir meðfram veglínunni, sem er um 2.9 km löng. Framkvæmdum var ekki lokið við lagningu kaflans.
8. Um Steinslæk:
   Fjárveiting var 2.0 m.kr. Byggður var 1.1 km langur kafli við nýja brú á Steinslæk.

31 **Skálholtsvegur:**

1. Við Reyki:
   Fjárveiting var 200 þús. kr. og fjárveiting í sama veg: Laugarás—Biskupstungnabraut 1.3 m.kr. (sjá 31.2.). Fullbyggður var 1.2 km langur kafli við Reyki.
2. Laugarás—Biskupstungnabraut:
   Fjárveiting var 1.3 m.kr. Í samráði við þingmenn kjördæmisins var fjárveitingu þessari bætt við fjárveitingu til sama vegar við Reyki. Sjá Skálholtsveg, við Reyki (31.1.).

35 **Biskupstungnabraut:**

1. Þingvallavegur—Minni-Borg:
   Fjárveiting var 800 þús. kr. Lokið var við frágang á 2.2 km kafla við Kerið í Grímsnesi, sem byggður var 1971.

36 **Þingvallavegur:**

1. Í þjóðgarði:
   Fjárveiting var 4.4 m.kr. Endurbyggður var 1.2 km langur kafli frá Leirum að nýbyggingu frá 1971, neðan Langastígs. Einnig var heimreiðin að Valhöll endurbyggð, en hún er 0.5 km löng. Frekari framkvæmdum var frestað þar til fyrir lægju úrslit samkeppni um skipulag þjóðgarðsins.

43 **Grindavíkurvegur:**

1. Gíghæð—Svartengi:
   Fjárveiting var 700 þús. kr. Framkvæmdum var frestað. Fé þetta var veitt til Grindavíkurvegar skv. vegáætlun 1969—1972, en þá (1969) taldist hann til þjóðbrauta. Árið 1972 varð Grindavíkurvegur hraðbraut. Í veg-

áætlun 1972—1975 er fjárveiting til vegarins (58.6 m.kr.) árið 1973, og verður á því ári einnig unnið fyrir þessar 700 þús. kr.

1 **Norðurlandsvegur:**

1. Um Búðardalsá:
   Fjárveiting var 1.6 m.kr. Fullgerður var og tekinn í notkun 1.2 km langur kafli um nýtt ræsi á Búðardalsá.
5. Um Norðurá í Heiðarsporði:
   Fjárveiting var 1.6 m.kr. Fór til greiðslu á skuld frá 1969 skv. lið 2.5.6.

54 **Ólafsvíkurvegur:**

1. Um Borg:
   Fjárveiting var 1.0 m.kr. Lokið var við að ganga frá 1.5 km löngum kafla við Borg, sem byggður var 1971.
5. Skjálg—Kolbeinsstaðir:
   Fjárveiting var 3.1 m.kr. Fullgerður var og tekinn í notkun 2.9 km langur kafli um Kolbeinsstaði að Skjálg.
11. Á Fróðárheiði:
   Fjárveiting var 200 þús. kr. Lokið var við endurbyggingu snjóastaða á Fróðárheiði frá 1971.

574 **Útnesvegur:**

1. Rif—Enni:
   Fjárveiting var 2.7 m.kr. Tekinn var í notkun 2.5 km langur kafli um nýja brú á Hólmkelsá, en frágangi er ekki lokið.

60 **Vestfjarðavegur:**

3. Um Tunguá:
   Fjárveiting var 2.5 m.kr. Tekinn var í notkun 1.2 km langur kafli um Tunguá, en frágangi er ólokið.
4. Um Búðardal:
   Fjárveiting var 1.1 m.kr. Framkvæmdum var frestað.

60 **Vestfjarðavegur:**

4. Kinnarstaðir—Djúpvegur:
   Fjárveiting var 5.6 m.kr. Tekinn var í notkun 6.4 km langur kafli frá Kinnarstöðum að vegamótum Djúpvegar, en frágangi er ekki lokið.
13. Í Dagverðardal:
   Fjárveiting var 2.7 m.kr. Fullgerður var og tekinn í notkun 2.6 km langur kafli í Dagverðardal við vegamót Djúpvegar.
14. Um Tunguá:
   Fjárveiting var 600 þús. kr. Framkvæmdum var frestað, þar sem skipulag af Ísafjarðarkaupstað liggur ekki fyrir á þessu svæði, sbr. lið 2.5.10.
15. Ath. á Dýrafirði og Önundarfirði:
   Fjárveiting var 500 þús. kr. Mældar voru tvær línur yfir Önundarfjörð frá Mosvöllum að gatnamótum við Breiðadalsheiði. Einnig var gert kort af botni Dýrafjarðar út af Lambadalsodda.

62 **Barðastrandarvegur:**

1. Gíslalækur—Þverá:
   Fjárveiting var 1.5 m.kr. Tekinn var í notkun 1.0 km langur kafli frá Gíslalæk að Þverá í Vatnsfirði, en eftir er að ganga frá ræsum.
2. Þverá—Brjánslækur:

Fjárveiting var 2.5 m.kr. Tekinn var í notkun 1.8 km langur kafli frá Þverá að Brjánslæk, en eftir er að ganga frá ræsum.

6. Kleifaheiði um Kleifar:
Fjárveiting var 2.7 m.kr. Tekinn var í notkun 0.6 km langur kafli efst í Kleifunum, en eftir er að lagfæra og ganga frá kaflanum.

68 **Hólmavíkurvegur:**

5. Húsavíkurkleif—Hrófárvaðall:
Fjárveiting var 3.0 m.kr. og 6.5 m.kr. samkv. lið 2.3.6.4. í Norðurlandsáætlun. Greitt var 300 þús. kr. bráðabirgðalán frá 1971. Fullgerður var og tekinn í notkun 3.1 km langur kafli milli Húsavíkurkleifar og Hrófárvaðals.

1 **Norðurlandsvegur:**

2. Um Sporðshús:
Fjárveiting var 5.4 m.kr. Byggður var 1.7 km langur kafli um Reyðarlæk og gengið frá 0.5 km löngum kafla frá fyrra ári.

5. Um Langadal:
Fjárveiting var 5.3 m.kr. og 6.0 m.kr. á lið 2.3.6.4. í Norðurlandsáætlun. Byggður var 3.1 km langur kafli frá Fremstagili að Geitaskarði og gengið frá 7.3 km langri nýbyggingu frá fyrra ári.

6. Á Vatnsskarði:
Fjárveiting var engin, en lánað var af viðhaldsfé Skagafjarðar út á vegáætlun 1973 1.0 m.kr. Lagfærðar voru tvær blindhæðir á 0.4 km löngum kafla á Víðivörðuhálsi.

7. Um Úlfsstaðagil:
Fjárveiting var 1.3 m.kr. Lokið var við 0.7 km langan kafla við nýja brú á Úlfsstaðagili.

76 **Siglufjarðarvegur:**

2. Um Grófargil:
Fjárveiting var 2.2 m.kr. Lokið var við 1.4 km langan kafla við nýja brú á Grófargili.

3. Um Staðará:
Fjárveiting var 3.9 m.kr. Lokið var við 1.8 km langan kafla við Staðará.

82 **Ólafsfjarðarvegur:**

1. Um Lágheiði:
Fjárveiting var 1.3 m.kr. Lokið var við 0.8 km langan kafla við nýja brú á Reykjaá.

3. Um Ólafsfjarðarmúla:
Fjárveiting var 500 þús. kr. Hreinsað var grjóthrun úr Múlanum og vegrásir endurbættar.

4. Brimnesá—Karlsá:
Fjárveiting var 3.4 m.kr. Lokið var við 1.2 km langan kafla norðan við Brimnesá og 0.5 km langan kafla frá fyrra ári hjá Hóli.

5. Reistará—Hagaás:
Fjárveiting var 1.7 m.kr. og samkv. lið 2.3.6.4. í Norðurlandsáætlun, Hörgárbrú—Reistará, 12.3 m.kr. Lokið var að mestu við 1.9 km langan kafla, og undirbyggður var 1.4 km langur kafli sunnan við Hjalteyrarveg. Brú yfir Brimnesá norðan við Dalvík var tengd.
Á árinu 1971 var kaflinn frá Hjalteyrarvegi að Syðri-Haga boðinn út, en samkvæmt útboðsgögnum átti ekki að ljúka við framkvæmdir fyrr en

sumarið 1972. Byggður var fyrrnefndur kafli, sem er 6.5 km langur, en eftir er að ljúka frágangi. Einnig voru undirbúnar framkvæmdir á kaflanum frá Skriðulandi að Hörgárbrú.

85 **Norðausturvegur:**

1. Um Ófeigsstaði:
   Fjárveiting var 1.0 m.kr. Grafnir voru 3.0 km langir skurðir sunnan við Yztafell. Frekari framkvæmdum var frestað.
4. Rannsóknir á Melrakkasléttu:
   Fjárveiting var 400 þús. kr. Gerðar voru frumathuganir á hugsanlegum vegstæðum norðan Axarfjarðarheiðar. Settar voru upp snjómælistikur og efnisathuganir gerðar.
5. Sævarland—Hafralónsá:
   Fjárveiting var 1.5 m.kr. Byggður var 3.0 km langur kafli frá Flögu vestur yfir Skerþúfuás.

845 **Aðaldalsvegur:**

1. Um Vestmannsvatn:
   Fjárveiting var 5.4 m.kr. Greiddar voru 2.5 m.kr. skuldir frá fyrri árum. Byggður var 2.1 km langur kafli norðan Helgastaða.

88 **Raufarhafnarvegur:**

1. Klifshagi—Kópasker:
   Fjárveiting var 2.0 m.kr. Byggður var 0.9 km langur kafli við Núp og lokið við 1.8 km langan kafla sunnan við Þverá, sem byrjað var á 1970.

89 **Hálsavegur:**

2. Kollavík—Sævarland:
   Fjárveiting var 12.6 m.kr. og 6.0 m.kr. á lið 2.3.6.4. í Norðurlandsáætlun. Lokið var við 11.0 km langan kafla milli Kollavíkur og Sævarlands.

1 **Austurlandsvegur:**

3. Austan Rangár:
   Fjárveiting var 1.2 m.kr. Byggður var og tekinn í notkun 0.8 km langur kafli austan Rangár, en ófullgerður.
6. Hallbjarnarstaðir—Haugaá:
   Fjárveiting var 3.1 m.kr. Lokið var að mestu við 2.6 km langan kafla um Víðilæk.
7. Haugaá—Víðigróf:
   Fjárveiting var 200 þús. kr. Hækkaður var í dældum ruðningsvegur við Skriðuvatn.
8. Breiðdalsá—Selá:
   Fjárveiting var 2.1 m.kr. Lokið var við 2.8 km langan kafla frá Þorgrímsstöðum að Selá.
10. Runná—Skáli:
    Fjárveiting var 6.7 m.kr. Lokið var við 3.0 km langan kafla um Skála.

85 **Norðausturvegur:**

1. Finnafjarðará—Saurbæjarháls:
   Fjárveiting var 300 þús. kr. Byggður var 0.8 km langur kafli á Saurbæjarhálsi, en frágangi er ekki lokið.

2. Sunnan Ótræðislæks:
Fjárveiting var 900 þús. kr. Lokið var við 0.6 km langan kafla hjá Ótræðislæk, sem undirbyggður var 1971, og í framhaldi af honum var byggður 1.0 km langur kafli, en frágangi er ekki lokið.

917 **Hlíðarvegur:**

3. Um Surtsstaði:
Fjárveiting var 400 þús. kr. Greidd var skuld frá fyrra ári.

92 **Norðfjarðarvegur:**

1. Um Björg:
Fjárveiting var 2.4 m.kr. Byggður var 0.5 km langur kafli í Björgum og einnig lokið við 0.3 km langan kafla, sem byrjað var á 1971.
2. Skálateigur—Neskaupstaður:
Fjárveiting var 2.5 m.kr. Byggður var 0.7 km langur kafli neðan Ormsstaða og auk þess var endurbættur 0.5 km langur kafli utan við Þrastarlund.
3. Oddsdalur:
Fjárveiting var 800 þús. kr. Lokið var við frágang á 1.3 km löngum kafla, sem byggður var 1971 í Skuggahlíðarbrekku. Einnig var byrjað á skurðgreftri í Oddsdal.

96 **Suðurfjarðavegur:**

1. Um Þernunes:
Fjárveiting var 600 þús. kr. Unnið var við frágang á 3.5 km löngum kafla um Berunes, sem byggður var 1971.
2. Lönd—Stöðvarfjarðarþorp:
Fjárveiting var 300 þús. kr. Unnið var við frágang á 3.4 km löngum kafla frá Stöðvarfjarðarþorpi út að Löndum, sem byggður var 1971.

2.3.3. Til landsbrauta.

1 **Suðurlandsvegur:**

1. Um Geirlandsá:
Fjárveiting var 1.2 m.kr. og var hún notuð til endurbyggingar vegar frá Kirkjubæjarklaustri að Keldumýri, sjá 2.3.6.2. Skeiðarársandur.
2. Austan Tungufljóts:
Fjárveiting var 200 þús. kr. og auk þess fjárveiting til Suðurlandsvegar um Hrífunesheiði 1.1 m.kr. Fullbyggður var 1.0 km langur kafli austan Tungufljóts í Skaftártungu.
3. Um Hrífunesheiði:
Fjárveiting var 1.1 m.kr. Þessi fjárveiting var notuð í Suðurlandsveg austan Tungufljóts (sjá 2.3.3.1.).
4. Á Mýrdalssandi:
Fjárveiting var 500 þús. kr. Einnig var unnið fyrir 500 þús. kr. fjárveitingu ársins 1973, sem var lánuð frá lið 2.3.2. Suðurlandsvegi, Skarphóll—Skeiðflötur. Vegurinn var hækkaður á 3.0 km löngum kafla við Hafursey.

22 **Stórhöfðavegur:**

1. Ýmsir staðir:
Fjárveiting var 400 þús. kr., og var hún geymd til næsta árs.

26 **Landvegur:**

1. Brúarlundur—Skarð:
   Fjárveiting var 1.8 m.kr. Fullbyggður var 1.4 km langur kafli sunnan undir Skarðsfjalli.
2. Suðurlandsvegur—Árbæjarvegur:
   Fjárveiting var 2.1 m.kr. Þar af fór 1.3 m.kr. til greiðslu á láni. Endurbyggður var 1.5 km langur kafli í Holtsmúlasundi.

203 **Meðallandsvegur:**

2. Leiðvöllur—Suðurlandsvegur:
   Fjárveiting var 1.5 m.kr. Fullbyggður var 4.0 km langur vegur milli Efri-Eyjar og Melhóls í Meðallandi.

206 **Búlandsvegur:**

1. Hvammur—Skaftártdalur:
   Fjárveiting var 500 þús. kr. Lokið var við að mölbera kaflann milli Hvamms og Búlands, sem byggður var árið 1970.

207 **Ljótarstaðavegur:**

1. Ýmsir staðir:
   Fjárveiting var 500 þús. kr. Lagfærðir voru ýmsir kaflar á leiðinni frá Gröf að Snæbýli.

268 **Þingskálavegur:**

1. Heiði—Víkingslækur:
   Fjárveiting var engin, en tekið var bráðabirgðalán, 800 þús. kr., út á vegáætlun 1973. Byggður var 2.5 km langur kafli milli Heiðar og Þingskála, en frágangi er ekki lokið.

275 **Ásvegur:**

2. Sandhólaferja—Háfshverfi:
   Fjárveiting var 700 þús. kr. Með samþykki þingmanna kjördæmisins var endurbyggður 4.0 km langur kafli sunnan við Djúpós á Þykkvabæjarvegi.

282 **Ásmundarstaðavegur:**

1. Ásmundarstaðir—Áshverfi:
   Fjárveiting var engin, en 735 þús. kr. geymdar frá fyrra ári. Búið er að mölbera hluta af veginum, en haldið verður áfram á frosti í vetur.

32 **Þjórsárdalsvegur:**

1. Sandlækjarholt—Sandá:
   Fjárveiting var 1.1 m.kr. Fjárveitingunni var varið til greiðslu skuldar við Landsvirkjun.

35 **Biskupstungnabraut:**

1. Við Gullfoss:
   Fjárveiting var 1.0 m.kr. Greitt var bráðabirgðalán 250 þús. kr. Fullbyggður var 0.7 km langur kafli frá vegamótum Kjalvegar að Gullfossi.

305 **Villingaholtsvegur:**

1. Við Loftsstaðaá:
Fjárveiting var 300 þús. kr. Greitt var bráðabirgðalán 250 þús. kr. Lokið var við frágang vegarkafla við Loftsstaðaá, sem byggður var 1971.

308 **Skógsnesvegur:**

1. Skógsnes—Sýrlækur:
Fjárveiting var 700 þús. kr. Framkvæmdum var frestað til ársins 1974, því að þá er aftur fjárveiting til þessa kafla.

341 **Langholtsvegur:**

1. Flúðir—Syðra-Langholt:
Fjárveiting var 1.3 m.kr. Framkvæmdum frestað til næsta árs, því að þá er aftur fjárveiting til vegarins.

356 **Tjarnarvegur:**

1. Ofan Vatnsleysu:
Fjárveiting var 400 þús. kr. Lagfært var klif ofan Vatnsleysu.

358 **Einholtsvegur:**

1. Við Brattholt:
Fjárveiting var 500 þús. kr. Fullgerður var 0.4 km langur kafli frá vegamótum Biskupstungnabrautar að Brattholti.

410 **Elliðavatnsvegur:**

1. Vatnsendahverfi—Vífilsstaðir:
Fjárveiting var 1.0 m.kr. Endurbyggður var 0.8 km langur kafli austan við Rjúpnahæð.

415 **Álftanesvegur:**

1. Selskarð—Bessastaðir:
Fjárveiting var 5.6 m.kr. Byggður var 2.3 km langur kafli frá Selskarði að Bessastöðum og er slitlagið úr olíumöl. Eftir er þó frágangur að nokkru leyti.

431 **Hafravatnsvegur:**

1. Vesturlandsvegur—vegamót að Reykjalundi:
Fjárveiting var 1.8 m.kr. Fyrirhugað var að setja olíumöl á kaflann frá Vesturlandsvegi að heimreið að Reykjalundi, en fresta varð framkvæmdum til næsta árs vegna þess, að olíumöl fékkst ekki í tæka tíð.

462 **Kjósarskarðsvegur:**

3. Fremri-Háls—sýslumörk:
Fjárveiting var 1.9 m.kr. og geymt frá fyrra ári 260 þús. kr. Við afgreiðslu vegáætlunar fyrir 1972 var af mistökum skipt 1.8 m.kr. hærri upphæð en var til ráðstöfunar. Var í samráði við þingmenn Reykjaneskjördæmis ákveðið að fella niður framkvæmdir í þessum vegi 1972 sem þessari upphæð nam. Grafnir voru vegskurðir og búið er að ýta upp undirbyggingu á 2.0 km löngum kafla. Lokið var við 0.3 km langan kafla við Vindás.

50 **Borgarfjarðarbraut:**

3. Um Geldingadraga:
   Fjárveiting var 2.4 m.kr. Greidd var 1.3 m.kr. skuld frá fyrra ári. Tekinn var í notkun 2.0 km langur kafli á norðanverðum Geldingadraga, en frágangi er ekki lokið.
5. Um Síðumúlaveggi:
   Fjárveiting var 1.1 m.kr. Framkvæmdum var frestað til næsta árs vegna óhagstæðs tíðarfars.
7. Um Hauga:
   Fjárveiting var 2.3 m.kr. Geymt fé frá fyrra ári var 2.1 m.kr. Tekinn var í notkun 1.0 km langur kafli um nýja brú á Norðurá, en frágangi er ekki lokið.

55 **Heydalsvegur:**

Fjárveiting var 5.9 m.kr. og tekið var 850 þús. kr. bráðabirgðalán út á vegáætlun 1973. Greidd var 3.8 m.kr. skuld frá fyrri árum.

Lokið var við frágang á 8.6 km löngum kafla frá Snæfellsnessvegi að sýslumörkum, en eftir er að aka slitlagi í kaflann. Tekinn var í notkun 1.4 km langur kafli um Kolbeinsstaði, en frágangi er ekki lokið.

57 **Snæfellsnessvegur:**

3. Rannsóknir á Álftafirði:
   Fjárveiting var 200 þús. kr. Mæld var lína yfir fjörðinn frá Krákunesi að Narfeyrarhlíð.

59 **Laxárdalsvegur:**

1. Hólkotsá—Sólheimar:
   Fjárveiting var 1.9 m.kr. Lokið var undirbyggingu 1.5 km langs kafla frá Selhöfða að Skeggjagili, sem byrjað var á 1971, og undirbyggður 1.2 km langur kafli frá Skeggjagili að Sólheimum. Kaflarnir voru teknir í notkun.

503 **Akrafjallsvegur:**

1. Um Ytra-Hólm:
   Fjárveiting var 900 þús. kr. Lokið var sprengingum um Ytra-Hólm að mestu, en öðrum framkvæmdum var frestað til næsta árs vegna þess, að ekki reyndist unnt að útvega sprengitæki fyrr en í lok ársins.

507 **Mófellsstaðavegur:**

Fjárveiting var 200 þús. kr. og fór hún til greiðslu á skuld.

518 **Hálsasveitarvegur:**

1. Um Kalmanstungu:
   Fjárveiting var 600 þús. kr. Undirbyggður var að mestu 2.6 km langur kafli frá Kalmanstungu að Hvítá.

522 **Hvítársíðuvegur:**

1. Um Þorgautsstaði:
   Fjárveiting var 700 þús. kr. Tekinn var í notkun 0.6 km langur kafli um Þorgautsstaði.
2. Um Kinnargil:
   Fjárveiting var 400 þús. kr., og fór hún til greiðslu á skuld frá 1971.

538 **Hraunhreppsvegur syðri:**

1. Akrar—Kálfalækur:
Fjárveiting var 2.0 m.kr. Tekinn var í notkun 4.0 km langur kafli milli Akra og Kálfalækjar, en frágangi er ólokið að hluta.
Með þessum kafla er kominn hringvegur í Hraunhreppi.

581 **Hörðudalsvegur eystri:**

1. Tunga—Seljaland:
Fjárveiting var 1.0 m.kr. Fullgerður var og tekinn í notkun 0.9 km langur kafli milli Tungu og Laugár.

585 **Hlíðarvegur:**

1. Um Fellsenda:
Fjárveiting var 600 þús. kr. Tekinn var í notkun 0.4 km langur kafli um Fellsenda, en frágangi er ólokið.

590 **Klofningsvegur:**

1. Um Ytra-Fell:
Fjárveiting var 1.9 m.kr. Fullgerður var og tekinn í notkun 1.7 km langur kafli um Ytra-Fell að Kjarlaksstaðaá.

60 **Vestfjarðavegur:**

1. Hnífsdalur—Ófæra:
Fjárveiting var 1.9 m.kr. Framkvæmdum var frestað til næsta árs, þar sem hagkvæmara þótti að vinna verkið í sambandi við lagningu slitlags á veginn á því ári.

61 **Djúpvegur:**

4. Skarð—Eyri:
Fjárveiting var 5.0 m.kr. og auk þess 18.0 m.kr. fjárveiting skv. lið 2.3.6.5. Djúpvegur.
Lokið var við að aka slitlagi í 5.0 km langan kafla á Sjötúnahlíð að Kambsnesi. Frá Kambsnesi að Eyri var lokið við undirbyggingu og ekið slitlagi í veginn, en frágangur er eftir. Kaflinn er 3.0 km langur.
Undirbyggður var að nokkru leyti 6.0 km langur kafli frá Eyri og inn í Hestfjörð.
Í austanverðum Skötufirði var sprengingum og akstri í fyllingar lokið. Eftir er að ganga frá vatnsrásum og snyrta og einnig að setja niður nokkur ræsi og aka slitlagi í þennan kafla, sem er um 9.0 km langur.
Lokið var að mestu vegfyllingu um nýja brú á Kleifaós. Frá Kleifaósi um Hvítanes og að Hesteyri í Hestfirði var lokið við að undirbyggja að nokkru leyti 14.0 km langan kafla.

63 **Bíldudalsvegur:**

2. Trostansfjörður—Vestfjarðavegur:
Fjárveiting var 1.6 m.kr. Ekið var slitlagi í 10.8 km langan kafla, sem undirbyggður var 1963 og 1964. Veginum er þó ekki fulllokið.

64 **Flateyrarvegur:**

2. Kaldá—Hvilft:
Fjárveiting var 2.6 m.kr. Tekinn var í notkun 1.0 km langur kafli frá Kaldá að Hólsá, en frágangi er ólokið.

65 **Súgandafjarðarvegur:**

1. Botn—Kvíarnes:
   Fjárveiting var 1.6 m.kr. Lokið var við nýbyggingu frá fyrra ári í Botnsdal. Einnig var fullgerður 0.5 km langur kafli ofan við Botn.

607 **Reykhólasveitarvegur:**

1. Grímsnes—Hrafnanes:
   Fjárveiting var 1.0 m.kr. Tekinn var í notkun 0.9 km langur kafli um Hrafnanes, en frágangi er ekki lokið.

612 **Örlygshafnarvegur:**

3. Um Geitagil:
   Fjárveiting var 400 þús. kr. Framkvæmdum var frestað til næsta árs, þar sem ekki vannst tími til að vinna verkið.

614 **Rauðasandsvegur:**

Fjárveiting var 600 þús. kr. Unnið var að lagfæringum í Bjarngötudal, en verkinu varð ekki lokið sökum ótíðar.

624 **Ingjaldssandsvegur:**

1. Vestfjarðavegur—Núpur:
   Fjárveiting var 1.0 m.kr. Nokkrir kaflar milli Gemlufalls og Núps voru lagfærðir og hækkaðir vegna snjóþyngsla, samtals um 1.0 km.

625 **Valþjófsdalsvegur:**

2. Um Ófæru:
   Fjárveiting var 600 þús. kr. Fjárveitingin var lánuð til Syðridalsvegar út á fjárveitingu á næsta ári með samþykki þingmanna kjördæmisins.

629 **Syðridalsvegur:**

Fjárveiting var engin, en unnið var fyrir 600 þús. kr. lán frá Valþjófsdalsvegi, um Ófæru (sjá 625.2.).

Fullgerður var og tekinn í notkun 0.7 km langur kafli frá Vestfjarðavegi í átt að Geirastöðum.

633 **Vatnsfjarðarvegur:**

3. Um Bjarnaskarð:
   Fjárveiting var 900 þús kr. Lagfærður var 0.5 km langur kafli um Bjarnaskarð og 0.5 km langur kafli milli Bjarnaskarðs og Skálavíkur.

643 **Strandavegur:**

1. Um Grjótá:
   Fjárveiting var 1.0 m.kr. Tekinn var í notkun 0.8 km langur kafli norðan Grjótár, en frágangi er ekki lokið.

702 **Heggstaðanesvegur:**

1. Mýrar—Bessastaðir:
   Fjárveiting var 1.3 m.kr. Unnið var að undirbyggingu á 1.0 km löngum kafla sunnan Bessastaða.
2. Um Grímsá:
   Fjárveiting var 200 þús. kr. Gengið var frá ræsi á Grímsá.

711 **Vatnsnesvegur:**

1. Norðan Hvammstanga:
   Fjárveiting var 100 þús. kr. Gerð var lagfæring hjá Grænahvammi.
5. Hólaá—Þorfinnsstaðir:
   Fjárveiting var 1.3 m.kr. Byggður var 2.1 km langur kafli frá Þorfinnsstöðum að Hólaá.

717 **Borgarvegur:**

1. Gottorp—Borg:
   Fjárveiting var 1.2. m.kr. Byggður var 2.0 km langur kafli hjá Vatnsenda og milli Gottorps og Borgar.

732 **Kjalvegur:**

Fjárveiting var 2.0 m.kr. Vegurinn var styrktur og lagfærður á um 8.0 km löngum kafla.

733 **Blöndudalsvegur:**

Fjárveiting var 1.0 m.kr. Vegurinn var styrktur á um 3.0 km löngum kafla.

743 **Laxárdalsvegur:**

1. Austan Skrapatungu:
   Fjárveiting var 700 þús. kr. Byggður var 1.0 km langur kafli austan Skrapatungu.

744 **Þverárfjallsvegur:**

1. Um Þverá:
   Fjárveiting var 300 þús. kr. Lagður var 0.3 km langur kafli við nýja brú á Þverá.

745 **Skagavegur:**

4. Bjargarvík—Bjargarskarð:
   Fjárveiting var 1.0 m.kr. Byggður var 1.5 km langur kafli um Ketubjörg.
5. Bergskáli—Kleifargil:
   Fjárveiting var 1.6 m.kr. Byggður var 4.5 km langur kafli frá Kleifarmýri að Hvalnesi.
9. Skagavegur vestanverður:
   Fjárveiting var 1.1 m.kr. Fór hún til greiðslu á skuld.

752 **Skagafjarðarvegur:**

1. Álftagerði—Borgará:
   Fjárveiting var 1.3 m.kr. Byggður var 1.2 km langur kafli frá Álftagerði að Krithóli.

755 **Tunguhálsvegur:**

1. Tunguháls—Villinganes:
   Fjárveiting var 700 þús. kr. Lokið var að miklu leyti við 1.3 km langan kafla norðan Tunguháls.

763 **Hellulandsvegur:**

1. Siglufjarðarvegur—Helluland:
   Fjárveiting var 1.3 m.kr. Byggður var 2.0 km langur kafli frá Siglufjarðarvegi að Hellulandi.

764 **Hegranesvegur vestri:**

1. Helluland—Hegranesvegur eystri:
   Fjárveiting var 1.4 m.kr. Undirbyggður var 0.2 km langur kafli sunnan Hellulands og grafnir skurðir. Hjá Keldudal var lagfærður 0.2 km langur kafli.

83 **Grenivíkurvegur:**

1. Syðri-Grund—Pálsgerði:
   Fjárveiting var 1.0 m.kr. Fór hún til greiðslu á skuld.

802 **Ólafsfjarðarvegur eystri:**

1. Ólafsfjarðarvegur—Vatnsendi:
   Fjárveiting var 700 þús. kr. Framkvæmdum var frestað til næsta árs, þar sem ekki náðist samkomulag við Ólafsfjarðarkaupstað um vegstæði.

803 **Kleifavegur:**

1. Sunnan Syðri-Á:
   Fjárveiting var 100 þús. kr. Greidd var skuld frá fyrra ári.

826 **Eyjafjarðarbraut eystri:**

1. Um Rifkelsstaði:
   Fjárveiting var 5.1 m.kr. Vegna anna við vegagerð á Norðurlandi var ætlunin að geyma þetta verk til haustsins, en þá varð að fresta því vegna veðurs.

833 **Illugastaðavegur:**

1. Skógar—Hróarsstaðir:
   Fjárveiting var 300 þús. kr. Fór hún til greiðslu á skuld.
2. Hróarsstaðir—Illugastaðir:
   Fjárveiting var 1.0 m.kr. Til greiðslu á skuld fóru 600 þús. kr. Mismunur var geymdur til næsta árs, því þá er einnig fjárveiting til vegarins.

835 **Fnjóskadalsvegur eystri:**

1. Sunnan Veisusels:
   Fjárveiting var 800 þús. kr. Fór hún til greiðslu á skuld.

843 **Lundarbrekkuvegur:**

2. Rauðafell—Lundarbrekka:
   Fjárveiting var engin, en unnið var fyrir 2.0 m.kr. bráðabirgðalán út á vegáætlun 1974. Lokið var við yfirbyggingu á 1.5 km löngum kafla sunnan Lundarbrekku og fullgerður 2.6 km langur kafli um Rauðafell.

848 **Mývatnssveitarvegur:**

1. Greiðsla á skuld:
   Fjárveiting var 1.1 m.kr. Fór hún til greiðslu á skuld.

853 **Hvammavegur:**

1. Klömbur—Yzti-Hvammur:
   Fjárveiting var 600 þús. kr. og bráðabirgðalán 3.0 m.kr. Lokið var að mestu við byggingu 2.4 km langs kafla frá Yzta-Hvammi að Klömbrum.

856 **Laxárdalsvegur vestri:**

1. Brúar—Birningsstaðir:
   Fjárveiting var 300 þús. kr. Vegurinn var lagfærður og styrktur á 0.2 km löngum kafla sunnan Brúa.

1 **Austurlandsvegur:**

4. Sléttaleiti—Reynivellir:
   Fjárveiting var 2.1 m.kr. Lokið var 1.2 km löngum kafla um Sléttaleiti.
5. Kvíá—Hof:
   Fjárveiting var engin, en tekið var 1.1 m.kr. bráðabirgðalán út á vegáætlun 1973. Lokið var að mestu leyti við 1.7 km langan kafla um Stigá.

85 **Norðausturvegur:**

2. Kálffell—Banatorfur:
   Fjárveiting var 1.8 m.kr. Lokið var að mestu við 2.5 km langan kafla ofan við Kálffell og auk þess gengið frá 0.5 km löngum kafla frá 1971.

93. **Seyðisfjarðarvegur:**

1. Á Norðurbrún:
   Fjárveiting var 2.0 m.kr. Lokið var að mestu við 0.7 km langan kafla á Norðurbrún neðan Miðhúsaár, og auk þess gengið frá 1.8 km löngum kafla, sem byggður var 1971.
2. Vesturhluti heiðar:
   Fjárveiting var 5.9 m.kr. og 800 þús. kr. skv. lið 2.3.6.3. í Austurlandsáætlun. Undirbyggður var að miklu leyti 4.3. km langur kafli á vesturhluta heiðar, ofan Miðhúsaár.

94 **Borgarfjarðarvegur:**

1. Utan Fjarðarheiðarvegamóta:
   Fjárveiting var 1.2 m.kr. Byggður var 0.2 km langur kafli við nýja brú á Uppsalaá og 0.4 km langur kafli við nýja brú á Eiðalæk.

923 **Jökuldalsvegur:**

2. Hákonarstaðir—Grund:
   Fjárveiting var 1.0 m.kr. Lokið var við 3.9 km langan kafla, sem undirbyggður var 1968, 1970 og 1971.

924 **Jökuldalsvegur eystri:**

Fjárveiting var 1.0 m.kr. Byggður var 1.5 km langur kafli um Refshöfða.

926 **Húseyjarvegur:**

1. Um Hrærekslæk:
   Fjárveiting var 1.3 m.kr. Lokið var 0.3 km löngum kafla og undirbyggður 4.0 km langur kafli um Hrærekslæk.

931 **Upphéraðsvegur:**

4. Við Strönd:
Fjárveiting var 2.1 m.kr. Greiddar voru skuldir frá fyrri árum, samtals 1.3 m.kr. Byggður var 0.5 km langur kafli við Strönd og sett niður ristarhlið.

939 **Axarvegur:**

Fjárveiting var 300 þús. kr. Lagfærður var ruðningsvegur um Öxi.

944 **Lagarfossvegur:**

1. Vestan Lagarfljóts:
Fjárveiting var 1.5 m.kr. Framkvæmdum var frestað til næsta árs, en brú verður þá byggð á Lagarfljót hjá Fossi og verður fjárveitingin notuð til þess að tengja hana.

946 **Hólalandsvegur:**

1. Þorp—Jökulsá:
Fjárveiting var 1.6 m.kr. Lokið var við 0.7 km langan kafla, sem var undirbyggður 1971 og auk þess var að mestu lokið við 1.2 km langan kafla utan Jökulsár.
2. Hvoll—Gilsárvellir:
Fjárveiting var 600 þús. kr. Byggður var 0.5 km langur kafli um Hvol, en frágangi er ekki lokið.

953 **Mjóafjarðarvegur:**

Fjárveiting var 800 þús. kr. Unnið var að lagfæringum og ræsagerð í Mjóafirði.

954 **Helgustaðavegur:**

Fjárveiting var 600 þús. kr. Lagfærðir voru snjóastaðir hjá Hvammi og við Goðavík 0.2 km. Einnig voru byggð tvö ræsi.

964 **Breiðdalsvegur:**

Fjárveiting var 300 þús. kr. Byggður var 0.4 km langur kafli utan við Randversstaði.

2.3.4. Girðingar og uppgræðsla.

Fjárveiting var 7.7 m.kr., og var 4.0 m.kr. varið til girðinga og 3.7 m.kr. til uppgræðslu.

Uppgræðsla fór fram með svipuðum hætti og undanfarin ár. Sáð var í gömul flög með vegum og auk þess borið á svæði, sem sáð hafði verið í árið áður. Ungmennafélag Íslands lagði fram sjálfboðaliðsvinnu við sáningu í nokkrum héruðum landsins, og þar var það fé, sem sparaðist vegna vinnulauna, notað til kaupa á meiri áburði og grasfræi.

Rannsóknarstofnun landbúnaðarins var falið sumarið 1971 að gera úttekt á gróðurskemmdum meðfram vegum, en farið var meðfram öllum vegum landsins og gróðurskemmdir skráðar. Könnun þessari lauk s. l. sumar, en í ljós kom, að gróðurskemmdir meðfram vegum eru á um 2900 ha.

Einnig var Rannsóknarstofnun landbúnaðarins falið að kanna nýjar og hentugri leiðir til uppgræðslu meðfram vegum, en þeirri könnun er ekki lokið.

Fjárveitingu til girðinga var varið til að mæta kröfum samkv. girðingalögum um girðingar með vegum og ristarhlið. Í árslok 1972 var gerð könnun á hve mikið

af kröfum lægju fyrir og kom í ljós, að réttmætar kröfur um girðingar og ristarhlið námu 43.5 m.kr.

Í árslok 1971 námu kröfur um girðingar 34.2 m.kr., og hafa þær því aukizt um 9.3 m.kr., þrátt fyrir 4.0 m.kr. fjárveitingu á árinu. Kröfur, sem komið hafa fram á þessu tímabili, nema því 13.3 m.kr.

2.3.5. Til rannsókna á Skeiðarársandi.

Fjárveiting var 1.6 m.kr. Í marz s. l. kom jökulhlaup úr Grímsvötnum, en þess hafði verið vænzt um nokkurt skeið. Í sambandi við hlaupið voru farnir leiðangrar til mælinga og rannsókna, bæði á Skeiðarársandi og einnig í Grímsvötn. Voru hinir ýmsu þættir, er snerta hlaupið og hegðun þess, rannsakaðir eftir því sem tök voru á. Er úrvinnslu gagna á nokkrum þáttum lokið, en að öðrum er unnið ennþá.

Þá voru einnig framkvæmdar ýmsar mælingar og athuganir til undirbúnings framkvæmdum, sem svo hófust á árinu í samræmi við ákvörðun ráðuneytisins í marz s. l. og nánar er lýst undir lið 2.3.6.2.

2.3.6. Ýmsar framkvæmdir fyrir lánsfé.

2.3.6.1. og 1. a Lánsfé til hraðbrauta.

Undir lið 2.3.1. hér að framan er gerð grein fyrir framkvæmdum við hraðbrautir bæði fyrir fjárveitingar og lánsfé og vísast til þess, sem þar er sagt.

2.3.6.2. Skeiðarársandur.

Fjárveiting var 100 m.kr.

Fyrir fjárveitinguna var unnið að framkvæmdum austan og vestan sandsins, svo og voru hafnar framkvæmdir vestast á sandinum.

Austan sands var byggður 7.0 km langur vegarkafli milli Virkisár og Skaftafellsár í Öræfum.

Vestan sands var vegurinn frá Kirkjubæjarklaustri að Lómagnúp að langmestu leyti byggður að nýju eða styrktur og endurbyggður. Alls voru 23.2 km byggðir af nýjum vegi, en 6.5 km endurbyggðir og styrktir. Á þessum kafla voru byggðar 6 brýr: á Geirlandsá 166 m, Þverárvötn 36 m, Landál 6 m, Brúará 24 m, Krossá 10 m og Aurá 12 m. Var framkvæmdum við þessa áfanga lokið í október.

Byggðir voru stöplar 420 m langrar brúar á Súlu, og hafin var gerð varnargarða við Núpsvötn.

2.3.6.3. Austurlandsáætlun.

1 **Austurlandsvegur:**

1. **Grímsstaðir—Gilsá:**
   Fjárveiting var engin, en 460 þús. kr. voru geymdar frá fyrra ári.
   Lokið við frágang við veg á Arnórsstaðamúla og auk þess mölborinn 4.0 km langur kafli um Þrívörðuháls.
2. Gilsá—Garðá:
   Fjárveiting var 1.0 m.kr. Lokið var við frágang og jöfnunarlag á 8.3 km löngum kafla, sem byggður var 1971.
5. **Ós—Streitishvarf:**
   Fjárveiting var 7.1 m.kr. Lokið var að mestu við 4.0 km langan kafla frá Djúpadalsá að Streitishvarfi.
6. Streitishvarf—Fagrihvammur:
   Fjárveiting var 6.2 m.kr. Lokið var við frágang og jöfnunarlag á 6.7 km löngum kafla milli Fagrahvamms og Fossgerðis og 1.0 km löngum kafla um Streitishvarf, sem byggðir voru 1971.

8. Fossárvík—Svarthamar:
Fjárveiting var 1.0 m.kr. Framkvæmdar voru sprengingar í nýrri veglínu frá Hvítá og út fyrir Urðarteig.
9. Búlandsá—Djúpivogur:
Fjárveiting var 9.5 m.kr. Byggður var 4.4 km langur kafli frá Djúpavogi og inn undir Búlandsá.
14. Gilsárbrú:
Fjárveiting var 11.5 m.kr. Fór til nýrrar brúar á Gilsá á Jökuldal.
15. Sauðárbrú:
Fjárveiting var 1.8 m.kr. Fór til nýrrar brúar á Sauðá á Jökuldal.

92 **Norðfjarðarvegur:**
1. Fjarðarheiðarvegamót—Græfur:
Fjárveiting var 1.3 m.kr. Lokið var við að ganga frá og setja slitlag á 5.1 km langan kafla frá 1971.
3. Háhlíðarhorn—Hátún:
Fjárveiting var 5.4 m.kr.
Sjá kafla 4. Jarðgöng.

4. **Jarðgöng:**
Fjárveiting var 21.6 m.kr. og 5.4 m.kr. til kaflans Háhlíðarhorn—Hátún.
Framkvæmdir við jarðgöng og vegagerð voru boðnar út. Gunnar og Kjartan s.f. og Húsiðjan h.f. á Egilsstöðum voru með lægsta tilboð og fengu verkið. Tilboðsupphæð var 57.0 m.kr. og samkvæmt útboðsgögnum á framkvæmdum að vera lokið haustið 1973. Búið er að sprengja um 140 m af jarðgöngunum. Lokið er að mestu við undirbyggingu 1.5 km kafla Eskifjarðarmegin skarðsins, og 0.3 km kafli Norðfjarðarmegin var undirbyggður að nokkru leyti. Í ljós hafa komið ýmsir erfiðleikar við jarðgangnagerðina og hefur verktaki óskað eftir endurskoðun á þeim hluta verksamnings, sem tilheyrir sprengingu gangna. Umræður standa yfir um það mál.

93 **Seyðisfjarðarvegur:**
1. Fjarðarheiði:
Fjárveiting var 800 þús. kr.
Sjá 2.3.3. Seyðisfjarðarvegur, vesturhluti heiðar.

96 **Suðurfjarðavegur:**
1. Fossá (hjá Sléttu)—Eyri:
Fjárveiting var 7.8 m.kr. Lokið var að mestu við 4.4 km langan kafla neðan Götuhjalla í Reyðarfirði.

2.3.6.4. Norðurlandsáætlun.

68 **Hólmavíkurvegur:**
1. Um Ennisháls:
Fjárveiting var 1.4 m.kr. Undirbyggður var að nokkru 1.0 km langur kafli nyrzt á Ennishálsi. Frekari framkvæmdum var frestað vegna óhagstæðs tíðarfars.
2. Húsavíkurkleif—Hrófá:
Fjárveiting var 12.1 m.kr. Þar af til nýrrar brúar á Hrófá 5.6 m.kr. Fjárveiting til vegagerðar var 6.5 m.kr., sjá 2.3.2. Hólmavíkurvegur, Húsavíkurkleif—Hrófárvaðall.

1 **Norðurlandsvegur:**

1. Staður—Reykir:
   Fjárveiting var 7.2 m.kr. Tekinn var fyrir 4.4 km langur kafli frá Stað að Oddsstaðagili. Framkvæmdum er að mestu lokið og hefur kaflinn verið tekinn í notkun.
2. Brú á Hnausakvísl:
   Fjárveiting var 15.0 m.kr. Þar af fór til nýrrar brúar á Hnausakvísl 12.8 m.kr. Fjárveiting í veg var 2.2 m.kr. Auk þess var tekið lán frá Grenivíkurvegi um Svalbarðsströnd 1.0 m.kr. Byggður var 1.7 km kafli vestan brúar og gerð slóð að brúarstæði við árfarið.
3. Í Langadal:
   Fjárveiting var 6.0 m.kr. Sjá 2.3.2. Norðurlandsvegur í Langadal.
4. Víðimýri—Silfrastaðir:
   Fjárveiting var 5.0 m.kr. Byggður var 1.1 km langur kafli um Miðhús. Framkvæmdum frestað að öðru leyti vegna ósamkomulags um veglínu.
5. Brú á Skjálfandafljót:
   Fjárveiting var 7.5 m.kr. og fór til byggingar brúar á Skjálfandafljót við Fosshól. Fjárveiting til vegar var engin, en teknar voru 200 þús. kr. af Grenivíkurvegi um Svalbarðsströnd til þess að tengja brúna til bráðabirgða.

76 **Siglufjarðarvegur:**

1. Móskógar—Brúnastaðir:
   Fjárveiting var 3.0 m.kr. Skurðgreftri var lokið á kaflanum frá Fljótaá að Flókadalsá. Lokið var við 1.0 km langan kafla frá Brúnastaðaá að Fljótaá. Undirbyggður var að nokkru 0.5 km langur kafli austan Flókadalsár.

82 **Ólafsfjarðarvegur:**

1. Hörgárbrú—Reistará:
   Fjárveiting var 12.3 m.kr.
   Sjá 2.3.2. Ólafsfjarðarvegur, Reistará—Hagaás.

83 **Grenivíkurvegur:**

1. Svalbarðsströnd:
   Fjárveiting var 6.0 m.kr. Af þessari fjárveitingu voru lánaðar 1.0 m.kr. til Norðurlandsvegar um Hnausakvísl, 500 þús. kr. til Norðausturvegar, Bakki—Rekárgil og 200 þús. kr. til Norðurlandsvegar um Skjálfandafljót. Framkvæmdum var frestað að öðru leyti.

85 **Norðausturvegur:**

1. Bakki—Rekárgil:
   Fjárveiting var 10.5 m.kr. og 0.5 m.kr. teknar af Grenivíkurvegi um Svalbarðsströnd. Til brúar á Tunguá fóru 2.0 m.kr. Byggður var 6.2 km langur kafli frá Bakka að Rekárgili.
2. Jökulsá—Klifshagi:
   Fjárveiting var 8.0 m.kr. Lokið var við 6.5 km langan kafla austan Jökulsár.

89 **Hálsavegur:**

1. Kollavík—Sævarland:
   Fjárveiting var 6.0 m.kr.
   Sjá 2.3.2. Hálsavegur, Kollavík—Sævarland.

Óskipt.

Fjárveiting var 20.0 m.kr., en lánsfjár var eigi aflað.

2.3.6.5. Djúpvegur.

61 **Djúpvegur:**

1. **Skarð—Eyri:**

Unnið var að framkvæmdum fyrir 25. m.kr., eins og nánar er gerð grein fyrir í 2.3.0. Þar af fóru til byggingar brúar á Kleifaós 7.0 m.kr. Til vegagerðar fóru 18.0 m.kr., sjá 2.3.3. **Djúpvegur, Skarð—Eyri.**

2.3.7. Vextir og afborganir af lánum.

Fjárveitingar á vegáætlun 1972 til greiðslu vaxta og afborgana af lánum voru áætlaðar 163.1 millj. kr., sem skiptust þannig:

1. Lán, sem ríkissjóður yfirtók árið 1972			61.2 m.kr.
2. Lán, sem ríkissjóður yfirtók árið 1970:			
a. Vegna Reykjanesbrautar	69.8		
÷ Veggjald o. fl. (nettó)	24.8		
		45.0	
b. Vegna annarra vega		56.9	
			101.9 m.kr.
		Samtals	163.1 m.kr.

Að meðtöldu veggjaldi o. fl. (nettó) voru þetta alls 187.9 millj. kr. Um ráðstöfun þessa fjár vísast til kafla 2.3.0. hér að framan.

2.4. TIL FJALLVEGA O. FL.

2.4.1. Til aðalfjallvega.

1. **Kaldadalsvegur:**

Fjárveiting var 200 þús. kr., og var henni varið til vanalegs viðhalds á veginum.

2. **Kjalvegur:**

Fjárveiting var 450 þús. kr., og var henni varið til vanalegs viðhalds á veginum.

3. **Fjallabaksleið nyrðri:**

Fjárveiting var 200 þús. kr., og var henni varið til vanalegs viðhalds á veginum.

4. **Sprengisandsleið:**

Fjárveiting var 650 þús. kr., og var henni varið til vanalegs viðhalds á veginum. Haldið var áfram endurbótum á leiðinni frá Austurlandsvegi um brú á Kreppu. Einnig var vegurinn úr Vesturdal í Skagafirði um brú á Jökulsá eystri á Austari-Bug lagfærður.

2.4.2. Til annarra fjallvega.

Fjárveiting var 5.5 m.kr. Í tillögu til þingsályktunar um vegáætlun fyrir árin 1972 til 1975 var gerð tillaga um 4.0 m.kr. fjárveitingu á þessum lið, en af þeirri

upphæð voru 2.0 m.kr. sérstaklega ætlaðar til vegar að væntanlegu skíðalandi Reykjavíkur og nágrennis í Bláfjöllum.

Við afgreiðslu vegáætlunar á Alþingi færðu þingmenn einstakra kjördæma óskiptar fjárveitingar úr þjóðbrautum og landsbrautum til einstakra fjallvega, eins og hér greinir, sbr. nefndarálit meirihluta fjárveitinganefndar á fskj. 882.

1. Til vegar að skíðahóteli á Akureyri	1.0 m.kr.
2. Til Skoruvíkurvegar	0.2 m.kr.
3. Til Villingadalsvegar	0.3 m.kr.
Alls	1.5 m.kr.

Varð því fjárveiting til annarra fjallvega en aðalfjallvega alls 5.5 m.kr., og var henni skipt eins og hér greinir:

Heiti vegar	Kjördæmi	Upph. í þús. kr.	
1. Vegur að Laka	Suðurlands	80	
2. Fjallabaksvegur syðri	—	20	
3. Vegur í afrétt Hörgslandshrepps	—	30	
4. Vegur að Landmannalaugum	—	40	
5. Vegur í afrétt Hvolhrepps	—	30	
6. Hlöðuvallavegur	—	30	
7. Vegur í afrétt Hrunamanna	—	30	
8. Vegur að skíðaskála í Kerlingarfjöllum	—	40	
			300
9. Vegur í Bláfjöll	Reykjanes	2 200	
			2 200
10. Vegur að Langavatni	Vesturlands	50	
11. Vegur um Arnarvatnsheiði	—	50	
12. Vegur að Hítárvatni	—	30	
13. Vegur á Akrafjall	—	50	
14. Vegur um Ljárskógafjall	—	20	
15. Vegur um Laugardal	—	30	
16. Vegur í Brekkudal	—	20	
			250
17. Vegur að Keflavík	Vestfjarða	50	
18. Vegur um Selárdalsheiði	—	40	
19. Vegur að skíðaskála við Ísafjörð	—	30	
20. Vegur um Kollafjarðarheiði	—	20	
21. Vegur í Skálavík	—	30	
22. Vegur um Steingrímsfjarðarheiði	—	30	
			200
23. Vegur um Víðidalstunguheiði	Norðurl. vestra	60	
24. Vegur um Grímstunguheiði	—	60	
25. Vegur úr Vatnsdal á Kjalveg	—	20	
26. Vegur um Sauðadal	—	30	
27. Vegur í Þjófadal	—	10	
28. Vegur um Kiðaskarð og Mælifellsdal	—	40	
29. Vegur suður Goðdalafjall	—	30	
30. Ýmsir fjallv. í Skagaf. og A.-Hún.	—	50	
			300
31. Vegur um Hörgárdalsheiði	Norðurl. eystra	40	
32. Vegur um afrétt Svarfaðardalshrepps	—	40	
33. Vegur að skíðaskála Akureyrar	—	1 000	
34. Vegur í Villingadal	—	300	
35. Vegur í Fellsskóg	—	30	
36. Vegur um Flateyjardalsheiði	—	30	
37. Vegur að Dettifossi	—	30	
38. Ýmsir fjallvegir í Eyjaf. og S.-Þing.	—	80	
39. Vegur um Búrfellsheiði	—	50	
40. Vegur að Skoruvík	—	200	
			1 800

Heiti vegar	Kjördæmi	Upph. í þús. kr.	
41. Vegur um Saurbæjarheiði	Austurlands	30	
42. Vegur að brú á Selá í Vopnafirði	—	50	
43. Vegur að brú á Eyvindará	—	50	
44. Vegur að göngubrú á Strútsá	—	40	
45. Vegur um Víðivallaháls	—	30	
46. Vegur um Múla- og Geitadalsafrétt	—	20	
47. Vegur um Breiðuvík	—	20	
48. Vegur um Vestdal í Seyðisfirði	—	20	
49. Vegur um Þorvaldsstaðaafrétt	—	20	
50. Vegur um Kollumúla	—	70	
			350
51. Ferðafélag Akureyrar (sæluhús)		40	
52. Ferðafélag Íslands (sæluhús)		40	
53. Ófyrirséð		20	
			100
		Alls	5 500

2.4.3. Til reiðvega.

Fjárveiting var 300 þús. kr., en skuld frá fyrra ári 15 þús. kr. Landssamband hestamanna skipti þessari upphæð til hestamannafélaga á eftirfarandi hátt:

1.	Hestamannafélagið	Fákur, Reykjavík	60	þús.	kr.
2.	—	Hörður, Kjósarsýslu	30	—	—
3.	—	Léttfeti, Sauðárkróki	20	—	—
4.	—	Stígandi, Skagafirði	30	—	—
5.	—	Léttir, Akureyri	40	—	—
6.	—	Blær, Norðfirði	20	—	—
7.	—	Sleipnir, Selfossi	35	—	—
8.	—	Máni, Suðurnesjum	20	—	—
9.	—	Gustur, Kópavogi	30	—	—
10.	Skuld frá fyrra ári		15	—	—
		Alls	300	þús.	kr.

2.5. TIL BRÚAGERÐA

2.5.1. Til brúa 10 m og lengri.

1. **Brú á Geirlandsá (1):**

Fjárveiting var 12.9 m.kr., og var henni varið til byggingar 166 m langrar brúar, sbr. greinargerð um framkvæmdir á Skeiðarársandi.

2. **Brú á Kaldaklifsá (1):**

Byggð var 39 m löng steypt plötubrú í þremur höfum, og kom hún í stað stálbitabrúar með timburgólfi, sem orðin var burðarlítil. Brúin var tekin til umferðar í október. Áætlaður kostnaður var 4.7 m.kr.

3. **Steinslækur í Holtum (1):**

Byggð var 14 m löng steypt bitabrú í einu hafi með tvöfaldri akbraut, og kom hún í stað gamallar og mjórrar brúar. Brúin var tekin til umferðar í október. Áætlaður kostnaður var 5.0 m.kr.

4. **Flóaáveituskurður (1):**

Fjárveiting var 3.3 m.kr. Framkvæmdum var frestað, þar eð við nánari athugun þótti rétt, að brúin yrði byggð um leið og vegurinn á þessum kafla, en fjárveiting til vegarins er á árinu 1974.

5. **Norðurá hjá Haugum (50):**

Fjárveiting var 6.4 m.kr., og var það viðbótarfjárveiting til að ljúka við byggingu 118 m langrar steyptrar brúar í þremur höfum. Brú þessi leysir af hólmi stálgrindarbrú frá 1911, sem var mjög þröng og orðin mikill farartálmi. Brúin var tekin til umferðar í desember.

6. **Norðurá í Heiðarsporði (1):**

Fjárveiting var 3.0 m.kr., og var henni varið til að greiða byggingarkostnað brúarinnar, sem byggð var 1969, sbr. skýrslu ráðherra um framkvæmd vegáætlunar það ár.

7. **Laxá á Breið (574):**

Byggð var 24 m löng steypt plötubrú í tveimur höfum á nýrri veglínu milli Ólafsvíkur og Rifs. Brúin var tekin til umferðar í desember. Áætlaður kostnaður var 3.5 m.kr.

8. **Tunguá hjá Sauðafelli (60):**

Byggð var 16 m löng steypt bitabrú í einu hafi, og leysti hún af hólmi gamla brú, sem orðin var mjög ófullnægjandi fyrir umferðina. Brúin var tekin til umferðar í október s. l. Kostnaður var áætlaður 3.0 m.kr.

9. **Skeggjagil á Laxárdalsheiði (59):**

Fjárveiting var 2.3 m.kr., og fór hún til greiðslu skuldar, en brú var byggð á Skeggjagil árið 1971, sbr. skýrslu ráðherra um framkvæmd vegáætlunar það ár.

10. **Tunguá í Skutulsfirði (60):**

Fjárveiting var 4.6 m.kr. Brú þessi er á skipulagsskyldu svæði Ísafjarðarkaupstaðar, en þar sem gerð skipulags af svæðinu er ekki lokið, var framkvæmdum frestað. Hluti fjárveitingarinnar var notaður til að byggja brú á Steinadalsá samkvæmt ákvörðun samgönguráðuneytisins, en fjárveiting til þeirrar brúar er á árinu 1974.

11. **Austurá hjá Skárastöðum (sýsluv.):**

Byggð var 25 m löng stálbitabrú með timburgólfi, og var framkvæmdum lokið í ágúst. Áætlaður kostnaður var 3.5 m.kr.

12. **Staðará (76):**

Byggð var 24 m löng steypt plötubrú í tveim höfum, og leysti hún af hólmi gamla brú, mjóa og illa staðsetta. Framkvæmdum var lokið í september. Áætlaður kostnaður var 5.0 m.kr.

13. **Grófargil (76):**

Byggð var 10 m löng steypt bitabrú í einu hafi. Kom hún í stað gamallar brúar, sem hafði mjög slæma aðkeyrslu. Framkvæmdum var lokið í september. Áætlaður kostnaður var 2.3 m.kr.

14. **Úlfsstaðagil (1):**

Byggð var 10 m löng steypt brú í einu hafi, og leysti hún af hólmi stálbitabrú með timburgólfi, sem orðin var léleg. Framkvæmdum var lokið í október. Áætlaður kostnaður var 1.8 m.kr.

15. **Jökulsá hjá Merki (sýsluv.):**

Fjárveiting var 1.5 m.kr., en þar sem hún nemur aðeins litlum hluta áætlaðs kostnaðar við byggingu brúarinnar, þótti ekki fært að hefjast handa um framkvæmdir við brúargerðina, og geymist fjárveiting til ársins 1974, en þá er viðbótarfjárveiting á vegáætlun.

16. **Fagradalsá (953):**

Byggð var 17 m löng stálbitabrú með timburgólfi í einu hafi, og var þar með rutt úr vegi erfiðasta farartálmanum á leiðinni til Mjóafjarðar. Framkvæmdum var lokið í október. Áætlaður kostnaður var 1.3 m.kr.

17. **Svartá hjá Stóru-Tungu (sýsluv.):**

Fjárveiting var 0.3 m.kr. Var hún ætluð til endurbyggingar eldri brúar, sem þarna er á ánni, og var hún við það miðuð að nota að hluta til efni úr gömlu brúnni á Skjálfandafljóti hjá Fosshóli. Framkvæmdir við Skjálfandafljótið drógust hins vegar nokkuð, og var komið mikið fannfergi, þegar efni þaðan var tiltækt, og varð því eigi af framkvæmdum við Svartá hjá Stóru-Tungu, en þeim verður væntanlega lokið árið 1973.

Allar tölur um áætlaðan kostnað, sem tilgreindar eru í þessum og næstu köflum, eru miðaðar við vísitölu brúagerðar 1553. Vísitala brúagerðar í ágúst varð hins vegar 10% hærri, og er gert ráð fyrir, að kostnaður hafi aukizt, sem því nemur.

2.5.2. Til smábrúa.

Fjárveiting til smábrúa var 12.8 m.kr., og var henni varið til byggingar brúa á eftirtaldar ár:

Heiti	Vegur nr.	Lengd m	Áætl. kostn. þús. kr.	Áætl. kostn. vegasj. þús. kr.	Athugasemdir
1. Gljúfur í Ölfusi	374	9	1 500	1 500	
2. Kolbeinsstaðalækur	54	5	1 300	1 300	
3. Stampafossgil	55	5	760	760	Byggð 1971
4. Laxalækur í Dalas.	sýsluv.	8	800	200	
5. Þverá í Þverárfjallsv.	744	5	1 200	1 200	
6. Sæmundará í Vatnsskarði	einkav.	9	800	400	Ekki lokið
7. Lambanesá í Fljótum	76	8	1 300	1 300	Byggð 1971
8. Reykjaá í Lágheiði	82	6	1 000	1 000	
9. Brimnesá á Dalvík	82	8	2 100	2 100	
10. Eiðalækur — 2. áf.	94	4	700	700	
11. Uppsalaá	94	4	1 600	1 600	
12. Hurðarbaksá í N.-Múl.	sýsluv.	9	960	240	
13. Tunghagalækur, viðb.	1	5	500	500	Ekki lokið
		Samtals	14 520	12 800	

Aðrar brúagerðarframkvæmdir.

Brýr 10 m og lengri.

Brú á Kleifaós í Skötufirði (61):

Fjárveiting skv. lið 2.3.6.5., Djúpvegur, var 6.2 m.kr. Byggð var 36 m löng steypt bitabrú í tveimur höfum. Brúin var tekin til umferðar í október.

Brú á Hrófá í Steingrímsfirði (68):

Fjárveiting skv. lið 2.3.6.4., Norðurlandsáætlun, var 5.6 m.kr.

Byggð var 40 m löng steypt plötubrú í þremur höfum. Kom hún í stað eldri brúar, sem var mjög mjó og hafði erfiða aðkeyrslu. Brúin var tekin til umferðar í september.

Brú á Steinadalsá (69):

Byggð var 14 m löng stálbitabrú með timburgólfi. Var þar með rutt úr vegi helzta farartálmanum á Steinadalsvegi. Áætlaður kostnaður var 1.8 m.kr., og var hann til bráðabirgða greiddur af fjárv. Tunguár í Skutulsfirði. Fjárveiting til brúar á Steinadalsá er á vegáætlun 1974, og verður þá byggingarkostnaður endurgreiddur.

Brú á Vatnsdalsá hjá Hnausum (Hnausakvísl) (1):

Fjárveiting skv. lið 2.3.6.4., Norðurlandsáætlun, var 12.8 m.kr.

Byggð var 73 m löng stálbitabrú með steyptu gólfi í þremur höfum á Hnausakvísl. Leysti hún af hólmi bogabrú frá 1922, sem hafði þurft á endurteknum viðgerðum að halda á undanförnum árum og var orðin mjög léleg. Brúin var tekin til umferðar í nóvember.

Brú á Skjálfandafljót hjá Fosshóli (1):

Fjárveiting skv. lið 2.3.6.4., Norðurlandsáætlun, var 7.5 m.kr.

Byggð var 58 m löng stálbitabrú með steyptu gólfi í þremur höfum á Skjálfandafljót hjá Fosshóli. Leysti þessi brú af hólmi eldri grindarbrú frá 1930, sem var mjög þröng og tálmaði mjög umferðina. Brúin var tekin til umferðar í desember.

Brú á Gilsá á Jökuldal (1):

Fjárveiting skv. lið 2.3.6.3., Austurlandsáætlun, var 11.5 m.kr. Var henni varið til að ljúka byggingu brúarinnar, en undirstöður höfðu verið byggðar árið áður. Hér er um að ræða 102 m langa stálbitabrú með steyptu gólfi í þremur höfum. Leysir hún af hólmi gamla brú, sem hafði mjög erfiða aðkeyrslu. Var brúin tekin til umferðar í desember, en frágangsvinnu er enn ólokið.

Brú á Sauðá á Jökuldal (1):

Fjárveiting skv. lið 2.3.6.3., Austurlandsáætlun, var 1.8 m.kr., og var henni varið til byggingar 10 m langrar steyptrar bitabrúar í einu hafi. Kom hún í stað eldri brúar, sem var mjó og mjög illa staðsett. Brúin var tekin til umferðar í október.

Smábrýr.

Brú á Hvalskurðará í Skötufirði (61):

Fjárveiting skv. lið 2.3.6.5., Djúpvegur, var 0.8 m.kr. Byggð var 4 m steypt plötubrú, og var hún tekin til umferðar í september.

Brú á Tunguá á Tjörnesi (85):

Fjárveiting skv. lið 2.3.6.4., Norðurlandsáætlun, var 2.0 m.kr. Byggður var 4 m steyptur stokkur. Framkvæmdum var lokið í ágúst.

2.6. TIL SÝSLUVEGASJÓÐA

Fjárveiting til sýsluvegasjóðs í vegáætlun á árinu 1972 var 26.6 millj. kr. og skiptist hún milli sýslna samkvæmt reglugerð nr. 62/1964, eins og sýnt er í eftirfarandi töflu.

Í skýrslu um framkvæmd vegáætlunar 1971 voru tekjur sýsluvegasjóðanna samkvæmt 21. og 26. gr. vegalaga áætlaðar alls 12 783 þús. kr., en urðu 12 533 þús. kr. Tekjur samkvæmt 23. gr. vegalaga voru áætlaðar aðeins 20 þús. kr. vegna seinkunar á gildistöku nýja fasteignamatsins, eins og frá var skýrt í skýrslu ráðherra árið 1971, en þar sem hér er um margar og smáar upphæðir að ræða, þótti alls ekki svara tilkostnaði að innheimta gjaldið nema samkvæmt eldri lögunum og urðu þær því 381 þús. kr. Heildartekjur samkvæmt þessum þremur greinum urðu þannig 12 914 þús. kr. eða 111 þús. kr. hærri en áætlað var.

Ríkisframlag samkvæmt 28. gr. vegalaga á árinu 1972 var því 772 þús. kr. hærra en tvöföld heildarupphæð innheimtra sýsluvegasjóðsgjalda á árinu 1971.

Hins vegar var við afgreiðslu vegáætlunar fyrir árin 1969—1972 ákveðið af fjárveitinganefnd, að ríkisframlag til sýsluvegasjóðanna skyldi á áætlunartímabilinu vera 1.0 m.kr. hærra en 28. gr. segði til um til þess að bæta sýsluvegasjóðunum upp þá lengingu sýsluvega, sem leiddi af breytingu á vegalögum nr. 24/1969. Vantar því á árinu 1972 228 þús. kr. á fyrirheit fjárveitinganefndar. Samkvæmt skýrslu um framkvæmd vegáætlunar 1971 vantar 500 þús. kr. það ár.

Á árinu 1972 var innheimta sýsluvegasjóðsgjalda samkvæmt 21. og 26. gr. vegalaga miðuð við kaupgjald í almennri verkamannavinnu hjá Vegagerð ríkisins 1. des. 1971, sem var 93.80 kr. á klst., og er það 15.5% hækkun frá sama kaupgjaldi 1. des. 1970. Samkvæmt því voru áætlaðar tekjur samkvæmt 21. og 26. gr. 14 503 þús. kr.

Raunverulegar tekjur sýsluvegasjóða 1971.

Upphæðir í þús. kr.

Sýsla	Tekjur skv. 21. og 26. gr. vegalaga	Tekjur skv. 23. gr. vegalaga	Ríkisframlag	Samtals
Gullbringusýsla	1 140	40	492	1 672
Kjósarsýsla	611	91	608	1 310
Borgarfjarðarsýsla	343	17	452	812
Mýrasýsla	382	5	865	1 252
Snæfellsness- og Hnappadalss.	620	0	1 078	1 698
Dalasýsla	287	0	608	895
Austur-Barðastrandarsýsla	103	1	463	567
Vestur-Barðastrandarsýsla	353	1	379	733
Vestur-Ísafjarðarsýsla	418	4	725	1 146
Norður-Ísafjarðarsýsla	472	9	453	934
Strandasýsla	273	0	662	935
Vestur-Húnavatnssýsla	293	1	832	1 126
Austur-Húnavatnssýsla	418	3	747	1 168
Skagafjarðarsýsla	559	8	1 360	1 927
Eyjafjarðarsýsla	747	0	804	1 551
Suður-Þingeyjarsýsla	689	19	1 450	2 158
Norður-Þingeyjarsýsla	325	5	1 329	1 659
Norður-Múlasýsla	547	4	2 013	2 564
Suður-Múlasýsla	902	0	1 324	2 226
Austur-Skaftafellssýsla	323	0	515	838
Vestur-Skaftafellssýsla	384	0	853	1 237
Rangárvallasýsla	780	0	1 508	2 288
Árnessýsla	1 564	173	1 680	3 417
Samtals	12 533	381	21 200	34 114

Áætlaðar tekjur sýsluvegasjóða 1972.

Upphæðir í þús. kr.

Sýsla	Tekjur skv. 21. og 26. gr. vegalaga	Tekjur skv. 23. gr. vegalaga	Ríkisframlag	Samtals
Gullbringusýsla	1 386	58	649	2 093
Kjósarsýsla	728	110	669	1 507
Borgarfjarðarsýsla	396	23	571	990
Mýrasýsla	441	3	1 160	1 604
Snæfellsness- og Hnappadalss.	815	–	1 216	2 031
Dalasýsla	324	–	700	1 024
Austur-Barðastrandarsýsla	116	2	497	615
Vestur-Barðastrandarsýsla	399	3	527	929
Vestur-Ísafjarðarsýsla	476	4	883	1 363
Norður-Ísafjarðarsýsla	428	11	502	941
Strandasýsla	310	–	614	924
Vestur-Húnavatnssýsla	339	3	1 069	1 411
Austur-Húnavatnssýsla	481	8	960	1 449
Skagafjarðarsýsla	685	9	1 815	2 509
Eyjafjarðarsýsla	916	26	1 170	2 112
Suður-Þingeyjarsýsla	801	22	1 809	2 632
Norður-Þingeyjarsýsla	369	6	1 715	2 090
Norður-Múlasýsla	604	8	2 575	3 187
Suður-Múlasýsla	1 047	–	1 665	2 712
Austur-Skaftafellssýsla	323	–	655	978
Vestur-Skaftafellssýsla	384	–	1 077	1 461
Rangárvallasýsla	910	–	1 964	2 874
Árnessýsla	1 825	204	2 138	4 167
Samtals	14 503	500	26 600	41 603

2.7 TIL VEGA Í KAUPSTÖÐUM OG KAUPTÚNUM

Mannfjöldi kaupstaða og þéttbýlisstaða með 300 íbúum og fleiri var, skv. endanlegum tölum um mannfjölda á Íslandi, þann 1. des. 1971, útgefnum af Hagstofu Íslands þann 3. júlí 1972:

Kaupstaðir	142 709 íbúar
Þéttbýlisstaðir með 300 íbúum og fleiri	31 940 —
Samtals	174 649 íbúar

Framlag skv. 32. gr. vegalaga:

Áætlaðar tekjur árið 1972	kr.	1 116 800 000.00		
÷ Framlag til hraðbrauta skv. 32. gr. vegalaga	—	245 800 000.00		
	kr.	871 000 000.00		
12½% framlag af kr. 871 000 000.00 skv. 32. gr. vegalaga			kr.	108 875 000.00
Tekjur vegasjóðs árið 1971	kr.	861 973 511.70		
÷ Framlag til hraðbrauta	—	162 100 000.00		
	kr.	699 873 511.70		
12½% framlag af kr. 699 873 511.70 skv. 32. gr. vegalaga	kr.	87 484 189.00		
÷ Tekið til skipta 1971	—	90 212 500.00	kr.	2 728 311.00
			kr.	106 146 689.00
÷ 10% skv. 34. gr. vegalaga			—	10 614 669.0
		Til skipta 1972	kr.	95 532 020.00

Skiptitala á hvern íbúa:

$$\frac{95\,532\,020.00}{174\,649} = \textbf{546.99 kr. pr. íbúa}$$

Þéttbýlissvæði, með 300 íbúum og fleiri, þann 1. des. 1971, skv. töflu frá Hagstofu Íslands.

	Íbúar	Framlag
Reykjavík	82 892	kr. 45 341 460.00
Kópavogur	11 218	— 6 136 183.00
Hafnarfjörður	10 097	— 5 523 002.00
Keflavík	5 770	— 3 156 158.00
Akranes	4 251	— 2 325 273.00
Ísafjörður	3 042	— 1 663 957.00
Sauðárkrókur	1 649	— 901 993.00
Siglufjörður	2 092	— 1 144 312.00
Ólafsfjörður	1 083	— 592 394.00
Akureyri	10 930	— 5 978 648.00
Húsavík	1 995	— 1 091 254.00
Seyðisfjörður	857	— 468 774.00
Neskaupstaður	1 602	— 876 285.00
Vestmannaeyjar	5 231	— 2 861 328.00
Grindavík	1 246	— 681 555.00
Sandgerði	941	— 514 721.00
Gerðar, Gerðahr.	644	— 352 264.00
Njarðvíkur	1 543	— 844 012.00
Garðakauptún	3 129	— 1 711 545.00
Seltjarnarnes	2 249	— 1 230 190.00
Varmá- og Álafosshverfi	373	— 204 029.00
Borgarnes	1 214	— 664 051.00
Hellissandur	503	— 275 138.00
Ólafsvík	1 003	— 548 635.00
Grafarnes, Grundarf.	594	— 324 914.00
Stykkishólmur	1 040	— 568 874.00
Patreksfjörður	990	— 541 524.00
Þingeyri	379	— 207 311.00
Flateyri	436	— 238 490.00
Suðureyri	481	— 263 104.00
Bolungarvík	967	— 528 944.00
Hólmavík	310	— 169 568.00
Hvammstangi	366	— 200 200.00
Blönduós	706	— 386 178.00
Skagaströnd	557	— 304 676.00
Dalvík	1 087	— 594 583.00
Raufarhöfn	442	— 241 772.00
Þórshöfn	412	— 225 362.00
Vopnafjörður	520	— 284 437.00
Egilsstaðir	738	— 403 682.00
Eskifjörður	935	— 511 440.00
Reyðarfjörður	584	— 319 445.00
Fáskrúðsfjörður	723	— 395 477.00
Djúpivogur	314	— 171 756.00
Höfn í Hornafirði	963	— 526 756.00
Vík í Mýrdal	378	— 206 764.00
Hella	387	— 211 687.00
Stokkseyri	397	— 217 157.00
Eyrarbakki	541	— 295 924.00
Selfoss	2 444	— 1 336 854.00
Hveragerði	848	— 463 851.00
Þorlákshöfn	556	— 304 129.00
Samtals	174 649	kr. 95 532 020.00

Skipting á framlagi samkv. 34. gr. vegalaga (10% sjóði).

1. Til Hafnarfjarðarvegar í Kópavogi	kr. 8 600 000.00
2. Til Suðurlandsvegar á Selfossi	— 1 200 000.00
3. Til Ólafsfjarðarvegar um Dalvíkurkauptún	— 814 669.00
Samtals	kr. 10 614 669.00

2.8 TIL VÉLA- OG ÁHALDAKAUPA

2.8.1. Vélakaup.

Fjárveiting var 16.0 m.kr.

Alls voru keyptar vélar fyrir 52.8 m.kr., og var nokkur hluti þeirra vegna brúagerða á Skeiðarársandi.

Það helzta, sem keypt var:

2 vörubifreiðar.
1 dráttarbifreið.
1 vélkrani.
1 kranabifreið.
2 vegheflar.
1 hjólaskófla.
1 vélskófla.
1 dieselfallhamar.
14 sendiferða- og mælingabifreiðar.

Auk ofanskráðra véla voru keyptar ýmsar minni vélar, svo sem rafstöðvar, steypublöndunarvélar, steypuþjöppur, véldælur, jarðvegsþjöppur, vélsagir o. s. frv.

Kostnaður umfram fjárveitingu var greiddur af afskriftafé véla.

2.8.2. Til byggingar áhaldahúsa.

Fjárveiting var 4.0 m.kr., sem var varið eins og hér segir:

1. Byrjað var á stækkun verkstæðis- og áhaldahússins í Borgarnesi. Grunnflötur viðbótarhúsnæðisins er 593 m², en rúmmál þess er 3400 m³. Steyptur var grunnur undir verkstæðisbygginguna á árinu.
2. Á Blönduósi voru gerðar minni háttar lagfæringar á húsi því, sem keypt var 1970.
3. Haldið var áfram að ganga frá lóð og mála nýja áhaldahúsið á Akureyri. Byrjað var á viðbótarbyggingu, sem nauðsynleg er vegna flutnings tækniskrifstofu umdæmisverkfræðings frá Reykjavík til Akureyrar. Grunnflötur viðbótarbyggingar, sem er á 2 hæðum, er 93.0 m², en rúmmál þess er 614 m³. Byggingin varð fokheld á árinu.
4. Lokið var við byggingu áhaldaskemmu vestan Lagarfljótsbrúar.
5. Minni háttar lagfæringar og endurbætur voru gerðar á nokkrum öðrum áhaldahúsum.

2.9. TIL TILRAUNA Í VEGAGERÐ

Fjárveiting á vegáætlun 1972	5.6 m.kr.
Geymt fé frá 1971	3.8 m.kr.
Alls	9.4 m.kr.

Fjárveitingu þessari var veitt til eftirfarandi tilrauna og rannsóknastarfsemi:

1. Rannsóknir á möl til mannvirkjagerðar:
   Hér er um að ræða framhald rannsókna, sem hófust árið 1957.
2. Vegir byggðir á mýri:
   Lokið var rannsóknum þeim, sem hafnar voru haustið 1971 og framkvæmdar voru af Vegagerðinni og Verkfræðiþjónustu dr. Gunnars Sigurðssonar. Var lokaskýrslu um verkið skilað í febrúar. Niðurstöðurnar benda eindregið til góðs samræmis milli reiknaðs sigs og mælds og eru aðferðir þessar notaðar við sigspá Vesturlandsvegar á Kjalarnesi og víðar. Fylgzt er áfram með sigi á Suðurlandsvegi austur undir Hellu og í Þórustaðamýri í Ölfusi.

3. Sig vega, sem byggðir eru á sandi og silti:
   Verið er að taka saman yfirlit um allar þekktar rannsóknir á þessu sviði og niðurstöður þeirra. Er hér um að ræða bæði erlendar og innlendar rannsóknir og er ætlunin að athuga hvað af þeim má heimfæra til íslenzkra aðstæðna og hvaða rannsókna er þörf til viðbótar, svo að með einföldum könnunum megi segja fyrir um sig vegfyllinga á slíkum setlögum.
4. Athuganir á burðarþoli staura:
   Verið er að gera athuganir á burðarþoli staura við mismunandi aðstæður og leitað að einföldum aðferðum til notkunar við hönnun á undirstöðum brúa, sem byggja þarf á staurum. Athuganirnar hafa til þessa farið fram við Hnausakvísl og á Skeiðarársandi.
5. Kerfisbundin leit að steinefnum í olíumöl:
   Í samræmi við þingsályktun frá 18. maí 1972 var hafin leit að steinefni í olíumöl og beindist leitin einkum að þeim svæðum, sem ekki hafði verið leitað á áður. Sýnishornum hefur nú verið safnað víðast hvar af landinu þar sem til greina kemur að leggja slitlag úr olíumöl. Fyrstu rannsóknum er lokið og eru niðurstöður flestar jákvæðar nema hvað viðloðun steinefna við olíu virðist mjög ábótavant á Vestfjörðum og á Austfjörðum milli Hornafjarðar og Héraðs. Haldið er áfram rannsóknum á þessum neikvæðu efnum m. a. með notkun annarra efna til viðloðunarauka, annarrar olíu og með asfaltupplausn, sömuleiðis verða gerðar á þeim bergfræðilegar og efnafræðilegar athuganir. Skýrsla um rannsóknirnar til þessa er væntanleg innan skamms.
6. Snjógirðingar við vegi:
   Haldið er áfram athugunum á skaflamyndun og hvernig hægt væri að nýta niðurstöður þeirra til að minnka skaflamyndun á vegum með uppsetningu snjógirðinga við þá.
7. Frosttryggt malarefni:
   Ekki hefur unnizt tími til að leiða til lykta athuganir á því, hvenær malarefni er frosttryggt og hvernig mætti segja fyrir um það á fljótvirkan og einfaldan hátt. Verður væntanlega tekið til við þessar rannsóknir á ný innan skamms.
8. Rykbinding:
   Tilraunum var haldið áfram með rykbindingu með asfaltupplausn. Voru þær gerðar á fjórum vegarköflum, sem alls voru 20.7 km langir. Náðist góður árangur á tveimur köflum, sem voru samtals 12.5 km.
9. Ódýr slitlög:
   Hluti af slitlagi, sem lagt var á Álftanesveg í haust, er það, sem á sænsku er nefnt asfaltlösningsbetong, þ. e. steinefni eru þau sömu og í olíumöl, en bindiefnið er mjög mjúkt asfalt. Er ætlunin að bera endingu þess saman við endingu olíumalar.


Heildarkostnaður við tilraunir varð á árinu aðeins um 3.7 m.kr. Er það m. a. vegna þess, að allar tilraunir og rannsóknir, sem gerðar eru á rannsóknastofu, svo og ýmsar mælingar við aðrar tilraunir, eru gerðar á Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins, en á s. l. ári hafði stofnunin varla undan þjónusturannsóknum, einkum vegna aukins álags frá hinum óvenju miklu hraðbrautaframkvæmdum, svo að hvorki gafst tími né aðstaða til hinnar venjulegu rannsóknastarfsemi.

2.10. GREIÐSLUHALLI Á VEGÁÆTLUN


1. Samkvæmt lið 1.1—1.3 voru áætlaðar markaðar tekjur vegasjóðs á árinu 916.8 millj. kr., en verða væntanlega 930.2	Halli	13.4	m.kr.
2. Útgjöld samkv. lið 2.1 urðu 3 millj. kr. hærri en áætlun	—	3.0	—
3. Útgjöld samkv. lið 2.2 urðu 15 millj. kr. hærri en áætlun	—	15.0	—
4. Útgjöld samkv. lið 2.3.1. urðu 21 millj. kr. hærri en áætlun	—	21.0	—
5. Útgjöld samkv. lið 2.5 urðu 7.7 millj. kr. hærri en áætlun	—	7.7	—
6. Útgjöld samkv. lið 2.7 og 2.9 urðu 2.8 millj. kr. lægri en áætlun ...	—	2.8	—
7. Útgjöld samkv. lið 2.10 urðu 3.7 millj. kr. hærri en áætlun	—	3.7	—
Halli samtals		34.2	m.kr.

Endanlegt uppgjör tekna og gjalda vegasjóðs liggur ekki enn fyrir og geta því ofangreindar tölur breytzt eitthvað.


Fskj. 2.1.5—1


VEGAGERÐ RÍKISINS
UMFERÐARTALNING 1972
SUÐVESTURLAND
REYKJAVÍK í janúar 1973
Skýringar:
STAPI
HELLNAR
BORGARNES
AKRANES
REYKJAVÍK
KÓPAVOGUR
HAFNARFJÖRÐUR
GERÐAR
KEFLAVÍK
SANDGERÐI
HAFNIR
GRINDAVÍK
HVERAGERÐI
SELFOSS
HELLA
HVOLSVÖLLUR
HVOLSVÖLLUR
VESTMANNAEYJAR
VÍK


Fskj. 2.1.5—2


VEGAGERÐ RÍKISINS
UMFERÐARTALNING 1972
NORÐVESTURLAND
REYKJAVÍK 1 janúar 1973
Skýringar:
SIGLUFJÖRÐUR
HOFSÓS
SAUÐÁRKRÓKUR
BLÖNDUÓS
SKAGASTRÖND
HVAMMSTANGI
BORÐEYRI
HÓLMAVÍK
BÚÐARDALUR
STYKKISHÓLMUR
ÓLAFSVÍK
HELLISSANDUR
BÓLUNGARVÍK
ÍSAFJÖRÐUR
SUÐUREYRI
FLATEYRI
PINGEYRI
BÍLDUDALUR
SVEINSEYRI
VATNEYRI

Fskj. 2.1.5—3


VEGAGERÐ RÍKISINS
UMFERÐARTALNING 1972
NORÐAUSTURLAND
REYKJAVÍK 1 janúar 1973
Skýringar:
BANKASKEMMA
SEYÐISFJÖRÐUR
NESKAUPSTAÐUR
ESKIFJÖRÐUR
BÚÐIR
EGILSSTAÐIR
VOPNAFJÖRÐUR
BAKKAFJÖRÐUR
BJARGARFJ.
RAUFARHÖFN
KÓPASKER

Fskj. 2.1.5—4


VEGAGERÐ RÍKISINS
UMFERÐARTALNING 1972
SUÐAUSTURLAND
REYKJAVÍK í janúar 1973
Skýringar:
HOFN
SKAFTAFELL
KVÍSKERJAR-
KLAUSTUR

Fskj. 2.3.1.—1

Tekjur vegna umferðargjalds á Reykjanesbraut, frá upphafi, 26.10.'65, til loka ársins 1972.

	Tala bifreiða um gjaldstöð	Tekjur alls (brúttó) kr.	Innheimtu-kostnaður o. fl. kr.	Tekjur alls (nettó) kr.	Meðalumferð á dag, báðar áttir	Hlutfallstala umferðar
1965;						
26.10.—31.12.	39 065	2 600 690.00	365 796.21	2 234 893.79	1 182	
1966;						
1.1.0—31.12.	249 839	13 964 927.50	1 817 004.67	12 147 922.83	1 369	100
1967;						
1.1.—31.12.	272 564	15 007 180.00	2 286 596.66	12 720 583.34	1 494	109
1968;						
1.1.—31.12.	281 095	15 848 776.50	1 868 178.47	13 980 598.03	1 540	112
1969;						
1.1.—31.12.	294 924	16 172 960.00	2 568 908.03	13 604 051.97	1 616	118
1970;						
1.1.—31.12.	319 889	17 307 687.50	2 629 522.80	14 678 164.70	1 753	128
1971;						
1.1.—31.12.	382 595	20 494 012.50	4 026 261.10	16 467 751.40	2 096	153
1972;						
1.1.—31.12.	431 034	22 324 610.00	4 100 000.00[1])	18 224 610.00	2 362	173
	2 271 005	123 720 844.00	19 662 267.94	104 058 576.06		

1) Áætluð tala.

Greinargerð um kostnað við framkvæmdir fyrir lán frá Alþjóðabankanum.

(Í millj. kr.).

Áfangi	Lengd km	Áfallinn kostnaður í lok 1972				Áætlaðar hækkanir miðað við áætl. frá '70 og '71				Áætlaður lokakostnaður			
		Framkv. kostn.	Eftirl. kostn.	Kostn. v. vegstæði	Kostn. alls	v/magnaukn. verkbr. og viðb.	v/verðhækkana	v/aukins kostn. við vegstæði	Hækkanir alls	Framkv. kostn.	Eftirl. kostn.	Kostn. v. vegstæði	Kostn. alls
VV2	3.0	77.0	5.5	8.1	90.6	21.3	2.6	0	23.9	82.5	5.9	10.0	98.4
VV3	6.4	95.6	6.5	5.2	107.3	21.3	7.8	0	29.1	103.7	7.4	12.0	123.1
VV4	4.6	115.9	7.1	3.0	126.0	29.3	7.6	1.0	37.9	124.1	8.0	9.5	141.6
SV1	7.2	103.2	9.0	5.4	117.6	÷ 3.6	7.0	2.0	5.4	112.7	9.9	14.5	137.1
SV5	6.3	56.5	3.3	0.4	60.2	15.9	3.5	0	19.4	63.5	3.8	1.0	68.3
SV6	6.1	75.8	4.4	0.4	80.6	17.5	5.4	0	22.9	84.9	4.8	1.0	90.7
SV7 &8 .	14.1	77.6	7.8	6.3	91.7	20.4	3.3	0	23.7	81.2	8.5	10.0	99.7
	47.7	601.6	43.6	28.8	674.0	122.1	37.2	3.0	162.3	652.6	48.3	58.0	758.9

Yfirlit um framkvæmdir samkv. vegáætlun 1972.

1. Hraðbrautir;		
a) Fullnaðarfrágangur undirbyggingar	34.8	km
b) Lagning malarslitlags	2.5	km
c) Lagning bundins slitlags	29.4	km
d) Brýr 10 m og lengri, 2 brýr	50	m
e) Endurbyggð ein brú	65	m
f) Smábrýr, 5 brýr	34	m
2. Þjóðbrautir;		
a) Undirbyggðir vegir	106.6	km
b) Lagt slitlag og burðarlag	113.9	km
c) Brýr 10 m og lengri, 12 brýr	416	m
d) Smábrýr, 4 brýr	23	m
3. Landsbrautir;		
a) Undirbyggðir vegir	122.8	km
b) Lagt slitlag og burðarlag	151.3	km
c) Brýr 10 m og lengri, 9 brýr	433	m
d) Smábrýr, 5 brýr	27	m
4. Sýsluvegir;		
a) Brýr 10 m og lengri, 1 brú	25	m
b) Smábrýr, 2 brýr	17	m

Sþ. **764. Nefndarálit** [155. mál]

um frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1970.

Frá fjárveitinganefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og borið tölur þess saman við ríkisreikning ársins 1970. Leggur nefndin til, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 16. apríl 1973.

Geir Gunnarsson, form.	Vilhjálmur Hjálmarsson, fundaskr.	Ingvar Gíslason, frsm.
Steinþór Gestsson.	Matthías Bjarnason.	Karvel Pálmason.
Ágúst Þorvaldsson.	Jón Árnason.	Jón Árm. Héðinsson.

Ed. 765. Nefndarálit [76. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 68 15. júní 1971, um tekjuskatt og eignarskatt, og l. nr. 7 23. marz 1972, um breyt. á þeim lögum.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur athugað frumvarpið. Meiri hluti nefndarinnar leggur til, að frumvarpið verði samþykkt óbreytt eins og það kom frá neðri deild. Minni hluti nefndarinnar mun skila séráliti.

Alþingi, 14. apríl 1973.

Ragnar Arnalds, form., frsm. Páll Þorsteinsson, fundaskr. Jón Árm. Héðinsson, með fyrirvara.
Bjarni Guðbjörnsson. Björn Jónsson.

Ed. 766. Nefndarálit [76. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 68 15. júní 1971, um tekjuskatt og eignarskatt, og l. nr. 7 23. marz 1972, um breyt. á þeim lögum.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Við undirritaðir flytjum breytingartillögur við frv. til l. um tekjuskatt og eignarskatt, eins og fram kemur á þskj. 746. Verður nánar gerð grein fyrir þeim í framsögu. Að öðru leyti viljum við vísa til nefndarálits 1. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar neðri deildar í máli þessu.

Alþingi, 14. apríl 1973.

Magnús Jónsson, frsm. Geir Hallgrímsson.

Nd. 767. Lög [94. mál]

um breyting á orkulögum, nr. 58 29. apríl 1967.

(Afgreidd frá Nd. 14. apríl.)

Samhljóða þskj. 486.

Nd. 768. Lög [69. mál]

um breyt. á l. nr. 57 18. apríl 1962, um Hæstarétt Íslands.

(Afgreidd frá Nd. 14. apríl.)

Samhljóða þskj. 540 (sbr. 73).

Nd. **769. Lög** [222. mál]

um atvinnuleysistryggingar.

(Afgreidd frá Nd. 14. apríl.)

Samhljóða þskj. 472.

Nd. **770. Lög** [237. mál]

um breyting á lögum nr. 29 1963, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins.

(Afgreidd frá Nd. 14. apríl.)

Samhljóða þskj. 554.

Nd. **771. Frumvarp til laga** [130. mál]

um breyting á lögum nr. 49/1967, um skólakostnað.

(Afgreidd frá Nd. 16. apríl.)

Samhljóða þskj. 751.

Nd. **772. Lög** [169. mál]

um heilbrigðisþjónustu.

(Afgreidd frá Nd. 16. apríl.)

Samhljóða þskj. 761 (sbr. 648).

Ed. **773. Frumvarp til laga** [236. mál]

um breyting á lögum nr. 14 15. marz 1965, um launaskatt, sbr. lög nr. 104 31. des. 1972.

(Eftir 2. umr. í Ed., 16. apríl.)

1. gr.

1. mgr. 1. gr. laganna orðist svo:

Leggja skal á launagreiðendur almennan launaskatt, að fjárhæð 2½% af greiddum vinnulaunum og hvers konar atvinnutekjum öðrum en tekjum sjómanna á íslenzkum fiskiskipum, þar með töldum tekjum hlutaráðinna landmanna, sem aflað er í tengslum við úthald skipanna til fiskveiða, og tekjum af landbúnaði, svo sem ákveðið er í lögum þessum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og gilda til 31. desember 1973. Launaskattur skal greiddur samkvæmt lögum þessum af launum, sem greidd eru vegna starfa, sem unnin eru frá og með 1. janúar 1973.

Nd. 774. Breytingartillaga [238. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 45 16. apríl 1971, um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum.

Frá Ragnhildi Helgadóttur.

Við 1. gr. — 4. gr., 3. lið (um álag á útsöluverð mjólkur o. fl.).
Liðurinn falli niður.

Til vara:
Í stað „1%“ komi: ¾%.

Nd. 775. Nefndarálit [225. mál]

um frv. til laga um jöfnun flutningskostnaðar á sementi.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarpið og mælir með því, að það verði samþykkt.

Alþingi, 16. apríl 1973.

Vilhjálmur Hjálmarsson, form., frsm.	Gils Guðmundsson, fundaskr.	Gylfi Þ. Gíslason.
Matthías Bjarnason.	Mathías Á. Mathiesen.	Karvel Pálmason.
	Þórarinn Þórarinsson.	

Nd. 776. Nefndarálit [238. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 45 16. apríl 1971, um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarpið á fundum sínum og leggur til, að það verði samþykkt. Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja breytingartillögum, er fram kynnu að koma.
Benedikt Gröndal var fjarstaddur við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 16. apríl 1973.

Stefán Valgeirsson, form., frsm.	Eðvarð Sigurðsson, fundaskr.	Vilhjálmur Hjálmarsson.
Pálmi Jónsson.	Gunnar Gíslason.	Ágúst Þorvaldsson.

Nd. 777. Lög [217. mál]

um norrænan tækni- og iðnþróunarsjóð.

(Afgreidd frá Nd. 16. apríl.)

Samhljóða þskj. 463.

Nd. 778. Lög [233. mál]

um breyting á lögum nr. 68 frá 10. okt. 1967, um Iðnlánasjóð.

(Afgreidd frá Nd. 16. apríl.)

Samhljóða þskj. 668.

Nd. 779. Lög [244. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að staðfesta fyrir Íslands hönd alþjóðasamning, er gerður var 29. desember 1972, um varnir gegn mengun hafsins vegna losunar úrgangsefna og annarra efna í það.

(Afgreidd frá Nd. 16. apríl.)

Samhljóða þskj. 618.

Nd. 780. Breytingartillögur [238. mál]

við frv. til laga um breyting á lögum nr. 45 16. apríl 1971 um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum.

Frá Pálma Jónssyni og Gunnari Gíslasyni.

Við 1. gr.

1. Við 5. gr. 2. töluliður orðist svo:
   Til nýbygginga og endurbyggingar íbúðarhúsa á sveitabýlum.
2. Við 6. gr. 2. og 4. málsgr. falli burt.
3. Við 9. gr. Síðari málsgr. falli burt.
4. Við 12. gr. Í stað orðsins „lögbýlum“ í síðari málsgr. komi: sveitabýlum.

Sþ. 781. Tillaga til þingsályktunar [259. mál]

um að senda ekki málflytjanda til Haag.

Flm.: Bjarni Guðnason.

Alþingi ályktar, að ekki skuli sendur málflytjandi til Alþjóðadómstólsins í Haag vegna deilunnar um fiskveiðilögsöguna við Breta og Vestur-Þjóðverja.

Greinargerð.

Stjórnarandstæðingar og blöð beirra hafa fullyrt, að þingmeirihluti væri ekki fyrir því að senda ekki málflytjanda til Haag. Þessi skoðun hefur fengið byr undir báða vængi, bar sem einn ráðherranna hefur lýst yfir, að það væri eindregin skoðun sín, að senda bæri mann til Haag.

Þetta viðhorf stangast á við rökrétta afleiðingu af samþykkt Alþingis frá 15. febrúar 1972 og gengur í berhögg við þá stefnu, sem ríkisstjórnin hefur fylgt fram að þessu (sbr. skýrslu utanríkisráðherra, apríl 1973, bls. 19—20). Því er einsýnt, að það er knýjandi þörf á því að ganga úr skugga um vilja Alþingis í þessu efni, þar sem einungis órofa samstaða og einhugur getur leitt til fullnaðarsigurs í þessu lífshagsmunamáli þjóðarinnar.

Ed. 782. Nefndarálit [127. mál]

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Gerðahreppi jarðirnar Útskála og Brekku í Gerðahreppi.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarpið og leggur til, að það verði samþykkt. Helgi Seljan var fjarstaddur afgreiðslu málsins.

Alþingi, 17. apríl 1973.

Ásgeir Bjarnason, form., frsm.	Páll Þorsteinsson.	Jón Árnason.
Steinþór Gestsson.	Jón Árm. Héðinsson.	Björn Jónsson.

Nd. 783. Frumvarp til laga [198. mál]

um breyting á sveitarstjórnarlögum, nr. 58 frá 29. marz 1961.

(Eftir 2. umr. í Nd., 17. apríl.)

Samhljóða þskj. 380 með þessari breytingu:

110. gr. hljóðar svo:

Ákvæði þessa kafla gilda um landshlutasamtök sveitarfélaga, sem hvert um sig nær yfir eitt eða fleiri kjördæmi, og um Reykjavíkurborg eftir því sem við á, sbr. einkum b-lið 112. gr. Um svæðaskipun landshlutasamtakanna skal nánar kveðið á í reglugerð, er félagsmálaráðherra setur að höfðu samráði við Samband ísl. sveitarfélaga.

Nd. 784. Breytingartillaga [235. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 59 28. maí 1969, um tollheimtu og tolleftirlit.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Við 1. gr. Greinin orðist svo:

2. mgr. 69. gr. orðist svo:
(Ný málsgrein).

Það varðar stjórnanda fars sektum, ef við komu fars frá útlöndum eru eigi gefnar upp á innsiglisskrá, eigi finnast í farinu né heldur er á annan hátt gerð viðhlítandi grein fyrir áfengis- og/eða tóbaksbirgðum, sem samkvæmt skýrslum tollyfirvalda á viðkomustað farsins erlendis hafa verið teknar um borð í farið þar og stjórnandi þess vissi eða mátti vita um. Sama gildir um birgðir, sem samkvæmt innsiglisskrá hafa verið geymdar meðal innsiglisbirgða farsins, enda sé um að ræða verulegt magn umfram nauðsynlegar og eðlilegar birgðir þess. Sömu refsingu skulu og þeir af áhöfn farsins sæta, sem undirritað hafa móttökuskilríki eða innsiglisskrá yfir slíkan varning.

Ed. 785. Breytingartillaga [134. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 30 12. maí 1970, um Húsnæðismálastofnun ríkisins.

Frá Auði Auðuns, Þorv. Garðari Kristjánssyni og Eggert G. Þorsteinssyni.

Á eftir 1. gr. komi ný grein, sem orðist svo:

d-liður 12. gr. laganna orðist svo:

Þeir, sem hafa börn eða aðra skylduómaga á framfæri sínu, þó ekki þeir, er hafa yfir 125 þús. kr. skattskyldar tekjur, enda hafi þeir ekki fyrir heimili að sjá. Tekjuhámark samkvæmt framansögðu breytist eftir kaupgjaldsvísitölu eins og hún er á hverjum tíma.

Ed. 786. Nefndarálit [258. mál]

um frv. til l. um eftirlaun starfsmanna stjórnmálaflokkanna.

Frá heilbrigðis- og trygginganefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og mælir með samþykkt þess. Fjarstaddur afgreiðslu málsins var Helgi F. Seljan.

Alþingi, 17. apríl 1973.

Björn Jónsson, varaform., frsm. Bjarni Guðbjörnsson, fundaskr. Eggert G. Þorsteinsson.

Ásgeir Bjarnason. Auður Auðuns. Axel Jónsson.

Ed. 787. Frumvarp til laga [235. mál]

um breyting á lögum nr. 59 28. maí 1969, um tollheimtu og tolleftirlit.

(Eftir 3. umr. í Nd., 17. apríl.)

1. gr.

2. mgr. 69. gr. orðist svo:
(Ný málsgrein).
Það varðar stjórnanda fars sektum, ef við komu fars frá útlöndum eru eigi gefnar upp á innsiglisskrá, eigi finnast í farinu né heldur er á annan hátt gerð viðhlítandi grein fyrir áfengis- og/eða tóbaksbirgðum, sem samkvæmt skýrslum tollyfirvalda á viðkomustað farsins erlendis hafa verið teknar um borð í farið þar og stjórnandi þess vissi eða mátti vita um. Sama gildir um birgðir, sem samkvæmt innsiglisskrá hafa verið geymdar meðal innsiglisbirgða farsins, enda sé um að ræða verulegt magn umfram nauðsynlegar og eðlilegar birgðir þess. Sömu refsingu skulu og þeir af áhöfn farsins sæta, sem undirritað hafa móttökuskilríki eða innsiglisskrá yfir slíkan varning.

2. gr.

2. mgr. 76. gr. orðist svo:
Þó er tollyfirvöldum heimilt að ákveða sekt fyrir ólöglegan innflutning, ef brot er skýlaust sannað og ætla má, að brot varði ekki hærri sekt en kr. 20 000,

enda játist sökunautur undir þá ákvörðun og greiði sektina þegar í stað. Við slíka sektarákvörðun skal greina í bókun, skýrt og stutt, brot það, sem um er að tefla, refsiákvæði, sem það varðar við, og ítrekunarverkun á síðari brot, ef því er að skipta. Nú hefur skýlaust sannað brot einnig upptöku eignar í för með sér, og getur tollyfirvald undir því skilorði, er nú var sagt, ákveðið eignaupptöku, enda fari verðmæti eigi fram úr kr. 100 000.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 788. Nefndarálit [214. mál]

um frv. til l. um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna á íslenzkum skipum.

Frá samgöngunefnd.

Nefndin leggur til, að frv. verði samþykkt. FÞ og SvH voru ekki viðstaddir afgreiðslu málsins.

Alþingi, 17. apríl 1973.

Björn Pálsson, form. Garðar Sigurðsson, fundaskr., frsm. Stefán Valgeirsson.
Pétur Pétursson. Karvel Pálmason.

Ed. 789. Nefndarálit [240. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja nokkrar eignir ríkissjóðs.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og leggur til, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 17. apríl 1973.

Ragnar Arnalds, form., frsm. Páll Þorsteinsson, fundaskr. Jón Árm. Héðinsson.
Bjarni Guðbjörnsson. Björn Jónsson. Magnús Jónsson.
Geir Hallgrímsson.

Nd. 790. Lög [231. mál]

um breyting á lögum nr. 75 13. maí 1966 um Fiskveiðasjóð Íslands, sbr. lög nr. 33/1970.

(Afgreidd frá Nd. 17. apríl.)

Samhljóða þskj. 529.

Nd. 791. Lög [191. mál]

um Iðnrekstrarsjóð.

(Afgreidd frá Nd. 17. apríl.)

Samhljóða þskj. 611 (sbr. 355).

Ed. **792. Lög** [134. mál]

um breyting á lögum nr. 30 12. maí 1970, um Húsnæðismálastofnun ríkisins.

(Afgreidd frá Ed. 17. apríl.)

Samhljóða þskj. 674.

Ed. **793. Lög** [223. mál]

um breyting á lögum nr. 30 12. maí 1970, um Húsnæðismálastofnun ríkisins.

(Afgreidd frá Ed. 17. apríl.)

Samhljóða þskj. 480.

Nd. **794. Breytingartillaga** [198. mál]

við frv. til l. um breyt. á sveitarstjórnarlögum, nr. 58 frá 29. marz 1961.

Frá Lárusi Jónssyni.

Við 1. gr. Við 110. gr. bætist:

Nú kemur fram almennur áhugi sveitarstjórnarmanna á ákveðnu landssvæði fyrir stofnun landshlutasamtaka, og er þá ráðherra heimilt að staðfesta samþykktir fyrir slík samtök í samráði við Samband íslenzkra sveitarfélaga. Þrátt fyrir ákvæði þessarar málsgr. má ekki staðfesta samþykktir fyrir landshlutasamtök á minna svæði en sem nær yfir eitt kjördæmi.

Sþ. **795. Þingsályktun** [246. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að gerast aðili að samningi um að koma í veg fyrir ólöglega töku loftfara og samningi um að koma í veg fyrir ólögmætar aðgerðir gegn öryggi flugsamgangna.

(Afgreidd frá Sþ. 17. apríl.)

Samhljóða þskj. 620.

Nd. **796. Lög** [225. mál]

um jöfnun flutningskostnaðar á sementi.

(Afgreidd frá Nd. 17. apríl.)

Samhljóða þskj. 492.

Nd. **797. Lög** [236. mál]

um breyting á lögum nr. 14 15. marz 1965, um launaskatt, sbr. lög nr. 104 31. des. 1972.

(Afgreidd frá Nd. 17. apríl.)

Samhljóða þskj. 773.

Sþ. **798. Fjáraukalög** [155. mál]

fyrir árið 1970.

(Afgreidd frá Sþ. 18. apríl.)

Samhljóða þskj. 289.

Ed. **799. Lög** [235. mál]

um breyting á lögum nr. 59 28. maí 1969, um tollheimtu og tolleftirlit.

(Afgreidd frá Ed. 18. apríl.)

Samhljóða þskj. 787.

Ed. **800. Lög** [76. mál]

um breyting á lögum nr. 68 15. júní 1971, um tekjuskatt og eignarskatt, og lögum nr. 7 23. marz 1972, um breyting á þeim lögum.

(Afgreidd frá Ed. 18. apríl.)

Samhljóða þskj. 702.

Nd. **801. Lög** [238. mál]

um breyting á lögum nr. 45 16. apríl 1971, um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum.

(Afgreidd frá Nd. 18. apríl.)

Samhljóða þskj. 748.

Ed. **802. Lög** [127. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Gerðahreppi jarðirnar Útskála og Brekku í Gerðahreppi.

(Afgreidd frá Ed. 18. apríl.)

Samhljóða þskj. 666.

Ed. **803. Lög** [240. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja nokkrar eignir ríkissjóðs.

(Afgreidd frá Ed. 18. apríl.)

Samhljóða þskj. 580.

Nd. **804. Lög** [214. mál]

um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna á íslenzkum skipum.

(Afgreidd frá Nd. 18. apríl.)

Samhljóða þskj. 437.

Viðauki:

Endurprentað þingskjal vegna leiðréttingar.

Sþ. 574. Tillaga til þingsályktunar [239. mál]

um varnargarð vegna Kötluhlaupa.

Flm.: Ágúst Þorvaldsson, Ingólfur Jónsson, Björn Fr. Björnsson, Garðar Sigurðsson, Guðlaugur Gíslason, Steinþór Gestsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta gera á þessu ári áætlun um gerð og kostnað við byggingu varnargarðs til að verja þorpið Vík í Mýrdal fyrir Kötluhlaupum.

Þegar er slíkar áætlanir liggja fyrir, skal ríkisstjórninni heimilt, í samráði við fjárveitinganefnd, að láta hefja framkvæmdir, sem kostaðar verði að 7/8 hlutum af ríkissjóði.

Greinargerð.

Í fornum heimildum er frá því skýrt, að af völdum jökulhlaupa og eldgosa í Kötlu á Mýrdalsjökli hafi stundum risið miklar flóðöldur meðfram suðurströndinni og að slíkar flóðbylgjur hafi gert usla á því svæði, sérstaklega þar sem þorpið Vík í Mýrdal stendur. Síðustu atburðir af því tagi hafa gerzt í tíð núlifandi manna. Varð mikil flóðalda, þegar Katla gaus 1918, en einnig varð nokkurt hlaup á Kötlusvæðinu 1955.

Eins og kunnugt er, stendur Vík í Mýrdal að hluta til á sandinum undir Reynisfjalli beggja vegna Víkurár. Á undanförnum árum hefur mikið verið rætt um og varað við þeirri hættu, sem byggðinni niðri á sandinum gæti stafað af Kötluhlaupi, en jarðfræðingar telja það mjög líklegt, að Katla muni gjósa á næstu árum.

Í framhaldi af ályktun Alþingis var byggður varnargarður austan Höfðabrekkujökuls árið 1964. Er varnargarður þessi 5 metra hár, gerður úr sandi og yfirborð malarborið. Talið er, að garður þessi standi ekki lengi fyrir hlaupi, ef verulegt vatnsmagn verður á vestari hluta Mýrdalssands.

Jón Jónsson jarðfræðingur hafur lagt til, að byggður verði annar varnargarður vestar á sandinum frá Víkurkletti til sjávar, og telur hann, að nægjanlega hár garður gefi byggðinni á sandinum verulega aukið öryggi. Verkfræðistofan Hönnun h.f. gerði kostnaðaráætlun um slíkan garð í marz 1972. Áætlaður kostnaður við 6 m. háan sandgarð, 4 m. breiðan í toppinn og 750 m. langan, nemur 2 milljónum króna, tæpum.

Sigurður Þórarinsson jarðfræðingur kemst að svipaðri niðurstöðu og Jón Jónsson í greinargerð, sem hann nefnir „Umsögn um það, hvort forsvaranlegt sé, vegna hættu af völdum Kötluhlaups, að færa enn út íbúðarbyggð á Víkursandi", í júní 1972. Þar segir orðrétt: „Það þarf því að byrja á því að styrkja varnargarðinn milli Höfðabrekkujökuls og fjalls, auk þess að gera garð út frá Víkurkletti, sem eitthvert gagn er í til varnar, áður en meiri íbúðarbyggð verður leyfð niðri á sandinum".

Þá liggur fyrir greinargerð Þorbjörns Karlssonar verkfræðings, er hann nefnir „Flóðöldur vegna Kötluhlaupa", nóvember 1972. Í lokaorðum greinargerðar verkfræðingsins stendur: „Þá þarf að hraða byggingu varnargarðs frá Víkurhömrum til sjávar og að styrkja garðinn við Höfðabrekkujökul. Þessir garðar yrðu fyrst og fremst hindrun gegn þeim ógnvaldi, sem Kötluhlaupið getur orðið, ef það kemst vestur að Reynisfjalli, en eins og fram hefur komið munu þeir einnig hafa nokkur áhrif í þá átt að draga úr áhrifum flóðöldunnar af sjó".

Trauðla þarf frekari vitnanna við. Samkvæmt framangreindu kemur greinilega í ljós, að þeir sérfræðingar, sem um mál þetta hafa fjallað, eru sammála um, að

varnargarð beri að gera frá Víkurkletti til sjávar. Svo er og um aðra þá aðila, er bezt þekkja til. Allir ljúka upp einum munni um, að brýna nauðsyn beri til að margnefndur garður komi sem fyrst til varnar þeirri byggð, sem þegar er fyrir hendi.

Oddvitinn í Hvammshreppi hefur fyrir hönd hreppsnefndar ritað þingmönnum Sunnlendinga og mjög eindregið óskað þess, að þeir flyttu þingsályktunartillögu þessa í þeirri von, að Alþingi samþykki hana, svo „að raunhæfar aðgerðir geti hafizt sem fyrst áður en mannskaðar verða, sem vissulega vofir yfir", svo að tilfærð séu orð oddvitans í bréfi hans til flutningsmanna.

Greinargerðir sérfræðinganna, sem um mál þetta hafa fjallað, jarðfræðinganna Sigurðar Þórarinssonar og Jóns Jónssonar og Þorbjörns Karlssonar verkfræðings, eru prentaðar hér með sem fylgiskjöl.

Fylgiskjal I.

UMSÖGN

um það, hvort forsvaranlegt sé, vegna hættu af völdum Kötluhlaupa, að færa enn út íbúðarbyggð á Víkursandi.

Eftir Sigurð Þórarinsson.

Um hættu þá, er byggð á sandinum framan við þáverandi Víkurkauptún í Mýrdal mundi stafa af næsta Kötluhlaupi, skrifaði Pálmi rektor Hannesson stutta álitsgerð fyrir hönd Rannsóknaráðs ríkisins, dagsetta 28. marz 1950. Var niðurstaða hans sú, að viðurhlutamikið væri, svo ekki væri fastar að orði kveðið, að byggja Víkurkauptún niðri á sandinum, og væri þetta bæði vegna hættu á, að hlaup legðist vestur með Víkurhömrum, og vegna hættu af flóðbylgju af völdum hlaupsins.

Síðar, eða 19. okt. 1955, tilkynnir skipulagsstjóri í bréfi, að nokkur byggð yrði leyfð niðri á sandinum, og er í því sambandi vitnað til álits undirritaðs. Mun þar vera um munnlegar upplýsingar af minni hálfu að ræða, því ekki rekur mig minni til þess að hafa gefið skriflega umsögn um þetta eða látið annað í ljós en það, að ég teldi hámarksrennsli í Kötluhlaupum töluvert minna en Pálmi Hannesson hefði gizkað á, og einnig mun ég hafa nefnt, að varnargarður milli s.k. Höfðabrekkujökuls og fjalls myndi veita nokkurt öryggi. Hygg ég, að ég hafi lagt meiri áherzlu á það en ætla mætti af áðurnefndu bréfi, að forsendur þess, að meiri byggð væri leyfð niðri á sandinum, væru þær, að gerðir yrðu varnargarðar það traustir, að í þeim væri veruleg vernd. Vil ég því nú leggja áherzlu á það, að enn hafa ekki verið gerðir slíkir garðar, þ.e. garðar, sem treysta má, að veruleg vörn sé í. Aðalgarðurinn, sem gerður hefur verið milli Höfðabrekkujökuls og hamra, virðist mér næsta haldlítill, eins og hann nú er. Þyrfti bæði að hækka hann og breikka og þá fyrst og fremst að þekja austurhlíð hans stórgrýti eða grjótpylsum, ef í honum á að vera vörn að gagni. Reynsla af síðasta Skeiðarárhlaupi gaf til kynna, að talsverð vörn er í traustum grjótgörðum.

Í nóvember 1969 samdi Jón Jónsson jarðfræðingur greinargerð um hættu af Kötluhlaupum, er skipulagsnefnd leitaði álits hans, vegna þess að til álita kom þá að færa út byggð á sandinum. Rekur Jón allítarlega sögu Kötluhlaupa og áhrifa þeirra til breikkunar sandsins fram af Víkurhömrum og Vík. Leyfi ég mér að vísa til þeirrar skýrslu varðandi þetta, því óþarf er að vera að endurtaka það hér. Frumheimildirnar um stærstu Kötluhlaupin eru næsta aðgengilegar, prentaðar í IV. bindi Safns til sögu Íslands. Ræð ég öllum þeim að lesa þær heimildir, er vilja gera sér raunverulega grein fyrir því, hvílíkar hamfarir Kötluhlaup tíðum hafa verið og geta orðið. Niðurstöður Jóns eru þær, að vegna hættu af Kötluhlaupum sé ekki ráðlegt að bæta við íbúðarbyggð á sandinum en að sæmilega grjótvarinn garður myndi þó auka verulega öryggi byggðarinnar.

Jón Jónsson víkur að því í skýrslu sinni, að fylgjast þurfi betur en gert hefur verið með breytingum á sandinum fram af Vík og Víkurhömrum.

Samkvæmt uppástungu minni valdi enskur landmótunarfræðingur, Miss F. Alayne Street, það sem verðefni fyrir M. Sc. prófs ritgerð við háskólann í Cambridge að rannsaka breytingar á Víkursandi og suðvesturhluta Mýrdalssands, með sérstöku tilliti til áhrifa Kötluhlaupa. Vann hún að þessu verkefni einkum sumarið 1970 og næsta vetur og lauk ritgerð sinni vorið 1971. Titill hennar er: Some effects of jökulhlaups in Central-South Iceland. Þetta er ítarleg ritgerð, byggð á vandlegri könnun korta (flugmynda) og skráðra heimilda (hún les íslenzku sér til gagns), svo og á viðtölum við fólk í Vík og víðar og ekki hvað síst eigin mælingum. Miss Street hefur m.a. gert allítarlega könnun á kornastærðarsamsetningu Víkursands og suðvesturhluta Mýrdalssands og reiknað út ýmsa parametra kornastærðardreifingarinnar í því skyni að gera sér grein fyrir því, að hve miklu leyti breikkun Víkursands síðan 1918 er frá Kötlutanga runnin og að hve miklu leyti vegna efnisflutnings lengra austan að. Niðurstöður hennar eru, að það sé nær einvörðungu Kötluhlaupið 1918, sem lagt hafi til efni í breikkun sandsins síðar, og er hún því efins um réttmæti þeirrar skoðunar próf. Trausta Einarssonar, að breytingar á Víkursandi eftir 1935 standi ekki í sambandi við Kötluhlaupið, en megi rekja til breytinga á veðurfari og vindum, er hafi byrjað um 1920.

Niðurstöður Miss Street varðandi breytingar á ströndinni milli Hjörleifshöfða og Reynisfjalls á þessari öld eru dregnar saman á meðfylgjandi línuritum og korti. Skv. línuritum hennar hefur ströndin á austurhluta þessa strandlengjuhluta gengið nokkuð til baka á síðari árum og sandurinn því mjókkað, frá því að útbreiðsla hans varð mest eftir 1918-hlaupið og myndun Kötlutanga. En sandurinn fram af Vík er enn heldur að breikka, og telur Miss Street líklegast, að svo verði enn í nokkur ár, en að síðan megi búast við, að hann geti mjókkað eitthvað, líkt og sandurinn austar hefur gert, þar til jafnvægi komist á.

Telja má nokkurn veginn öruggt, að næsta Kötluhlaup muni leiða til breikkunar á Víkursandi. Hversu hröð og mikil sú breikkun verður, fer bæði eftir stærð hlaupsins og því, hvar á Mýrdalssandi aðalhlaupið fellur til sjávar. Hættan á tjóni uppi undir núverandi Víkurkauptúni af völdum flóðbylgju samfara hlaupi fer væntanlega minnkandi með hverju nýju hlaupi, en ekki er Víkursandur enn svo breiður, að hægt sé að útiloka þá hættu. Benda má einnig á það, að með breikkun suðvestasta hluta Mýrdalssands aukast möguleikar á því, að hlaup geti teygt sig vestur eftir sandinum í átt til Víkur, ekki aðeins norðan, heldur einnig sunnan Höfðabrekkujökuls. Gæti þá orðið nauðsynlegt að gera varnargarð, er lægi suður úr Höfðabrekkujökli í átt til sævar.


Mjög æskilegt tel ég einnig, að traustur garður verði gerður milli Víkurkletts og sjávar. En enda þótt ég telji, að veruleg vörn geti verið í þeim görðum, er nefndir hafa verið, álít ég, að fara ætti sér hægt, **mjög hægt**, með að leyfa frekari byggð niðri á sandinum, fyrr en séð verður, hvernig næsta Kötluhlaup hagar sér. Og vissulega dugar ekki að fara þá leiðina að leyfa aukna byggð niðri á sandinum, en gera þá kröfu, að síðan yrði að bæta og styrkja varnargarðana. Enda þótt stærðfræðilega útreiknað teljist líkurnar fyrir því, að Kötlugos komi fyrir 1976, ekki nema 26% (J. E. Þorláksson: A probability model of valcanoes and the probability of eruptions in Hekla and Katla. Bull. Volcanologique, Napoli 1967, bls. 97—106), **getur Kötluhlaup komið hvenær sem er.** Það þarf því að byrja á því að styrkja varnargarðinn milli Höfðabrekkujökuls og fjalls, auk þess að gera garð út frá Víkurkletti, sem eitthvert gagn er í til varnar, **áður en** meiri íbúðarbyggð verður leyfð niðri á sandinum. Og sem fyrr getur tel ég, að jafnvel eftir slíka garðgerð yrði að fara hægt í sakirnar með byggingarleyfi þar í neðra. Helzt væri það þá, að nokkur íbúðarhús yrðu leyfð **austur** með hömrunum í framhaldi af núverandi austustu húsum austan ár. En æskilegast svæði undir nýbyggingar íbúðarhúsa fyrst um sinn teldi ég brekkurnar upp

frá kauptúninu austan Víkurár, því þar mun grynnra í sæmilega traustan grunn en vestan Víkurár, en þar er yfirleitt mjög djúpt niður á sæmilegan grunn.

Heyrt hef ég í fólki austur þar, að núverandi eigendur þess lands, sem heppilegast er fyrir húsalóðir, hyggist selja það æríð dýrt. Um það skal ég ekki dæma, hvað hæfilegt verð sé fyrir það land, en ætla mætti, að hægt væri að tryggja með eignarnámi, að Víkverjar þyrftu ekki að greiða óhóflegt gjald fyrir að fá að byggja á svæðum óhultum fyrir Kötluhlaupum. Væri það, vægast sagt, ósæmilegt að notfæra sér til hins ítrasta í gróðaskyni þörf Víkurkauptúns fyrir slíkt land, hvað svo sem kaldur lagastafur kann að heimila í því efni, enda trúi ég engum til slíks að óreyndu.

Reykjavík, 24.6 1972.

Sigurður Þórarinsson.



Breytingar á strönd Víkursands og suðvesturhluta Mýrdalssands fyrir og eftir Kötluhlaupið 1918.




FIG. 50: VÍKURSANDUR (1:25,000)
Features on the coastal plain and stream network, plotted from 1960 U.S.A.F. 1:36,000 aerial photography. Ends of level profiles surveyed in 1970 fixed by plane tabling. Inland topography (formlines and rockfaces), sketched from the 1957 edition of the 1:50,000 map. Only the coast-road has been shown.

Fylgiskjal II.

Athugasemdir varðandi skipulagningu byggðarsvæðis á sandinum austan undir Reynisfjalli í Mýrdal.

Eftir Jón Jónsson jarðfræðing.

Inngangur.

Hin síðari ár hefur nokkuð verið rætt um skipulagningu byggðar í Vík í Mýrdal og einkum þó í sambandi við þá byggð, sem þegar er komin og koma mun á sandinn báðum megin Víkurár.

Því hefur jafnvel verið haldið fram, að hætta væri á, að sjór gengi þarna verulega á land, og einnig, að sjór væri um þessar mundir að ganga á landið við Vík. Ekki virðast þó mælingar hafa verið gerðar, svo teljandi sé, varðandi þetta spursmál á landinu sjálfu, en aðeins á kortum og ljósmyndum teknum úr lofti. Ekki er mér heldur kunnugt um, að sett hafi verið fast merki, sem hægt væri að mæla frá til strandar öðru hvoru, en aðeins á þann hátt er hægt að fá fullar sannanir í málinu. Það, sem hér fer á eftir, verður því ekki annað en nokkrar ábendingar og hugleiðingar samfara nokkrum athugunum, sem erfitt er að draga ákveðnar ályktanir af vegna þess, hvað þær taka yfir stuttan tíma.

Við sendna strönd.

Öllum þeim, sem byggja sveitirnar við hina miklu sandströnd Suðurlands eða hafa á annan hátt haft náin kynni af ströndinni, er ljóst, að hún er í einstökum atriðum verulegum breytingum háð. Eitt ljósasta dæmið um slíkar breytingar er sú velþekkta staðreynd, að skip, sem strandað hafa á þessum söndum, og þau eru mörg, eru ýmist nokkuð úti í sjó eða nokkuð uppi á landi. Þetta sýnir, svo að ekki verður um deilt, að mikil tilfærsla á sér stað á efni meðfram ströndinni og að breytingar eru þar ávallt nokkrar frá ári til árs og geta jafnvel verið áberandi á vissum svæðum frá einum mánuði til annars.

Sáralítið er vitað um, hver meginorsökin er hverju sinni, og engar rannsóknir varðandi sandburð með ströndinni liggja fyrir, enda mundu slíkar rannsóknir verða mjög erfiðar í framkvæmd.

Sandarnir eru orðnir til af framburði jökulánna fyrst og fremst.

Framburður þessi er svo stórkostlegur, að í stórum dráttum hlýtur ströndin að færast út. Fæ ég ekki séð, að til greina komi nema aðeins eitt, sem breytt gæti því ástandi, en það væri annaðhvort verulegt landsig eða hækkun á yfirborði úthafanna eða þá samspil hvors tveggja, en útkoman mundi í öllu falli verða hin sama. Á þeim svæðum, þar sem jökulhlaup eru tíð, verður framburðurinn að sjálfsögðu enn þá stórkostlegri. Í því sambandi er einkum um Mýrdalssand og Skeiðarársand að ræða.

Ströndin á vestanverðum Mýrdalssandi.

Ekki verður annað séð af þeim heimildum, sem fyrir liggja, en að sjór hafi á landnámsöld og lengi eftir það náð alveg upp að Víkurhömrum og a.m.k. á kafla gert það allt fram til ársins 1660, að sandurinn færðist mjög fram í því Kötluhlaupi, sem þá varð. Eftir það hefur þjóðleið verið um sandinn sunnan Víkurhamra, en var áður um Arnarstakksheiði eða austur um Heiðardal og Vatnsársund. Enn sér fyrir götutroðningum í hlíðinni austur af Víkurkirkju og eins vestan og ofan við bæinn í Fagradal. Fram til ársins 1660 virðist útræði hafa verið frá Skiphelli, og er sagt, að sjór hafi verið fast við Skiphellisnefið, en eftir hlaupið voru um 800 m frá hellinum til sjávar. Í þessu sama hlaupi virðist ströndin hafa færzt stórlega fram, einnig vestan Kerlingardalsár og sennilega allt að Reynisfjalli. Heimildir eru til um, að við Skorbeinsflúðir, sem eru fram af tanga, sem skagar lítið eitt fram úr fjallinu

nokkuð austan við Uxafótalæk, hafi skip setið til fiskjar á yfir 30 m. dýpi um 80 m. frá berginu.

Af þeirri heimild má ráða, að það hafi verið nálægt aldamótunum 1599—1600 eða nokkru síðar. Á þessu varð mjög gagnger breyting 1660, eins og áður getur.

Svo farið sé fljótt yfir sögu, skal þess getið, að í Kötluhlaupinu 1860 færðist sandurinn fram um 800 m. sums staðar á svæðinu milli Hjörleifshöfða og Kerlingardalsár og í síðasta Kötluhlaupi færðist sandurinn vestan við Hjörleifshöfða fram af aðalfarvegi Múlakvíslar fram um allt að 5 km.

Síðan hefur sandurinn færzt mjög vestur að Reynisfjalli, og er breidd hans nú, að ég hygg, þreföld til fimmföld á við það, sem var, er ég kom fyrst í Vík, sem mun hafa verið 1927.

Af því, sem hér hefur verið tilfært, sýnist fyllilega ljóst, að sandurinn á þessu svæði öllu færist fram, þó með mismunandi hraða sé, og stundum geti ráðið kyrrstaða á vissum köflum og jafnvel nokkuð skafizt burt á öðrum. Ég þekki engin dæmi um að gagnstæða nema í einstökum atriðum (detalj), eins og áður er getið um.

Frá þessu sjónarmiði, þ.e. vegna hættu af ágangi sjávar eingöngu og undir öllum eðlilegum kringumstæðum, sýnist mér ekki vera neitt við það að athuga, þó byggð væri skipulögð og reist á sandinum austan undir Reynisfjalli. Hins vegar er þarna fyrir hendi annar og miklu meiri ógnvaldur, sem átt getur það til að ganga í bandalag við sjálfan Ægi um framkvæmdir hinna hroðalegustu eyðilegginga, og að því skal nú vikið.

Katla og Kötluhlaupin.

Ekki er vitað með vissu, hversu oft Katla hafi gosið, frá því að land byggðist, því mjög eru litlar heimildir til um hin fyrstu gos. Það skiptir og ekki meginmáli hversu mörg þau eru.

Það virðist í öllu falli hægt að slá því föstu, að heimildir um breytingar á ströndinni af völdum Kötluhlaupa eru ekki til fyrr en laust eftir 1600, og standa þær upplýsingar einmitt í sambandi við Kötlugosið 1660.

Af ummælum Landnámabókar virðist mega ráða, að fjörður eða vík hafi verið við Hjörleifshöfða á þeim tíma, er norræna menn bar þar fyrst að landi, enda segir berum orðum, að „var þar þá fjörður, og horfði botninn inn að höfðanum". Ætla má því, að því er fróðir telja, að þetta sé skrifað á 13. öld. Í orðunum liggur hins vegar, að á þeim tíma sé þarna ekki lengur neinn fjörður.

Í Landnámu er ennfremur getið um Kerlingarfjörð, og virðist mér líklegast, að hann hafi verið milli Hjörleifshöfða og Höfðabrekkufjalls, enda segir í sömu heimild að „þar er nú Höfðársandur", en Höfðá er vafalaust sama vatnsfall og það, sem nú á dögum gengur undir nafninu Múlakvísl eða Sandvatn og kemur undan vestanverðum Kötlujökli.

Þess er getið í sögu Þorláks biskups, að hann hafi 1179 komið að Höfðabrekku, og er í sömu heimild þess getið um land Höfðabrekku, að það þótti eitthvert bezta vera, áður en Höfðá spillti. Bærinn á Höfðabrekku stóð neðan undir fjallinu fram til 1660.

Geysimikil urðarhrúgöld eru á sandinum suðaustur af Skiphelli og ganga undir nafninu Höfðabrekkujökull. Annar „jökull", Lambajökull, er austur á sandinum, nú að mestu horfinn. „Jökla"-nöfnin á þessum hæðardrögum sýna berlega, að þeir eru myndaðir á sögulegum tíma. Ekki er mér kunnugt um, að örnefni þessu lík séu til nema í Skaftafellssýslu, nánar til tekið á áðurnefndum stað og í Öræfum. Skýring þessa nafns er auðsæ og engum efa bundin. Þarna hefur geysimikil jakahrönn numið staðar í Kötluhlaupi, og jakarnir hafa smám saman bráðnað á staðnum og sandur, möl og stórgrýti, sem í ísnum var, hefur orðið eftir. Jakarnir hafa verið það lengi að bráðna og myndunin öll verið svo stórkostleg, að jökuls-nafnið festist við hana og helzt enn, öldum saman eftir að allur ís er horfinn. Líklegast sýnist mér, að Höfðabrekkujökull sé til orðinn í hlaupinu 1660, en þá eyðilagðist Höfðabrekka og það,

sem eftir var af landi þeirrar jarðar neðan undir fjallinu. Þætti mér ekki ólíklegt, að urð þessi geymdi undir sér fornar grónar grundir Höfðabrekku. Hafi land Höfðabrekku verið „eitt hið bezta“, hlýtur nokkurt landrými að hafa verið fyrir hendi, líka neðan fjallsins, enda virðist mega af heimildum ráða, að allt slægjuland jarðarinnar hafi verið fyrir framan fjallið fram að hlaupinu 1660, enda þótt fyrri hlaup hafi valdið miklu tjóni á jörðinni, allt frá hlaupi því, er getið er um í sögu Þorláks biskups.

Skal nú í stórum dráttum rakin atburðarás Kötluhlaupa þeirra, sem sæmilega glöggar heimildir eru um, og byrjað með hlaupið 1660.

Hlaup þetta hófst að kvöldi þess 3. nóv. og hélzt nóttina alla og daginn eftir, en rénaði þann 5. Þann 6. og til þess 10. er enn hlaup og fjaraði fyrst þann 11., en aftur er getið um hlaup þann 12. s.m.

Virðist því hlaupið hafa staðið í vikutíma, og er ljóst, að það hefur verið hið stórkostlegasta, sbr. það, sem hér er að framan er sagt um breytingar á ströndinni.

Næsta gos Kötlu verður svo 1721. Það hófst þann 11. maí kl. 2 um daginn. Hlaup það, sem gosinu fylgdi, stóð í 4 daga. Það fór vestur með Víkurhömrum og fyllti gilið hjá Vík, braut báta við Víkurklett og fyllti sundin milli Fagradals og Höfðabrekkuháls, svo Kerlingardalsá fékk ekki framrás í 20 dægur. Í þessu hlaupi tók endanlega af bæinn í Hjörleifshöfða, sem til þessa hafði staðið vestan undir höfðanum. Byggð var svo ekki í Hjörleifshöfða fyrr en 1801, að bær var á ný reistur þar og þá uppi á höfðanum.

Af heimildum um þetta hlaup er ljóst, að mikið vatn og jakaburður hefur farið vestur með öllu fjalli, allt frá Kaplagörðum og vestur að Reynisfjalli. Hlýtur þá geysimikið vatn að hafa farið um sundið milli Höfðabrekkujökuls og fjalls, þar sem nú hefur verið settur varnargarður.

Næst gýs Katla 1755, og hófst gosið þann 17. október litlu fyrir hádegi, en hlaup kom ekki fyrr en um nóttina milli þess 17. og 18. eða varla minna en 8—10 klst. eftir að vart varð gossins. Hlaup þetta náði eins og hið fyrra allt vestur að Reynisfjalli og einnig lokaði það sundunum austan við Fagradal um tíma, svo vatn flóði allt inn að túni í Kerlingardal. Ekki hef ég heimild um, hversu lengi þetta hlaup varaði.

Í gosi Kötlu 1823 fór vatnsflóð yfir allan sandinn frá Álftaveri til Reynisfjalls. Það kom í skvettum og varaði í 28 daga samtals. Sumir af þessum hlaupskvettum virðast hafa verið fremur óreglulegir, en nægir þó til að valda skaða.

Gosið 1860 hófst 2. maí og kom hlaupið fyrst, eða um kl. 2 um daginn, en til goss sást ekki fyrr en um kl. 5. Þann 15. s.m. kom hlaupskvettur fyrir austan Hafursey og stóð eitt dægur. Haft er fyrir satt, að þetta hlaup hafi staðið í 16 sólarhringa og að í því hafi ströndin milli Hjörleifshöfða og Kerlingardalsár sums staðar færzt fram um 800 m., enda virðist hlaupið nær eingöngu hafa runnið fram vestan Hafurseyjar.

Er þá komið að síðasta gosi Kötlu 1918.

Af frásögnum þeim, er fyrir liggja, verður ekki með fullri vissu sagt, hvenær dags gosið hófst, en þann 12. október var það. Af frásögn úr Vík er ljóst, að jarðskjálfti varð þar kl. 13, og eins verða Álftaversmenn fyrst varir við merki um gos um kl. 13. Er því líkast, að raunverulega hefjist gosið þá. Það er þó ekki fyrr en um kl. 15.30, sem til gossins og hlaupsins sér bæði úr Vík og Hjörleifshöfða.

Ruddist hlaupið fram milli Hafurseyjar og Höfðabrekkuafréttar og tók yfir allan sandinn hið neðra, allt frá Múlakvísl að vestan og austur fyrir Lambajökul. Þriðji „jökullinn“ á Mýrdalssandi er rétt austan við Múlakvísl, og er nú lítið orðið eftir af honum, en hann er um 5 km. austan við Hjörleifshöfða. Hlaupið virðist hafa verið í algleymingi fram á nótt, en var hætt daginn eftir, en um kl. 21 um kvöldið þess 13. hófst það á ný, og hlaup var enn þann 14. Þann 15. var það minna, en þann 16., 17., 18. og 19. var enn mikið vatn á sandinum vestanverðum. Þann 20. var það með minnsta móti, en óx um kvöldið. Þann 21. var það orðið lítið og að kalla búið

þann 26. Þó kom aftur hlaupskvettur allmikill þann 28. Það hófst kl. 14 en fjaraði um kvöldið. Þetta er tekið eftir skýrslu úr Hjörleifshöfða, en þaðan var auðveldast að fylgjast með því, sem skeði í sandinum. Ekki virðist hlaup hafa farið austur af sandinum niður um Álftaver nema fyrsta gosdaginn.

Ekki fór hlaup að þessu sinni vestur með Höfðabrekkufjalli, en beint í sjó fram farveg Múlakvíslar. Mun Höfðabrekkujökull mjög hafa varnað því, að hlaupið færi vestur.

Þess er getið, að mikil ókyrrð kom á sjóinn við Vík samfara hlaupinu og gengu út frá því öldur, sem fóru samhliða ströndinni og náðu hærra en hæstu brimöldur. Kyrrt veður var og gott í sjó, er hlaupið kom.

Af því, sem hér hefur verið rakið, er ljóst, að Kötluhlaup geta hagað sér á nokkuð mismunandi hátt. Stundum koma þau svo að segja í einu hlaupi, en stundum í skvettum um lengri tíma. Heita má þó, að þau komi að jafnaði svo að segja fyrirvaralaust og mjög snögglega.

Við hlaupið 1918 mynduðust tveir stórir tangar út í sjó milli Hjörleifshöfða og Höfðabrekkufjalls. Er talið, að ströndin hafi þar færzt fram um 5 km. Nú hefur brim löngu jafnað út þessa tanga og gerði það raunar fljótlega, svo að tanginn varð raunar aðeins einn og hlaut nafnið Kötlutangi. Ekki er hann lengur áberandi sem tangi, en færzt hefur ströndin drjúgum fram við hlaup þetta. Við Vík hefur ströndin breikkað mjög eftir þetta, og hygg ég, að efni það, sem byggði upp Kötlutanga, sé nú komið að verulegu leyti á svæðið austan undir Reynisfjalli. Það er og spá mín, að ekki þurfi nema 2—3 Kötluhlaup til að koma Reynisfjalli og e.t.v. einnig Reynisdröngum á þurrt land.

Sennilega mætti flýta því með því að loka sundinu milli dranga og fjalls. Efni er nóg við höndina.

Ekki verður hjá því komizt, að sem heild hafi ströndin við Vík færst fram frá því 1918. Þó má vel vera, eins og áður er bent á, að smávegis hafi á hana gengið öðru hverju og á köflum.

Frá því 1967 þar til í ágúst 1969 hefur hún að heita má staðið í stað, eftir því er séð verður af lauslegum mælingum, nema alveg vestur við Reynisfjall. Þar hefur sandur fyllt upp, svo að bjarg, sem var enn í sjó fyrir um 2 árum, stendur nú upp úr sandi.

Hætta á Kötluhlaupi.

Það hefur verið talið, að rennsli Kötluhlaupsins 1918 hafi verið um 200.000 m^3/sek., þegar það náði hámarki.

Undir öllum kringumstæðum er ljóst, að hlaup þessi eru þvílíkar náttúruhamfarir, að erfitt er að gera sér fulla grein fyrir. Vafalaust hækkar Mýrdalssandur jafnt og þétt, því í raun réttri er hann keila með toppinn við Kötlujökul. Þetta gerir, að nokkur halli mun vera vestur með hömrunum frá farvegarbrún Múlakvíslar austan Höfðabrekkujökul. **Fari hlaup eða hluti af því vestur milli Höfðabrekkujökuls og fjalls, er Vík í hættu, þ.e.a.s. sá hluti byggðarinnar, sem á sandinum er.**

Varnargarður hefur nú verið settur þar á milli, og getur hann vafalaust **gert gagn, sé hann nægilega þéttur,** svo að vatn nái ekki að siast í gegnum hann, en fari svo, er hætt við, **að hann standi ekki lengi fyrir hlaupi.** Nokkru meiri vörn hefði verið að hafa garðana tvo með nokkru millibili. Mér sýnist, að líta verði svo á, að með því að ströndin við Vík hefur mjög færzt fram og er nú orðin margfalt breiðari en hún var 1918, hafi hættan af völdum brimróts samfara Kötluhlaupi minnkað verulega.

Mér sýnist þó, að byggðin niðri á sandinum sé í svo mikilli hættu fyrir Kötluhlaupum, að ekki sé til þess ráðandi, að við hana sé bætt, a.m.k. ekki íbúðurhúsum.

Um breytingar á ströndinni er það að segja, að setja ætti upp föst merki á nokkrum stöðum í hömrunum og mæla frá þeim eftir ákveðnum línum til sjávar. Mælingarnar ætti að endurtaka árlega. Fæst með því örugg vissa, og fræðilegar

bollaleggingar verða óþarfar. Mælingar á kortum og loftmyndum, þó góðar geti verið út af fyrir sig, eru miklu ónákvæmari og hafa fleiri skekkjumöguleika.

Varnir gegn hlaupum.

Svo miklar hamfarir eru í Kötluhlaupunum, að það er nánast fjarstæða að ætla sér að bægja þeim frá, þar sem þau koma með fullum krafti.


Hitt er þó víst, að mikið hefur úr þeim dregið, þegar þau hafa náð að breiðast út um stór svæði og eru að nálgast sjávarhæð. Garður eins og sá, sem áður er getið, kann því að hafa mikla þýðingu. Ég mundi hins vegar telja málinu mun betur borgið, ef settur væri annar garður í viðbót og jafnframt væru þeir þéttir, svo vatn komizt ekki í gegnum þá og nái að grafa.

Sæmilega hár, grjótvarinn garður frá Víkurkletti til sjávar sýnist mér að mundi geta gefið byggðinni verulega aukið öryggi.

Jónas Elíasson verkfræðingur hefur gert miklar athuganir á ströndinni bæði við Dyrhólaós og á svæðinu frá Reynisfjalli og austur fyrir Hjörleifshöfða. Er kort það, sem þessari grein fylgir, að mestu frá hans hendi og kemur í megindráttum heim við þær athuganir, sem ég hef gert á eldri og nýrri loftmyndum og kortum af þessu svæði.

Ætla má, að nú taki fast að líða að Kötlugosi. Ég er þeim mönnum, sem telja hlaupskvett þann, sem kom 1955, eins konar Kötlugos, algerlega ósammála. Hlaupskvetti þá, sem komið hafa og síðar, tel ég miklu fremur benda til aukins hita og þar af leiðandi bráðnunar í jöklinum og þannig fremur vera ábendingu um það, að nú líði senn að gosi. Hvenær það kann að koma, kann ekki fremur ég en aðrir að segja, en ég er fullsannfærður um, að það er í aðsigi og kemur — líklega innan þriggja ára.

Nóvember 1969.



Ströndin við Vík fyrr og nú, ásamt breytingum, sem orðið hafa á svæðinu milli Reynisfjalls og Blautukvíslar. Eftir Jónas Elíasson verkfræðing.

Fylgiskjal III.

Flóðöldur vegna Kötluhlaupa.

Inngangur.

Frá því er skýrt í annálum, að Kötluhlaup hafi valdið flóðöldum meðfram suðurströnd Íslands. Um þetta segir Pálmi Hannesson rektor (1950) í bréfi til skipulagsstjóra, dags. 28. marz 1950:

„Árið 1721 gerði slík flóðbylgja allmikinn usla, og er talið, að hennar hafi gætt allt vestur í Grindavík. Í Vestmannaeyjum tók hún hjall, er stóð upp frá fjörumálinu, en í Vík gekk hún allt upp á tún, að því er Sveinn Pálsson segir, og má öruggt telja frásögn hans rétta".

Um hlaup það, sem varð, er Katla gaus 1918, segir Jón Jónsson jarðfræðingur í umsögn um skipulagningu byggðarsvæðis á sandinum austan undir Reynisfjalli í Mýrdal (1969):

„Þess er getið, að mikil ókyrrð kom á sjóinn við Vík samfara hlaupinu, og gengu út frá því öldur, sem fóru samhliða ströndinni og fóru hærra en hæstu brimöldur. Kyrrt veður var og gott í sjó, er hlaupið kom".

Þessar flóðbylgjur samfara Kötlugosum hafa m.a. orðið þess valdandi, að nokkurt hik hefur verið á því að leyfa byggð niðri á sandinum við Vík. Eftir álitsgerð Pálma Hannessonar rektors (1950), sem áður er nefnd, var lagt gegn byggð niðri á sandinum. Eftir smáhlaup, sem varð á Kötlusvæðinu í júní 1955, féllst skipulagsnefnd hins vegar á, að byggt yrði niðri á sandinum, enda skyldu þá gerðar vissar varúðarráðstafanir, þ.e. garður ofan Höfðabrekkujökuls og varnargarður austan Víkurár.

Í nóvember 1969 skrifaði Jón Jónsson jarðfræðingur álitsgerð, sem hann nefndi „Athugasemdir varðandi skipulagningu byggðarsvæðis á sandinum austan undir Reynisfjalli í Mýrdal". Í þessari álitsgerð Jóns mælir hann með því, að varnargarður milli Höfðabrekkujökuls og fjalls verði þéttur, en að auki verði gerður annar sæmilega hár, grjótvarinn garður frá Víkurkletti til sjávar. Jafnvel með þessum varnargörðum telur Jón í álitsgerðinni, **„að byggðin niðri á sandinum sé í svo mikilli hættu fyrir Kötluhlaupum, að ekki sé til þess ráðandi, að við hana sé bætt, a.m.k. ekki íbúðarhúsum"**. Jafnframt leggur Jón til, að sett verði upp, föst merki á nokkrum stöðum í hömrunum og mælt frá þeim eftir ákveðnum línum til sjávar. Mælingarnar ætti að endurtaka árlega".

Nú mun vera að komast einhver skriður á gerð varnargarðs út frá Víkurhömrum, og hefur Almannavarnanefnd Víkurumdæmis samþykkt áskorun til fjárveitingavaldsins þess efnis, að veitt verði nauðsynlegt fé til byggingar grjótvarins varnargarðs austan Víkurkauptúns, er nái frá Víkurkletti til sjávar. Hins vegar er ekki vitað til, að gerðar hafi verið hæðarmælingar frá föstum punktum í Víkurhömrum til sjávar, eins og Jón hefur einnig lagt til.

Nýlega hefur Sigurður Þórarinsson (1972) sent skipulagsstjóra álitsgerð varðandi viðbótarbyggð niðri á sandinum við Vík. Kemst Sigurður að þeirri niðurstöðu, að fara eigi sér **„mjög hægt** með að leyfa frekari byggð niðri á sandinum, fyrr en séð verður, hvernig næsta Kötluhlaup hagar sér". Bendir hann einnig á, að byrja þurfi á því „að styrkja varnargarðinn milli Höfðabrekkujökuls og fjalls, auk þess að gera garð út frá Víkurkletti, sem eitthvað gagn er í til varnar, **áður en** meiri íbúðarbyggð verður leyfð niðri á sandinum".

Varnargarðar þeir, sem um er getið hér að framan, gegna því hlutverki að hindra það, að vatnsflaumurinn í Kötluhlaupi fari vestur með fjalli, vestur að Reynisfjalli, eins og oft hefur komið fyrir í Kötluhlaupum. Varnargarðarnir draga því á engan hátt úr hættu á flóðbylgju af sjó, en það er efni þessarar greinar að kanna almennt eðli þessarar flóðbylgju.

Eðli Kötluhlaupa.

Kötluhlaup hafa ekki orðið síðan reglubundnar vatnamælingar hófust hér á landi, utan eitt lítið hlaup, sem varð í júní 1955, og einhverjir vatnavextir á sveðinu af og til síðan. Kallar Jón Jónsson þetta hlaupskvetti, enda mun þetta vera smáræði samanborið við það, sem orðið getur. Um eiginleg Kötluhlaup, sem verða samfara gosi í Kötlu, eru þó til heimildir í annálum og ítarlegar lýsingar sjónarvotta eru til af hlaupinu 1918. Af þessum lýsingum og mælingum, sem gerðar voru 1955, hafa menn gert sér vissar hugmyndir um eðli hlaupanna, og kemur fram, að þau eru nokkuð frábrugðin hlaupum, sem verða í Grímsvötnum eða Grænalóni. Bendir Sigurður Þórarinsson (1957) á eftirfarandi einkenni:

1. Hámarksrennsli Kötluhlaupa er mörgum sinnum meira en það, sem mest verður annars staðar, og hefur verið gizkað á, að rennslið skipti hundruðum þúsunda teningsmetra á sekúndu. Pálmi Hannesson (1934) áætlaði milli þrjú og fjögur hundruð þúsund m^3/sek., en Sigurður Þórarinsson (1957) telur þá tölu sennilega ívið háa, en víst megi telja, að rennslið fari yfir 100.000 m^3/sek. Jón Jónsson (1969) greinir frá því, að rennsli Kötluhlaupsins 1918 hafi verið áætlað 200.000 m^3/sek., þegar það var í hámarki.
2. Kötluhlaup koma mjög skyndilega og standa fremur stutt eða aðeins fáa daga. Þetta er ólíkt hegðun Grímsvatna- og Grænalónshlaupa, sem yfirleitt eiga sér margra daga aðdraganda. Þrátt fyrir hið gífurlega hámarksrennsli Kötluhlaupa er heildarvatnsmagnið sennilega svipað og í meðalhlaupi úr Grænalóni (sjá grein Sigurðar Þórarinssonar, Jökull 1957) og þá talsvert minna en mælzt hefur í Grímsvatnahlaupum.

Það er hið geysimikla hámarksrennsli Kötluhlaupsins, sem eðlilega veldur hættu á flóðbylgju við suðurströndina. Varnargarðar við Höfðabrekkujökul minnka landssvæði það, sem vatnsflaumurinn nær að dreifast yfir, og sé gert ráð fyrir því, að allt rennslið (200.000 m^3/sek.) fari milli Höfðabrekkujökuls og Lambajökuls, sem er um 12 km. vegalengd við ströndina, gefur Manningsformúla meðalhraða vatnsins um 4.75 m/s og meðaldýpi um 4,6 m. Hreyfiafl þessa vatnsflaums er um 2,3 Gw, er það kemur í sjó fram, þar sem hallinn á sandinum er reiknaður 1:135.

Þegar þessar tölur eru bornar saman við allt virkjað vatnsafl á Íslandi, sem í dag er um 2,8 Mw, sést, að hér er ekkert lítilræði, sem sjónum er ætlað að gleypa. Enda sýnir það sig, að orkan berst út í formi flóðöldu, sem vegna botnhallans kemur aftur að landi og getur þar valdið spjöllum á mannvirkjum, sem hún nær til.

Leið flóðöldunnar frá Kötluhlaupi.

Þegar flóðaldan skellur út í sjó, kemst truflun á sjóinn með þeim afleiðingum, að ölduhreyfing heldur áfram út frá ströndinni. Þar sem aðgrunnt er og aflíðandi botn, eins og út af Mýrdalssandi, breytir aldan stefnu sinni vegna misdýpisins, og kemur hluti hennar aftur að landi.

Gera má sér nokkra grein fyrir því, sem gerist, ef tekin er bein strandlína með aflíðandi botnhalla. Gerum ráð fyrir því, að hlauprennsli, 12 km breitt, komi út í sjóinn, en þessi breidd svarar nokkurn veginn til fjarlægðar frá Höfðabrekkujökli að Lambajökli. Um það bil 6 km. vestan Höfðabrekkujökuls kemur Reynisfjall út í sjó, en þaðan austur að Víkurklettum er um 3 km vegalengd. Við höfum þá einfalt líkan af aðstæðum, sem sýnt er á 1. mynd.

Gert er ráð fyrir því, að sú ókyrrð, sem á sjóinn kemur, þegar flóðaldan kemur fram, dreifi sér jafnt í allar áttir til hafs. Er þá einfalt reiknidæmi að finna út, hve mikill hluti orkunnar kemur að landi við hina 3 km. strandlengju frá Reynisfjalli að Víkurklettum. Af 1. mynd kemur fram, að alda innan ca. 9° geira kemur að landi á fyrrgreindu svæði, og er það um 5% orkunnar, sé reiknað með jafnri dreifingu í allar áttir frá ströndinni.


Nú vaknar sú spurning, hve há alda svarar til 5% af orku hlaupsins. Áður var fundið, að afl hlaupsins, er það kemur í sjó fram í hámarki, er um 2,3 Gw, þannig

að 5% af því er 0,115 Gw eða 115 Mw. Sé gert ráð fyrir því, að öll þessi orka haldi áfram til hafs, fæst, að þetta samsvarar 1 m hárri öldu á 100 m dýpi miðað við 3 km langan öldufald. Þegar slík alda kemur inn á 10 m dýpi, má gera ráð fyrir, að hæð hennar hafi þrefaldazt, ef hún ekki brotnar. Aldan hækkar enn, þegar dýpið minnkar, og sést því, að þarna getur orðið um geigvænlegt flóð að ræða, ef réttar aðstæður eru fyrir hendi.

Það skal viðurkennt, að þeir reikningar, sem að ofan er lýst, miðast við talsverða einföldun á aðstæðum eins og þær eru fyrir hendi á sandinum og strandlengjunni austan Víkur. Hvað þessar raunverulegu aðstæður koma til með að breyta gangi flóðöldunnar, er flókið að reikna út, en í því sambandi má benda á eftirfarandi atriði:

1. Ekki var reiknað með neinni eyðingu á orku hlaupsins er það kemur fram í sjó. Í þessu sambandi má nefna, að mikið rót kemst á sjóinn, þar sem hlaupið kemur fram, sem óhjákvæmilega hefur í för með sér einhverja eyðingu orkunnar. Þannig má sýna, að ef aðeins helmingur orkunnar kemst áfram til hafs, lækkar ölduhæðin um 30%. Dregur þetta því ekki nema að óverulegu leyti úr flóðhættunni.
2. Reiknað var með beinni reglulegri strandlínu milli Víkur og hlauprennslisins. Ef reikna á nákvæmlega út, hvaða leið aldan raunverulega fer, þarf að hafa nákvæmar upplýsingar um lögun strandlengjunnar og botndýpi nokkra km til hafs. Þessar upplýsingar eru ekki fyrir hendi, þar sem fáar mælingar eru til frá þessum slóðum, auk þess sem botninn og ströndin eru sífellt að breytast vegna sandflutnings. Þess skal getið, að óreglulegur botn hefur þau áhrif að draga úr orkunni og þar með ölduhæðinni sums staðar og þá jafnframt að auka ölduhæðina annars staðar.

   Þá verður að geta þess, að ekki er tekið tillit til áhrifa víkurinnar sjálfrar, þar sem Reynisfjall gengur út í sjó. Vel er hugsanlegt, að lögun víkurinnar og botnlag geti valdið hermusvörun (resonans), sem magnar ölduna enn frekar, en slíkt er ekki óþekkt fyrirbæri, þar sem jarðskjálftaflóðöldur (tsunamis) hafa gert hvað mestan usla.
3. Reiknað var með því, að hlaupið dreifðist jafnt á hið 12 km breiða rennslissvæði. Ekki er þar tekið tillit til áhrifa Hjörleifshöfða, sem er um það bil miðsvæðis milli Höfðabrekkujökuls og Lambajökuls. Gera verður þó ráð fyrir því, að meiri hluti rennslisins fari vestan Hjörleifshöfða, sem þýðir, að orkan beinist fremur í vesturátt, þegar til sjávar kemur. Eykur það enn á hættuna í Vík.
4. Aðeins var reiknað með flóðöldu á svæðinu frá Reynisfjalli að Víkurklettum. Að sjálfsögðu kemur einnig flóðalda á land milli Víkurkletta og Höfðabrekkujökuls, og má reikna með henni enn hærri en vestan Víkurkletta. Varnargarður frá Víkurklettum til sjávar mundi hindra spjöll af völdum þeirrar öldu vestan Víkurkletta.
5. Vitað er, að sandurinn fram af Vík hefur breikkað síðan 1918 og heldur enn áfram að breikka (sbr. umsögn Sigurðar Þórarinssonar, 1972). Slík sandbreiða dregur því meir úr áhrifum flóðöldu af sjó sem hún er breiðari, en ekki er unnt að meta þessi áhrif, nema hæðarmælingar á sandinum séu fyrir hendi. Eins og fram kemur hér að framan, hafa engar slíkar mælingar verið gerðar á síðari árum.



1. mynd. Einfalt líkan af flóðöldu vegna Kötluhlaups.

Lokaorð.

Hér að framan hefur verið fjallað um hættu á flóðöldu af sjó í Vík í Mýrdal, sem myndast af völdum Kötluhlaups. Er komizt að þeirri niðurstöðu, að veruleg hætta geti hér verið á ferðum, en jafnframt bent á það, að hér er um mjög flókið fyrirbæri að ræða, reikningslega séð, og óvissa um margt. Með frekari fræðilegum athugunum á þó að vera unnt að gera þessu efni rækilegri skil en hér hefur verið gert, en slíkt krefst tíma, sem ekki var fyrir hendi að þessu sinni.

Á þessu stigi vil ég eindregið taka undir varnaðarorð þeirra jarðfræðinganna Jóns Jónssonar og Sigurðar Þórarinssonar, að fara beri mjög varlega í að leyfa byggð í Vík í Mýrdal að dreifast út á sandinn. Þá þarf og að hraða byggingu varnargarðs frá Víkurhömrum til sjávar og að styrkja garðinn við Höfðabrekkujökul. Þessir garðar yrðu fyrst og fremst hindrun gegn þeim ógnvaldi, sem Kötluhlaupið getur orðið, ef það kemst vestur að Reynisfjalli, en eins og fram hefur komið munu þeir einnig hafa nokkur áhrif í þá átt að draga úr áhrifum flóðöldunnar af sjó.

Reykjavík, 30. nóvember 1972.

Þorbjörn Karlsson.

Heimildarrit.

Jón Jónsson: Athugasemdir varðandi skipulagningu byggðarsvæðis á sandinum austan undir Reynisfjalli í Mýrdal. Greinargerð til skipulagsstjóra, nóvember 1969.

Pálmi Hannesson: Umsögn um skipulagningu kauptúnsins í Vík í Mýrdal. Gerð fyrir skipulagsstjóra 28. marz 1950.

Sigurður Þórarinsson: The Jökulhlaup from the Katla Area in 1955 compared with other Jökulhlaups in Iceland. Jökull, 7. ár, 1957, 21—25.

Sigurjón Rist: The Thickness of the Ice Cover of Mýrdalsjökull, Southern Iceland. Jökull, 17. ár, 1967, 237—242.

Sigurjón Rist: Jökulhlaups from the Ice Cover of Mýrdalsjökull on June 25, 1955, and January 20, 1956. Jökull, 17. ár, 1967, 243—248.

Sigurður Þórarinsson: Umsögn um það, hvort forsvaranlegt sé, vegna hættu af völdum Kötluhlaupa, að færa enn út íbúðarbyggð á Víkursandi. Gerð fyrir skipulagsstjóra 24.6.1972.

Sþ.

805. Nefndaskipun.

(93. löggjafarþing.)

Fastanefndir.

A.
Í sameinuðu þingi:

1. *Fjárveitinganefnd*:
   Ágúst Þorvaldsson,
   Jón Árnason,[1])
   Ingvar Gíslason, varaformaður,[2])
   Matthías Bjarnason,
   Geir Gunnarsson, formaður,
   Vilhjálmur Hjálmarsson, fundaskrifari,
   Steinþór Gestsson,
   Karvel Pálmason,
   Jón Árm. Héðinsson.

Mál, er til nefndarinnar var vísað:

A. Lagafrumvörp:
1. Fjárlög 1973 (1, n. 167 (1. minni hl.), n. 168 (2. minni hl.), n. 171 (meiri hl.)).
   Frsm. 1. minni hl.: Matthías Bjarnason.
   Frsm. 2. minni hl.: Jón Árm. Héðinsson.
   Frsm. meiri hl.: Geir Gunnarsson.
2. Fjáraukalög 1970 (289, n. 764).
   Frsm.: Ingvar Gíslason.

B. Þingsályktunartillögur:
1. Efling Landhelgisgæzlunnar (35, n. 151 (meiri hl.), n. 158 (minni hl.)).
   Frsm. meiri hl.: Ingvar Gíslason.
   Frsm. minni hl.: Matthías Bjarnason.
2. Lánsfé til hitaveituframkvæmda (9, n. 438).
   Frsm.: Geir Gunnarsson.
3. Fjárlagaáætlanir (39, 673 (minni hl.), n. 686 (meiri hl.)).
   Frsm. minni hl.: Jón Árnason.
   Frsm. meiri hl.: Ingvar Gíslason.
4. Hafrannsóknastofnunin (58, n. 439).
   Frsm.: Geir Gunnarsson.
5. Fiskvinnsluskóli í Vestmannaeyjum (51).
   Nefndarálit kom ekki.
6. Viðvörunarkerfi á hraðbrautir (102, n. 440).
   Frsm.: Geir Gunnarsson.
7. Neyðarráðstafanir vegna jarðelda í Vestmannaeyjum (268, n. 271).
   Frsm.: Geir Gunnarsson.
8. Veggjald af hraðbrautum (97, n. 559 (meiri hl.), n. 562 (minni hl.)).
   Frsm. meiri hl.: Steinþór Gestsson.
   Frsm. minni hl.: Vilhjálmur Hjálmarsson.

1) Í veikindaforföllum hans, frá 4. til 21. des., tók sæti hans í nefndinni Ásgeir Pétursson.
2) Meðan hann dvaldist erlendis, frá 21. marz til 5. apríl, tók sæti hans í nefndinni Jónas Jónsson.

Fastanefndir Sþ.: Fjárveitinga-, utanríkis- og atvinnumálanefndir.

9. Fiskeldi í sjó (126).
   Nefndarálit kom ekki.
10. Verðjöfnunarsjóður vöruflutninga (153, n. 571).
    Frsm.: Matthías Bjarnason.
11. Sjónvarp á sveitabæi (323).
    Nefndarálit kom ekki.
12. Sjónvarpsskilyrði á Vestfjarðamiðum (424, n. 612).
    Frsm.: Geir Gunnarsson.
13. Ný höfn á suðurströnd landsins (493, n. 655).
    Frsm.: Ágúst Þorvaldsson.
14. Raforkuöflunarleiðir fyrir Norðlendinga (509).
    Nefndarálit kom ekki.
15. Varnargarður vegna Kötluhlaupa (574).
    Nefndarálit kom ekki.
16. Kennsla í haffræði við Háskóla Íslands (653).
    Nefndarálit kom ekki.

2. *Utanríkismálanefnd:*

	Varamenn:
Eysteinn Jónsson, varaformaður,	Jón Skaftason,
Jóhann Hafstein,	Geir Hallgrímsson,
Þórarinn Þórarinsson, formaður,	Steingrímur Hermannsson,
Matthías Á. Mathiesen,	Friðjón Þórðarson,
Bjarni Guðnason,	Magnús T. Ólafsson,
Gils Guðmundsson, fundaskrifari,	Magnús Kjartansson,
Gylfi Þ. Gíslason.	Benedikt Gröndal.

Þingsályktunartillögur, er til nefndarinnar var vísað:

1. Öryggismál Íslands (74).
   Nefndarálit kom ekki.
2. Samningur Íslands og Efnahagsbandalagsins (266).
   Nefndarálit kom ekki.
3. Samningur Íslands við Efnahagsbandalag Evrópu og breyt. á stofnsamningi Fríverzlunarsamtaka Evrópu (295, n. 331).
   Frsm.: Þórarinn Þórarinsson.
4. Samningur um að koma í veg fyrir ólöglega töku loftfara (620, n. 752).
   Frsm.: Þórarinn Þórarinsson.

3. *Atvinnumálanefnd:*
   Ásgeir Bjarnason, formaður,
   Ingólfur Jónsson,
   Björn Pálsson,
   Pétur Sigurðsson,
   Karvel Pálmason, varaformaður,
   Ragnar Arnalds, fundaskrifari,
   Pétur Pétursson.

Þingsályktunartillögur, er til nefndarinnar var vísað:

1. Fiskveiðar og fiskvinnsla í Norðurlandskjördæmi vestra (17, n. 595 (minni hl.), n. 672 (meiri hl.)).
   Frsm. minni hl.: Pétur Pétursson.
   Frsm. meiri hl.: Björn Pálsson.
2. Olíuverzlun (19, n. 588 (meiri hl.), n. 596 (minni hl.)).
   Frsm. meiri hl.: Björn Pálsson.
   Frsm. minni hl.: Pétur Pétursson.

3. Samkeppnisaðstaða skipasmíðaiðnaðar (12, n. 510).
   Frsm.: Ingólfur Jónsson.
4. Nýting orkulinda til raforkuframleiðslu (37, n. 622 (meiri hl.)).
   Frsm.: Ásgeir Bjarnason.
   Nefndarálit kom ekki frá minni hl.
5. Kavíarverksmiðja á Norðausturlandi (55).
   Nefndarálit kom ekki.
6. Samstarf Íslendinga, Norðmanna og Færeyinga að fiskveiðum og fisksölu (53, n. 512).
   Frsm.: Ragnar Arnalds.
7. Rækju- og skelfiskleit fyrir Norðurlandi (59, n. 511).
   Frsm.: Björn Pálsson.
8. Þyrluflug milli lands og Vestmannaeyja (122).
   Nefndarálit kom ekki.
9. Greiðsla ríkisframlaga samkvæmt jarðræktarlögum (127, n. 578).
   Frsm.: Ásgeir Bjarnason.
10. Loðna til manneldis (433).
    Nefndarálit kom ekki.

4. *Allsherjarnefnd:*
   Björn Fr. Björnsson, formaður,
   Lárus Jónsson,
   Jón Skaftason,
   Ragnhildur Helgadóttir,[1])
   Bjarni Guðnason, varaformaður,
   Jónas Árnason, fundaskrifari,[2])
   Stefán Gunnlaugsson.[3])

Þingsályktunartillögur, er til nefndarinnar var vísað:

1. Vistheimili fyrir vangefna (20, n. 324).
   Frsm.: Björn Fr. Björnsson.
2. Starfshættir skóla (11, n. 296).
   Frsm.: Björn Fr. Björnsson.
3. Kosningar til Alþingis (8, n. 314).
   Frsm.: Björn Fr. Björnsson.
4. Kennsla í fjölmiðlun (28, n. 316).
   Frsm.: Stefán Gunnlaugsson.
5. Vátryggingastarfsemi (45).
   Nefndarálit kom ekki.
6. Leiga og sala íbúðarhúsnæðis (46, n. 340 (minni hl.), n. 358 (meiri hl.)).
   Frsm. minni hl.: Jónas Árnason.
   Frsm. meiri hl.: Björn Fr. Björnsson.
7. Úrskurðarvald félagsmálaráðuneytisins um ályktanir sveitarstjórna (43, n. 656).
   Frsm.: Björn Fr. Björnsson.
8. Lagasafn í lausblaðabroti (47, n. 315).
   Frsm.: Jónas Árnason.

---

1) Í veikindaforföllum hennar, frá 26. febr. til 8. apríl, tók sæti hennar í nefndinni Birgir Kjaran.
2) Meðan hann dvaldist erlendis, frá 27. nóv. til 21. des., gegndi störfum hans í nefndinni Skúli Alexandersson.
3) Meðan hann dvaldist erlendis, frá 23. okt. til 10. des., tók sæti hans í nefndinni Bragi Sigurjónsson.

Fastanefndir Sþ.: Allsherjarnefnd.

9. Fiskiðnskóli í Siglufirði (50, n. 333).
   Frsm.: Lárus Jónsson.
10. Vegagerð í Mánárskriðum (62, n. 411).
   Frsm.: Lárus Jónsson.
Bygging barna- og unglingaskóla í Varmahlíð í Skagafirði. Halldór Benediktsson o. fl. fara fram á, að veitt verði rífleg fjárveiting skv. fjárl. 1973 vegna bygginga skóla fyrir skyldunám í Varmahlíð í Skagafirði, en 10 hreppar í Skagafjarðarsýslu standa að byggingu skólans. — Bréf 10. nóv. (Bb. 456).

Bygging barna- og unglingaskála í Vík í Mýrdal. Oddviti Hvammshrepps fer fram á, að veitt verði fé skv. fjárl. 1973 vegna undirbúningsframkvæmda við bygg-

ingu barna- og unglingaskóla í Vík í Mýrdal. — Bréf 12. júní. (Db. 141). — Sjá einnig Ráðstafanir til að afstýra tjóni af völdum Kötluhlaups 2.

Bygging heimavistarhúss við gagnfræðaskólann í Mosfellssveit. Sveitarstjóri Mosfellshrepps sendir fjvn. afrit af bréfi til menntmrn. varðandi byggingu heimavistarhúss við gagnfræðaskólann í Mosfellssveit. — Bréf 30. nóv. (Db. 585).

Bygging heimavistarskóla á Kirkjubæjarklaustri. Jón Helgason fer fram á f. h. framkvæmdanefndar heimavistarskólans á Kirkjubæjarklaustri, að veitt verði fé skv. fjárl. 1973, svo að unnt verði að ljúka við síðasta hluta skólabyggingarinnar. — Bréf 21. nóv. (Db. 410).

Bygging héraðslæknisbústaðar og heilsuverndarstöðvar á Selfossi. Skrifstofustjóri Selfosshrepps fer fram á, að skv. fjárl. 1973 verði veittar 200 þús. kr. vegna héraðslæknisbústaðar á Selfossi og 500 þús. kr. vegna heilsuverndarstöðvar Selfoss. — Bréf 10. des. (Db. 672).

Bygging héraðsspítala á Blönduósi. Sýslumaður Húnavatnssýslu fer fram á, að veittar verði 2 millj. kr. vegna byrjunarframkvæmda við viðbyggingu við héraðsspítalann á Blönduósi. — Bréf 7. nóv. (Db. 291).

Bygging íbúðarhúsnæðis á vegum sveitarfélaga. Sveitarstjóri Hafnarhrepps sendir ályktun hreppsnefndar Hafnarhrepps 14. júlí varðandi byggingu íbúðarhúsnæðis á vegum sveitarfélaga. — Bréf 22. júlí. (Db. 56).

Bygging íþróttahúss á Flateyri. Sveitarstjóri Flateyrarhrepps fer fram á, að veitt verði fé skv. fjárl. 1973 vegna byggingar íþróttahúss á Flateyri. — Bréf 12. okt. (Db. 138).

Bygging íþróttahúss á Hellissandi. Kristinn Kristjánsson fer fram á, að veitt verði veruleg fjárveiting skv. fjárl. 1973 vegna íþróttahúss á Hellissandi, svo að unnt verði að ljúka byggingu þess á næsta ári. — Bréf 9. nóv. (Db. 310).

Bygging íþróttahúss og félagsheimilis í Þorlákshöfn. Sveitarstjóri Ölfushrepps fer fram á, að veittar verði 2.1 millj. kr. skv. fjárl. 1974 til greiðslu kostnaðar við byrjunarframkvæmdir við íþróttahús og félagsheimili í Þorlákshöfn. — Bréf 7. apríl. (Db. 1112).

Bygging Laugaskóla í Dalasýslu. Framkvæmdanefnd Laugaskóla í Dalasýslu fer fram á, að veitt verði fé skv. fjárl. 1973 vegna byggingar skólans. — Bréf 21. sept. (Db. 107).

Bygging læknamiðstöðvar á Akureyri. Bæjarstjórinn á Akureyri fer fram á, að veittar verði 3 millj. kr. skv. fjárl. 1973 vegna læknamiðstöðvar á Akureyri. — Bréf 15. nóv. (Db. 369).

Bygging læknamiðstöðvar á Höfn í Hornafirði. Oddvitar sveitarfélaga í Austur-Skaftafellssýslu fara fram á, að veittar verði 25 millj. kr. skv. fjárl. 1974 vegna byggingar læknamiðstöðvar á Höfn í Hornafirði. — Bréf 21. marz. (Db. 1156).

Bygging læknamiðstöðvar á Ísafirði. Bæjarstjórinn á Ísafirði sendir ályktun bæjarstjórnar Ísafjarðar frá 16. nóv., þar sem m. a. er skorað á fjárveitingavaldið að hækka fjárveitingu skv. fjárl. 1973 til læknamiðstöðvar á Ísafirði í 8 millj. kr. — Bréf 20. nóv. (Db. 402).

Bygging læknamiðstöðvar á Sauðárkróki. Sýslumaður, bæjarstjóri og héraðslæknir á Sauðárkróki fara fram á, að veittar verði 5 millj. kr. skv. fjárl. 1973 vegna byrjunarframkvæmda við læknamiðstöð á Sauðárkróki. — Bréf 8. nóv. (Db. 313).

Bygging læknamiðstöðvar í Búðardal. Ásgeir Bjarnason, 1. þm. Vesturl., sendir ályktun fundar kvenfélagsins Þorgerðar Egilsdóttur í Búðardal, þar sem

skorað er á heilbrmrh. og Alþingi að beita sér fyrir því, að komið verði á fót læknamiðstöð í Búðardal. — Bréflaust. (Db. 1137).

Bygging læknisbústaðar á Hólmavík. Andrés Valdimarsson o. fl. senda samrit af bréfi sínu til samstarfsnefndar um opinberar framkvæmdir varðandi byggingu læknisbústaðar á Hólmavík. — Bréf ódagsett. (Db. 213).

Bygging læknisbústaðar í Vík í Mýrdal. Ingimar Ingimarsson fer fram á, að veitt verði fé skv. fjárl. 1973 vegna byggingar læknisbústaðar í Vík í Mýrdal. — Bréf 13. nóv. (Db. 349).

Bygging Reykjaskóla. Skólanefnd Reykjaskóla fer fram á, að veitt verði fé skv. fjárl. 1973, svo að unnt reynist að hraða uppbyggingu skólans. — Bréf 1. des. (Db. 547).

Bygging Sjúkrahúss Keflavíkurlæknishéraðs. Eyjólfur Eysteinsson fer fram á f. h. stjórnar Sjúkrahúss Keflavíkurlæknishéraðs, að veitt verði fé skv. fjárl. 1973 til greiðslu kostnaðar við stækkun sjúkrahússins. — Bréf 11. nóv. (Db. 324).

Bygging skólastjóraíbúðar í Borgarfirði eystra. Oddviti Borgarfjarðarhrepps fer fram á, að veitt verði fé skv. fjárl. 1973 vegna hafnarframkvæmda í hreppnum, og minnir jafnframt á umsókn um fjárveitingu til byggingar skólastjórabústaðar í hreppnum. — Bréf 28. maí. (Db. 21).

Bygging sundlaugar í Egilsstaðakauptúni.

1. Oddviti Egilsstaðahrepps fer fram á, að veitt verði fé skv. fjárl. 1973 vegna byggingar sundlaugar við barna- og unglingaskólann á Egilsstöðum. — Bréf 10. ágúst. (Db. 76).
2. Hreppsnefnd Egilsstaðahrepps fer fram á, að heimilað verði, að fjárveiting skv. fjárl. 1973, að upphæð 3.2 millj. kr., sem ætluð er til síðari áfanga skólabyggingar í Egilsstaðahreppi, megi renna til byggingar sundlaugar og íþróttahúss í hreppnum. — Bréf 14. febr. (Db. 821).

Bygging sundlaugar í Fljótum.

1. Menntmrn. sendir skjöl varðandi ósk Holts- og Haganeshreppa um, að fyrirhuguð sundlaug að Barði í Fljótum verði steinsteypt, en ekki plastlaug. — Bréf 9. ágúst. (Db. 68).
2. Oddvitar Holts- og Haganeshreppa fara fram á, að veitt verði rífleg fjárveiting skv. fjárl. 1973 vegna byggingar sundlaugar að Sólgörðum í Fljótum, og jafnframt er farið fram á, að upphafleg áætlun um steinsteypta sundlaug verði látin gilda, en horfið frá byggingu plastsundlaugar. — Bréf 11. nóv. (Db. 627).

Bygging sundlaugar, læknisbústaðar, heilsugæzlustöðvar og gagnfræðaskóla á Dalvík. Sveitarstjóri Dalvíkurhrepps fer fram á, að veitt verði fé skv. fjárl. 1973 vegna sundlaugarbyggingar á Dalvík, byggingar heimavistarhúss, læknisbústaðar, heilsugæzlustöðvar og gagnfræðaskóla. — Bréf 23. maí. (Db. 3).

Bygging Þverárskóla. Óskar E. Levy sendir f. h. byggingarnefndar Þverárskóla skýrslu um byggingarkostnað við Þverárskóla á árinu 1972. — Bréf 19. nóv. (Db. 433).

Byggingarframkvæmdir á Hvanneyri. Formaður skólanefndar Kleppjárnsreykjaskóla sendir ályktanir skólanefndar skólans varðandi byggingarframkvæmdir á Hvanneyri. — Bréf 3. des. (Db. 665).

Byggingarframkvæmdir við Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri. Bæjarstjórinn á Akureyri fer fram á, að veitt verði fé skv. fjárl. 1973 vegna byggingarframkvæmda við Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri í samræmi við till. heilbr.- og trmrn. — Bréf 21. nóv. (Db. 425).

Byggingarmál Landsspítalans.
1. Jón Þorsteinsson sendir f. h. læknaráðs Landsspítalans afrit af erindi sínu til heilbrmrh. varðandi byggingarmál Landsspítalans. — Bréf 5. okt. (Db. 114).
2. Heilbr.- og trmrn. sendir fjvn. afrit af bréfi sínu til læknaráðs Landsspítalans varðandi byggingarframkvæmdir við spítalann. — Bréf ódagsett. (Db. 125).

Byggingarsamvinnufélag Reykjavíkur, sjá Húsnæðismálastofnun ríkisins 2.
Bæjarfógetaembættið á Akranesi, sjá Fjárlög 9.
Bæjarfógetinn á Akureyri, sjá Fjárlög 10, 71.
Bæjarfógetinn á Ólafsfirði, sjá Fjárlög 11.

Bætt aðstaða fyrir Hafrannsóknastofnunina. Umsögn fiskimálastjóra um till. til þál. um bætta aðstöðu fyrir Hafrannsóknastofnunina. — Bréf ódagsett. (Db. 695).

Bætt aðstaða nemenda landsbyggðarinnar, sem sækja sérskóla á höfuðborgarsvæðinu.
1. Umsögn fræðslustjórans í Reykjavík um till. til þál. um bætta aðstöðu nemenda landsbyggðarinnar, sem sækja sérskóla á höfuðborgarsvæðinu. — Bréf 27. febr. (Db. 860).
2. Umsögn Sambands veitinga- og gistihúsaeigenda um sömu till. til þál. — Bréf 8. marz. (Db. 915).
3. Umsögn skólastjóra Stýrimannaskólans í Reykjavík um sömu till. til þál. — Bréf 22. febr. (Db. 841).
4. Umsögn skólastjóra Tækniskóla Íslands um sömu till. til þál. — Bréf 26. febr. (Db. 858).
5. Umsögn skólastjóra Verzlunarskóla Íslands um sömu till. til þál. — Bréf 16. febr. (Db. 831).

Bætt aðstaða til sjónvarpsupptöku í alþingishúsinu.
1. Dagskrárstjóri frétta- og fræðsludeildar sjónvarpsins sendir forseta Sþ. bréf ásamt fskj. varðandi endurbætur á aðstöðu til upptöku fyrir sjónvarp, sem framkvæma þurfi í alþingishúsinu. — Bréf 24. jan. (Db. 768).
2. Dagskrárstjóri frétta- og fræðsludeildar sjónvarpsins sendir afrit af bréfi forstöðumanns kvikmyndadeildar sjónvarps varðandi tæknilega aðstöðu, sem þarf að vera fyrir hendi í alþingishúsi, svo að unnt sé að kvikmynda fyrir sjónvarp með litlum fyrirvara. — Bréf 24. jan. (Db. 883).
3. Umsögn Magnúsar Jóhannssonar upptökumanns um erindi dagskrárstjóra frétta- og fræðsludeildar sjónvarpsins um endurbætur á aðstöðu til sjónvarpsupptöku í alþingishúsinu. — Bréf 29. jan. (Db. 769).

Ciesielski, John Óli, sjá Ríkisborgararéttur.
Clark, June Eveline, sjá Ríkisborgararéttur.
Clark, William Robert, sjá Ríkisborgararéttur.
Corvetto, Nolberto Antonio Narvaez, sjá Ríkisborgararéttur.

Dagvistunarheimili. Umsögn Fóstrufélags Íslands um frv. til l. um dagvistunarheimili. — Bréf 3. okt. (Db. 115). — Sjá einnig: Fósturskóli Íslands, Hlutdeild ríkisins í byggingu og rekstri, Vistheimili fyrir drykkjusjúklinga.
Dalvík, sjá: Bygging sundlaugar, læknisbústaðar, heilsugæzlustöðvar og gagnfræðaskóla á, Snjóbifreið fyrir.
Danielssen, Andrea Ingigerd, sjá Ríkisborgararéttur.
Djúpbátur, sjá Flóabátaferðir 3—4.
Djúpivogur, sjá Vetrarferðir milli.
Dómarafélag Íslands, sjá: Almannatryggingar 3, Alþingismenn gegni ekki öðrum fastlaunuðum störfum í opinberri þjónustu 1, Jafnlaunaráð 1, Kosningar til

Alþingis 1, Lagasafn í lausblaðabroti 1, Málflytjendur 1, Námulög 3, Úrskurðarvald félagsmálaráðuneytisins o. fl. um ályktanir sveitarstjórna 1.
Dómkirkjan í Reykjavík, sjá Endurbætur á.
Dómsmálaráðuneyti, sjá: Fjárlög 3—4, 6—7, 9—10, 12, 42, 44, 60, 90—93, 103, 107, Hegningarlög, Kosningar til Alþingis 2, Lagasafn í lausblaðabroti 2, Málflytjendur 2, Sala Útskála og Brekku 1, Samstarfsnefnd um fíkniefnavandamál, Stofnun og slit hjúskapar, Veiting prestakalla.

Dráttarbraut í Stykkishólmi. Sveitarstjóri Stykkishólmshrepps fer fram á f. h. hafnarnefndarinnar þar, að veittar verði 1100 þús. kr. skv. fjárl. 1973 vegna dráttarbrautar í Stykkishólmi. — Bréf 26. okt. (Db. 197).

Dvalarheimili aldraðra.

1. Umsögn bæjarráðs Akraness og byggingarnefndar dvalarheimilis aldraðra á Akranesi um frv. til l. um dvalarheimili aldraðra. — Bréf 1. des. (Db. 534).
2. Umsögn stjórnar Dvalarheimilis aldraðra í Borgarnesi um sama frv. — Bréf 15. nóv. (Db. 348).
3. Umsögn stjórnar Dvalar- og hjúkrunarheimilis aldraðra að Egilsstöðum um sama frv. — Bréf 17. nóv. (Db. 373).
4. Umsögn stjórnar Dvalarheimilisins Fellsenda um sama frv. — Bréf 23. nóv. (Db. 446).
5. Umsögn stjórnar Elliheimilis Akureyrar og Skjaldarvíkur um sama frv. — Bréf 28. sept. (Db. 111).
6. Umsögn forstjóra Elli- og hjúkrunarheimilisins Grundar um sama frv. — Bréf 28. nóv. (Db. 449).
7. Umsögn Félagsmálaráðs Reykjavíkurborgar um sama frv. — Bréf 9. nóv. (Db. 299).
8. Umsögn Rauða kross Íslands um sama frv. — Bréf 14. nóv. (Db. 360).
9. Umsögn Sambands íslenzkra sveitarfélaga um sama frv. — Bréf 30. nóv. (Db. 539).
10. Umsögn stjórnar Sjómannadagsráðs í Reykjavík og Hafnarfirði um sama frv. — Bréf 28. nóv. (Db. 460).

Dvalarheimili aldraðra á Akranesi. Bæjarstjórinn á Akranesi fer fram á, að veitt verði fé skv. fjárl. 1973 vegna byggingar þjónustuheimilis fyrir aldraða á Akranesi. — Bréf 7. nóv. (Db. 279).
Dyrhólaey, sjá Hafnarstæði í.

Edda, rannsóknarstofnun í fornislenzkri menningarfræði, sjá Styrkur til.
Eðvarð Sigurðsson, sjá Varaþingmenn 40.
Efnahagsbandalag Evrópu, sjá Samningur Íslands við.
EFTA, sjá Þingmannafundur.

Eftirlaun og styrktarfé.

1. Annilíus B. Jónsson, Fiskmatsstjóri fer fram á, að Annilíusi B. Jónssyni fyrrv. fiskmatsmanni í Reykjavík verði veitt eftirlaun skv. fjárl. 1973. — Bréf 18. des. (Db. 677).
2. Axel Thorsteinsson. Útvarpsstjóri fer fram á, að Axel Thorsteinssyni fyrrv. fréttamanni verði veitt eftirlaun skv. fjárl. 1973. — Bréf 23. okt. (Db. 178).
3. Árni Sigurðsson. Siggeir Björnsson og Valdimar Lárusson fara fram á, að Árna Sigurðssyni fyrrv. landpósti verði veitt eftirlaun skv. fjárl. 1973. — Bréf 28. okt. (Db. 290).
4. Benedikt Benjamínsson. Steingrímur Hermannsson, 1. þm. Vestf., fer fram á, að eftirlaun Benedikts Benjamínssonar fyrrv. pósts skv. fjárl. 1973 hækki frá því, sem verið hefur. — Bréf 14. nóv. (Db. 338).

5. Guðjón Pétursson. Fiskmatsstjóri fer fram á, að Guðjóni Péturssyni fyrrv. fiskmatsmanni, Þykkvabæ 1, verði veitt eftirlaun skv. fjárl. 1973. — Bréf 18. des. (Db. 676),
6. Halldóra Eiríksdóttir. Geir Gunnarsson, 10. landsk. þm., fer fram á, að Halldóru Eiríksdóttur, ekkju Þórodds Guðmundssonar alþm., verði veitt eftirlaun skv. fjárl. 1973. — Bréf 31. maí. (Db. 18).
7. Halldóra Eyvindsdóttir. Fiskmatsstjóri fer fram á, að ekkju Einars Guðmundssonar fyrrv. fiskmatsmanns, frú Halldóru Eyvindsdóttur, Bollagörðum, Seltjarnarnesi, verði veitt eftirlaun skv. fjárl. 1973. — Bréf 18. des. (Db. 674).
8. Helga Þ. Smári. Katrín J. Smári fer fram á f. h. Helgu Þ. Smári, að hún haldi hálfum eftirlaunum þeim, sem maður hennar, Jakob Jóh. Smári, naut skv. fjárl. 1972. — Bréf 26. okt. (Db. 237).
9. Helgi Jónsson. Sjútvrn. fer fram á, að Helga Jónssyni fyrrv. fiskmatsmanni verði veitt eftirlaun skv. fjárl. 1973. — Bréf 12. okt. (Db. 134).
10. Hermann Jónsson. Gunnar Gíslason, 2. þm. Norðurl. v., fer fram á, að Hermanni Jónssyni bónda á Yzta-Mói í Skagafirði verði veitt eftirlaun skv. fjárl. 1973, en Hermann var um árabil hreppstjóri, póstafgreiðslumaður o. fl. — Bréf 7. des. (Db. 592).
11. Hlíf Magnúsdóttir. Vilhjálmur Hjálmarsson, 5. þm. Austf., fer fram á, að Hlíf Magnúsdóttur, Breiðdalsvík, Helga Eleesarssyni, Seyðisfirði, Gústaf Gíslasyni, Papey, og Guðmundi Guðjónssyni, Reykjavík, verði veitt eftirlaun skv. fjárl. 1973. — Bréf 5. des. (Db. 525).
12. Hrafnhildur Eiðsdóttir. Matthías Bjarnason, 2. þm. Vestf., fer fram á, að Hrafnhildur Eiðsdóttir, ekkja Egils Jónssonar símamanns á Ísafirði, fái að njóta eftirlauna þeirra skv. fjárl. 1973, sem maður hennar naut. — Bréf 5. des. (Db. 526).
13. Hróðný Einarsdóttir. Kristján Bender og Ólafur Jóhann Sigurðsson fara fram á, að Hróðnýju Einarsdóttur, ekkju Jóhannesar úr Kötlum, verði veitt eftirlaun skv. fjárl. 1973. — Bréf 23. maí. (Db. 1).
14. Hulda Þ. Björnæs fer fram á, að eftirlaun þau, sem hún hefur notið skv. fjárl. undanfarinna ára, hækki skv. fjárl. 1974. — Bréf 17. apríl. (Db. 1151).
15. Jens Eyjólfsson. Skrifstofustjóri Alþingis fer fram á, að Jens Eyjólfssyni fyrrum dyra- og pallaverði verði veitt eftirlaun skv. fjárl. 1973. — Bréf 5. des. (Db. 527).
16. Jóhann J. E. Kúld. Fiskmatsstjóri fer fram á, að Jóhanni J. E. Kúld fyrrv. fiskmatsmanni verði veitt eftirlaun skv. fjárl. 1973. — Bréf 18. des. (Db. 673).
17. Jóhann Pétursson Svarfdælingur. Adda Bára Sigfúsdóttir fer fram á, að Jóhanni Péturssyni Svarfdælingi verði veittur lífeyrir skv. fjárl. 1973 og nemi hann sömu upphæð og örorkulífeyrir. — Bréf 6. nóv. (Db. 271).
18. Jón Sveinsson. Vilhjálmur Hjálmarsson, 5. þm. Austf., fer fram á, að Jóni Sveinssyni fyrrv. símstjóra á Mjóafirði verði veitt eftirlaun skv. fjárl. 1973. — Bréf 8. des. (Db. 605).
19. Kristinn E. Andrésson. Magnús Kjartansson iðnrh. fer fram á, að Kristni E. Andréssyni verði veitt eftirlaun skv. fjárl. 1973. — Bréf 23. nóv. (Db. 408).
20. Kristín Í. Guðmundsdóttir. Ólafur Ólafsson fer fram á, að Kristín Í. Guðmundsdóttir, ekkja Ólafs Þorsteinssonar læknis, haldi eftirlaunum þeim, sem hann naut skv. fjárl. undanfarinna ára. — Bréf 10. okt. (Db. 122).
21. Margrét Valdimarsdóttir. Skrifstofustjóri Alþingis fer fram á, að Margréti Valdimarsdóttur fyrrv. veitingakonu í alþingishúsinu verði veitt eftirlaun skv. fjárl. 1973 að upphæð 84 150 kr. — Bréf 13. des. (Db. 634).

22. Málfríður Einarsdóttir. Formaður Póstmannafélags Íslands fer fram á, að Málfríði Einarsdóttur, ekkju Guðjóns Eiríkssonar húsvarðar í pósthúsinu í Reykjavík, verði veitt eftirlaun skv. fjárl. 1973. — Bréf 14. des. (Db. 652).
23. Pétur Jónsson. Sverrir Hermannsson, 4. þm. Austf., fer fram á, að Pétri Jónssyni á Egilsstöðum, pósti í Fljótsdal og Jökuldal, verði veitt eftirlaun skv. fjárl. 1973. — Bréf 9. nóv. (Db. 296).
24. Sigríður Einarsdóttir. Sveinbjörn Jónsson fer fram á, að eftirlaun Sigríðar Einarsdóttur skv. fjárl. 1973 hækki frá því, sem nú er. — Bréf ódagsett. (Db. 691).
25. Sigurjón Einarsson. Páll Þorsteinsson, 3. þm. Austf., fer fram á, að Sigurjóni Einarssyni fyrrv. símstjóra í Árbæ í Mýrahreppi í Austur-Skaftafellssýslu verði veitt eftirlaun skv. fjárl. 1973. — Bréf 10. nóv. (Db. 307).
26. Sörli Hjálmarsson. Fiskmatsstjóri fer fram á, að Sörla Hjálmarssyni fyrrv. fiskmatsmanni í Reykjavík verði veitt eftirlaun skv. fjárl. 1973. — Bréf 18. des. (Db. 675).
27. Tove Engilberts. Svava Jakobsdóttir, 4. landsk. þm., fer fram á, að Tove Engilberts, ekkju Jóns Engilberts listmálara, verði veitt eftirlaun skv. fjárl. 1973. — Bréf 11. des. (Db. 619).
28. Þorsteinn Sigurðsson. Ágúst Þorvaldsson, 2. þm. Sunnl., og Steinþór Gestsson, 6. þm. Sunnl., fara fram á, að Þorsteini Sigurðssyni bónda og fyrrv. formanni Búnaðarfélags Íslands verði veitt eftirlaun skv. fjárl. 1973. — Bréf 31. okt. (Db. 210).

Eggert Ólafsson, sjá Minnisvarði um Ara fróða og.
Eggert G. Þorsteinsson, sjá Styrkur til Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra.
Egilsstaðir, sjá: Bygging sundlaugar, Dvalarheimili aldraðra 3, Snjóbílsferðir milli Borgarfjarðar og.

Eiðstafur forseta Íslands. Hæstaréttarritari sendir eiðstaf forseta Íslands, er hann undirritaði 1. ágúst. — Bréf 2. ágúst. (Db. 60).
Eignarnám, sjá Framkvæmd.

Eignarráð á landinu, gögnum þess og gæðum.
1. Umsögn Hús- og landeigendasambands Íslands um till. til þál. um eignarráð á landinu, gögnum þess og gæðum. — Bréf 1. des. (Db. 512).
2. Umsögn Landssambands stangarveiðifélaga um sömu till. til þál. — Bréf 25. jan. (Db. 764).
3. Umsögn Landssambands veiðifélaga um sömu till. til þál. — Bréf 8. jan. (Db. 754).
4. Umsögn Orkustofnunar um sömu till. til þál. — Bréf 13. marz. (Db. 954).
5. Umsögn Sambands íslenzkra sveitarfélaga um sömu till. til þál. — Bréf 18. des. (Db. 685).
6. Framhaldsumsögn Sambands íslenzkra sveitarfélaga um sömu till. til þál. — Bréf 10. jan. (Db. 727).

Eimskipafélag Íslands, sjá Ferðamál 2.
Einar Ágústsson, sjá Varaþingmenn 57—58.
Einar Einarsson, sjá Styrkur til.
Einar Þór Jóhannsson, sjá Ríkisborgararéttur.

Eiturefni og hættuleg efni.
1. Umsögn Háskóla Íslands um frv. til l. um breyt. á l. nr. 85/1968, um eiturefni og hættuleg efni. — Bréf 19. febr. (Db. 823).
2. Umsögn landlæknis um sama frv. — Bréf 20. febr. (Db. 833).
3. Umsögn forstöðumanns rannsóknastofu háskólans í lyfjafræði um sama frv. — Bréf 13. febr. (Db. 816).

El Grillo, sjá Rannsókn á flaki.
Eldgos í Vestmannaeyjum, sjá Náttúruhamfarir.

Eldvatn, sjá Fyrirhleðsla í.
Ellert B. Schram, sjá Varaþingmenn 22—23.
Elli- og örorkulífeyrir, sjá Skattfrelsi.
Elliheimilið Grund, sjá Dvalarheimili aldraðra 6.

Endurbætur á Dómkirkjunni í Reykjavík. Formaður sóknarnefndar dómkirkjusafnaðarins fer fram á, að veittur verði styrkur skv. fjárl. 1973 að upphæð 500 þús. kr. til greiðslu á hluta kostnaðar við gagngerar endurbætur á Dómkirkjunni, sem fram hafa farið á s. l. sumri og hausti. — Bréf 23. nóv. (Db. 424).

Endurbætur á girðingu umhverfis Hóladómkirkju. Árni Sigurðsson fer fram á f. h. Hólafélagsins, að veittur verði 1 millj. kr. styrkur skv. fjárl. 1973 vegna endurbyggingar og lagfæringar á steingirðingu umhverfis Hóladómkirkju o. fl. — Bréf 23. maí. (Db. 5).

Endurbætur á Kirkjuvogskirkju. Jósef Borgarsson fer fram á, að veittur verði 150 þús. kr. styrkur skv. fjárl. 1973 vegna endurbóta og varðveizlu Kirkjuvogskirkju. — Bréf 20. sept. (Db. 105).

Endurbætur á sjúkraskýlinu á Flateyri. Sveitarstjóri Flateyrarhrepps fer fram á, að veittar verði 400 þús. kr. skv. fjárl. 1973 vegna endurbóta og breytinga á sjúkraskýlinu á Flateyri. — Bréf 12. okt. (Db. 139).

Endurbætur og viðhald gömlu húsanna á Keldum á Rangárvöllum. Þjóðminjavörður fer fram á, að veittar verði 300 þús. kr. skv. fjárl. 1973 til greiðslu kostnaðar við endurbætur og viðhald gömlu húsanna á Keldum á Rangárvöllum. — Bréf 28. nóv. (Db. 459).

Endurgreiðsla söluskatts til rithöfunda. Stjórn Félags íslenzkra rithöfunda þakkar Alþingi afgreiðslu á till. til þál. um endurgreiðslu söluskatts til rithöfunda. — Bréf 19. maí. (Db. 9).

Endurskipulagning á olíuverzlun í landinu.
1. Umsögn Olíufélagsins h/f um till. til þál. um endurskipulagningu á olíuverzlun í landinu. — Bréf 22. nóv. (Db. 399).
2. Umsögn Olíufélagsins Skeljungs h/f um sömu till. — Bréf 1. des. (Db. 531).
3. Umsögn Olíuverzlunar Íslands h/f um sömu till. til þál. — Bréf 2. febr. (Db. 796).
4. Umsögn Sambands íslenzkra samvinnufélaga um sömu till. til þál. — Bréf 9. febr. (Db. 808).
5. Umsögn Vinnuveitendasambands Íslands um sömu till. til þál. — Bréf 7. des. (Db. 583).
6. Umsögn Verzlunarráðs Íslands um sömu till. til þál. — Bréf 9. jan. (Db. 737).

— Sjá einnig Fiskveiðar og fiskvinnsla í Norðurlandskjördæmi vestra 1.

Endurskoðun fræðslulaga. Umsögn grunnskólanefndar um till. til þál. um framkvæmd og endurskoðun fræðslulaga. — Bréf 4. apríl. (Db. 1052).

Eric Wellington ritar bréf varðandi amerísk stjórnmál, Keflavíkurflugvöll o. fl. — Bréf 26. ágúst. (Db. 97).
Ernir h/f, sjá Styrkur til flugfélagsins.
Eskifjörður, sjá Bygging barna- og unglingaskóla á.
Eva Roysdóttir, sjá Ríkisborgararéttur.
Evrópuráð, sjá: Fjárlög 13—14, Ráðstefna um tjáningarfrelsi.
Eyjólfur K. Jónsson, sjá Varaþingmenn 15—17.
Eyrarbakkahöfn, sjá Hafnagerðir og lendingarbætur 1.
Eysteinn Jónsson, sjá: Fyrirhleðslur í ár á Austurlandi, Sjóvarnargarður í Hornafirði, Styrkur til að halda uppi byggð og gistingu í Víðidal og Möðrudal.

Fangelsi og vinnuhæli.
1. Umsögn Barnaverndarráðs Íslands um frv. til l. um fangelsi og vinnuhæli. — Bréf 17. jan. (Db. 793).
2. Umsögn Félagsmálastofnunar Reykjavíkurborgar um sama frv. — Bréf 15. marz. (Db. 947).
3. Umsögn félagssamtakanna Verndar um sama frv. — Bréf 1. jan. (Db. 773).
4. Umsögn Hildigunnar Ólafsdóttur um sama frv. — Bréf í marz. (Db. 903).
5. Umsögn Sambands íslenzkra sveitarfélaga um sama frv. — Bréf 5. febr. (Db. 800).

Farmanna- og fiskimannasamband Íslands, sjá: Atvinnuleysistryggingar 2, Fiskveiðasjóður Íslands 1, Róðrartími fiskibáta 1, Skipulag á löndun á loðnu 1, Stýrimannaskólinn í Vestmannaeyjum 1, Útflutningsgjald af sjávarafurðum 1, Verðjöfnunarsjóður fiskiðnaðarins 1.
Fasteignagjöld aldraðra, sjá Skattgreiðsla og.
Faxaflóabátur, sjá Flóabátaferðir 5.
Felton, Sonja Shirley, sjá Ríkisborgararéttur.
Ferðaleikhúsið, sjá Styrkur til.

Ferðamál.
1. Umsögn Búnaðarfélags Íslands um frv. til l. um ferðamál. — Bréf 29. marz. (Db. 1017).
2. Umsögn Eimskipafélags Íslands um sama frv. — Bréf 5. apríl. (Db. 1073).
3. Umsögn ferðamálaráðs um sama frv. — Bréf 2. apríl. (Db. 1051).
4. Umsögn Ferðaskrifstofunnar Landsýnar um sama frv. — Bréf 5. apríl. (Db. 1072).
5. Umsögn forstjóra ferðaskrifstofunnar Úrvals um sama frv. — Bréf 6. apríl. (Db. 1129).
6. Umsögn Ferðaskrifstofu Zoëga um sama frv. — Bréf 5. apríl. (Db. 1066).
7. Umsögn Félags leiðsögumanna um sama frv. — Bréf 4. apríl. (Db. 1059).
8. Umsögn Félags sérleyfishafa um sama frv. — Bréf 5. apríl. (Db. 1054).
9. Stjórn félagsheimilasjóðs mótmælir tilteknum ákvæðum í sama frv. — Bréf 6. apríl. (Db. 1103).
10. Umsögn Flugfélags Íslands um sama frv. — Bréf 10. apríl. (Db. 1111).
11. Umsögn Loftleiða h/f um sama frv. — Bréf 4. apríl. (Db. 1092).
12. Menntmrn. sendir ljósrit af bréfi tollstjórans í Reykjavík varðandi sama frv. — Bréf 9. apríl. (Db. 1104).
13. Umsögn Náttúruverndarráðs um sama frv. — Bréf 3. apríl. (Db. 1071).
14. Umsögn Sambands veitinga- og gistihúsaeigenda um sama frv. — Bréf 11. apríl. (Db. 1138).

Ferðamálaráð, sjá Ferðamál 3.
Ferðaskrifstofa Zoëga, sjá Ferðamál 6.
Ferðaskrifstofan Landsýn, sjá Ferðamál 4.
Ferðaskrifstofan Úrval, sjá Ferðamál 5.

Ferjubryggja í Mosvallahreppi í Önundarfirði. Halldór Kristjánsson fer fram á, að veittar verði 250 þús. kr. skv. fjárl. 1973 til greiðslu kostnaðar við viðgerð á ferjubryggju í Mosvallahreppi í Önundarfirði. — Bréf 18. nóv. (Db. 377).
Félag bankalögfræðinga, sjá Málflytjendur 3.
Félag dráttarbrauta og skipasmiðja, sjá Könnun á samkeppnisaðstöðu íslenzks skipasmíðaiðnaðar 1.
Félag háskólakennara, sjá: Alþingismenn gegni ekki öðrum fastlaunuðum störfum í opinberri þjónustu 2, Háskóli Íslands 1.
Félag íslenzkra botnvörpuskipaeigenda, sjá Kaup og kjör skipverja á botnvörpuskipum.
Félag íslenzkra fiskmjölsframleiðenda, sjá Skipulag á löndun á loðnu 4.

Félag íslenzkra iðnrekenda, sjá: Iðnlánasjóður 1, Iðnrekstrarsjóður 1, Könnun á samkeppnisaðstöðu íslenzks skipasmíðaiðnaðar 2.
Félag íslenzkra niðursuðuverksmiðja, sjá Kavíarverksmiðja á Norðurlandi 1.
Félag íslenzkra sérkennara, sjá Skólakerfi 2.
Félag íslenzkra sjúkraþjálfara, sjá Heilbrigðisþjónusta 2.
Félag íslenzkra stórkaupmanna, sjá: Lyfjastofnun ríkisins 3—4, Verðlags- og lánsfjármál.
Félag leiðsögumanna, sjá Ferðamál 7.
Félag menntaskólakennara, sjá Námskeið fyrir menntaskólakennara.
Félag sérleyfishafa, sjá: Ferðamál 8, Þungaskattur af bifreiðum.
Félag skólastjóra gagnfræðastigsins, sjá Grunnskóli 4.
Félag yfirlækna, sjá Heilbrigðisþjónusta 3.
Félagsheimilasjóður, sjá Ferðamál 9.
Félagsmálaráðuneyti, sjá: Fjárlög 86, Styrkur til Rauða kross Íslands 2, Úrskurðarvald.
Félagsmálastofnun Reykjavíkurborgar, sjá Almannatryggingar 1.
Fimmtíu ára afmæli þings Álandseyja. Skrifstofustjóri þings Álandseyja sendir dagskrá o. fl. varðandi hátíðahöld í tilefni 50 ára afmælis þings eyjanna. — Bréf 31. maí. (Db. 26).

Fiskeldi í sjó.
1. Umsögn Búnaðarfélags Íslands um frv. til l. um fiskeldi í sjó. — Bréf 7. nóv. (Db. 283).
2. Umsögn Búnaðarfélags Íslands um till. til þál. um fiskeldi í sjó. — Bréf 2. apríl. (Db. 1039).
3. Umsögn Félags áhugamanna um fiskrækt um frv. til l. um fiskeldi í sjó. — Bréf 15. nóv. (Db. 343).
4. Umsögn Fiskifélags Íslands um sama frv. — Bréf 15. nóv. (Db. 344).
5. Umsögn Hafrannsóknastofnunarinnar um sama frv. — Bréf 7. nóv. (Db. 292).
6. Umsögn stjórnar Laxeldisstöðvar ríkisins í Kollafirði um till. til þál. um fiskeldi í sjó. — Bréf 1. marz. (Db. 884).
7. Umsögn veiðimálanefndar um frv. til l. um fiskeldi í sjó. — Bréf 16. nóv. (Db. 378).
8. Umsögn veiðimálastjóra um sama frv. — Bréf 14. nóv. (Db. 346).

Fiskiðnskóli á Siglufirði.
1. Umsögn Fiskifélags Íslands um till. til þál. um fiskiðnskóla á Siglufirði. — Bréf 19. des. (Db. 680).
2. Umsögn fiskmatsstjóra um sömu till. til þál. — Bréf 8. des. (Db. 601).
3. Umsögn Fjórðungssambands Norðlendinga um sömu till. til þál. — Bréf 8. des. (Db. 626).
4. Umsögn Sambands íslenzkra sveitarfélaga um sömu till. til þál. — Bréf 18. des. (Db. 689).

Fiskifélag Íslands, sjá: Aflatryggingasjóður 1, Fiskeldi í sjó 4, Fiskiðnskóli á Siglufirði 1, Fiskvinnsluskóli í Vestmannaeyjum 2, Fjárlög 16, Samstarf Íslendinga, Norðmanna og Færeyinga að fiskveiðum og fisksölu 1, Útgerðar- og fiskverkunarfyrirtæki í Norðurlandskjördæmi vestra.
Fiskimálastjóri, sjá: Bætt aðstaða fyrir Hafrannsóknastofnunina, Rækju- og skelfiskleit 1.
Fiskiþing, sjá Ályktanir Fiskiþings.
Fiskmatsstjóri, sjá: Eftirlaun og styrktarfé 1, 5, 7, 16, 26, Fiskiðnskóli á Siglufirði 2.

Fiskrækt og fiskeldi í vötnum og ám. Formaður veiðimálanefndar sendir ályktun nefndarinnar frá 2. marz, þar sem lýst er þeirri skoðun, að mál, sem varði

vatnafiska, falli framvegis sem hingað til undir lög um lax- og silungsveiði, o. fl. — Bréf 2. marz. (Db. 887).

Fiskveiðar og fiskvinnsla í Norðurlandskjördæmi vestra.

1. Umsagnir Framkvæmdastofnunar ríkisins um till. til þál. um fiskveiðar og fiskvinnslu í Norðurlandskjördæmi vestra, um till. til þál. um endurskipulagningu á olíuverzlun í landinu og um till. til þál. um könnun á samkeppnishæfni íslenzks skipasmíðaiðnaðar við erlendan. — Bréf 8. marz. (Db. 928).
2. Umsögn stjórnar Hólaness h/f um till. til þál. um fiskveiðar og fiskvinnslu í Norðurlandskjördæmi vestra. — Bréf 8. des. (Db. 620).
3. Umsögn hreppsnefndar Blönduóshrepps um sömu till. til þál. — Bréf 6. des. (Db. 612).
4. Umsögn verkamannafélagsins Fram á Sauðárkróki um sömu till. til þál. — Bréf 8. des. (Db. 671).

Fiskveiðasjóður Íslands.

1. Farmanna- og fiskimannasamband Íslands mótmælir frv. til l. um breyt. á l. nr. 75/1966, um Fiskveiðasjóð Íslands, sbr. l. nr. 33/1970. — Bréf 10. apríl. (Db. 1109).
2. Umsögn Landssambands íslenzkra útvegsmanna um sama frv. — Bréf 10. apríl. (Db. 1114).

Fiskvinnsluskóli, sjá Fjárlög 17—18.

Fiskvinnsluskóli í Vestmannaeyjum.

1. Bæjarstjórinn í Vestmannaeyjum sendir ályktun bæjarstjórnar Vestmannaeyja frá 6. nóv., þar sem skorað er á Alþingi að samþ. till. til þál. um stofnun fiskvinnsluskóla í Vestmannaeyjum. — Bréf 9. nóv. (Db. 332).
2. Umsögn Fiskifélags Íslands um sömu till. til þál. — Bréf 29. des. (Db. 710).
3. Umsögn skólastjóra Fiskvinnsluskólans á Skúlagötu 4 um sömu till. til þál. — Bréf 20. des. (Db. 683).
4. Guðlaugur Gíslason, 3. þm. Sunnl., fer fram á, að veitt verði fé skv. fjárl. 1973 vegna stofnunar og rekstrar fiskvinnsluskóla í Vestmannaeyjum. — Bréf 29. maí. (Db. 13).
5. Umsögn Sambands íslenzkra samvinnufélaga um till. til þál. um fiskvinnsluskóla í Vestmannaeyjum. — Bréf 20. des. (Db. 698).
6. Umsögn Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna um sömu till. til þál. — Bréf 15. des. (Db. 666).
7. Umsögn Sölusambands íslenzkra fiskframleiðenda um sömu till. til þál. — Bréf 13. des. (Db. 640).

Fíkniefnamál, sjá: Norræn kynningarráðstefna, Samstarfsnefnd, Sérstakur dómari í ávana- og fíkniefnamálum.

Fjárhagsafkoma Þingeyrarhafnar. Sveitarstjóri Þingeyrarhrepps sendir efnahags- og rekstrarreikning Þingeyrarhafnar fyrir árið 1972. Jafnframt er farið fram á, að veitt verði fé úr ríkissjóði til greiðslu afborgana og vaxta af lánum, sem tekin hafa verið vegna hafnargerðarinnar, en þau hafa hækkað mjög vegna gengisbreytinga. — Bréf 14. febr. (Db. 826).

Fjárhagsáætlun Ríkisútvarps. Guðmundur Jónsson sendir ályktun útvarpsráðs, þar sem skorað er á Alþingi að afgreiða fjárhagsáætlun Ríkisútvarpsins þannig, að heimiluð verði sú hækkun á afnotagjöldum, sem nauðsynleg er til að mæta kostnaðarhlið áætlunarinnar, eins og hún var lögð fyrir Alþingi í fjárlagafrv. — Bréf 11. des. (Db. 618, 621).

Fjárhagslegur stuðningur við upplýsinga- og rannsóknastofnun verzlunarinnar.

1. Umsögn Rannsóknaráðs ríkisins um till. til þál. um fjárhagslegan stuðning við upplýsinga- og rannsóknastofnun verzlunarinnar. — Bréf 3. jan. (Db. 717).
2. Umsögn Sambands íslenzkra samvinnufélaga um sömu till. til þál. — Bréf 15. febr. (Db. 818).
3. Umsögn Verzlunarráðs Íslands um sömu till. til þál. — Bréf 8. des. (Db. 615).

Fjárlagaáætlanir. Umsögn fjárlaga- og hagsýslustofnunar um till. til þál. um fjárlagaáætlanir. — Bréf 9. apríl. (Db. 1100).

Fjárlög.

1. Aðstoð við þróunarlöndin. Utanrrn. ritar fjvn. varðandi fjárveitingar skv. fjárl. 1973 til stofnunarinnar „Aðstoð við þróunarlöndin". — Bréf 20. nóv. (Db. 383).
2. Áfengisvarnaráð. Ólafur Haukur Árnason fer fram á, að fjárveiting til áfengisvarnaráðs skv. fjárl. 1973 verði 5 650 þús. kr. — Bréf 25. okt. (Db. 401).
3. Bifreiðaeftirlit ríkisins. Dómsmrn. fer fram á, að fjárveiting skv. fjárl. 1973 til Bifreiðaeftirlits ríkisins hækki um 3 028 þús. kr. frá því, sem greinir í fjárlfrv. 1973. — Bréf 4. des. (Db. 540).
4. Borgardómaraembættið. Dómsmrn. fer fram á, að veitt verði fé skv. fjárl. 1973 til greiðslu launa nýs ritara við borgardómaraembættið, en nefnd skv. l. nr. 48/1958 hefur synjað erindi þar að lútandi. — Bréf 24. okt. (Db. 191).
5. Yfirborgardómari sendir fjvn. afrit af bréfi sínu til hagsýslustofnunar varðandi fjárveitingar skv. fjárl. 1973 til embættis hans. — Bréf 30. okt. (Db. 212).
6. Dómsmrn. sendir afrit af bréfi yfirborgardómara varðandi fjárveitingu skv. fjárl. 1973 til borgardómaraembættisins. — Bréf 1. nóv. (Db. 228).
7. Borgarfógetaembættið í Reykjavík. Dómsmrn. fer fram á, að fjárveiting skv. fjárl. 1973 til borgarfógetaembættisins í Reykjavík hækki um 1 600 þús. kr. frá því, sem fjárlfrv. gerir ráð fyrir, þar sem mikil verkefni hafa bætzt við hjá embættinu vegna gildistöku l. nr. 32/1972, um breyt. á l. um gjaldþrotaskipti. — Bréf 23. okt. (Db. 183).
8. Yfirborgarfógetinn fer fram á, að veitt verði fé skv. fjárl. 1973 vegna greiðslu kostnaðar við nýskipan í meðferð gjaldþrotamála, sem tekin hefur verið upp í samræmi við lög. — Bréf 6. des. (Db. 576).
9. Bæjarfógetaembættið á Akranesi. Dómsmrn. fer fram á, að fjárveiting til bæjarfógetaembættisins á Akranesi hækki um 350 þús. kr. frá því, sem fyrirhugað er skv. fjárlfrv. 1973. — Bréf 5. des. (Db. 551).
10. Bæjarfógetaembættið á Akureyri. Dómsmrn. sendir og mælir með erindi bæjarfógetans á Akureyri, þar sem farið er fram á, að veittar verði 2 millj. kr. skv. fjárl. 1973 til greiðslu launa nýrra lögreglumanna o. fl. starfsmanna við embætti hans. — Bréf 30. nóv. (Db. 493).
11. Bæjarfógetaembættið á Ólafsfirði. Bæjarfógetinn á Ólafsfirði fer fram á, að veitt verði fé skv. fjárl. 1973 til greiðslu launa eins lögreglumanns við embætti hans. — Bréf 20. nóv. (Db. 450).
12. Embætti borgardómara, sakadómara og sýslumanna í Hafnarfirði, Akureyri og bæjarfógeta í Kópavogi. Fjárlaga- og hagsýslustofnun sendir erindi dómsmrn. varðandi hækkun á fjárveitingum skv. fjárl. 1973 vegna stofnunar nýrra embætta við borgardómaraembættið, sakadómaraembættið, sýslumannsembætti í Hafnarfirði, Akureyri og embætti bæjarfógeta í Kópavogi. — Bréflaust. (Db. 568).

13. Evrópuráð. Sendiherra Íslands í Bonn sendir till. um framlag skv. fjárl. 1973 til Evrópuráðs á árinu 1973. — Bréf 5. okt. (Db. 142).
14. Fjárlaga- og hagsýslustofnun sendir erindi sendiráðs Íslands í Bonn varðandi fjárveitingar skv. fjárl. 1973 til Evrópuráðs fyrir árið 1973. — Bréflaust. (Db. 565).
15. Fangahús o. fl. í Grundarfirði. Friðjón Þórðarson sýslumaður sendir fjvn. afrit af erindi sínu til dómsmrn., þar sem farið er fram á, að veitt verði fé skv. fjárl. 1973 vegna kaupa á húsnæði í Grundarfirði til fangageymslu, læknisaðstöðu og til íbúðar fyrir héraðshjúkrunarkonu og lögreglumann. — Bréf 31. okt. (Db. 263).
16. Fiskifélag Íslands. Fiskimálastjóri gerir tilteknar athugasemdir við fjárlfrv. 1973 og fer jafnframt fram á, að tilteknar breytingar til hækkunar verði gerðar á frv. að því er varðar fjárveitingar til Fiskifélags Íslands. — Bréf 14. nóv. (Db. 345).
17. Fiskvinnsluskólinn. Skólastjóri Fiskvinnsluskólans fer fram á, að veittar verði 8 486 þús. kr. vegna skólans skv. fjárl. 1973, enda sé nauðsyn, að skólinn flytjist í nýtt húsnæði. — Bréf 5. des. (Db. 517).
18. Menntmrn. sendir og mælir með erindi formanns skólanefndar Fiskvinnsluskólans, þar sem farið er fram á, að veittar verði 3.5 millj. kr. skv. fjárl. 1973 vegna húsnæðismála skólans. — Bréf 6. des. (Db. 575).
19. Fjármálaráðuneyti. Fjmrh. sendir fjvn. lista yfir þær verklegu framkvæmdir, sem fjárveitingar voru lækkaðar til með bráðabirgðalögum, en hafa verið endurveittar skv. fjárl. 1973. — Bréf 11. des. (Db. 664).
20. Flugmálastjóraembætti. Fjárlaga- og hagsýslustofnun sendir erindi samgrn. varðandi fjárveitingar skv. fjárl. 1973 til embættis flugmálastjóra. — Bréflaust. (Db. 569).
21. Samgrn. sendir erindi flugmálastjóra, þar sem farið er fram á, að veittar verði tilteknar fjárhæðir skv. fjárl. 1973 til flugmálastjóraembættisins vegna útgjaldahækkunar vegna tilfærslna starfsmanna milli launaflokka. — Bréf 29. nóv. (Db. 485).
22. Flugvallarframkvæmdir. Samgrn. fer fram á, að fjárveiting skv. fjárl. 1973 til flugvallarframkvæmda og flugöryggismála verði í samræmi við nýja framkvæmdaáætlun flugráðs fyrir árið 1973. — Bréf 3. nóv. (Db. 261).
23. Hafrannsóknastofnunin. Forstjóri Hafrannsóknastofnunarinnar sendir fjvn. samrit af bréfi sínu til sjútvrn. varðandi fjárveitingar skv. fjárl. 1973 til stofnunarinnar. — Bréf 18. okt. (Db. 168).
24. Háskóli Íslands. Menntmrn. leggur áherzlu á, að nauðsynlegar fjárveitingar fáist skv. fjárl. 1973 til greiðslu kostnaðar við rannsóknir og kennslu í sýklafræði við Háskóla Íslands. — Bréf 13. nóv. (Db. 371).
25. Rektor Háskóla Íslands gerir tilteknar athugasemdir við frv. til fjárl. fyrir árið 1973 og fer fram á, að ýmsar breytingar til hækkunar verði gerðar á frv. — Bréf 7. des. (Db. 586).
26. Varaforseti háskólaráðs fer fram á að fá að koma á fund fjvn. ásamt háskólaritara. — Bréf 6. des. (Db. 546).
27. Heilbrigðiseftirlit ríkisins. Forstöðumaður Heilbrigðiseftirlits ríkisins gerir tilteknar athugasemdir við frv. til fjárl. fyrir árið 1973. — Bréf 23. nóv. (Db. 444).
28. Heilbr.- og trmrn. sendir lista yfir framkvæmdir þær, sem óskað er að hafi forgang um fjárveitingar skv. fjárl. 1973, en ekki eru í fjárlfrv. 1973. — Bréf 9. nóv. (Db. 323).
29. Hjúkrunarskóli Íslands. Menntmrn. fer fram á, að veitt verði fé skv. fjárl. 1973 til greiðslu skuldar Hjúkrunarskóla Íslands við ríkisspítalana, kr. 3 657 359.70. — Bréf 24. nóv. (Db. 439).

30. Hjúkrunarskóli við Borgarspítalann. Menntmrn. fer fram á, að veitt verði fé skv. fjárl. 1973 vegna stofnunar og rekstrar nýs hjúkrunarskóla í tengslum við Borgarspítalann í Reykjavík. – Bréf 28. nóv. (Db. 476).
31. Hótel- og veitingaskóli Íslands. Menntmrn. fer fram á, að veittar verði 5 millj. kr. skv. fjárl. 1973 vegna byggingar skólahúsnæðis fyrir Hótel- og veitingaskóla Íslands. — Bréf 30. nóv. (Db. 497).
32. Húsmæðrakennaraskóli Íslands. Skólastjóri Húsmæðrakennaraskóla Íslands fer fram á, að veitt verði rífleg fjárveiting skv. fjárl. 1973 vegna undirbúningsframkvæmda við byggingu yfir skólann. — Bréf 21. okt. (Db. 209).
33. Húsnæðismálastofnun ríkisins. Framkvæmdastjóri Húsnæðismálastofnunar ríkisins gerir grein fyrir fjárþörf stofnunarinnar á þessu ári, og jafnframt er farið fram á, að veittar verði úr Byggingarsjóði ríkisins 200 millj. kr. skv. fjárl. 1973 til viðbótar þeirri fjárveitingu, sem ákveðin er skv. l. nr. 30/1970. — Bréf 21. ágúst. (Db. 73).
34. Íþróttakennaraskóli Íslands. Skólastjóri Íþróttakennaraskóla Íslands gerir tilteknar athugasemdir við frv. til fjárl. fyrir árið 1973 að því er varðar skólann og fer jafnframt fram á, að gerðar verði tilteknar breytingar til hækkunar á frv. — Bréf 14. nóv. (Db. 418).
35. Menntmrn. sendir fjvn. greinargerð íþróttafulltrúa ríkisins, þar sem vakin er athygli á því, að leiðrétta þurfi frv. til fjárl. fyrir árið 1973 að því er varðar fjárveitingar til Íþróttakennaraskóla Íslands. — Bréf 17. des. (Db. 636).
36. Íþróttanefnd ríkisins. Menntmrn. sendir og mælir með erindi íþróttanefndar ríkisins, þar sem farið er fram á, að veittar verði 3.1 millj. kr. skv. fjárl. 1973 vegna ýmissa íþróttamannvirkja. — Bréf 8. des. (Db. 611).
37. Íþróttasjóður. Þorsteinn Einarsson íþróttafulltrúi fer fram á f. h. íþróttanefndar ríkisins, að veittar verði 27.7 millj. kr. skv. fjárl. 1973 vegna íþróttasjóðs. — Bréf 4. sept. (Db. 88).
38. Kennaraháskóli Íslands. Skólastjóri Kennaraháskóla Íslands gerir tilteknar athugasemdir við frv. til fjárl. fyrir árið 1973 og fer fram á, að ýmsir liðir verði hækkaðir frá því, sem fyrirhugað er. — Bréf 31. okt. (Db. 207).
39. Kirkjumrn. vekur athygli fjvn. á því, að aðeins séu ætlaðar 12 250 þús. kr. skv. fjárl. 1973 vegna bygginga á prestssetrum, viðhalds embættisbústaða og útihúsa á prestssetrum. — Bréf 21. nóv. (Db. 394).
40. Lagmetisiðjan Siglósíld. Iðnrn. mælir með erindi Lagmetisiðjunnar Siglósíldar frá 30. okt., þar sem farið er fram á, að veittar verði 10 millj. kr. skv. fjárl. 1973 vegna verksmiðjunnar. — Bréf 1. nóv. (Db. 239).
41. Stjórn Lagmetisiðjunnar Siglósíldar fer fram á, að verksmiðjunni verði veitt 10 millj. kr. fjárveiting skv. fjárl. 1973. — Bréf 30. okt. (Db. 214).
42. Landhelgisgæzlan. Dómsmrn. sendir fjvn. erindi Landhelgisgæzlunnar varðandi hækkun á gjöldum gæzlunnar vegna aukinnar fluggæzlu og rekstrar varðskipsins Týs. — Bréf 8. des. (Db. 593).
43. Forstjóri Landhelgisgæzlunnar sendir afrit af erindi til dómsmrn., þar sem farið er fram á, að fjárveiting vegna flugeftirlits gæzlunnar hækki um 6 621 362 kr. frá því, sem áætlað er skv. fjárlfrv. 1973. — Bréf 7. des. (Db. 577).
44. Landhelgissjóður. Dómsmrn. sendir fjvn. upplýsingar um fjárreiður Landhelgissjóðs. — Bréf 29. nóv. (Db. 464).
45. Landsbókasafn Íslands. Menntmrn. fer fram á, að veittar verði 423 þús. kr. skv. fjárl. 1973 til greiðslu launa bókavarðar við Landsbókasafn Íslands í stað Haralds Sigurðssonar bókavarðar, sem fengið hefur ársorlof. — Bréf 24. nóv. (Db. 440).

46. Menntmrn. sendir bréf varðandi beiðni Landsbókasafns Íslands um, að veitt verði fé skv. fjárl. 1973 til greiðslu launa bókavarðar við safnið í stað Haralds Sigurðssonar, sem fengið hefur ársorlof til að vinna að síðara bindi íslenzkrar kortasögu. — Bréf 29. nóv. (Db. 475).
47. Landshafnir. Vita- og hafnamálastjóri ritar fjvn. bréf varðandi fjárlög 1973 (landshafnir). — Bréf 15. des. (Db. 663).
48. Laugarvatnsskólar. Kristinn Kristmundsson o. fl. fara fram á, að fjárveitingar skv. fjárl. 1973 vegna sameignar skólanna á Laugarvatni hækki verulega frá því, sem fyrirhugað er skv. fjárlfrv. 1973. — Bréf 29. okt. (Db. 203).
49. Listasafn Íslands. Forstöðumaður Listasafns Íslands fer fram á, að tilteknar breytingar til hækkunar verði gerðar á frv. til fjárl. fyrir árið 1973 að því er varðar fjárveitingar til safnsins. — Bréf 30. okt. (Db. 304).
50. Forstöðumaður Listasafns Íslands fer fram á, að veittar verði 11 825 000 kr. skv. fjárl. 1973 til greiðslu á hluta kostnaðar við viðgerð á húseignunum nr. 7 við Fríkirkjuveg og nr. 16 við Laufásveg, sem safnið hefur nú eignazt. — Bréf 1. nóv. (Db. 221).
51. Listasöfn. Menntmrn. spyrst fyrir um, hvert renna skuli fjárveiting til listasafna skv. fjárl. 1972. — Bréf 26. maí. (Db. 41).
52. Menntaskólinn á Akureyri. Skólameistari Menntaskólans á Akureyri ritar fjvn. bréf varðandi fjárþörf og fjárveitingar til skólans skv. fjárl. 1973. — Bréf 5. des. (Db. 584).
53. Menntaskólinn á Ísafirði. Skólameistari Menntaskólans á Ísafirði sendir greinargerð um fjármögnun byggingarframkvæmda Menntaskólans á Ísafirði og upplýsingar um fjárþörf skv. fjárl. 1973. — Bréf 16. nóv. (Db. 366).
54. Menntaskólinn í Reykjavík. Rektor Menntaskólans í Reykjavík fer fram á, að fjárveiting til skólans skv. fjárl. 1973, þ. e. rekstrargjöld hans, hækki verulega frá því, sem fyrirhugað er í fjárlfrv. 1973. — Bréf 26. okt. (Db. 188).
55. Menntaskólinn við Tjörnina. Menntmrh. sendir till. byggingarnefndar Menntaskólans við Tjörnina um framkvæmdir við skólann. — Bréf ódagsett. (Db. 382).
56. Menntmrn. sendir fjvn. till. byggingarnefndar Menntaskólans við Tjörnina um byggingarframkvæmdir við skólann. — Bréf 23. nóv. (Db. 398).
57. Náttúrufræðistofnun Íslands. Sveinn Jakobsson fer fram á, að fjárveiting skv. fjárl. 1973 til annarra rekstrargjalda Náttúrufræðistofnunar Íslands hækki um 200 þús. kr. frá því, sem fyrirhugað er í fjárlfrv. ársins 1973. — Bréf 23. okt. (Db. 185).
58. Norræn jarðeldarannsóknastofnun. Menntmrn. fer fram á, að veittar verði 4.8 millj. kr. skv. fjárl. 1973 til að standa straum af kostnaði við húsnæði fyrir norrænu jarðeldarannsóknastofnunina. — Bréf 4. des. (Db. 521).
59. Fjárlaga- og hagsýslustofnun sendir erindi menntmrn. varðandi fjárveitingar skv. fjárl. 1973 til norrænnar jarðeldarannsóknastofnunar í tengslum við Háskóla Íslands. — Bréflaust. (Db. 557).
60. Rannsókn á högum fanga. Dómsmrn. fer fram á, að veittar verði 1 170 þús. kr. skv. fjárl. 1973 vegna félagslegra rannsókna á högum fanga. — Bréf 23. okt. (Db. 181).
61. Rannsóknaráð ríkisins. Framkvæmdastjóri rannsóknaráðs ríkisins ritar fjvn. bréf varðandi fjárveitingar skv. fjárl. 1973 til rannsóknastofnana á Keldnaholti og býður fjvn. að heimsækja stofnanirnar. — Bréf 22. ágúst. (Db. 74).
62. Steingrímur Hermannsson, 1. þm. Vestf., fer fram á f. h. framkvæmdanefndar rannsóknaráðs ríkisins, að fjárveiting til ráðsins skv. fjárl. 1973

hækki verulega frá því, sem fyrirhugað er í fjárlfrv. 1973. — Bréf 14. nóv. (Db. 339).

63. Fjárlaga- og hagsýslustofnun sendir erindi menntmrn. ásamt erindi rannsóknaráðs ríkisins varðandi fjárþörf og fjárveitingar skv. fjárl. 1973 vegna landgrunnsrannsókna. — Bréflaust. (Db. 571).
64. Rannsóknastofa háskólans við Barónsstíg. Stjórnarnefnd ríkisspítalanna fer fram á, að veitt verði fé skv. fjárl. 1973 til greiðslu kostnaðar við að útvega húsnæði og bæta aðstöðu við sýklarannsóknir í Rannsóknastofu háskólans við Barónsstíg. — Bréf 30. ágúst. (Db. 82).
65. Rannsóknastofa í sýkla- og veirufræðum. Heilbr.- og trmrn. leggur til, að fjárveiting skv. fjárl. 1973 vegna rekstrar rannsóknastofu í sýkla- og veirufræðum miðist við tiltekinn starfsmannafjölda við stofnunina. — Bréf 1. nóv. (Db. 224).
66. Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins. Forstöðumaður Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins fer fram á, að veittar verði 3 millj. kr. skv. fjárl. 1973 vegna tækjakaupa fyrir stofnunina, og jafnframt, að veitt verði fé til greiðslu launa eins sérfræðings í efnadeild. — Bréf 20. nóv. (Db. 385).
67. Rannsóknastofnun iðnaðarins. Pétur Sigurjónsson fer fram á, að fjárveiting til Rannsóknastofnunar iðnaðarins skv. fjárl. 1973 hækki verulega frá því, sem ætlað er skv. fjárlfrv. 1973. — Bréf 28. nóv. (Db. 435).
68. Rannsóknastofnun landbúnaðarins. Pétur Gunnarsson fer fram á, að fjárveiting til Rannsóknastofnunar landbúnaðarins skv. fjárl. 1973 hækki verulega frá því, sem greinir í fjárlfrv. 1973. — Bréf 5. des. (Db. 590).
69. Raunvísindadeild Háskóla Íslands. Agnar Ingólfsson formaður stjórnarnefndar líffræðiskorar verkfræði- og raunvísindadeildar Háskóla Íslands fer fram á, að fjárveiting skv. fjárl. 1973 til skorarinnar verði eigi ákveðin lægri en 1 928 000 kr., og jafnframt eru gerðar fleiri athugasemdir við fjárlfrv. 1973. — Bréf 4. nóv. (Db. 262).
70. Raunvísindastofnun háskólans. Menntmrn. sendir fjvn. samrit af bréfi Raunvísindastofnunar Háskóla Íslands varðandi fjárveitingar til stofnunarinnar skv. fjárl. 1973. — Bréf 23. nóv. (Db. 438).
71. Fjárlaga- og hagsýslustofnun fer fram á, að tilteknar breyt. verði gerðar til hækkunar á fjárlfrv. 1973 að því er varðar fjárveitingar til Raunvísindastofnunar háskólans, Lánasjóðs íslenzkra námsmanna, Náttúruverndarráðs, sýslumannsembættisins á Akureyri og skattstofu Austurlands. — Bréf 6. des. (Db. 589).
72. Ríkisspítalar. Stjórnarnefnd ríkisspítalanna sendir grg. um þau atriði í áætlun um rekstur ríkisspítalanna fyrir árið 1973, sem ekki hafa verið tekin upp í frv. til fjárl. fyrir árið 1973. — Bréf 21. nóv. (Db. 389).
73. Forstöðumaður skrifstofu ríkisspítalanna ritar fjvn. varðandi rekstur spítalanna árið 1973. — Bréf 5. des. (Db. 591).
74. Forstöðumaður skrifstofu ríkisspítalanna sendir endurskoðaðan lista yfir nýja starfsmenn hjá ríkisspítölum. — Bréf 13. des. (Db. 657).
75. Ríkisútgáfa námsbóka. Menntmrn. sendir erindi Ríkisútgáfu námsbóka varðandi fjárveitingu skv. fjárl. 1973 til útgáfunnar. — Bréf 23. nóv. (Db. 426).
76. Sigurður Pálsson gerir f. h. Ríkisútgáfu námsbóka tilteknar athugasemdir við fjárlfrv. að því er varðar fjárveitingar til útgáfunnar og fer fram á tilteknar hækkanir frá því, sem fyrirhugað er í fjárlfrv. 1973. — Bréf 10. nóv. (Db. 298).
2. Umsögn Landssambands íslenzkra útvegsmanna um sama frv. — Bréf 20. nóv. (Db. 391).
3. Umsögn stjórnar Síldarverksmiðja ríkisins um sama frv. — Bréf 23. nóv. (Db. 413).
4. Sjútvrn. sendir sjútvn. Nd. umsögn Félags íslenzkra fiskmjölsframleiðenda um sama frv. — Bréf ódagsett. (Db. 182).
5. Umsögn Sjómannasambands Íslands um sama frv. — Bréf 6. nóv. (Db. 269).
6. Umsögn Landssambands ísl. útvegsmanna um frv. til l. um breyt. á l. nr. 102/1972, um skipulag á löndun á loðnu til bræðslu (160. mál). — Bréf 26. febr. (Db. 849).

Skipulag gamla miðbæjarins í Reykjavík og lausn á húsnæðismálum Alþingis. Dennis Jóhannesson og Magnús Gunnarsson, nemendur í byggingarlist við háskólann í Glasgow, gera tilteknar fyrirspurnir um væntanlega lausn á húsnæðismálum Alþingis með tilliti til skipulags gamla miðbæjarins í Reykjavík. — Bréf 31. maí. (Db. 25).

Skipulag innflutningsverzlunar, sjá Könnun á.

Skipulagsmál, sjá Fjárlög 86.

Skipulagsstjóri, sjá Ráðstafanir til að afstýra tjóni af völdum Kötluhlaups 3.

Skíðaskólinn í Kerlingarfjöllum, sjá Styrkur til.

Skjaldbreið, sjá Kirkjustræti 8.

Skólabyggingar á Akureyri.
1. Bæjarstjóri Akureyrar sendir ályktun bæjarstjórnar Akureyrar frá 26. sept., þar sem farið er fram á, að veitt verði fé skv. fjárl. 1973 til byggingar íþróttahúss við Glerárskóla og til byggingar Lundsskóla á Akureyri. — Bréf 27. sept. (Db. 108).

2. Bæjarstjórinn á Akureyri gerir grein fyrir óskum bæjarstjórnar Akureyrar um fjárveitingar skv. fjárl. 1973 vegna skólabygginga á Akureyri. — Bréf 15. nóv. (Db. 368).

Skólakerfi.
1. Stjórn Búnaðarfélags Íslands sendir ályktun og grg. Búnaðarþings 1973 um frv. til l. um skólakerfi og frv. til l. um grunnskóla. — Bréf 26. febr. (Db. 854).
2. Stjórn Félags ísl. sérkennara fagnar sömu frv., en gerir jafnframt tilteknar athugasemdir við frv. — Bréf 7. marz. (Db. 909—911).
3. Stjórn Sambands austur-húnvetnskra kvenna gerir tilteknar athugasemdir við sömu frv. — Bréf 19. febr. (Db. 844).

Skólakostnaður. Umsögn Sambands íslenzkra sveitarfélaga um frv. til l. um breyt. á l. nr. 49/1967, um skólakostnað. — Bréf 4. apríl. (Db. 1090, 1136).

Skóli fyrir íslenzk börn í Kaupmannahöfn. Ritari Íslendingafélagsins í Kaupmannahöfn fer fram á, að veittur verði styrkur skv. fjárl. 1973 til greiðslu kostnaðar við að halda uppi skólastarfsemi fyrir íslenzk börn í Kaupmannahöfn. — Bréf 8. sept. (Db. 92).

Skráningarmiðstöð bókasafna, sjá Fjárlög 87.

Skúli Alexandersson, sjá Varaþingmenn 53.

Skýrsla fiskimálasjóðs. Stjórn fiskimálasjóðs sendir skýrslu sjóðsins fyrir árið 1972. — Bréflaust. (Db. 983).

Snjóbifreið fyrir Dalvíkurlæknishérað. Sveitarstjóri Dalvíkur fer fram á, að veittur verði styrkur skv. fjárl. 1973 vegna rekstrar snjóbifreiðar fyrir Dalvíkurlæknishérað. — Símskeyti 5. des. (Db. 528).

Snjóbifreið fyrir Hólmavíkurhrepp.
1. Steingrímur Hermannsson, 1. þm. Vestf., fer fram á f. h. Hólmavíkurhrepps, að veittur verði styrkur skv. fjárl. 1973 vegna kaupa á snjóbifreið fyrir hreppinn. — Bréf 29. nóv. (Db. 481).
2. Steingrímur Hermannsson, 1. þm. Vestf., fer fram á, að veittur verði styrkur skv. fjárl. 1973 vegna rekstrar á snjóbifreið Hólmavíkurhrepps, en áður hafði hann farið fram á styrk til kaupa á nefndri bifreið. — Bréf 1. des. (Db. 514).

Snjóbifreið fyrir læknishéruð á Fljótsdalshéraði. Sjúkrahúsráðsmaðurinn á Egilsstöðum fer fram á, að veittar verði 100 þús. kr. skv. fjárl. 1973 vegna rekstrar snjóbifreiðar fyrir læknishéruð á Fljótsdalshéraði. — Bréf 14. okt. (Db. 157).

Snjóbifreið fyrir Þórshafnarlæknishérað. Stefán Valgeirsson, 4. þm. Norðurl. e., sendir erindi oddvita Þórshafnarlæknishéraðs, þar sem farið er fram á, að veittur verði styrkur skv. fjárl. 1973 vegna rekstrar snjóbifreiðar fyrir læknishéraðið. — Bréflaust. (Db. 545).

Snjóbifreið í Austur-Barðastrandarsýslu. Ólafur E. Ólafsson fer fram á, að veittur verði 100 þús. kr. styrkur skv. fjárl. 1973 vegna rekstrar snjóbifreiðar í Austur-Barðastrandarsýslu. — Bréf 5. des. (Db. 538).

Snjóbifreiðarferðir yfir Botnsheiði. Sveitarstjóri Suðureyrarhrepps fer fram á, að veittur verði 150 þús. kr. styrkur skv. fjárl. 1973 vegna rekstrar snjóbifreiðar, sem fari yfir Botnsheiði. — Símskeyti 30. nóv. (Db. 492).

Snjóbílsferðir fyrir hreppa við Axarfjörð. Stjórn Kaupfélags Norður-Þingeyinga fer fram á, að kaupfélaginu verði veittur 200 þús. kr. styrkur skv. fjárl. 1973 til greiðslu kostnaðar við rekstur snjóbíls sem neyðartækis fyrir hreppana við Axarfjörð. — Bréf 13. nóv. (Db. 412).

Snjóbílsferðir í Hálshreppi í Suður-Þingeyjarsýslu. Oddviti Hálshrepps í Suður-Þingeyjarsýslu fer fram á, að veittur verði 150 þús. kr. styrkur skv. fjárl. 1973 vegna snjóbílsferða fyrir hreppinn. — Bréflaust. (Db. 697).

Snjóbílsferðir milli Borgarfjarðar eystra og Egilsstaða. Oddviti Borgarfjarðarhrepps fer fram á, að veittur verði 100 þús. kr. styrkur skv. fjárl. 1973 vegna snjóbílsferða til Egilsstaða. — Símskeyti 11. des. (Db. 610).

Snjóbílsferðir Sigfúsar Kristinssonar milli Egilsstaða, Reyðarfjarðar og Eskifjarðar. Sigfús Kristinsson fer fram á f. h. Austfjarðaleiðar h.f., að félaginu verði veittur styrkur skv. fjárl. 1973 vegna rekstrar snjóbíls á Fagradal til Egilsstaða og milli Reyðarfjarðar og Eskifjarðar. — Bréf 20. nóv. (Db. 415).

Snjóbílsferðir um Fljótsdalshérað á vegum Kaupfélags Héraðsbúa. Þorsteinn Sveinsson fer fram á, f. h. Kaupfélags Héraðsbúa, að félaginu verði veittur 300 þús. kr. styrkur skv. fjárl. 1973 vegna rekstrar snjóbíla félagsins. — Bréf 12. des. (Db. 642).

Snjóbílsferðir yfir Oddsskarð. Sveinn Sigurbjarnarson fer fram á, að veittur verði 550 þús. kr. styrkur skv. fjárl. 1973 vegna vetrar- og snjóbílsferða yfir Oddsskarð. — Bréf 28. nóv. (Db. 468).

Sovétríkin, sjá Þingmannaheimsókn til.

Sprengisandur, sjá Vegagerð yfir.

Staðarskáli í Hrútafirði, sjá Styrkur til að halda uppi byggð og gistingu í.

Starfshættir skóla og aðstaða til líkamsræktar.

1. Umsögn Íþróttakennarafélags Íslands um till. til þál. um starfshætti skóla og aðstöðu til líkamsræktar. — Bréf 27. nóv. (Db. 434).
2. Umsögn Landssambands framhaldsskólakennara um sömu till. — Bréf 3. des. (Db. 600).
3. Umsögn Sambands íslenzkra barnakennara um sömu till. — Bréf 24. nóv. (Db. 421).

Starfsmannafélag ríkisstofnana, sjá Jafnlaunaráð 6.

Starfsmenn ríkisins, sjá Ráðning.

Stefán Gunnlaugsson, sjá Varaþingmenn 12—13.

Stefán Jónsson, sjá: Styrkur til Amtsbókasafns Akureyrar 2, Varaþingmenn 54.

Stefán Valgeirsson, sjá: Snjóbifreið fyrir Þórshafnarlæknishérað, Styrkur til Amtsbókasafns Akureyrar 2.

Steingrímur Hermannsson, sjá: Eftirlaun og styrktarfé 4, Fjárlög 62, Snjóbílsferðir fyrir Hólmavíkurhrepp 1—2, Varaþingmenn 28—29.

Steinþór Gestsson, sjá: Eftirlaun og styrktarfé 28, Fyrirhleðsla í Litlu-Laxá 1.

Stéttarsamband bænda, sjá: Framleiðsluráð 6, Greiðsla ríkisframlaga skv. jarðræktarlögum 2, Námulög 5, Orkulög 6.

Stjórn Viðlagasjóðs. Guðmunda Gunnarsdóttir segir af sér sem varafulltrúi í stjórn Viðlagasjóðs. — Bréf 12. apríl. (Db. 1152).

Stofnun Árna Magnússonar, sjá: Fjárlög 88, Ráðstefna um íslenzkar fornsögur.

Stofnun og slit hjúskapar. Dómsmrh. sendir allshn. Ed. frv. til l. um breyt. á l. um stofnun og slit hjúskapar, nr. 60/1972, og fer fram á, að nefndin flytji frv. þetta á yfirstandandi Alþingi. — Bréf 21. febr. (Db. 828).

Stórstúka Íslands, sjá Styrkur til.

Stúdentaráð Háskóla Íslands, sjá: Styrkur til, Útgáfa Stúdentablaðs.

Stykkishólmur, sjá: Dráttarbraut í, Húsbúnaður í sjúkrahúslæknisbústað í.

Styrktarfélag aldraðra í Hafnarfirði, sjá Skattgreiðslur og fasteignagjöld aldraðra.

Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra, sjá Styrkur til.

Styrkur til að halda uppi byggð og gistingu í Staðarskála í Hrútafirði. Gunnar Gíslason, 2. þm. Norðurl. v., Björn Pálsson, 3. þm. Norðurl. v., Ragnar Arnalds, 4. þm.

Norðurl. v., Pálmi Jónsson, 5. þm. Norðurl. v., og Pétur Pétursson, 2. landsk. þm., fara fram á, að veittar verði 50 þús. kr. skv. fjárl. 1973 til þess að halda uppi byggð og gistingu fyrir ferðamenn í Staðarskála í Hrútafirði. — Bréf 6. des. (Db. 542).

Styrkur til að halda uppi byggð og gistingu í Víðidal og Möðrudal á Fjöllum. Lúðvík Jósepsson, 2. þm. Austf., Páll Þorsteinsson, 3. þm. Austf., Vilhjálmur Hjálmarsson, 5. þm. Austf., Helgi F. Seljan, 6. landsk. þm., Sverrir Hermannsson, 4. þm. Austf., og Eysteinn Jónsson, 1. þm. Austf., fara fram á, að veittar verði 50 þús. kr. skv. fjárl. 1973 til að halda uppi byggð og gistingu í Víðidal á Fjöllum og sama upphæð vegna Möðrudals. — Bréf 7. nóv. (Db. 275).

Styrkur til American Field Service. Stjórn samtakanna American Field Service fer fram á, að samtökunum verði veittur 150 þús. kr. styrkur skv. fjárl. 1973. — Bréf 16. nóv. (Db. 364).

Styrkur til Amtsbókasafns Akureyrar.

1. Árni Kristjánsson og Gísli Jónsson fara fram á, að veitt verði fé skv. fjárl. 1973 til greiðslu launa eins bókavarðar við Amtsbókasafn Akureyrar. — Bréf 30. sept. (Db. 128).
2. Magnús Jónsson, 2. þm. Norðurl. e., Gísli Guðmundsson, 1. þm. Norðurl. e., Ingvar Gíslason, 3. þm. Norðurl. e., Björn Jónsson, 6. þm. Norðurl. e., Stefán Valgeirsson, 4. þm. Norðurl. e., Lárus Jónsson, 5. þm. Norðurl. e., Bragi Sigurjónsson, 5. landsk. þm., og Stefán Jónsson, 4. landsk. þm., senda og mæla með erindi forráðamanna Amtsbókasafnsins á Akureyri, þar sem farið er fram á, að safninu verði veittur styrkur skv. fjárl. 1973, er nemi árslaunum eins bókavarðar. — Bréf 31. okt. (Db. 216).

Styrkur til Baldurs Sigurðssonar vegna rekstrar snjóbils. Baldur Sigurðsson, Aðalstræti 54 á Akureyri, fer fram á, að honum verði veittur styrkur til rekstrar snjóbils. — Bréf 28. maí. (Db. 24).

Styrkur til Bandalags íslenzkra leikfélaga. Bandalag íslenzkra leikfélaga fer fram á, að styrkur til bandalagsins skv. fjárl. 1973 hækki um 500 þús. kr. frá því, sem áður var, og jafnframt óskar stjórn bandalagsins eftir viðtali við fjvn. — Bréf 30. maí. (Db. 17).

Styrkur til Bandalags íslenzkra listamanna.

1. Formaður Bandalags íslenzkra listamanna fer fram á, að styrkur skv. fjárl. 1973 til bandalagsins hækki frá því, sem verið hefur. — Bréf 4. des. (Db. 508).
2. Menntmrn. sendir fjvn. erindi Bandalags íslenzkra listamanna, þar sem farið er fram á, að bandalaginu verði veittur 300 þús. kr. styrkur skv. fjárl. 1973. — Bréf 15. nóv. (Db. 353).

Styrkur til Bandalags íslenzkra skáta. Stjórn Bandalags íslenzkra skáta fer fram á, að veitt verði fé skv. fjárl. 1973 til greiðslu launa eins kennara, sem starfi sem erindreki bandalagsins. — Bréf 17. nóv. (Db. 375).

Styrkur til Björns Björnssonar vegna útgáfu ensks Linguaphone-námskeiðs í íslenzku. Björn Björnsson fer fram á, að honum verði veittur 140 þús. kr. styrkur skv. fjárl. 1973 vegna ensks Linguaphone-námskeiðs í íslenzku, sem hann lét gera á árunum 1942—1955. — Bréf 20. sept. (Db. 104).

Styrkur til Bréfaskóla S.Í.S. og A.S.Í. Fjárlaga- og hagsýslustofnun sendir erindi Bréfaskóla S.Í.S. og A.S.Í., þar sem farið er fram á 1 millj. kr. styrk skv. fjárl. 1973, og enn fremur erindi Samvinnuskólans, þar sem farið er fram á 4.8 millj. kr. styrk skv. fjárl. 1973. — Bréflaust. (Db. 549).

Styrkur til Bridgesambands Íslands. Jón Ásbjörnsson fer fram á, að Bridgesambandi Íslands verði veittur styrkur skv. fjárl. 1973. — Bréf 26. nóv. (Db. 428).

Styrkur til Búnaðarsambands Eyjafjarðar. Ævarr Hjartarson fer fram á, að Búnaðarsambandi Eyjafjarðar verði veittur styrkur skv. fjárl. 1973 og 1974 vegna kaupa á færanlegri heyþurrkunarsamstæðu til heykökuframleiðslu. — Bréf 20. nóv. (Db. 407).

Styrkur til Eddu, rannsóknarstofnunar í fornislenzkri menningarfræði.

1. Önundur Ásgeirsson fer fram á f. h. undirbúningsstjórnar Eddu, rannsóknarstofnunar í fornislenzkri menningarfræði, að veittur verði 2 millj. kr. styrkur skv. fjárl. 1973 til styrktar sjálfstæðum rannsóknum á fornmenningu Íslendinga. — Bréf 29. maí. (Db. 11).
2. Edda, félag til styrktar rannsóknum í fornislenzkri menningarfræði, fer fram á, að félaginu verði veittur 1 millj. kr. styrkur skv. fjárl. 1974, svo að unnt verði að ráða Einar Pálsson til að stunda rannsóknir á fornmenningu Íslendinga. — Bréf 12. apríl. (Db. 1144).

Styrkur til Einars Einarssonar vegna tilrauna við sérstaka gerð naglahjólbarða. Einar Einarsson fer fram á, að honum verði veittur 1 millj. kr. styrkur skv. fjárl. 1973 vegna tilrauna hans og áframhaldandi rannsókna og prófunar á sérstakri gerð naglahjólbarða. — Bréf 19. okt. (Db. 195).

Styrkur til Ferðaleikhússins. Kristín M. Guðbjartsdóttir fer fram á, að Ferðaleikhúsinu verði veittur 200 þús. kr. styrkur skv. fjárl. 1973. — Bréf 20. okt. (Db. 180).

Styrkur til Flóttamannaráðs Íslands. Formaður Flóttamannaráðs Íslands fer fram á, að ráðinu verði veittur 800 þús. kr. styrkur skv. fjárl. 1973. — Bréf 24. nóv. (Db. 427).

Styrkur til Flugbjörgunarsveitarinnar. Sigurður Þorsteinsson fer fram á, að Flugbjörgunarsveitinni verði veittur 500 þús. kr. styrkur skv. fjárl. 1973. — Bréf 5. júní. (Db. 27).

Styrkur til flugfélagsins Ernir h.f.

1. Stjórn flugfélagsins Ernir h.f. fer fram á, að félaginu verði veittur 500 þús. kr. styrkur skv. fjárl. 1973 vegna rekstrar sjúkraflugvélar félagsins. — Bréf 23. maí. (Db. 6).
2. Hörður Guðmundsson fer fram á, að flugfélaginu Örnum h.f. á Ísafirði verði veittur 600 þús. kr. styrkur skv. fjárl. 1973 vegna sjúkraflugs á Vestfjörðum. — Bréf 30. sept. (Db. 113).
3. Hörður Guðmundsson fer fram á, að flugfélaginu Örnum h.f. verði veittur styrkur skv. fjárl. 1973, og endurtekur óskir sínar frá 30. sept. s. l. — Bréf 6. nóv. (Db. 336).

Styrkur til Flugleiða h.f. í Vestmannaeyjum. Stjórnarformaður og framkvæmdastjóri Flugleiða h.f. í Vestmannaeyjum fara fram á, að félaginu verði veittar 200 þús. kr. skv. fjárl. 1973 vegna sjúkraflugs milli Vestmannaeyja og Reykjavíkur. — Bréf 30. júlí. (Db. 57).

Styrkur til flugskóla Helga Jónssonar. Helgi Jónsson fer fram á, að honum verði veittur 400 þús. kr. styrkur skv. fjárl. 1973 vegna rekstrar flugskóla hans. — Bréf 22. nóv. (Db. 451).

Styrkur til Heimafóðurs s/f vegna kaupa á færanlegri heyþurrkunarvél. Þórarinn Sigurjónsson fer fram á f. h. Heimafóðurs s/f, að félaginu verði veittur 1½ millj. kr. styrkur skv. fjárl. 1973 vegna kaupa félagsins á færanlegri heyþurrkunarvél til heykökuframleiðslu. — Bréf 21. nóv. (Db. 414).

Styrkur til héraðsskjalasafna. Gunnar Gíslason, 2. þm. Norðurl. v., fer fram á, að styrkur til héraðsskjalasafna skv. fjárl. 1973 hækki um 75 þús. kr., þannig að hvert þeirra fái 25 þús. kr. styrk. — Bréf 4. des. (Db. 503).

Styrkur til Héraðsskjalasafns Ísafjarðarkaupstaðar og Ísafjarðarsýslna. Stjórn Héraðsskjalasafns Ísafjarðarkaupstaðar og Vestur- og Norður-Ísafjarðarsýslu fer fram á, að veittur verði 80—100 þús. kr. styrkur skv. fjárl. 1973 til greiðslu kostnaðar við að ljúka skrásetningu á ljósmyndaplötusöfnum úr eign Björns Pálssonar ljósmyndara og M. Simsons ljósmyndara. — Bréf ódagsett. (Db. 162).

Styrkur til Hins íslenzka bókmenntafélags. Sigurður Líndal fer fram á, að Hinu íslenzka bókmenntafélagi verði veittur 500 þús. kr. styrkur skv. fjárl. 1973 í stað 375 þús. kr., sem fyrirhugað er. — Bréf 30. okt. (Db. 236).

Styrkur til Hins íslenzka náttúrufræðifélags. Formaður Hins íslenzka náttúrufræðifélags fer fram á, að félaginu verði veittur 150 þús. kr. styrkur skv. fjárl. 1973 í stað 75 þús. kr., sem fyrirhugað er í fjárlfrv. — Bréf 25. okt. (Db. 189).

Styrkur til Hjartaverndar — landssamtaka hjarta- og æðaverndarfélaga. Framkvæmdastjóri Hjartaverndar — landssamtaka hjarta- og æðaverndarfélaga á Íslandi sendir reikninga samtakanna fyrir s. l. tvö ár og bendir jafnframt á tiltekin atriði um starfsemi og rekstur samtakanna. — Bréf 4. des. (Db. 519).

Styrkur til Hjálparstofnunar kirkjunnar. Páll Bragi Kristjónsson ítrekar erindi sitt, þar sem farið var fram á, að Hjálparstofnun kirkjunnar verði veittur 700 þús. kr. starfsstyrkur skv. fjárl. 1973. — Bréf 13. okt. (Db. 133).

Styrkur til Hjálparsveita skáta í Hafnarfirði og Reykjavík. Ólafur Proppé fer fram á, að Hjálparsveitum skáta í Hafnarfirði og Reykjavík verði veittur 300 þús. kr. styrkur vegna sporhunda sveitanna. — Bréf í sept. (Db. 124).

Styrkur til hrossaræktarbúsins í Kirkjubæ. Fjárlaga- og hagsýslustofnun sendir erindi Sigurðar Haraldssonar í Kirkjubæ á Rangárvöllum, þar sem farið er fram á, að veittar verði 200 þús. kr. skv. fjárl. 1973 vegna rekstrar hrossaræktarbúsins á Kirkjubæ. — Bréflaust. (Db. 566).

Styrkur til Ivars Orglands. Þóroddur Guðmundsson fer fram á f. h. stjórnar Félags íslenzkra rithöfunda, að dr. Ivar Orgland verði veittur styrkur skv. fjárl. 1973 í viðurkenningarskyni fyrir ljóðaþýðingar hans úr íslenzku á norsku. — Bréf 22. nóv. (Db. 417).

Styrkur til Íslendingafélagsins í Osló. Menntmrn. sendir erindi Íslendingafélagsins í Osló, þar sem farið er fram á, að félaginu verði veittur 100 þús. kr. styrkur skv. fjárl. 1973 vegna rekstrar Íslendingahúss. — Bréf 21. ágúst. (Db. 75).

Styrkur til Íslendingafélagsins í Þrándheimi. Stjórn Íslendingafélagsins í Þrándheimi fer fram á, að félaginu verði veittur styrkur skv. fjárl. 1973 til greiðslu kostnaðar við endurbætur á húsnæði, sem félagið hefur fengið til afnota. — Bréf 23. sept. (Db. 127).

Styrkur til Jöklarannsóknafélags Íslands. Fjárlaga- og hagsýslustofnun sendir erindi Jöklarannsóknafélags Íslands, sem fer fram á, að veittar verði 200 þús. kr. skv. fjárl. 1973 til styrktar útgáfu tímarits félagsins o. fl. — Bréflaust. (Db. 563).

Styrkur til Kaupmannasamtaka Íslands vegna kostnaðar við leiðbeiningastarfsemi í hagræðingu fyrir smásöluverzlunina. Magnús E. Finnsson sendir afrit af erindi Kaupmannasamtaka Íslands til fjmrh., þar sem farið er fram á, að veitt verði fé skv. fjárl. 1973 til greiðslu kostnaðar við menntun hagræðingarráðunautar fyrir smásöluverzlunina, sem starfi á vegum Kaupmannasamtakanna. — Bréf 28. sept. (Db. 110).

Styrkur til Krabbameinsfélags Íslands. Stjórn Krabbameinsfélags Íslands fer fram á, að félaginu verði veittur 2½ millj. kr. styrkur skv. fjárl. 1973. — Bréf 30. maí. (Db. 15).

Styrkur til Kvenfélagasambands Íslands.

1. Formaður Bandalags kvenna í Reykjavík fer fram á, að Kvenfélagasambandi Íslands verði veittur 1820 þús. kr. styrkur skv. fjárl. 1973. — Bréf 18. des. (Db. 694).
2. Stjórn Kvennasambands Akureyrar skorar á Alþingi að hlutast til um, að Kvenfélagasambandi Íslands verði veittur 1820 þús. kr. starfsstyrkur skv. fjárl. 1973. — Bréf 30. okt. (Db. 220).
3. Kvenfélagasamband Gullbringu- og Kjósarsýslu skorar á fjvn. að beita sér fyrir því, að Kvenfélagasambandi Íslands verði veittur 1820 þús. kr. styrkur skv. fjárl. 1973. — Bréf 28. nóv. (Db. 533).
4. Stjórn Kvenfélagasambands Kópavogs fer fram á, að Kvenfélagasambandi Íslands verði veittur styrkur skv. fjárl. 1973, sem beðið var um s. l. vor. — Bréf 31. okt. (Db. 215).
5. Formaður Kvenfélagasambands Íslands sendir fjvn. lög sambandsins og ítrekar jafnframt beiðni sambandsins um styrk skv. fjárl. 1973. — Bréf 29. nóv. (Db. 480).
6. Guðbjörg Haraldsdóttir fer fram á f. h. Kvenfélagasambands Strandasýslu, að Kvenfélagasambandi Íslands verði veittur 1820 þús. kr. starfsstyrkur skv. fjárl. 1973. — Bréf 8. nóv. (Db. 354).
7. Menntmrn. mælir með erindi Kvenfélagasambands Íslands um, að sambandinu verði veittur 1820 þús. kr. styrkur skv. fjárl. 1973. — Bréf 4. des. (Db. 532).
8. Elísabet Sigurgeirsdóttir fer fram á f. h. stjórnar Sambands austur-húnvetnskra kvenna, að Kvenfélagasambandi Íslands verði veittur starfsstyrkur skv. fjárl. 1973 að upphæð 1820 þús. kr. — Bréf 25. okt. (Db. 327).
9. Sigurlaug Árnadóttir fer fram á f. h. Sambands austur-skaftfellskra kvenna, að fjárveiting skv. fjárl. 1973 til Kvenfélagasambands Íslands verði 1820 þús. kr. í stað 1 millj. kr., sem fyrirhugað er í fjárlagafrv. 1973. — Bréf 23. okt. (Db. 243).
10. Þrúður Kristjánsdóttir skorar á Alþingi f. h. Sambands breiðfirzkra kvenna að beita sér fyrir því, að Kvenfélagasambandi Íslands verði veittur 1820 þús. kr. styrkur skv. fjárl. 1973. — Bréf 12. nóv. (Db. 356).
11. Stjórn Sambands borgfirzkra kvenna skorar á Alþingi að veita Kvenfélagasambandi Íslands 1820 þús. kr. starfsstyrk skv. fjárl. 1973. — Bréf 28. okt. (Db. 289).
12. Ásrún Þórhallsdóttir fer fram á f. h. stjórnar Sambands eyfirzkra kvenna, að Alþingi beiti sér fyrir, að Kvenfélagasambandi Íslands verði veittur 1820 þús. kr. starfsstyrkur skv. fjárl. 1973. — Bréf 14. nóv. (Db. 351).
13. Samband skagfirzkra kvenna fer fram á, að Kvenfélagasambandi Íslands verði veittur 1820 þús. kr. starfsstyrkur skv. fjárl. 1973. — Bréf 4. okt. (Db. 302).
14. Stjórn Sambands skagfirzkra kvenna fer fram á, að alþingismenn beiti sér fyrir, að Kvenfélagasambandi Íslands verði veittur 2 millj. kr. styrkur skv. fjárl. 1973 í stað 1 millj. kr., svo sem fyrirhugað er í fjárlfrv. 1973. — Bréf 4. okt. (Db. 317).
15. Stjórn Sambands sunnlenzkra kvenna fer fram á, að Kvenfélagasambandi Íslands verði veittur 1820 þús. kr. styrkur skv. fjárl. 1973. — Bréf 3. nóv. (Db. 274).
16. Samband vestfirzkra kvenna skorar á Alþingi að beita sér fyrir, að Kvenfélagasambandi Íslands verði veittur 1820 þús. kr. styrkur skv. fjárl. 1973. — Símskeyti 6. nóv. (Db. 270).

Styrkur til Landakotsskóla. Skólastjóri Landakotsskólans í Reykjavík fer fram á, að skólanum verði veittur 950 þús. kr. rekstrarstyrkur skv. fjárl. 1973, eða upphæð, sem svari til launa tveggja fastráðinna kennara. — Bréf 14. okt. (Db. 136).

Styrkur til Landakotsspítala til kaupa á röntgentækjum. Logi Guðbrandsson fer fram á f. h. St. Jósefsspítala í Reykjavík, að spítalanum verði veittur styrkur skv. fjárl. 1973 vegna endurnýjunar á röntgentækjum spítalans. — Bréf 28. nóv. (Db. 452).

Styrkur til Landssambands iðnaðarmanna. Ingólfur Finnbogason fer fram á, að Landssambandi iðnaðarmanna verði veittur 2 millj. kr. styrkur skv. fjárl. 1973. — Bréf 30. okt. (Db. 206).

Styrkur til Landssamtaka hjálparsveita skáta. Ólafur Proppé fer fram á, að Landssamtökum hjálparsveita skáta verði veittur 1200 þús. kr. styrkur skv. fjárl. 1973. — Bréf í sept. (Db. 123).

Styrkur til Landverndar. Framkvæmdastjóri Landverndar ítrekar beiðni samtakanna frá 25. maí um, að samtökunum verði veittur 500 þús. kr. styrkur skv. fjárl. 1973. — Bréf 29. nóv. (Db. 483).

Styrkur til Leikfélags Akureyrar. Formaður Leikfélags Akureyrar fer fram á, að félaginu verði veittur 4 millj. kr. styrkur skv. fjárl. 1973. — Bréf 19. okt. (Db. 173).

Styrkur til Leikfélags Reykjavíkur. Sveinn Einarsson og Guðmundur Pálsson fara fram á, að Leikfélagi Reykjavíkur verði veittur styrkur skv. fjárl. 1973, og senda jafnframt afrit af umsókn sinni til menntmrn. ásamt fjárhagsáætlun félagsins fyrir leikárið 1972—73. — Bréf 20. maí. (Db. 2).

Styrkur til Mannfræðistofnunarinnar. Jens Pálsson fer fram á f. h. stjórnar Mannfræðistofnunarinnar í Reykjavík, að stofnuninni verði veittur 3 042 286 kr. styrkur skv. fjárl. 1973. — Bréf 10. nóv. (Db. 607).

Styrkur til Menningar- og friðarsamtaka íslenzkra kvenna. Stjórn Menningar- og friðarsamtaka íslenzkra kvenna fer fram á, að styrkur sá, sem samtökin hafa notið skv. fjárl. undanfarinna ára, hækki verulega skv. fjárl. 1973. — Bréf 3. nóv. (Db. 258).

Styrkur til Myndlistaskólans í Reykjavík.

1. Skólastjóri og formaður skólafélags Myndlistaskólans í Reykjavík fara fram á, að styrkur til skólans skv. fjárl. 1973 verði hærri en verið hefur. — Bréf 28. júní. (Db. 39).
2. Fjárlaga- og hagsýslustofnun sendir erindi Myndlistaskólans í Reykjavík, þar sem farið er fram á 500 þús. kr. styrk skv. fjárl. 1973. — Bréflaust. (Db. 556).

Styrkur til Námsflokka Akureyrar. Bárður Halldórsson fer fram á, að Námsflokkum Akureyrar verði veittur 200 þús. kr. styrkur skv. fjárl. 1973 vegna listfræðslu, sem nú hefur verið tekin upp sem námsgrein við námsflokkana. — Bréf 16. okt. (Db. 196).

Styrkur til Náttúrufræðistofnunar Íslands vegna útgáfu Flóru Evrópu. Eyþór Einarsson fer fram á, að Náttúrufræðistofnun Íslands verði veittar 112 þús. kr. skv. fjárl. 1973 vegna þátttöku í útgáfu Flóru Evrópu. — Bréf 24. okt. (Db. 186).

Styrkur til Náttúrugripasafns Akureyrar og rannsóknastöðvarinnar Kötlu. Stjórnir Náttúrugripasafns Akureyrar og rannsóknastöðvarinnar Kötlu senda ársskýrslur stofnananna og fara fram á, að stofnununum verði veittir áframhaldandi styrkir skv. fjárl. 1973. — Bréf ódagsett. (Db. 266).

Styrkur til náttúrugripasafns Byggðasafns Borgarfjarðar. Ingimundur Ásgeirsson fer fram á, að náttúrugripasafni Byggðasafns Borgarfjarðar verði veittur nokkur styrkur skv. fjárl. 1973. — Bréf 16. sept. (Db. 175).

Styrkur til orlofsheimilis Kvenfélagasambands Gullbringu- og Kjósarsýslu í Gufudal. Kvenfélagasamband Gullbringu- og Kjósarsýslu og orlofsnefndir á félagssvæði sambandsins fara fram á, að veittur verði 1 millj. kr. styrkur skv. fjárl. 1973 vegna orlofsheimilis sambandsins í Gufudal í Ölfusi. — Bréf 26. maí. (Db. 20).

Styrkur til Rauða kross Íslands.

1. Stjórn Rauða kross Íslands fer fram á, að Rauða krossinum verði veittur 950 þús. kr. styrkur skv. fjárl. 1973, og jafnframt, að veitt verði aukafjárveiting vegna kostnaðar við starf neyðarvarnasérfræðings. — Bréf 31. maí. (Db. 16).
2. Félmrn. mælir með erindi Rauða kross Íslands frá 31. maí, þar sem farið er fram á, að styrkur til félagsins hækki frá því, sem verið hefur. — Bréf 15. sept. (Db. 100).
3. Umsögn Almannavarna ríkisins um beiðni Rauða kross Íslands um fjárveitingu skv. fjárl. 1973 til greiðslu kostnaðar vegna starfs neyðarvarnasérfræðings. — Bréf 27. nóv. (Db. 477).
4. Framkvæmdastjóri Rauða kross Íslands sendir reikning Rauða krossins fyrir tímabilið apríl 1969 til ágúst 1971, og jafnframt eru ítrekuð tilmæli um fjárveitingu skv. fjárl. 1973 vegna neyðarvarnastarfs. — Bréf 30. nóv. (Db. 491).

Styrkur til reiðskóla og til að leggja reiðvegi um landið. Formaður Landssambands hestamannafélaga sendir ályktun ársþings sambandsins varðandi styrki skv. fjárl. til reiðskóla og til að leggja reiðvegi um landið. — Bréf 5. jan. (Db. 724).

Styrkur til rekstrar tilraunaskóla fyrir leikhúsmenntað fólk. Helga Hjörvar o. fl. fara fram á, að veittar verði 2 580 000 kr. vegna rekstrar tilraunaskóla fyrir leikhúsmenntað fólk. — Bréf í ágúst. (Db. 66).

Styrkur til Reynis Arnar Leóssonar. Reynir Örn Leósson fer fram á, að honum verði veittur 1 millj. kr. styrkur skv. fjárl. 1973 til greiðslu kostnaðar við gerð kvikmyndar af aflraunum hans. — Bréf 12. okt. (Db. 227).

Styrkur til Safnastofnunar Austurlands. Stjórn Safnastofnunar Austurlands fer fram á, að stofnuninni verði veittur 200 þús. kr. styrkur skv. fjárl. 1973. — Bréf 8. nóv. (Db. 293).

Styrkur til Sambands íslenzkra karlakóra. Stjórn Sambands íslenzkra karlakóra fer fram á, að sambandinu verði veittur 600 þús. kr. styrkur skv. fjárl. 1973. — Bréf 10. júní. (Db. 59).

Styrkur til Sambands norðlenzkra kvenna.

1. Emma Hansen fer fram á, að Sambandi norðlenzkra kvenna verði veittur 25 þús. kr. styrkur skv. fjárl. 1973 vegna námskeiðahalds í garðyrkju. — Bréf 4. nóv. (Db. 294).
2. Emma Hansen fer fram á, að Sambandi norðlenzkra kvenna verði veittur 50 þús. kr. starfsstyrkur skv. fjárl. 1973. — Bréf 4. nóv. (Db. 295).

Styrkur til Sambands verzlunarskólakennara. Lýður Björnsson fer fram á f. h. Sambands verzlunarskólakennara, að veittur verði styrkur skv. fjárl. 1973 vegna þátttöku í fræðslunámskeiði norrænna verzlunarskólakennara, sem halda á í Finnlandi n.k. sumar. — Bréf 20. nóv. (Db. 387).

Styrkur til Sambands vestfirzkra kvenna. Matthías Bjarnason, 2. þm. Vestf., og Karvel Pálmason, 7. landsk. þm., fara fram á, að Sambandi vestfirzkra kvenna verði veittur 50 þús. kr. styrkur skv. fjárl. 1973. — Bréf 7. des. (Db. 587).

Styrkur til Sigurðar Demetz Franzsonar til söngkennslu. Gunnar Guðmundsson, Guðmundur Gilsson, Jón Sigurbjörnsson o. fl. mæla með erindi Sigurðar Demetz Franzsonar óperusöngvara, þar sem farið var fram á, að honum væri veittur 500 þús. kr. styrkur vegna starfs hans við söngkennslu. — Bréf 2. okt. (Db. 135).

Styrkur til Sjálfsbjargar — landssambands fatlaðra. Framkvæmdastjóri og ritari Sjálfsbjargar — landssambands fatlaðra fara fram á, að sambandinu verði veittur 10 millj. kr. byggingarstrykur skv. fjárl. 1973, sem yrði lokaframlag. — Bréf 7. des. (Db. 596).

Styrkur til Skáksambands Íslands. Guðmundur G. Þórarinsson fer fram á, að Skáksambandi Íslands verði veittur 500 þús. kr. styrkur skv. fjárl. 1973. — Bréf 10. nóv. (Db. 380).

Styrkur til Skíðaskólans í Kerlingarfjöllum. Valdimar Örnólfsson o. fl. fara fram á, að veittur verði 300 þús. kr. styrkur skv. fjárl. 1973 vegna Skíðaskólans í Kerlingarfjöllum. — Bréf 23. ágúst. (Db. 77).

Styrkur til stofnunarinnar Aðstoð Íslands við þróunarlöndin. Stjórn stofnunarinnar Aðstoð Íslands við þróunarlöndin fer fram á, að veittar verði 17 millj. kr. skv. fjárl. 1973 vegna stofnunarinnar. — Bréf 31. maí. (Db. 19).

Styrkur til Stórstúku Íslands. Ólafur Þ. Kristjánsson o. fl. fara fram á, að Stórstúku Íslands verði veittur 1200 þús. kr. styrkur skv. fjárl. 1973. — Bréf 22. okt. (Db. 176).

Styrkur til stúdentastarfsemi. Stúdentaráð Háskóla Íslands og SÍNE fara fram á, að veittar verði 360 þús. kr. skv. fjárl. 1973 vegna stúdentastarfsemi. — Bréf ódagsett. (Db. 42).

Styrkur til sumarbúða þjóðkirkjunnar við Eiðavatn. Formaður Prestafélags Austurlands fer fram á, að veittur verði styrkur skv. fjárl. 1973 vegna byggingar sumarbúða við Eiðavatn í Eiðaþinghá. — Bréf 20. nóv. (Db. 500).

Styrkur til SÚM — félagsskapar ungs listafólks. Gylfi Gíslason o. fl. fara fram á, að SÚM — félagsskap ungs listafólks verði veittur styrkur skv. fjárl. 1973. — Bréf 13. ágúst. (Db. 70).

Styrkur til SÚR — Samtaka ungra rithöfunda. Ólafur H. Simonarson o. fl. fara fram á, að SÚR — Samtökum ungra rithöfunda — verði veittur 400 þús. kr. styrkur skv. fjárl. 1973 vegna kaupa á tækjum til að koma upp bókagerðarvinnustofu í því skyni að auðvelda útgáfu á verkum ungra rithöfunda. — Bréf 2. ágúst. (Db. 63).

Styrkur til Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra. Eggert G. Þorsteinsson, 1. landsk. þm., fer fram á f. h. Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra, að félaginu verði veittur byggingarstyrkur skv. fjárl. 1973, og jafnframt, að fjvn. beiti sér fyrir lausn á fjárhagsvanda félagsins að öðru leyti með hækkuðum beinum styrkjum skv. fjárl. 1973. — Bréf 13. nóv. (Db. 325).

Styrkur til söfnunar gagna og heimilda um atvinnusögu Vestfirðinga. Framkvæmdastjóri Fjórðungssambands Vestfirðinga fer fram á, að fjvn. beiti sér fyrir því, að sambandinu verði veittur 150 þús. kr. styrkur skv. fjárl. 1974 til þess að safna gögnum og heimildum um atvinnusögu Vestfirðinga. — Bréf 15. marz. (Db. 950).

Styrkur til Sögufélagsins. Björn Þorsteinsson fer fram á f. h. Sögufélagsins, að félaginu verði veittur styrkur skv. fjárl. 1973 til útgáfustarfsemi, auk þess styrks, sem félagið nýtur til útgáfu Alþingisbóka. — Bréf 1. sept. (Db. 51).

Styrkur til Sögunefndar Þingeyinga. Formaður Sögunefndar Þingeyinga fer fram á, að nefndinni verði veittur styrkur skv. fjárl. 1973 vegna útgáfu ritsins Ættir Þingeyinga. — Bréf 28. maí. (Db. 12).

Styrkur til Tennis- og badmintonfélags Reykjavíkur.

1. Stjórn Tennis- og badmintonfélags Reykjavíkur sendir fjvn. frumáætlun um kostnað við byggingu húss félagsins að Gnoðarvogi 1 í Reykjavík og fer jafnframt fram á að fá viðtal við nefndina. — Bréf 9. okt. (Db. 132).
2. Íþróttanefnd ríkisins ritar fjvn. bréf varðandi umsókn Tennis- og badmintonfélags Reykjavíkur um styrk vegna byggingar íþróttahúss. — Bréf 11. des. (Db. 623).

Styrkur til Tilraunastöðvar landbúnaðarins á Akureyri. Bjarni E. Guðleifsson fer fram á, að fjárveiting til Tilraunastöðvar landbúnaðarins á Akureyri hækki verulega frá því, sem fyrirhugað er í fjárlfrv. 1973. — Bréf 7. nóv. (Db. 322).

Styrkur til Tjaldanesheimilisins í Mosfellssveit. Stjórn Tjaldanesheimilisins í Mosfellssveit fer fram á, að veittur verði styrkur skv. fjárl. 1973 vegna rekstrar heimilisins. — Bréf 31. okt. (Db. 225).

Styrkur til Tónlistarfélags Árnessýslu. Sigurður Ágústsson, formaður Tónlistarfélags Árnessýslu, fer fram á, að félaginu verði veittur 160—170 þús. kr. styrkur skv. fjárl. 1973 til greiðslu kostnaðar við innréttingu á húsnæði fyrir skólann í nýbyggingu Byggðasafns Árnessýslu á Selfossi. — Bréf 30. okt. (Db. 217).

Styrkur til Tónlistarfélags Mosfellssveitar. Stjórn Tónlistarfélags Mosfellssveitar fer fram á, að félaginu verði veittur 235 þús. kr. styrkur skv. fjárl. 1973 vegna endurbóta á húsnæði, sem skólinn hefur fengið til umráða. — Bréf 10. okt. (Db. 131).

Styrkur til Tónlistarskóla Hafnarfjarðar. Egill R. Friðleifsson skólastjóri fer fram á, að Tónlistarskóla Hafnarfjarðar verði veittur styrkur skv. fjárl. 1973 til greiðslu kostnaðar við að innrétta húsnæði fyrir skólann. — Bréf 24. okt. (Db. 192).

Styrkur til tónlistarskóla. Fjárlaga- og hagsýslustofnun sendir erindi menntmrn., þar sem farið er fram á, að veittar verði 575 þús. kr. skv. fjárl. 1973 vegna þriggja tónlistarskóla, þ. e. skólanna í Ólafsfirði, Grindavík og á Eskifirði. — Bréflaust. (Db. 560).

Styrkur til Tónskáldafélags Íslands. Atli Heimir Sveinsson fer fram á f. h. Tónskáldafélags Íslands, að félaginu verði veittur 300 þús. kr. styrkur skv. fjárl. 1973 vegna árlegrar tónlistarhátíðar ISCM, sem halda á á Íslandi í júní 1973. — Bréf 14. okt. (Db. 153).

Styrkur til útgáfu á Iceland Review. Útgefendur Iceland Review fara fram á, að veittur verði styrkur skv. fjárl. 1973 vegna útgáfu ritsins. — Bréf 24. okt. (Db. 190).

Styrkur til útgáfu á sögu íslenzkrar húsagerðar. Hörður Ágústsson fer fram á, að honum verði veittur 300 þús. kr. styrkur á ári skv. fjárl. næstu þriggja ára til þess að rita sögu íslenzkrar húsagerðar. — Bréf 10. nóv. (Db. 335).

Styrkur til útgáfu á sögu sunnlenzka hreppafyrirkomulagsins. Jón Gíslason fer fram á, að honum verði veittur áframhaldandi styrkur skv. fjárl. ársins 1973 vegna rannsókna hans á sunnlenzka hreppafyrirkomulaginu. — Bréf 17. júní. (Db. 36).

Styrkur til útgáfu tónverka Sigvalda Kaldalóns. Snæbjörn Kaldalóns ítrekar fyrri umsókn sína um, að veittur verði 300 þús. kr. styrkur skv. fjárl. 1973 vegna útgáfu tónverka Sigvalda Kaldalóns. — Bréf 15. nóv. (Db. 367).

Styrkur til útgáfu Æviskráa Borgfirðinga. Ingimundur Ásgeirsson fer fram á, að Sögufélagi Borgarfjarðar verði veittur styrkur skv. fjárl. 1973 vegna útgáfu Æviskráa Borgfirðinga. — Bréf 29. ágúst. (Db. 83).

Styrkur til Vatnsveitu Vestmannaeyja. Bæjarstjóri Vestmannaeyja fer fram á frekari hækkun á framlagi ríkissjóðs vegna Vatnsveitu Vestmannaeyja, þ. e. að veittar verði 15 millj. kr. skv. fjárl. 1973 til vatnsveitunnar í stað 10 millj. kr., sem áður var farið fram á. — Bréf 20. júní. (Db. 30).

Styrkur til Verzlunarskóla Íslands. Menntmrn. fer fram á, að tilteknar breytingar til hækkunar verði gerðar á frv. til fjárl. 1973 að því er varðar fjárveitingar til Verzlunarskóla Íslands. — Bréf 23. okt. (Db. 174).

Styrkur til Zontaklúbbs Akureyrar. Stjórn Zontaklúbbs Akureyrar fer fram á, að klúbbnum verði veittur 100 þús. kr. styrkur skv. fjárl. 1973. — Bréf 24. maí. (Db. 7).

Styrkur til Þjóðdansafélags Reykjavíkur vegna Norðurlandamóts þjóðdansafélaga. Sölvi Sigurðsson fer fram á f. h. Þjóðdansafélags Reykjavíkur, að félaginu verði veittur 100 þús. kr. styrkur skv. fjárl. 1973 vegna þátttöku félagsins í Norðurlandamóti þjóðdansafélaga í Finnlandi. — Bréf 30. nóv. (Db. 471).

Styrkur til Æskulýðsmálanefndar Eyjafjarðarsýslu. Jón Stefánsson, Dalvík, fer fram á, að Æskulýðsmálanefnd Eyjafjarðarsýslu verði veittur 100 þús. kr. styrkur skv. fjárl. 1973. — Bréf 25. júní. (Db. 53).

Styrkur úr ríkissjóði vegna línufiskveiða. Verðlagsráð sjávarútvegsins fer fram á, að styrkur ríkissjóðs til línufiskveiða hækki úr 40 aurum á hvert kg af fiski fyrir árið 1972 í 60 aura fyrir hvert kg á árinu 1973, enda séu fjárveitingar skv. fjárl. 1973 við það miðaðar, að veittar verði 27—28 millj. kr. í þessu skyni. — Bréf 12. des. (Db. 631).

Styrkur vegna aksturs skólabarna. Formaður skólanefndar Ásgarðsskóla í Kjósarhreppi fer fram á, að fjvn. beiti sér fyrir, að kostnaðarhluti ríkissjóðs í skólaakstri barna og unglinga verði greiddur sveitarfélögum þrisvar á ári. — Bréf 27. okt. (Db. 198).

Styrkur vegna byggingar Templarahallar í Reykjavík. Böðvar Bjarnason fer fram á, að veittur verði 900 þús. kr. styrkur skv. fjárl. 1973 vegna byggingar Templarahallar í Reykjavík. — Bréf 9. okt. (Db. 130).

Styrkur vegna framhaldsmenntunar hjúkrunarkennara. Menntmrn. fer fram á, að veittar verði 420 þús. kr. skv. fjárl. 1973, sem varið verði til greiðslu kostnaðar við menntun hjúkrunarkennara erlendis. — Bréf 6. des. (Db. 550).

Styrkur vegna hótelanna Bjarkarlundar og Flókalundar.

1. Guðbjartur Egilsson o. fl. fara fram á, að hlutafélaginu Gesti verði veittur 1200 þús. kr. styrkur skv. fjárl. 1972 vegna rekstrar hótelanna Bjarkarlundar og Flókalundar. — Bréf 15. nóv. (Db. 361).
2. Sýslumaður Barðastrandarsýslu mælir með erindi Gests h.f., þar sem farið er fram á, að veittur verði styrkur skv. fjárl. 1973 vegna rekstrar hótelanna Bjarkarlundar og Flókalundar. — Bréf 20. nóv. (Db. 445).

Styrkur vegna hótelrekstrar á Hólmavík. Matthías Bjarnason, 2. þm. Vestf., fer fram á, að Guðmundu Hansen á Hólmavík verði veittur 50 þús. kr. styrkur til að halda uppi rekstri gistihússins á Hólmavík. — Bréf 5. des. (Db. 541).

Styrkur vegna hótelrekstrar í Búðardal. Borghildur Hjartardóttir fer fram á, að veittur verði 70 þús. kr. styrkur skv. fjárl. 1973 vegna hótelrekstrar í Búðardal. — Bréf 17. ágúst. (Db. 72).

Styrkur vegna norræns dýralæknamóts. Guðbrandur Hlíðar fer fram á, að veittur verði 150 þús. kr. styrkur skv. fjárl. 1973 vegna 12. norræna dýralæknamótsins, sem halda á í Reykjavík í ágúst 1974. — Bréf 8. sept. (Db. 90).

Styrkur vegna þátttöku í Ólympíuleikjum. Fjárlaga- og hagsýslustofnun sendir erindi Ólympíunefndar Íslands, þar sem farið er fram á, að veittar verði 300 þús. kr. skv. fjárl. 1973 vegna þátttöku af Íslands hálfu í næstu Ólympíuleikjum. — Bréflaust. (Db. 562).

Stýrimannaskóli Íslands, sjá Fjárlög 89.

Stýrimannaskólinn í Reykjavík, sjá Bætt aðstaða nemenda landsbyggðarinnar, sem sækja þurfa sérskóla 3.

Stýrimannaskólinn í Vestmannaeyjum.

1. Umsögn Farmanna- og fiskimannasambands Íslands um frv. til l. um Stýrimannaskólann í Vestmannaeyjum. — Bréf 28. sept. (Db. 109).
2. Umsögn Landssambands íslenzkra útvegsmanna um sama frv. — Bréf 20. nóv. (Db. 390).
3. Umsögn skólastjóra Stýrimannaskólans í Vestmannaeyjum um sama frv. — Bréf 12. júlí. (Db. 45).
4. Umsögn Vinnuveitendasambands Íslands um sama frv. — Bréf 7. nóv. (Db. 281).

Suðureyri, sjá Hafnarsjóður.

Sumarbúðir þjóðkirkjunnar við Eiðavatn, sjá Styrkur til.

Sundlaug að Barði í Fljótum, sjá Bygging.

Sunnlenzka hreppafyrirkomulagið, sjá Styrkur til útgáfu á sögu.

SÚM, sjá Styrkur til.

SÚR, sjá Styrkur til.

Svava Jakobsdóttir, sjá: Eftirlaun og styrktarfé 27, Varaþingmenn 54.

Sveitarfélög, sjá Verkfræðiþjónusta á vegum landshlutasamtaka.

Sverrir Hermannsson, sjá: Eftirlaun og styrktarfé 23, Fyrirhleðslur í ár á Austurlandi, Sjóvarnargarður í Hornafirði, Styrkur til að halda uppi byggð og gistingu í Víðidal og Möðrudal.

Svæði, sjá Sala Grenivíkur.

Sýslumannsembætti í Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu, sjá Fjárlög 15.

Szarvas, Lászlo, sjá Ríkisborgararéttur.

Sængurfossvirkjun, sjá Aðflutningsgjöld og söluskattur af tækjum vegna virkjunar.

Söfnun heimilda um íslenzk stjórnmál. Ólafur Ragnar Grímsson lektor fer fram á, að veittur verði 500 þús. kr. styrkur skv. fjárl. 1973 til greiðslu kostnaðar við söfnun heimilda um íslenzk stjórnmál. — Bréf 10. nóv. (Db. 308).

Sögufélag Borgarfjarðar sjá Styrkur til útgáfu Æviskráa.

Sögufélagið, sjá Styrkur til.

Sögunefnd Þingeyinga, sjá Styrkur til.

Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, sjá: Fiskvinnsluskóli í Vestmannaeyjum 6, Heimild fyrir ríkisstj. til að setja á fót vinnslustöðvar á sviði sjávarútvegs 3, Samstarf Íslendinga, Norðmanna og Færeyinga að fiskveiðum og fisksölu 5, Útflutningsgjald af sjávarafurðum 4, Verðjöfnunarsjóður fiskiðnaðarins 5.

Sölusamband íslenzkra fiskframleiðenda, sjá Fiskvinnsluskóli í Vestmannaeyjum 7.

Söluskattur til rithöfunda, sjá Endurgreiðsla.

Sölustofnun lagmetisiðnaðarins, sjá: Iðnrekstrarsjóður 9, Kavíarverksmiðja á Norðurlandi 3.

Sörli Hjálmarsson, sjá Eftirlaun og styrktarfé 26.

Takeo Okubo, japanskur þingmaður, sendir bækling sinn um kjarnorkusprengjuna. — Bréf 26. maí. (Db. 71).

Tekjuskattur og eignarskattur.

1. Umsögn fjmrn. um frv. til l. um breyt. á l. nr. 7/1972, um breyt. á l. nr. 68/1971, um tekjuskatt og eignarskatt. — Bréf 19. marz. (Db. 977).
2. Umsögn ríkisskattstjóra um sama frv. — Bréf 26. marz. (Db. 995).

Templarahöll, sjá Styrkur vegna byggingar.
Tennis- og badmintonfélag Reykjavíkur, sjá Styrkur til.
Tilraunaskóli fyrir leikhúsmenntað fólk, sjá Styrkur til rekstrar.
Tilraunastöð háskólans í meinafræði, sjá Fjárlög 94.
Tilraunastöð landbúnaðarins á Akureyri, sjá Styrkur til.
Tjaldanes, sjá Styrkur til.
Tjón af völdum flugumferðar, sjá Könnun á réttarstöðu tjónaþola.
Tollstjóri, sjá Ferðamál 12.
Tove Engilberts, sjá Eftirlaun og styrktarfé 27.
Tómas Árnason, sjá Varaþingmenn 55—56.
Tómas Karlsson, sjá Varaþingmenn 57—59.
Tónlistarfélag Árnessýslu, sjá Styrkur til.
Tónlistarfélag Mosfellssveitar, sjá Styrkur til.
Tónlistarskólar, sjá Styrkur til.
Tónlistarskóli Hafnarfjarðar, sjá Styrkur til.
Tónlistarskólinn í Reykjavík, sjá Fjárlög 95.
Tónskáldafélag Íslands, sjá Styrkur til.
Tónverk Sigvalda Kaldalóns, sjá Styrkur til útgáfu.
Tryggingaráð, sjá Almannatryggingar 5.
Tryggingastofnun ríkisins, sjá Skattfrelsi elli- og örorkulífeyris 2.

Tækjabúnaður læknishéraða. Framkvæmdastjóri Læknafélags Íslands sendir till. nefndar á vegum Læknafélags Íslands varðandi tækjabúnað í einmenningslæknishéruðum. — Bréf 15. jan. (Db. 731—732).

Tækniskóli Íslands, sjá Bætt aðstaða nemenda landsbyggðarinnar 4.

Tæknistofnun sjávarútvegsins. Bæjarstjórinn í Vestmannaeyjum sendir ályktun bæjarstjórnar Vestmannaeyja frá 3. nóv., þar sem skorað er á Alþingi að ákveða væntanlegri Tæknistofnun sjávarútvegsins aðsetur í Vestmannaeyjum. — Bréf 8. nóv. (Db. 333).

Török, Ivan, sjá Ríkisborgararéttur.

Umferð um Kirkjustræti. Borgarstjórinn í Reykjavík ritar forseta Sþ. varðandi áætlanir aðalskipulags, sem gerir ráð fyrir gerð umferðaræðar um Kirkjustræti. — Bréf 14. nóv. (Db. 518).

Umhverfismál, sjá Ráðstefna um.

Upplýsinga- og rannsóknastofnun verzlunarinnar, sjá Fjárhagslegur stuðningur við.

Upplýsingaskylda stjórnvalda. Hjörleifur Hjörleifsson gerir tilteknar athugasemdir við frv. til l. um upplýsingaskyldu stjórnvalda. — Bréf 3. apríl. (Db. 1040).

Utanríkisráðuneyti, sjá: Aðild Íslands að norrænum stofnunum, Fjárlög 178, Heimsókn E. V. Mittlebeelers prófessors, Hús Jóns Sigurðssonar 1, Launakjör alþingismanna 1, Skattlagning menntamanna, sem flytjast til Ísraels frá Sovétríkjunum, Yfirráðaréttur yfir náttúruauðæfum þróunarlanda, Þingmannafundur EFTA-landa, Þingmannaheimsókn frá Þýzkalandi, Þingmannaheimsókn til.

Úrskurðarvald félagsmálaráðuneytisins o. fl. um ályktanir sveitarstjórna.

1. Umsögn Dómarafélags Íslands um till. til þál. um endurskoðun l. varðandi úrskurðarvald félagsmálaráðuneytisins o. fl. um ályktanir sveitarstjórna. — Bréf 4. jan. (Db. 718).
2. Umsögn Sambands íslenzkra sveitarfélaga um sömu till. til þál. — Bréf 18. des. (Db. 688).

Útflutningsgjald af sjávarafurðum.

1. Umsögn Farmanna- og fiskimannasambands Íslands um frv. til l. um breyt. á l. nr. 4/1966, um útflutningsgjald af sjávarafurðum. — Bréf 22. febr. (Db. 830).

2. Umsögn Landsambands ísl. útvegsmanna um sama frv. — Bréf 23. febr. (Db. 848).
3. Sjútvrn. fer fram á, að sjútvn. Ed. beiti sér fyrir því, að tilteknar breytingar verði gerðar á sama frv. — Bréf 23. febr. (Db. 839).
4. Umsögn Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna um sama frv. — Bréf 23. febr. (Db. 838).

Útflutningslánasjóður, sjá Iðnrekstrarsjóður 10.

Útflutningsmiðstöð iðnaðarins, sjá: Fjárlög 96, Iðnrekstrarsjóður 11, Samningur Íslands við Efnahagsbandalag Evrópu.

Útfærsla fiskveiðilögsögunnar. Stúdentar í Osló lýsa stuðningi við útfærslu íslenzku fiskveiðilögsögunnar í 50 mílur. — Símskeyti 2. sept. (Db. 98).

Útgáfa afmælisrits í tilefni hundrað ára afmælis Kvennaskólans í Reykjavík.
1. Menntmrn. mælir með, að veittur verði styrkur skv. fjárl. 1973 vegna útgáfu afmælisrits í tilefni hundrað ára afmælis Kvennaskólans í Reykjavík. — Bréf 12. okt. (Db. 156).
2. Ritnefnd afmælisrits Kvennaskólans í Reykjavík fer fram á, að veittur verði 500 þús. kr. styrkur skv. fjárl. 1973 vegna útgáfu rits í tilefni 100 ára afmælis skólans. Jafnframt er tekið fram, að fjárveitingu þessari megi skipta á næstu þrjú ár. — Bréf 10. des. (Db. 609).

Útgáfa Stúdentablaðsins. Stúdentaráð Háskóla Íslands fer fram á, að veittur verði styrkur skv. fjárl. 1973 vegna útgáfu Stúdentablaðsins. — Bréf 24. maí. (Db. 4).

Útgerðar- og fiskvinnslufyrirtæki í Norðurlandskjördæmi vestra. Fiskifélag Íslands sendir skrá yfir útgerðar- og fiskvinnslufyrirtæki í Norðurlandskjördæmi vestra. — Bréf 10. nóv. (Db. 305).

Útgjöld þingflokks Framsóknarflokksins. Friðgeir Björnsson sendir yfirlit yfir útgjöld þingflokks Framsóknarflokksins frá 1/10 1971 — 1/10 1972. — Bréf 30. okt. (Db. 205).

Útskálar, sjá Sala.

Útvarpsstjóri, sjá: Eftirlaun og styrktarfé 2, Kennsla í fjölmiðlun 3.

Útvegsbanki Íslands, sjá Heimild fyrir ríkisstjórnina til að setja á fót vinnslustöðvar á sviði sjávarútvegs 4.

Varaþingmenn.
